

**ÚRSKURÐARNEFND
Í
VÁTRYGGINGAMÁLUM**

Samantekt úrskurða 2013

Mál nr. 1/2013
M
og V vegna sjúklingatryggingar I.

Líkamstjón í tengslum við tannviðgerð í árslok 2007.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 2. janúar 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 19. janúar 2013.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram M geri kröfu um að fallist verði á rétt hennar til bóta úr sjúklingatryggingu I á grundvelli 4.tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. M lýsir líkamstjóni sínu þannig að taug í neðri tanngómi hafi skaðast við aðgerð hjá I, en aðgerðin fólst í því að setja sex festingar í góminn fyrir gervitennur. M telur að hún eigi rétt til bóta þar sem tjón hennar hafi hlotist af fylgikvilla meðferðar sem sé þannig að það sé ekki sanngjarnt að hún þoli hann bóta laust. M vísar til bréfs Dr. X dags. 21. janúar 2011 þar sem kemur fram að tíðni taugaskaða eins og M sé með sé minni en 1%.

V telur ekki sýnt fram á af gögnum málsins að bótaskylda sé fyrir hendi. V vísar til orðalags 4.tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu og til þess að við mat á því hvort skilyrði greinarinnar séu uppfyllt verði að líta til þess hversu mikið tjónið sé. V telur að ekki sé sýnt fram á það með þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu og hvað þá að tjón M sé verulegt. Ekki liggi fyrir mat á varanlegum afleiðingum eða hvort M hafi undirgengist frekari meðferðir vegna óþæginda sinna. V vísar einnig til þess sanngirnismats sem gert er ráð fyrir m.v. orðalag áður nefnds 4.tl. 2.gr. og þess að þó tíðni taugaskaða af þessu tagi sé lítil þá dugi það ekki eitt og sér til bótaskyldu úr sjúklingatryggingu.

Álit.

Í málskoti er byggt á því að bætur skuli greiða til M skv. víðtækri bótareglu 4.tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu. Þar kemur fram að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess atviks að „tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bóta laust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.“ Þrátt fyrir almennt víðtækt eðli bótareglna laga um sjúklingatryggingu verður ekki séð af fátæklegum gögnum málsins að sýnt sé að skilyrði 4.tl. 2.gr. laganna séu uppfyllt í máli M. Ekki liggja fyrir nægilega skýr gögn um tjón M eða heilsufar að öðru leyti til að framkvæma það sanngirnismat sem 4.tl. gerir ráð fyrir. Ekki er því unnt að fallast á að sá tölulíður eigi við um mál M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu bóta úr sjúklingatryggingu I hjá V.

Reykjavík 5. febrúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Bóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 2/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur á Gatnamótum Grensásvegur og Miklubrautar 20.06. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 28.01. 2013, ásamt fylgiskjöllum.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.02. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni eftir beygjuakrein á Miklubraut með akstursstefnu suður Grensásveg. Þegar hann ók inn á gatnamótin skall bifreiðin B á A. B var ekið norður Grensásveg með akstursstefnu áfram yfir gatnamótin.

Ágreiningur er um hvor ökumanna hafi ekið á móti rauðu umferðarljósi.

Vátryggingafélögin telja að virtum öllum gögnum, líkt og Tjónanefnd vátryggingafélaganna, að ökumaður A eigi sök á árekstrinum fyrir að aka inn á gatnamótin á móti rauðu ljósi.

M telur að ekki hafi verið sýnt fram á að hann hafi ekið á móti rauðu umferðarljósi. Hann telur m.a. að sjónarmið sín hafi ekki náð fram að ganga sbr. umfjöllun hans sem óþarft er að gera grein fyrir í þessari umfjöllun. Hann gagnrýnir og vinnubrögð lögreglu sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, þ.á m. framburði vitna, ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka inn á gatnamótin á móti rauðu umferðarljósi og í veg fyrir B.

Ekki hefur verið sýnt fram á að ástæða sé til að efast um frásagnir vitna sem lögreglan gerir grein fyrir.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 19. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 4/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar pípulagningarverktakar við húsbyggingu.****Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við byggingu fjöleignarhúss.****Gögn.**

- 4) Málskot móttakið 03.01. 2013.
- 5) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.01. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur að margvíslegir annmarkar hafi komið fram vegna þeirra húsbyggingar sem um getur í málskotinu sbr. fyrirliggjandi gögn. M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur útilokað að sjá “nákvæmlega hvaða tjón það er sem óskast bætt, en margháttað tjón hefur verið metið í þeim matsgerðum og samskiptum sem liggja til grundvallar. Ekki hefur verið upplýst hvort bætur hafi fengist greiddar úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Af þessum sökum hlýtur að koma til greina að visa málinu frá nefndinni sbr. e-lið 1. mgr. 4. gr. samþykktu fyrir nefndina. Verði svo ekki gert og fari svo að nefndin telji bótaskyldu vera fyrir hendi að einhverju leyti” fer félagið fram á það að nefndin útskýri og tiltaki það nákvæmlega hvaða tjón er bótaskyldt.

Álit

Samkvæmt 4-lið 1. mgr. 4. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum fjallar nefndin ekki um mál sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verð aflað og kröfugerð skýrð.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og með vísan til nefnds e-liðar 1. mgr. 4. gr. samþykktu nefndarinnar er máli þessu vísað frá. Málið er svo óljóst og illa upplýst að það er ekki tækt til efnislegrar umfjöllunar.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 8. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 5/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur í hringtorgi við Ánanaust, Eiðsgranda og Hringbraut þ. 22.2.2012.

Gögn.

3. Málskot móttakið þ. 4.1.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-3
4. Bréf V-2 dags. 25.1.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiðanna A og B í hringtorgi við Ánanaust, Eiðsgranda og Hringbraut. Ökumaður A segist hafa ekið inn á vinstri akrein eða innri akrein hringtorgsins með fyrirhugaðan akstur út úr hringtorginu inn á Eiðsgranda. Ökumaður B segist hafa ekið á hægri akrein eða ytri akrein hringtorgsins með fyrirhugaðan akstur út úr hringtorginu inn á Hringbraut. Árekstur varð með bifreiðunum við útkeyrsluna að Eiðsgranda þar sem ökumaður A ætlaði að aka út úr hringtorginu og ók við það á B.

Álit.

Í 1.mgr. 15.gr. laga nr. 50/1987 umferðarlaga segir að ökumaður sem nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri akreinar í aksturstefnu sína skuli færa ökutæki sitt í tæka tíð á þá akrein sem lengst er til hægri. Ökumaður A sem ætlaði að beygja út úr hringtorginu við fyrstu gatnamót bar því að velja ytri hring við akstur um gatnamótin sbr. tilvísuðu lagaákvæði, en gerði það ekki og ber því meginsök á árekstrinum. Ökumaður B þurfti að gæta ítrustu varúðar þegar hann ók framhjá útkeyrslu í hringtorgi og þykir ekki hafa sýnt nægjanlega aðgæslu og ber því einnig sök á árekstrinum og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri 2/3 sakar og ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 sakar á árekstrinum og ökumaður B ber 1/3 sakar á árekstrinum.

Reykjavík 8.2.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 8/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/bifreiðar****Ágreiningur um orsakatengsl í tengslum við umferðarslyss 25.01. 2008.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 04.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.01. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M lenti í umferðarslysi á Snæfellsvegi sbr. fyrirliggjandi gögn. Tæpum fjórum árum síðar var slysatjónið tilkynnt félaginu. Félagið hafnar bótaskyldu á þeim grundvelli að orsakatengsl séu ósönnuð á milli óhappsins og þeirra einkenna sem M telur sig búa við sbr. gögn. Þá telur félagið kröfu M of seint fram komna í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna eru orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M telur sig búa við ósönnuð. M hefur ekki leitt nægar líkur að því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar ökutækisins.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu er bótaskylda ekki fyrir hendi.

Vegna ofanritaðrar umfjöllunar verður ekki fjallað um hvort M hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 5. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 9/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur Síðumúla 27-29 þann 10.10. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttekið 08.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.01. 2013, ásamt afstöðu vátryggingartaka bifreiðarinnar, dags. 15.10. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 28.01. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Áreksturinn varð þegar bifreiðinni B var bakkað úr stæði í þann sama mund sem A var ekið á móti einstefnu.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna skipti sök til helminga, A hafi ekið á móti einstefnu og B gætti ekki nægjanlegrar aðgæslu er hann bakkaði úr bílastæði.

Vátryggingafélag A tekur undir afstöðu Tjónanefndar.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A eigi að bera óskipta sök vegna þess að hann hafi ekið á móti einstefnu inn húsagötuna úr þeirri átt sem B var ekið. Ökumaður B hafi gætt vel að umferð úr þeirri átt sem búast mátti við umferð þ.e. frá hægri. Við vinstri hlið bifreiðarinnar var sendibifreið sem hindraði útsýni ökumannsins til vinstri en það hefði ekki átt að skapa hættu þar sem innakstur er bannaður með umferðarmerkinu innakstur bannaður.

Ökumaður A telur að B hefði átt að sjá til ferða bifreiðar sinnar.

Ökumaður B telur að A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er sök skipt til helminga. Óvarlegt var af ökumanni A að aka á móti einstefnu. Jafnframt hvílir sérstök varúðarskylda á þeim sem ekur aftur á bak úr bifreiðastæði líkt og B gerði. Eftir atvikum þykir rétt að skipta sök til helminga, sem fyrr segir.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 19. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 11/2013
M
og
Vátryggingafélagið V v. Farangurstryggingar

Farangri stolið af manni á ferðalagi í Thailandi þ. 23.4.2012.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ.9.1.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags.28.1.2013.

Málsatvik.

M segist hafa tekið leigubíl (þríhjóla mótörhjól skv. lögregluskýrslu) og geymt farangur sinn í leigubílnum meðan hann fór til að taka út peninga úr hraðbanka til að geta borgað leigubílinn. Leigubíllinn hafi alltaf verið í sjónmáli en bíllinn hafi ekið í burtu með farangur hans. M tilkynnti þennan atburð til lögreglu á Thailandi. M krefst bóta og segir að það hafi ekki verið gáleysi af sér að taka ekki farangurinn með sér úr bílnum þegar hann fór í hraðbankann. Um hafi verið að ræða margar þungar töskur og fráleitt að taka þær af bílnum (hjólinu) og burðast með þær með sér í umrætt sinn. V hafnar bótaskyldu og vísar m.a. í lögregluskýrslu um að M hafi skilið farangurinn eftir þegar hann fór inn í verslun. V vísar til greinar 5.2. í skilmálum umræddrar farangurstryggingar þar sem segir að vátryggður skuli ekki skilja vátryggða muni eftirlitslausa á almannafæri og gæti þess að taka þá með sér þegar staður sé yfirgefinn. Þá vísar V einnig til greinar 13.1. í vátryggingaskilmálum þar sem segir að verði vátryggingaratburður rakinn til stórkostlegs gáleysis vátryggðs losni félagið úr ábyrgð að heild eða að hluta. Þá vísar V til þess að ekki hafi verið um að ræða venjulegan leigubíl heldur einhvers konar mótörhjól sem miðað við lýsingu að dæma gæti verið opinn vagn og telur V að það að M skyldi skilja farangur sinn eftir í farartækinu jafngildi því að skilja munina eftir eftirlitslausa á almannafæri.

Álit.

Samkvæmt grein 1.1. vátryggingaskilmála farangurstryggingar erlendis, þeirrar sem hér ræðir um, þá tekur vátryggingin til tjóns á persónulegum vátryggðum lausafjármunum sem vátryggður hefur með sér á ferðalagi og rekja má til þjófnaðar sbr. gr. 4.2 í sömu skilmálum. Samkvæmt grein 5.2. er sett sú varúðarregla að vátryggður skuli ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og taka þá með þegar staður er yfirgefinn. M varð fyrir tjóni þegar ökumaður leigubifreiðar eða leiguþríhjóls ók á brott með farangur M þegar hann vék sér frá til að ná í peninga í hraðbanka skammt frá þeim stað þar sem farartækið stöðvaði. M gefur m.a. þá skýringu að hann hafi þurft að ná í peninga til að geta borgað fyrir akstur leigu farartækisins. Atvikið verður að teljast bótaskyldt úr farangurstryggingunni eins og bótasvið vátryggingarinnar er skýrt. Undanþágur frá bótaskyldu sem greinir m.a. í grein 5.2.ber að skýra þröngt. Eins og atvikum var háttað í umrætt sinn verður ekki talið að M hafi gleymt farangri sínum eða skilið hann eftir á almannafæri þar sem honum hafði verið komið fyrir í farartæki sem M hafði tekið á leigu og farangurinn var skilinn eftir í umsjá þess aðila sem farartækinu ók. Þó ekki sé hægt að líta á umræddan stað sem almannafæri í skilningi greinar 5.2. verður að líta til þess hvort háttsemi M að skilja við farangurinn í umræddu farartæki, sé stórkostlegt gáleysi í skilningi greinar 13.1. Þegar litið er til þeirra aðstæðna sem um var að ræða skv. lýsingu M þá var hann nýkominn á áfangastað

á Bangkok á Thailandi. Það að skilja farangur sinn eftir með þeim hætti sem M gerði á götu stórborgar án þess að tryggja að ekki væri hægt að fara burt með farangurinn telst stórkostlegt gáleysi af hálfu M í skilningi greinar 13.1. og 2.mgr. 27.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004, en tekið skal fram að ekkert hefur komið fram um að M hafi verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna í umrætt sinn. Þó sök M sé ekki mikil þá mátti hann gera ráð fyrir því að atburður sem þessi gæti gerst í stórborg. Með hliðsjón af atvikum öllum verður að líta svo á að V geti takmarkað bótaábyrgð sína að hluta eða um þriðjung. M á því rétt á bótum úr farangurstryggingu sinni hjá V sem nemur tveimur þriðju hluta tjónsins.

Niðurstaða.

M á rétt á 2/3 hluta bóta úr farangurstryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 19.2.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 12/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/brunatryggingar lausafjár í atvinnurekstri (R)
Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við tjón af völdum eldsvoða
á bifreiðaverkstæði þann 08.07. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.01. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Brunatjón varð á verkstæði R. Verkstæðið er með brunatryggingu lausafjár sbr. umfjöllun fyrirliggjandi gagna. Bifreið M var til viðberðar á verkstæðinu en geymd utandyra. Varð kveikjúláslykill eldinum að bráð og hefur hann verið bættur út brunatryggingu lausafjár. Ágreiningur er um hvort félaginu beri að greiða kostnað við að skipta um sjálfan kveikjúlás bifreiðarinnar. Mun ástæða kveikjúlásskipta vera skv. gögnum málsins sú að ef nýr lykill er settur í slitinn sviss þá hætti hann að virka.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Kveikjúláslykill bifreiðarinnar lenti í eldsvoðanum, hann hafi verið bættur. Hins vegar telur félagið að kostnaður við skipti á sjálfum kveikjúlás bifreiðarinnar, sem er hluti af bifreiðinni sjálfri, hafi ekki orðið fyrir tjóni af orsökum eldsvoða, eldingar eða sprengingar, hrapa eða skyndilegs sótfalls eins og vátryggingarskilmálar áskilja sem bótaskyldar tjónsorsakir. Getur vátryggingin því ekki tekið til kosnaðar við skipti á kveikjúlási bifreiðarinnar enda orsök skiptana ekki bótaskyld tjónsorsök skv. gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir þ.e. brunatryggingu lausafjár. Tjón af völdum eldsvoða varð ekki á umræddri bifreið M sem stóð fyrir utan verkstæðið þar sem eldur var. Vátryggingafélagið hefur bætt tjónið sem varð á kveikjúláslyklinum en bifreiðin sem slík varð ekki fyrir brunatjóni, sem fyrr segir.

Brunatrygging lausafjár er skaðatrygging sem innifelur takmarkaða ábyrgðartryggingu sbr. 5. gr. skilmála þ.e. lausafé í eigu þriðja manns en þá er skilyrði að um lausafé sé að ræða sem vátryggingartaki hefur í vörslum sínum og nýtir í eigin þágu sbr. nánar ákvæðið. Ekki er unnt að líta svo á að vátryggingartaki hafi nýtt umrædda bifreið í skilningi nefnds ákvæðis.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirkomulagi vátryggingarskilmála er ekki unnt að heimfæra kostnað við að skipta um kveikjúlás á bifreiðinni til þess brunatjóns sem varð. Ekki er unnt að skýra gildissvið fyrirliggjandi skilmála sbr. 2. gr. það rúmt að vátryggingin taki til muna sem stóðu fyrir utan verkstæðið og urðu ekki fyrir eldsvoða.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 12. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 13/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Húseigendatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna afnotamissis og tjón á innanstokksmunum vegna vandamála við húseign frá árinu 2008.

Gögn.

3. Málskot móttakið þ.10.1.2013 ásamt fylgiskjölum 1-11
4. Bréf V dags. 28.1.2013.

Málsatvik.

M keypti endaraðhús í febrúar 2008 og fékk það afhent í apríl sama ár. Ofn gaf sig í stofu og svefnherbergi og varð af því tjón sem að V bætti. Af hálfu V var húseigendatrygging M samþykkt með þeim athugasemdum í bréfi frá 17.11.2008, að M ætti eftir að skipta um eldhúsinnréttingu og vatnslagnir og ganga frá rými sem fyrri eigandi hafi byrjað að grafa út undir eldhúsi en ekki lokið við. Sérstaklega er tekið fram af hálfu V að húseigendatryggingin bæti ekki tjón af völdum rýmisins á meðan ekki sé búið að ganga frá því. Af hálfu M eru lögð fram gögn frá Heilbrigðiseftirliti og matsgerðir sem lýsa þeim vandamálum sem hafa komið fram í húsinu varðandi raka, skorkvikindi o.fl. M krefst bóta úr húseigendatryggingu sinni hjá V og byggir á því að með bréfi dags. 17.11.2008 sem getið er um hér að framan hafi V viðurkennt bótaskyldu m.a. af völdum holrýmisins undir eldhúsinu og gerir M kröfur vegna afnotamissis af húsnæðinu og skemmda á innbúi. Þá byggir M á vátryggingaskilmálum. 1.gr. og gr. 4.4.1. og gr. 4.4.3 og 4.16 og kafla II um Innbúskaskó og segir M að tjón á innbúi hafi orðið vegna nauðsynjar þess að opna inn í holrýmið undir eldhúsinu. V hafnar bótaskyldu og vísar til I. og II. kafla vátryggingaskilmála og segir að í grein 4.1. vátryggingaskilmálanna segi að tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á vátryggingatímabilinu séu bótaskyld þegar ekki sé um bótaskyldu að ræða samkvæmt öðrum ákvæðum vátryggingaskilmálanna. V segir að öll þau þrjú skilyrði sem nefnd eru þurfi að vera fyrir hendi til að greiddar séu bætur úr tryggingunni, en því sé ekki til að dreifa í tilviki M. Þá vísar V til greinar 4.16 í vátryggingaskilmálum varðandi afnotamissi að skilyrði bótagreiðslna sé að um bótaskyld munaþjón sé að ræða.

Álit.

Af framlögðum gögnum verður ekki séð að munatjón M hafi orðið vegna skyndilegra, ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V eða rétt á bótum vegna afnotamissis.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 8.2.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 14/2013
M
V vegna bifreiðanna A og B.

Áræktur bifreiða við Seljaskóga og Hjallasel 11. janúar 2012.

Gögn.

1. Málskot móttækið 11. janúar 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 31. janúar 2013.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að áræktur varð með bifreiðunum A og B þar sem þær voru að mætast á Seljaskógum við Hjallasel í Reykjavík. Af myndum af vettvangi má sjá að um er að ræða frekar þröngar aðstæður til að mætast og var snjóþekja á jörðu þegar áræktur varð. Ökumaður A kveðst hafa ekið Seljaskóga að Hjallaseli þegar hún mætti B, steig þá á bremsu, rann aðeins áfram en verið við það að stoppa þegar B hafi verið ekið á vinstra framhorn A. Haft er eftir ökumanni B í tjónstilkynningu að hann hafi verið að aka Hjallaselið í fyrirhugaða vinstri beygju inn á Seljaskóga þegar hann hafi bremsað en ekki getað komið í veg fyrir áræktur við A. Myndir eru í tjónstilkynningunni af ökutækjunum eins og þau voru eftir árækturinn.

M telur að ökumaður B beri fulla ábyrgð á árækstrinum og telur að ökumaður B hafi skorið beygjuna sem hann var að taka í vinstri átt inn á Seljaskóga og þannig ekið á bifreið A. M vísar einnig til þess að rispúr séu eftir endilangri bifreið B sem bendi til þess að bifreiðin hafi verið á ferð þegar árækturinn varð en bifreið A hafi hins vegar verið stopp.

V telur að ekki verði fullyrt um stöðu bifreiðanna í aðdraganda árækstursins og því ekki fullyrt hvorri bifreiðinni hafi verið ekið á vegarhelming hinnar og beri því að skipta sök til helminga.

Álit.

Í málinu verður ekki litið framhjá myndum af vettvangi eftir árækturinn sem sýna bifreiðar A og B hvora á sínum vegarhelmingi. Þó það sanni ekki staðsetningu þeirra þegar áræktur varð er ekki hægt að leggja annað til grundvallar en að báðir ökumenn skýri þannig frá að þeir hafi ekið á sínum vegarhelmingi fyrir árækturinn. Þeir hafi báðir reynt að hemla til að koma í veg fyrir árækturinn og gildir einu hvort ökumaður B hafi verið kominn af stað í vinstri beygju áður en árækturinn átti sér stað. Ekki verður talið sannað af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu að annar ökumaðurinn hafi ekið yfir á vegarhelming hins og verður möguleg staðsetning bifreiðar B ekki byggt á getgátum sem vísa til ákomustaða á bifreiðunum. Af gögnum málsins verður árækturinn ekki rakinn til meiri óaðgæslu annars ökumanns en hins, en báðir virðast hafa ekið of hratt miðað við aðstæður. Verður sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík 19. febrúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 15/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða við Marteinslaug í Reykjavík þ. 24.11.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.11.1.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 8.2.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-2.
3. Bréf V-2 dags 11.2.2013

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á bílaplani við Marteinslaug í Reykjavík. Ökumaður A bakkaði bifreiðinni nokkra leið áður en hún lenti á B, sem var bakkað út úr bílastæði. Báðir ökumenn merkja við tl. 4 á framhlið tjónstilkynningar “Ók út frá bílastæði, lóð, einkavegi e.þ.h.” og ökumaður A einnig við tl. 4 á framhlið tjónstilkynningar “Ók aftur á bak”. Ökumaður A segist hafa bakkað úr bílastæði og hafi þurft að bakka framhjá bílastæðum og B hafi verið að bakka úr bílastæði þegar A hafi lent á B. Ökumaður B segist hafa verið að bakka úr bílastæði og verið að leggja á stað þegar ökumaður A hafi ekið inn í hliðina á A.

Álit.

Báðir ökumenn bakka og verða ekki varir við hitt ökutækið fyrir en árekstur varð. Miðað við fyrirliggjandi gögn bera báðir ökumenn sök á árekstrinum þar sem þeir gættu ekki nægjanlegrar varkárni þegar þeir bökkuðu í umrætt sinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 26.2.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 16/2013
M
og fjórtán tilgreindir váttryggjendur með aðsetur í London
vegna ábyrgðartryggingar stjórnar- og yfirmanna K.

Ábyrgðartrygging stjórnar- og yfirmanna; ágreiningur um gildi váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11. janúar 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf Mayer Brown International LLP dags. 5.febrúar 2013.

Málsatvik.

M kveðst vera váttryggður með ábyrgðartryggingu fyrir stjórnendur og yfirmenn K (e. Directors' and Officers' Liability Insurance) í gegnum breska váttryggingamiðlun, H. Váttryggjendur (hér eftir nefndir V) samanstandi annars vegar af fjórtán nánar tilgreindum váttryggingafélögum og hins vegar af samtökum váttryggjenda sem starfi undir merkjum Lloyd's (e. Lloyd's syndicate). M kveðst hafa tilkynnt V um möguleg tjón sem váttryggingin tekur til með bréfi til V þann 21. mars 2012. V hafi greint M frá því með bréfi 1. maí 2012 að M nyti ekki váttryggingaverndar, m.a. vegna ófullnægjandi upplýsinga K við töku váttryggingarinnar og þess að tilkynning væri of seint fram komin. M vísar því á bug að upplýsingagjöf K hafi verið ófullnægjandi og telur viðbótarvernd váttryggingarinnar í 36 mánuði hafi tekið gildi og vísar til greinar H í 3.kafla váttryggingarskilmála um 72 mánaða tilkynningafrest vegna starfa fyrrum stjórnenda hjá K. V vísar til þess að þau hafi ekki starfsleyfi hér á landi og hafi ekki veitt samþykki fyrir því að málið verði tekið til meðferðar fyrir úrskurðarnefnd og vísa til fjölmargra úrskurða nefndarinnar því til stuðnings að vísa eigi málinu frá.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, starfar nefndin samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins, nú atvinnuvegaráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga, nú Samtaka fjármálafyrirtækja. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktanna úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu milli málskotsaðila og váttryggingafélags, sem hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004. Þá er tekið fram í 3. mgr. 3. gr. að nefndin úrskurði hvort ágreiningur heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá. Ekki liggur fyrir í málinu að V, sameiginlega eða hver fyrir sig, hafi starfsleyfi hér á landi. Þá eiga V ekki aðild að því samkomulagi sem starf nefndarinnar byggist á. Þegar svona stendur á getur úrskurðarnefnd ekki tekið mál til afgreiðslu nema fyrir liggji samþykki viðkomandi váttryggjanda, eins eða fleiri ef því er að skipta. V hafa ekki samþykkt að mál þetta verði lagt fyrir nefndina. Með vísan til þessa, sbr. og úrskurði nefndarinnar m.a. í málum nr. 104/2011, 411/2011 og 530/2011, verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá nefndinni, sbr. 3.mgr. 3.gr. samþykktu, sbr. auglýsing nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá.

Reykjavík 26. febrúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 17/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar hjólbarðaverkstæðis****Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við vinnuslys 29.09.2010
við umfelgunarvél á hjólbarðaverkstæði.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.01. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M varð fyrir meiðslum er hann var að vinna við umfelgunarvél á hjólbarðaverkstæði vátryggingartaka. Dekkið var í umfelgunarvélinni þegar það sprakk skyndilega. Við það myndaðist lofsþrýstingur sem M varð fyrir þannig að hann hlaut líkamstjón sbr. gögn málsins.

M telur að alls ekki hafi verið kominn fullur þrýstingur í dekkið þegar það sprakk.

Félagið telur slit á dekkingu vera líklegustu ástæðuna fyrir því að það sprakk svo skyndilega. Félagið hafnar bótaskyldu ábyrgðartryggingar þeirrar sem hér um ræðir, ekkert hafi komið fram sem sýni saknæma háttsemi af hálfu vátryggingartaka eða starfsmanna hans. Þá verði ekki séð að orsakatengsl séu á milli þess að áhættumat hafi ekki farið fram fyrir þetta tiltekna verk og þess að dekkið sprakk með þeim afleiðingum að líkamstjón hlaut af.

Félagið vísar til þess að Vinnueftirlitið hafi komið á staðinn og skýrsla þess sé fyrirliggjandi, dags. 21.12. 2010. Meginniðurstaða eftirlitsins er að veikleikar hafi orsakað það að dekkið sprakk. Þá hafi verkþátturinn ekki verið áhættumatinn. Fram kemur að affelgunarvélin (umfelgunarvélin) hafi nýlega verið keypt og engar athugasemdir gerðar við hana eða aðstöðuna að öðru leyti. Félagið telur að rökstuðningur M og önnur fyrirliggjandi gögn geti engan veginn verið fullnægjandi sönnun þess að vátryggingartaki eða starfsmenn fyrirtækisins hafi sýnt af sér slíka háttsemi að rétt sé að leggja skaðabótaábyrgð á fyrirtækið.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi óhapp M til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna eða aðstöðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Ekki verður séð að orsakatengsl séu á milli þess að áhættumat hafi ekki farið fram um þennan tiltekna verkþátt og þess að dekkið sprakk með þeim afleiðingum sem um getur.

Vinnueftirlitið telur að rekja megi orsök slyssins til veikleika í dekkinu og því hafi það sprungið þegar lofti var dælt í það og að verkþátturinn hafi ekki verið áhættumatinn og verkið því ekki skipulagt á þann hátt að öryggis væri að fullu gætt. Fyrirmæli voru gefið um að gera skuli áhættumat þannig að verkið verði skipulagt á þann hátt að öryggis sé gætt. Framangreind niðurstaða eftirlitsins verður ekki skýrð á þann veg að um vanbúnað hafi verið að ræða sem hafi skaðabótaskyldu í för með sér í því tilviki sem hér er til umræðu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 18/2013
M
og V vegna slysatryggingar B.

Slys 10. nóvember 2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14. janúar 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 19. janúar 2013.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram af hálfu lögmanns M að M sjálfur geri „...þá kröfu að úrskurðað verði á þann veg, að viðurkennd verði skaðabótaábyrgð tryggingafélagsins TM, vegna líkamstjóns tjónþola, sem hann varð fyrir í vinnu hjá X þann 10.11.2011, á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar.“ Í málskoti eru síðan gerð frekari grein fyrir þeim sjónarmiðum sem lögmaður M byggir á vegna skaðabótaábyrgðar vinnuveitanda M.

V upplýsir í bréfi sínu dags. 19. janúar sl. að M sé váttryggður samkvæmt slysatryggingu váttryggingartakans B. Viðurkenning greiðsluskyldu úr þeirri slysatryggingu liggja fyrir en sú váttrygging tekur ekki til skaðabótaábyrgðar. Umræddur váttryggingartaki sé hins vegar ekki váttryggður með ábyrgðartryggingu hjá V og það sé heldur ekki fyrirtækið X sem vísað er til í gögnum málsins. Það séu því ekki fyrir hendi ábyrgðartryggingar hjá V sem gætu mögulega náð til skaðabótaábyrgðar vegna slyss M.

Álit.

Í 4.gr. samþykktu um úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005, kemur fram að nefndin fjalli ekki um mál sem eru það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar, sbr. e.-liður sömu greinar. Í málskoti M er ekki með skýrum hætti gerð grein fyrir því hvaða váttrygging taki til skaðabótaábyrgðar vinnuveitanda M, en m.v. orðalag málskotsins virðist sem lögmaður M byggir á því að slík skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi vegna slyss M þann 10. nóvember 2011. Ekki kemur heldur fram í málskoti hver raunverulegur vinnuveitandi M var á þeim tíma sem slysið varð. Ekki fylgja frekari upplýsingar um þau tvö fyrirtæki sem nefnd eru til sögunnar og tengsl þeirra við M eða hvort þau hafi váttryggingar hjá V sem taka til greiðslu bóta vegna skaðabótaábyrgðar. Það er því ekki ljóst af orðalagi málskots eða öðrum gögnum í málinu hver sé sá vinnuveitandi sem ítrekað er vísað til eða hvort fyrir hendi sé váttrygging sem tekur til skaðabótaábyrgðar þess sama. Í ljósi þessa verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá með vísan til e.liðar 4.gr. samþykktanna.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá, sbr. heimild í e.lið 4.gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005.

Reykjavík 12. febrúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 20/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Launþegatryggingar og frjálsrar ábyrgðartryggingar S

**Kona meiddist þegar hún fékk kúst í höfuðið þegar hún stjórnaði unglíngavinnu þ.
21.6.2010.**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.10.1.2013 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 4.2.2013 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

M varð fyrir höfuðmeiðslum þegar hún fékk kúst í höfuð. M krefst bóta vegna þessa atviks og byggir á vinnuveitendaábyrgð S þar sem starfsmaðurinn sem rak kústinn í höfuð M var starfsmaðurinn rak kústinn í höfuð M. Þá vísar M til 3.gr. reglugerðar 497/1994 um notkun persónuhlífa. M vísar einnig til þess að um vinnuslys hafi verið að ræða og vísar til reglna og lagaraka hvað það varðar. Þá hafnar M því að tjón hennar hafi verið tilkynnt of seint sbr. 1. mgr. 124.gr laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. M hafnar bótaskyldu og telur skilyrði bótaábyrgðar ekki uppfyllta varðandi frjálsa ábyrgðartryggingu S og atvikið hafi verið tilkynnt of seint sbr. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga í slysatryggingu launþega. V segir að af fyrirliggjandi gögnum verði ekki ráðið að atvikið verði rakið til þess að starfsmaðurinn sem rak kústinn í höfuð M hafi ekki sýnt af sér þá varkárni sem ætlast mátti til af honum eða vikið frá því sem telja má viðurkennda háttsemi við framkvæmd verksins. Þá bendir V á að miðað við það verk sem M var að vinna í umrætt sinn hafi ekki verið þörf á persónuhlífum. V bendir á að ekki sé deilt um málsatvik í málinu. Varðandi slysatrygginguna telur V að M hafi sannanlega mátt vera ljósar varanlegar afleiðingar atviksins þ. 25.5.2011 þegar þriðja beiðni um sjúkraþjálfun barst Sjúkratryggingum Íslands, en atvikið var tilkynnt V þ.5.10.2012 og því liðinn sá frestur sem mælt er fyrir um í 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga.

Álit.

Fallist er á það með V að M hafi mátt vera ljósar varanlegar afleiðingar þess atviks sem hér ræðir um þ. 25.5.2011. Þar sem atvikið var ekki tilkynnt til V fyrr en þ.5.10.2012 var liðinn sá frestur sem kveðið er á um í 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega. Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess eða sýnir fram á annað en að umrætt atvik hafi verið óhappatívik. Af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá S eða frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 19.2.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 21/2013**M****og****Vátryggingafélag v/kaskótryggingar bifreiðarinnar A****Skemmdir á bifreið 02.12. 2012, ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttækið 14.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.02. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni, með þrjá erlenda farþega, eftir Vesturlandsvegi í Kollafirði í umrætt sinn. Þegar farþegi mun hafa sofnað varð ökumaðurinn fyrir truflun sem varð þess valdandi að hann missti vald á bifreiðinni sbr. nánar gögn málsins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Upphafleg tjónstilkynning, dags. 07.12. 2012, láti þess getið að grjót hafi hrokkið upp undir bifreiðina í akstri og vél hennar stöðvast. Félagið telur að ábyrgðartakmörkun kaksótryggingar eigi við þ.e. félagið bætir ekki skemmdir sem varða einstaka hluta ökutækisins þegar ökutækið “tekur niðri á ójöfnum akbrautum Eða jarðföstu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir. Sama gildir um skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutæki í akstri.” Þann 13.12. 2012 hafi félaginu borist önnur tjónstilkynning þar sem fram kemur að ökumaður A hafi misst vald á akstri A og ekið út á vegöxlina. Tjónið er það sama það er að grjót hrekkur upp undir bifreiðina og gerir gat á olíupönnu sem gerir það að verkum að vél bifreiðarinnar bræðir úr sér að mati félagsins sbr. gögn málsins. Félagið hafnar bótaskyldu með vísan til skilmála.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann hafi misst vald á bifreiðinni og “sveigt í átt að veghandriði”. Tjónið hafi orðið er hann sveigði út í vegarkant í átt að vegriði.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi skemmdir á A til atburðar sem fellur undir gildissvið vátryggingarinnar. Mögulega hefur grjót hrokkið upp undir bifreiðina í akstri, líkt og vátryggingafélagið vísar til, þá er um undanskilda áhættu að ræða samkvæmt vátrygginga-skilmálum. Umfjöllun M veitir mjög takmarkaðar upplýsingar um tjónsatvik máls þessa.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 26. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 23/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis A

Maður rann í hálfu og meiddist þ. 22.12.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.17.1.2013 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 4.2.2013.

Málsatvik.

M segist hafa lent í slysi þ.22.12.2010 þegar hann fór út úr bifreiðinni A og þá hafi A runnið afturábak og hurð A skolið á sér og M þá fallið við en gripið í handfang A og þá farið úr lið á vinstri öxl. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að frásagnir M af slysinu séu misvísandi. V bendir á að í þegar M leitaði á slysadeild eftir slysið segist M hafa runnið til og gripið með vinstri hönd í handrið og dottið aftur fyrir sig. Þá vísar V til tjónstilkynningar M, lögregluskýrslu og framburðar ökumanns A eiginkonu M og segir að fjórar ólíkar frásagnir af tjónstílvikinu liggja fyrir, en þrjár frásagnanna séu hafðar eftir M. V vísar til þess að tjónþoli þurfi að færa sönnun á tjón sitt og að bótagrundvöllur sé fyrir hendi, en slík sönnun liggja ekki fyrir í málinu.

Álit.

Frásagir af tjónstílvikinu af hálfu M eru misvísandi. M hefur ekki tryggt sér sönnun á því að um bótaskyld tjón hafi verið að ræða úr ábyrgðartryggingu A hjá V og á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 26.2. 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 24/2013
M
og V vegna ábyrgðartryggingar S.

Vinnuslys vegna notkunar gröfu 11. desember 2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18. janúar 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 5. febrúar 2013.

Málsatvik.

M slasaðist á hendi við vinnu sína hjá S. Verið var að taka gröf í kirkjugarði að morgni dags og hafði M, sem starfsmaður S, það hlutverk að marka gröfina með því að reka niður nagla í jarðveginn og strengja milli þeirra línu með bandi. Starfsmaður verktaka sem S fékk til þess að taka gröfina kom á staðinn á traktorsgröfu og hafði það hlutverk að grafa innan þeirra lína sem M markaði með bandinu. Á þessum tíma var frost í jörðu og þurfti stjórnandi gröfunnar því að brjóta niður úr frosnum jarðveginum með gröfuskóflunni. M kveðst hafa tekið eftir því að bandið, sem markaði fyrrgreindar línur, hafði flækst í skóflunni og fór hún því að skóflunni til að losa bandið. Í sömu mund var gröfuskóflunni skellt niður og lenti hönd M undir henni og varð það líkamstjón sem hún telur S bera skaðabótaábyrgð á.

M telur að S, sem vinnuveitandi, hafi ekki gert nægilegar ráðstafanir til að tryggja öryggi M með hliðsjón af skyldum í 13. og 37.gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M vísar til þess að engin lýsing hafi verið á svæðinu, ekki hafi verið gerðar ráðstafanir til að rýma svæði í kringum gröfuna áður en stjórnandi hennar byrjaði að grafa eins og skylt sé að gera skv. reglugerð nr. 1005/2009 og framkvæmd verksins hafi einnig brotið í bága við reglugerð nr. 367/2006. V telur ekki sýnt fram á að S beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. S beri ekki ábyrgð á háttsemi stjórnanda gröfu sem hafi komið á vettvang á vegum sjálfstæðs verktaka og beri hann því ábyrgð á háttsemi stjórnandans. V telur einnig með vísan til skýrslu Vinnueftirlitsins að rekja megi tjónið til háttsemi M sjálfra og ósannað að lýsingu hafi verið ábótavant eða öðru sem laut að skyldum S sem vinnuveitanda.

Álit.

Í málinu er deilt um hvort S, vinnuveitandi M, geti borið ábyrgð á líkamstjóni sem varð þegar skófla gröfu lenti á hendi M. Svæði til graftar var afmarkað af M sjálfri stuttu áður og ekki er annað að sjá en að M hafi verið fullljóst að stjórnandi gröfunnar væri farinn að athafna sig innan þess svæðis þegar slysið varð. Augljósara getur það vart verið þar sem M var að bregðast við því að verið var að grafa þegar slysið varð. Skýr orsakatengsl eru milli þeirrar háttsemi M og slyssins. Af gögnum málsins, m.a. niðurstöðu Vinnueftirlitsins í skýrslu 26. febrúar 2010, verður ekki séð að það liggi fyrir sönnun á því að slys M megi rekja til skorts á varúðarráðstöfum af hálfu S eða að slysið megi rekja til vanrækslu S á þeim skyldum sem hvíldu á honum sem vinnuveitanda skv. þeim lögum og reglum sem M vísar til. Ekki er því um skaðabótaábyrgð S að ræða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 26. febrúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Bóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 25/2013**M****og****Vátryggingafélag v/slysátryggingar launþega****Fall af hestbaki 09.06. 2011, tilkynningarskylda
skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.02. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M féll af hestbaki og braut vinstri úlnlið sbr. fyrirliggjandi gögn. Ágreiningur er um hvort M hafi tilkynnt vátryggingafélaginu um kröfu sína nægjanlega tímanlega skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Vátryggingafélagið vísar til þess að M hafi tilkynnt félaginu um atvikið í ágúst 2012. Með bréfi dags. 11.12. 2012 hafi félagið hafnað bótaskyldu. Atvikið hafi verið tilkynnt og seint til félagsins í skilningi 124. gr. laga um vátryggingarsamninga sbr. umfjöllun félagsins í gögnum málsins. Félagið telur að strax á slysdegi hafi M verið ljóst að hún hafi hlotið slæmt brot á úlnlið. Varanlegur miski hafi verið metinn 17% sbr. matsgerð dags. 11.11. 2012. M hafi glímt við viðvarandi verki allt frá slysdegi og verið óvinnufær í næstum 9 mánuði. Félagið telur rétt að miða upphaf tilkynningarfrests við slysdag.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Röntgenmyndir leiddu í ljós kurlað brot í sveifarbeini. Brotið var rétt til og höndin sett í gips. Á næstu vikum voru fleiri myndir teknar sbr. umfjöllun M í málskotinu. M telur að tilkynningarfrestur hafi ekki verið liðinn þegar hún tilkynnti félaginu um slysið. Hún hafi ekki getað gert sér grein fyrir því að hún hafi átt kröfu á hendur félaginu á slysdegi. Hún hafi ekki átt þann möguleika fyrir en “öll meðferðarúræði voru fullreynd...” Hún telur rétt að miða upphaf tilkynningarfrests við tímamarkið í mars 2012.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum vanrækti M ekki tilkynningarskyldu sína skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Bótaskylda er því fyrir hendi. Atvik máls þessa eru með þeim hætti að ekki er unnt að miða upphaf tilkynningarfrests við slysdag enda voru þau meðferðarúræði sem M fór í ekki fullreynd fyrir en nokkru síðar. M hafði ekki vitneskju um atvik að baki kröfu sinni á slysdegi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 26.02. 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 26/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar

**Maður meiddist þegar gifsplötur gáfu sig. Ágreiningur um sönnun tjónstilviks. þ.
16.12.2010.**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.18.1.2013 ásamt fylgiskjölum 1-8.
2. Bréf V dags. 11.2.2013 ásamt fylgiskjölum vegna tölvupóstssamskipta.

Málsatvik.

M segist hafa verið staddur í iðnaðarhúsi hjá kunningja sínum þegar festingar er héldu gifsplötum upp við vegg gáfu sig og féllu í höfuð hans. M leitaði til læknis þ.16.2.2011 og var skv. læknisvottorði með verki yfir sjalvöðva og hnakkfestum báðum megin auk fleiri áverka. M krefst bóta og vísar m.a. til vitnisburðar tveggja vitna um atvikið. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að M hafi lent í slysi sem sé bótaskyld úr slysatryggingu hans V vísar til að M hafi ekki leitað til læknis fyrir en tveim mánuðum eftir tjónsatburðinn. Þá vísar V til þess að eftir að afstaða félagsins lá fyrir hafi verið lagðar fram yfirlýsingar tveggja aðila sem séu sögð vitni í málinu. Þá telur V vera um ósamræmi í upplýsingagjöf M um atvik málsins. Þá vanti upplýsingar um annan þeirra aðila sem sögð séu vitni í málinu og tengsl hans við það húsnæði þar sem slysið hafi átt að eiga sér stað.

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn hefur M ekki tryggt sér sönnun þess, að um bótaskyld tjón sé að ræða, úr slysatryggingu hans hjá M. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 26.2.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 27/2013**M****og****Vátryggingafélag v/slysatryggingar í frítíma****Ágreiningur um hvort slys sem málskotsaðili varð fyrir 05.05. 2008 teljist slys í frítíma.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.01. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M varð fyrir meiðslum er hann var að athuga hitaveitulögn í húsi sem var verið að taka í gegn. Hann féll niður um gat á gólfi og slasaðist sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til þess að M áður unnið í verktakavinnu fyrir fasteignasöluna R. Þegar atvik máls þessa varð var hann ekki að störfum fyrir R. Fram komi í tilkynningu að M hafi verið að ganga að tveimur vatnskrönum sem hann ætlaði að athuga þegar hann féll. Skrifstofustjóri R hafi beðið M um að “kíkja á gömlu skrifstofuna því þar væri vatnslaust...” Félagið vísar til þess að vátryggingin nær ekki til slysa sem vátryggður verður fyrir í starfi og gildir einu hvort um launað starf er að ræða eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslysaþetta fylgir sbr. umfjöllun félagsins í gögnum málsins. Gögn málsins lúti að því að M hafi verið að vinna að verkefni fyrir R en þar hafði hann starfað. Húsnæðið mun áður hafa hýst starfsemi R. M hafi orðið við beiðni fasteignasölu sem hann hafði starfað fyrir. Augljós tengsl hljóti að teljast milli starfsréttinda M og þess verkefnis sem honum var “falið í umrætt sinn. Skiptir ekki hvort hann var í orlofi að álitu félagsins eða “hvernig endurgjaldi fyrir þá vinnu var háttáð enda ljóst að M varð fyrir slysi í starfi eins og áskilið er...” sbr. umföllun félagsins.

M vísar til þess að hann hafi um tíma unnið sem söluverktaki fyrir R. Hann hafi verið í fæðingarorlofi á þessum tíma. Hann vinnur sem sjúkraflutningamaður. Hann hafi verið staddur á fasteignasölu þegar starfsmaður hennar hafi beðið hann um að kanna ástand vatnslagna í fasteign að Hafnargötu í Reykjanesbæ sbr. fyrirliggjandi gögn. Hann hafi stigið á spónaplötu á gólfi sem gaf sig. M hafi verið í “ihlaupavinnu sem söluverktaki hjá” R. Þetta var verktakavinnu og fékk hann aðeins greidda árangurstengda þóknun þ.e. ef hann seldi fasteign. Hann hafi sannarlega verið í umræddri fasteign í frítíma sínum enda hafi hann verið í fæðingarorlofi sem fyrr segir vegna aðalstarfs síns sem sjúkraflutningamaður. Hann hafi gert það í “greiðaskyni að athuga með ástand hitaveitulagnanna, og tengist sá greiði alls ekki verktakastörfum hans hjá umræddri fasteignasölu”. Engin laun hafi verið greidd eða aðrar greiðslur vegna þessa, skattframtal og staðgreiðsluyfirlit staðfesti það árið 2008. M er lærður pípulagningarmaður og unnið við pípulagnir. Það á ekki að breyta rétti M til bóta úr frítímaslysatryggingu hans hjá félaginu. Hann hafi verið í fæðingarorlofi, sem fyrr segir, þegar slysið átti sér stað, á því hafi engin breyting verið þegar hann varð við beiðni um að athuga með ástand lagna. Hann fékk engin laun fyrir að sinna þessu viðviki ekki hafi því verið um launað starf að ræða eða arðbært starf í eigin þágu líkt og krafist er samkvæmt skilmálum. Ekki hafi fylgt því atvinnuslysaáætta að hans álitu að kanna ástand lagna þessara. Spónarplata sem lögð var yfir op í gólfi gaf sig undan þunga hans. Slysið varð vegna skaðabótaskyldrar háttsemi húseiganda líkt og staðfest hefur verið. Það hafði ekkert

með viðvikið að gera að álit M. Hver sem er hefði getað lent í því. Slysið átti sér stað í frítíma, hann telur sig því eiga rétt til greiðslna úr frítímaslysatryggingu þeirri sem hér um ræðir.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Slys M varð í frítíma hans, hann fékk engin laun fyrir að sinna þessu viðviki fyrir vinnuveitanda sinn sem hann hefur starfað tímabundið fyrir sem söluverktaki. Ekki var um launað starf að ræða eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslysaáhætta fylgir í merkingu þeirra vátryggingaskilmála sem hér um ræðir þegar M kannaði ástand umræddra lagna.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 19. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 29/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða við bílastæði í Síðumúla í Reykjavík þ. 14.11.2012.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ.21.1.2013 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 8.2.2013.
3. Bréf V-2 dags. 15.2.2013 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið norður eftir akbraut við bifreiðastæði og ætlað að aka út á Síðumúlann og staðsett A hægramegin í útkeyrslunni og verið kominn lítillega inn á aðalakbrautina þegar hann hafi stoppað og þá hafi hann tekið eftir B sem hafi verið ekið næstum því á röngum vegarhelmingi suður Síðumúla og ætlað að beygja inn að bílastæðunum og því hafi hann bakkað lítillega en B hafi samt lent á hægra stuðarahorni A. Ökumaður A segir að A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Ökumaður B segir að hún hafi verið komin hálf leið framhá A þegar A hafi verið bakkað og ekið á B

Álit.

Aðila greinir á um málsatvik. Sök ökumanns B er ósönnuð miðað við gögn málsins. Fyrir liggur að A var ekið aftur á bak í sömu andrá og B var ekið inn á bifreiðastæðið. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 26.2.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 31/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingarliðs húseigendatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll á svalagólfi við inngang að orlofsíbúð.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 22.1.2013, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 12.2.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti hrasaði málskotsaðili M hinn 13.11.2010 við inngang að orlofsíbúð á Akureyri í eigu V og varð fyrir meiðslum, en snjór mun hafa verið við innganginn. Kveður M að ófullnægjandi aðstæður hafi verið á slysstað. Þar hafi áður orðið slys á fólki án þess að brugðist hafi verið við aðstæðum. Samkvæmt fyrirliggjandi yfirlýsingu embættis skipulagsstjóra Akureyrarbæjar hafi svalagólfið verið klætt með sléttum flísum, en það hafi verið í andstöðu við gr. 133.3. í byggingarreglugerð nr. 441/1998 þar sem segir: „Yfirborð gólfa skal vera þannig frágengið að ekki sé hætt á slysum vegna hálfu.“

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar V hjá X. Af hálfu X hefur bótaskyldu verið hafnað. V hafi ásamt öðrum íbúðareigendum að Furulundi 10 fengið sérfróða aðila til að velja flísar á svalagangana og hafi þeir mátt treysta því að heppilegar flísar hefðu verið valdar sem stæðust þágildandi kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum. Ekkert í gögnum málsins renni stöðum undir annað en að flísarnar standist slíkar kröfur. Þá felist ekki viðurkenning á vanbúnaði gólfsins þótt viðvörðunarkerki hafi verið sett upp eftir slysið þar sem varað er við að flísarnar geti verið hálar í bleytu.

Álit.

Gögn málsins um slysið og tildrög þess eru mjög takmörkuð. Ráða má að snjór hafi ekki verið mokaður af svölunum og því hafi snjór í einhverjum mæli verið á svalagólfinu fyrir framan innganginn þar sem M hrasaði. Af lýsingu á slysinu í málskoti verður ekki ráðið að slysið hafi orðið vegna vanbúnaðar húseignarinnar eða annarra atvika sem V getur borið skaðabótaábyrgð á. Þá verður heldur ekki talið, eins og hér stendur á, að fyrirliggjandi gögn frá skipulagsstjóra Akureyrarbæjar um gerð flísanna, séu nægileg sönnunargögn um það að slysið verði rakið til þess að flísarnar hafi ekki fullnægt fyrirmælum byggingarreglugerðar um að yfirborð gólfa skuli vera þannig frágengið að ekki sé hætt á slysum vegna hálfu. V telst því ekki bera ábyrgð á líkamstjóni M og af þeim sökum fæst tjón hennar ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 5. mars 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 33/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Viðbótartryggingar E

Skemmdir á tölvu í maí 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.1.2013 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 28.1.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M segir að fartölva sín sem var með viðbótartryggingu hjá E seljanda tölvunar hafi þurft að fara í viðgerð og krefst hún bóta úr viðbótartryggingunni vegna þess. M segir að um litla rakaskemmd sé að ræða og veit ekki hvenær nákvæmlega tjónið átti sér stað en um sé að ræða rakaskemmd og brotna löm. M krefst bóta og telur sig eiga rétt á þeim á grundvelli vátryggingakilmála sem gilda um viðbótartrygginguna. V hafnar bótaskyldu og bendir á að um sé að ræða dýra viðgerð sem kosti álíka og verð nýrrar tölvu. Um sé að ræða að ónýtt móðurborð vegna vökva/rakaskemmda og klístur á músahnapp sem þýði venjulega að vökvi, gos eða safi hafi hellst á tölvuna. Þá vísar V til þess varðandi brotnu lömina að rétt hefði verið að M hefði snúið sér beint til seljanda hvað hana varðar.

Álit.

Í 5.gr. vátryggingaskilmála þeirra sem gilda um viðbótartrygginguna, þá bætir tryggingin bilun á tækjum vegna skyndilegra óvæntra innri galla sem hvorki framleiðsluábyrgð né neytendalög ná yfir og skyndilegs óvænts ytra tjóns sem hvorki framleiðsluábyrgð né neytendalög ná yfir. Í 6.gr. vátryggingaskilmálanna er gerð grein fyrir undantekningum frá bótaskyldum en engin þeirra tekur til þess tjóns sem hér ræðir um. Þá eru sérstök ákvæði í 8.gr. vátryggingaskilmálanna um aðgætni vátryggðs. Gildissvið viðbótartryggingarinnar samkvæmt 5.gr. vátryggingaskilmálanna er mjög víðtækt. Af hálfu V er ekki sýnt fram á að M hafi ekki sýnt nauðsynlega aðgætni sbr. 8.gr. vátryggingaskilmálanna eða brotið gegn þeim reglum. Miðað við víðtækt gildissvið umræddrar viðbótartryggingar á M rétt á bótum úr tryggingunni þar sem V hefur ekki sýnt fram á atvik sem koma í veg fyrir bótarétt M samkvæmt tryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr viðbótartryggingu sinni hjá V

Reykjavík 19.2.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 34/2013**M****og****Vátryggingafélag v/slysátryggingar ökumanns og eiganda torfæruhjóls****Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við umferðarslys á reiðvegi við Gaddstaðaflatir við Hellu 06.10. 2010, réttindaleysi og ágreiningur um tilkynningarskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 23.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.02. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M féll af torfæruhjóli sem hann ók eftir reiðvegi í samfloti fleiri aðila sbr. fyrirliggjandi gögn. M (tjónþoli) var ekki með ökuréttindi á slysdegi, hann var 16 ára gamall.

M telur að vátryggingafélagið hafi tilkynnt honum of seint þá ákvörðun sína að hafna bótaskyldu og hafi þannig glatað rétti til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun skilmála. Í annan stað telur M að sök hans hafi verið óveruleg og orsakatengsl séu ósönnuð milli slyssins og brots á varúðarreglu sbr. umfjöllun í málskotinu. Félagið hafi haft vitneskju um “líklegt réttindaleysi” M strax í lok maí 2011. Félaginu hafi borið að tilkynna M að til athugunar væri að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun, það hafi ekki verið gert fyrr en 11.10. 2011 eða tæpum 5 mánuðum eftir slysið. Félagið tilkynnti M svo endanlega ákvörðun sína í janúar 2012. Þá vísar M til þess að þrátt fyrir réttindaleysi þá hafi hann öðlast æfingaleyfi í janúar 2010. Hann hafi ekki veirið óreyndur akstri ökutækja, hvorki torfæruhjóls né bifreiðar. Hann telur að sök hans hafi verið óveruleg sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins þ.á m. nefndu bréfi til nefndarinnar. Félagið rekur samskipti sín við M í nefndu bréfi. Óþarft er að geta þeirrar umfjöllunar. Félagið hafnar því að það hafi dregið að ástæðulausu að senda tilkynningu um að “meint réttindaleysi” kynni að hafa áhrif á bótarétt. Lögregluskýrsla hafi ekki borist fyrr en félagið óskaði eftir henni í desember 2011, hún barst félaginu í janúar 2012. Félagið hafnar því að þeir úrskurðir úrskurðarnefndar sem M vísar til í umfjöllun sinni geti verið fordæmi í máli þessu, atvik séu ekki sambærileg.

Félagið hafnar því að sök M geti talist óveruleg. Þær hæfiskröfur sem félagið gerir í varúðarreglu skilmála eru tilgreindar í varúðarreglunni. Ökumaður skuli hafa þau réttindi og þá kunnáttu sem krafist er til þess að aka ökutæki. Það liggur fyrir að M var réttindalaus. Hann hafði ekki þreytt próf til ökuréttinda. M hafi verið að kíkja á umhverfið, verið að meta það og þá hafi hann allt í einu misst vald á hjólinu. Félagið vísar til þess að M segir að hraði hjólsins gæti hafa verið 50 til 70 km/klst. Af þessari háttsemi telur félagið ljóst að M hafi ekki búið yfir nægjanlegri aksturshæfni og ekki haft nauðsynlega þekkingu á ökutækinu og meðferð þess til að stjórna því. Það telur rétt að hafna bótaskyldu með vísan til ákvæðis skilmála og 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit.

Með hliðsjón af framkomnum upplýsingum er ekki unnt að telja að váttryggingafélagið hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til M um hvort það myndi mögulega bera fyrir varúðarreglu skilmála.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum og atvikum öllum verður að telja að orsakatengsl hafi verið á milli réttinda- og reynsluleysis M og slyssins þ.e. að hann missti vald á torfæruhjólinu og féll af því. Sjálfur telur M að hann kunni að hafa verið á um 50 til 70 km hraða þegar óhappið varð. Hann kveðst hafa verið að líta í kringum sig á umhverfið en hann var í samfloti fleiri aðila í umrætt sinn á reiðvegi, sem fyrr segir. Gera verður kröfu um aukna aðgæslu við akstur á slíkum vegi sökum þess hve áhættan er mikil af því að missa vald á hjólinu. Þessa gætti M ekki.

Með hliðsjón af framanrituðu þykir rétt að leggja hluta ábyrgðar á váttryggingafélagið m.ö.o. skerða bótarétt M um helming með vísan til varúðarreglu skilmála og 26. gr. laga um váttryggingarsamninga og sjónarmiða um hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt og hvernig váttryggingaratburður bar að og atvikum að öðru leyti.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi sem nemur helming tjóns M.

Reykjavík 26. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 35/2013
M
og V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasalans F.

Ráðstöfun fjármuna 2. desember 2010 vegna sölu fasteignar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23. janúar 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 31. janúar 2013.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M fól F að selja fasteign að X í Hafnarfirði en hún átti 50% í eigninni á móti meðeiganda sínum. Með samþykki kautilboðs 30. september 2010 komst á bindandi kaupsamningur milli þeirra sem seljenda og tilgreindra kaupenda eignarinnar. Kaupverðið átti að greiða með peningum annars vegar og hins vegar með kaupsamningi um aðra eign að Y, þar sem M átti að eignast 17% hlut í þeirri eign. Í málskoti kemur fram að á fasteigninni X hafi verið áhvílandi veðlán sem tilheyrðu meðeiganda M einum en ekki M. Við samþykki kautilboðsins um kaupverð að fjárhæð kr. 32.500.000 hafi verið upplýst að áhvílandi veðskuldir hafi verið kr. 18.590.487. Fyrirhugað var að flutningur þeirra veðskulda ætti sér stað yfir á Y. Þegar kom að því að flytja veðin setti Íbúðalánasjóður það skilyrði vanskil vegna veðlánanna yrðu gerð upp fyrir veðflutning. F gekk í þessu skyni frá greiðslu kr. 3.498.729 til Íbúðalánasjóðs 2. desember 2010. Þá fjárhæð tók F af peningagreiðslu skv. kaupsamningi sem hann hafði mótttekið f.h. seljenda frá kaupendum. Í málskoti kemur fram að þrátt fyrir 50% hlutdeild M í X hafi greiðslur til M ekki numið samsvarandi hluta af kaupverði eignarinnar en samkomulag hafi verið milli M og meðeiganda hennar um að hann bæri ábyrgð á öllum þeim veðskuldum sem á eigninni hvíldu.

M telur að F hafi vanrækt skyldur sínar sem fasteignasali þegar hann ráðstafaði hluta kaupsamningsgreiðslu M og meðeiganda hennar vegna X til greiðslu hjá Íbúðalánasjóði 2. desember 2010. M telur að F hafi vanrækt skyldur sínar sem fasteignasali með því að hafa ekki kannað það sérstaklega hvort veðflutningur milli X og Y væri mögulegur, án þess að til sérstakrar greiðslu kæmi, áður en bindandi kaupsamningur komst á um X. Þegar ljóst var að slíka greiðslu þyrfti til þá hafi F auk þess borið að leita sérstaklega eftir samþykki M til umræddrar ráðstöfunar. Með vísan til 15.gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004 hafi F því vanrækt skyldur sínar sem lúta að því að gæta réttmætra hagsmuna kaupenda og seljanda. Réttmætir hagsmunir M sem seljanda hafi ekki verið þeir sömu og meðeiganda hans og með því að blanda saman fjárhagslegum hagsmunum meðeiganda M og hennar sjálfrar hafi F valdið M tjóni sem hann ber skaðabótaábyrgð á. M hafnar því algjörlega að handskrifað skjal, sem liggur fyrir í málinu, feli í sér samþykki hennar fyrir umræddri ráðstöfun. M bendir á að það verði að meta ráðstafanir F með hliðsjón af ströngu sakarmati í ljósi þess að hann er sérfræðingur í fasteignaviðskiptum en M ekki.

V telur að M hafi ekki sýnt fram á að F beri skaðabótaábyrgð vegna ráðstöfunar umræddrar greiðslu 2. desember 2010. V vísar, máli sínu til stuðnings, til niðurstöðu Eftirlitsnefndar fasteignasala í máli nr. 019-11, þar sem niðurstaða nefndarinnar var sú að það væri ekki innan starfssviðs þeirrar nefndar að taka afstöðu til innbyrðis ágreinings aðila að fasteignakaupum og þeirrar ákvörðunar nefndarinnar að aðhafast ekki frekar vegna umræddra viðskipta. V telur að M og meðeigandi hennar að X hafi verið upplýst fyrirfram um að óvíst væri að Íbúðalánasjóður myndi heimila veðflutning á áhvílandi veðláni án sérstakrar greiðslu inn á höfustól þess. V vísar auk þess til skjals dags. 2. desember 2010, sem M hafi sett upphafsstafi sína á, þar sem komi skýrt fram að það þurfi að greiða kr. 3.500.000 til Íbúðarlánasjóðs og eftirstöðvar verði lagðar inn á bankareikning M. V vísar því á bug að F hafi vanrækt skyldur sínar í skilningi laga nr. 99/2004.

Álit.

Þegar litið er til atvika málsins er ljóst að ágreiningur snýr að því hvort F hafi vanrækt skyldur sínar sem fasteignasali, m.a. í skilningi laga nr. 99/2004 þegar hann ráðstafaði hluta kaupsamningsgreiðslu vegna X inn á reikning Íbúðalánasjóðs 2. desember 2010. Af gögnum málsins má sjá að umrædd ráðstöfun var gerð til að greiða fyrir því að ákvæði kaupsamnings M og meðeigenda hennar sem seljenda umræddrar eignar og kaupenda hennar gengi eftir. Í málinu er því haldið fram að F hafi vanrækt skyldur sínar með því að hafa ekki upplýst M fyrirfram um mögulega erfiðleika við veðflutning og þegar þeir erfiðleikar hafi komið upp á hafi F ekki fengið ótvírætt samþykki M til ráðstöfunar kaupsamningsgreiðslu til greiðslu til Íbúðalánasjóðs títtnefndan dag.

Í málinu verður ekki litið framhjá því að M var upplýst um fyrirhugaða greiðslu til Íbúðalánasjóðs með tölvubréfi F 10. nóvember 2010, eins og kemur fram í málskoti sem skrifað er af lögmanni hennar. Það liggur einnig fyrir í málinu handskrifað blað dagsett 2. desember 2010 þar sem sjá má upphafsstafi M og á blaðinu er m.a. tilgreind kr. 3.500.000 greiðsla til Íbúðalánasjóðs og að leggja eigi eftirstöðvar kaupsamningsgreiðslu eftir uppgjör inn á bankareikning M. Með þessu verður ekki annað séð en að M hafi verið upplýst um fyrirhugaða greiðslu til Íbúðalánasjóðs með fullnægjandi hætti og af atvikum málsins mátti henni vera ljóst að um væri að ræða ráðstöfun sem laut að efndum kaupsamningsins sem hún ásamt meðeiganda sínum var bundin af gagnvart kaupendum. Henni mátti jafnframt vera ljóst að mögulegt samkomulag um innbyrðis fjárhagslegt uppgjör milli hennar og meðeiganda hennar að X þyrfti að taka breytingum vegna þessa. Háttsemi F verður ekki metin með hliðsjón af fjárhagslegum samskiptum seljenda eignarinnar eftir að þeir gerðu skuldbindandi kaupsamning um sölu hennar. Sönnunarbyrði um það að saknæm háttsemi hafi átt sér stað af hálfu F hvílir á M og af gögnum málsins verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á ráðstöfun hans 2. desember 2010 hafi brotið í bága við þær skyldur sem á honum hvíla sem fasteignasali. Er þá tekið tillit til stöðu hans sem sérfræðingur í fasteignaviðskiptum og hátternisreglum sem lesa má úr lögum nr. 99/2004.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á skaðabótum úr starfsábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík 19. febrúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 36/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Fjölskyldutryggingar

Maður slasast við meðferð kraftdreka þ. 14.8.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.23.1.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags.5.2.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M segist hafa orðið fyrir slysi þegar hann féll fram fyrir sig er hann hélt á kraftdreka á Nesjavallaleið og fótbrotnaði M við fallið. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V og segir í málskoti að ágreiningurinn í málinu snúi að því hvort notkun kraftdreka falli undir undanþáguákvæði kafla III, gr.4.5. vátryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um. M segist hafa látið kraftdrekann síga áfram og í því felist ekki undanskilin áhætta skv. vátryggingaskilmálunum enda hreyfing með kraftdreka eðlisólík bæði drekaflugi og svifflugi. Þá er af hálfu M vísað til 63 gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga. V hafnar bótaskyldu og vísar til að í læknabréfi vegna komu M á slysadeild þ.14.8.2011 segi “Áður hraustur strákur sem var að spila fótbolta, lenti í tæklingu og kemur inn með crus fracture” Þá bendir V á að þann sama dag segi í niðurstöðu myndgreiningarrannsóknar að M hafi komið illa niður á svifdreka og sama saga endurtekin þ. 22.8.2011. Þá vísar V til að í tilkynningu um slysið frá 29.8.2012 segi “Var með kraftdreka og það kom vindhviða og skellti mér um koll. V vísar til misræmis í frásögn af slysinu hjá læknum. Þá vísar V til þess að kraftdrekaflug falli undir það að vera drekaflug og drekaflugið sé talið upp í undanþáguákvæði í gr. 4.5. vátryggingaskilmála þeirra sem hér um ræðir og bótaskylda sé því ekki til staðar.

Álit.

Í grein 4.5. í vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir um segir m.a. að félagið greiði ekki bætur vegna slysa sem verða í drekaflugi. Þrátt fyrir misvísandi frásagnir af tjónsatvikinu þá byggir M á því að hann hafi orðið fyrir slysi við meðferð kraftdreka en þar er um undanskilda áhættu að ræða svo sem greinir í grein 4.5. í vátryggingaskilmálunum. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V þar sem um ekki verður annað séð en að um drekaflug hafi verið að ræða hjá M í umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 26.2.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 37/2013**M****og****Vátryggingafélag v/slysatryggingar ökumanns og eiganda A
Umferðaróhapp 29.06. 2011 er M ók á lausastaur, ágreiningur hvort um stórkostlegt gáleysi
hafi verið að ræða og þá skerðingu á bótarétti.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 25.01. 2013, málskotsgjald móttakið 19.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.02. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M, ökumaður A, ók bifreiðinni á ljósastaur við afleggjara að álveri í Norðfjarðarvegi þann 29.06. 2011. Varð bifreiðin óökufær.

Vátryggingafélagið viðurkenndi bótaskyldu með bréfi, dags. 20.01. 2012. Félagið telur að M skuli bera helming tjóns síns sjálfur vegna þess að hann hafi með háttsemi sinni gerst sekur um stórkostlegt gáleysi sbr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Hegðun hans hafi falið í sér alvarlegt og vítafært frávík frá þeirri háttsemi sem hann hefði með réttu átt að viðhafa. Ökumaður skal sbr. 1.-2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki. Honum er óheimilt að stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann er þannig á sig kominn að hann er ekki fær um að stjórna því örugglega. Svefnleysi er þar sérstaklega talið upp. M hafi brotið í bága við framangreint og skýr orsakatengsl séu á milli þess og óhappsins. Í skýrslu lögreglu af vettvangi kemur fram að M kvaðst vera syfjaður og þreyttur eftir dagvakt auk þess sem hann hefði lítið sem ekkert sofið nóttina áður. Hann sagðist hafa sofnað við aksturinn með þeim afleiðingum að bifreiðin fór út af vegi og á ljósastaur.

Félagið vísar í umföllun sinni til ákvæðis 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga varðandi ársfrest til þess að kerfjast meðferðar fyrir úrskurðarnefnd. Félagið telur að málskotið hafi verið móttakið of seint því móttökudagur þess er sagður vera 25.01. 2013.

M er ósammála afstöðu félagsins sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Nefndin hefur athugað hver hafi verið móttökudagur málskotsins. Móttökudagurinn var þann 19.01. 2013 en ekki 25.01. 2013. Vegna þessa er ekki tilefni til frávísunar málsins.

Með hliðsjón af hinum takmörkuðu gögnum máls þessa verður að telja að rekja megi óhapp M til stórkostlegs gáleysis hans við akstur bifreiðarinnar. Hann var ekki í stakk búinn til þess að aka bifreiðinni í umrætt sinn og má vafalítið telja mildi að ekki fór verr.

Með hliðsjón af framanrituðu, vátryggingaskilmálum og 44. gr. umferðarlaga og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga er bótaskylda fyrir hendi gagnvart M sem nemur 2/3 hlutum tjóns hans. Rétt er að skerða bótarétt M um 1/3 sökum stórkostlegs gáleysis hans sbr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi en M ber 1/3 hluta tjóns síns sjálfur.

Reykjavík 26.02. 2013
Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 38/2013
M
og V vegna slysaftryggingar ökumanns X.

Slysaftrygging ökumanns vegna umferðarslyss 23. nóvember 2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. janúar 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 7. febrúar 2013, ásamt bréfi V dags. 20. janúar 2012.

Málsatvik.

M slasaðist þegar bifreiðin X valt á N-vegi 23. nóvember 2011. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi verið ökumaður bifreiðarinnar og í henni hafi verið einn farþegi. Lögregla ók þeim báðum á sjúkrahús í N eftir bílveltuna. Í skýrslu lögreglunnar er haft eftir M að hann hafi ekið á 80-85 km hraða en hann hafi verið að stilla útvarp þegar hann missti stjórn á bifreiðinni og hafi ekki verið með hugann við aksturinn eða augun á veginum. Ekkert er haft eftir farþega bifreiðarinnar varðandi aðdraganda árekstursins.

M telur að hann eigi rétt á fullum bótum úr slysaftryggingu ökumanns bifreiðarinnar X. M telur að það sem haft hafi verið eftir honum á slysstað sé ekki í samræmi við raunveruleikann og telur að bílveltuna megi rekja til þess að ísing hafi myndast skyndilega á veginum.

V telur í fyrsta lagi að með því að úrskurðarnefndin hafi ekki móttakið málskot M fyrr en 25. janúar 2013 hafi ársfrestur 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 verið liðinn, þar sem V hafi sent M höfnunarbréf að hluta dags. 20. janúar 2012. Í öðru lagi telur V að takmarka eigi ábyrgð þess um þriðjung vegna stórkostlegs gáleysis M við aksturinn. Vísar V til þess sem haft er eftir M í lögregluskýrslu um að hann hafi ekki haft hugann við aksturinn auk þess sem M hafi ekið of hratt m.t.t. 36.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V vísar til 90.gr. laga um vátryggingarsamninga máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í málskoti kemur fram að höfnunarbréf V dags. 20. janúar 2012 hafi verið móttakið af hálfu M 22. janúar 2012. Við mat á frestum 2.mgr. 51.gr. og 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga hefur úrskurðarnefnd haft til hliðsjónar að málskotsgjald sé greitt áður en ár er liðið frá móttöku höfnunarbréfs. Í málinu er upplýst að málskotsgjald úrskurðarnefndar var greitt af hálfu M þann 21. janúar 2013. Verður því ekki talið að málskotið fari í bága við framangreind ákvæði. Með vísan til þess sem haft er eftir M í lögregluskýrslu telst það nægilega sannað að hann hafi ekki verið með huga við aksturinn í greint sinn. Ekki hefur komið fram sönnun þess að ranglega hafi verið eftir M haft af hálfu lögreglu. Verður háttsemi M metin sem stórkostlegt gáleysi í skilningi 2.mgr. 27.gr. laga um vátryggingarsamninga. Í ljósi eðlis slysaftryggingar ökumanns er hún skaðaftrygging, sbr. Hrd. 194/2011, og verður því ekki miðað við 1.mgr. 90.gr. sömu laga. Ekki er ágreiningur um annað en takmörkun ábyrgðar V um þriðjung og er sú ákvörðun staðfest.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til greiðslu bóta úr slysaftryggingu ökumanns hjá V að 2/3 hlutum.

Reykjavík 26. febrúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 39/2013**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs L****Ágreiningur um bótaskyldu vegna falls í stigagangi skrifstofuhúsnæðis 20.03. 2007.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 25.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M féll í stigaganginum er hún var á leiðinni á fund sbr. fyrirliggjandi gögn. Bleyta hafði borist inn í stigaganginn og því var hált. Úti var rigning og féll M úr efstu tröppum og niður stigann. M heldur því fram að aðstæður hafi verið ófullnægjandi sbr. umfjöllun hennar.

Málið hefur komið áður til nefndarinnar sbr. úrskurð 161/2008 vegna húseigendatryggingar. Niðurstaðan í því máli var sú að ekki hafi verið sýnt fram á bótaskyldu. Ekki hafi verið sýnt fram á vanrækslu eða ófullnægjandi aðstæður.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það breyti ekki afstöðu félagsins þó óhappið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu, atvik séu alveg ljós.

M er ósammála afstöðu félagsins sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt að rekja megi óhapp M til vanrækslu eða ófullnægjandi aðstæðna sem L ber skaðabótaábyrgð á.

Breytir ekki ofanrituðu þó að óhappið hafi á sínum tíma ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. mars 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 41/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags v/ sundlaugar.****Ágreiningur um bótaskyldu er kona gekk yfir þröskuld í sundlaug.****Gögn.**

3. Málskot, móttækið 28.1.2013, ásamt fylgigögnum.
4. Bréf X, dags. 18.2.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt lýsingu í málskoti var M á leið upp úr sundlaug í sveitarfélaginu V hinn 17.7.2012. Hafi hún verið á leið inn í búningsklefa og til að komast þangað hafi hún þurft að fara í gegnum gang og síðan yfir þröskuld. Fyrir neðan þröskuldinn hafoi legið brekka sem hafi verið bæði blaut og hál þegar slysið hafi átt sér stað. Engin motta hafi legið á sjálfri brekkunni og ekki hafi verið neinar varúðarmerkingar á leiðinni að henni sem sundlaugargestir hafi ekki komist hjá eftir að komið var upp úr sundlauginni með tilheyrandi bleytu. Kveður M brekkuna hafa verið klára slysgildru og aðstæður m.a. farið í bága við ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V, eiganda sundlaugarinnar, hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu. Af hálfu X er því haldið fram að á fyrirbyggjandi ljósmyndum komi fram að umrædd brekka sé í raun smávægilegur halli, um 10 cm breiður, innan við dyr inn í húsnæði sundlaugarinnar og gólfefni séu útbúin sérstakri og hefðbundinni hálkuvörn, þ.e. að í þeim sé sérstakur salli sem geri yfirborð þeirra hrjúft og stamt þrátt bleytu.

Álit.

Gögn um slysið og tildrög þess eru mjög takmörkuð. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að brekka sú, sem M virðist rekja slysið til, hafi verið þannig úr garði gerð að hún hafi verið vanbúin þannig að V geti borið skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 5.mars 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 42/2013**M v/bifreiðarinnar A**

og

**Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við skemmdir á A
þegar bifreiðin B rann á A þann 03.12. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 28.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.02. 2013.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 20.02. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni B var lagt í stæði við hlið A í umrætt sinn. Bifreiðastæðið er í talsverðum halla. Mikil hálka var. Bifreiðin B rann til og olli skemmdum á A.

Vátryggingafélag B telur að tjónið eins og því er lýst, verði ekki rakið til notkunar bifreiðarinnar B. Að því virtu telur félagið bótarétt ekki vera fyrir hendi. Félagið vísar máli sínu til stuðnings til niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli 143/2012.

Vátryggingafélag A vísar til þess að ökumaður B hafi lagt bifreið sinni í mjög hálli brekku og yfirgefið bifreiðina. Nokkuð ljóst sé að bifreiðin var ekki í notkun en ökumanni B hefði mátt vera það ljóst að hætta skapaðist af því að leggja bifreiðinni á þessum stað í fljúgandi hálku sem gæti orðið til þess að bifreiðin færi af stað sem síðan varð raunin á og bifreiðin rann stjórnlaust á A. Félagið telur að þar sem ökumaður B hafi skilið bifreið sína eftir í þessum slæmu aðstæðum eigi ábyrgðartrygging bifreiðarinnar að bæta tjónið á A.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber skáður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 88. – 89. gr. laganna. Þá segir í 3. mgr. 90. gr. að auk ábyrgðar skv. 1. mgr. 90. gr. fer um bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

Bifreiðinni B var lagt í stæði í talsverðum halla og mikilli hálku. Bifreiðin rann af stað mannláus og fór utan í bifreið A sem lagt var í stæði við hlið B og síðan áfram þar til hún stöðvaðist nokkuð neðar er hún hafnaði á vegg. Bifreiðin B er stór og þung pallbifreið.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til aðgæsluleysis ökumanns bifreiðarinnar B. Ökumanni hennar hefði mátt vera ljós sú mögulega hætta sem fyrir hendi var, vegna þessa hefði hann átt að gæta aukinnar aðgæslu í umrætt sinn. Þessa gætti hann ekki.

Með vísan til framanritaðs og 3. mgr. 90. gr. sbr. umferðarlaga er fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi.

Reykjavík 19. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 44/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur við Fjarðarkaup 05.11. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 31.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 08.02. 2013.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 07.02. 2013 ásamt afriti ljósmynda.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið eftir vesturhlið Fjarðarkaupa og bifreiðinni B eftir norðurhlið. Áreksturinn varð þar sem akstursleiðir bifreiðanna skerast. Samkvæmt frásögn ökumanns B steig hann á bensínjölfina í stað þess að hemla.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna vísaði til þess að ökumanni A hafi borið að veita umferð frá hægri forgang, hann beri því meginábyrgð á árekstrinum. Ökumaður B beri hluta sakar vegna rangra viðbragða.

Vátryggingafélag A hefur ekki gert athugasemdir í máli þessu.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A (málskotsaðili) hafi ekki veitt umferð frá hægri forgang. Ekki séu til staðar orsakatengsl milli viðbragða ökumanns B og árekstursins. Ósannað sé að B hafi verið ekið hraðar en eðlilegt og heimilt er. Verði ekki fallist á þá afstöðu sé eðlilegt að leggja meiri hluta sakar á M þ.e. ökumann A þar sem háttsemi hans er að öllu virtu frumástæða árekstursins.

M telur að ökumaður B eigi að bera meginábyrgð á árekstrinum, B hafi verið of langt til vinstri á bílplaninu og ekið of hratt miðað við aðstæður.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum bar ökumanni A að veita umferð frá hægri forgang, þessa gætti hann ekki og því ber hann ber meginábyrgð á árekstrinum. Ökumaður B brást rangt við er hann auk hraða bifreiðar sinnar í stað þess að hemla. Með vísan til framanritaðs ber ökumaður A 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 26. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 45/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar.****Málskostnaðar vegna aðfararbeiðni er tengdist kröfu um umráð yfir barni.****Gögn.**

5. Málskot, móttakið 31.1.2013, ásamt fylgigögnum.
6. Bréf X, dags. 19.2.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M mun hafa tekið að sér að gæta A, sonardóttur sinnar, er B, sonur hennar, fór í skemmtiferð til Danmerkur. Á sama tíma krafðist D, móðir A, með aðfararbeiðni, dags. 21.12.2011, að hún fengi umráð A og að þeim umráðum yrði komið á með beinni aðfarargerð. Beindist krafan að þeim M og B. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 20.1.2012 var kröfu D hafnað, en málskostnaður aðila var felldur niður. M hafði kostnað af vörn sinni í málinu og hefur krafist þess að hann verði greiddur úr málskostnaðartryggingu sem er vátryggingarþáttur í fjölskyldutryggingu sem hún nýtur verndar úr hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt umræddri málskostnaðartryggingu greiðir hún málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í 25. gr. vátryggingarskilmála þeirra sem um vátrygginguna gilda er bótasvið vátryggingarinnar nánar tilgreint auk þess sem tilgreint eru ýmis tilvik þar sem málskostnaður bætist ekki. Samkvæmt gr. 25.4 bætir vátryggingin ekki málskostnað sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi hjónaskilnað. Sama gildi um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna, umgengnisrétt og faðernismál. Í dómsmáli því sem að framan greinir þurfti M að verjast kröfu um að forræði yfir A yrði tekið úr hennar höndum og það fært í hendur D. Laut ágreiningur í málinu þannig að forræði barns. Mál sem varðar slíkan ágreining fellur utan bótasviðs málskostnaðartryggingarinnar, sbr. ákvæði gr. 25.4. Að svo vöxnu á M ekki rétt á að kostnaður hennar vegna dómsmálsins bætist úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu úr málskostnaðartryggingu hjá X.

Reykjavík, 19. mars 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 46/2013**M v/bifreiðarinnar A**

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar ökutækis B**Árekstur bifreiðanna A og B 10.10. 2012, ágreiningur um umfang tjóns þ.e. bótafjárhæð.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 31.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.02. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Ágreiningur er um umfang tjóns á A sem talið er að hafi orðið við umræddan árekstur.

M er ósammála afstöðu félagsins sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Vátryggingafélagið vísar til tjónamats verkstæðis. Tjónamatið hljóðar upp á kr. 465.605 en félagið áætlað verðmæti A á bilinu 250-300 þúsund kr. Tjónamatið er umfram verðmæti A. Tjónamatsmaður félagsins telur að umfang tjónsins í tjónamatinu sé ekki í samræmi við umfang og ákomu á B sbr. fyrirliggjandi gögn. Félagið fékk því A&Ö til að bera bifreiðarnar saman og meta hvert umfang tjónsins hefði getað verið. Viðstaddir samanburð voru fulltrúar A&Ö, tveir tjónamatsmenn félagsins og eigendur bifreiðanna. A&Ö telur að um tvö tjón sé að ræða og að umfangið geti ekki verið vegna umrædds áreksturs. Óumdeilt er að áreksturinn varð. Ágreiningur er um umfang tjónsins sem fyrir segir. Félagið getur ekki samþykkt mat verkstæðis og eiganda A á umfangi tjónsins. Félagið kveðst hafa boðið eiganda A kr. 130.000 í samkomulagsbætur til að ljúka málinu en það er u.þ.b. helmingur af verðmæti bifreiðarinnar. Félagið er núna við afgreiðslu máls þessa reiðubúið að hækka tilboð sitt um samkomulagsbætur upp í kr. 150.000, með það fyrir augum að ná sátt í málinu. Félagið samþykkir að úrskurðarnefndin fjalli um umfang tjónsins í fjárhæðum.

Álit

Mál þetta er illa reifað í málskotinu. Það þykir samt sem áður tækt til úrskurðar því ljóst er hvert hið eiginlega ágreiningsefni er. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og eins og málið er lagt fyrir úrskurðarnefndina hefur mati vátryggingafélagsins, á umfangi þess tjóns sem varð við áreksturinn, ekki verið hnekkt. Afstaða félagsins verður því lögð til grundvallar. Eftir atvikum þykir tilboð félagsins um samkomulagsbætur að fjárhæð 150.000 kr. hæfilegt.

Niðurstaða.

Tilboði vátryggingafélagsins hefur ekki verið hnekkt.

Reykjavík 26.02. 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 47/2013**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags****Ágreiningur um bótaskyldu vegna hitaveituheimtaugar sem fór í sundur við skólastjórabústað í febrúar 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 31.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.02. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. M kvartar yfir þeirri ákvörðun félagsins.

M er ósammála afstöðu félagsins sbr. takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Mál þetta hefur áður komið til afgreiðslu hjá nefndinni sbr. úrskurð í máli 442/2012, dags. 13.11. 2012. Málinu var vísað frá með vísan til e-liðar 4. gr. samþykka úrskurðarnefndar nr. 1090/2005.

Málatilbúnaður M er enn mjög rýr. Hann hefur ekki lagt fram viðbótarupplýsingar sem rökstyðja þá afstöðu að bótakylða sé fyrir hendi. Sá sem krefst bótagreiðslu úr ábyrgðartryggingu verður að leggja fram gögn máli sínu til stuðnings sem t.d. varpa ljósi á vanrækslu aðila. Þessa hefur ekki verið gætt.

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Vegna umfjöllunar M er rétt að láta þess getið að úrskurðarnefndin er ekki stjórnarsýslunefnd. Starfsemi hennar fellur ekki undir ákvæði stjórnarsýslulaga en nefndin gæti andmælaréttar og leiðbeiningarskyldu eftir því sem mögulegt er við afgreiðslu mála.

Niðurstaða.

Bótakylða er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. mars 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 51/2013**X
og
váttryggingafélagið X v/ slysatryggingar sjómanna.****Ágreiningur um hvort bótaréttur sé fallinn niður vegna fyrningar.****Gögn.**

7. Málskot, móttakið 4.2.2013, ásamt fylgigögnum.
8. Bréf X, dags. 18.2.2013.

Málsatvik.

Hinn 21.7.2005 varð M fyrir meiðslum um borð í bátnum A er hann var að leggja línu. Kom þá hnútur á bátinn en við það datt M aftur fyrir sig á rekkverk bátsins og fékk slink á hálsinn. M leitaði til læknis 25.7. og 5.8.2005 og við sneiðmyndarannsókn á mjóbaki kom í ljós „stórt brjós-klos“ á mótum IV. og V. lendhryggjarliðbols. Í kjölfarið var M til frekari rannsóknar og læknismeðferðar hjá bæklunarskurðlækni og heila- og taugaskurðlæknum.

Af gögnum málsins þykir mega ráða að áhöfn A hafi verið tryggð slysatryggingu hjá X skv. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Með tilkynningu um vinnuslys, dags. 29.7.2010, var X tilkynnt um tjónið. Með tölvuskeyti hinn 22.6.2011 til lögmanns M tilkynnti X að það hafi haft til meðferðar mál M vegna ofangreinds slyss. Þá segir svo í skeytinu: „Afstaða félagsins til þessa máls er að um bótaskyld tilvik sé að ræða. Þegar tímabært verður að meta umbj. þinn vænti ég þess að samband verði haft við mig eða einhvern annan hjá félaginu vegna samkomulags milli aðila við ákvörðun matsmanns.“ Að beiðni lögmanns var aflað matsgerðar eins læknis á afleiðingum slyssins fyrir M. Er matsgerðin dagsett 25.11.2011. Samkvæmt henni var varanlegur miski M metinn 5 stig og í matsgerðinni kemur og fram að tímabært hafi verið að leggja mat á afleiðingar slyssins 21.7.2006. Hinn 17.10.2012 mun matsgerðin hafa verið send X og óskað uppgjors úr fyrrgreindri slysatryggingu. Með bréfi X, dags. 19.10.2012, er bótakröfu hafnað þar sem hún væri fyrnd.

Álit.

Slysið varð 21.7.2005. Verður að telja að um fyrningu kröfunnar gildi ákvæði 29. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga er þá voru í gildi. Samkvæmt því ákvæði fyrnast kröfur, sem rísa af váttryggingarsamningi, á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs er kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur um greiðslu bóta eða váttryggingarfjárhæðarinnar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá því að váttryggingaratburðurinn gerðist. Í ljósi þeirra áverka sem M hlaut og þeirrar niðurstöðu matsgerðar að tímabært hafi verið að leggja mat á afleiðingar slyssins ári síðar eða 21.7.2006 verður að telja að M hafi þá átt þess kost að afla nauðsynlegra gagna til að leita fullnustu kröfu sinnar. Því hafi hinn lögmaelti fjögurra ára fyrningarfrestur byrjað að líða í lok árs 2006. Með yfirlýsingu þeirri sem X gaf í tölvuskeyti sínu 22.6.2011 verður að líta svo á að X hafi fortakslaust viðurkennt að slysið væri bótaskyld úr slysatryggingunni og þar með viðurkennt skuld sína þannig að nýr fyrningarfrestur hafi byrjað að líða frá því tímamarki, sbr. 6. gr. þágildandi laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Krafa M telst því ekki fallin niður vegna fyrningar og á hann því rétt á bótum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá X.

Reykjavík, 19. mars 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hrl.

Mál nr. 52/2013
Ólafía Þorsteinsdóttir (M) farþegi í B og
Vátrygginafélagið (V) v. A

Ekið á bireið. Ágreiningur um líkamstjón. Öroroka. þ. 7.3.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.11.1.2013 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 15.3.2013 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið á um 5 km. hraða enda veðurskilyrði verið slæm og slitnir hjólbarðar undir A og skyndilega hafi umferðin stöðvast og A runnið á B þar sem M var farþegi. Ökumaður A segist ekki kenna til eymsla og ekkert tjón hafi orðið á A. Ökumaður B segir að A hafi ekið aftan á bifreiðina og höggið töluvert og tjón á skottloki og bæði hann og M kenndu til eymsla eftir áreksturinn. M krefst bóta vegna bakverks með leiðni niður í hægri hné og læri. M segir að lækisfræðileg gögn málsins sýni að hún hafi hlotið slæma tognun við slysið. Af hálfu M er útreikningum á grundvelli PC-crash forritsins hafnað. V hafnar bótaskyldi og vísar til þess að samkvæmt hraðaútreikningum hafi höggð við áreksturinn verið mjög vægt í því sambandi vísar V í útreikninga PC-crash forritsins. Þá telur V að umræddur slysaatburður sé ekki þess eðlis að varanlegt líkamstjón hafi hlotist af. Þá vísar V til að um 10 mánuðir líði frá atvikinu þangað til M hafi leitað til læknis vegna bakverkja með leiðni niður í hné og M fætt barn skömmu áður en hún greindist með brjós-klos.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að skoða hvort meiri eða minni líkur séu á því að líkamstjón hafi orðið við áreksturinn. Í ljósi takmarkaðra gagna m.a. varðandi sjúkrasögu M eru verulegur vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra verkja sem M telur sig vera haldinn vegna hans. M hefur ekki leitt nægjanlegar líkur að eða sýnt fram á hún hafi orðið fyrir bótaskyldu líkamstjóni sem rekja megi til notkunar ökutækis A í umrætt sinn. Af virtum gögnum málsins er bótaskylda ekki fyrir hendi og orsakatengsl ósönnuð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A

Reykjavík 16.4..2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 54/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar ökumanns bifreiðar.****Ágreiningur um brottfall bótaréttar vegna vanrækrar tilkynningarskyldu.****Gögn.**

9. Málskot, móttakið 11.2.2013, ásamt fylgigögnum.
10. Bréf X, dags 6.2.2013.

Málsatvik.

Hinn 28.1.2010 varð M fyrir meiðslum er hann sem ökumaður bifreiðarinnar A lenti í árekstri við aðra bifreið á Skemmuvegi í Kópavogi. M leitaði samdægurs á bráðadeild Landspítalans, þar sem hann var greindur með tognun og ofreynslu á háls hrygg.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingu ökumanns A hjá X. Var tjónið tilkynnt X 9.1.2012. X hafnaði bótaskyldu þar sem réttur M til bóta væri fallinn niður skv. 1. mgr. 124 gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) sökum þess hversu seint tjónið var tilkynnt félaginu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124 gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta samkvæmt slysátryggingu þeim rétti ef ef krafa um bætur er ekki gerð til félagsins innan árs frá því hann fékk vitneskju um atvik sem hún er reist á.

Eftir að M leitaði slysdaginn á bráðadeild Landspítalans verður af gögnum málsins ekki ráðið að hann hafi leitað læknis vegna einkenna sinna af völdum slyssins á nýjan leik fyrr en í febrúar 2012. Af þeim sökum er ekkert vítað hvernig M reiddi af fyrstu tvö árin eftir slysið. Liggja því engar upplýsingar fyrir um heilsufar M ári áður en hann tilkynnti um slysið til X og hvað hann hafi þá mátt gera sér grein fyrir varðandi afleiðingar slyssins, þ. á m. hvort þær yrðu varanlegar. Með því að tilkynna slysið svo seint sem raunin var og halda ekki til haga skýrum upplýsingum um heilsufar sitt fyrst eftir slysið hefur M sýnt tómlæti sem leiðir til þess að hann hefur glatað bótakröfu sinni á hendur X, sbr. fyrrgreint lagaákvæði. Af þeim sökum er tjónið ekki bótaskyldt úr slysátryggingu ökumanns A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu A hjá X.

Reykjavík, 21. mars 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 55/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/B****og****Vátryggingafélagið Y v/A**

Árekstur við Gautavík 01.01. 2013, m.a. hvort ökumaður hafi tekið þrönga vinstri beygju eða brotið gegn forgangi.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 06.02. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 22.02. 2013.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 01.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B hafi ekki virt forgang A sbr. umfjöllun félagsins.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem ökumaður A hafi viðurkennt að tekið of krappa vinstri beygju sbr. umfjöllun félagsins.

Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fram kemur í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður sök skipt til helminga. Ekki þykir rétt að láta halla á annan ökumann frekar en hinn vegna óvissu um aðdraganda árekstursins. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 19. mars 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 56/2013**M****og****Vátryggingafélag v/slysátryggingar sjómanna****Ágreiningur um tilkynningarskyldu
skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.02. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.02. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist um borð í bát þann 25.10. 2009, þegar unnið var við löndun. Kar sem híft var festist og við það klemmdist M sbr. fyrirliggjandi gögn. Hann fór til læknis aumur og marinn daginn eftir sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu með vísan til þess að þrátt fyrir samfellda sjúkrasögu M og tíðar komur á heilbrigðisstofnanir og tilvísun til sjúkraþjálfara hafi félagið ekki fengið tilkynningu um atvikið fyrr en 19.08. 2011 eða tæpum tveimur árum eftir að það átti sér stað. Félagið telur að M hafi ekki gætt tilkynningarskyldu sinnar skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Honum hafi borðið að tilkynna félaginu um atvikið innan þess ársfrests sem 124. gr. kveður á um.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum og samfelldri sjúkrasögu M og óvissu um einkenni verður að telja að M hafi ekki vanrækt tilkynningarskyldu sína um þau atvik sem hér um ræðir. Hann hefur því ekki glatað rétti til bóta á grundvelli 124. gr. laga um vátryggingarsamninga, í því sérstaka tilviki sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 12. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 58/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar veghaldara.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið við mætingu.****Gögn.**

11. Málskot, móttakið 13.2.2013, ásamt fylgigögnum.
12. Bréf X, dags 1.3.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 20.1.2013 ók M bifreið sinni, A, frá Skagaströnd til Dalvíkur. Á Öxnadalsheiði kvaðst M hafa mætt þremur stórum vöruflutningabifreiðum og sumum með tengivagna. Er hann mætti þessum bifreiðum hafi mikill hvellur orðið. Hann hafi því stöðvað og farið út til að gæta að hvað gerst hafði. Vegna myrkurs hafi verið erfitt að átta sig á aðstæðum. Þegar heim var komið hafi komið í ljós að eitthvað hafi kastast aftan á A og brotið út úr ljósi eða hlíf á ljósi sem liggur þvert yfir A að aftan. Telur M að tjörüköggull hafi kastast á A frá vöruflutningabifreiðunum, en umræddan köggul megi rekja til mikillar olíublæðingar úr slitlagi vegarins.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu veghaldarans, V, hjá X vegna tjónsins sem varð á A. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin sönnunargögn liggja fyrir um það hvað olli þeim skemmdum sem urðu á A. Er þannig ósannað að tjóninu hafi valdið tjörüköggull sem hafi myndast af völdum olíublæðingar úr slitlagi vegarins. Þegar af þeirri ástæðu telst tjónið ekki bótaskylt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M vegna tjóns á A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 22. mars 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 60/2013**M****og****Vátryggingafélagið v/A og B****Árekstur við Ármúla 05.11. 2012 ekið út frá einkalóð inn á húsagötu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 11.02. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins A til nefndarinnar, dags. 27.02. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreið M (A) var ekið upp á milli húsa frá bakhúsi við Ármúla 15 áleiðis að Ármúla. Bifreiðinni B var ekið eftir akstursleið ofan við húsinn sem þarna eru í áttina að útkeyrslu inn Ármúla. Áreksturinn varð við útkeyrsluna er A var ekið í hlið B.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna lagði alla sök á A. Merkt hafi verið við á framhlið tjónstilkynningar sem ökumenn staðfesta að B hafi verið kyrrstæð. A hafi m.ö.o. ekið á B. Málið var á ný lagt fyrir Tjónanefnd sem komst að sömu niðurstöðu og við fyrri afgreiðslu en að þessu sinni með vísan til þess að A hafi verið ekið frá einkalóð inn á húsagötu og að umferð frá einkalóðinni bæri að veita umferð eftir húsagötunni forgang.

Vátryggingafélagið er sammála niðurstöður Tjónanefndar. Félagið vekur athygli á dómi Hæstaréttar í máli 05.11. 1981 í máli 62//1980, þar sem bifreið var ekið frá einkalóð inn á akstursleið um bifreiðastæði við Suðurlandsbraut.

Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fram kemur í málskotinu. Hann telur að B hafi ekið í veg fyrir A og að B hafi ekki virt hægri rétt.

Álit

Nefndin athugaði vettvang máls þessa. Aðstæður eru þannig að gæta þarf aukinnar aðgæslu vegna þeirra þrengsla sem þarna eru.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að virða ekki umferðarrétt bifreiðar B sem ekið var um húsagötu sem ætluð er til almennrar umferðar.

Miðað við takmörkuð gögn máls þessa verður að ætla að A hafi verið ekið af skipulögðu bifreiðastæði einkalóðar út á umferðargötu sbr. til hliðsjónar nefndan dóm Hæstaréttar frá árinu 1981.

Niðurstaða.

A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 21. mars 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 62/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum skemmda á frárennislögn.****Gögn.**

13. Málskot, móttækið 12.2.2013, ásamt fylgigögnum.

14. Bréf X, dags. 11.3.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins mun M í byrjun árs 2012 hafa unnið við að endurnýja hreinlætistæki og gólfduka í íbúð sinni. Þegar baðkar hafi verið fjarlæggt hafi komið í ljós skemmdir á gólfi og burðarbitum undir baðkarinu. Einnig munu veggir hafa verið upphleyptir og bólgnir. Í málskoti kemur fram að við frárennislögn frá wc og baðkari hafi verið tengt affallsvatn frá hitakerfi hússins um stút á frárennislöröru. Þessi tenging hafi verið óþétt vegna ryðs og orsakað gufu sem hafi valdið umræddu tjóni. Þá segir að leiða megi líkum að því að gufan hafi verið óveruleg í byrjun tæringar rörsins en aukist jafnt og þétt. Erfitt sé að segja til um þann tíma sem seytlandi vatn og/eða gufa hafi verið að eyðileggja frá sér, en íbúðin hafi verið í útleigu og við síðustu leigjendaskipti áður en fyrrgreindar framkvæmdir hófust hafi íbúðin verið grandskoðuð án þess að ummerki um vatnsleka hafi sést.

M hefur krafist bóta úr húseigendatryggingu sinni hjá X vegna tjónsins. S hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 9.1.1 í skilmálum X fyrir húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis bætir vátryggingin tjón af völdum vatns sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. Af gögnum málsins þykir ljóst að leki frá frárennislöröru hafi staðið yfir um einhvern tíma og þannig valdið þeim skemmdum sem urðu á húseigninni. Er því ekki um að ræða tjón af völdum vatns sem hefur skyndilega og óvænt streymt úr leiðslum hússins. Skiptir í þessu sambandi ekki máli þótt M hafi skyndilega orðið lekans og tjónsins vör er framkvæmdir við skipti á hreinlætistækjum og gólfdukkum hófust. Tjón M bætist því ekki úr húseigendatryggingu hennar hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr húseigendatryggingu hennar hjá X.

Reykjavík, 9. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 63/2013**M og
V vegna stjórnendatryggingar
(Directors & Officers Liability insurance) G.****Krafa um viðurkenningu greiðsluskyldu úr stjórnendatryggingu vegna skaðabótakröfu á M persónulega með stefnu sem þingfest var í Héraðsdómi Reykjavíkur 2. febrúar 2012.****Gögn.**

5. Málskot móttakið 14. febrúar 2013 ásamt gögnum.
6. Tvö bréf lögmanna V, bæði dags. 11.mars 2013, ásamt gögnum tilgreindum í skjalaskrá.

Málsatvik.

Þann 1. maí 2008 keypti G svokallaða stjórnendatryggingu (Directors & Officers Liability insurance) hjá V. Gildistími hennar var til 1. maí 2009. Áður en váttryggingin tók gildi höfðu starfsmenn G gefið upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins með því að svara spurningum og rita undir váttryggingabeidni (proposal form) dags. 31. mars 2008 og gefa sérstaka yfirlýsingu um engar kröfur eða efnislegar breytingar (no claims/material changes declaration), dags. 14. maí 2008.

Í málskoti M kemur fram að hún hafi verið kosin í stjórn G á hluthafafundi þann 30. apríl 2007 og hafi setið í stjórn til næsta aðalfundar sem haldinn var 20. febrúar 2008. Með stefnu sem birt var M í lok janúar 2012 og þingfest var 2. febrúar 2012 höfðaði G skaðabótamál á hendur M og fleiri stefndu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, þar sem þau eru krafín aðallega og in solidum um rúmlega sex milljarða króna skaðabætur. Til vara er krafist skaðabóta að fjárhæð fimm milljarðar króna og til þrautavara er krafist skaðabóta að álitum. Til viðbótar eru M og fleiri stefndu krafín um greiðslu vaxta og dráttarvaxta sem og um málskostnað.

Skaðabótakrafa gegn M er m.a. byggð á því að hún, ásamt öðrum stefndu, hafi í störfum sínum sem stjórnarmaður G brotið gegn starfsskyldum sínum með því að veita víkjandi lán til fyrirtækis með einni endurgreiðslu til fimm ára að fjárhæð 15 milljarðar króna, án þess að heimild væri til þess í lánareglum G. Þetta hafi haft í för með sér stórfellda fjártjónshættu sem og tjón sem nánar er útfært í stefnu vegna skaðabótakröfunnar.

Lögmaður M tilkynnti V þann 1. febrúar 2012 um málshöfðunina gegn M og þá afstöðu sína að tryggingin væri í gildi og að M félli undir trygginguna. Með bréfi dags. 15. febrúar 2012 hafnaði V afstöðu M og vísaði til þess að M myndi glata öllum rétti til bóta í síðasta lagi innan árs frá því bréfinu var veitt viðtaka, hafi hún ekki höfðað mál fyrir dómstólum eða krafist meðferðar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

M telur að kostnaður M vegna málshöfðunar G komi til greiðslu úr umræddri váttryggingu með vísan til l.gr. 1. hluta váttryggingaskilmála tryggingarinnar. M vísar til meginreglna váttryggingaréttar um hópváttryggingar og telur að röksemdir V um að váttryggingavernd sé ekki fyrir hendi standist ekki. M telur að V beri sönnunarbyrði fyrir því að G eða forsvarsmenn G hafi veitt rangar upplýsingar um áhættu áður en váttryggingin tók gildi og þannig vanrækt upplýsingaskyldu sína m.t.t. meginreglna kröfu-, samninga- og váttryggingaréttar um upplýsingaskyldu samningsaðila. M vísar einnig til þess að hvað varðar röksemdir V um að váttryggingavernd hafi verið runnin út eða hvort réttur til viðbótarváttryggingarverndar hafi stofnast þá hafi G höfðað mál gegn V vegna þess sérstaklega og sá ágreiningur sé til umfjöllunar hjá Hæstarétti Íslands, sbr. mál nr. 390/2012. Þegar málskot M sé skrifað liggja hins vegar ekki fyrir niðurstaða í því máli Hæstaréttar. M bendir einnig á að burtséð frá niðurstöðu í því máli njóti M

vátryggingaverndar með vísan til H-liðar skilmála tryggingarinnar um að ábyrgð tryggingarinnar framlengist um 72 mánuði ef stjórnarmaður lætur af störfum fyrir lok vátryggingartímabils, tryggingin er ekki endurnýjuð, ekki sé keypt sérstök framlenging tryggingarinnar eða nýttur réttur til kaupa á viðbótarvátryggingarvernd og að ekki sé keypt önnur stjórnendatrygging. Að mati M er ljóst að umræddur H-liður taki til framkominnar skaðabótakröfu þar sem þessi skilyrði séu uppfyllt. Sú vátrygging sem G hafi keypt á árinu 2009 hjá United Insurance Brokers Ltd. nái ekki til M og því sé ekki hægt að líta á hana sem aðra tryggingu í skilningi ákvæðisins. Önnur skilyrði umrædds ákvæðis séu augljóslega uppfyllt hvað M varðar. Að lokum mótmælir M því að bréf dags. 30. desember 2010, sem V sendi til slitastjórnar G, hafi réttaráhrif gagnvart M varðandi upphaf tilkynningafrests í ljósi þess að það bréf kom ekki til vitundar M á þeim tíma.

V telur að kröfur G gegn M hafi augljóslega komið fram eftir að vátryggingin féll úr gildi í maí 2009 og því nái vátryggingin ekki til verndar vegna þeirra krafna. Leiði það af upphafsorðum skilmála hennar um að vátryggingin byggi á svokallaðri kröfugerðarreglu („claims made policy“). Kröfur á hendur M hafi fyrst komið fram á árinu 2012 eða þremur árum eftir að tímabili vátryggingaverndar lauk. Auk þessa vísar V til þess að undanþága um peningþvætti í viðauka við skilmála tryggingarinnar komi í veg fyrir að kröfur M nái fram að ganga í ljósi þess að óhóflegar lánveitingar G til tengdra aðila hafi í raun falið í sér peningþvætti í skilningi umrædds viðauka.

V hefur uppi ýmsar frekari ástæður fyrir því að félagið beri ekki ábyrgð skv. vátryggingasamningi um fyrrnefnda stjórnendatryggingu milli G og V. Í fyrsta lagi telur V að skilyrði A.liðs III.hluta skilmála stjórnendatryggingar G séu ekki uppfyllt og vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 390/2012, sem kveðinn var upp þann 14. febrúar sl. Í öðru lagi vísar V til þess að G hafi keypt nýja tryggingu fyrir stjórnendur sína á árinu 2009 hjá United Insurance Brokers Ltd. og þar af leiðandi geti ekki komið til framlengingar verndar skv. H.lið III. hluta skilmála þar sem skilyrði greinarinnar um að ekki hafi verið keypt ný vátrygging séu ekki uppfyllt. Í þriðja lagi vísar V til að M hafi ekki verið stjórnarmaður sem hafi farið á eftirlaun né látið af störfum hjá G af eigin frumkvæði og gildissvið umrædds H.liðar nái einungis til slíkra stjórnarmanna.

Í fjórða lagi gerir V grein fyrir því með umtalsverðum og umfangsmiklum gögnum að brotið hafi verið gróflega gegn skyldu G og annarra vátryggðra til að veita réttar og fullnægjandi upplýsingar við töku tryggingarinnar. Varðandi upplýsingaskylduna almennt telur V að G hafi brotið gegn skyldum sínum við töku þar sem rangar upplýsingar um stöðu og rekstur G hafi verið gefnar m.a. í vátryggingabeidni og sérstakri yfirlýsingu sem V hafi óskað eftir frá G fyrir töku tryggingarinnar. G hafi auk þess ekki upplýst um fjölmörg atriði sem forsvarsmenn G hafi vitað eða mátt vita að hefðu haft verulega þýðingu við mat á vátryggingaráhættu. Skylda hafi hvílt á forsvarsmönnum G að gefa réttar upplýsingar skv. 19.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar að auki, ef litið er til almennra óskráðra reglna samningaréttar, vátryggingaréttar og kröfuréttar og ákvæða vátryggingarsamningsins sjálfs, megi líta svo á að áhrif rangra upplýsinga í tilviki G leiði í raun til þess að vátryggingarsamningurinn sé ógildur. V leggur fram og vísar til fjölmargra almennra gagna um ætlaðar rangar upplýsingar af hálfu G í aðdraganda vátryggingarsamningsins. Þar á meðal umfjöllun um stöðu G í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, skýrslu COFISYS, stefnu G gegn tilteknum aðilum fyrir dómstólum í New York, ákæru og stefnur í öðrum málum. Vísar V auk þess til fyrri úrskurða úrskurðarnefndar í vátryggingarmálum máli sínu til stuðnings auk fjölda nýrra gagna, m.a. um niðurstöður í sakamálum og rannsóknir þeirra, skýrslna og upplýsinga frá FME sem G hafi ekki gert grein fyrir í umsókn um vátrygginguna, óvenjulegra samninga sem G hafi gert og ekki upplýst um í ársreikningi og tölvupóstsamskipta milli starfsmanna G um þann vanda sem G var kominn í áður en upplýsingar í vátryggingabeidnum hafi verið veittar af hálfu G.

Frekari röksemdir V vegna ætlaðrar vanrækslu upplýsingaskyldu og áhrifa þess verða ekki tilgreindar í þessum úrskurði en vísað er til umfangsmikilla gagna málsins og ítrekað að V telur að afleiðingar umfangsmikillar vanrækslu á upplýsingaskyldu leiði til þess að V eigi ekki að bera ábyrgð skv. vátryggingarsamningnum og vísar um það m.a. til 19. og 20.gr. laga um vátryggingarsamninga og almennra reglna samningaréttarins um brostnar forsendur, ýmissa ákvæða laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Álit.

Málsatvik í þessu máli eru að mestu þau sömu og í máli nefndarinnar nr. 64/2013. Álitafni báðum málum lúta fyrst og fremst að því hvort upplýsingaskylda var vanrækt af hálfu G við töku stjórnendatryggingar. Ef ekki, hvort G hafi átt rétt til kaupa á viðbótarvernd í skilningi váttryggingarskilmála og enn fremur hvort M hafi átt rétt á sérstakri vernd stjórnarmanna sem láta af störfum (e.retired) í 72 mánuði eftir að váttrygging féll úr gildi 1. maí 2009.

Hér verður rakin afstaða nefndarinnar til þessar álitafna:

1. Upplýsingaskylda G við töku stjórnendatryggingar

Efnislega verður fyrst að taka afstöðu til þess hvort G teljist hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína m.t.t. ákvæða váttryggingarsamningsins, laga um váttryggingarsamninga, laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og meginreglna samningaréttar og kröfuréttar um brostnar forsendur. Gildi váttryggingarsamningsins er forsenda þess að ákvæði í skilmálum hans komi yfirhöfuð til skoðunar. Í málinu verður að miða við upplýsingaskyldu á þeim tíma sem váttryggingin var tekin og þær upplýsingar sem þá lágu fyrir. Það liggja nú fyrir gögn um stöðu mála eins og þau lita út með hliðsjón af því sem átti sér stað hjá G haustið 2008 og ítarlegri gögn en t.d. í málum nefndarinnar nr. 502/2011 og 278/2011 þar sem nefndin hefur tekið afstöðu til sambærilegs álitafnis. Þrátt fyrir þetta verður ekki fullyrt, m.v. þau sönnunargögn og þá sönnunarfærslu sem unnt er að viðhafa fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum, að alveg óyggjandi sé að upplýsingaskylda af hálfu G hafi verið vanrækt. Sérstaklega þegar litið er til óvissu um stöðu mála á vormánuðum 2008. V verður að bera hallann af vafa þar um og ekki verður því fullyrt að brostnar forsendur hafi verið fyrir útgáfu stjórnendatrygginga til G sem M leiðir mögulega váttryggingavernd sína af.

2. Réttur til kaupa á viðbótarvernd skv. skilmálum stjórnendatryggingar

Vísað er til niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 390/2012 þar sem fjallað er efnislega um rétt G til að kaupa viðbótarvernd skv. váttryggingarskilmálum stjórnendatryggingar. Í umræddum dómi Hæstaréttar kemur skýrt fram að G uppfyllti ekki skilyrði til kaupa á slíkri vernd og verður að telja umræddan dóm skýrt fordæmi um þetta álitafni. M á ekki ríkari rétt en leiða má af rétti G og verður því ekki fallist á váttryggingavernd M sé fyrir hendi vegna þessa álitafnis.

3. Gildissvið sérstakrar verndar stjórnarmanna sem látið hafa af störfum

Ljóst er af upphafsorðum skilmála váttryggingarinnar að um er að ræða svokallaða „claims made“ váttryggingu. Það þýðir að váttryggingin tekur til krafna á hendur váttryggðum sem eru gerðar á gildistíma váttryggingarinnar. Ljóst er af gögnum málsins að sá gildistími er frá 1. maí 2008 til 1. maí 2009. Ekki liggur fyrir að krafa hafi verið gerð á hendur M á því tímabili heldur var hún fyrst gerð á árinu 2012. Hér þarf að leysa úr ágreiningi um gildissvið váttryggingarsamningsins hvað varðar það hvort M teljist til stjórnarmanna sem létu af störfum í skilningi H-liðar III.hluta skilmála stjórnendatryggingarinnar og njóti váttryggingarverndar þess vegna. Þar kemur fram að váttryggingin haldi gildi gagnvart þeim stjórnarmönnum í 72 mánuði eftir að tryggingin fellur úr gildi. Skilyrði þess eru að váttryggingin sé ekki endurnýjuð og að um sé að ræða váttryggðan sem látið hefur af störfum („retired“). Nefndin hefur áður fjallað um það hvernig skýra á orðið „retired“ í skilningi sambærilegs ákvæðis váttryggingarskilmála, sbr. úrskurð í máli nr. 38/2010. Þó liggja fyrir þýðing löggilts skjalapýðanda og frekari sjónarmið V varðandi skýringu á umræddu ákvæði telur nefndin sömu sjónarmið eiga við og í máli nefndarinnar nr. 38/2010, þ.e. að umrætt ákvæði gildi um þá stjórnarmenn sem látið hafa af störfum óháð því hvort þeir hafa sjálfir hætt, verið vikið frá störfum eða horfið til annarra starfa. V verður að bera hallann af því að orðalag skilmálanna er ekki skýrara.

Í málinu stendur þá eftir að meta það skilyrði umrædds ákvæðis H.liðar III. kafla váttryggingarskilmálanna um að vernd ákvæðisins komi ekki til ef ný váttrygging hefur verið tekin.

Í þessu máli liggja fyrir upplýsingar um að G hafi keypt nýja váttryggingu í maí 2009 hjá aðila sem nefndur er United Insurance Brokers. Staðfesting þess efnis liggur fyrir í tölvupósti dags. 8. júlí 2009 og váttryggingarskilmálar þeirrar váttryggingar liggja einnig fyrir í gögnum málsins. Þó að M hafi látið af störfum fyrir 1. maí 2009 og tilkynnt um kröfur á hendur félaginu innan 72 mánaða frá þeim degi verður ekki litið framhjá skýru skilyrði margumrædds ákvæðis H.liðar III. kafla váttryggingarskilmálanna. Skilyrðinu um að váttryggingarverndin sé háð því að ný váttrygging hafi ekki verið tekin. Það liggja greinilegar upplýsingar sem stafa frá G um að ný váttrygging hafi í raun verið keypt eftir 1. maí 2009, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli hennar nr. 502/2011. Skilyrði ákvæðisins fyrir váttryggingarvernd M skv. ákvæðinu í 72 mánuði frá þeim degi sem átti að endurnýja trygginguna er því ekki uppfyllt. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki tekin afstaða til þess hvort það hafi áhrif á stöðu M að hún lét af störfum í febrúar 2008, fyrir gildistöku þeirrar váttryggingar sem hér er fjallað um. Ekki verður váttryggingarvernd M heldur leidd af öðrum ákvæðum skilmála váttryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á viðurkenningu greiðsluskyldu úr stjórnendatryggingu G hjá V.

Reykjavík 9. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 64/2013**M****V vegna stjórnendatryggingar
(Directors & Officers Liability insurance) G.****Krafa um viðurkenningu greiðsluskyldu úr stjórnendatryggingu vegna skaðabótakröfu á M persónulega með stefnu sem þingfest var í Héraðsdómi Reykjavíkur 2. febrúar 2012.****Gögn.**

7. Málskot móttakið 14. febrúar 2013 ásamt gögnum.
8. Tvö bréf lögmannna V, bæði dags. 11.mars 2013, ásamt gögnum tilgreindum í skjalaskrá.

Málsatvik.

Þann 1. maí 2008 keypti G svokallaða stjórnendatryggingu (Directors & Officers Liability insurance) hjá V. Gildistími hennar var til 1. maí 2009. Áður en váttryggingin tók gildi höfðu starfsmenn G gefið upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins með því að svara spurningum og rita undir váttryggingabeiðni (proposal form) dags. 31. mars 2008 og gefa sérstaka yfirlýsingu um engar kröfur eða efnislegar breytingar (no claims/material changes declaration), dags. 14. maí 2008.

Í málskoti M kemur fram að hann hafi verið kosinn í stjórn G á hluthafafundi þann 30. apríl 2007 og hafi setið í stjórn til næsta aðalfundar sem haldinn var 20. febrúar 2008. Með stefnu sem birt var M í lok janúar 2012 og þingfest var 2. febrúar 2012 höfðaði G skaðabótamál á hendur M og fleiri stefndu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, þar sem þau eru krafín aðallega og in solidum um rúmlega sex milljarða króna skaðabætur. Til vara er krafist skaðabóta að fjárhæð fimm milljarðar króna og til þrautavara er krafist skaðabóta að álitum. Til viðbótar eru M og fleiri stefndu krafín um greiðslu vaxta og dráttarvaxta sem og um málskostnað.

Skaðabótakrafa gegn M er m.a. byggð á því að hann, ásamt öðrum stefndu, hafi í störfum sínum sem stjórnarmaður G brotið gegn starfsskyldum sínum með því að veita víkjandi lán til fyrirtækis með einni endurgreiðslu til fimm ára að fjárhæð 15 milljarðar króna, án þess að heimild væri til þess í lánareglum G. Þetta hafi haft í för með sér stórfellda fjártjónshættu sem og tjón sem nánar er útfært í stefnu vegna skaðabótakröfunnar.

Lögmaður M tilkynnti V þann 23. janúar 2012 um málshöfðunina gegn M og þá afstöðu sína að tryggingin væri í gildi og að M félli undir trygginguna. Með bréfi dags. 15. febrúar 2012 hafnaði V afstöðu M og vísaði til þess að M myndi glata öllum rétti til bóta í síðasta lagi innan árs frá því bréfinu var veitt viðtaka, hafi hann ekki höfðað mál fyrir dómstólum eða krafist meðferðar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

M telur að kostnaður M vegna málshöfðunar G komi til greiðslu úr umræddri váttryggingu með vísan til l.gr. 1. hluta váttryggingaskilmála tryggingarinnar. M vísar til meginreglna váttryggingaréttar um hópváttryggingar og telur að röksemdir V um að váttryggingavernd sé ekki fyrir hendi standist ekki. M telur að V beri sönnunarbyrði fyrir því að G eða forsvarsmenn G hafi veitt rangar upplýsingar um áhættu áður en váttryggingin tók gildi og þannig vanrækt upplýsingaskyldu sína m.t.t. meginreglna kröfu-, samninga- og váttryggingaréttar um upplýsingaskyldu samningsaðila. M vísar einnig til þess að hvað varðar röksemdir V um að váttryggingavernd hafi verið runnin út eða hvort réttur til viðbótarváttryggingarverndar hafi stofnast þá hafi G höfðað mál gegn V vegna þess sérstaklega og sá ágreiningur sé til umfjöllunar hjá Hæstarétti Íslands, sbr. mál nr. 390/2012. Þegar málskot M sé skrifað liggja hins vegar ekki fyrir niðurstaða í því máli Hæstaréttar. M bendir einnig á að burtséð frá niðurstöðu í því máli njóti M váttryggingaverndar með vísan til H-liðar skilmála tryggingarinnar um að ábyrgð tryggingarinnar

framlengist um 72 mánuði ef stjórnarmaður lætur af störfum fyrir lok váttryggingartímabils, tryggingin er ekki endurnýjuð, ekki sé keypt sérstök framlenging tryggingarinnar eða nýttur réttur til kaupa á viðbótarváttryggingarvernd og að ekki sé keypt önnur stjórnendatrygging. Að mati M er ljóst að umræddur H-liður taki til framkominnar skaðabótakröfu þar sem þessi skilyrði séu uppfyllt. Sú váttrygging sem G hafi keypt á árinu 2009 hjá United Insurance Brokers Ltd. nái ekki til M og því sé ekki hægt að líta á hana sem aðra tryggingu í skilningi ákvæðisins. Önnur skilyrði umrædds ákvæðis séu augljóslega uppfyllt hvað M varðar. Að lokum mótmælir M því að bréf dags. 30. desember 2010, sem V sendi til slitastjórnar G, hafi réttaráhrif gagnvart M varðandi upphaf tilkynningafrests í ljósi þess að það bréf kom ekki til vitundar M á þeim tíma.

V telur að kröfur G gegn M hafi augljóslega komið fram eftir að váttryggingin féll úr gildi í maí 2009 og því nái váttryggingin ekki til verndar vegna þeirra krafna. Leiði það af upphafsorðum skilmála hennar um að váttryggingin byggi á svokallaðri kröfugerðarreglu („claims made policy“). Kröfur á hendur M hafi fyrst komið fram á árinu 2012 eða þremur árum eftir að tímabili váttryggingaverndar lauk. Auk þessa vísar V til þess að undanþága um peningaþvætti í viðauka við skilmála tryggingarinnar komi í veg fyrir að kröfur M nái fram að ganga í ljósi þess að óhóflegar lánveitingar G til tengdra aðila hafi í raun falið í sér peningaþvætti í skilningi umrædds viðauka.

V hefur uppi ýmsar frekari ástæður fyrir því að félagið beri ekki ábyrgð skv. váttryggingasamningi um fyrrnefnda stjórnendatryggingu milli G og V. Í fyrsta lagi telur V að skilyrði A.liðs III.hluta skilmála stjórnendatryggingar G séu ekki uppfyllt og vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 390/2012, sem kveðinn var upp þann 14. febrúar sl. Í öðru lagi vísar V til þess að G hafi keypt nýja tryggingu fyrir stjórnendur sína á árinu 2009 hjá United Insurance Brokers Ltd. og þar af leiðandi geti ekki komið til framlengingar verndar skv. H.lið III. hluta skilmála þar sem skilyrði greinarinnar um að ekki hafi verið keypt ný váttrygging séu ekki uppfyllt. Í þriðja lagi vísar V til að M hafi ekki verið stjórnarmaður sem hafi farið á eftirlaun né látið af störfum hjá G af eigin frumkvæði og gildissvið umrædds H.liðar nái einungis til slíkra stjórnarmanna.

Í fjórða lagi gerir V grein fyrir því með umtalsverðum og umfangsmiklum gögnum að brotið hafi verið gróflega gegn skyldu G og annarra váttryggðra til að veita réttar og fullnægjandi upplýsingar við töku tryggingarinnar. Varðandi upplýsingaskylduna almennt telur V að G hafi brotið gegn skyldum sínum við töku þar sem rangar upplýsingar um stöðu og rekstur G hafi verið gefnar m.a. í váttryggingabeidni og sérstakri yfirlýsingu sem V hafi óskað eftir frá G fyrir töku tryggingarinnar. G hafi auk þess ekki upplýst um fjölmörg atriði sem forsvarsmenn G hafi vítað eða mátt víta að hefðu haft verulega þýðingu við mat á váttryggingaráhættu. Skylda hafi hvílt á forsvarsmönnum G að gefa réttar upplýsingar skv. 19.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar að auki, ef lítið er til almennra óskráðra reglna samningaréttar, váttryggingaréttar og kröfuréttar og ákvæða váttryggingarsamningsins sjálfs, megi líta svo á að áhrif rangra upplýsinga í tilviki G leiði í raun til þess að váttryggingarsamningurinn sé ógildur. V leggur fram og vísar til fjölmargra almennra gagna um ætlaðar rangar upplýsingar af hálfu G í aðdraganda váttryggingarsamningsins. Þar á meðal umfjöllun um stöðu G í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, skýrslu COFISYS, stefnu G gegn tilteknum aðilum fyrir dómstólum í New York, ákæru og stefnur í öðrum málum. Vísar V auk þess til fyrri úrskurða úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum máli sínu til stuðnings auk fjölda nýrra gagna, m.a. um niðurstöður í sakamálum og rannsóknir þeirra, skýrslna og upplýsinga frá FME sem G hafi ekki gert grein fyrir í umsókn um váttrygginguna, óvenjulegra samninga sem G hafi gert og ekki upplýst um í ársreikningi og tölvupóstsamskipta milli starfsmanna G um þann vanda sem G var kominn í áður en upplýsingar í váttryggingabeidnum hafi verið veittar af hálfu G.

Frekari röksemdir V vegna ætlaðrar vanrækslu upplýsingaskyldu og áhrifa þess verða ekki tilgreindar í þessum úrskurði en vísað er til umfangsmikilla gagna málsins og ítrekað að V telur að afleiðingar umfangsmikillar vanrækslu á upplýsingaskyldu leiði til þess að V eigi ekki að bera ábyrgð skv. váttryggingarsamningnum og vísar um það m.a. til 19. og 20.gr. laga um váttryggingarsamninga og almennra reglna samningaréttarins um brostnar forsendur, ýmissa ákvæða laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Álit.

Málsatvik í þessu máli eru að mestu þau sömu og í máli nefndarinnar nr. 63/2013. Álitaefni báðum málum lúta fyrst og fremst að því hvort upplýsingaskylda var vanrækt af hálfu G við töku stjórnendatryggingar. Ef ekki, hvort G hafi átt rétt til kaupa á viðbótarvernd í skilningi váttryggingarskilmála og ennfremur hvort M hafi átt rétt á sérstakri vernd stjórnarmanna sem láta af störfum (e.retired) í 72 mánuði eftir að váttrygging féll úr gildi 1. maí 2009.

Hér verður rakin afstaða nefndarinnar til þessar álitaefna:

4. Upplýsingaskylda G við töku stjórnendatryggingar

Efnislega verður fyrst að taka afstöðu til þess hvort G teljist hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína m.t.t. ákvæða váttryggingarsamningsins, laga um váttryggingarsamninga, laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa og meginreglna samningaréttar og kröfuréttar um brostnar forsendur. Gildi váttryggingarsamningsins er forsenda þess að ákvæði í skilmálum hans komi yfirhöfuð til skoðunar. Í málinu verður að miða við upplýsingaskyldu á þeim tíma sem váttryggingin var tekin og þær upplýsingar sem þá lágu fyrir. Það liggja nú fyrir gögn um stöðu mála eins og þau líta út með hliðsjón af því sem átti sér stað hjá G haustið 2008 og ítarlegri gögn en t.d. í málum nefndarinnar nr. 502/2011 og 278/2011 þar sem nefndin hefur tekið afstöðu til sambærilegs álitaefnis. Þrátt fyrir þetta verður ekki fullyrt, m.v. þau sönnunargögn og þá sönnunarfærslu sem unnt er að viðhafa fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum, að alveg óyggjandi sé að upplýsingaskylda af hálfu G hafi verið vanrækt. Sérstaklega þegar litið er til óvissu um stöðu mála á vormánuðum 2008. V verður að bera hallann af vafa þar um og ekki verður því fullyrt að brostnar forsendur hafi verið fyrir útgáfu stjórnendatrygginga til G sem M leiðir mögulega váttryggingavernd sína af.

5. Réttur til kaupa á viðbótarvernd skv. skilmálum stjórnendatryggingar

Vísað er til niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 390/2012 þar sem fjallað er efnislega um rétt G til að kaupa viðbótarvernd skv. váttryggingarskilmálum stjórnendatryggingar. Í umræddum dómi Hæstaréttar kemur skýrt fram að G uppfyllti ekki skilyrði til kaupa á slíkri vernd og verður að telja umræddan dóm skýrt fordæmi um þetta álitaefni. M á ekki ríkari rétt en leiða má af rétti G og verður því ekki fallist á váttryggingavernd M sé fyrir hendi vegna þessa álitaefnis.

6. Gildissvið sérstakrar verndar stjórnarmanna sem látið hafa af störfum

Ljóst er af upphafsorðum skilmála váttryggingarinnar að um er að ræða svokallaða „claims made“ váttryggingu. Það þýðir að váttryggingin tekur til krafna á hendur váttryggðum sem eru gerðar á gildistíma váttryggingarinnar. Ljóst er af gögnum málsins að sá gildistími er frá 1. maí 2008 til 1. maí 2009. Ekki liggur fyrir að krafa hafi verið gerð á hendur M á því tímabili heldur var hún fyrst gerð á árinu 2012. Hér þarf að leysa úr ágreiningi um gildissvið váttryggingarsamningsins hvað varðar það hvort M teljist til stjórnarmanna sem létu af störfum í skilningi H-liðar III.hluta skilmála stjórnendatryggingarinnar og njóti váttryggingarverndar þess vegna. Þar kemur fram að váttryggingin haldi gildi gagnvart þeim stjórnarmönnum í 72 mánuði eftir að tryggingin fellur úr gildi. Skilyrði þess eru að váttryggingin sé ekki endurnýjuð og að um sé að ræða váttryggðan sem látið hefur af störfum („retired“). Nefndin hefur áður fjallað um það hvernig skýra á orðið „retired“ í skilningi sambærilegs ákvæðis váttryggingarskilmála, sbr. úrskurð í máli nr. 38/2010. Þó liggja fyrir þýðing löggilts skjalapýðanda og frekari sjónarmið V varðandi skýringu á umræddu ákvæði telur nefndin sömu sjónarmið eiga við og í máli nefndarinnar nr. 38/2010, þ.e. að umrætt ákvæði gildi um þá stjórnarmenn sem látið hafa af störfum óháð því hvort þeir hafa sjálfir hætt, verið vikið frá störfum eða horfið til annarra starfa. V verður að bera hallann af því að orðalag skilmálanna er ekki skýrara.

Í málinu stendur þá eftir að meta það skilyrði umrædds ákvæðis H.liðar III. kafla váttryggingarskilmálanna um að vernd ákvæðisins komi ekki til ef ný váttrygging hefur verið tekin. Í þessu máli liggja fyrir upplýsingar um að G hafi keypt nýja váttryggingu í maí 2009 hjá aðila sem

nefndur er United Insurance Brokers. Staðfesting þess efnis liggur fyrir í tölvupósti dags. 8. júlí 2009 og váttryggingarskilmálar þeirrar váttryggingar liggja einnig fyrir í gögnum málsins. Þó að M hafi látið af störfum fyrir 1. maí 2009 og tilkynnt um kröfur á hendur félaginu innan 72 mánaða frá þeim degi verður ekki litið framhjá skýru skilyrði margumrædds ákvæðis H.liðar III. kafla váttryggingarskilmálanna. Skilyrðinu um að váttryggingarverndin sé háð því að ný váttrygging hafi ekki verið tekin. Það liggja greinilegar upplýsingar sem stafa frá G um að ný váttrygging hafi í raun verið keypt eftir 1. maí 2009, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli hennar nr. 502/2011. Skilyrði ákvæðisins fyrir váttryggingarvernd M skv. ákvæðinu í 72 mánuði frá þeim degi sem átti að endurnýja trygginguna er því ekki uppfyllt. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki tekin afstaða til þess hvort það hafi áhrif á stöðu M að hann lét af störfum í febrúar 2008, fyrir gildistöku þeirrar váttryggingar sem hér er fjallað um. Ekki verður váttryggingarvernd M heldur leidd af öðrum ákvæðum skilmála váttryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á viðurkenningu greiðsluskyldu úr stjórnendatryggingu G hjá V.

Reykjavík 9. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 65/2013**M
og
váttryggingafélagið X v/ lausafjártryggingar.****Þjófnaður á verkfærum úr bifreið.****Gögn.**

15. Málskot, móttakið 14.2.2013, ásamt fylgigögnum.
16. Bréf X, dags. 22.2.2012.

Málsatvik.

Hinn 17.10.2012 var lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu tilkynnt um innbrot í bifreið og að úr henni hafi verið stolið munum í eigu fyrirtækisins M, svo sem beltaslípivél, ryksuga, bónvél o.fl. A, fyrirsvarsmáður M, kvað verkfæri þessi vera notuð við parketslípun. M hefur krafist bóta úr lausafjártryggingu hjá X. Samkvæmt gögnum málsins má ráða að M hafi krafist bóta að fjárhæð 3.330.000 krónur og þar af 1.300.000 krónur vegna beltaslípivélar af gerðinni Hummel.

Að beiðni X var fyrirtækisins B fengið til að rannsaka innbrotið. Í skýrslu B um rannsóknina, dags. 12.1.2013, kemur fram að A muni hafa keypt M á fyrri hluta árs og í þeim viðskiptum hafi hann verið svikinn af fyrri eiganda. Eftir ónafngreindum heimildarmönnum er haft að eftir innbrotið hafi A haft vélar í sinni vörslu sem átti að því er virðist að hafa verið stolið í innbrotinu. Einnig hafi ónafngreindir aðilar haft símasamband við A eftir innbrotið og spurt hvort hann vildi selja vélar sem tilheyrðu parketslípuninni og var hafi A viljað hugsa málið. Einnig hafi sá er annaðist rannsóknina af hálfu B hringt nafnlaust í A og sagt að hann hafi heyrt að A hefði beltaslípivél til sölu. Í fyrstu hafi A sagt að það væri hugsanlegt en breytt síðan fljótt um tón í samtalinu og sagt að brotist hefði verið inn í bifreið sína og öllum vélunum verið stolið. Kvað rannsakandi B að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem fram komu í rannsóknarskýrslu hans að ljóst væri að A hefði í það minnsta fyrrgreinda beltaslípivél enn í sinni vörslu og var það mat rannsakandans að um tilraun til fjársvika væri að ræða vegna hluta þeirra muna sem A hafi tilkynnt stolna í innbrotinu en hafi enn í sinni vörslu. Með vísan til skýrslu B og og gr. 5.3. í 2. kafla váttryggingarskilmála sem um lausafjártrygginguna gilda hafnaði X kröfu M um bætur úr váttryggingunni.

Álit.

Samkvæmt síðari málslið fyrrgreinds ákvæðis í váttryggingarskilmálum þeim sem gilda um lausafjártrygginguna fellur niður allur réttur til bóta samkvæmt váttryggingarsamningi ef váttryggður veitir af ásetningi rangar upplýsingar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær bætur sem hann á ekki rétt á. Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæði 1. málsliðar 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamningar. Verður skilmálaákvæðið skýrt með hliðsjón af þessu ákvæði laganna um váttryggingarsamninga.

Í rannsóknarskýrslu er getum að því leitt að einhverjir munir, og þá helst tiltekin beltaslípivél, hafi verið í fórum A eftir að innbrotið átti sér stað. Af skýrslunni verður ekki ráðið með neinni vissu umrædd beltaslípivél hafi verið í vörslu A eftir innbrotið. Ekki verður heldur talið nægilega sannað af skýrslu B né gögnum málsins að öðru leyti að af A, sem fyrirsvarsmáður M, hafi af ásetningi veitt og rangar eða ófullnægjandi

upplýsingar um umfang tjónsins sem hann vissi eða mátti vita að myndu leiða til þess að M fengi greiddar hærri bætur en það átti rétt til. X getur því ekki hafnað bótum úr váttryggingunni á þeim grundvelli að M hafi fyrirgert rétti til bóta vegna rangrar eða ófullnægjandi upplýsingagjafar af ásettu ráði. M á því rétt á bótum að því marki sem tjón þess telst sannað.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr lausafjártryggingu hjá X að því marki sem það hefur orðið fyrir tjóni.

Reykjavík, 19. mars 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hrl.

Mál nr. 66/2013**(M)****og****(X) vegna MY640****Árekstur á bílastæðaplani við Fjörðinn 5.7.2012, ágreiningur um bótafjárhæð.****Gögn.**

- 3) Málskot, mótttekið ódags., ásamt fylgiskjölum.
- 4) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.3.2013.

Málsatvik.

Í gögnum málsins er ekki að finna atvikalýsingu aðra en þá að málskotsaðili sé ósammála verðmati X á bifreið hennar. Óþarft er að geta umfjöllunar M vegna málskotsins.

Váttryggingafélagið gerir kröfu um frávisun máls þessa þar sem það samþykkir ekki að úrskurðarnefndin fjalli um ágreining aðila um bótafjárhæð sbr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum nr. 1090/2005.

Álit.

Í ljósi þess að mál þetta lýtur að ágreiningi um fjárhæð bóta vegna tjóns á ökutæki verður að vísa því frá nefndinni enda úrskurðar nefndin aðeins um fjárhæð bóta að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila skv. 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina. Samþykki váttryggingafélagsins liggur ekki fyrir.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá.

Reykjavík, 16. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 67/2013
M
og V v/slysatryggingar sjómanna útgerðarinnar Þ.

Líkamstjón við vinnu 8. nóvember 2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. febrúar 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 1. mars 2013.

Málsatvik.

Skv. málskoti varð M fyrir meiðslum á hægri öxl við vinnu sína um borð í línuveiðibátnum X þann 8. nóvember 2010. Í tjónstilkynningu útgerðarinnar til Tryggingastofnunar, dags. 10. nóvember 2010, kemur fram að M hafi verið „að gogga á rúllunni þurfti að haka fisk hrökk þá úr lið á hægri öxl“. Í ódagsettri yfirlýsingu Y skipstjóra kemur fram frekari lýsing á aðstæðum. Ekki er hægt að sjá af þeirri lýsingu að skipstjórinn hafi sjálfur verið á staðnum. Í lýsingu kemur fram að M hafi gripið um haka og lent með öxl á lúgukarmi.

M telur að um skyndilegan, utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða sem hafi leitt til meiðsla á líkama M. Utanaðkomandi atburðurinn hafi verið sá áverkni sem kom á öxl M þegar hann rakst í lúguna og vísar M auk þess til fyrirbyggjandi læknisvottorða. Í vottorði ÁK, dags. 17. október 2011 komi fram að læknirinn meti meiðsli M sem áverkatengdan atburð. Í ítarlegu læknisvottorði BJ dags. 16. janúar 2012 komi auk þess fram svokallað beinatap sem alla jafna komi ekki til þegar um er að ræða liðhlaup án áverka.

V telur að leggja eigi atvikalýsingu dag. 10. nóvember 2010 til grundvallar en hana staðfesti M, skipstjóri og fulltrúi útgerðarinnar. Þar hafi lýsing atvika verið á þann hátt að ekki hafi verið gerð grein fyrir utanaðkomandi atburði sem leiddi til líkamstjóns M. Frekari lýsing skipstjóra á atvikinu hafi ekki legið fyrir fyrir en eftir að V hafi hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna og því sé ekki hægt að leggja hana til grundvallar sem sönnunargagn. Auk þess vísar V til þess að skv. læknisvottorðum sé ljóst að M hafi verið veikburða í öxl lengi og læknar geti ekki fullyrt nákvæmlega hvað hafi gerst nema að þeir meti að um áverkatengdan atburð hafi verið að ræða. Það sé ekki nóg til sönnunar á utanaðkomandi atburði í skilningi vátryggingarskilmála slysatryggingar sjómanna og því sé ekki unnt að fallast á bótaskyldu.

Álit.

Í tjónstilkynningu dags. 8. nóvember 2010 lýsa M, skipstjóri hans og fulltrúi útgerðar atvikum þannig að M hafi farið úr lið þegar hann var að „gogga á rúllunni“. Þar kemur ekkert fram um að utanaðkomandi áhrif hafi leitt til líkamstjóns M. Í ódagsettri lýsingu skipstjórans, sem barst eftir að V hafði hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna, eru leiddar að því líkur að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða. Það fær þó ekki stoð í því að skipstjórinn hafi verið sjálfur á staðnum eða annað vitni hafi séð þegar M fór úr lið. Það er því enginn til frásagnar annar en M og eina lýsingin sem frá honum stafar er sú sem hér er vitnað til í tjónstilkynningu dags. 8. nóvember 2010. Sönnunarstaðan er sú að M þarf að sýna fram á að meiðsli á líkama hans séu rakin til skyndilegs utanaðkomandi atburðar, sbr. skilgreiningu á gildissviði slysatryggingar sjómanna skv. skilmálum hennar. Með vísan til ofangreinds telst M ekki hafa sannað að líkamstjón hans sé hægt að rekja til utanaðkomandi atburðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 3. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 68/2013**M****og****Vátryggingafélag v/slysátryggingar****Vinnuslys við fall í hálfu 01.12. 2011 við álverið á Reyðarfirði.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 15.02. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags 11.02. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Mun mun hafa verið á leið út úr byggingu á athafnasvæði álversins í umrætt sinn. Þegar hann tók skrefið út hafi hann runnið í hálfu og fallið aftur fyrir sig sbr. fyrirliggjandi gögn. Hann mun hafa leitað til heilsugæslu nokkru síðar þ.e. 16.12. 2011 og var þá greindur með brjós-kloss og bakverki. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að ekkert liggi fyrir um að M hafi runnið til í hálfu í umrætt sinn sbr. umfjöllun félagsins í gögnum málsins.

Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fram kemur í málskotinu. Hann er ósammála afstöðu félagsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi líkamlegt ástand M til umrædds slyss.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 70/2013**M v/bifreiðarinnar A****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs vegna lyftarans B****Árekstur á hafnarsvæðinu á Húsavík 16.11. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.02. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Lyftaranaum var ekið aftur á bak í þann sama mund sem A var ekið framhjá lyftaranum þannig að árekstur varð. Lyftarinn vann við að ferma vörubifreið.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu þar sem ekki þykir sýnt fram á að tjónið sé að rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi af hálfu ökumanns lyftarans B.

Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fram kemur í málskotinu en hann er ósammála afstöðu félagsins, hann telur að leggja skuli ábyrgð á ökumanns lyftarans.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar ábyrgðartryggingar sem hér um ræðir. Það var óvarlegt af ökumanni A að reyna að skjótast aftan við lyftarann í umrætt sinn en ljóst var að ökumaður lyftarans var að ljúka við að koma kari inn í vöruflutningabifreið. Þegar bifreið er ekið um vinnusvæði líkt og það sem þarna er verður ökumaður að gæta aukinnar aðgæslu. Þessa gætti hann ekki miðað við gögn málsins.

Ekki er unnt að ábyrgð á ökumann lyftarans því ætla má að bifreiðin hafi komið skyndilega aftan við lyftarann.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. mars 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 72/2013

**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á húseign af völdum bilunar í vatnslögn.

Gögn.

17. Málskot, móttekið 20.2.2013, ásamt fylgigögnum.
18. Bréf X, dags 13.3.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 11.10.2012 kom gat á um 70 ára gamla vatnslögn í sveitarfélaginu S. Við það mun vatn hafa flætt inn í kjallara húss í eigu M og valdið þar skemmdum á parketi í einu herbergi. Vatnslögnin er í eigu orkuveitunnar V.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en V hafi gert við lögnina um leið og bilunarinnar varð vart. Þótt lögnin hafi verið komin til ára sinna hefur ekkert komið fram sem gefur tilefni til að ætla að hún hafi verið farin að gefa sig eða bilunar hafi mátt vænta þannig að ástæða hafi verið til að endurnýja hana áður fyrrgreint tjón varð. Að þessu gættu og af gögnum málsins að öðru leyti telst ósannað að tjón M verði rakið til mistaka eða vanrækslu af hálfu V við eftirlit með lögninni og viðhald hennar. Tjón M telst því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 9. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 73/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Glerárgötu á Akureyri við gatnamót Þórunnarstrætis þann 17.9.2012.**Gögn.**

19. Málskot, móttækið 20.2.2013, ásamt fylgigögnum.
20. Bréf X, dags. 8.3.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið ekið til norðvesturs inn á Glerárgötu af verslunargötu, sem liggur meðfram Glerárgötu að austanverðu, og beygt til vinstri áleiðis suðvestur Þórunnarstræti. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið Glerárgötu til suðausturs og rákust þá saman á gatnamótunum aftanverð hægri hlið A og framendi B. Umferð um gatnamótin er stjórnað með umferðarljósum.

Í skýrslu lögreglu um áreksturinn er haft efir ökumanni A að hann hafi ekið af verslunargötunni inn á Glerárgötu og séð að rautt ljós hafi verið komið á umferðarvitann þegar hann kom inn á Glerárgötu. Hann hafi ekki komist inn á Þórunnarstræti þar sem B hafi komið eftir Glerárgötu úr gangstæðri átt og árekstur orðið. Hann hafi séð er B var ekið af stað, en taldi sig komast fyrir framan hana.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið af stað gegnt grænu ljósi. Þá hafi A komið yfir á rauðu ljósi og B rekist í hlið A.

Fjögur vitni sem kveðast hafa verið farþegar í A bera að gult ljós hafi kviknað andspænis A rétt áður en henni var ekið inn á gatnamótin. Þeir hafi ekki tekið eftir ferðum B fyrir en einn farþeganna hafi öskrað „árekstur“ og þá hafi ökumaður A reynt að afstýra árekstri með því að auka hraðann, en B hafi lent á hægra afturhjól A.

Álit.

Samkvæmt skýrslu lögreglu ók ökumaður A inn á gatnamótin gegnt rauðu ljósi. Vitni sem voru farþegar í A bera að gult ljós hafi kviknað andspænis A rétt áður en henni var ekið inn á gatnamótin. Ökumaður B ber að hann hafi ekið af stað gegnt grænu ljósi. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur ökumaður A sönnunarbyrðina um að áreksturinn verði rakinn til atvika sem ökumaður B ber ábyrgð á. Sú sönnun hefur ekki tekist. Verður því við það að miða að ökumaður A hafi beygt til vinstri í veg fyrir B sem var ekið inn á gatnamótin andspænis grænu ljósi. Ber ökumaður A því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 22. mars 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 74/2013**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar skemmtistaðarins A****Meiðsl við fall á skemmtistað 02.10. 2011, þar sem M datt um upphækkun inni á staðnum.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.02. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags 15.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til tjónstilkynningar þar sem fram kemur að M hafi verið á háum hælum og misstigið sig á upphækkun sem var á gólfi og snúið sig illa á fæti. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu vátryggingartakans A eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á.

Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fram kemur í málskotinu. M er ósammála afstöðu félagsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi meiðsl M til vanrækslu starfsmanna A eða ófullnægjandi aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Ósannað er að frágangur upphækkunarinnar sem um ræðir hafi farið gegn réttarreglum. Slysið virðist mega rekja til aðgæsluleysis M eða óhappatilviljunar miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 75/2013**M****og****Vátryggingafélag v/fjölskylduverndar****Ágreiningur um bótaskyldu, hvort um innbrot hafi verið að ræða 30.01. 2013.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.02. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur að brotist hafi verið inn í hús sitt (íbúð) og munum stolið. Engin sjáanleg ummerki voru um innbrot á vettvangi sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Engin ummerki hafi verið um innbrot á vettvangi og því ekki um bótaskyld tjón að ræða. Skilyrði skilmála er að um þjófnað hafi verið að ræða í læsta íbúð og er forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Varrúðarreglu sé getið um að dyr og gluggar og önnur op skulu vera tryggilega læst og lykklar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

M er ósammála afstöðu félagsins sbr. takmarkaða umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að um innbrot hafi verið að ræða.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. mars 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 77/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ sjúkdómatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna hjartagalla hjá barni.****Gögn.**

21. Málskot, móttakið 20.2.2013, ásamt fylgigögnum.
22. Bréf X, dags. 28.2.2013.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins mun M, sem er fædd árið 1992, hafa í mars 2012 greinst með svonefndan „A.S.D. hjartagalla“ sem mun vera meðfæddur hjartagalli. Hafi sjúkdómurinn lýst sér þannig að gat væri á milli hjartahólfa sem væri of stórt til að lagfæra nema með skurðaðgerð.

M hefur krafist bóta úr sjúkdómatryggingu hjá X vegna sjúkdómsins. M hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 4. gr. skilmála þeirra sem gilda um sjúkdómatryggingu þá, sem M krefst bóta úr, greiðir félagið bætur m.a vegna nánar tilgreindra sjúkdóma og aðgerða sem vátryggður gengst undir, þ. á m. nokkurra sjúkdóma og aðgerða sem tengjast eða geta tengst hjarta, svo sem kransæðastíflu/hjartadreps (gr. 4.1), kransæðaskurðaðgerðar/hjáveituaðgerðar (gr. 4.2), hjartalokuaðgerðar (heart valve replacement) (gr. 4.3), skurðaðgerðar á ósæð (gr. 4.4) og líffæraflutnings (gr. 4.10). Af gögnum málsins verður ekki séð að M sé haldin sjúkdómi eða þurfi að gangast undir lækniáðgerð sem vátryggingin tekur til skv. 4. gr. vátryggingarskilmálanna. Þegar af þeirri ástæðu á hún ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá X.

Reykjavík, 9. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 78/2013**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartyggingar húseigendatryggingar A****Skemmdir á bifreið er snjór féll af þaki húseignar
í dreifbýli við Akureyri 09.01. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.02. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags 15.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á sök húseigandans A. Hann hafi verið fjarverandi þegar atvik máls þessa varð og bifreiðinni hafði verið lagt í stuttan tíma fyrir utan húsið. Ekki megi gera sömu kröfur til snóvarna í tilviki heimahúsnaðis og gert er t.d. í tilviki verslunar- og þjónustuhúsnaðis. Umrætt hús er einbýlishús í sveit þar sem umferð fólks er ekki mikil.

Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fram kemur í málskotinu. M er ósammála afstöðu félagsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Vátryggingartaki hefur ekki sýnt af sér saknæma eða ólögmeta háttsemi í umrætt sinn miðað við takmörkuð gögn máls þessa. Vátryggingartaki var að heiman í umrætt sinn og gat því ekki varað ökumann bifreiðarinnar við því að leggja á þessum stað sem var einn af fleirum sem unnt var að leggja á. Tilviljum virðist hafa ráðið því að ökumaðurinn lagði í umrætt stæði og að snjór féll skyndilega á bifreiðina.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 81/2013
M
og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Nýbýlavegi við Skemmuveg 22. september 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. febrúar 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V1 18. mars 2013.
3. Bréf V2 dags. 19. mars 2013, ásamt bréfi ökumanns B dags. 12. mars 2013.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á Nýbýlavegi þar sem þeim var báðum ekið í sömu átt. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi ekið á hægri akrein þegar óþekkt bifreið fyrir framan hægði ferð og M kveðst þá hafa hemaði. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi við það sveigt aðeins til vinstri þegar hann hemaði. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður B kvaðst hafa ekið eftir miðakrein þegar bifreiðinni A hafi skyndilega verið ekið inn á þá akrein og við það hafi árekstur orðið.

M segist ekki hafa farið yfir akreinalínu áður en árekstur varð og það sem haft sé eftir honum í upphaflegri lögregluskýrslu sé ekki alls kostar rétt. Hann vísar til síðari skýrslna sinna og telur að áreksturinn megi helst rekja til hraðaksturs ökumanns B auk þess sem sá hafi verið ölvaður við aksturinn og því sé ekki hægt að byggja á framburði hans.

V1 og V2 telja að M beri alla sök á árekstrinum fyrir að sveigja í veg fyrir B og tekur ökumaður B undir þau sjónarmið.

Álit.

Í fyrirbyggjandi sönnunargögnum kemur skýrt fram í frumskýrslu lögreglu að M, ökumaður A kveðst hafa ekið til vinstri þegar hann þurfti að hema vegna bifreiðar sem á undan honum var. Í sömu mund hafi orðið árekstur við bifreið B sem hafi ekið í sömu átt á annarri akrein. Með þeim framburði eru yfirgnæfandi líkur á því að umrætt aksturslag hafi leitt til áreksturs við bifreið B sem ekið var á samhliða akrein. M ber sönnunarbyrði fyrir því að rangt hafi verið eftir honum honum haft í frumskýrslu og með vísan til gagna málsins telst M ekki hafa náð að sanna að áreksturinn sé rakinn til annars en að hann sjálfur hafi sveigt til vinstri og þannig ekið í veg fyrir bifreið B. Ekki liggja fyrir upplýsingar frá vitnum eða önnur efnisleg sönnunargögn sem sýna fram á að árekstur sé hægt að rekja til aksturslags ökumanns B. M ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Öll sök á bifreið A.

Reykjavík 9. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 83/2013**M****og****Vátryggingafélag v/málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu og skýringu skilmála á undanskilinni áhættu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.02. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags 11.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að um undanskilda áhættu sé að ræða. M hafi verið aðili að dómsmáli þar sem ágreiningur var um hver væri eigandi fasteignar. M geri kröfu í málskostnaðartryggingu vegna málsins. M telji að um viðurkenningarkröfu um eignarétt sé að ræða en ekki um kröfu varðandi fasteignina sem slíka. Félagið telur að sá ágreiningur sem M stóð í hafi verið vegna hinnar tilteknu fasteignar og hann falli því utan bótaskyldu vátryggingarinnar. Í skilmálum komi fram að vátryggingin bætir ekki málskostnað “sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar”.

Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fram kemur í málskotinu. M er ósammála afstöðu félagsins. Hann hafi ekki verið eigandi umræddrar fasteignar og því eigi ákvæði skilmála um undanskilda áhættu ekki við sbr. nánar umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ágreiningur sá sem M hefur átt í varðar tiltekna fasteign. Ágreiningurinn um hver sé eigandi hennar helst í hendur við ákvæði skilmála sem getið hefur verið þ.e. þar sem undanskilin er ábyrgð sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 85/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar skautahallar.

Ágreiningur um bótaskyldu er kona fell á skautasvelli.**Gögn.**

23. Málskot, móttakið 26.2.2013, ásamt fylgigögnum.
24. Bréf X, dags 11.3.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 7.3.2012 var M) á skautum í skautahöllinni V. Datt hún þá aftur fyrir sig á hnakkann og missti meðvitund. Í skýrslu lögreglu um slysið kemur fram að M hafi verið hjálmlaus inni á svellinu, en samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum V sé ekki skylda að vera með hjálm á svellinu en það séu vinsamleg tilmæli til fólks að nota slíka öryggisbúnað við skautaiðkun. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum frá V voru öryggishjálmar til staðar í skautahöllinni og notkun þeirra hafi verið ókeypis.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki ráðið að slysið verði rakið til skorts á öryggisbúnaði af hálfu V, saknæmrar háttsemi starfsmanna V, vanrækslu af hálfu V við eftirlit með því sem fram fór á skautasvelli, eða annarra atvika sem leitt getur til skaðabótaábyrgðar V á slysinu. Af því leiðir að M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut við slysið.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 9. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 86/2013**M farþegi í bifreiðinni N****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar U****Umferðaróhapp, ágreiningur um orsakatengsl.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.02. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags 11.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M lenti í umferðarslysi 25.10. 2010 þegar hún var farþegi í N. Bifreiðin U mun hafa bakkað á N. Bifreiðin N mun hafa dældast við áreksturinn á vinstra frambretti. Síðar sama dag lenti N aftur í óhappi þar sem hún var áfram farþegi í N þegar annarri bifreið var ekið á N sbr. gögn málsins.

M tilkynnti félaginu um fyrra slysið með tilkynningu sem send var með tölvupósti 04.01. 2012. M telur að fyrirliggjandi gögn sýni fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir þ.e. að orsakatengsl séu fyrir hendi milli óhappsins og þeirra afleiðinga sem M telur sig búa við.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að orsakatengsl séu ekki til staðar milli meintra líkamsáverka og atviksins sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fram kemur í málskotinu. M er ósammála afstöðu félagsins. M telur að félagið eigi að bæta henni það tjón sem hún varð fyrir að “undangenginu mati í samræmi við ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993.”

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Orsakatengsl eru ósönnuð milli meintra líkamsáverka og atviksins. Hafa ber hugfast að það er tjónþola að sanna tjón sitt og að bótagrundvöllur sé til staðar þ.á m. orsakatengsl. Ekki hafa verið lögð fram gögn sem færa fram fullnægjandi sönnun á umræddum orsakatengslum.

Niðurstaða.

Orsakatengsl milli meintra líkamsáverka M og atviksins eru ósönnuð.

Reykjavík 9. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 88/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum umferðarslyss.****Gögn.**

25. Málskot, móttækið 1.3.2013, ásamt fylgigögnum.
26. Bréf X, dags. 8.3.2013.

Málsatvik.

Hinn 24.10.2009 var M farþegi í bifreiðinni A er hún valt á Suðurlandsvegi. M leitaði á slysa- og bráðadeild LSH daginn eftir slysið. Í vottorði læknis slyshadeildarinnar kemur fram að M hafi greinst með tognun og ofreynslu á háls- og lendhrygg, yfirborðsáverka á vinstri upphandlegg og yfirborðsáverka á brjóstkassa. Í vottorðinu segir að flestir jafni sig fljótt eftir sams konar áverka og hafi M verið bent á að leita til heimilislæknis eftir tvær til þrjár vikur ef fullum bata hefur ekki verið náð. Hinn 29.8.2010 leitaði M til heimilislæknis vegna mikils höfuðverkjar sem hafi byrjað deginum áður. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði virðist sem þess hafi ekki verið getið að M hafi lent í umferðarslysi árinu áður. M leitaði aftur til læknis 13.12.2010 vegna sjúkdómseinkenna frá höfðu en í þeirri heimsókn er umferðarslyssins getið. Einnig leitaði M á bráðamóttöku LSH hinn 16.1.2012 vegna bakverks eftir að hafa lyft kassa deginum áður. Í síðastgreindu læknisvottorði er þess og getið að M hafi leitað læknishjálpar í september 2003, janúar 2006 og mars 2007 vegna stoðkerfiseinkenna.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins virðist óumdeilt að M hafi verið farþegi í A er hún valt og M eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X, sbr. 1. mgr. 88. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 5071987, svo fremi að sýnt sé fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni í slysinu. Engin frekari læknisfræðileg liggja fyrir málinu en að framan greinir sem þýðingu geta haft varðandi sönnun um það tjón sem M kann að hafa orðið fyrir við slysið. Þannig liggur t.d. ekki fyrir nein matsgerð um hverjar hafi verið afleiðingar slyssins fyrir M. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með neinni vissu að þau einkenni sem M kvartaði undan er hún leitaði læknishjálpar seinni hluta árs 2010 og í ársbyrjun 2012 verði rakin til slyssins í október 2009. Eins og mál þetta liggur fyrir er því ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í slysinu þannig að hún eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 9.apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 89/2013**M****og****Vátryggingafélag v/hóþtryggingar****Ágreiningur um hvort tilkynningarskyldu hafi verið gætt skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga vegna veikindatímabila 2010 og 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 01.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M glímdi við fótasár í tvígang annars vegar á tímabilinu 02.02. 2010 – 18.10. 2010 og hins vegar 14.02. 2011 – 19.07. 2011. Hann tilkynnti félaginu veikindi sín ekki fyrir en með tilkynningu sem móttækin var 01.11. 2012. M heldur því fram í umfjöllun sinni m.a. að eldri lög um vátryggingarsamninga eigi að gilda í hans tilviki sökum þess að vátryggingarskilmálum hafi ekki verið breytt þrátt fyrir ný lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Félagið hafnar bótaskyldu það telur að M hafi ekki uppfyllt tilkynningarskyldu sína skv. 1. mgr. 124. gr. nefndra laga um vátryggingarsamninga. Félagið vísar og til ákvæðis 146. gr. þess efnis að löggin gildi og um eldri vátryggingarsamninga.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að rekja.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum gætti M ekki tilkynningarskyldu sinnar skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Hann tilkynnti félaginu ekki um kröfu sína innan þess ársfrest sem nefnt ákvæði kveður á um. Félaginu var tilkynnt um kröfu M vegna beggja meðferðartímabila í nóvember 2012 en þá var frestur sem hann hafði til þessa liðinn. Fyrri meðferðartímabilið var þannig tilkynnt félaginu tveimur árum og átta mánuðum eftir að M mátti hafa verið ljóst um þau atvik sem krafá hans er reist á. Í síðara tilvikinu var það um einu ári og átta mánuðum eftir að M mátti hafa verið ljóst um þau atvik sem krafá hans er reist á.

Á því verður ekki byggt, sbr. 146. gr. laga um vátryggingarsamninga, að mál þetta fari eftir eldri lögum um vátryggingarsamninga enda gerðust atvik máls þessa eftir gildistöku laga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 90/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A

Ekið á bifreið, Ágreiningur um líkamstjón. Örorka þ. 23.12.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.9.3.2013 ásamt fylgiskjölum 1-17
2. Bréf V dags. 8.4.2013 ásamt fylgiskjali 1-2.

Málsatvik.

M segir málavexti vera þá að hún hafi ekið bifreiðinni A sem hafi runnið í hálfu og hafnað aftan á bifreið sem var fyrir framan. M krefst bóta vegna áverka sem hún telur sig hafa orðið fyrir í slysinu en hún leitaði til læknis vegna þess þrem dögum eftir slysið vegna skertrar hreyfifetu í hálsi og baki auk eymsla og var greind með tognun og ofreynslu á háls og lendarhrygg. V hafnar bótaskyldu og telur orsakatengsl milli slyssins og meintra einkenna M ósönnuð. V vísar til skýrslu Aðstoðar og öryggis þar sem fram kemur að áreksturinn hafi verið mjög vægur og M ekki tilkynnt um tjón á sinni bifreið og ökumaður bifreiðarinnar sem M ók sagði að um mjög lítið sjáanlegt tjón á sínum bíl hefði verið að ræða. Þá vísar V til að M hafi áður lent í umferðarslysi og vísar til matsgerðar á M í því sambandi sem liggur fyrir í málinu. V bendir á að M beri að sanna að hún hafi orðið fyrir tjóni í umrætt sinn en sú sönnun hafi ekki tekist.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu vegna þessa árekstur og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn sem og bifreiðinni sem hún ók aftan á. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbendingu um málsatvik. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirliggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 23.4.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 91/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra

Þakefni ekki lagt nægjanlega vel á tjónsdagur óviss.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.4.3..2013 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. ásamt fylgiskjöllum

Málsatvik.

M krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra vegna þess að þak hússins að Brúnastöðum 42 leki vegna þess að ekki hafi verið nægjanlega vel gengið frá þakefni vegna þess að skífur hafi ekki verið hitaðar saman eins og fyrirmæli framleiðenda segi til um. M segir að lokaúttekt hafi farið fram 21.1.2009 og vísar í 53.gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. M segir að sjáanlegur leki hafi ekki komið í ljós fyrr en á árinu 2010. V hafnar bótaskyldu og segir að húseignin hafi verið fokheld þ. 27.11.2000 og hafi því þak verið komið á fyrir umrætt tímamark og byggingarár hússins sé skv. þjóðskrá árið 2000. V vísar til 2.mgr. 4.gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu kröfuréttinda þar sem segir að krafa fyrnist á 10 árum og telur kröfu M fyrnda. Þá vísar V til dóms Hæstaréttar í málinu 240/2012 máli sínu til stuðnings. Þá hafnar V að lokaúttekt geti verið viðmiðun í málinu þegar svo stendur á varðandi þaksmíðina sem vísað er til

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að þak hússins hafi verið frágengið af byggingarstjóra ekki síðar en árið 2000. Ekki liggur fyrir að byggingarstjóri hafi komið að þaksmíði eða viðgerðum á þaki eftir árið 2000. Með vísan til 2.mgr. 4.gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu en þau lög voru í gildi á þeim tíma sem um ræðir, er krafa M fyrnd. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík 16.4.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 92/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður slasaðist á hendi er stálbiti féll á hann.****Gögn.**

27. Málskot, móttakið 5.3.2013, ásamt fylgigögnum.

28. Bréf X, dags. 13.3.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 7.5.2012 var M að störfum í nýbyggingu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli á vegum vinnuveitanda síns, V. Féll þá stálbiti niður úr lóðréttri stöðu og lenti á hægri M þar sem hann var að störfum við annan mann. Í tjónstilkyningu V til Vinnueftirlits ríkisins, dags. sama dag og slysið varð, segir að lóðréttir stálbitar hafi fallið niður þar sem tveir menn hafi verið að störfum við neðri enda stálbitanna. Hafi stálbitarnir fallið ofan á hægri hendi M. Þá kemur fram í tilkynningunni að M sé húsasmiður og hafi unnið við sömu störf eða hliðstæða vinnu í meira en eitt ár. Þá hafi hann verið frá í tvo tíma.

Með bréfi, dags. 8.2.2013, krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. Með bréfi X, dags. 21.2.2013, var kröfu M hafnað. Segir í bréfinu að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi óhappið orðið með þeim hætti að M hafi verið að vinna við að fjarlægja stálbita þegar lóðréttur stálbiti hafi fallið niður og lent á hægri hendi M. Samkvæmt upplýsingum hafi bitarnir verið losaðir af tilgreindum undirverktaka á byggingarstaðnum, en starfsmenn hans hafi yfirgefið staðinn og ekki tilkynnt að bitarnir væru lausir. Þá segir einnig í bréfinu að verk það sem M hafi unnið við í umrætt sinn hafi verið að fjarlægja alla bitana sem höfðu verið settir upp og öllum á svæðinu hafi verið kunnugt um að losa ætti bitana og fjarlægja þá. Í bréfi X til nefndarinnar er atvikum lýst efnislega á sama veg og í bréfinu frá 21.2.2013.

Í bréfi lögmanns M til nefndarinnar, dags. 7.4.2013, segir svo orðrét: „Komi það fram í greinargerð [X] að félagið haldi við þá atvikalýsingu sem fram komi í höfnunarbréfi félagsins, mun kærandi afturkalla kæruna og leita með málið til lögreglu og fara einnig í vitnamál.“ Í bréfi X til nefndarinnar, dags. 9.4.2013, kveðst það ítreka fyrri afstöðu sína í málinu og þá atvikalýsingu sem lögð hefur verið til grundvallar.

Álit.

Eins og að framan greinir byggir X höfnun sína á bótaskyldu fyrir úrskurðarnefnd á sömu lýsingu málsatvika og það gerði er það hafnaði bótakröfu M með bréfi, dags. 21.2.2013. Þá hefur X ítrekað að það héldi sig við þessa málsatvikalýsingu fyrir nefndinni. Bréf lögmanns M, dags. 7.4.2013, ber að skilja svo að M falli frá málskoti þessu héldi X sig við þá atvikalýsingu sem fram kom í bréfinu 21.2.2013. Með því að X hefur ítrekað að það héldi sig við þá atvikalýsingu verður ekki hjá því komist að fella mál þetta niður að kröfu M.

Niðurstaða.

Mál þetta fellur niður.

Reykjavík, 23. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 94/2013**M
og
váttryggingafélagið X. v/ frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna sprungu í tönn er varð við fall á baðherbergisgólfi.****Gögn.**

29. Málskot, móttakið 4.3.2013, ásamt fylgigögnum.

30. Bréf X, dags. 24.3.2013.

Málsatvik.

Hinn 16.2.2012 féll M á baðherbergisgólfi. Við það kom sprunga í tönn sem náði niður í tannrótina. M hafði í gildi fjölskyldutryggingu hjá X, sem m.a. hefur að geyma frítímaslysáttryggingu. Í tilkynningu sinni til X um slysið, dags. 17.4.2012, kveður M að liðið hafi yfir hann með þeim afleiðingum (vegna blóðþrýstingsfallsins) að hann hafi dottið á klósettið og lent á hægri kinnbeini og við það hafi tönnin sprungið.

Með bréfi X, dags. 2.5.2012, hafnaði X bótaskyldu úr slysáttryggingunni þar sem ekki sé um slys að ræða í skilningi þeirra váttryggingarskilmála sem um slysáttrygginguna gilda. Engum utanaðkomandi atburði sé lýst í atburðarásinni.

Í málskoti kveðst M ekki muna mikið fyrir fallið. Hann hafi farið á salerni snemma morguns slysdaginn og það næsta sem hann muni er að hann hafi vaknað í blóði sínu á gólfinu. Honum sé hins vegar ekki fullkomlega ljóst hvað hafi gerst. Eiginkona hans hafi séð bleytu á gólfinu skömmu eftir slysið svo hugsanlegt sé að hann hafi runnið til og dottið í bleytunni. Það sé vel þekkt að líði yfir menn vegna blóðþrýstingsfalls og taldi M trúlegt að það hafi gerst og því hafi hann lagt það til grundvallar í upphafi og af þeim sökum lýst því þannig í tilkynningunni til X.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.1.4 í skilmálum frítímaslysáttryggingarinnar greiðir félagið bætur vegna slyss sem váttryggður verður fyrir í fristundum ef það leiðir til tannbrots. Í 3. gr. skilmálanna segir m.a. að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Í tilkynningu sinni um slysið til X lýsti M því afdráttarlaust að liðið hafi yfir hann með þeim afleiðingum að hann lenti með hægri kinnbein á klósettinu. Þessa lýsingu M á tildrögum atviksins verður að leggja til grundvallar þegar metið hvort meiðsl hans hafi orðið af völdum slyss í skilningi váttryggingarskilmálanna. Með því að meiðslin verða rakin til yfirlíðs M en ekki skyndilegs utanaðkomandi atburðar verða þau ekki rakin til slyss eins og það hugtak er skilgreint í váttryggingarskilmálunum. Tjón M telst því ekki bótaskyldt úr slysáttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu fjölskyldutryggingar hjá X.

Reykjavík, 9. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 95/2013**M****og****Vátryggingafélag v/A og B****Árekstur á gatnamótum Eskihlíðar og Mjóuhlíðar 06.02. 2013.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Áreksturinn varð á gatnamótum Eskihlíðar og Mjóuhlíðar. Ökumaður B kveðst hafa ekið í beygju af Eskihlíð inn Mjóuhlíð og þá hafi bifreiðinni A verið bakkað úr stæði. Ökumaður B kveðst þá hafa hemað en bifreiðin runnið í mikilli hálfu og árekstur varð. Ökumaður A kveðst hafa verið að rétta bifreiðina af þegar bifreiðinni B var ekið á bifreið hennar.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A beri alla sök enda hafi hún bakkað úr stæði þar sem hún var að lagfæra bifreiðina og farið í veg fyrir B.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna lagði alla sök á A sem hafi bakkað í veg fyrir B.

Vegna málskotsins liggur fyrir frásögn ökumanns B þess efnis að hann kveðst hafa verið að fara að beygja inn Mjóuhlíð þegar ökumaður A bakkar í veg fyrir B. Hann hafi flautað en runnið til í hálfu á vinstri hlið A.

Óþarft er að geta umfjöllunar M (A) í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að bakka bifreið sinni í veg fyrir B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 23. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 96/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við Laugar þ. 24.12.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.7.3.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 10.4.2013.
3. Bréf V-2 dags. 9.4.2013.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á bifreiðastæði við Laugar í Reykjavík. Ökumaður A segist hafa ekið út úr bifreiðastæði og mætt B sem kom úr gagnstæðri átt og verið nánast kyrrstæður en ökumaður B ekið nánast aftur fyrir A þar sem ekkert pláss hefði verið og rekist á A. Ökumaður B segist hafa verið að aka inn í bifreiðastæðið þegar hún mætti A og verið að skima eftir bifreiðastæði og þess vegna verið kyrrtæð þegar hún hafi fundið hvernig B kastaðist til og þá hafa áttað sig á að A hefði ekið á B. Í lögregluskýrslu segir að miðað við aðstæður á vettvangi megi leiða að því líkur að ökumaður B hafi ætlað að aka aftur fyrir A. Á það er bent í lögregluskýrslu að ekki hafi verið augljós ákoma á B að aftan en sjá hefði mátt ákomu á framhorninu.

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn sérstaklega það sem skráð er í lögregluskýrslu og ákomur á bifreiðunum, verður ekki annað séð en að ökumaður B hafi í umrætt sinn ekið á A og ber ökumaður B því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík.30.4.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 97/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar.****Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð.****Gögn.**

31. Málskot, móttakið 8.3.2013, ásamt fylgigögnum.
32. Bréf X, dags. 19.3.2013.

Málsatvik.

Hinn 18.2.2011 slasaðist M er hann datt á snjóbretti. M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Við röntgenrannsókn greindist „þverbrot í gegnum radius rétt ofan við radiocarpalliðinn með ca 25° dorsal angulation og compression. Liðflötur virðist heill, en brot gengur nokkuð nærri DRU liðnum. Ulna virðist heil.“ Brotið var rétt með togi og gífsað. Náðist brotið í góða legu.

Við eftirlit 1.3.2011 kom legubreyting í ljós við röntgenrannsókn: „Frá síðustu rannsókn 18.02.11 hefur tilkomið svolítill dorsal skekkja í brotið og er halli liðflatar nú u.þ.b. 10° dorsalt miðað við langásinn.“ Degi síðar var reynd endurrétting, en við eftirlit 10.3.2011 kom í ljós að brotið hafði „sigið á ný í verri legu (20° afturhalli á liðfleti)“. Degi síðar gekkst M svo undir aðgerð hjá bæklunarskurðlækni þar sem brotið var fest með plötu og skrúfum. Í lok aðgerðar var gifsspelka lögð á. Hinn 18.3.2011 kom M til saumatöku og eftirlits. Var hann gróinn og allur gangur eðlilegur og ekkert mælti á móti að byrja varfærna sjúkraþjálfun.

Í sjúkradagpeningavottorði sem gert var eftir eftirlit 29.4.2011 kom fram að M væri enn óvinnufær, brot gróið en stirðleiki, máttminnkun og verkjaviðkvæmni væri að trufla. Hann var áfram í sjúkraþjálfun og 2.5.2011 var gripkraftur mældur 23 kg í hægri hendi og 41,5 í vinstri. Við útskrift úr sjúkraþjálfun 10.6.2011 var gripkraftur 31,5 kg í hægri hendi 42 kg í vinstri. Hreyfigeta í úlnliðnum var þá þannig að réttigeta var 35°, beygjugeta 40°, rétthverfa 60° og ranghverfa 60°. Framfarir voru sagðar greinilegar, en áfram með einkenni sem bentu til þess að platan væri að trufla t.d. eðlilegt sinarennslí. Réttiskerðing gat einnig verið vegna plötu og síðan var hann með kröftug þreifieymsli yfir plötunni.

Í svæfingu 17.10.2011 var fjarlægð plata og skrúfur úr sveifarbeini M og gekk það eðlilega fyrir sig. M leitaði svo til bæklunarlæknisins 27.6.2012 og voru þá teknar röntgenmyndir af brotsvæðinu. Í vottorði læknisins segir svo: „Greinilegt á þessum myndum að form á mánabeini (lumatum) og hyrnu ölnarbeins (processus styloideus ulna) hafði breyst frá fyrri myndum. Nabbamyndun á hyrnunni og þar á móti útvöxtur á mánabeini. Vísbending um mögulegan liðbands- eða brjóskáverka á þessu svæði sem síðan væri að leiða til þessara viðbragða.“ Í samantektarkafli í lok þessa sama vottorðs segir: „Það þarf að hafa í huga hér að snjóbrettaslys eru í flestum tilvikum það sem kallast háorkuáverkar. Slíkir áverkar geta verið umfangsmeiri en þegar kraftar eru minni en við slysið. Fyrir utan sjálft brotið geta orðið áverkar á liðbönd, liðbrjósk og aðra vefi í meira mæli en ella. Án efa liggur slíkt á bak við þá nabbamyndun sem fór að valda vaxandi einkennum ríflega ári eftir áverkann.“

Með tilkynningu, dags. 19.6.2012, var X tilkynnt um slysið og krafist bóta úr frítímaslysatryggingu hjá félaginu. X hafnaði bótaskyldu þar sem ársfrestur til að tilkynna um tjónið hafi þá verið liðinn.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 glatar sá sem á rétt til bóta úr slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

M hlaut slæmt brot á hægri úlnlið 18.2.2011 eftir að hafa dottið á snjóbretti. Erfiðlega gekk að fá góða á legu á brotið sem leiddi til þess að við aðgerð 11.3.2011 var brotið fest með plötu og skrúfum. Á því tímamarki átti M að vera ljóst að hann hefði orðið fyrir meiðslum sem gátu leitt til bóta úr slysatryggingunni hjá X. Þegar tilkynnt var um slysið 19.6.2012 var meira en ár liðið frá því M var kunnugt um þau atvik sem krafa hans var reist á. Hún var þá fallin niður samkvæmt fyrrgreindu ákvæði 1. mgr. 124. gr. vsl. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 16. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 98/2013
M
og V2 v/ bifreiðarinnar A og V1 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Hringbraut við Hofsvallagötu 22. janúar 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. mars 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V1 dags. 15. apríl 2013.
3. Bréf V2 dags. 20. mars 2013 ásamt gögnum, þ.á.m. framburði ökumanns B, tölvupósti frá vitni dags. 27. janúar 2013 og vitnaskýrslu frá Aðstoð&Öryggi dags. 12. febrúar 2013.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B þar sem þeim var ekið í suðurátt á Hringbraut við Hofsvallagötu. Bifreiðinni A var ekið á undan og má ráða af gögnum málsins að hún hafi verið stöðvuð á gatnamótunum og bifreið B fyrir aftan. Árekstur varð með bifreiðunum og ágreiningur er milli ökumanna hvort A hafi verið ekið aftur á bak á B eða hvort B hafi ekið aftan á A. Í gögnum málsins liggja fyrir myndir af vettvangi eftir árekstur þar sem bifreið A er komin yfir stöðvunarlínu við gatnamótin og bifreið B er staðsett lengst til hægri á hægri akrein og eru myndir af ákomum á bifreiðunum í samræmi við þá stöðu. Vitni gaf sig fram eftir að auglýst hafði verið eftir því á vefsíðu um kvöldið og kom vitnið upplýsingum á framfæri strax í kjölfarið í gegnum tölvupóst til V1 dags. 27. janúar 2013 auk þess sem starfsmaður Aðstoðar og Öryggis tók sérstaklega skýrslu af vitninu, sbr. skýrsla dags. 12. febrúar 2013. Vitnið segist hafa séð þegar bifreið A var ekið aftur á bak á bifreið B og fylgir skýrslunni uppdráttur af vettvangi sem sýnir stöðu bifreiðanna í greint sinn og er sú staða í samræmi við framburð ökumannanna sjálfra.

M telur að ósannað sé að bifreið A hafi verið ekið aftur á bak og telur að bifreið B hafi ekið aftan á A. M vísar til stöðu bifreiða eftir árekstur og telur að skýrsla vitnis hafi takmarkað sönnunargildi þar sem hún hafi komið seint fram.

V1 telur að byggja verði á framburði vitnis um að bifreið A hafi verið ekið aftur á bak á B. V2 vekur hins vegar athygli á því að vitnisburður hafi borist seint.

Álit.

Almennt ber sá sem segir annan hafa ekið aftur á bak á hinn sönnunarbyrði um slíkt við þær aðstæður sem þarna eru uppi við gatnamót. Framburðir ökumanna stangast á. Ekki er ástæða til að draga trúverðugleika vitnisins í efa m.v. fyrirliggjandi gögn. Með hliðsjón af skýrslu sem tekin var af því dags. 12. febrúar 2013 og sambærilegum tölvupósti dags. 27. janúar s.á. sem og með tilliti til stöðu bifreiðanna á myndum af vettvangi, telst það nægilega sannað að ökumaður A hafi ekið aftur á bak á bifreið B.

Niðurstaða.

Öll sök á bifreið A.

Reykjavík 30. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 99/2013**M v/A****og****Vátryggingafélagið v/ábyrgðartryggingar B****Ágreiningur um hvort rekja megi skemmdir á bifreið af völdum grjótkasts til mætingu bifreiða.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélag B til nefndarinnar, dags. 10.04. 2013.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 18.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ökumaður A gerir kröfu í ábyrgðartryggingu B vegna tjóns á bifreið sinni sem varð er steinregn dundi yfir bifreiðina við mætingu á Norðausturvegi í Kinn.

Ökumaður A kveðst strax hafa hringt í verkstjóra Flytjanda sem staðfesti að bifreiðin væri umrædd B. Haft var samband við lögreglu daginn eftir sem kom og tók skýrslu. Ökumaður B kveðst ekki muna eftir að hafa mætt A þar sem hann hafi mætt mörgum bifreiðum og heldur ekki hafa orðið var við neitt óvenjulegt.

Haft er eftir ökumanni A í skýrslu lögreglu að hann hafi mætt flutningabifreið frá Flytjanda, nýlegum Volvo með trailer og frystigám. Þegar bifreiðarnar mættust hafi steinregnið dunið á bifreið hans. Fyrirliggjandi gögn upplýsa um viðbrögð A sem óþarft er að geta í þessari umræðu.

Vátryggingafélag B telur ekki nægjanlega sannað að tjóni á A hafi verið valdið af B.

Vátryggingafélag A tekur ekki afstöðu.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna taldi ekki sannað að tjóni á A hafi verið valdið af B.

Óþarft er að geta umfjöllunar M (A) í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi tjón á A til B.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 100/2013**M****og****Vátryggingafélag v/slysátryggingar sjómanna****Ágreiningur um hvort tilkynningarskyldu hafi verið gætt skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga vegna vinnuslyss.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 11.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M klemmdi vísifingur um borð í skipi 20.06. 2011 þegar unnið var við hífingu á gámi þegar “stýringarflaug” féll niður og vísifingur hægri handar klemmdist. M tilkynnti félaginu um atvik 31.08. 2012. M leitaði nokkrum sinnum á heilsugæslustöð á tímabilinu 22.06. 2011 til 05.07. 2011. Tjónstilkynning var send félaginu sama dag og M leitaði til lögmans.

Félagið hafnar bótaskyldu það telur að M hafi ekki uppfyllt tilkynningarskyldu sína skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Ekki fáiast staðist að upphaf ársfrests skuli miða við huglæga afstöðu M um það hvenær honum varð orðið ljóst að einkennin væru orðin varanleg enda mjög erfitt að henda reiður á því tímamarki. Síðasta koma M til heilsugæslu var 05.07. 2011 þar sem sár var hreinsað, engin merki um sýkingu og umbúðir þurrar. Hann hafi ekki leitað á heilsugæsluna eftir þetta. Engin læknisfræðileg gögn staðfesti lýsingu M á dofa eða viðkvæmni fyrir kulda en félagið kveðst hafa óskað eftir ítarlegra vottorði frá lögmanni M en ekki fengið. Félagið telur að M hafi verið kunnugt um endanlega greiningu á slysdagi. Bótaskyldu hafi því verið hafnað.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að ársfresturinn hafi ekki verið liðinn þegar slysið var tilkynnt til félagsins á ágúst 2012. M hafi verið alls óljós varanleg einkenni sín í lok 2011. Ekkert hafi gefið honum til kynna á þeim tíma að afleiðingar slyssins yrðu varanlegar.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum gætti M ekki tilkynningarskyldu sinnar skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Hann tilkynnti félaginu ekki um kröfu sína innan þess ársfrest sem nefnt ákvæði kveður á um. Í þessu sérstaka tilviki er rétt að miða upphafstíma tilkynningarfrests við slysdag.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 101/2013
M og
Vátryggingafélagið V v.kaskótryggingar ökutækis A

Umferðaróhapp, ágreiningur um bótaskyldu úr kaskótryggingu þ. 19.1.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.13.3.2013 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 26.3.2013.

Málsatvik.

M ók A á tré fyrir utan heimili unnusta síns og skemmdist A töluvert. M segist í málskoti hafa orðið fyrir miklu áfalli við þetta og farið inn til unnusta síns og fengið sér áfengi að drekka. M krefst bóta úr kaskótryggingu A vegna tjóns sem varð á A við umræddan atburð. M hafnar því að hún hafi sýnt af sér gáleysi eða verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn. Samkvæmt lögregluskýrslu bar M að hún hafi farið beint að sofa eftir umrætt atvik, en þar sem grunur var um áfengisneyslu M var henna gert að gefa öndunarpróf og var niðurstaðan jákvæð og var M handtekin vegna gruns um ölvun við akstur og sagðist M hafa drukkið smá bjór en ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. V hafnar bótaskyldu og vísar m.a. til niðurstöðu þvagsýnis sem sýnir 1.19 prómill en niðurstaða blóðsýnis 0,76 prómill áfengisáhrif. V telur því engum vafa undirorpið að M hafi verið undir áhrifum við aksturinn og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. V vísar af þessu tilefni í grein 3.2. vátryggingaskilmála

Álit.

Að virtum gögnum málsins verður ekki annað séð en að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn við akstur A. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík 16.4.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 102/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1) v. A og
Vátryggingafélagið V v. B

Árekstur bifreiða á athafnasvæði Stöðvarinnar við Suðurfell í Reykjavík þ. 18.2.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.3.2013 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 27.2.2013 og 9.4.2013.
3. Bréf V-2 dags. 25.3.2013.

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B þegar þær mættust á athafnasvæði Stöðvarinnar við Suðurfell í Reykjavík og rákust vinstri framhorn bifreiðanna saman. Ökumaður A segist hafa verið að keyra upp að bensíndælu þegar B hafi klesst á sig, en hún hafi athugað aðstæður mjög vel. Ökumaður B segist hafa ekið frá bensíndælu og stoppað til að líta á bíl til hliðar og þegar hann hafi litið aftur fram þá hafi A lent framan á B.

Álit.

Ökumenn greinir á um tildrög árekstursins og miðað við fyrirliggjandi gögn eru engar forsendur til að leggja meiri sök á annan ökumanninn umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 30.4.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 103/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Biskupstungnabraut við Grafningsafleggjara hinn 27.1.2013.**Gögn.**

33. Málskot, móttakið 7.3.2013, ásamt fylgigögnum.
34. Bréf Y, dags. 21.3.2013, ásamt fylgigögnum.
35. Bréf X, dags 10.4.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið suður Biskupstungnabraut og bifreiðinni B var ekið sama veg til norðurs. Er bifreiðirnar mættust rakst kerra (eftirvagn), sem var tengd aftan í B, utan í vinstri hlið A. Samkvæmt lögregluskýrslu var bjart var af degi, en þungskýjað og nokkuð slabb á veginum. Vegurinn liggur frá norðri til suðurs, en sveigir til austurs í aflíðandi beygju við Grafningsveg. Útsýn er sögð hafa verið góð, en hámarkshraði takmarkaður við 70 km á klst.

Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið á um 70 km hraða á klst. Þegar hann mætti B hafi B rásað á veginum og kerran runnið til hliðanna og yfir á rangan vegarhelming (suðurakreinina). Hann hafi því stefnt A út af veginum að vestanverðu en það hafi ekki tekist og kerran aftan í B hafi rekist í vinstra framhorn A og dregist aftur með allri vinstri hliðinni. Í málskoti lýsir ökumaður A aðdraganda árekstursins nánar. Kveður hann B hafa komið á móti sér á miðjum vegi og hafi kerran komið útundan B vinstra megin „alveg á hægri akrein“. Hafi honum brugðið við og reynt að stýra A til vinstri til að komast hjá árekstri. Hafi vinstri hjól A komist yfir miðlínu, en þá hafi B verið sveigt yfir á sinn vegarhelming. Hann hafi þá einnig sveigt A til hægri og B komist fram hjá hársbreidd frá A sem þá hafi verið komin yfir á hægri akrein með stefnu skáhallt hægra megin út fyrir veg. Í sömu andrá hafi kerran í tvígang rekist af afli á vinstri hlið A.

Eftir ökumanni B er haft í lögregluskýrslu að hann hafi ekið á 70 km hraða á klst. og veitt A athygli og metið það svo að hún hafi að nokkru leyti verið komin inn á hans vegarkafla. Hann hafi vikið út í vinstri kant og búið sig undir að geta ekið vinstra megin við A til að koma í veg fyrir árekstur. Þá hafi A verið sveigt aftur yfir á sinn rétta vegarhelming. Hann hafi þá beygt B yfir á sinn rétta vegarhelming. Kerran hafi hins vegar runnið til vinstri og hafnað á A.

Álit.

Báðir ökumenn óku á leyfðum hámarkshraða. Framburð þeirra verður að skilja svo að þeir töldu bifreiðina sem á móti kom hafa að nokkru leyti verið á röngum vegarhelmingi. Brugðust báðir við með því að sveigja til vinstri en svo aftur til hægri en í kjölfar þess hafi árekstur svo orðið. Ökumenn eru einir til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið með neinni vissu um staðsetningu ökutækjanna á akbrautinni í aðdraganda þess að árekstur varð. Eftir atvikum öllum verður að telja ósannað að annar ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Verður því ekki hjá því komist að skipta sök til helminga, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 30. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 104/2013**M
og
líftryggingafélagið X v/ sjúkdómatryggingar.****Upplýsingagjöf við töku váttryggingar.****Gögn.**

36. Málskot, móttakið 12.3.2013, ásamt fylgigögnum.
37. Bréf X, dags 25.3.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hefur í gildi tvær sjúkdómatryggingar hjá X, annars vegar váttryggingu samkvæmt umsókn, dags. 21.3.2002, og hins vegar váttryggingu samkvæmt umsókn, dags. 31.3.2009. Í umsókn um fyrri váttrygginguna upplýsti M að hún hefði vanstarfsemi í skjaldkirtli og gengist undir aðgerð á þörmum 1982. Var váttryggingin samþykkt með aukaiðgjaldi með tilliti til þessara upplýsinga. Á hinn bóginn mun M hafa svarað neitandi spurningum um það hvort hún væri undir læknishendi eða á sérmataræði og hvort hún hafi eða hafi áður haft krabbamein eða aðra illkynja sjúkdóma, frumubreytingar, vöxt, æxli blóðsjúkdóma eða eitlasjúkdóma, svo og að hún hafi gengist undir skurðaðgerð.

Í umsókn um síðari váttrygginguna voru veittar sömu heilsufarsupplýsingar og komu fram í fyrri umsókninni, en svarað neitandi spurningu um hvort foreldrar eða systkini hafi fyrir 66 ára aldur fengið taugasjúkdóm, hrörnunarsjúkdóm, hjarta- og æðasjúkdóm, háan blóðþrýsting, heilaáfall, sykursýki, nýrnasjúkdóm eða krabbamein. Var váttryggingin veitt með aukaálagi vegna fyrirbyggjandi heilsufarsupplýsinga og upplýsinga um þyngd M.

Í maí 2012 greindist M með krabbamein í brjósti og með bótakröfu, dags. 25.6.2012, gerði M kröfu um bætur úr framangreindum sjúkdómatryggingum. Af hálfu X var aflað upplýsinga um sjúkdóm þann sem var grundvöllur bótakröfunnar, svo og upplýsinga um fyrri heilsufar M. Kom í ljós að 25.2.2002 hafði M gengist undir „vaginal hysterectomiu“ þar sem hún hafði átt við miklar og langdregnar blæðingar að stríða. Vefjarannsókn mun hafa leitt í ljós hnút í „myometriinu“ sem var greindur sem „low grade endometrial stromal sarcoma“. Í fyrirbyggjandi læknaþreffi, dags. 15.4.2002, vegna þessa segir m.a.: „Æxlið var víðast vel afmarkað og fáar frumuskiptingar og því ósennilegt að residiv verði. Það var þó talið vissara að fjarlægja adnexin og kom [M] því aftur í aðgerð þ. 11.03. sl.... Vefjarannsókn á eggjastokkum var eðlileg og ekkert sarcoma þar í. Ráðgert er að hún verði í krabbameinseftirliti á Móttöku Kvd. og kemur næst eftir u.þ.b. 3 mánuði.“ Í bótakröfunni greindi M frá því að systir hennar, sem þá mun hafa verið 48 ára gömul, hafi greinst með sams konar sjúkdóm um átta árum áður. Með vísan til þessa hefur X hafnað bótaskyldu úr báðum sjúkdómatryggingunum þar sem upplýsingaskylda hafi verið vanrækt við töku þeirra.

Álit.

Váttryggingaratburður sá sem deilt er um í máli þessi varð á árinu 2012. Er samningurinn um fyrri sjúkdómatrygginguna komst á á árinu voru í gildi eldri lög um váttryggingarsamninga nr. 20/1954, en þau lög féllu úr gildi er ný lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 öðluðust gildi 1.1.2006. Samkvæmt 1. mgr. 146. gr.

síðargreindu laganna skulu þau gilda um alla nýja váttryggingarsamninga sem gerðir eru frá gildistöku þeirra, alla váttryggingarsamninga sem eru endurnýjaðir eða framlengdir frá og með þeim degi, svo og um alla aðra váttryggingarsamninga sem voru í gildi á þeim degi. Með vísan til þessa, sbr. og m.a. dóm Hæstaréttar frá 24.1.2013 í máli nr. 280/2012, verður leyst úr ágreiningi vegna eldri váttryggingarsamningsins, sem og þess síðari, á grundvelli laga nr. 30/2004.

Samkvæmt gögnum málsins þykir í ljós leitt að við töku fyrri váttryggingarinnar í mars 2002 hafi M veitt ófullnægjandi upplýsingar með því að svara neitandi spurningu á váttryggingarumsókninni um að hún hafi eða hafi haft „krabbamein, eða aðra illkynja sjúkdóma/vandamál, frumubreytingar, vöxt, æxli, blóðsjúkdóma eða eitlasjúkdóma“. Þessa var heldur ekki getið í umsókninni um síðari váttrygginguna á árinu 2009 né heldur þess að systir M hafi greinst með krabbamein í brjósti um fimm árum áðum. Var upplýsingaskylda M í tilvikum þessum vanrækt í þeim mæli að vanrækslan telst veruleg. Þá verður að telja ljóst að X hefði hafnað váttryggingu ef fullnægjandi upplýsingar hefðu verið veittar við töku váttrygginganna. Samkvæmt þessu og með vísan til 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004 hefur ábyrgð X fallið niður hvað báðar váttryggingarnar varðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr tveimur sjúkdómatryggingum hjá X.

Reykjavík, 16. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 105/2013**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar orkuveitu (O)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns 28.12. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 13.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.03. 2013.
- 3) Tölvupóstur úrskurðarnefndar til félagsins, dags. 09.04. 2013, þar sem óskað var viðbótarupplýsinga.
- 4) Tölvupóstur félagsins til úrskurðarnefndar, dags. 09.04. 2013, ásamt viðbótarupplýsingum O, dags. sama dag.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vatn flæddi inn í íbúð M í gegnum frárennslislagnir hússins. Aðskotahlutir voru í brunni út við götu. Engar nýlegar framkvæmdir hefðu verið á svæðinu sem útskýrt geta hvers vegna plaströr og plaststykki hafði ratað ofan í brunninn við Suðurgötu/Skothúsveg og í brunn við Skothúsveg/Tjarnargötu sem voru síðan fjarlægð.

O kveðst ekki hafa haft vitneskju um aðskotahluti í brunninum. Félagið telur að ekkert í gögnum málsins þyki renna stoðum undir það að O hafi haft tök á að bregðast við aðstæðum í tæka tíð. Ósannað sé að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna O eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki verður látinn bera skaðabótaábyrgð á

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að rekja.

Álit

Nefndin óskaði viðbótarskýringa frá félaginu um hvernig staðið er að opnun á brunnum eins og þeim sem „plaströr/aðskotahlutur“ fannst í og hvert sé aðgengið að þeim og hver megi og geti opnað þessa brunna. O upplýsir að til að opna fráveitubrunn þurfi sleggju, járnkall eða sérstök brunnajárn. Þannig geti hver sem er opnað þessa brunna en þeir eru hins vegar eign O og öll umgengni um þá er óheimil öðrum en starfsmönnum O og verktökum sem vinna að verkefnum tengdri fráveitu s.s. fóðrun lagna hreinsun eða myndun.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. upplýsingum um mögulegt aðgengi að fráveitubrunnum í eigu O hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið upplýst um vanrækslu starfsmanna O eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Ekki hefur verið sýnt fram á að umræddir aðskotahlutir í brunni hafi verið á ábyrgð O og/eða með vitneskju O.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 106/2013
M ökumaður B og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Ekið á bifreið, Ágreiningur um líkamstjón. Örorka þ. 30.9.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.13.3.2013 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 2.4.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segir málavexti vera þá að hún hafi ekið B og verið stopp á rauðu ljósi á beygjuljósi Hringbrautar og Njarðargötu þegar A var ekið aftan á B. Engar sýnilegar skemmdir voru á B, en A lenti á dráttarkrók B. M segist hafa farið að finna fyrir verkjum fljótlega eftir slysið og telur sig eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Af hálfu M er vísað til þess að nokkrar skemmdir hafi orðið á A vegna árekstursins og læknir hafi staðfest einkenni M vegna slyssins og M eigi ekki sögu um sambærileg einkenni. Þá vísar M til þess að engin gögn liggja fyrir sem varpi vafa á orsakatengsl. Ökumaður A segist ekki hafa tekið eftir B fyrr en of seint og lítilsháttar árekstur orðið og ekkert hafi sést á B. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki séu fyrir hendi orsakatengsl milli kvartana M og slyssins. V vísar m.a. til þess að félagið hafi ekki ítarlega sjúkraskrá M undir höndum og vísar til útreikninga skv. PC- Crash forritinu.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbendingu um málsatvik. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um fyrra heilsufar M. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirliggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 16.4.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 107/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna mistaka við pöntun á gleri í sumarbústað.****Gögn.**

38. Málskot, móttakið 13.3.2013, ásamt fylgigögnum.

39. Bréf X, dags. 18.3.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Af því er ráða má af málskoti höfðu M fengið V til að vera byggingarstjóra við byggingarframkvæmdir á sumarbústað þeirra og ásamt því að hafa yfirumsjón með öllum framkvæmdum átti hann einnig að koma að smíðavinnu. Aðalsmiður við verkið var hins vegar S og hafi hann m.a. séð um alla aðdrætti, þ. á m. að sækja gler í bústaðinn. Kveða M að S hafi séð um öll samskipti við þau og hafi hann pantað gler í bústaðinn eftir að annar málskotsaðilinn hafði valið glerið hjá glerframleiðandanum. Á tilboði sem S fékk í hendur hafi rétt gler verið tilgreint. Eftir að ísetning glersins hófst kom í ljós að það var brúnleitt en ekki litlaust eins og M töldu sig hafa valið. Telja M að S hafi orðið á mistök við pöntun glersins og það sé á hans ábyrgð að rangt gler hafi verið sett í bústaðinn. Telja M að V beri sem byggingarstjóri jafnframt ábyrgð á því tjóni sem þau hafa orðið fyrir vegna mistaka þessara og hafa krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu V hjá X. V hefur synjað fyrir að hafa komið að vali á glerinu eða að hafa sótt það til söluaðila. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Málsatvik eru nokkuð óljós og gögn fátækleg um tildrög þess að annað gler var sett í sumarbústað M en þau telja sig hafa valið. Tjónið er sagt hafa orðið á árinu 2011 og svo virðist sem framkvæmdir við bústaðinn hafi einnig hafist á því ári. Um ábyrgð byggingarstjóra fer því eftir því sem greinir í 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, en það ákvæði lýtur að ábyrgð og verksviði byggingarstjóra. Ákvæðið er ítarlegt um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra, en í 7. mgr. lagagreinarinnar segir að byggingarstjóri beri ábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi, en jafnframt að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar eða aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi. Af gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að tjón M, sem þau rekja til þess að annars konar gler var sett í sumarbústaðinn en þau telja sig hafa valið, verði rakið til atvika sem V ber sem byggingarstjóri ábyrgð á lögum samkvæmt. Tjónið telst því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 16. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 108/2013**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (R)****Skemmdir á bifreið sem ekið var í holu á vegi 24.02. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið í mars 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni eftir vegi á milli Stórhöfða og Sævarhöfða er liggur við Bryggjuhverfið í Grafarvogi en vegurinn er ómalbikaður. Við skil á milli malbiks og malarvegjar lenti bifreið M í holu sem var full af rigningarvatni þannig að tjón varð. M telur sig ekki hafa getað séð holuna.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu R þar sem ekki þykir sýnt að tjónið verði rakið til sakar af hálfu vátryggingartaka. Samkvæmt upplýsingum frá R þá voru viðvörðunarkerki báðum megin vegarins sem eiga að vara vegfarendur við hættu og hugsanlegum ójöfnum. Þessi leið sé ekki merkt sem gata eða leið að Bryggjuhverfinu. Þeir sem fara þessa leið/slóð inn í eða út úr hverfinu ætti að vera ljóst að hún getur verið holótt. Gæta þarf því sérstakrar varúðar þegar ekið þarna yfir. Miðað við fyrirliggjandi gögn þykir ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna R eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki verður látinn bera skaðabótaábyrgð á. Varað er sérstaklega við aðstæðum og því á ábyrgð vegfarenda að fara gætilega þegar þessi leið er valin.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að rekja.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ökumenn sem velja þann kost að fara þessa leið má vera ljóst að hún getur verið holótt. Gæta þarf varúðar þegar ekið þarna um. Miðað við fyrirliggjandi gögn er ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna R eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki verður látinn bera skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 109/2013**M v/A****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur Dalbrekku 31.12. 2012, ekið í veg fyrir umferð.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 15.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.04. 2013.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 21.03. 2013.
- 4) Bréf vátryggingafélags C til nefndarinnar, dags. 25.03. 2013

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið út frá bifreiðastæði/innkeyrslu í veg fyrir bifreiðina C og kveðst ökumaður þeirrar bifreiðar hafa náð að stöðva en ökumaður B, sem kom á eftir C, kveðst hafa snögghelmað til að forða árekstri við C og hafa farið yfir á öfugan vegarhelming þar sem ökumaður A hafi komið og árekstur orðið með bifreiðunum.

Vátryggingafélag C segir að C beri enga sök. Deilt sé um sakarskiptingu milli A og B. Félagið tekur ekki afstöðu.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A, þ.e. M, beri alla sök því hann ók fyrirvaralaust frá bifreiðastæði inná umferðargötu. Verði ekki fallist á það er það mat félagsins að sök beri að skipta til helminga.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri alla sök.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna skipti sök til helminga milli ökumanna A og B.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er sök skipt til helminga milli A og B. Ökumaður A gætti ekki nægjanlega að umferð áður en hann ók út á götuna, hann átti að víkja fyrir umferð. Ósannað er að ökumaður C hafi verið að veita A tækifæri til að aka út á götuna. Þá hugði ökumaður B ekki nægjanlega að þeirri umferð sem á undan fór og þeirri hættu sem framundan var. Ökumaður C náði að stöðva bifreið sína vegna hindrunar á vegi en því náði ökumaður B ekki.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga milli A og B.

Reykjavík 30. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 110/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vélsmiðju.****Ágreiningur um bótaskyldu er vél vörubifreiðar bræddi úr sér.****Gögn.**

- 40. Málskot, móttekið 15.3.2013, ásamt fylgigögnum.
- 41. Bréf X, dags. 22.4.2013.

Málsatvik.

Í nóvember 2011 mun vörubifreiðin A í eigu M hafi verið til viðgerðar hjá vélsmiðjunni V. Samkvæmt fyrirliggjandi reikningi var gert við vél A, þar sem m.a. var skipt um slífar, stimpla, höfuðlegur og stangarlegur og hedd yfírfarið. Hinn 6.1.2012 mun vélin hafa brætt úr sér.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu. X kveður A hafa verið ekið um 6-7.000 km eftir viðgerðina hjá V uns vélin bræddi úr sér.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir um ástæður þess að vél A bræddi úr sér 6.1.2012. Engin sönnunargögn að öðru leyti liggja heldur fyrir um að tjónið verði rakið til mistaka við vélaviðgerðina hjá V í nóvember 2011 eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Við svo búið verður ekki talið að V beri fébótaábyrgð á tjóni M. Það fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 7. maí 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 111/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/bifreiðanna A og B****Ágreiningur um hvort bifreið A hafi verið ekið utan í B á bifreiðastæði við Kringluna 22.01. 2013.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.04. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Báðum bifreiðum var lagt í bílastæði við Kringluna. B var lagt á undan A. Þegar ökumaður B kom að bifreið sinni var A mjög þétt upp að vinstri hlið B svo að ekki var hægt að fara inn vinstra megin. Ökumaður B tók ljósmynd af aðstæðum. Er hann var kominn heim kveðst hann hafa tekið eftir rispum á bifreið sinni sem hann telur að séu að völdum A. Í framhaldi þessa voru atvik máls þessa tilkynnt og málið sett í ferli, sbr. gögn málsins.

Ökumaður A neitar að hafa ekið utan í B, hann hafi ekki fundið fyrir snertingu á bifreiðum. Ljósmynd sýnir bifreiðarnar á vettvangi, sem fyrr segir.

Með hliðsjón af gögnum málsins telur Tjónanefnd vátryggingafélganna og vátryggingafélagið nægjanlega sannað að A hafi verið ekið utan í B.

Óþarft er að geta umfjöllun M í málskotinu, hann er ósammála afstöðu félagsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja nægjanlega sannað að A hafi verið ekið utan í B.

Niðurstaða.

A ber ábyrgð á skemmdum á B.

Reykjavík 16. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 112/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar

**Ágreiningur um bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu vegna fjármögnunarleigusamnings
þ. 6.5. 2007.**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.3.2013 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 5.4.2013.

Málsatvik.

M gerði fjármögnunarleigusamning við Landsbankann árið 2007 vegna kaupa á vörubifreið og hleðslukrana fyrir bílinn en M er vörubifreiðastjóri. Landsbankinn hlutaðist til um að vörubifreiðin var tekin af M og seld og söluverðmæti bifreiðarinnar fært sem innborgun á fjármögnunarleigusamninginn. M telur að Landsbankinn hafi fengið ofgreidda vegna þessa verulega fjármuni og hefur höfðað mál til heimtu þess fjár sem hann telur sig eiga hjá bankanum og gerir kröfu til þess að fá greitt úr málskostnaðartryggingu, fjölskylduverndartryggingar sinnar hjá V vegna þessara málaferla. V hafnar bótaskyldu og telur atvikið ekki falla undir bótasvið tryggingarinnar. Í því sambandi vísar V til g liðar 2.gr vátryggingaskilmála þar sem málið varði M sem notanda og stjórnanda vélknúins farartækis og í stefnu sé M nefndur "notandi" og telur V að M sé í þessu tilviki eigandi, notandi og stjórnandi vélknúins farartækis. Þá telur V að þar sem M hafi starfað sem vörubifreiðastjóri þá séu kaup hans á vörubifreið og hleðslukrana í tengslum við atvinnu hans eða embættisrekstur.

Álit.

Mál það sem M hefur höfðað gegn Landsbankanum hf. er vegna viðskipta hans við bankann vegna kaupa á vörubifreið og hleðslukrana. Þau kaup varða M sem eiganda, notanda og stjórnanda umræddra tækja. Með vísan til g liðar 2. gr. vátryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um þá tekur vátryggingin ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni þegar þau skilyrði eru fyrir hendi. M á því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 23.2.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 113/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á kerru.****Gögn.**

42. Málskot, móttækið 19.3.2013, ásamt fylgigögnum.
43. Bréf X, dags 5.4.2013.

Málsatvik.

Hinn 18.2.2013 tilkynnti M til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að fólksbílakerru (eftirvagni) í hans eigu hafi verið stolið á tímabilinu frá 16.2.2013 kl. 17.00 til sama tíma 17.2.2013, þar sem hún hafi staðið utandyra á byggingarsvæði við tiltekið hús í Kópavogi. Kveður M að kerran hafi verið læst með keðju.

M hefur krafist bóta úr innbústryggingu hjá X vegna hvarfs á kerrunni. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 2. gr. í skilmálum þeim sem um innbústrygginguna gilda tekur vátryggingin til innbús, almenns og sérgreinds, í eigu vátryggðs, M í þessu tilviki. Með almennu innbúi er skv. sömu grein skilmálanna átt við lausafjármuni sem fylgja almennu heimilishaldi, svo sem húsgögn, heimilistæki, laus gólfteppi, fatnað, bækur og lín, svo viðlegubúnað og tómsundaáhöld. Einnig bætist hvers kyns hlífðarbúnaður sem notaður er til aksturs ökutækja, svo og einn umgangur sumar- eða vetrarhjólbarða eftir nánari fyrirmælum í skilmálaákvæðinu. Ekki er skýrt nánar í skilmálunum hvað átt sé við með tómsundaáhöldum. Verður að telja að undir tómsundaáhöld geti fallið ýmis konar áhöld sem notuð eru í frístundum, þ.m.t. fólksbílakerrur. Samkvæmt 3. gr. skilmálanna bætir vátryggingin ekki dýr, skráningarskyld vélknúin ökutæki, óskráningarskyld vélknúin ökutæki með aflvél yfir 5 kw, skráningarskyldar vinnuvélar, hjólhýsi, tjaldvagna, báta eða hluti sem tilheyra nefndum tækjum. Þá er tekið fram að þessa hagsmuni sé unnt að vátryggja sérstaklega. Upptalning þessara muna í 3. gr. skilmálanna getur vart haft þýðingu nema félagið líti svo á að innbústryggingin geti tekið til þeirra nema þeir séu þegnir sérstaklega undan vátryggingunni eins og gert er í umræddri grein. Þegar horft er til þess að kerra eins og hvarf frá M getur talist til tómsundaáhalda og slíkt tæki er ekki sérstaklega undanþegið í 3. gr. skilmálanna verður að líta svo á að umrædd kerra sé meðal innbúsmuna sem vátryggingin tekur til.

Á yfirlitsmynd í 8. gr. er í 13 stafliðum, A-M, gildissvið innbústryggingarinnar tilgreint nánar og þau tjonstilvik sem vátryggingin tekur til. Undir staflið D fellur innbrotþjófnaður, þ.e. þjófnaður við innbrot í læsta íbúð, bifreið, einkabát, loftfar, sumarhús eða hjólhýsi. Samkvæmt staflið E bætir vátryggingin tjon vegna þjófnaðar úr grunnskóla eða læstri íbúð. Þá bætir vátrygging samkvæmt staflið F tjon af völdum ráns, þ.e. þegar vátryggðir munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað. Ekki verður séð samkvæmt gögnum málsins að kerran hafi verið tekin úr fórum M vegna atvika sem fallið geta undir framangreinda þrjá stafliði. Aðrir stafliðir í

8. gr. hafa ekki þýðingu í máli þessu. Að þessu virtu verður ekki talið að kerrunni hafi verið stolið af völdum bótaskylds atviks samkvæmt 8. gr. skilmálanna. Af því leiðir að tjón M er ekki bótakylt úr innbústryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbústryggingu hjá X vegna þjófnaðar á fólksbílakerru.

Reykjavík, 23. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 114/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Bakkabraut í Kópavogi þ. 23.3.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.19.3.2013 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-2 dags. 21.3.2013.
3. Bréf V-1 dags. 11.4.2013.

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á Bakkabraut í Kópavogi og var báðum bifreiðunum ekið norður götuna og var A á undan B. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja til vinstri þegar B var ekið á framhorn A. Ökumaður B segist hafa verið að aka framúr A þegar árekstur varð og hafi ökumaður A ekki gefið stefnuljós áður en hann beygði.

Álit.

Ökumaður A ber meginsök á árekstrinum þar sem hann beygir til vinstri á akbraut án þess að gæta nægjanlega að umferð. Ökumaður B þykir ekki hafa sýnt að öllu leyti nægjanlega aðgát við framúrakstur í umrætt sinn og ber því nokkra sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að leggja 2/3 sakar á ökumann A en 1/3 sakar á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 30.4.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 115/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður fiskvinnslu festi fingur í valsi á roðrifuvél.****Gögn.**

44. Málskot, móttakið 20.3.2013, ásamt fylgigögnum.

45. Bréf X, dags 10.4.2013.

Málsatvik.

Hinn 25.4.2007 var M að vinna við að þrifa roðrifuvél í fiskvinnslu V. Festist þá vísifingur hægri handar í valsi í vélinni og hlaut hann áverka á fingurgóminum. Í tilkynningu um slysið, sem er dags. 27.4.2007 og undirrituð af M, segir að hann hafi verið að þrifa vélina. Hnífur hafi verið fjarlægður og hafi hann stungið hendi undir öryggishlíf og lent í valsi. Í tilkynningu til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 20.9.2007, sem er undirrituð bæði af M og af hálfu V, er tildrögum slyssins lýst á sama veg og í fyrrgreindri tjonstilkynningu.

Slysið var ekki tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlits ríkisins, en hinn 27.4.2007 var vélin skoðuð af eftirlitsmanni stofnunarinnar og er skoðunin sögð vera takmörkuð úttekt. Segir í óundirritaðri skoðunarskýrslu að búíð hafi verið að taka burt hlíf fyrir hnífastykkið við flakabandið og voru gefin fyrirmæli um að setja skuli hlíf fyrir hnífasettið. Þá segir einnig að öryggisgrind yfir valsi lyftist of hátt og að stilla skuli stopprofa á öryggisgrind þannig að hann stöðvist er grindin lyftist 15 cm miðað við smurkopp á girhúsi. Þá segir í skýrslunni að búíð sé að skipta um start/stopprofa, en fyrirmæli gefin um að stopprofi skuli vera „útfelldur“.

M kveður öryggishlíf ekki hafa náð nógu langt niður, þar sem M komst með höndina undir, og enginn öryggishnappur hafi staðið þar sem starfsmenn standa við þriffin. Vélin hafi því verið vanbúin og til þess verði slysið rakið. Ennfremur hafi M ekki fengið nógu skýr fyrirmæli um það hvernig standa átti að þrifum vélarinnar einkum með tilliti til þess að þrifa þurfti vélina meðan hún var í gangi. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Nokkuð skortir á rannsókn máls þessa. Í málinu liggja engar sjálfstæðar skýrslur fyrir af M eða starfsmönnum V, þ. á m. verkstjóra eða öðrum fyrirsvarsmönnum þess, um slysið og tildrög þess að öðru leyti en því sem fram kemur í tjonstilkynningu þeirri sem er undirrituð af M. M mun vera af pólsku bergi brotinn. Þrátt fyrir þjóðerni hans og jafnvel þótt hann skilji ekki íslensku verður að telja ósannað samkvæmt gögnum málsins að hann hafi ekki vitað um efni tilkynningarinnar, er hann undirritaði hana. Þá verður ekki séð að staðhæfingar af hálfu M um vanbúnað vélarinnar séu í samræmi við þær athugasemdir sem gerðar voru af hálfu Vinnueftirlitsins við skoðunina 27.4.2007. Staðhæfingar M að þessu leyti eiga sér því ekki stoð í skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins eða öðrum gögnum málsins. Er því ósannað að vélin hafi verið vanbúin með þeim hætti sem M heldur fram. Ekki verður heldur séð að slysið verði rakið til þeirra atriða sem

gerðar voru athugasemdir við í skýrslu Vinnueftirlitsins né heldur að M hafi ekki fengið fullnægjandi leiðsögn varðandi þrif á vélinni. Að öllu virtu verður því ekki séð, eins og málið liggur fyrir, að slysið verði rakið til vanbúnaðar umræddrar roðrifuvélar, skorts á leiðbeiningum eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 30. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 116/2013**M****og****Vátryggingafélag v/húseigendatryggingar kirkju**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns sem varð á bifreið sem lagt var í stæði við kirkju er snjór féll af þaki kirkjunnar á bifreiðina 08.03. 2013.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.04. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Snjóhengja féll af þaki á bifreiðina KV-T44. Eiginkona M er prestur við kirkjuna, hún hafði lagt bifreiðinni í umrætt sinn.

Vátryggingafélagið telur ósannað að tjónið á bifreiðinni verði rakið til sakar af hálfu vátryggingartaka. Það að snjóhengja hafi fallið fram af kórþaki kirkjunnar í umrætt sinn verði ekki rakið til sakar starfsmanna. Félagið getur þess að frost hafi verið úti og það hafi snjóað dagana 4. – 6. mars 2013, það hafi snögghlýnað rétt fyrir kl. 10 þann 8. mars 2013. Snjómagn hafi ekki verið “mjög mikið” en snjórinn blautur og þungur. Ómögulegt hafi verið fyrir vátryggingartaka að gera ráðstafanir í tæka tíð eða bregðast við aðstæðum til að fyrirbyggja tjónið sem varð. Félagið vísar til úrskurða 53/2006 og 90/2010 máli sínu til stuðnings.

M staðhæfir að bifreið hafi áður skemmt á þessum sama stað þannig að starfsfólk viti um þá hættu sem fyrir hendi er. Starfsfólkið hefði þurft að gera ráðstafanir sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á vanrækslu starfsmanna vátryggingartaka í umrætt sinn. Ekki er unnt að staðhæfa að starfsmenn hefðu átt að vera búnir að bregðast við fyrr og/eða vara ökumenn við þeirri hættu sem fyrir hendi var. Telja verður að ökumaður bifreiðarinnar, sem er prestur við kirkjuna, hefði átt að gera sér grein fyrir þeim möguleika að snjór gæti fallið af þaki kirkjunnar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 117/2013**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar vélaleigu (A)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á gangstétt/bifreiðaplani við snjómokstur.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 22.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.04. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur að snjóruðningsvél frá A hafi valdið skemmdum á gangstétt er unnið var við að skafa snjó og klaka 02.01. 2013. M vísar til þess að engin beiðni hafi verið gefin út af háflu húsfélagsins um snjómokstur sbr. umfjöllun M í málskotinu. Tiltekinn aðili, hér nefndur SG, mun hafa annast snjómokstur fyrir húsfélagið skv. munnlegu samkomulagi. Húsfélagið hafi ekki óskað eftir 3ja aðila til þess að taka þátt í verkinu en A mun vera undirverktaki. Húsfélaginu hafi aldrei verið tilkynnt að undirverktakar væru aðilar að snjómokstri hjá SG.

Það mun hafa kvarnast upp úr kantsteini og hellum. Félagið telur málið fremur illa upplýst. Fyrrum formaður húsfélagsins mun hafa gert munnlegt samkomulag við SG um snjómostur fyrir 3 árum síðan. SG haldi því fram að hann hafi ekki fengið greitt fyrir verkið. SG mun hafa fengið A til verksins. Félagið hafnar bótaskyldu vegna þess að SG verktaki ræður til sín undirverktaka, þá sé ábyrgðin sú að verktakinn ber ábyrgð á verkinu sjálfur. Kröfum sé þannig beint að röngum aðila í máli þessu. Þá telur félagið að sök liggi ekki fyrir.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi umræddar skemmdir til vanrækslu A. Þegar snjór og klaki liggja yfir getur verið erfitt að koma í veg fyrir tjón af því tagi sem virðist hafa orðið.

Athygli vekur hve litlar upplýsingar er um samningssamband aðila máls þessa og um leið réttindi og skyldur.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. maí 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 118/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Frítímaslysáttryggingar.

Líkamstjón vegna notkunar hálsnuddtækis þ. 21.12.2011

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 22.3.2013 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 24.10.2012

Málsatvik.

M var að nota hálsnuddtæki og segir M að eftir að hún hafði notað tækið í 20 mínútur hafi hún hlotið alvarlegan húðbruna aftan á hálsi. M gerir kröfu um bætur vegna þessa úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V og telur að um skyndilegan utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða þrátt fyrir að hún hafi notað tækið í 20 mínútur þegar allt sé talið saman og húðbruni hennar sé því slys samkvæmt slyshugtaki vátryggingarréttar. V hafnar bótaskyldu og telur að tjónið verði rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar heldur sé um meiðsl að ræða sem falli ekki undir slyshugtak vátryggingarréttarins. Þá bendir V á að í leiðbeiningarbæklingi fyrir tækið segi að ekki megi nota það lengur en 15 mínútur í einu. V telur því að áverki M sé vegna langrar notkunar á tækinu.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á eða á því byggt að galli hafi verið á nuddtæki því sem M notaði í umrætt sinn. Miðað við frásögn M þá notaði hún tækið lengur en ráðlegt var í upplýsingabæklingi sem fylgir tækinu. Áverki vegna 20 mínútna notkunar tækis eins og þess sem hér ræðir um fellur ekki undir slyshugtak vátryggingarréttarins þar sem tjónið verður ekki rakið til skyndilegs utanaðkomandi atviks. M á því ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 23.4.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 119/2013**M****og****Vátryggingafélag v/frjálsrar ábyrgðartryggingar vinnuveitanda
vegna slökkviliðs.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss 08.07. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 22.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.05. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var í slökkvistöð að Hrauni Reyðarfirði við æfingar á vegum slökkviliðsins. Var að gera upphífingar í þreksal. Mun hafa komið slinkur á hana er hún færði hendi til á slá með þeim afleiðingum að hún missti takið og féll illa niður. Lenti á æfningabekk fyrir neðan og skall með hægri hönd útrétta á gólfið og hlaut högg á hægri öxl. M telur að sláin hafi verið laus sbr. umfjöllun í málskotinu. M vísar til þess að umrædd slá hafi verið tekin niður eftir slysið og sé ekki í notkun.

Í tilkynningu um slysið til Vinnueftirlitsins, dags. 03.11. 2011, segir að M hafi verið við æfingar, þegar “hún ætlaði að hætta og fór niður sleppti hún taki vinstri handar með þeim afleiðingum að slá skekkist og hún missti takið á hægri hendi og féll og lenti með mjaðmir á æfingarabekk og hægri hönd í gólf”.

Félagið telur að um óhappatvik eða aðgæsluleysi M hafi verið að ræða. Ekki saknæma háttsemi vinnuveitanda. M hafi þekkt vel til, æft sig við að nota slána í um eitt ár og komið sér upp verklagi við það. Félagið hafnar því að sláin hafi verið tekin niður vegna óhapps þessa. Breytingar hafi orðið á þrekprófum, upphífingar teknar út. M hafi verið vinnufær eftir slysið. Vinnueftirlitinu hafi því miður ekki verið tilkynnt um óhappið. Engu að síður sé sláin enn til og aðrir starfsmenn kannist ekki við óvenjumikinn lausleika á slánni á umræddum tíma eða að hún hafi ekki verið fest nægjanlega. Engin vitni voru að atvikinu.

Slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en tæpum 4 mánuðum eftir óhappið.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. um að umrædd slá hafi hreyfst um miðju sína á lóðréttri festingu við bita “þ.e. gat hallast lítilsháttar í hvora átt”, hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi vinnuslys M til vanrækslu vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða ófullnægjandi aðstæðna.

Breytir ekki framanrituðu þó að vinnuslysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en nokkrum mánuðum frá tjónsdegi. Enginn samstarfsmanna M staðfestir fullyrðingu hennar um að umrædd slá hafi verið laus í sér á þann veg sem M heldur fram.

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga þykir ekki unnt að vinnuveitandi verði látinn bera halla af mögulegum skorti á upplýsingum sem ætla má að Vinnueftirlitið hefði getað aflað ef það hefði fengið fyrr tilkynningu um slysið. Telja verður að M hafi sönnunarbyrði um þá staðhæfingu sína að umrædd slá hafi verið laus á annan hátt er þekkt var. Sú sönnun hefur ekki tekist.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. maí 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 120/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Skeiðavegi við Hellisholt þann 30.10.2012.**Gögn.**

46. Málskot, móttækið 22.4.2013, ásamt fylgigögnum.
47. Bréf X, dags. 5.4.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B) var ekið suður Skeiða- og Hrunamannaveg og var B ekið á undan A. Skammt sunnan við afleggjara að bænum Hellisholti var B beygt til vinstri áleiðis inn á ómerktan vegslóða. Í sömu andrá var A ekið áleiðis vinstra megin fram úr B. Við það rákust saman vinstra framhorn B og hægri afturhurð og afturbretti B. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð. Umferð á veginum í gagnstæðar áttir er afmörkuð með hálfbrotinni miðlínu (L21), sbr. b. lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra með síðari breytingum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á um 55 km hraða á klst. á eftir B. Hann hafi séð hemlaljós kvikna á B og því reiknað með að það væri verið að stöðva bifreiðina. Engin sjáanleg merki hafi verið um gatnamót framundan og hafi hann því drifið sig fram úr. Skyndilega hafi B verið beygt til vinstri og árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa ætlað að beygja til vinstri inn á afleggjara og verið með stefnuljós kveikt. Hann hafi verið byrjaður að beygja þegar A hafi verið ekið fram úr.

Álit.

Ökumaður A ók áleiðis fram úr B þar sem hálfbrotin lína er á veginum. Samkvæmt fyrrgreindu ákvæði í b. lið 23. gr. rg. nr. 289/1995 gefur hálfbrotin lína til kynna að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Ökumaður A kvaðst hafa séð hemlaljós á B og reiknaði með að ökumaður hennar væri að stöðva. B var á hinn bóginn ekki stöðvuð heldur beygði ökumaður hennar til vinstri áleiðis inn afleggjara sem þar var. Ökumaður A hóf því framúraksturinn áður en hann gat gengið úr skugga um það með fullu öryggi hvað ökumaður B hugðist fyrir. Með því að aka fram úr B við þessar aðstæður gætti ökumaður B ekki þeirrar sérstöku varúðar sem af honum mátti krefjast, sbr. fyrrnefnt reglugerðarákvæði. Á hann því meginsök á árekstrinum. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en ökumaður B hafi ekki vitað af ferðum A fyrir aftan sig er hann beygði. Á hann því einnig nokkra sök. Eftir atvikum öllum þykir rétt að ökumaður A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 23. apríl 2013.
Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 121/2013**M****og****Vátryggingafélag v/fjölskyldutryggingar (ábyrgðartryggingar) A****Skemmdir á listmun í sýningarsal þann 22.08. 2012,
gestur rakst utan í listmun/stöpul sem féll á gólf.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélag B til nefndarinnar, dags. 08.04. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A, vátryggingartaki, var gestur í sýningarsal M. Hún mun hafa rekist utan stöpul með listmun á þannig að hann féll niður og brotnaði.

M telur að A hafi með saknæmum og ólögætum hætti rekið sig í stöpul þar sem skúlptúr, sem samsettur var úr keramíki og stórum bergkristal stóð á með þeim afleiðingum að hann brotnaði og eyðilagðist. M vísar máli sínu til stuðnings til úrskurðar nefndarinnar í máli 220/2007. Í því tilviki var ekki haft nægjanlegt eftirlit með barni inni í verslun.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða en ekki saknæma eða ólögmeta háttsemi. A hafi snúið sér við og rekist á hlutinn, þetta hafi verið hrein óhappatilviljun. Þröngt hafi verið í sýningarsalnum sbr. fyrirliggjandi ljósmyndir.

Óþarft er að geta frekar umfjöllunar M í málskotinu.

Álit

Athygli vekur hve litlar upplýsingar eru í gögnum málsins um hvernig staðið var að uppstillingu þeirra muna sem hér um ræðir. Miðað við ljósmyndir virðist hafa verið þröngt í sýningarsalnum sökum fjölda listmuna.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi óhapp þetta til saknæmrar háttsemi A. Hér var um óhappatilvik að ræða sem A ber ekki skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 122/2013
M
og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns og eiganda og al-kaskótrygging
ökutækis A

Flutningabifreið fauk út af vegi í Kollafirði þ. 2.11.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.21.3.2013 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 12.4.2013.

Málsatvik.

M sem ekur flutningabifreiðinni A var falið þ.2.11.2012 að sækja 20 tonn af efni og flytja það til Norðuráls á Grundartanga. M segist hafa haft símasamband við starfsmenn Norðuráls áður en hann lagði af stað og spurt þá um færð og veður og þeir sagð þá vera í lagi og hafi hann síðan lagt af stað um kl. 9.15. M segir að þegar hann hafi ekið framhjá upplýsingaskilti Vegagerðarinnar í Mosfellsbæ hafi staðið þar að vindur við Kjalarnes væri 21m/s og allt að 30 m/s í vindhviðum og segist M því hafa farið að öllu með gát og ekið á 30-40 km. hraða en þegar hann hafi ekið upp úr Kollafirði hafi komið snörp vindhviða sem hafi feykt bifreiðinni út af veginum. M telur að miðað við fyrirliggjandi upplýsingar hafi hann ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn. M krefst bóta vegna þess tjóns sem hann varð fyrir í umrætt sinn og fellst V á bótaskyldu en telur að M eigi að bera tjón sitt sjálfur að hálfu vegna stórkostlegs gáleysis.

Í lögregluskýrslu segir að mjög hvasst hafi verið á vettvangi og skv. upplýsingaskilti Vegagerðarinnar hafi vindhraði verið 30 m/s og 53 m/s í vindhviðum. Samkvæmt upplýsingum frá sjálfvirkri veðurstöð Vegagerðarinnar við Kjalarnes var vindhraði kl. 9 umræddan dag 32 m/s og 51.9 m/s í mestu hviðum og samkvæmt upplýsingum frá sjálfvirkri veðurstöð Vegagerðarinnar á Geldinganesi var vindhraði á sama tíma mældur 35 m/s og 46 m/s í mestu hviðum.

V vísar til þess að skv. gögnum frá Veðurstofu hafi vindhraði verið 32 m/s og 51.3 m/s í hviðum þegar atvikið átti sér stað. V segir að þegar atvikið hafi átt sér stað hafi verið gríðarlegur vindur nánast stöðugur 31.9 m/s og farið upp í 53 m/s í vindhviðum og hafi vindurinn verið stöðugur með ofangreindum hætti allan þann sólarhring en byrjað hafi að hvessa að kveldi þ.1.11.2012 og hafi Veðurstofa Íslands nokkru áður sent frá sér sérstaka viðvörðun vegna óveðurs næstu daga og slæmt ferðaveður og nokkru síðar sent tilkynningu þar sem sagði að ekkert ferðaveður væri næstu daga. V segir að umræddar tilkynningar hafi verið birtar m.a. í fjölmiðlum og mikil umræða orðið þar sem um mesta óveður að ræða sem gengið hefði yfir landið sunnanvert um árabil. V telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að aka bifreið sinni í aftakaveðri þá akstursleið sem um ræðir og sé þekkt fyrir mikla sviptivinda og mikinn vind í hviðum. V bendir á að stöðugur vindur hafi verið yfir 30 m/s og farið yfir 50 m/s og því um hreint fárviðri að ræða sem allar upplýsingar hafi legið fyrir um. V telur því að M hafi mátt vera ljóst að engar aðstæður voru til aksturs bifreiðar hans í umrætt sinn og hafi honum sem atvinnubílstjóra borið að gæta að aðstæðum áður en haldið var af stað miðað við aðstæður. Þá segir V að M hafi verið fullljóst að hvernig aðstæður voru þar sem hann hefði spent hurðir bifreiðarinnar upp á þak til að bifreiðin tæki á sig minni vind og því verið meðvitaður um þá hættu sem um var að ræða. Þá vísar V til varúðarviðmiðana Veðurstofu og lagt til skilyrðislaust stop á akstri þegar vindhraði sé jafnvel

minni en hann var í umrætt sinn. Þá vísar V til þess að sérstök aðgæsluskylda hvíli á atvinnubifreiðastjóra. V telur því rétt að skerða bætur til M um helming með vísan til þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn sbr. 9.gr. sameiginlegra skilmála V og 2.mgr. 27.gr. og 1.mgr. 90.gr. laga um váttryggingasamninga nr. 50/2004.

Álit.

Fyrir liggur að í umrætt sinn var ofsaveður á þeirri akstursleið sem M hugðis aka. Framlögð gögn og aðvaranir varðandi vindhraða sýna að afar varhugavert var að aka þá leið sem M ætlaði sér að aka í umrætt sinn og mátti honum vera ljós hættan af því að gera það miðað við opinberar aðvaranir sem gefnar höfðu verið út um veðurofsa á þessu svæði. M tók því gríðarlega áhættu og sýndi af sér stórkostlegt gáleysi með því að ætla sér að aka um svæði sem þekkt er fyrir mikinn vind og sviptivinda í ofsaveðri eins og um var að ræða og ekkert ferðaveður. M sýndi því af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn og verður að bera hluta tjóns síns sjálfur sbr. sbr. 9.gr. sameiginlegra skilmála V og 2.mgr. 27.gr. og 1.mgr. 90.gr. laga um váttryggingasamninga nr. 50/2004. Eðlilegt þykir því miðað við aðstæður að M beri helming tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr tryggingu A hjá V en ber helming tjóns síns sjálfur vegna stórkostlegs gáleysis.

Reykjavík 30.4.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 124/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar sendibifreiðar.****Hliðarhurð á flutningskassa sendibifreiðar rakst upp undir göngubrú á Miklubraut.****Gögn.**

48. Málskot, móttakið 27.3.2013, ásamt fylgigögnum.
49. Bréf X, dags. 9.4.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 25.4.2012 var M staddur í Ármúla í Reykjavík á sendibifreið sinni, A, er hliðarhurð á flutningskassa bifreiðarinnar festist í uppréttri stöðu og stóð þannig upp fyrir þak flutningskassans á A. Afréð M að aka A á tiltekið verkstæði við Tunguháls í Reykjavík. Ók hann áleiðis þangað úr Ármúla, Grensásveg og austur Miklubraut. Austan Grensásvegar rakst hurðin á göngubrú sem liggur yfir Miklubraut og við það skemmdist hurðin.

M hefur krafist bóta vegna þeirra skemmda sem urðu á hurðinni við atvikið úr kaskótryggingu A hjá X. X kveður M hafa valdið tjóninu með háttsemi sem talin verður stórkostlegt gáleysi og því beri að skerða bætur um helming með vísan til ákvæða í skilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda, svo og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Álit.

Skráð hæð A er 4 m, en vegna stöðu hliðarhurðarinnar var hæð A í umrætt sinn nokkru hærrí en við venjulegar aðstæður. Ekki verður með fullri vissu ráðið af gögnum málsins hversu hátt hurðin skagaði upp fyrir þak flutningskassans. Engu að síður var hún í það mikilli hæð að hún rakst á brúna er M ók undir hana. M mátti vera ljóst að hæð A væri slík að hætta væri á að hurðin gæti rekist á göngubrúna. M, sem er atvinnubifreiðarstjóri, sýndi verulega óaðgæslu við aksturinn er hann ók undir brúna umrætt sinn. Þá óaðgæslu verður að virða honum til stórkostlegs gáleysis sem hefur í för með sér að X er heimilt að skerða bætur til hans, sbr. 2. mgr. 27. gr. vsl. og viðeigandi ákvæði í skilmálum. Eftir atvikum öllum þykir rétt að bótaréttur hans skerðist um helming og tjónið bætist að sama skapi að helmingi úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á helmingi bóta úr kaskótryggingu A hjá X.

Reykjavík, 30. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 125/2013**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (Í)****Vinnuslys þegar stroffa slitnaði við fermingu flutningabifreiðar 19.09. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 03.04.2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.04.2013.
- 3) Tölvupóstur úrskurðarnefndar til vátryggingafélagsins, dags. 23.04.2013, þar sem viðbótarskýringa var óskað.
- 4) Tölvupóstur vátryggingafélagsins, dags. 30.04. 2013, þar sem hjálagt fylgdu viðbótarathugasemdir félagsins þ.e. bréf dagsett 30.04. 2013 og skýrsla lögreglu.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Unnið var við að hífa hitaveiturör með vinnuvél upp á vörubifreið með festivagn. Tvö tóg voru sett á rörið er það var hift og slitnaði annað tógið upp við krók á vinnuvélinni. Tvö stýritóg voru á Stroffan sem slitnaði keypti S hjá vátryggingartakanum Í. Hún var framleidd í maí 2012 og reikningur vegna kaupanna er dagsettur 07.08. 2012.

Í tilkynningu um slys segir m.a. “var á strílinu við hýfingar á röri þegar önnur stroffan slitnar með þeim afleiðingum að rör hrundi niður við síðuna og klemdi hendina á milli rörsins og flutningabíls með þeim afleiðingum að ég handarbrotnaði.”

Umsögn Vinnueftirlits getur þess að þegar stroffan slitnaði reyndi M að smeygja sér undir vagninn en rörið náði að klemma hann. Vinnueftirlitið telur að rekja megi orsök slyssins til þess að “komið hafi verið slit eða skemmd í lykkju stroffunnar og gæti það verið orsök fyrir því að hún slitnaði.” Gefin voru fyrirmæli um að allar stroffur yrðu yfirfarnar, til þess m.a. að koma í veg fyrir að starfsmenn slasist við vinnu sína.

M telur sig eiga bótakröfu á Í á grundvelli skaðasemisábyrgðar því stroffa hafi greinilega ekki verið í lagi, hún hafi verið haldin ágalla í skilningi 5. gr. laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Stroffan hafi verið lítið notuð og engar aðrar skýringar á líkamstjóni M en að stroffan hafi verið haldin umræddum ágalla. M telur að V beri sönnunarbyrði um að ábyrgð V skv. skilmálum ábyrgðartryggingarinnar sé með einhverjum hætti takmörkuð og vísar einnig til 31. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga um að V þurfi að tilkynna um takmörkun ábyrgðar án ástæðulauss dráttar.

Vátryggingafélagið lét þess getið í bréfi til nefndarinnar, dags. 11.04. sl., að það færi fram á frávísun málsins, sbr. 3.gr. samþykktu nefndarinnar, því félagið hefði þegar málskot var sent til nefndarinnar ekki tekið formlega afstöðu til bótaskyldu gagnvart M. Ekki væri heldur við fullnægjandi gögn að styðjast sbr. 4. gr. samþykktu nefndarinnar. Þá benti félagið á, vegna umfjöllunar M, að 2. mgr. 31. gr. laga um vátryggingarsamninga ætti ekki við þar sem M er hvorki vátryggingartaki né vátryggður í þessu máli.

Í viðbótarskýringum félagsins rökstyður félagið höfnun sína á bótaskyldu sbr. bréf félagsins til úrskurðarnefndar, dags. 30.04. 2013. Félagið telur sönnunarbyrði um að umrædd stroffa hafi verið haldin ágalla hvíla á M. Vátryggingataka (Í) hafi ekki verið gefið færi á að rannsaka stroffuna eftir að hún slitnaði og því liggi ekki fyrir hvort hún hafi verið haldin ágalla auk þess sem það liggi ekki fyrir við hvaða aðstæður stroffan hafi verið geymd eða hvort meðferð hennar hafi verið með þeim hætti sem leiðbeiningar Í gerðu ráð fyrir. V rekur einnig, m.t.t leiðbeininga um lyftigetú stroffanna, að sú aðferð sem viðhöfð var af hálfu starfsmanna S hafi mögulega leitt til þess að farið hafi verið yfir lyftigetú þeirra. Félagið getur ekki frekar samskipta sinna við M.

Álit

Þegar málskot barst úrskurðarnefndinni hafði V ekki tekið afstöðu til greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu Í. Nefndin óskaði viðbótarskýringa frá vátryggingafélaginu varðandi afstöðu þess til bótaskyldu að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna og samskipta félagsins og M á fyrri stigum málsins. Þegar tekið er mið af viðbótarskýringum félagsins er ekki unnt að fallast á þá afstöðu félagsins að vísa eigi málinu frá sökum þess að félagið hafi ekki tekið afstöðu til bótaskyldu, þar sem afstaða félagsins liggur nú fyrir og ekki eru efni til að vísa málinu frá sökum vanreifunar. Athygli vekur að félagið fjallar ekki um samskipti sín við M á fyrri stigum málsins þrátt fyrir beiðni úrskurðarnefndar í tengslum við kröfu félagsins um frávísun málsins.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að leggja til grundvallar að slit hafi verið komið í umrædda stroffu á tjónsdegi, líkt og niðurstaða Vinnueftirlitsins getur um. Athygli vekur að slit skuli vera komið í stroffuna á svo skömmum tíma en stoffan var framleidd í maí 2012 og reikningur vegna kaupanna er dagsettur 07.08.2012. Hún virðist því hafa slitnað á mjög skömmum tíma. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um hvort meðferð stroffunnar hjá S hafi fram að tjónsdegi verið með forsvaranlegum hætti og í samræmi við leiðbeiningar þar um.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 skal tjónþoli, M í þessu tilviki, sanna tjón sitt, ágalla á vöru og orsakatengsl milli ágalla og tjóns.

Með vísan til framanritaðs hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að skilyrði fyrir stofnun skaðsemisábyrgðar séu fyrir hendi skv. lögum um skaðsemisábyrgð. Ekki hefur verið sýnt fram á að stoffan hafi verið haldin ágalla við sölu hennar. Ekki er unnt að útiloka þann möguleika að stoffan hafi slitnað við þá notkun sem hún var í frá því S hóf notkun hennar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. maí 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 126/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Árekstur. Líkamstjón. Orsakatengsl þ. 8.2.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.3.2013 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 2.5.2012 og 10.4.2013 ásamt fylgiskjölum 1-9.

Málsatvik.

M ók bifreiðinni B þegar A var ekið aftan á B. A segist hafa orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn og krefst bóta þar sem orsakatengsl séu á milli þeirra einkenna sem hann hafi í dag og árekstursins enda hafi hann tilgreint líkamstjón sama dag og árekstur varð. M hafnar niðurstöðu hraðaútreiknings byggða á svonefndu PC-Crash forriti enda sé þess gagns aflað einhliða af V. M hafði áður orðið fyrir áverka og krefst í þessu máli bóta vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut í slysinu 8.2.2010 að því leyti sem heilsa hans hafi versnað við það slys. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki séu færðar sönnur á orsakatengsl milli slyssins þ.8.2.2010 og þeirra eymsla sem M kvartar yfir. Þá bendir V á að ekki hafi verið lögð fram gögn af hálfu M sem sýni hlutlæga rannsókn á M eftir slysið. Þá vísar V til fyrirbyggjandi gagna og þar komi fram að högg á bifreið M hafi verið mjög lítið sbr. m.a. PC-Crash forritið sem fyrir liggur í málinu vegna árekstursins. Þá vísar V til þess að M beri að sanna tjón sitt en það hafi M ekki gert í þessu tilviki.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að skoða hvort meiri eða minni líkur séu á því að líkamstjón hafi orðið við áreksturinn. Í ljósi takmarkaðra gagna varðandi líkamlegar afleiðingar árekstursins þ.8.2.2010 er verulegur vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra verkja sem M telur sig vera haldinn. M hefur ekki leitt nægjanlegar líkur að eða sýnt fram á hann hafi orðið fyrir bótaskyldu líkamstjóni sem rekja megi til notkunar ökutækis A í umrætt sinn. Af virtum gögnum málsins er bótaskylda ekki fyrir hendi og orsakatengsl ósönnuð.

Niðurstaða.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 30.4.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 127/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda
og slysátryggingar launþega.****Starfsmaður varð fyrir áverkum af völdum vinnufélaga síns. Frávísun varakröfu.****Gögn.**

50. Málskot, móttakið 3.4.2013, ásamt fylgigögnum.

51. Bréf X, dags. 29.4.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni 15.11.2012 kom M til starfa á vakt í húsi í eigu V, vinnuveitanda síns, í Reykjavík, þar sem hann var að taka við vakt af vinnufélaga sínum, A. Í skýrslu hjá lögreglu kveður M að A hafi ausið yfir sig svívirðingum og strax í kjölfarið hafi A „skallað hann beint í höfuðið, efst á nefið og hrint honum ofan í stól sem þarna var“. Í skýrslu hjá lögreglu er haft eftir A að M hafi ýtt við sér og hafi A brugðist við með því að taka húfu M og troðið henni í andlit hans. Af gögnum máls má ráða að fyrir atvikið hafi verið grunnt á því góða milli M og A sem ekki er ástæða til að rekja nánar.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna áverka sem hann kveðst hafa orðið fyrir af völdum A. Til vara kveðst M krefjast bóta úr slysátryggingu launþega hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.

Þegar atvik urðu var M 47 ára gamall og A 54 ára. Ljóst er að áverkar þeir sem A kann að hafa valdið M stóðu að öllu leyti fyrir utan þær starfsskyldur sem hvíldu á A sem starfsmanni V. Í hlut áttu tveir fullorðnir menn og ekki verður séð að V hafi þurft að hafa sérstaka aðgát með hegðun þeirra til að tryggja starfsöryggi á vinnustaðnum. Slysið verður því ekki rakið til háttsemi A sem V ber vinnuveitendaábyrgð á né heldur til þess að eftirlit af hálfu V með öryggi á vinnustaðnum hafi verið vanrækt. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Af gögnum málsins verður ekki séð að M hafi krafist bóta úr slysátryggingu launþega hjá X. Engin afstaða liggur fyrir af hálfu X til þeirrar kröfu. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, skal málskotsaðili, áður en hann getur leitað til nefndarinnar, hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag. Þar sem þessu skilyrði hefur ekki verið fullnægt verður ekki hjá því komist að vísa þessari kröfu frá nefndinni, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X. Kröfu um bætur úr slysátryggingu launþega er vísað frá.

Reykjavík, 14. maí 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 129/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Ágreiningur um bótaskyldu er bifreið rakst utan í kantstein á umferðareyju.****Gögn.**

52. Málskot, móttakið 4.4.2013, ásamt fylgigögnum.
53. Bréf X, dags 18.4.2013.

Málsatvik.

Að kvöldi 21.2.2013 varð M fyrir því aka bifreið sinni, A, á kantstein á umferðareyju á tiltekinni götu í sveitarfélaginu S. Við það mun dekk og felga á vinstra framhjólum hafa eyðilagst. Kveður M að vegna vegavinnuframkvæmda hafi akbrautin þrengst þar sem hann ók. Engin sérstök viðvörðunarkerki hafi gefið framkvæmdirnar til kynna. Verði að ætla að kantsteinninn hafi orðið fyrir hnjaski við framkvæmdirnar og stórvarasamt ásigkomulag hans hafi ekki átt að fara fram hjá starfsmönnum S. Ekkert hafi verið aðhafst til að lagfæra kantsteininn og verði tjónið rakið til þeirrar saknæmu háttsemi starfsmanna S.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð. Einungis liggur fyrir frásögn M um atvikið og ástand kantsteinsins sem hann ók á. Engar skoðunarskýrslur, matsgerðir eða sönnunargögn af öðru tagi liggja fyrir um ástand kantsteinsins. Eins og mál þetta liggur fyrir er ósannað að skemmdir þær sem urðu á A verði raktar til ástands kantsteinsins eða að starfsmenn S hafi með saknæmum hætti vanrækt eftirlit og viðhald með kantsteininum. Verður því ekki séð að tjónið verði rakið til atvika sem S ber ábyrgð á. Það telst því ekki vera bótaskyld úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 7. maí 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 130/2013**M****og****Vátryggingafélag v/slysátryggingar heimilstryggingar****Ágreiningur um hvort gætt hafi verið tilkynningarfrests skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 vegna slyss 11.11. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 04.04. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.04. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist á æfingu hjá björgunarsveit þegar hann steig með hægri fót úr bifreið og snéri upp á hægri ökkla.

Ágreiningur er um hvort M hafi gætt tilkynningarfrests skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Félagið vísar til þess að slys M hafi ekki verið tilkynnt til félagsins fyrr en í febrúar 2013 er lögmaður hafði samband við félagið og spurðist fyrir um vátryggingar M. Félagið vísar til þess að M hafði lögmann til aðstoðar í 15 mánuði án þess að tilkynna félaginu um slysið. Það telur að M hafi glatað rétti sínum vegna tómlætis skv. nefndri 124. gr. Félagið telur rétt að miða tilkynningarfrestandi síðasta lagi við 08.11. 2011 er M leitaði til lögmanns ellegar tilkynningu hans til Sjúkrátrygginga í mars 2011. M hafi leitað á slysadeild strax eftir slysið og verið greindur með tognun og ofreymslu á ökkla sbr. gögn málsins. Félagið vísar til dóms Hæstaréttar frá 14.02. 2013 í máli 522/2012 afstöðu sinni til stuðnings.

M vill miða upphaf tilkynningarfrestands við 10.04. 2012 þegar vandinn var greindur og hann sendur í aðgerð vegna afleiðinga slyss. Hann vísar í tiltekna dóma máli sínu til stuðnings.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum vanrækti M tilkynningarskyldu sína skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Telja verður að M hafi, líkt og vátryggingafélagið vísar til, gert sér grein fyrir afleiðingum slyssins talsvert áður en það var tilkynnt til félagsins. Bótaréttur M er því fallinn niður.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. maí 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 131/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-) B

Árekstur á Grensásvegi við Fellsmúla í Reykjavík þ. 8.3.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.4.4.2013 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V-2 dags. 10.4.2013
3. Bréf V-1 dags. 19.4.2013.

Málsatvik.

Árekstur varð á Grensásvegi við Fellsmúla. A var ekið suður Grensásveg á vinstri akrein en B var ekið á hægri akrein. Ökumaður A segist hafa skipt um akrein til hægri og stöðvað á rauðu umferðarljósi á gatnamótunum við Fellsmúla. Ökumaður B segist hafa séð þegar A skipti um akrein og beygði í veg fyrir B og ekki náð að stöðva í tæka tíð og því ekið aftan á A.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn verður ekki annað séð en að varhugavert hafi verið af ökumanni A að haga akstri sínum með þeim hætti sem ökumaðurinn gerði og ber ökumaður A alla sök á árekstrinum þar sem hún beygði A skyndilega í veg fyrir B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 30.4.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 132/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/sjúklingatryggingar lækni.****Ágreiningur um bótaskyldu í kjölfar aðgerðar árið 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 03.04. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.04. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M leitaði til lækni vegna dofa og verkja í höndum í október 2009. Vátryggður læknir framkvæmdi aðgerð á hægri hendi M 13.10. 2009, þar sem miðtaug var losuð undan þrýstingi með skurði efst á hægri lófa. Var sambærileg aðgerð gerð á vinstri hendi 11.11. 2009. Eftir aðgerðirnar leitaði M til lækni vegna verkja í hægri hendi. Gripið var til ráðstafana sbr. fyrirliggjandi gögn. Í mars 2010 hafði M aftur samband við lækinn vegna verkja sbr. fyrirliggjandi gögn. M.a. var framkvæmd segulóm skoðun í júlí 2010.

Félagið leitaði sérfræðiálits lækni sbr. fyrirliggjandi gögn vegna kvartana M. Telur M að sönnunargildi þess álits sé takmarkað þar sem þess hafi verið aflað einhliða af félaginu. Félagið er því ósammála.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að hann hafi sýnt fram á að um bótaskyldan vátryggingaratburð sé að ræða sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur að osakatengsl séu ósönnuð. Það telur og að þrátt fyrir að þau væru sönnuð þá er ósannað að mistök hafi verið gerð við aðgerð eða í meðferð vátryggðs lækni á eftir. Það telur ósannað að önnur aðferð hefði afstýrt tjóni M og einnig sé ósannað að óþægindi M nú megi rekja lækni meðferðar vátryggðs lækni. Félagið telur m.ö.o. ósannað að bótaskylda sé fyrir hendi á grundvelli 2. gr. laga um sjúklingatryggingu.

Álit

Vátryggingafélagið fer fram á frávísun málsins á þeim grundvelli að ársfrestur hafi verið liðinn þegar málskotið var móttakið. Vegna þessa skal þess getið að málskotið, ásamt greiðslu málskotsgjalds, var móttakið í tölvupósti þann 30.03. 2013. Málskotið ásamt fylgiskjöllum barst nefndinni í pósti 04.04. sl. Fyrir mistök var málið ekki skráð inn fyrir en þá, fylgiskjölín bárust ekki með málskotinu og því var það ekki skráð inn strax heldur beðið eftir gögnunum. Með hliðsjón af framanrituðu er ekki tilefni til frávísunar máls þessa.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að bótaskylda sé fyrir hendi skv. lögum um sjúklingatryggingu.

Ekki þykir rétt að víkja til hliðar eða telja að sönnunargildi fyrirliggjandi sérfræðiálits sé takmarkað vegna þessa að vátryggingafélagið hafi aflað þess einhliða.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. maí 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 133/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna falls eftir að hafa fallið í yfirlið.****Gögn.**

- 54. Málskot, móttakið 8.4.2013, ásamt fylgigögnum.
- 55. Bréf X, dags 19.4.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni dags hinn 12.8.2012 var M á leið á salerni vegna flökurleika. Á leið þangað féll hann í yfirlið og féll í gólfið án þess að geta borið hendur fyrir sig. Hlaut hann höfuðkúpubrot, viðbeinsbrot og áverka í andliti, þ. á m. á tönnum. Um klukkustund síðar féll M aftur í gólfið af sömu ástæðu.

M hefur krafist bóta úr frítímaslysátryggingu heimilstryggingar hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt framangreindri slysátryggingu greiðir félagið bætur vegna slyss er sá sem tryggður er verður fyrir samkvæmt því sem nánar greinir í skilmálum vátryggingarinnar. Jafnframt er tekið fram að með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. M varð fyrir meiðslum er hann féll tvívegis í gólfið í kjölfar þess að það leið yfir hann. Varð það þannig vegna einkenna innra með honum sem urðu þess valdandi að M féll í gólfið og meiddist. Við þessar aðstæður verða meiðslin ekki rakin til skyndilegs utanaðkomandi atburðar sem er meðal skilyrða þess svo um slys geti verið að ræða samkvæmt skilmálum þeim sem um slysátrygginguna gilda. Af því leiðir að meiðsl þau sem M hlaut umrætt sinn eru ekki bótaskyld úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysátryggingu hjá X.

Reykjavík, 7. maí 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 134 /2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartrygging ökutækis A

Krafa um bætur vegna munatjóns vegna umferðaróhapps þ. 1.2.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.3.4.2013 ásamt fylgiskjölum 1-5.
2. Bréf V dags. 23.4.2013 ásamt fylgiskjölum 1-6

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa misst stjórn á bifreiðinni þegar hún var að aka yfir brú og lent á brúarhandriðinu. M var farþegi í A og gerir kröfu til að fá bætt munatjón og fer fram á viðurkenningu á því að hafa orðið fyrir meiðslum og munatjóni m.a. að fá bættan mokkajakka. V hafnar bótaskyldu og vísar í lögregluskýrslu þar sem komi fram að engin farþega hafi kennt sér nokkurs meins. Auk þess telur V að M hafi veitt rangar upplýsingar en því hafnar M. V bendir á að engar rúður hafi skemmst eða innra byrgði bifreiðarinnar við umferðaróhappið, en ljóst sé að töluvert þurfi til að koma til að rífa mokkajakka og ekkert renni stoðum undir þá fullyrðingu M eða munatjón hennar mokkajakka og einnig gleraugu sem aldrei hafa fundist. Þá telur V ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Álit.

Ekki eru fram kominn gögn eða upplýsingar sem renna stoðum eða sanna að M hafi orðið fyrir því munatjóni sem hún gerir kröfu til að fá bætt úr ábyrgðartryggingu A. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A. Ekki er nægjanlega sannað að um svik hafi verið að ræða af hálfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 14.5.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 136/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/frítímaslyss****Ágreiningur um bótaskyldu, hvort um slys hafi verið að ræða 05.08. 2012 og/eða stórkostlegt gáleysi.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 04.04. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.04. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M sótti bolta sem hafði ratað upp á þaki húss við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði. M hluta meiðsl er hann stökk niður af þakinu. Talið er að fallið hafi verið um þrá metra. M mun hafa klifrað upp á þakið eftir stillans sem var við húsið. Hann náði í boltann og kastar honum niður. Stígur því næst út á stillansinn og ákveður að stökkva niður en lendir á misfelli og ökklabrotnar.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann vísar til dóms Hæstaréttar í máli 412/2011 frá 23.02. 2012 til stuðnings afstöðu sinnar. M telur að félagið hafi ekki sannað að tjónstakmörkunarskilyrði um ölvun eigi við sem orsakapáttur.

Vátryggingafélagið vísar til læknisvottorðs, dags. 05.12. 2012, þar sem fram kemur að M hafi verið undir áhrifum áfengis og/eða fíkniefna. Hann hafi verið greinilega drukkin. Hann hafi viðurkennt þetta ástand. Félagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til ákvæðis skilmála þar sem fram kemur að ekki eru bætt slys sem verða vegna drykkjareitrunar eða neyslu eitur- eða nautnalyfja. Félagið vísar og til stórkostlegs gáleysis í bréfi til nefndarinnar. Félagið telur og að ekki hafi verið um slys að ræða samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. M hafi hoppað niður af þaki í um 3ja metra hæð að eigin frumkvæði. Osannað sé að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða. Hans eigin hreyfing (stökk) olli meiðslum, að álit félagsins. Þá telur félagið að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða því hann hafi verið undir áhrifum áfengis og/eða lyfja klifrað upp á húspak verslunarinnar og hoppað niður. Slíkt sé til þess fallið að skila alvarlegum áverkum eða “jafnvel dauða”. Félagið telur augljós orsakatengsl milli ástands M og slyssins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi hlotið meiðsl við slys samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Um utanaðkomandi skyndilegan tjónsatburð var að ræða er M stökk niður og meiddist. Stökkið og niðurlaga á misfelli er skyndilegur utanaðkomandi atvik sem olli meiðslum M. Það breytir ekki framanrituðu þó stökkið/hreyfin M hafi verið með vilja M. Niðurstæða Hæstaréttar í máli 412/2011 styður þá niðurstöðu.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að stökkva niður af um þriggja metra hæð. Er það til þess fallið að valda meiðslum á líkama jafnvel alvarlegum áverka líkt og vátryggingafélagið bendir á. Fullyrt er í læknisvottorði að M hafi verið undir áhrifum áfengis og/eða fíkniefna. Ólíklegt er að M hafi valdið þann kost að stökkva niður nema af því að hann var í því ásandi sem lýst er. Orsakatengsl eru því á milli ástands hans og slyssins. Með vísan til þessa og ákvæða vátryggingarskilmála og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þykir rétt að skerða bótarétt M sem nemur 2/3 hlutum vegna stórkostlegs gáleysis hans.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi sem nemur 1/3 hluta.

Reykjavík 7. maí 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 137/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar A

Maður kastaði sér af sexhjóli. Líkamsáverkar. Orsakasamband þ. 1.8.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.3.4.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 27.8.2013.

Málsatvik.

M segist hafa verið farþegi í A sem hafi runnið stjórnlaust niður brekku og hann þá kastað sér af því og fengið hnykk á hálsinn þegar hann lenti illa í brekkunni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna meiðsla sem hann hafi hlotið í umrætt sinn. M byggir á því að lækisfræðileg gögn staðfesti slysið og lýsingar M um tildrög þess og skýrsla sjúkraþjálfara dags. 30.3.2013 um komu M í sjúkraþjálfun um tveim mánuðum eftir bílslyss á byrjun ágúst 2011. V hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A og telur ósannað að M hafi verið á hjólinu með ökuþingi þess og óundirrituð og ódagsett yfirlýsing dags.24.10.2011 sé ekki fullnægjandi sönnun þess. Þá telur V ósannað að orsakatengsl séu á milli slyssins og einkenna M jafnvel þó sannað yrði að M hafi lent í slysinu. V bendir á að M hafi ekki leitað á slysideild fyrr en rúmum þrem mánuðum eftir slysið og röntgenmyndir hafi ekki sýnt fersk áverkamerki. Síðan hafi M leitað til læknis þ.22.2.2012. Þá telur V að í skýrslu sjúkraþjálfara komi hvorki fram sönnun á tjónsatburðinum né á orsakatengslum og þá liggi engin tilvísun frá lækni fyrir sjúkraþjálfuninni fyrir. Loks vísar V í dóma Hæstaréttar í málum nr. 89/2006, 240/2008 og 683/2009.

Álit.

Engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna ótvírætt fram á að þau óþægindi sem hrjá M í dag, stafi af áverkum sem hann hlaut þ. 1.8.2011. Þá leitaði M ekki til læknis fyrr en rúmum 3 mánuðum eftir það atvik sem M byggir kröfu sína á og dregur það úr sönnunargildi yfirlýsinga hans sjálfs. Af fyrirliggjandi gögnum liggur ekki fyrir sönnun um orsakasamband milli þess atviks sem M lýsir að hafi átt sér stað þ. 1.8.2011 og þeirra líkamsáverka sem M byggir kröfu sína á. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 17.9.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 137/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Maður kastaði sér af sexhjóli. Líkamsáverkar. Orsakasamband þ. 1.8.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.3.4.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags.

Málsatvik.

M segist hafa verið farþegi í A sem hafi runnið stjórnlaust niður brekku og hann þá kastað sér af því og fengið hnykk á hálsinn þegar hann lenti illa í brekkunni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna meiðsla sem hann hafi hlotið í umrætt sinn. M byggir á því að læknisfræðileg gögn staðfesti slysið og lýsingar M um tildrög þess og skýrsla sjúkraþjálfara dags. 30.3.2013 um komu M í sjúkraþjálfun um tveim mánuðum eftir bílslyss á byrjun ágúst 2011. V hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A og telur ósannað að M hafi verið á hjólinu með öikumanni þess og óundirrituð og ódagsett yfirlýsing dags.24.10.2011 sé ekki fullnægjandi sönnun þess. Þá telur V ósannað að orsakatengsl séu á milli slyssins og einkenna M jafnvel þó sannað yrði að M hafi lent í slysinu. V bendir á að M hafi ekki leitað á slysadeild fyrr en rúmum þrem mánuðum eftir slysið og röntgenmyndir hafi ekki sýnt fersk áverkamerki. Síðan hafi M leitað til læknis þ.22.2.2012. Þá telur V að í skýrslu sjúkraþjálfara komi hvorki fram sönnun á tjónsatburðinum né á orsakatengslum og þá liggja engin tilvísun frá lækni fyrir sjúkraþjálfuninni fyrir. Loks vísar V í dóma Hæstaréttar í málum nr. 89/2006, 240/2008 og 683/2009.

Álit.

Engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna ótvírætt fram á að þau óþægindi sem hrjá M í dag, stafi af áverkum sem hann hlaut þ. 1.8.2011. Þá leitaði M ekki til lækni fyrr en rúmum 3 mánuðum eftir það atvik sem M byggir kröfu sína á og dregur það úr sönnunargildi yfirlýsinga hans sjálfs. Af fyrirliggjandi gögnum liggur ekki fyrir sönnun um orsakasamband milli þess atviks sem M lýsir að hafa átt sér stað þ. 1.8.2011 og þeirra líkamsáverka sem M byggir kröfu sína á. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 17.9.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 138/2013
M
og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar H

Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við byggingu fjöleignahúss.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.4.2013 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 29.4.2013.

Málsatvik.

Mál þetta varðar sama mál og fjallað var um af Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum í úrskurði nefndarinnar nr. 4/2013. Lögmaður M byggir á þeim gögnum sem þá voru lögð fram auk nokkurra nýrra gagna sem nú eru lögð fram af hálfu M. Eins og fram kom í úrskurði nr. 4/2013 þá telur M að margvíslegir annmarkar hafi komið fram við byggingu húss þess sem málskot þetta fjallar um og gerir kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu H sem voru verktakar við pípulagnir við húsbygginguna. V hafnaði bótaskyldu þar sem félagið taldi útilokað að sjá nákvæmlega hvaða tjón það er sem óskast bætt en margháttað tjón hefur verið metið í matsgerðum sem voru fylgiskjöl í málinu og frekari samskipta. Þá liggur ekki fyrir ábyrgð byggingarstjóra á þeim misfellum sem komið hafa fram og vísar V til þess að það valdi því að málið sé það illa upplýst að visa beri því frá sbr. e-lið 1.mgr. 4.gr. samþykta Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Úrskurðarnefndin úrskurðaði að sá málatilbúnaður sem hafður var uppi í máli nr. 4/2013 væri svo óljóst og illa upplýst að það væri ekki tækt til úrskurðar.

Nú liggja fyrir tölvubréf um viðurkenningu á bótaskyldu vátryggingafélags byggingarstjóra á ákveðnum göllum sem fjallað er um í matsgerðum sem liggja frammi í málinu. Að öðru leyti er ekki öðrum nýjum gögnum til að dreifa af hálfu M að undanskildum málsútlitunum lögmanns hennar. Af hálfu V er vísað til þess nú að V samþykki ekki að Úrskurðarnefndin fjalli um fjárkröfur, en slíkt er ekki unnt nema báðir aðilar samþykki það. V telur að þrátt fyrir það að í síðara málskoti séu tilteknir liðir með vísan til matsgerða þá komi ekkert nýtt fram sem sýni sök H á því tjóni sem M kunnir að hafa orðið fyrir og hafnar því bótaskyldu.

Álit.

Mál þetta er orðið nokkuð umfangsmikið en á það skortir að sýnt sé fram á bótaskyldu H af hálfu M miðað við fyrirbyggjandi gögn og engin ný gögn eru lögð fram í þessu máli umfram það sem lagt var fram í máli nr. 4/2013 sem sýna fram á bótaábyrgð H í málinu miðað við skilmála ábyrgðartryggingar hans hjá V. M á því ekki miðað við fyrirbyggjandi gögn rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 21.5.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 139/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði hinn 26.2.2013.**Gögn.**

56. Málskot, móttakið 9.4.2013, ásamt fylgigögnum.

57. Bréf X, dags 11.4.2013.

58. Bréf Y, dags. 2.5.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak á bifreiðastæði við tiltekna götu í Reykjavík og rakst þá hægra afturhorn hennar á vinstra afturhorn bifreiðarinnar B sem hafði verið lagt fyrir aftan A.

Ökumaður A kvað ökumann B hafa ruðst farþegamegin inn í A og lamið sig í handlegg og andlit og hafi hann borið hendur fyrir sig. Tiltekin kona, D, hafi dregið ökumann B út úr A. Er hann hafi við þetta farið af bremsunni hafi A, sem sennilega hafi verið í bakkgír, runnið aftur á bak og á B, hann hafi ekki vitað af þeirri bifreið fyrir aftan A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á eftir A er þeirri bifreið var lagt í bifreiðastæðið. Hafi hann lagt B fyrir aftan A og farið að ökumanni A og „gripið aðeins í hann“. Að svo búnu hafi hann farið aftur að bifreið sinni. Hafi hann þá séð A vera bakkað lítillega í átt að B. Hafi hann þá öskrað til ökumanns A sem hafi stöðvað, en þá hafi verið „mjög naumt“ á milli bifreiðanna. Skyndilega hafi A svo verið bakkað á B og ökumaður A ekið á brott í kjölfarið.

Vitni í íbúð við bifreiðastæðið kvaðst hafa setið við svalahurð er hún heyrði bílflaut. Hún hafi litið upp og séð A vera ekið aftur á bak og heyrði síðan brothljóð („krass“). Hafi hún séð ökumann B vinda sér að ökumanni A og tuskað hann til. Þá hafi kona komið aðvífandi og tekið í ökumann B til að losa ökumann A. Því næst hafi ökumaður A lokað bílhurðinni og ekið á brott.

Álit.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að A var ekið aftur á bak og rakst við það á B sem var kyrrstæð fyrir aftan A. Ökumaður A ber ábyrgð á tjóni því sem hlaut við áreksturinn nema sannað teljist að áreksturinn verði rakinn til sakar ökumanns B eða annarra atvika sem ökumaður A ber ekki ábyrgð á. Einungis ökumenn eru til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans, svo og eitt vitni. Framburðir þessara aðila eru með engu móti samrímalegir. Af framburði þeirra telst ekki sannað að annar en ökumaður A eigi sök á árekstrinum. Verður því ekki hjá því komist að leggja á hann alla sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 21. maí 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 140/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar orkuveitunnar (O)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns 07.01. 2013.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.04. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.05. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vatnstjón varð í miðstöðvarrymi í kjallara M. Heitt vatn hafði seitlað inn meðfram hitavatnsinntaksröri. Lögn utan við húsið gaf sig. M telur rörið vera í eigu og umsjá O.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Um smávægilegan leka hafi verið að ræða sem virðist hafa seitlað meðfram hitavatnsinntaksrörinu og inn í miðstöðvarrymi um nokkurn tíma. Þegar lekinn uppgötvaðist var O gert viðvart. Brugðist var strax við og lekinn stöðvaður. Félagið getur þess að ekki er um hlutlæga ábyrgð að ræða. Ekkert hafi komið fram sem bendir til þess að tjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi O svo sem hirðuleysis eða einhvers annars konar vanrækslu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi vatnstjónið til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka eða saknæmrar háttsemi starfsmanna hans. Ekki hefur verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. maí 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 141/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á hringtorgi við Rauðavatn í Reykjavík þ. 13.1.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 3.5.2013
3. Bréf V-2 dags. 2.5.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Báðum bifreiðunum var ekið inn á hringtorgi við Rauðavatn af Breiðholtsbraut og var B í innri hring og A í ytri hring. Ökumaður A segist hafa ætlað að aka Suðurlandsveg til vesturs og því farið framhjá fyrstu útkeyrslu en þá hafi B ekið inn í hliðina á A. Ökumaður B segist hafa ekið af Breiðholtsbraut inn í innri hring og ætlað að beygja Suðurlandsveg til suðurs en árekstur hafi orðið

Álit.

Báðum ökutækjunum var ekið inn í hringtorgið á svipuðum tíma en A er á undan B skv. teikningu á framhlið tjónstilkynningar. Miðað við aðstæður var fráleitt að aka inn í innri hring til að beygja út úr hringtorginu á næstu útkeyrslu örskömmu frá innkeyrslunni eins og ökumaður B gerði án þess að huga að annarri umferð sbr. 1. og 3. mgr. 15.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður því öll sök lögð á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík .21.5.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 142/2013

**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum
bifreiðaáreksturs.**

Gögn.

59. Málskot, móttakið 12.4.2013, ásamt fylgigögnum.
60. Bréf X, dags. 30.4.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30.10.2011 var bifreiðinni A ekið í aftanverða hægri hlið bifreiðar M í hringtorgi á gatnamótum Bæjarháls og Bæjarbrautar í Reykjavík. Lögregla var kölluð á vettvang, en ekki liggur fyrir lögregluskýrsla um atvikið. Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna um áreksturinn kemur fram að sjáanlegar skemmdir hafi orðið á bifreiðunum, en ekki er nánar lýst hverjar skemmdirnar eru.

Hinn 31.1.2012 leitaði M til heimilislæknis á heilsugæslustöð vegna verkja í vinstri öxl sem hann rekur til fyrrgreinds áreksturs. Við röntgenrannsókn, sem framkvæmd var 2.2.2012, kom í ljós „merki um þrota í bursunni, örlar á impingement við abduction“. Í kjölfarið var M sendur til skoðunar hjá bæklunarskurðlækni. Í svari bæklunarskurðlæknisins kom fram að M hafi fyrst verið slæmur í vinstri öxl, en í seinni tíð hafi verkir í hægri öxl verið að ágerast og við skoðun hafi meiri óþægindi verið í vinstri öxlinni við allar hreyfingar, en „impingementþróf“ meira jákvætt hægra megin.

M hefur krafist staðfestingar á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn um málsatvik eru mjög af skornum skammti, eða einungis sameiginleg tjónstilkynning ökumanna og eitt læknisvottorð heimilislæknis sem M leitaði fyrst til tveimur mánuður eftir áreksturinn. Engin matsgerð liggur fyrir um líkamstjón það sem M á að hafa hlotið við áreksturinn. Af hinum takmörkuðu gögnum um líkamstjón M verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að hann hafi hlotið áverka á vinstri öxl eða annað líkamstjón við áreksturinn. Hann á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 21. maí 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 144/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar vátryggingamiðlunar****Ágreiningur um bótafjárhæð.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 05.04. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.04. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Í júlí 2011 flutti umrædd vátryggingamiðlun sjúkdómatryggingu M til annars vátryggjanda þ.e. A. Vátryggingamiðlunin sagði upp líf- og sjúkdómatryggingu M hjá öðru félagi þ.e. B. Þann 10.10. 2011 greindist M með sortuæxli á baki. Vátryggingafélagið A hafnaði bótaskyldu vegna þess þar sem aðeins voru liðnir 75 dagar frá gildistöku vátryggingarinnar til greiningar sbr. fyrirliggjandi gögn. Fram kemur hjá M að óumdeilt er að M hafi átt rétt á bótum frá B sem miðlarinn hafði sagt upp.

M telur sig eiga rétt til greiðslu bóta í breskum pundum. Fram kemur að tjón M hafi verið gert upp þann 30.01. sl. með fyrirvara um rétt M til annarrar myntar en greidd var annars gengis og vaxta, dráttarvaxta og þóknunar.

Vátryggingafélagið X, sem starfsábyrgðartryggingir starfsemis miðlunarinnar, telur að mál þetta varði ágreiningur um bótafjárhæð. Félagið fer fram á frávisun málsins því það samþykkir ekki að úrskurðarnefndin fjalli um bótafjárhæðina sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykka nefndarinnar.

Álit

Miðað við fyrirliggjandi gögn er ágreiningur málsaðila um bótafjárhæð.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykka nefndarinnar nr. 1090/2005 úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila.

Vátryggingafélagið X samþykkir, sem fyrr segir, ekki að nefndin fjalli um ágreiningur máls þessa.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum og fenginni afstöðu vátryggingafélagsins er máli þessu vísað frá nefndinni sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykka nefndarinnar.

Niðurstaða.

Frávisun sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykka úrskurðarnefndar.

Reykjavík 7. maí 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 145/2013
M v. A og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R

Umferðaróhapp þegar bifreið ók ofan í brunn á gatnamótum Bústaðavegar og Óslands í Reykjavík þ. 6.3.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf Tryggingamiðstöðvarinnar dags. 15.3.2013 og 22.4.2013.
3. Bréf Úrskurðarnefndar í Vátryggingamálum dags. 17.4.2013.

Málsatvik.

M segist hafa ekið A ofan í opinn brunn á gatnamótum Bústaðavegar og Óslands og hafi A orðið fyrir tjóni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu R hjá V en starfsmenn R hafi mokað upp umgjörð í kringum brunninn sem hafi brotnað. V tekur fram að það hafi ekki hafnað bótaskyldu í málinu heldur óskað eftir frekari upplýsingum m.a. um fjárhæð tjónsins, en þeirri beiðni V hafi ekki verið svarað. V krefst ekki frávísunar málsins frá Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum vegna þessa. V bendir á að ábyrgð vátryggðs á tjóninu fari eftir almennum skaðabótareglum og ökumaður vinnuvélar þeirrar sem í hlut átti hafi ekki tekið eftir því þegar tjónið varð enda skyggni lélegt og aðstæður erfðar í umrætt sinn. V telur því að ökumaður vinnuvélarinnar hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi enda unnið við mokstur með hefðbundnum hætti í slæmu veðri og ekki vikið frá neinum reglum varðandi framkvæmd verksins.

Álit.

Ekki hafa verið færðar sönnur á að ökumaður vinnuvélarinnar sem annaðist um mokstur í umrætt sinn hafi vitað af því að umgjörð í kringum umræddan brunn hafi brotnað eða hagað vinnu sinni með þeim hætti að hann beri skaðabótaábyrgð. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 7.5.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 146/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar húsfélags

Bifreið varð fyrir tjóni þegar bílageymsluhurð fór niður þ. 4.2.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.10.4.2013 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 23.4.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segist hafa verið að aka bifreið inn í bílageymslu og hafi annar bill verið á undan henna og hafi hún neyðst til að stöðva sinn bíl meðan billinn á undan fór inn í stæði og hafi síðan ekið af stað og þá hafi bílageymsluhurðin farið niður og skrapað toppinn á bifreið sinni. M krefst bóta og telur að skynjarar í bílageymsluhurðinni hafi verið settir svo lágt að þær skynji ekki jeppabifreiðar ef geislinn fer á milli dekkja og búið sé að hækka skynjarann í dag. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið sýnt fram á sök húsfélagsins og engin gögn lögð fram sem sýni að hurðin eða skynjararnir hafi ekki virkað með eðlilegum hætti. Þá telur V að bílageymsluhurðin standist allar kröfur sem til hennar séu gerðar. Þá telur V að sú staðreynd að skynjarar hafi verið færðir til sanni ekki að um saknæma eða ólögmmæta háttsemi hafi verið að ræða af hálfu húsfélagsins.

Álit.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu sem staðreyna þá staðhæfingu M að umrædd bílageymsluhurð hafi verið haldin ágalla í umrætt sinn eða hún vanbúin þannig að húsfélagið beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu húsfélagsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjúsfélagsins hjá V.

Reykjavík 14.5.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 147/2013
M og
V vegna stjórnendatryggingar (Directors & Officers Liability insurance) G.

Krafa um viðurkenningu greiðsluskyldu úr stjórnendatryggingu vegna ýmissa mála á árunum 2011-2012.

Gögn.

9. Málskot móttakið 16. apríl 2013 ásamt gögnum.
10. Tvö bréf lögmannna V, bæði dags. 17. maí 2013, ásamt gögnum tilgreindum í skjalaskrá.

Málsatvik.

Þann 1. maí 2008 keypti G svokallaða stjórnendatryggingu (Directors & Officers Liability insurance) hjá V. Gildistími hennar var til 1. maí 2009. Áður en váttryggingin tók gildi höfðu starfsmenn G gefið upplýsingar um starfsemi bankans með því að svara spurningum og rita undir váttryggingabeðið (proposal form) dags. 31. mars 2008 og gefa sérstaka yfirlýsingu um engar kröfur eða efnislegar breytingar (no claims/material changes declaration), dags. 14. maí 2008.

Í þessu máli gera M kröfu um að viðurkennd sé greiðsluskylda V vegna málskostnaðar við varnir skaðabótamáls sem G höfðaði í febrúar 2012 á hendur M sem og málskostnaðar vegna sakamála sem sérstakur saksóknari hefur höfðað gegn M á árunum 2011 og 2012.

Málsatvik í þessu máli tengjast náið atvikum mála í úrskurðum nr. 278/2011, 502/2011, 63/2013 og 64/2013 þar sem fjallað er um sömu váttryggingu G. Álitaeftni í öllum þessum málum lúta fyrst og fremst að því hvort upplýsingaskylda var vanrækt af hálfu G við töku váttryggingarinnar og brostnar forsendur séu fyrir gildi hennar. Einnig hefur reynt á hvort G hafi átt rétt til kaupa á viðbótarvernd í skilningi sérstakra ákvæða váttryggingarskilmála um slíkan rétt. Það álitaeftni var hins vegar leitt til lykta í máli Hæstaréttar nr. 390/2012. Síðast en ekki síst hefur reynt á hvort váttryggðir í tryggingu G hafi átt rétt á sérstakri vernd stjórnarmanna sem láta af störfum (*e.retired*) í 72 mánuði eftir að váttrygging féll úr gildi 1. maí 2009. Þar reynir fyrst og fremst á það hvort skilyrði váttryggingaskilmála, um að ný trygging hafi ekki verið keypt, hafi verið uppfyllt en einnig hvaða skilning eigi að leggja í enska orðið *retired* og hvort þeir sem voru váttryggðir í skilningi váttryggingarinnar hafi uppfyllt það skilyrði áður en váttryggingin féll úr gildi.

Í málskoti M kemur fram að þeir hafi ýmist verið við störf sem stjórnarmenn eða bankastjóri á árunum 2007 – 2008. Ekki þykir skipta máli m.t.t. þess lagalega ágreinings sem uppi er í þessu máli að aðgreina stöðu M innbyrðis. M vísar til þess að þeir hafi beint kröfum að V vegna málsins í mars 2012 en vekja einnig athygli á dómsmáli sem í gangi er gegn V þar sem reynir um margt á sömu álitaeftni. Í samþykktum fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005, kemur fram í d.lið 4.gr. að nefndin fjalli ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla. Tilefni málskots þessa er ekki nákvæmlega það sama og tilefni málshöfðunar sem leiddi til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6107/2010 frá 16. apríl sl. Máli þessu verður því ekki vísað frá nefndinni en ekki verður hjá því litið að álitamálin eru nokkurn veginn þau sömu. Nefndin er almennt ekki bundin af niðurstöðum héraðsdóma og telur ekki unnt að leggja til grundvallar að niðurstaða tilvísaðs dóm máls sé bindandi fyrir hana.

M telur að kostnaður vegna málshöfðunar G og mála sérstaks saksóknara eigi að koma til greiðslu úr váttryggingu G með vísan til 1. og 4.tl. I. hluta váttryggingaskilmála tryggingarinnar, sbr. orðskýringar í II. hluta skilmálanna. M telja að þeir hafi allir hlotið, til viðbótar hefðbundnum árs-gildistíma váttryggingarinnar, svokallaða 72 mánaða vernd H-liðar III. hluta váttryggingarskilmála frá 1. apríl 2009 og taki tryggingin því til allra ofangreindra mála M.

M telja að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6107/2010 frá 16. apríl sl. skýrt fordæmi um rétt sinn og telja að skilyrði H-liðar III. hluta skilmálanna séu uppfyllt að öllu leyti. Ekki hafi verið keypt ný váttrygging til hagsbóta fyrir M og V geti ekki borið slíkt fyrir sig þrátt fyrir upplýsingar um váttryggingu sem G keypti hjá UIB Nordic AB þann 1. júlí 2009. Sú váttrygging gildi ekki fyrir M eða aðra fyrrverandi stjórnendur G og geti því ekki verið ný váttrygging í skilningi umrædds ákvæðis. M vísa til yfirlýsingar UIB dags. 13. desember 2010 þar sem kemur fram að váttryggingin taki til starfsemi „Nýja Glitnis“, afturvirk dagsetning (e. retroactive date) sé 7. október 2008 auk þess sem sérstaklega sé tekið fram að váttryggingin taki ekki til krafna sem tilkynnt hafi verið um eða sem stofnuðust úr eldri váttryggingum.

M telja einnig að með orðinu retired í H-lið III. hluta váttryggingarskilmála sé átt við alla þá sem látið hafa af störfum óháð ástæðum og vísa til sambærilegra röksemda í niðurstöðum nefndarinnar í málum nr. 38/2010, 288/2011 og 502/2011 máli sínu til stuðnings.

M telja að V beri sönnunarbyrði fyrir því að G eða forsvarsmenn G hafi veitt rangar upplýsingar um áhættu áður en váttryggingin tók gildi og þannig vanrækt upplýsingaskyldu sína. M telja auk þess að þeir hafi ekki komið nálægt upplýsingagjöf til V vegna váttryggingarinnar og þannig hafi þeir ekki brotið gegn 19.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 sem fjallar um upplýsingaskyldu. Einnig vísa M til þess að þeir hafi ekki valdið váttryggingaratburði í skilningi sömu laga og að önnur ákvæði váttryggingarskilmála en fjallað hefur verið um hér, sem undanskilja V ábyrgð, eigi ekki við um mál þeirra.

V telur að þau mál sem M vísi til hafi augljóslega komið fram eftir að váttryggingin féll úr gildi í maí 2009 og því nái váttryggingin ekki til verndar vegna þeirra mála. Leiði það af upphafsorðum skilmála váttryggingarinnar um að hún byggji á svokallaðri kröfugerðarreglu („claims made policy“). Varnir V gegn kröfum M byggjast aðallega á því að G hafi keypt nýja váttryggingu fyrir stjórnendur sína og skilyrði um að slíkt hafi ekki gerst, í skilningi H-liðar III. hluta váttryggingarskilmála, því ekki uppfyllt. M hafi ekki heldur látið af störfum í réttum skilningi sama ákvæðis. Auk þess hafi verið brotið gróflega gegn skyldum G að láta af hendi réttar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar G óskaði eftir váttryggingu á vormánuðum 2008.

V telur að það sé skýrt að G hafi keypt nýja tryggingu fyrir stjórnendur sína á árinu 2009 hjá öðru váttryggingafélagi (UIB) og skýringar M á gildissviði þeirrar váttryggingar séu ekki tækar. V telur að miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram taki váttryggingin til M og röksemdum um annað er mótmælt. Í váttryggingarskilmálum váttryggingar UIB komi fram í skilmálum að váttryggingin taki til fyrrverandi stjórnenda. Skilgreining M á afturvirkri dagsetningu (e. retroactive date) standist ekki, því váttryggingarskírteini og váttryggingarskilmálar séu skýrir um rétt fyrrverandi stjórnenda. Yfirlýsing UIB um annað sé því haldlaus. V vísar einnig til þess að þó svo endanleg niðurstaða væri sú að nýja váttryggingin tæki ekki til M breyti það ekki afstöðu V. Það byggist á því að orðalag í H-lið III. hluta skilmálanna um „einhverja aðra tryggingu“ sé skýrt um það að G þurfi einungis skv. orðanna hljóðan að hafa keypt einhverja aðra tryggingu og það hafi G gert og í þeirri tryggingu sé vísað almennt til stjórnenda G.

V vísar einnig til þess að M hafi ekki farið á eftirlaun né látið af störfum hjá G af eigin frumkvæði og gildissvið umrædds H-liðar III. hluta váttryggingarskilmála nái einungis til slíkra stjórnarmanna.

Síðast en ekki síst gerir V grein fyrir því með umtalsverðum og umfangsmiklum gögnum að brotið hafi verið gróflega gegn skyldu G og annarra váttryggðra til að veita réttar og fullnægjandi upplýsingar við töku tryggingarinnar. Varðandi upplýsingaskylduna almennt telur V að G hafi brotið gegn skyldum sínum við töku þar sem rangar upplýsingar um stöðu og rekstur G hafi verið gefnar m.a. í váttryggingabeidni og sérstakri yfirlýsingu sem V hafi óskað eftir frá G fyrir töku tryggingarinnar. G hafi auk þess ekki upplýst um fjölmörg atriði sem forsvarsmenn bankans hafi vitað eða mátt vita að hefðu haft verulega þýðingu við mat á váttryggingaráhættu. Skylda hafi hvílt á forsvarsmönnum G að gefa réttar upplýsingar skv. 19.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar að auki, ef litið er til almennra óskráðra reglna samningaréttar, váttryggingaréttar og kröfuréttar og ákvæða váttryggingarsamningsins sjálfs, megi líta svo á að áhrif rangra upplýsinga í

tilviki G leiði í raun til þess að váttryggingarsamningurinn sé ógildur. V leggur fram og vísar til fjölmargra almennra gagna um ætlaðar rangar upplýsingar af hálfu G í aðdraganda váttryggingarsamningsins. Þar á meðal umfjöllun um stöðu bankans í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, skýrslu COFISYS, stefnu G gegn tilteknum aðilum fyrir dómstólum í New York, ákætur og stefnur í öðrum málum. Vísar V auk þess til fyrri úrskurða úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum máli sínu til stuðnings auk umtalsverðs fjölda nýrra gagna, m.a. um niðurstöður í sakamálum og rannsóknir þeirra, skýrslna og upplýsinga frá FME sem G hafi ekki gert grein fyrir í umsókn um váttrygginguna, óvenjulegra samninga sem G hafi gert og ekki upplýst um í ársreikningi og tölvupóstsamskipta milli starfsmanna G um þann vanda sem bankinn var kominn í áður en upplýsingar í váttryggingabeidnum hafi verið veittar af hálfu G.

Frekari röksemdir V vegna ætlaðrar vanrækslu upplýsingaskyldu og áhrifa þess verða ekki tilgreindar í þessum úrskurði en vísað er til umfangsmikilla gagna málsins og ítrekað að V telur að afleiðingar umfangsmikillar vanrækslu á upplýsingaskyldu leiði til þess að V eigi ekki að bera ábyrgð skv. váttryggingarsamningnum og vísar um það m.a. til 19. og 20.gr. laga um váttryggingarsamninga og almennra reglna samningaréttarins um brostnar forsendur, ýmissa ákvæða laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Álit.

Nefndin vísar til afstöðu sinnar í málum nr. 502/2011 og 63 og 64/2013 og telur þau nýju gögn sem liggja fyrir eftir að þeir úrskurðir voru kveðnir upp ekki hafa ráðandi þýðingu í niðurstöðu þessa máls.

7. Upplýsingaskylda G við töku stjórnendatryggingar

Efnislega verður fyrst að taka afstöðu til þess hvort G teljist hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína m.t.t. ákvæða váttryggingarsamningsins, laga um váttryggingarsamninga, laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og meginreglna samningaréttar og kröfuréttar um brostnar forsendur. Gildi váttryggingarsamningsins er forsenda þess að ákvæði í skilmálum hans komi yfirhöfuð til skoðunar. Í málinu verður að miða við upplýsingaskyldu á þeim tíma sem váttryggingin var tekin og þær upplýsingar sem þá lágu fyrir. Það liggja nú fyrir gögn um stöðu mála eins og þau líta út með hliðsjón af því sem átti sér stað hjá G haustið 2008 og ítarlegri gögn en t.d. í fyrri málum þar sem nefndin hefur tekið afstöðu til sambærilegs álitaefnis. Þrátt fyrir þessa umtalsverðu gagnaöflun verður ekki fullyrt, m.v. þau sönnunargögn og þá sönnunarfærslu sem unnt er að viðhafa fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum, að alveg óyggjandi sé að upplýsingaskylda af hálfu G hafi verið vanrækt. Sérstaklega þegar litið er til óvissu um stöðu mála á vormánuðum 2008. V verður að bera hallann af vafa þar um og ekki verður því fullyrt að brostnar forsendur hafi verið fyrir útgáfu stjórnendatrygginga til G sem M leiðir mögulega váttryggingavernd sína af.

8. Gildissvið sérstakrar 72 mánaða verndar stjórnarmanna sem látið hafa af störfum

Ljóst er af upphafsorðum skilmála váttryggingarinnar að um er að ræða svokallaða „claims made“ váttryggingu. Það þýðir að váttryggingin tekur til krafna á hendur váttryggðum sem eru gerðar á gildistíma váttryggingarinnar. Ljóst er af gögnum málsins að sá gildistími er frá 1. maí 2008 til 1. maí 2009. Ekki liggur fyrir að kröfur hafi verið gerðar á hendur M á þessu tímabili heldur hafa þær verið gerðar eftir það, í þessu tiltekna máli á árunum 2011- 2012.

Hér þarf að leysa úr ágreiningi um gildissvið váttryggingarsamningsins hvað varðar það hvort M fallir undir stjórnendur eða stjórnarmenn sem létu af störfum í skilningi H-liðar III.hluta skilmála stjórnendatryggingarinnar og njóti váttryggingarverndar þess vegna. Í þessu ákvæði kemur fram að váttryggingin haldi gildi gagnvart þeim stjórnarmönnum í 72 mánuði eftir að tryggingin fellur úr gildi. Skilyrði þess eru að váttryggingin sé ekki endurnýjuð eða önnur váttrygging keypt og að um sé að ræða váttryggðan sem látið hefur af störfum („retired“). Nefndin hefur áður fjallað um það hvernig skýra á orðið „retired“ í skilningi sambærilegs ákvæðis váttryggingarskilmála, sbr. úrskurð

í máli nr. 38/2010. Þó liggi fyrir þýðing löggilts skjalapýðanda og frekari sjónarmið V varðandi skýringu á umræddu ákvæði telur nefndin sömu sjónarmið eiga við og í öðrum tilvitnuðum málum nefndarinnar, þ.e. að umrætt ákvæði gildi um þá stjórnarmenn sem látið hafa af störfum óháð því hvort þeir hafa sjálfir hætt, verið vikið frá störfum eða horfið til annarra starfa. V verður að bera hallann af því að orðalag skilmálanna er ekki skýrara.

Í málinu stendur þá eftir að meta umrætt skilyrði umrædds ákvæðis H.liðar III. kafla váttryggingarskilmálanna. Þó allir, sem tilgreindir eru sem M, hafi látið af störfum fyrir 1. maí 2009 og tilkynnt um kröfur á hendur félaginu innan 72 mánaða frá þeim degi verður ekki litið framhjá skýru skilyrði margumrædds ákvæðis um að váttryggingarverndin sé háð því að ný váttrygging hafi ekki verið tekin af hálfu G. Orðalag váttryggingarskilmálanna er nánar tiltekið að G hafi ekki skipt þessari tryggingu út fyrir einhverja aðra tryggingu. Í þessu máli liggja fyrir staðfestar upplýsingar um að G hafi keypt nýja váttryggingu í maí 2009 hjá UIB. Váttryggingarskilmálar þeirrar váttryggingar liggja fyrir í gögnum málsins og telur nefndin að yfirlýsing UIB dags. 13. desember 2010 hafi ekki sérstaka þýðingu í málinu. Váttrygging UIB sem G keypti fellur undir það að vera „einhver önnur váttrygging“ þegar ákvæði H-liðar III hluta váttryggingarskilmálanna er túlkað með einfaldri orðskýringu. Orðalag váttryggingarskilmálanna er skýrt hvað þetta varðar og skilyrði ákvæðisins fyrir váttryggingarvernd M í 72 mánuði frá þeim degi sem átti að endurnýja trygginguna er því ekki uppfyllt. Ekki verður váttryggingarvernd M heldur leidd af öðrum ákvæðum skilmála váttryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á viðurkenningu greiðsluskyldu úr stjórnendatryggingu G hjá V.

Reykjavík 11. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 148/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar lögmans.****Ágreiningur um bótaskyldu sökum þess að bótamál var höfðað eftir að bótakrafan fyrndist.****Gögn.**

61. Málskot, móttakið 16.4.2013, ásamt fylgigögnum.
62. Bréf X, dags. 10.5.2013, ásamt fylgigögnum.
63. Gögn síðar lögð fram.

Málsatvik.

M hóf rekstur tölvufyrirtækis á árinu 1988 í sveitarfélaginu S og rak það fram til ársins 1992. Vegna rekstursins átti M í bankaviðskiptum við bankann A. M.a hafði M tekið lán hjá A sem tryggt var með veði í húseigninni B í eigu annars fyrirtækis í eigu M, þar sem hann bjó og starfrækti tölvufyrirtækið. Á árinu 1991 fór reksturinn að ganga illa. Í maí 1992 var tryggingarvígill að fjárhæð rúmar 9,9 milljónir króna, sem samþykktur var af M, nýttur til að greiða upp skuld að svipaðri fjárhæð á tékkareikningi M hjá A. Einnig krafðist A nauðungaruppboðs á B til lúkningar veðskuld á 2. veðrétti. Á 3. og síðasta uppboði 20.2.1992 átti A hæsta boð í eignina að fjárhæð 13,5 milljónir króna og krafðist útlagningar. Boð A var samþykkt. A greiddi uppboðsandvirðið með því að greiða upp áhvílandi lögveðskröfur, skuld á 1. veðrétti og rúmar 377.000 krónur upp í rúma 2,4 milljóna króna kröfu A á 2. veðrétti. Þá fékk A ekkert greitt upp í áhvílandi veðkröfur á 3.-5. veðrétti upphaflega samtals að fjárhæð 15,5 milljónir króna. B var lögð A til eignar sem ófullnægðum veðhafa. A seldi B í október 1992 fyrir 20 milljónir króna.

Hinn 24.4.1992 var framkvæmd árangurslaus löghaldsgerð hjá M að beiðni A vegna fjögurra krafna samtals að fjárhæð rúmlega 11,6 milljóna króna. Á grundvelli hinnar árangurslausu löghaldsgerðar krafðist A gjaldþrotaskipta á búi M. Var bú hans tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum 14.5.1992. Af hálfu A var lýst kröfum í búið samtals að fjárhæð 24,2 milljónum króna og samþykktar voru kröfur að fjárhæð 13,5 milljónir en kröfu að fjárhæð 10,7 milljónir vegna yfirdráttarskuldar var hafnað að svo stöddu. Skiptum lauk 30.9.1996 og að slepptum veðkröfum fékkst ekkert greitt upp í forgangskröfur né almennar veðkröfur sem samtals námu 30,3 milljónum króna.

M fékk L, lögmann, til að höfða fyrir sína hönd dómsmál á hendur A þar sem krafist var m.a. að A endurgreiddi M 20,1 milljón króna auk vaxta, að viðurkennt yrði með dómi að sannvirði B hefði við nauðungaruppboðið í febrúar 1992 numið 39 milljónum króna og að eftirstöðvar áhvílandi veðskulda M við A, sem hvíldu á 2.-5. veðrétti á B alls að fjárhæð 18,3 milljónir króna, yrðu færðar niður að fullu. Síðastgreind krafa var reist á 3. og 4. mgr. 32. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð sem í gildi voru er nauðungaruppboðið fór fram. Dómsmálið var höfðað fyrir héraðsdómi með stefnu birtri 31.1.2001. Undir rekstri málsins aflaði M matsgerða um sannvirði B á þeim tíma er hún var seld á nauðungaruppboði. Með yfirmatsgerð, dags. 13.12.2001, var komist að þeirri niðurstöðu að þá hefði markaðsvirði B verið 39 milljónir króna miðað við almenn greiðslukjör. Dómsmálið var leitt til lykta með dómi Hæstaréttar. Kröfu M um viðurkenningu á sannvirði B var vísað frá dómi. Á hinn bóginn var A dæmdur til að greiða M rúmar 850 þúsund krónur með nánar tilgreindum vöxtum. Þá var dæmt að veðskuld, sem hvíldi á 2. og 3. veðrétti í B alls að fjárhæð 2,8 milljónir króna, skyldi færð

niður að fullu. Að auki skyldi víxilkrafa að fjárhæð rúmar 9,9 milljónir króna, sem tryggð var með tryggingarbréfum áhvílandi á 4. og 5. veðrétti, færð niður að fullu.

Í stefnu til héraðsdóms í fyrrgreindu máli mun þess hafa verið getið að stefnandi (M) áskildi sér rétt til nýrrar málshöfðunar á hendur stefnda (A) til heimtu skaða- og miskabóta vegna innheimtuaðgerða A á hendur sér og alls þess fjárhagslega og ófjárhagslega tjóns sem A átti að hafa valdið M. Að því er ætla verður með aðstoð L aflaði M mats- eða álitsgerðar D, verkfræðings og viðskiptafræðings, í þeim tilgangi að leggja mat á viðskiptalega og fjárhagslega stöðu tölvufyrirtækis þess sem M rak og leggja tölulegt mat á fjárhagslegt tjón M sem af aðgerðum bankans leiddi. Í skriflegri og undirritaðri álitsgerð D, sem er dags. 20.4.2002, segir að M hefði haft allar forsendur til að byggja upp mjög öflugt fyrirtæki sem seldi tölvur og tengdar vörur og veitti alhliða þjónustu við uppsetningu véla og hugbúnaðar ásamt ráðgjöf og kennslu. Gríðarleg ávöxtun hafi verið í þessum geira atvinnulífsins. Engin ástæða hafi verið til að ætla annað en að M hefði a.m.k. getað náð þeirri ávöxtun. Um mitt ár 2000 hefði virði fyrirtækis hans getað verið 1.457 milljónir króna og annað fjárhagslegt tjón hans 174 milljónir króna eða samtals 1.631 milljónir króna.

Með stefnu birtri 14.5.2002 höfðaði L fyrir hönd M dómsmál á hendur A, þar sem endanlega var krafist skaðabóta aðallega að fjárhæð 60 milljónir króna, til vara að fjárhæð 36,9 milljónir króna, til þrautavara að fjárhæð 20 milljónir króna og til þrautþrautavara var krafist skaðabóta að álitum dómsins. Að auki var krafist vaxta og málskostnaðar.

Undir rekstri málsins aflaði M matsgerðar dómkvadds matsmanns, E, löggilts endurskoðanda, þar sem leitað var álits á því annars vegar hvort forsendur og upplýsingar sem byggt var á í matsgerð D væru réttmætar við mat á „fjárhagslegu tjóni“ M og hins vegar hvort niðurstaðan í matsgerð D hafi verið réttmæt hvað varðar „fjártjón“ M. Í niðurstöðu matsgerðar E, dags. 6.2.2007, segir varðandi fyrri spurninguna að meta megji hreina eign í árslok 1991 á bilinu 12-32,5 milljónir króna með miðgildi um 20 milljónir króna, með öllum fyrirvörum. Hafi verið um hreina eign að ræða bendi allar líkur til að sú hreina eign hafi verið bundin í óinnleystum hagnaði fasteignar. Við framreikning á þeim hagnaði taldi matsmaðurinn að miða bæri við þróun fasteignaverðs í S frá árslokum 1991 til viðmiðunarárs. Hvað varðar síðari spurninguna, um virði rekstrar og framreikning á virði hans, sé ekki um veruleg verðmæti að ræða. Byggist þetta annars vegar á þeirri skoðun að sérhver hrein eign sem til staðar var í árslok 1991 liggi í óinnleystum hagnaði fasteignar og hins vegar þegar horft er til hvernig sambærilegum félögum hér á landi hefur vegnað í rekstri frá þeim tíma. Varðandi tjón M vegna launamissis var það niðurstaða E að þar hafi um óverulegar fjárhæðir verið að ræða.

Dómur gekk í málinu í héraði í febrúar 2010 og skaut áfrýjandi því til Hæstaréttar. Var málið endanlega til lykta leitt með dómi Hæstaréttar. Í dómsforsendum Hæstaréttar segir m.a. svo orðrétt:

„Í málinu krefur áfrýjandi [M] stefnda [A] um skaðabætur sökum þess að hann hafi fengið því framgengt að bú áfrýjanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar [S] 14. maí 1992, en áfrýjandi telur stefnda enga fjárkröfu hafa átt á hendur sér og hafi því brostið skilyrði til gjaldþrotaskipta. Ekki liggur fyrir í málinu hvaða dag stefndi hafi sett fram kröfu um gjaldþrotaskipti, en hún var á hinn bóginn tekin fyrir á dómþingi 13. maí 1992 og er því ljóst að frestdagur við skiptin var fyrir þann tíma. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem áfrýjandi reisir skaðabótakröfu sína á, bar lánardrottni, sem krafðist gjaldþrotaskipta, að bæta skuldara fjártjón hans og miska ef skilyrði til skipta reyndust ekki vera

fyrir hendi og lánardrottnei mátti vera þetta ljóst eða að hann ætti ekki þá fjárkröfu, sem hann byggði á. Með því að sérstaklega var tekið fram í 2. málslíð þessa ákæðis að bætur mætti dæma þótt krafa um gjaldþrotaskipti hafi verið tekin til greina getur ekki orkað tvímælis að skaðabótaskylda samkvæmt því kom til með því einu að lánardrottinn hefði sett fram kröfu um gjaldþrotaskipti. Því til samræmis verður að miða upphafstíma fyrningar slíkrar skaðabótakröfu við þann dag, sem krafan barst dómstóli, en ekki þann dag, sem hún var tekin til greina með úrskurði. Mál þetta var höfðað með birtingu héraðsdómsstefnu 14. maí 2002, en fyrir þann dag hafði áfrýjandi ekkert gert, sem rofið gat fyrningu kröfu hans. Með vísan til 2. tölulíðar 4. gr. þágildandi laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda verður stefndi þegar af þeirri ástæðu sjknaður af kröfu áfrýjanda.“

Af gögnum málsins má ráða að L hafi annast rekstur dómsmálsins í héraði fram í maí 2003, en hafi þá sagt sig frá því. M flutti svo mál sitt sjálfur fyrir Hæstarétti.

M kveður L hafa orðið á mistök fyrir að hafa ekki höfðað síðastgreint skaðabótamál á hendur A áður en krafan fyrndist. Af þeim sökum hefur hann krafist skaðabóta úr lögmaeltri starfsábyrgðartryggingu L hjá X fyrir því fjártjóni sem hann kveðst orðið fyrir vegna þess að bótakrafan fyrndist í höndum L. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu verður að telja ljóst að um nokkurt skeið hafði L haft með höndum það verk fyrir M að höfða skaðabótamál á hendur A áður en til þess kom að málið var höfðað með stefnu birtri 14.5.2002. L átti að vera það ljóst um einhvern tíma að tíu ára fyrningarfrestur samkvæmt 2. tölulíð 4. gr. þágildandi fyrningarlaga nr. 14/1905 var um það bil að renna út. Engin haldbær skýring hefur komið fram í málinu hvers vegna málshöfðunin dróst uns fresturinn var liðinn. Að öllu virtu verður að virða þennan drátt L til sakar. Eins og mál þetta liggur fyrir þykir ekki unnt að útiloka með öllu að M hefði átt bótakröfu á hendur A áður en krafan fyrndist, jafnvel þótt mjög erfitt sé af gögnum málsins að henda reiður á hvert tjón M hafi nákvæmlega verið. Telst L því bótaskyldur gagnvart M að því marki sem M getur sýnt fram á fjártjón sökum þess að bótakrafan á hendur A fyrndist.

Í málinu gerir M kröfu um að réttur hans til bóta aðallega að fjárhæð 65 milljónir króna verði viðurkenndur úr ábyrgðartryggingu L, en til vara og þrautavara aðrar lægri fjárhæðir. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir einungis að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Ekki verður séð að X hafi samþykkt sérstaklega að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir í máli þessu. Þegar af þeirri ástæðu verður kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu að tiltekinni fjárhæð vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til bóta úr lögmaeltri starfsábyrgðartryggingu L hjá X að því marki sem sýnt er fram á fjártjón sökum þess að skaðabótakrafa hans á hendur A fyrndist.

Kröfu M um að viðurkenndur verði réttur hans til bóta að tiltekinni fjárhæð er vísað frá.

Reykjavík, 11. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 149/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B**

Árekstur á Reykjanesbraut sunnan við Bústaðavegar 30.01. 2013, ekið á kyrrstæða bifreið sem stöðvast hafði vegna bilunar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.04. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 03.05. 2013.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 06.05. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Áreksturinn varð í kjölfar þess að A stöðvaði skyndilega, varð bensínlaus að því er talið var í fyrstu (sbr. gögn málsins) og rétt búinn að setja viðvörunarljós á þegar B var ekið aftan á bifreiðina.

M heldur því fram að bensínmælir hafi verið bilaður sbr. umfjöllun í málskotinu.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna vísaði til þess að A hafi orðið bensínlaus á akrein lengst til vinstri. B sem ekið var á sömu akrein á eftir öðrum bíl sem skyndilega sveigði til hægri framhjá A gat ekki afstýrt árekstri við A. Taldi tjónanefndin að B skuli bera 2/3 hluta sakar þar sem bifreiðinni var ekið á kyrrstæða bifreið. Ökumaður A skuli bera 1/3 hluta sakar þar sem bifreiðin varð bensínlaus á Reykjanesbraut.

Vátryggingafélag A er ósammála álitum tjónanefndar. Komið hafi í ljós að bifreiðin hafi bilað sbr. umfjöllun félagsins. Ekki er því tilefni til að leggja sök á A.

Vátryggingafélag B vísar til niðurstöðu Tjónanefndar.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstri þessum fyrir að huga ekki nægjanlega að þeirri umferð sem framundan var. Vegna þessa var B ekið á A sem var kyrrstæð. Verður lagt til grundvallar að bifreiðin A hafi stöðvast í tengslum við bilun sem varð og að ekki sé við ökumann hennar að sakast vegna þessa. Hann var í þann mund að setja viðvörunarljósinn á í kjölfar stöðvunar bifreiðarinnar þegar B var ekið á A. Athygli vekur að bifreiðin sem ók á undan B náði að víkja frá A í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 21. maí 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 150 /2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Kaskótryggingar ökutækis A

Þjófnaður á ökutæki, varúðarskylda þ. 11.4.2013

Gögn.

1. Málskot móttækið þ.18.4.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 6.5. 2013 ásamt lögregluskýrslu og ljósmyndum

Málsatvik.

M segir að bifreið sinni hafi verið stolið við Krísuvíkurveg og hafi hann skilið við bifreiðina á vegaröxl og farið í göngutúr með félagi sínum og sett bíllyklana í vasann en kvaðst síðar hafa áttað sig á að þeir voru ekki þar og þegar hann kom til baka hafi bifreiðin verið horfin. Bifreiðin fannst skammt frá og voru kveikjulaslykill í bifreiðinni og hún ólæst. M krefst bóta vegna skemmda á A úr kaskótryggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að A hafi verið ólæst og kveikjulaslyklar í bifreiðinni þegar hún fannst. V vísar í því sambandi til greinar 7.3. í vátryggingaskilmálum þar sem vísað er til þess að vátryggður og þeir sem með hans samþykki séu ábyrgir fyrir ökutækinu beri að gæta þess að hafa ökutækið læst, en ekki hafi verið um það að ræða í umrætt sinn.

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn og aðstæður á þegar bifreiðin fannst ólæst og með kveikjulaslykil í bifreiðinni er ljóst að M sinnti ekki varúðarskyldu samkvæmt grein 7.3. vátryggingaskilmála. Ekki verður annað ráðið miðað við gögn málsins en að M hafi sýnt af sér háttsemi við vörslur lykla að bifreiðinni að ekki sé um bótaskyldu að ræða úr kaskótryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík 21.5.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 151/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifhjóls.****Stjórnandi torfærubifhjóls slasaðist er hann féll af hjólinu við akstur í vikurnámu.****Gögn.**

64. Málskot, móttakið 17.2013, ásamt fylgigögnum.
65. Bréf X, dags 26.4.2013.

Málsatvik.

Hinn 14.8.2010 var M við akstur á torfærubifhjóli sínu, A, í vikurnámu við Heklurætur. Féll M af hjólinu og varð fyrir meiðslum. Á þeim tíma er slysið varð mun M hafa verið keppnismaður í mótorkrossi og tekið þátt í Íslandsmeistaramótinu í þeirri íþrótt sumarið 2010.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá X. X hefur hafnað kröfu M þar sem hann hafi verið við æfingar fyrir Íslandsmeistaramótið er slysið varð, en skv. 12. gr. í 1. kafla, sbr. 10. gr. þeirra vátryggingaskilmála sem um vátrygginguna gilda, nái vátryggingin ekki til tjóns við kappakstur eða aksturskeppni né æfinga við slíkan akstur nema um annað sé samið og þess sé getið á vátryggingarskírteini. M hafi ekki samið um þá viðbótarvátryggingarvernd sem hér er getið.

Álit.

M hefur alfarið neitað því að hann verið við æfingar fyrir aksturskeppni þegar slysið varð. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að slysið hafi orðið á skipulögðu akstursíþróttasvæði eða að svæðið hafi að öðru leyti verið skipulagt eða útbúið sérstaklega til að stunda þar keppni eða æfingar í mótorkrossi. Gegn neitun M verður að telja ósannað að hann hafi verið við æfingar fyrir kappakstur eða aksturskeppni er slysið varð. X getur því ekki borið fyrir sig fyrrgreint undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum sínum til að undanþiggja sig ábyrgð. Líkamstjón M telst því bótaskyld úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 14. maí 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 152/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar og sjúkra- og slysátryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu úr tveimur slysátryggingum er maður féll úr stiga.****Gögn.**

66. Málskot, móttakið 26.3.2013, ásamt fylgigögnum.

67. Bréf X, dags 6.5.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 19.8.2012 var M að vinna utandyra við viðhald húss heima hjá sér. Féll hann þá úr stiga í garði við húsið. Í skýrslu lögreglu um slysið segir að tveir stigar hafi verið á bakhlið hússins og ekki sé vitað úr hvorum stiganum M datt. Annar stiginn hafi verið 2,17 m með sjö þrepum. Hinn stiginn hafi verið heldur stærri eða 9,75 m á hæð.

Í lögregluskýrslu kemur fram að sjúkraflutningamenn hafi spurt M hvort hann hafi drukkið eitthvað áfengi og kvaðst M hafa fengið sér í „aðra tána“. M var fluttur á bráðadeild Landspítalans. Í læknafréfi frá deildinni kemur fram að M segist hafa drukkið tvo bjóra áður en slysið varð.

M varð fyrir nokkrum meiðslum við slysið og hefur krafist bóta úr tveimur slysátryggingum hjá X, annars vegar frítímaslysátryggingu sem er hluti af heimilstryggingu hjá X og hins vegar sjúkra- og slysátryggingu. X hefur hafnað bótaskyldu úr báðum slysátryggingunum, annars vegar á þeim forsendum að ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi þeirra vátryggingarskilmála sem um vátryggingarnar gilda og hins vegar að M hafi fyrirgert rétti til bóta með því að hafa verið undir áhrifum áfengis er slysið varð. Vísar X til ákvæða í viðkomandi vátryggingarskilmálum um að ekki séu bætt slys sem verða vegna matareitrunar, drykkjareitrunar eða neyslu eitur- eða nautnalyfja. Ennfremur vísar X til 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, en skv. 1. mgr. þeirrar greinar má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið.

Álit.

Svo sem fyrr greinir voru tveir stigar í garðinum við heimili M er hann slasaðist. Ekki er ljóst af gögnum málsins úr hvorum stiganum M féll né heldur hversu hátt fallið var nákvæmlega.

Samkvæmt 4. kafla í skilmálum heimilstryggingar og 1. kafla sjúkra- og slysátryggingar greiðir X bætur vegna slyss er sá sem vátryggður er verður fyrir eins og nánar er mælt fyrir um í viðkomandi köflum skilmálanna, en með orðinu „slys“ er í báðum tilvikum átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Um það er ekki deilt að M varð fyrir meiðslum er hann í umrætt sinn féll úr stiga. Þá verður að telja að ekki sé vafa undirorpið að M hafi orðið fyrir meiðslunum við það högg sem hann fékk á líkamann er hann skall í jörðina. Fallið úr stiganum og höggið sem M fékk á líkamann við það að lenda á jörðinni er sá atburður sem olli meiðslunum. Ekkert liggur fyrir annað en að um utanaðkomandi hafi

verið að ræða. M varð því fyrir meiðslunum af völdum slyss í skilningi þeirra váttryggingarskilmála sem hér eiga í hlut.

Fyrrgreind skilmálaákvæði um að ekki séu bætt slys sem verða vegna matareitrunar, drykkjareitrunar eða neyslu eitur- eða nautnalyfja verður í því tilviki sem hér er til umfjöllunar að meta út frá ófrávíkjanlegu ákvæði 1. mgr. 90. gr. vsl. um að því aðeins er heimilt að lækka eða fella niður ábyrgð félagsins að váttryggður hafi af stórkostlegu gáleysi valdið váttryggingaratburði. Hið eina sem liggur fyrir um áfengisneyslu M fyrir slysið er að hann hafi fengið sér í „aðra tána“ og að hann hafi drukkið tvo bjóra. Ekkert liggur fyrir um magn áfengis í blóði hans. Ekkert liggur heldur fyrir um það hvort greina hafi mátt áfengisáhrif hjá honum eða hversu mikil þau áfengisáhrif hafi verið. Þrátt fyrir það sem M tjáði sig um áfengisneyslu sína fyrir slysið þykir að öðru leyti ekki nægilega sannað samkvæmt gögnum málsins að hann hafi verið undir áhrifum áfengis er slysið varð. Í ljósi þessa verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að M hafi valdið slysinu með háttsemi sem verður metin honum til stórkostlegs gáeysis. Eru því ekki efni til að skerða bætur eða fella þær niður á grundvelli ákvæða í viðkomandi váttryggingarskilmálum eða 1. mgr. 90. gr. vsl. M á því óskertan bótarétt bæði úr frítímaslysatryggingu heimilistryggingarinnar og sjúkra- og slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr frítímaslysatryggingu heimilistryggingar og sjúkra- og slysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 21. maí 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 153/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingarfélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Dalvegi þ. 13.3.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.19.4.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V dags. 21.5.2013.
3. Bréf V-2 dags. 17.5.2013.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið á undan bifreiðinni B suður Dalveg. Ökumaður A segist hafa gefið stefnuljós til vinstri og ætlað að snúa við og beygja en hafi þá lent á B sem var að taka fram úr. Ökumaður B segist hafa verið að aka framúr A sem hafi ekið hægt og ekki gefið stefnuljós en ekið í hliðina á B.

Álit.

Ökumaður A hugar ekki nægjanlega vel að aðstæðum áður en hann beygði til vinstri og braut með því gegn ákvæði 1.mgr. 17.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ber því meginsök á árekstrinum. Ökumaður B gætti þess ekki nægjanlega að unnt væri að aka framúr A án hættu og ber því nokkra sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri 2/3 sakar en ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 4.6.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 154/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**

Skemmdir er bifreið lenti á bílskúrhurð 04.02. 2013, ágreiningur hvort um undanskilda áhættu sé að ræða þar sem umráðamaður hafi valdið óhappinu á eigin fasteign.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.04. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.05. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðin A lenti á bílskúrhurð fasteignar M við Hraunteig. M er starfsmaður eiganda A og hefur haft aðgang að bifreiðinni að því er telja verður.

Vátryggingafélagið telur að M hafi verið umráðamaður bifreiðarinnar sbr. umfjöllun félagsins.

Ágreiningur er um hvort M hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn, líkt og upphafleg gögn gefa til kynna, eða barnsmóðir M.

M kvartar yfir því að vátryggingafélagið telur að ábyrgðartryggingin eigi ekki að bæta tjón á bílskúrhurð tjónþolans M þrátt fyrir að M eigi ekki ökutækið. M hafnar því að hann hafi verið ökumaður þess þegar tjónið varð.

Vátryggingafélagið vísar til þess að í frumskýrslu hafi M verið sagður ökumaður og að bifreiðin hafi runnið afturábak á hurðina við heimili M. Félagið telur að M hafi verið umráðamaður og haft ótakmörkuð not af henni og að ekki sé um það ágreiningur, að sögn félagsins. Ábyrgðartrygging bifreiðarinnar bæti ekki slíkt tjón. Félagið getur þess að barnsmóðir M er með skráð lögheimili á sama stað og M og því hafi það ekki áhrif á niðurstöðuna hvort talið sé að hún eða M hafi verið við stjórn hennar í umrætt sinn. Félagið vill leggja frumskýrslu lögreglu til grundvallar í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli frá 8. júní 2006 í máli nr. 47/2006 um vægi frumgagna máls umfram síðartilkominn gögn sem beri með sér aðra atvikalýsingu.

Félagið vísar til ákvæða skilmála ábyrgðartryggingar þess efnis að vátryggingin bætir ekki skemmdir á ökutækinu sjálfu eða öðrum eigum vátryggingartaka eða vátryggðs. Í sömu skilmálum segir að þeir sem vátryggðir séu eru skráður eigandi og varanlegur umráðamaður.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. M hefur sönnunarbyrði um að bótaskylda sé fyrir hendi.

Sem fyrr segir er þess getið í vátryggingaskilmálum að vátryggingin bætir ekki skemmdir á ökutækinu sjálfu eða öðrum eigum vátryggingartaka eða vátryggðs. Vátryggðir samkvæmt skilmálum eru skráður eigandi og varanlegur umráðamaður.

Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að M hafi verið umráðamaður bifreiðarinnar í skilningi skilmála. M undirritaði upphaflega tjónstilkynningu þar sem skýrt kemur fram að hann hafi verið ökumaður bifreiðarinnar. Engin gögn né haldbær rök hafa komið fram sem sýna fram á að ekki var farið rétt með í tjónstilkynningunni hver hafi ekið bifreiðinni. Því verður að leggja til grundvallar að M hafi ekið bifreiðinni þegar hún rann á bílskúrhurðina. M getur því ekki krafist bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. maí 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 156/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar A.

Slys við sundlaug 4.febrúar 2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. apríl 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 10. maí 2013 ásamt úprentuðum upplýsingum um veðurfar í Reykjavík 4. febrúar 2010.

Málsatvik.

M var gestur í sundlaug A þann 4. febrúar 2010 þegar hún rann til og slasaðist, nánar tiltekið kveðst hún hafa verið að ganga úr heitum potti í átt að vaðlaug á sundlaugarsvæðinu.

M vísar til þess að hún hafi runnið til vegna hálfu þar sem ekki voru gerðar ráðstafanir af hálfu starfsmanna A til að koma í veg fyrir eða vara við hálfu á sundlaugarsvæðinu. M leggur fram skýrslur frá tveimur sjónarvottum dagsettar í lok árs 2012 um að hálka hafi verið á sundlaugarsvæðinu og þeir hafi séð þegar M féll við í febrúar 2010. M vísar auk þess til 2.mgr. 5.gr. þágildandi reglugerðar nr. 547/1998 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum þar sem kemur fram að það skuli halda gönguleiðum við útilaugar frostfríum, sem og 2.mgr. 9.gr. sömu reglugerðar um að merkja skuli greinilega alla þætti varðandi öryggi og slysaþættu á sundstöðum. Þessa hafi ekki verið gætt þrátt fyrir að full ástæða hafi verið til vegna veðuraðstæðna og því beri A skaðabótabyrgð á líkamstjóni M.

V telur málsatvik ekki nægilega upplýst þar sem M hafi ekki tilkynnt starfsmönnum A um slysið fyrr en nokkrum dögum eftir 4. febrúar 2010. Því liggi ekki fyrir nákvæmlega hvar M féll og hvaða aðstæður hafi verið á vettvangi þegar það gerðist. V telur ekki unnt að taka mið af skýrslum sjónarvotta þar sem þær eru seint fram komnar og ekki sé ljóst hver tengsl þeirra við M séu. V telur að ákvæði 2.mgr. 5.gr. reglugerðar nr. 547/1998 feli einungis í sér fyrirmæli um að gönguleiðum við útilaugar skuli haldið frostfríum en ekki öllu svæðinu við sundlaugina. Þar sem ekki sé ljóst hvar M féll sé ekki sannað að hún hafi fallið á slíkri gönguleið. Auk þess vísar V til þess að gönguleiðir á laugarsvæðinu séu upphitaðar og þann 4.febrúar 2010 hafi lofthiti á höfuðborgarsvæðinu ekki farið niður fyrir -2 gráður. Það sé því útilokað að hrím hafi myndast á sundlaugarbakkanum þannig að starfsmenn A hefðu átt að bregðast sérstaklega við. Að lokum vísar V til þess að M hafi skömmu áður gengið úr búningsklefa út á sundlaugarsvæðið og hafi því átt að vera ljósar aðstæður á svæðinu.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort M eigi rétt á skaðabótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V þegar hún féll við sundlaug A þann 4.febrúar 2010. Nánar tiltekið hvort rekja megi fall hennar til þess að starfsmenn A hafi sýnt saknæma háttsemi, með því að gera ekki ráðstafanir vegna mögulegrar hálfu, og hvort brotið hafi verið gegn fyrirmælum í reglugerð nr. 547/1998 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum um frostfríar gönguleiðir við útilaugar.

Þegar gögn málsins eru metin verður ekki talið sannað nákvæmlega hvar M féll, hvort það var á gönguleið og hvaða aðstæður voru þar sem hún féll. Í ljósi þess að M tilkynnti starfsmönnum A ekki um fallið fyrr en nokkrum dögum síðar verður sönnunarbyrði um atvik og aðstæður ekki lögð á A. Það stóð M nær að tryggja sér sönnun um aðstæður á vettvangi í greint sinn. Verður ekki, m.t.t. þeirra gagna sem hafa verið lögð fyrir nefndina og almennra sönnunarreglna, talið sýnt fram á að starfsmenn A hafi brotið gegn fyrirmælum í reglum eða reglugerðum eða á annan hátt vanrækt að gera ráðstafanir vegna veðuraðstæðna. Ekki verður því lögð skaðabótaábyrgð á A vegna slyssins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 28. maí 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 157/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Vinnuslys þegar maður féll af þaki húss og slasaðist þ. 14.10.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.26.3.2013 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 14.5.2012 og 13.5.2013.

Málsatvik.

M vann hjá A við klæða þak nýbyggingar með búrústi og sótti þakplötu og fór með hana upp á þakið, en missti fótanna þegar hann var kominn inn á þakið og féll rúma 3 metra fram af þakinu niður á jörð og slasaðist við fallið. A var með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá V og krefst M bóta og bendir á að engar fallvarnir hafi verið. M segist hafa svarað atvinnuábyrgðingum frá A og ráðið sig til starfa og um hefðbundinn vinnusamning hafi verið að ræða. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segi að orsök slyssins megi rekja til þess að engar fallvarnir voru til staðar þar sem M var við vinnu. M byggir á því að A hafi sem atvinnurekandi borið ábyrgð á því að tryggja öryggi þeirra sem unnu á staðnum sbr. 13-14.gr. og 36-37.gr. vinnuverndarlaga nr. 46/1980. A hafi því átt að sjá til þess að fallvarnir væru í lagi, en ekki M og ósannað að M bæri ábyrgð á öryggismálum á vinnustaðnum. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi verið ráðinn til vinnu sem sjálfstæður verktaki og tekið fram við hann að hann bæri ábyrgð á eigin öryggi og bæri að bæta úr öryggi ef því væri ábótavant. V telur að slys M verði ekki rakið til saknæmrar og ólögðrættar háttsemi A og vísar einnig til túlkunar á 36.gr. 1. nr. 46/1980 og í dóm Hæstaréttar í málinu nr. 409/2012 varðandi skyldur byggingarstjóra.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að A hafi verið atvinnurekandi í skilningi l. nr. 46/1980 á vinnustað M. A bar því ábyrgð á því að öryggismál og vinnuábyrgð væri í samræmi við reglur m.a. að fullnægjandi fallvarnir væru fyrir hendi. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að fallvörnum var ábótavant. Telja verður bein orsakatengsl á milli skorts á fallvörnum og slyss M. Ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn um að staða M hafi verið sambærileg og A á vinnustaðnum, þ.e. að hann hafi haft stöðu atvinnurekanda í skilningi umræddra laga eða að samið hafi verið við M sérstaklega um að hann bæri ábyrgð á öryggismálum. Ber A því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Til þess verður að líta að M var vanur vinnu sem þessari og mátti gera sér grein fyrir þeirri hættu sem um var að ræða vegna skorts á fallvörnum, en gerði engar athugasemdir við þær vinnuábyrgðir. Telst M því bera ábyrgð vegna eigin sakar og þykir rétt að hann fái tjón sitt bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V að 2/3 hlutum en beri sjálfur 1/3 tjónsins vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V, en ber 1/3 hluta tjónsins vegna eigin sakar.

Reykjavík 28.5.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 158/2013
M og V v/ slysátryggingar ökumanns bifreiðarinnar X.

Umferðarslys á Snæfellsnesi 10. júní 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. apríl 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 15. maí 2013.

Málsatvik.

M ók bifreiðinni X eftir Útnesvegi á Snæfellsnesi þegar hún missti stjórn á bifreiðinni þann 10. júní 2012. Bifreiðin lenti utan vegar á hvolfi í kjölfarið. V hefur hafnað því að greiða bætur úr slysátryggingu ökumanns vegna slyssins og telur að félagið eigi að losna úr ábyrgð að fullu sökum þess að háttsemi M við aksturinn hafi verið stórkostlega gálaus, sbr. bréf V dags. 28. september 2012. V byggir aðallega á skýrslu frá Aðstoð&Öryggi dags. 21. september 2012 þar sem fram kemur að líklegur ökuhraði hafi verið 125 km/klst auk framburðar vitnis um aksturslag M rétt áður en hún missti stjórn á bifreiðinni.

M telur að hún hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn. M mótmælir sönnunargildi skýrslu um ætlaðan ökuhraða þar sem hennar er einhliða aflað af hálfu V. M telur einnig að skýrslan sé háð verulegum annmörkum þar sem niðurstöður séu ekki skýrlega rökstuddar. M telur einnig að þó ökuhraði hafi verið 125 km/klst þá sé ekki hægt að fullyrða um að aka á slíkum hraða teljist stórkostlegt gáleysi. M bendir einnig á að ósannað sé að ökuhraði hafi leitt til slyssins, en hún hafi greint frá því strax á vettvangi að ástæða þess að hún missti stjórn á bifreiðinni hafi verið sú að eitthvað hafi hlaupið fyrir bifreiðainna. Einnig bendir M á að þó um stórkostlegt gáleysi væri að ræða þá réttlæti það ekki takmörkun ábyrgðar V að fullu. M vísar til nokkurra dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings, þ.á.m. Hrd. 107/2009, Hrd. 591/2007, Hrd. 623/2012 og Hrd. 689/2010.

V telur að M hafi sýnt alvarlegt og vítavert frávik frá þeirri háttsemi sem hún með réttu átti að viðhafa við akstur bifreiðarinnar X og hafi með því sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi vátryggingarskilmála, 27.gr. og 90.gr. laga um vátryggingarsamninga og 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V vísar einnig til þess að í málinu liggja fyrir áðurnefnd skýrsla um ætlaðan ökuhraða M, sem hafi verið langt yfir leyfilegum hámarkshraða, hjólför á vettvangi styðji það að hratt hafi verið ekið sem og framburður vitnis um aksturslag M skömmu fyrir slysið, en það hafi borið um mikinn hraða og að bifreiðin hafi verið staðsett á öfugum vegarhelmingi. V telur að aksturslag M hafi farið í bága við 14. og 36.gr. umferðarlaga og það séu skýr orsakatengsl milli þess og slyssins. V vísar til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 341/2012 og 443/2012 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort M hafi við akstur bifreiðarinnar X sýnt stórkostlegt gáleysi. Um slysátryggingu ökumanns V gilda vátryggingarskilmálar sem hafa stoð í ákvæðum umferðarlaga og laga um vátryggingarsamninga. Í málalíbúnaði V hefur verið vísað bæði til 27. og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga sem og 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Nefndin bendir til skýringa á ummæli Hæstaréttar í Hrd. 194/2011 þar sem kemur fram að vegna eðlis slysátryggingar ökumanns þyki rétt að 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga eigi við um þá vátryggingu.

Þegar metið er hvort ökumaður hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi vátryggingarskilmála og áðurnefnds lagaákvæðis verður að hafa í huga að V hefur sönnunarbyrði um það að takmörkunarheimildir þess eigi við. Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla en í henni er ekki að ráða nákvæmlega hverjar aðstæður voru þegar M missti stjórn á bifreiðinni. Ekki voru vitni að þeim atburði, hvar á veginum bifreiðin var eða ökuhraða þegar bifreiðin valt. Þó haft sé eftir vitni að mat þess, skömmu fyrir atburðinn, á aksturslagi M og það að ekki hafi verið gætt nægilegrar

varúðar, verður það ekki lagt að jöfnu við aðstæður á þeim tímapunkti þegar M missti stjórn á bifreiðinni. Ekki verður skýrsla Aðstoðar&Öryggis heldur lögð til grundvallar sem óyggjandi sönnunargagn um ökuhraða þar sem hennar er einhliða aflað og ekki koma fram ítarlegar skýringar og röksemdir fyrir þeirri aðferðafræði sem beitt er eða þeim forsendum sem eru lagðar til grundvallar til að komast að niðurstöðu um ætlaðan ökuhraða. Þegar til þessa er litið verður litið svo á að V hafi ekki sýnt fram á með nægilega skýrum sönnunargögnum að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur X í greint sinn. Ekki eru því efni til að takmarka ábyrgð félagsins úr slysatryggingu ökumanns m.t.t. vátryggingarskilmála og 2.mgr. 27.gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 4. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 159/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. A og
Vátryggingarfélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Miklubraut við Réttarholtsveg þ. 3.4.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.4.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 13.5.2013. ásamt fylgiskjölum 1-2
3. Bréf V-2 dags. 21.5.2013 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á Miklubraut við Réttarholtsveg. B var ekið inn á Miklubraut af afrein frá Skeiðarvogi og færði ökumaður B ökutækið síðan inn á miðakrein og skömmu síðar var A ekið aftan á B. Ökumaður A segist hafa ekið austur Miklubraut á miðakrein og veitt B athygli á hægri akrein og aukið ferðina og skipt um akrein og farið inn á miðakrein. Ökumaður A segist hafa talið að B yrði ekið yfir á vinstri akrein þar sem stefnuljós loguðu á bifreiðinni og B komin mikið til vinstri en þá hafi verið eins og ökumaður B hafi hætt við og farið í veg fyrir A og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa ekið inn á Miklubraut og fært sig yfir á miðakrein og gefið stefnuljós og aukið ferðina til að fara framfyrir A. Ökumaður B segir að eftir að hann hafi ekið nokkrar sekúndur á miðakrein hafi hann heyrt bíflaut og högg komið aftan á B þegar A var ekið á B.

Álit.

Ekki er ágreiningur um að ökumaður B gaf stefnuljós til vinstri áður en hann beygði inn á miðakrein Miklubrautar í umrætt sinn. Ökumaður A veitti að eigin sögn B athygli þegar B var ekið inn á miðakrein og ók þar nokkra stund, en hélt óhikað áfram þar sem ökumaður A taldi að B mundi verða ekið af miðakrein yfir á hægri akrein. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi sýnt óaðgæslu við aksturinn eða beygt skyndilega í veg fyrir A. Af öllum gögnum virtum verður því öll sök lögð á ökumann A sem ók aftan á B í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 4.6.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 160/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á bifreiðastæði við Verslunarskóla Íslands við Ofanleiti í Reykjavík þann 3.4.2013.**Gögn.**

68.Málskot, móttækið 17.4.2013, ásamt fylgigögnum.

69.Bréf (tölvuskeyti) X, dags. 13.5.2013, ásamt fylgigögnum.

70.Bréf Y, dags 17.5.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið eftir akleið á bifreiðastæði við Verslunarskólann og bifreiðinni B var ekið aftur á bak úr stöðureit. Rákust þá saman hægri hlið A og vinstra afturhorn B.

Ökumaður A kvað B hafa verið ekið aftur á bak í veg fyrir sig. B hafi verið á ferð er henni var ekið í hlið A.

Ökumaður B kvaðst hafa verið búinn að aka út úr stöðureitnum. B hafi verið kyrrstæð og hafi hann ætlað að fara að aka áfram áleiðis út af bifreiðastæðinu, er A hafi komi á nokkrum hraða, 35-40 km hraða á klst., og ekið aftan á B. Ökumaður A hafi verið á hraðferð og ekki hafi unnist tími til að gera skýrslu um atvikið fyrr en að kvöldi tjónsdags.

Álit.

B var ekið aftur bak úr stöðureit. Bar ökumanni B að gæta þess að það væri óhætt vegna þeirra sem leið áttu eftir akleiðinni. Hefur ökumaður B sönnunarbyrði um þá staðhæfingu að B hafi verið kyrrstæð á akleiðinni framan við stöðureitinn og ekki valdið A hættu eða óþægindum þegar hana bar að. Þegar litið er til ákomustaða á bifreiðunum og framburðar ökumanns A um að B hafi verið á ferð þegar áreksturinn varð, verður að telja ósannað að áreksturinn verði ekki rakinn til atvika sem ökumaður B ber ekki ábyrgð á. Telst ökumaður B því eiga sök á árekstrinum. Miðað við fyrirbyggjandi gögn eru ekki talin efni til að leggja sök á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann .

Reykjavík, 4. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 161/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum aftanákeyrslu.****Gögn.**

71. Málskot, móttækið 22.4.2013, ásamt fylgigögnum.
72. Bréf X, dags. 13.5.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 5.2.2012 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem M ók. M leitaði samdægurs á bráðamóttöku Landspítalans. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi fengið töluverðan slink á háls. Hún hafi kvartað um eymsli aftan á hálsi og höfuðverk. Einnig hafi hún verið aum í brjóstkassanum vinstra megin eftir bílbelti. Var talið að M hafi fengið tognun á hálsrygg eftir slink á háls, en ekki hafi verið „klínískur“ grunur um brot. Var M útskrifuð og verkjalyf ráðlögð eftir þörfum. M leitaði einnig til heimilislæknis og var vísað í sjúkrahjálfun. Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorðum hefur M nokkra sögu um sjúkdómseinkenni frá stoðkerfi fyrir slysið.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. Að beiðni X var fyrirtækið D fengið til að reikna út þann þyngdarkraft sem verkaði á ökutækin við áreksturinn. Í skýrslu D segir að við áreksturinn hafi skemmdir orðið á framhluta A og á varadekkshlíf og afturhlera B. Þyngdarkraftur sem hafi verkað á A við áreksturinn hafi verið 1,47 g og 1,16 g sem hafi verkað á B. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem ósannað sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn.

Álit.

Í niðurlagi málskots er þess getið að það sé sent nefndinni þar sem frestur sem X tiltekur í höfnunarbréfi sínu sé við það að líða. Hyggst M láta meta orsakatengsl og tímabundnar og varanlegar afleiðingar slyssins. Kveðst M áskilja sér rétt til að leggja matsgerðina fyrir nefndina á síðari stigum og óskar eftir því að nefndin fresti afgreiðslu málsins þar til matsgerðin liggur fyrir.

Skv. 1. mgr. 3. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, er starfsvið nefndarinnar einkum að úrskurða um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Skv. 2. mgr. 5. gr. samþykktanna skal málskotsaðili hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag áður en hann getur leitað til nefndarinnar og verður málskotið að hafa borist nefndinni innan árs frá því að málskotsaðili fékk skriflega tilkynningu vátryggingafélags um að kröfu hans væri hafnað. Bregðist vátryggingafélag hins vegar ekki við skriflegri kröfu vátryggingafélags innan þriggja vikna frá móttöku hennar er málskotsaðila heimilt að leita með málið beint til úrskurðarnefndar, sbr. 3. mgr. 5. gr. samþykktanna. Þegar málskotsaðili leggur mál fyrir nefndina skal hann skv. 1. mgr. 6. gr. gefa samþykki sitt fyrir því að nefndin fái öll gögn í hendur frá vátryggingafélagi sem varða mál hans. Þá skal vátryggingafélagi skv. 3. mgr. 6. gr. gefinn kostur á að koma gögnum og sjónarmiðum á framfæri við nefndina áður en mál er tekið til úrskurðar innan þess frests sem nefndin ákveður hverju sinni. Ekki er gert ráð fyrir að nefndin veiti frekari fresti en hér greinir, en nefndin skal svo hafa úrskurðað í máli innan fjögurra vikna frá því mál taldist úrskurðarhæft, sbr. lokamálslið 2. mgr. 7. gr. samþykktanna.

Þegar litið er til samþykktar nefndarinnar, og einkum þeirra ákvæða sem að framan greinir varðandi málsmeðferð fyrir nefndinni gildir sú meginregla að úrskurðarnefnd tekur til meðferðar þau mál er undir hana heyra og úrskurðar í máli að jafnaði á grundvelli sömu gagna og lágu fyrir við ákvörðun félagsins, en að liðnum fresti til að leggja þau fram skal úrskurðað í málinu innan fjögurra vikna. Samþykktir nefndarinnar miða samkvæmt þessu við það að leyst sé úr ágreiningi með skjótum hætti á grundvelli gagna sem þegar liggja fyrir. Því fer í bága við meginreglur um skjótan málshraða fyrir nefndinni að veita ótilgreindan frest til að afla gagna sem ekki liggja þegar fyrir. Verður M því ekki veittur frestur til að afla fyrrgreindrar matsgerðar.

Þá er til þess að líta að með málskoti þessu hefur verið rofinn frestur til lögfræðilegra aðgerða, sem vísað er til í höfnunarbréfi X, án þess þó að afstaða sé til þess tekin hvort M, sem í máli þessu krefst viðurkenningar á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu, sé bundin af fresti þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Gögn málsins um líkamstjón M af völdum árekstursins eru af skornum skammti. Engin matsgerð liggur fyrir í málinu um líkamstjón það sem M kann að hafa orðið fyrir. Af fyrirliggjandi gögnum og þegar horft er til fyrri sjúkrasögu verður ekki ráðið með nægri vissu að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umræddum árekstri sem bætist úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 28. maí 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 162/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Slys- og ferðatryggingar

Maður datt á skíðum og sleit liðbönd þ. 21.1.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.24.4.2013 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 35.2013.

Málsatvik.

M var í skíðaferð og lýsir því í tjónstilkynningu að hann hafi verið á skíðum og stoppað og fundið að eitthvað hafi slitnað í fætinum og fengið staðfest að hásin á vinstri fæti hefði slitnað. Síðar lýsir M atvikinu með þeim hætti að hann hafi verið að renna sér niður brekku og verið að stoppa og dottið og fundið þá fyrir sársauka vegna hásinarslits. M krefst bóta úr slys- og ferðatryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur að hér hafi ekki orðið um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða og því falli atvikið ekki undir slyshugtak vátryggingaskilmála þeirra sem um ræðir.

Álit.

Miðað við lýsingu M á því hvað gerðist í umrætt sinn þá verður ekki séð að um skyndilegan utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða og því ekki um slys að ræða miðað við skilmála vátryggingarinnar sem um ræðir. M á því ekki rétt á bótum úr slys- og ferðatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slys- og ferðatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.5.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 163/2013**M og V v/ ábyrgðartryggingar bænda í landbúnaðartryggingu.****Tjón á lausafé vegna hrossa 21. mars 2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 22. apríl 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 10. maí 2013.

Málsatvik.

M lýsir í málskoti tjóni á ýmsum lausafjarmunum, nánar tiltekið þremur bifreiðum, trampólíni, trjám og grilli. M vísar til þess að hross í eigu váttryggingartaka landbúnaðartryggingar hjá V hafi valdið umræddu tjóni aðfaranótt 21. mars 2013. Um 50-60 hross hafi verið á vettvangi við hús M þegar hún varð þeirra vör umrædda nótt og liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem atvikum er lýst með sama hætti. M telur að tjón hennar megi rekja til vanrækslu á vörslum hrossanna og vísar í þeim efnum til þess að girðingar hafi ekki verið nægilega öflugar, ekki hafi verið tekið tillit til snjóalaga auk þess sem vart hafi verið við lausagöngu hrossanna við bæ M tvisvar fyrir í sama mánuði, bæði 11. og 13. mars 2013. Eigandi hrossanna hafi því ekki sinnt því að tryggja vörslur hrossa sinna innan girðingar og eigi því að bera ábyrgð á því tjóni sem varð.

V telur að eigandi hrossanna hafi ekki sýnt saknæma háttsemi við vörslur þeirra og vísar m.a. til snjóalaga og erfiðra veðuraðstæðna sem hafi leitt til þess að hrossin hafi komist út úr venjulegum girðingum á stöðum sem alla jafna séu ekki greiðfærir. V bendir einnig á að lausaganga búfjár sé ekki bönnuð í sveitarfélaginu.

Álit.

Þegar metið er hvort eigandi búfjár geti borið skaðabótaábyrgð, vegna tjóns sem búfénaður veldur, verður að líta til þess hvort lausaganga búfjár sé heimil á því svæði sem tjónið verður. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um annað en að lausafjarganga búfjár sé heimil á því svæði sem tjónið varð. Þar sem ríkir frelsi til lausagöngu búfjár verða ekki sjálfkrafa lagðar skyldur á eigendur búfjár um að girðingar séu búfjárheldar. Ekki hefur verið sýnt fram á að eigandi þeirra hrossa sem ollu tjóni á eignum M hafi sýnt saknæma háttsemi við vörslur hrossanna við þær aðstæður sem voru uppi á þeim stað sem tjónið varð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bænda hjá V.

Reykjavík 28. maí 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 164/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Umferðarslys farþega ölvaðs ökumanns á Reykjanesbraut 4. mars 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. apríl 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. maí 2013 ásamt forsiðu gagna lögreglu dags. 4. október 2012, stimplað móttakið hjá V þann 8. október 2012.

Málsatvik.

M slasaðist í umferðarslysi sem varð þegar ökumaður bifreiðinnar A velti henni á Reykjanesbraut við Reykdalsbrekku. M var farþegi hægra megin í aftursæti bifreiðarinnar og kastaðist út úr bifreiðinni. V viðurkenndi greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar en taldi með bréfi dags. 25. október 2012 að M ætti að bera helming tjóns síns sjálfur þar sem hann hefði sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með því að taka sér far með ölvuðum ökumanni og að hafa ekki verið í bílbelti.

M telur í fyrsta lagi að ábyrgðartakmörkun sú sem V beri fyrir sig hafi ekki komið fram án ástæðulauss dráttar í skilningi 1.mgr. 31.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Í öðru lagi séu skilyrði 2.mgr. 88.gr. um stórkostlegt gáleysi M ekki uppfyllt. M telur að hann hafi hvorki vitað né mátt vita að ökumaður bifreiðarinnar A hafi verið ölvaður við aksturinn. Hann hafi stoppað stutt í gleðskap sem M hafi verið í fyrr um kvöldið og þegar ökuferðin hófst hafi hann beðið út í bifreiðinni eftir farþegum. M hafi því ekki getað vitað um ástand ökumannsins og ekki hafi verið færð fram gögn sem sýna fram á hið gagnstæða. Sönnunarkröfur séu strangar í ljósi sambærilegra atvika í Hrd. 374/2010. M telur að aðstæður í dómi Hæstaréttar í málinu Hrd. 129/2001 séu ekki sambærilegar þessu máli varðandi samskipti ökumanns og farþega eða ölvunarástand ökumannsins. Ekki verði heldur metið M til stórkostlegs gáleysis að hafa ekki spennt bílbelti, sbr. dóma í málunum Hrd. 466/1997 og 689/2010.

V vísar til þess að tilkynning um ábyrgðartakmörkun hafi ekki verið send of seint til M. V vísar til þess að það hafi ekki fengið öll gögn í málinu fyrr en 8. október 2012 og því hai ekki liðið langur tími þar til afstaða félagsins var send til lögmanns M eða með bréfi dags. 25. október 2012. Ekki hafi verið hægt að taka afstöðu í málinu fyrr en öll rannsóknargögn lögreglu lágu fyrir. V telur einnig með vísan til gagna málsins að ökumaður SE 966 hafi komið tvisvar í þann gleðskap sem M var í áður en ökuferðin hófst og M hafi átt að vera ljóst ölvunarástand hans. Þeir hafi þekkt og miðað við mælingar hafi etanólstyrkur í blóði ökumannsins líklega verið um 1,4 til 1,5 prómill þegar slysið varð. V telur að taka verði framburði M sem gefinn er eftir slysið með fyrirvara í ljósi alvarlegra atvika þess. V telur einnig að atvik í málinu Hrd. 374/2010 séu ekki sambærileg þar sem þar hafi ekki verið sýnt fram á sýnilega ölvun ökumanns. Mælingar bendi hins vegar til þess í máli M að ökumaður hafi verið sýnilega ölvaður. Einnig verði tilvitnaðir dómur vegna vanrækslu á notkun bílbelta og áhrif þess ekki túlkaðir með þeim hætti að um einfalt gáleysi sé að ræða. V telur því með hliðsjón af heildarmati á aðstæðum að sýnt sé að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi þar sem hann mátti vita um ölvunarástand ökumanns og þeirrar háttsemi að spenna ekki bílbelti.

Álit.

Í málinu liggur fyrir fjöldi gagna um slysið sjálft, ástand ökumanns, vettvang, ástand bifreiðarinnar eftir slysið, bíltæknirannsókn, hraðaútreikningar o.fl. Ekki er um það deilt að ökumaður hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar.

Ágreiningur málsins snýr að því hvort M hafi, sem farþegi í bifreiðinni A, getað gert sér grein fyrir því að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið ölvaður og hvort sú háttsemi hans að spenna ekki bílbelti sé stórkostlega gálaus í skilningi 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga. V ber sönnunarbyrði um að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi umræddrar greinar þannig að félagið geti takmarkað ábyrgð sína vegna afleiðinga líkamstjóns sem M hlaut í umferðarslysinu.

Þau sönnunargögn sem liggja fyrir um samskipti M og ökumanns bifreiðarinnar áður en hin örlagaríka ökuferð hófst eru ekki ítarleg eða lýsandi um ástand ökumannsins. Aðrir farþegar geta ekki borið um ölvunarástand ökumannsins og í málinu liggja ekki fyrir önnur sönnunargögn sem gefa skýrar vísbendingar um vitneskju M um ölvunarástand ökumannsins. Á meðan svo er telst V ekki hafa mætt þeim sönnunarkröfum sem eru gerðar til þess að félagið takmarki ábyrgð sína m.t.t. 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga. Ekki verður heldur fallist á að það eitt að M hafi ekki verið í bílbelti hafi verið stórkostlegt gáleysi af hans hálfu, en ekki liggja fyrir skýr dómafordæmi um að slík háttsemi sé metin til stórkostlegs gáleysis. M á því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A.

Rétt er einnig að benda á að gildissvið 1.mgr. 31.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 er bundið við það þegar vátryggingafélag hyggst bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð skv. reglum IV. kafla laganna og lýtur einnig að tilkynningaskyldu til vátryggingartaka eða vátryggðs. Í þessu máli byggði V á takmörkun ábyrgðar skv. tilgreindu ákvæði umferðarlaga en ekki IV. kafla laga um vátryggingarsamninga auk þess sem M er hvorki vátryggingartaki eða vátryggður í ábyrgðartryggingu þeirri sem gerð er krafa um bætur í.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 4. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 165/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á gatnamótum Vínlandsleiðar og Þúsaldar þ. 28.2.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.4.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-3.
2. Bréf V-1 dags. 6.5.2013
3. Bréf V-2 dags. 17.5.2013

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á gatnamótum Vínlandsleiðar og Þúsaldar. Ágreiningur er á milli ökumanna um aðdraganda árekstursins. Ökumaður A segir að bifreiðin hafi verið kyrrstæð fyrir aftan B þegar B var skyndilega ekið af stað og stöðvuð og síðan bakkað til baka framan á A. Ökumaður B segist hafa tekið af stað og stoppað en er ekki viss um hvort hann hafi bakkað eða ekki, en taldi sig síðar eiginlega vissan um að hafa ekki bakkað heldur hafi A ekið á B. Farþegi í A ber með sama hætti og ökumaður A um málsatvik.

Álit.

Að öllum gögnum málsins virtum þ.á.m. framburðum ökumanna og vitnis verður ekki annað ráðið en að ökumaður B hafi bakkað á A í umrætt sinn. Ökumaður B ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 4.6.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 166/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifhjóls.****Ágreiningur um bótaskyldu er stjórnandi bifhóls varð fyrir meiðslum við árekstur.****Gögn.**

73. Málskot, móttakið 29.4.2013, ásamt fylgigögnum.

74. Bréf X, dags. 22.5.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 12.5.2012 var bifreiðinni A ekið vestur Eiðsgranda í Reykjavík og beygt til vinstri áleiðis suður Öldugranda. Bar þá að bifhjólið B eftir Eiðsgranda úr vestri og rákust ökutækin saman á gatnamótunum. Að tilhlutan lögreglu var aflað útreiknings verkfræðings á ætluðum hraða B. Samkvæmt útreikningnum var hraði B ætlaður 81 km á klst. áður en því var hemlað fyrir áreksturinn. Hámarkshraði á Eiðsgranda er 50 km á klst. Með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 531/2012 var sök vegna árekstursins skipt þannig að ökumaður A var talinn bera 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Bæði ökutækin voru vátryggð hjá X. M, sem ók B umrætt sinn varð fyrir meiðslum og hefur krafist bóta hjá X vegna líkamstjónsins. Hins vegar er ekki skýrt af gögnum málsins hvort hann krefjist bótanna úr ábyrgðartryggingu A eða slysatryggingu ökumanns B. X hefur viðurkennt rétt M til bóta að 2/3 hlutum en telur að skerða beri bótarétt hans að 1/3 þar sem hann hafi valdið tjóninu með háttsemi sem metin verði til stórkostlegs gáleysis.

Álit.

Með hliðsjón af þeirri sakarskiptingu sem komist var að í fyrrgreindum úrskurði nefndarinnar í máli nr. 531/2012 og þeirrar afstöðu X að skerða beri rétt M til bóta vegna stórkostlegs gáleysis verður að álykta að ágreiningurinn snúist um rétt M til bóta úr slysatryggingu ökumanns B.

Af gögnum málsins þykir sannað að M hafi ekið talsvert yfir leyfilegum hámarkshraða eða á allt að 81 km hraða á klst., sbr. fyrrgreindan útreikning á ætluðum hraða B. Þótt hraði B hafi verið svo mikill sem gögn málsins bera með sér verður ekki talið að unnt sé að virða það M til stórkostlegs gáleysis hversu hratt hann ók. Eru því ekki efni til að skerða rétt hans til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr slysatryggingu B hjá X.

Reykjavík, 11. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 167/2013
M
og V1 vegna bifreiðarinnar A
og V2 vegna bifreiðarinnar B.

Aftanákeyrsla á Hafnarfjarðarvegi 5. apríl 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. apríl 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V1 dags. 17. maí 2013.
3. Bréf V2 dags. 2. júní 2013.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreið B var ekið aftan á bifreið á Hafnarfjarðarvegi. Varð áreksturinn á vinstri akrein við svæði þar sem verið var að vinna að töku kvikmyndar. Ökumaður A kvaðst hafa ekið hægt á sér vegna staðsetningar kvikmyndatökufólks við akbrautina og hafa ekið á um 20-30 km/klst þegar bifreið B hafi verið ekið aftan á A. Ökumaður B kveðst hafa séð til kvikmyndatökufólksins og bifreiðar A sem hafi verið nánast kyrrstæð á akbrautinni en ekki náð að afstýra því að aka aftan á A. Vitni í bifreið B bera einnig um að bifreið A hafi nánast verið kyrrstæð.

A telur að ökumaður B beri alla sök vegna árekstursins þar sem hún hafi ekið aftan á A. Ekki sé hægt að meta háttsemi ökumanns A til sakar þar sem hann hafi hægt á ferð bifreiðar sinnar til að kanna hvort hann þyrfti að aðstoða fólk í vegkantinum. Þegar hann hafi séð að um kvikmyndatöku var að ræða hafi hann aukið ferð bifreiðar sinnar aftur en þá hafi árekstur orðið. A vísar til úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings. V1 telur að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum og háttsemi hans hafi brotið gegn 3.mgr. 14.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ekki sé sýnt að ökumaður A hafi hemlað að tilefnislausu þannig að hann eigi að bera sök. V2 telur að sök beri að skipta til helminga þar sem ökumaður A hafi hægt snögglega á ferð þar sem hámarkshraði er 80 km/klst og ökumaður B hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil á milli bifreiða.

Álit.

Í 3.mgr. 14.gr. umferðarlaga er eftirfarandi háttækniregla: „Ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skal vera svo langt frá því, að eigi sé hætt á árekstri, þótt ökutækið, sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess.“ Að gögnum málsins virtum þykir ökumaður B ekki hafa gætt að þessu þegar ökumaður A dró úr ferð þar sem verið var að vinna að kvikmyndatöku við akbrautina. Ekki þykir sannað að ökumaður A hafi snögghemlað enda kemur það hvergi fram með skýrum hætti fram í framburði ökumanna eða vitna. Tilgreining mögulegra brota ökumanns A í hluta lögregluskýrslu hefur ekki stöð í þeim framburðum og verður ekki lögð til grundvallar sakarskiptingu. Ökumaður B alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 18. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 168/2013
M
og
Vátryggingafélagið V v. Slysátryggingar ökumanns A

Umferðarslys þ.26.1.2010. Líkamstjón. Orsakatengsl

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.30.4.2010 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 27.9.2012 og 7.5.2013.

Málsatvik.

M lenti í umferðaróhappi þegar hún missti stjórn á A og lenti út af veginum. M segist ekki hafa fundið til líkamlegra einkenna fyrst eftir óhappið en síðan hafi verkur í mjóbaki farið versnandi og leitaði M til læknis þ.11.1.2011 og var M greind með tognun í hálsi, brjóst- og lendarhrygg. M gerir kröfu um bætur úr lögboðinni slysátryggingu ökumanns hjá V og telur orsakasamband milli líkamlegra einkenna og umferðaróhappsins. Gerð er grein fyrir því af hálfu M að farið verði fram á að dómkvaddir verði tveir matsmenn til að meta afleiðingar umrædds umferðaróhapps og er þess óskað að Úrskurðarnefnd fresti afgreiðslu máls þessa þar til matsgerðin liggja fyrir. M telur að sér hafi ekki verið ljós atvik að baki kröfu sinnar strax við umferðaróhappið og því hafi ársfrestur skv. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 ekki verið útrunninn þegar V barst skrifleg tilkynning um líkamstjón M þ. 7.1.2011. Auk þess telur M að með því að vísa málinu til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum sé frestur til lögfræðilegra aðgerða skv. 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga rofinn, í ljósi þess að höfnunarbréf V er dags. 27.9.2012.

V bendir á að ekki hafi verið farið fram á dómkvaðningu matsmanna þegar málið var lagt fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum og því óljóst hvert efni matsbeiðninnar verði og því ómögulegt að gera efnislegar athugasemdir. V hafnar því að málinu verði frestað eins og óskað er eftir af hálfu M og telur að vísa eigi málinu frá sbr. e lið 4.gr. samþykktu Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum og bendir á að M hafi allt frá því að umferðaróhappið átti sér stað leikið knattspyrnu með félagliði sínu.

Álit.

Skv. 1.mgr. 3. gr samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 er starfssvið nefndarinnar einum að úrskurða um ágreining varðandi bótaskyldu þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli málsskotsaðila og vátryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga. Skv. 2.mgr. 5.gr. samþykktanna skal málskotsaðili hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag áður en hann getur leitað til nefndarinnar og verður málskotið að hafa borist nefndinni innan árs frá því að málskotsaðili fékk skriflega tilkynningu vátryggingafélags um að kröfu hans væri hafnað. Bregðist vátryggingafélag hins vegar ekki við skriflegri kröfu vátryggðs innan þriggja vikna frá móttöku hennar er málskotsaðila heimilt að leita með málið beint til úrskurðarnefndar sbr. 3.mgr. 5.gr. samþykktanna. Þegar málskotsaðili leggur

mál fyrir nefndina skal hann skv. 1.mgr. 6.gr. samþykktanna gefa samþykki sitt fyrir því að nefndin fái öll gögn í hendur frá váttryggingafélagi sem varða mál hans. Þá skal váttryggingafélagi skv. 3.mgr. 6.gr. gefinn kostur á að koma gögnum og sjónarmiðum á framfæri við nefndina áður en málið er tekið til úrskurðar innan þess frests sem nefndin ákveður hverju sinni. Ekki er gert ráð fyrir að nefndin veiti frekari fresti en hér greinir, en nefndin skal hafa úrskurðað í máli innan fjögurra vikna frá því að mál taldist úrskurðarhæft sbr. lokamálslið 2.mgr. 7.gr. samþykktanna.

Þegar litið er til samþykktar nefndarinnar og einkum þeirra ákvæða sem að framan greinir varðandi málsmeðferð fyrir nefndinni gildir sú meginregla að úrskurðarnefnd tekur til meðferðar þau mál er undir hana heyra og úrskurðar í máli að jafnaði á grundvelli þeirra ganga sem lágu fyrir við ákvörðun váttryggingafélagsins en að liðnum fresti til að leggja þau fram skal úrskurðað í málinu innan fjögurra vikna. Samþykktir nefndarinnar miða samkvæmt þessu við það að leyst sé úr ágreiningi með skjótum hætti á grundvelli gagna sem þegar liggja fyrir. Því fer í bága við meginreglur um skjótan málshraða fyrir nefndinni að veita ótilgreindan frest til að afla gagna sem ekki liggja þegar fyrir. Verður M því ekki veittur frestur til að afla framangreindrar matsgerðar.

Ljóst er að M leitaði ekki til læknis vegna einkenna fyrr en um ári eftir umferðaróhappið. Af gögnum málsins er ekki ljóst að um orsakatengsl sé að ræða milli þeirra verkja sem M lýsir og umferðaróhappsins sem um ræðir. Hallann af þeim sönnunarskorti ber sá sem telur orsakatengsl fyrir hendi. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns A hjá V.

Í máli þessu reynir á slysaftryggingu ökumanns skv. 92.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í málskoti og bréfi V er vísað til 124.gr. laga um váttryggingasamninga vegna umræddrar tryggingar og ekki annað að sjá en aðilar telji að um persónutryggingu sé að ræða í skilningi II hluta laganna. Burtséð frá því hvort fyrrnefnd slysaftrygging ökumanns sé persónutrygging eða skaðaftrygging þannig að 51.gr. laganna taki til hennar verður að taka afstöðu til þess hvort sambærileg efnisatriði 1.og2.mgr. þeirra greina eigi við í málinu.

Þar sem ekki er sýnt fram á orsakatengsl er ekki nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hvenær atvik að baki kröfu urðu ljós í skilningi 1.mgr. áðurnefndra greina en ber þó að líta til þess að frestur til lögfræðilegra aðgerða í skilningi 2.mgr. sömu greina hefur verið rofinn með málskoti M sem var mótttekið þ. 30.4.2013.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysaftryggingu ökumanns A hjá V.

Reykjavík 4.6. 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 169/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ innbúskaskóliðar í fjölskyldutryggingu.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda helluborði og rúðutjóns.****Gögn.**

75. Málskot, móttakið 30.4.2013, ásamt fylgigögnum.

76. Bréf X, dags. 10.5.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 28.3.2012 varð maki M fyrir því að hrasa á eldhúsgólfi á heimili þeirra en við það rakst pottur í helluborð sem brotnaði. Sama dag var M að leik með körfubolta utandyra ásamt syni sínum og kastaði boltanum í gluggarúðu í húseign þeirri sem fjölskyldan býr í samkvæmt því sem ráðið verður af gögnum málsins, en við það brotnaði rúðan.

M hefur krafist bóta úr innbúskaskólið fjölskyldutryggingar sinnar hjá X vegna þessara tjónstílvika. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu úr vátryggingunni.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. skilmála fyrir innbúskaskó í fjölskyldutryggingu hjá X tekur vátryggingin til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi, sbr. gr. 1.1.1 í innbúskafli í heimilistryggingu fjölskyldutryggingarinnar. Í vátryggingarskilmálum X er ekki skilgreint sérstaklega hvað telst vera almennt innbú. Jafnvel þótt helluborð kunni að teljast til fylgifyrjar fasteigna og sé af þeim sökum meðal lausafjármuna sem lögbundin brunatrygging húsa tekur til útilokar það ekki að helluborð teljist einnig til almenns innbús samkvæmt innbústryggingunni. Þar sem skilmálar innbústryggingar X taka ekki af öll tvímæli í þessum efnum verður ekki hjá því komist að telja helluborð til almenns innbús sem vátryggingin tekur til og þar sem ekki verður séð að tjónið á helluborðinu fái bætt úr heimilis- eða farangurstryggingu í heimilistryggingunni verður að telja það bótaskyldt úr innbúskaskólið fjölskyldutryggingarinnar.

Á hinn bóginn var rúða sú sem M braut hluti af fasteigninni og telst því ekki hafa verið meðal almenns innbús í innbúskafli í heimilistryggingu fjölskyldutryggingarinnar. Tjón vegna rúðubrotsins fæst því ekki bætt úr téðum innbúskaskólið fjölskyldutryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna tjóns á helluborði hjá X. Tjón vegna rúðubrots bætist hins vegar ekki.

Reykjavík, 28. maí 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 170/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar F.

Slys við rafmagnslest í skemmtigarði 1. maí 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29. apríl 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 13. maí 2013 þar sem vísað er til tölvupósts V til lögmanns M dags. 10. apríl 2013.

Málsatvik.

M var tæplega fimm ára gamall þegar hann slasaðist við rafmagnslest F þann 1. maí 2012. Skv. lögregluskýrslu voru ekki vitni að aðdraganda slyssins en á vettvangi var maður sem gat vitnað um að hann hafi heyrt þegar faðir M kallaði til ökumanns umræddrar rafmagnslestar að stöðva hana og ber sama vitni að ökumaðurinn hafi þá stöðvað um leið. Þá hafi komið í ljós að M hafði lent undir einum af vögnum lestarinnar. Haft er eftir föður M í lögregluskýrslu að hann hafi séð M hafi verið kominn upp við hlið lestarinnar og skömmu síðar hafi hann heyrt óp og varð þá var við að M hafði fest sig milli öftustu vagna lestarinnar þannig að fótur hans dróst undir lestina. Faðir M kveðst hafa kallað ítrekað til ökumanns lestarinnar um að stöðva en það hafi ekki borið árangur fyrr en eftir að M hafi dregist um 10 metra með lestinni. Ökumaður lestarinnar kvaðst ekki hafa orðið var við neitt óvenjulegt fyrr en hann hafi heyrt einhvern kalla á hann að stöðva lestina og hafi hann gert það nær samstundis. M slasaðist nokkuð, hlaut slæma yfirborðsáverka á húð fótleggjar en slapp við brot. Vinnueftirlitið var kallað til og var lestin rannsökuð. Í umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 2. maí 2012 kemur fram mat þess að ástand tækisins (lestarinnar) hafi verið í fullkomnu lagi og það hafi engin áhrif haft á atburðarásina.

Lögmaður M tilgreinir í málskoti að F beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M annars vegar vegna saknæmrar háttsemi ökumanns lestarinnar og hins vegar vegna saknæmra aðstæðna í garðinum. Byggt er á því að ökumaður lestarinnar hafi ekki sýnt næga aðgæslu við aksturinn þar sem hann tók ekki eftir því að M dróst með lestinni. Er vísað til almennra ákvæða 13.-14. og 37.gr. laga nr. 46/1980 því til stuðnings. Hvað varðar aðstæður í garðinum er vísað til þess að reiknað hafi verið með því að lestinni væri ekið á gönguleiðum þar sem þess mátti vænta að börn væru á ferð. Skipulag í garðinum hefði átt að miða að því að aðgreina leið lestarinnar frá gönguleiðum til þess að gæta öryggis gesta. Einnig er vísað til ákvæða umferðarlaga nr. 50/1987 varðandi forgang gangandi vegfarenda.

Álit.

Ekki er byggt á því að umbúnaður lestarinnar hafi verið óviðunandi, enda segir í umsögn Vinnueftirlitsins að lestin hafi verið í fullkomnu lagi. Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem kemur fram að engin vitni voru að nákvæmum aðdraganda slyss M. Í gögnum málsins er því ekki með öllu ljóst hvenær M var kominn að lestinni og nákvæmlega hvernig það bar að að hann festist undir henni. Þegar metið er hvort ökumaður lestarinnar hafi sýnt nægilega aðgát við akstur hennar verður að líta til þeirra sönnunargagna sem liggja fyrir. Framburður föður M um að hann hafi ítrekað kallað til ökumanns lestarinnar áður en lestin var stöðvuð fær ekki stoð í vitnisburði vitnis sem tilgreint er í lögregluskýrslu sem segir að ökumaður lestarinnar hafi stöðvað strax og vitnið hafi heyrt köll. Af sama vitnisburði má ráða að það hafi verið mjög nálægt lestinni þegar slysið varð. Þegar vitnisburðir vitnisins og föður M eru metnir verður ekki annað séð en að aðdragandi þess að M lenti undir lestinni hafi verið mjög snöggur. Ósannað er að langur tími hafi liðið frá því fyrst var kallað á ökumanninn þar til hann stöðvaði lestina. Miðað það verður ekki metið ökumanni lestarinnar til sakar að hafa ekki orðið var við M áður en slysið varð.

Hvað varðar aðstæður í garðinum og ökuleiðir lestarinnar, þar sem gesta á öllum aldri var að vænta, verður ekki fallist á að það eitt og sér feli í sér óforsvaranlegar aðstæður af hálfu F. Lestinni var ekið mjög hægt og vel sýnileg gestum. Ekki verður því fallist á skaðabótaábyrgð F vegna slyss M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík 28. maí 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 171/2013**M****og V v/ ábyrgðartryggingar og slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A.****Fyrning vegna umferðarslysa 3. september 2005 og 26. apríl 2006.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 30. apríl 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 28. maí 2013.

Málsatvik.

M slasaðist í tveimur umferðarslysum með stuttu millibili, nánar tiltekið 3. september 2005 og 26. apríl 2006. Mat á afleiðingum umræddra slysa fór fram með sérstakri matsgerð dags. 10. maí 2009 og fékk M í kjölfarið greiddar bætur skv. skaðabótalögum nr. 50/1993 hjá V. Gerður var fyrirvari við uppgjör bóttanna vegna mats á varanlegum miska og varanlegri örorku. Nú liggur fyrir nýtt mat á afleiðingum umferðarslysanna dags. 27. júní 2012 þar sem varanlegur miski var metinn lítilsháttar hærrí en í matsgerðinni frá 10. maí 2009.

M telur að um mál M gildi 10 ára fyrningafrestur 99.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 en ekki fjögurra ára fyrningafrestur. M telur að einkenni hennar hafi versnað nokkuð eftir að matsgerð lá fyrir á árinu 2009 og hafi það verið staðfest með hærra mati á varanlegum miska með nýrri matsgerð á árinu 2012 auk þess sem auk þess sem endurhæfing hafi ekki verið fullreynd fyrir en haustið 2010. Ekki geti því fyrningafrestur í málinu byrjað að líða fyrir en þá. M vísar einnig til dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

V vísar til þess að það liggi fyrir álit matsmanna, í matsgerð frá 10. maí 2009, að tímabært hafi verið að meta afleiðingar slysanna 20. apríl 2007. Því mati hafi ekki verið hnekkt og ekki sé hægt að draga ályktanir af þeim dómum sem M vísar til að upphaf fyrningafrests eigi að miðast við annan tímapunkt. Ekki sé því hægt að miða við annað en að kröfur M hafi fyrnst 1. janúar 2012, sbr. meginreglu 99.gr. umferðarlaga.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um upphaf fyrningafrests skv. 99.gr. umferðarlaga þar sem fram kemur að kröfur fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar, eða í síðasta lagi á 10 árum frá tjónsdegi. Í matsgerð dags. 10. maí 2009 kemur fram að tímabært hafi verið að meta afleiðingar beggja slysa á árinu 2007. Því mati hefur ekki verið hnekkt en upplýsingar í læknisfræðilegum gögnum um ástand M eftir matsgerðina í maí 2009 eru ekki þess eðlis að þær staðfesti að fyrningafrestur hafi byrjað að líða síðar. Að öllu virtu teljast kröfur M vegna slysanna hafa fyrnst við upphaf árs 2012.

Niðurstaða.

Kröfur M í ábyrgðartryggingu ökutækis og slysatryggingu ökumanns hjá V eru fyrndar.

Reykjavík 11. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 172/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar D

Bifreið ók á þrengingarkubb þ.23.10.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.5.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 22.5.2013

Málsatvik.

M ók bifreið sinni afturábak og á þrengingarkubb á götunni. M sagðist hafa vitað af þrengingu þarna, en ekki séð hana þegar hún leit í baksýnispegilinn. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu D vegna þessa tjóns og segir að þrengingarkubburinn sem hún ók á sé ekki á varanlegum stað og settur upp til bráðabirgða og umferðarmerki og skilti sem vari við þrengingunni séu langt frá kubbum. M hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki sé með neinum hætti sýnt fram á af hálfu M að tjónið sé tilkomið vegna háttsemi D. Þá bendir V á að M bakkaði gegn akstursstefnu í umrætt sinn og ekki gætt að sér að mati V.

Álit.

Ekki er sýnt fram á að D hafi sýnt af sér saknæma eða ólögmdæta háttsemi varðandi þrengingu á götu með þeim þrengingarkubb sem um ræðir eða merkingum hvað hann varðar. M viðurkennir að hafa vitað af þrengingunni og sýndi því ekki næga aðgæslu við aksturinn í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu D hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík 11.6.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 173/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss er starfsmaður féll af vinnupalli þann
23.6.2010.****Gögn.**

77. Málskot, móttakið 30.4.2013, ásamt fylgigögnum.

78. Bréf X, dags. 27.5.2013.

Málsatvik.

M var að ganga að utanverðu upp vinnupall við fjölbýlishús þar sem hann ætlaði að leggja í svalagólf á vegum V, vinnuveitanda síns. Mun þá hreyfing hafa komið á pallinn og við það féll M til jarðar um 4-6 m og varð fyrir meiðslum. Hann leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild LSH og mun hafa verið óvinnufær í nokkra daga á eftir. Slysið var hvorki tilkynnt lögreglu né Vinnueftirliti ríkisins og var því ekki rannsakað af þessum aðilum.

M kveður pallinn hafa verið festan með bandi við eitt svalahandriðið á fjölbýlishúsinu. Hafi festingum pallsins þannig verið áfátt og með því hafi ekki verið farið að nánar tilgreindum fyrirmælum í 13. gr. reglna nr. 331/1989 um röraverkpalla. Þá kveðst M ekki hafa vitað af stiga innan í pallinum til að nota við uppgöngu og honum hafi ekki verið sagt að nota hann.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu. Kveður X að samkvæmt upplýsingum frá V hafi verið fylgt leiðbeiningum frá leigusala pallsins við uppsetningu hans og M hafi kosið að klifra upp pallinn að utanverðu þrátt fyrir að hafa verið áminntur af yfirmönnum og starfsmönnum V um að nota stigann inni í pallinum við uppgönguna.

Álit.

Eins og fyrr greinir var slysið ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu þótt slíkt hafi verið skylt eins og hér stóð á, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Verður V því að bera hallann af því sem atvik í máli þessu kunna að vera óljós eða óupplýst. Verður því að leggja til grundvallar þá staðhæfingu M að pallurinn hafi einungis verið festur með bandi í eitt svalahandrið. Festingum pallsins var því áfátt og verður að telja að slysið verði rakið til þessa. Ber V af þessum sökum ábyrgð á líkamstjóni M. Engar skýrslur liggja fyrir af yfirmönnum eða starfsmönnum V um slysið og tildrög þess. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að M hafi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi átt þátt í því að tjónsatburður varð. Eru því ekki skilyrði að lögum til að skerða bótarétt hans vegna hugsanlegrar meðábyrgðar hans, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga 124/2009 um breytingu á þeim. M á því óskertan bótarétt fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 11. júní 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 174/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1) v A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða í bifreiðakjallara í Glæsibæ í Reykjavík þ. 19.2.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.5.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 2.6.2013
3. Bréf V-2 dags. 22.5.2013

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa verið að bakka inn í stæði og varla verið komin inn í stæðið þegar B var ekið afturábak eftir akstursleið bifreiðastæðisins og árekstur varð milli bifreiðanna. Ökumaður A segist hafa flautað þegar hún sá B koma en án árangurs. Ökumaður B segist hafa þurft að bakka til að gera bifreið sem á móti kom kleift að komast framhjá. Ökumaður B segist ekki hafa séð A.

Álit.

Miðað við aðstæður og fyrirliggjandi göng verður öll sök lögð á ökumann B, sem bakkaði eftir akstursleið bifreiðastæðis á A, en ökumaður B gætti ekki að aðstæðum áður en hann bakkaði í umrætt sinn inn í hlið A

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 18.6.2013

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 175/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Miklubraut í Reykjavík austan Skeiðarvogs í Reykjavík þann 10.4.2013.**Gögn.**

79. Málskot, móttakið 7.5.2013, ásamt fylgigögnum.
80. Bréf X, dags 27.5.2013.
81. Bréf Y, dags. 30.5.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið vestur Miklubraut á akrein lengst til vinstri og aftan á bifreiðina B sem var kyrrstæð og mannlaus á akreininni. Áreksturinn varð um hádegisbil. Bjart var af degi og þurrt færi. Í lögregluskýrslu kemur fram að tilkynning hafi borist kl. 12:14 um A, kyrrstæða og mannlausa á götunni, en skömmu síðar, eða kl. 12:35 um að ekið hafði verið aftan á bifreiðina. Hafi A verið á akreininni lengst til vinstri með akstursstefnu til vesturs. Þarna séu þrjár akreinar í stefnu til vesturs auk fráreinar/aðreinar fyrir umferð af Sæbraut inn á Miklubraut til vesturs og af Miklubraut inn á Skeiðarvog. Því séu þarna alls fjórar akreinar. Ekki hafi verið að sjá að nein tilraun hafi verið gerð til að takmarka hættu sem af henni stafaði. Engin varúðarljós (hazard) hafi verið á bifreiðinni og stöðuljós voru slökkt. Enginn varúðarþríhyrningur hafi verið á akbrautinni. Á vegarkaflanum, þar sem áreksturinn varð, sé hámarkshraði á akbrautinni 80 km á klst. og umferð hafi verið þung og mikil þegar óhappið varð.

Eftir ökumanni A er haft að hann hafi ekið á um 80 km hraða á klst. eftir akreininni lengst til vinstri, þegar bifreið fyrir framan hann hafi snögglega verið beygt til hægri yfir á næstu akrein. Hann hafi þá séð B kyrrstæða fyrir framan sig. Hann hafi reynt að beygja frá en verið kominn of nálægt og ekið utan í hægri afturhorn B.

Skömmu eftir að lögregla kom á vettvang kom ökumaður B á vettvang. Hann kvað B hafa bilað og hafi hann farið á brott til að fá frekari aðstoð. Hann hafi ekki kveikt nein ljós né sett upp viðvörunarþríhyrning.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 má eigi stöðva ökutæki eða leggja því á þeim stað eða þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferðina. Samkvæmt 2. mgr. sömu gr. má einungis stöðva ökutæki eða leggja því hægra megin á akbraut. Skal stöðva ökutæki eða leggja við ystu brún akbrautar og samhliða henni eða utan hennar, ef unnt er. Ekki fer á milli að stöðvun B á akreininni fór alvarlega í bága við þessi ákvæði umferðarlaga. Stöðvist ökutæki vegna vélarbilunar þar sem bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því skal flytja það á viðeigandi stað eins fljótt og unnt er, sbr. 1. mgr. 30. gr. ufl. Hafi ökutæki stöðvast á þannig stað eða svo að hætta eða óþægindi stafi af fyrir umferðina skal ökumaður jafnframt gera ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við þar til það hefur verið flutt á brott. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni B þegar litið er til þess að hann gerði engar ráðstafanir til að vara aðra

vegfarendur við bifreiðinni áður en hann hvarf af vettvangi. Verður áreksturinn einkum rakinn til þessa og ber því ökumaður B megin sök á honum. Ökumaður A rakst í B er hann hugðist beygja hægra megin fram með henni. Að öllu virtu verður að telja að hann hafi ekki sýnt alla þá varúð og tillitssemi í akstri sínum sem af honum mátti krefjast, sbr. 1. mgr. 4. gr. ufl. Á hann því einnig nokkra sök á því hvernig fór. Verður sök skipt eins og í niðurstöðunni greinir.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 18. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 176/2013
M
og V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar A.

Útafakstur í Hamarsfirði 3. apríl 2013 og samsömun ökumanns og váttryggðs.

Gögn.

1. Málskot móttækið 8. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 23. maí 2013.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðin A hafi ekið út af vegi í Hamarsfirði. M er eigandi bifreiðarinnar og váttryggður í skilniningi 14.gr. váttryggingaskilmála kaskótryggingar, en ökumaður í greint sinn var móðir hans. Hún kvaðst hafa sofnað undir stýri og misst þannig stjórn á bifreiðinni. M telur að ökumaður hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn og vísar til þess að hún hafi sofnið um klukkustund áður en hún tók við akstrinum. V hefur vísað til þess að það takmarki ábyrgð sína um fjórðung þar sem það telur að ökumaður hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Heimild til að færa bætur niður að þessu leyti megi finna í 3., sbr. 5.gr. váttryggingaskilmála sem og 27.gr., sbr. 29.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. V telur að ökumaður A hafi viðurkennt þreytu sína í lögregluskýrslu og farin að huga að því að stöðva bifreiðina og hvíla sig rétt áður en hún sofnaði. Sú háttsemi að halda áfram akstri við þessar aðstæður sé stórkostlegt gáleysi af hálfu ökumannsins. Ekki er gerð sérstaklega grein fyrir heimild til samsömunar af hálfu V.

Álit.

Til þess að hægt sé að meta hvort háttsemi ökumanns hafi áhrif á rétt M til bóta verður fyrst að líta til gr. 5.1. í váttryggingarskilmálum. Þar er kveðið á um að háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða ökutæki, sbr. a.liður 2.mgr. 29.gr. laga um váttryggingarsamninga, geti leitt til skerðingar bóta, en umrætt ákvæði er undantekning frá meginreglu 1.mgr. 29.gr. sömu laga um almennt bann við samsömun í neytendatryggingum. Í lögskýringargögnum kemur fram að um varanleg umráð þurfi að vera að ræða til að samsömun sé heimil. Það þýði að váttryggður þurfi meðvitað að hafa afhent umráð og vörslur hins váttryggða með nokkuð varanlegum hætti en ekki nægi að hið váttryggða yrði lánað í skamman tíma með venjulegum hætti. Í máli þessu eru engar upplýsingar um að M hafi meðvitað afhent umráð og vörslur A til ökumannsins. Þannig er ekki sýnt fram á heimild til samsömunar milli M og ökumannsins, en telja verður að váttryggingafélagið beri sönnunarbyrði um að skilyrði a.liðar 2.mgr. 29.gr. laga um váttryggingarsamninga séu uppfyllt. Telst V því ekki hafa heimild til að beita ákvæðum um takmörkun á ábyrgð sinni að hluta vegna mögulegs stórkostlegs gáleysis. Þegar af þeirri ástæðu þykir ekki nauðsynlegt að taka afstöðu til háttsemi ökumannsins sérstaklega.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A.

Reykjavík 18. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 178/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Orsakatengsl vegna mögulegs líkamstjóns í árekstri 11. september 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 27. maí 2013.

Málsatvik.

Samkvæmt tjonstilkynningu Aðstoðar&Öryggis var bifreiðinni X ekið aftan á bifreið sem M ók þann þann 11. september 2012, en báðum bifreiðum var þá ekið suður Sæbraut í Reykjavík. M hafði stöðvað vegna umferðarljósa og var að taka af stað þegar áreksturinn átti sér stað. Ekki er deilt um ábyrgð eiganda X á tjóni vegna árekstursins eða bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu hjá V. Ágreiningur er hvort M hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum.

M telur að sannað sé að hún hafi hlotið líkamstjón með vísan til gagna málsins. M hafi leitað strax á slysadeild með einkenni vegna slyssins, mál hennar hafi verið samþykkt sem slys af hálfu Sjúkratrygginga Íslands og læknisvottorð liggja fyrir um einkenni M eftir slysið. M telur að V geti ekki byggt á skýrslu um höggkraft vegna árekstursins þar sem slík skýrsla veiti enga sönnun á ástandi M auk þess sem það komi ekki fram á hvaða verkfræðilegu forsendum skýrslan sé unnin og hvort hún sé unnin af bærum aðilum. Ekki sé heldur hægt að draga almennar ályktanir af skýrslunni heldur verði að skoða hvert mál fyrir sig.

V telur að ekki sé sannað að orsakatengsl séu milli kvartana M nú og árekstursins 11. september 2012. Gögn málsins sýni minniháttar skemmdir á bifreiðum, einkenni sem M lýsir séu ekki ósvipuð einkennum vegna annarra slysa auk þess sem hún hafi ekki leitað til læknis síðan í september 2012. Einnig er vísað til svokallaðrar PC-crash skýrslu Aðstoðar&Öryggis þar sem kemur fram að þyngdarkraftur sem kom á bifreið M hafi verið 1,26 g. M vísar til dóma héraðsdóms um sambærileg mál og telur að þeir staðfesti að þegar liggur fyrir mæling á þyngdarkrafti sem sé minni en 3 g megi draga þær almennu ályktanir að hverfandi líkur séu á líkamstjóni. Þar sem mæling á þyngdarkrafti vegna áreksturs M hafi verið lægri en 3 g sé hægt að álykta að M hafi ekki hlotið líkamstjón í umræddum árekstri.

Álit.

Mat nefndarinnar er liggur í því að meta hvort meiri líkur eða minni eru á því að líkamstjón hafi orðið í árekstrinum 11. september 2012. M leitaði á slysadeild vegna einkenna strax eftir áreksturinn og síðan til heimilislæknis níu dögum síðar þar sem hún lýsir svipuðum einkennum og á slysadeild. Í þeim læknisvottorðum sem liggja fyrir í málinu er að mestu greind frásögn M um einkenni. Þegar metin eru sönnunargögn þessa máls er ljóst að það togast á annars vegar þessar upplýsingar frá M sjálfri og hins vegar niðurstaða skýrslu sem V leggur fram um mjög væga höggkrafta í árekstrinum. Þegar litið er til umræddrar skýrslu um þyngdarkrafta árekstursins verður ekki hjá því litið að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur t.d. fyrir mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað eða án þess að litið sé til annarra gagna.

Þegar litið er til annarra gagna er hins vegar ljóst að það liggur ekki heldur fyrir sérstakt mat á því hvort orsakatengsl séu milli einkenna sem M lýsir og árekstursins. Eins og áður er greint liggja tvö læknisvottorð fyrir sem lýsa tveimur heimsóknum til læknis eftir tjónsatvikinu. Ekki liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um hvort M hafi verið í sérstakri meðferð vegna þess líkamstjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir í árekstrinum eða skýrar upplýsingar um fyrra heilsufar hennar. Í

ljósi þessara takmörkuðu gagna telst vafi um orsakatengsl í þessu máli verulegur. Að öllu virtu tels M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar ökutækisins X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 11. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 179/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. launþegatryggingar

Knattspyrnudómari meiðist þegar hann sparkaði í boltann. þ. 24.3.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.5.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 28.5.2013.

Málsatvik.

M var að dæma leik í knattspyrnu og barst boltinn við miðlínu og sparkaði honum til markvarðar og fann þá til mikils sársauka og þurfti að fara af velli. M var tryggður skv. launþegatryggingu KSÍ hjá V og krafðist bóta úr tryggingunni vegna þessa atviks. Af hálfu M er á það bent að hann hafi fengið skyndilegan verk og eymsli framan á hægra lærið þegar hann sparkaði í boltann og hafi verið um utanaðkomandi atburð að ræða þegar hann sparkaði og samkvæmt lýsingu á atvikum um slys að ræða í umrætt sinn. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um slys að ræða eins og það hugtak sé skilgreint í slysatryggingu launþega. V telur að meiðsl M verði ekki rakin til utanaðkomandi atburðar heldur sé um innri meiðsl að ræða sem rakin verði til rangrar beitingar og/eða ofreynslu og álags. V segir að lærvöðvi M hafi rofanð og það sé meðal algengustu álagsmeiðsla fótboltamanna.

Álit.

Miðað við það sem fyrir liggur í málnu er ekki sannað að meiðsl M á lærvöðva megi rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi vátryggingaskilmála launþegatryggingar KSÍ hjá V. Ekki er því um slys að ræða samkvæmt þeirri skilgreiningu vátryggingarskilmálanna og því ekki um bótaskyld atvik að ræða úr ofangreindri tryggingu KSÍ hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr launþegatryggingu KSÍ hjá V.

Reykjavík 11.6.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 180/2013
M
og V v/ sjúklingatryggingar T.

Rannsóknir og meðferð sjúklings hjá tannlækni á tímabilinu 2005-2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 13. júní 2013 ásamt gögnum um implant/tannplamt, um tannparta og stoðtennur, myndir af tannpörtum og skýringarmynd af tanngarði.

Málsatvik.

M leitaði til tannlæknisins T í apríl 2005 og var í meðferð hjá honum fram til ársins 2010. Á því tímabili gekkst hún undir ýmsar meðferðir hjá T, fjarlægðar voru tennur og settar upp stiftennur og tvisvar á tímabilinu fékk M góma.

M telur að hún hafi orðið fyrir tjóni vegna meðferðar T á umræddu árabili og rekur það til stiftannar sem komið var fyrir af T í neðri gómi M í lok árs 2005. Auk þess telur hún að gómar sem hún fékk á árunum 2005 og 2009 hjá T hafi leitt til þess tennur í efri gómi losnuðu eða skekkust. Þetta ástand hafi leitt til sýkinga og verulegra og langvinnra óþæginda. M telur að T beri ábyrgð á tjóni þessu m.t.t. sérstakrar reglu 1.tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Um sé að ræða víðtæka skaðabótareglu þar sem kröfur til sönnunar séu vægar og verði að meta mál M út frá þeim forsendum.

V telur að ósannað sé að sú meðferð sem M fékk hjá T hafi verið þess eðlis að ranglega hafi verið staðið að henni. Óþægindi M geti verið rakin til annarra þátta t.d. tyggjónotkunar hennar sjálfrar og ekki sé sýnt fram á með ótvíræðum gögnum að sýking hafi komið upp í munnholi hennar. Gögn sem lögð hafi verið fram séu fyrst og fremst frásögn M sjálfrar og læknisvottorð sem lýsi hennar upplifun en feli ekki í sér sönnun á því að meðferð hennar hefði getað verið með öðrum hætti.

Álit.

Það skal fyrst nefnt að ekki liggur fyrir sjálfstæð lýsing frá vátryggðum (T) í málinu um þá meðferð sem M hlaut hjá honum á árunum 2005-2010. Þó það sé í sjálfu sér aðfinnsluvert þá telur nefndin unnt að taka afstöðu í málinu m.v. fyrirbyggjandi gögn.

Þrátt fyrir vægari almennar sönnunarkröfur í lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 er þó gert ráð fyrir því í lagatextanum að tjón megi *ad öllum líkindum* rekja til atvika sem koma fram í 1.-4.tl. 2.gr. laganna. Samkvæmt athugasemdum við 2. gr. í frumvarpi laganna dugar í þeim efnum að sýnt sé fram á að líklegra sé að tjónið stafi af rannsókn eða meðferð en öðrum orsökum. Sönnunarbyrðin um að svo sé hvílir á tjónþola.

Í málinu hefur M lagt fram ýmis gögn og vísað til 1.tl. 2.gr. máli sínu til stuðnings, en þar kemur fram að tjón þurfi að öllum líkindum að vera rakið til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.

Í málinu liggja ekki fyrir álit sérfræðinga um þá meðferð sem M fékk hjá T í greint sinni. Miðað við þau gögn sem fyrir liggja frá M telst ekki fyllilega ljóst að tannlæknirinn hafi beitt rannsóknum eða meðferð sem voru í ósamræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði tannlækninga. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins að óþægindi M sé hægt að rekja til rannsókna eða meðferðar tannlæknisins fremur en aðstæðna sem hefðu komið upp óháð læknismeðferðinni. Það er því ekki sýnt að líklegra sé að tjónið stafi af rannsókn eða meðferð en öðrum orsökum, en eins og áður segir hvílir sönnunarbyrði um slíkt á M. Á meðan svo er telst ósannað að skilyrði

laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt þannig að M eigi rétt á skaðabótum úr sjúklingatryggingu Theódórs Friðrikssonar tannlæknis.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr sjúklingatryggingu T hjá V.

Reykjavík 28. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 181/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Fjölskyldutryggingar

Skíðabúnaði stolið af bifreið þ. 30.3.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.5.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V dags. 3.6.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-2

Málsatvik.

M var á Ísafirði og kom að bílnum sínum skemmdum og skíðbogafestingar höfðu verið brotnar upp og skíðabúnaður tekinn. Skíðabúnaðurinn hafði verið læstur með lyklalæsingum. M tilkynnti strax um tilvikið til lögreglu. M krefst bóta vegna þjófnaðar á skíðabúnaði og telur að tryggilega hafi verið gengið frá skíðabúnaðinum í umrætt sinn og ekki skipti máli varðandi bótaskyldu hvort skíðabúnaðurinn sé læstur í skíðbogafestingu á þaki bifreiðar eða sé í aftursæti læstrar bifreiðar. V hafnar bótaskyldu og vísar til 1. gr. vátryggingaskilmála þar sem innbrot m.a. í læstar bifreiðar og hjólhýsi er bótaskyldt en telur að tilvik eins og það sem hér ræðir um falli utan bótaskylds viðkomandi tryggingar.

Álit.

Í vátryggingaskilmálum þeim sem um ræðir er bótaskylda fyrir hendi þegar brotist er inn í læstar bifreiðar og munum stolið. Í vátryggingaskilmálum kemur ekki fram að innbrotið þurfi að vera inn um glugga eða hurðir bifreiðarinnar. Innbrot í læsta hirslu bifreiðar eins og um var að ræða í umrætt sinn er ekki undanskilið bótaskyldu samkvæmt þeim vátryggingaskilmálum sem hér um ræðir og því bótaskyldt.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 18.6.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 182/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á persónulegum munum í íþróttahúsi.****Gögn.**

82. Málskot, móttakið 17.5.2013, ásamt fylgigögnum.

83. Bréf X, dags. 29.5.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Laust eftir hádegi hinn 15.4.2013 var M, 16 ára gamall nemandi í grunnskóla, í íþróttatíma í nánar tilgreindu íþróttahúsi. Var þá stolið ýmsum munum frá nokkrum nemendum sem þeir höfðu skilið eftir í búningasklefa íþróttahússins. Búningasklefinn mun hafa verið ólæstur. Samkvæmt málskoti var m.a. buxum, seðlaveski með skírteinum, farsíma og úri stolið frá M.

M var vátryggður samkvæmt fjölskyldutryggingu hjá X. Hefur M krafist bóta úr innbúshluta vátryggingarinnar fyrir það tjón sem hann varð fyrir. X hefur fallist á bætur vegna þess fatnaðar sem stolið var frá honum, en hafnað bótaskyldu að öðru leyti.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.5.4 í vátryggingarskilmálum innbúshluta vátryggingarinnar bætir vátryggingin tjón vegna þjófnaðar úr grunnskóla með allt að 5% af gildandi vátryggingarfjárhæð. Jafnframt er tekið fram að ákvæðið eigi eingöngu við um þjófnað á munum í eigu grunnskólanemenda og gildi einnig í íþróttahúsum og á sundstöðum á vegum grunnskólans þegar nemendur eru í umsjá kennara. Í gr. 4.5.9 í skilmálunum er kveðið á um þá varúðarreglu að ekki skuli skilja annað en fatnað eftir í fatahengjum eða fataskápum í grunnskóla eða öðru húsnæði tilheyrandi grunnskólakennslu, svo sem íþróttahúsum og sundstöðum. Þá er í 3. gr. sameiginlegra skilmála fjölskyldutryggingarinnar kveðið á um áhrif þess ef varúðarregla er brotin. Segir í ákvæðinu að skylt sé að fara eftir varúðarreglum sem greinir í skilmálunum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Fyrir liggur að auk fatnaðar skildi M farsíma og jafnvel fleiri muni eftir í búningasklefanum. Með því braut hann gegn framangreindri varúðarreglu í gr. 4.5.9 í skilmálum innbúshluta vátryggingarinnar. Brot þetta verður að teljast verulegt og leiddi það til þess að mununum var stolið frá honum. Við þessar aðstæður verður að telja að ábyrgð félagsins falli niður að öllu leyti. M á því ekki rétt á bótum úr innbústryggingunni hjá X vegna farsíma og annarra muna sem stolið var frá honum umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbústryggingu hjá X vegna þjófnaðar á farsíma og öðrum munum.

Reykjavík, 18. júní 2013.
Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 183/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um rétt til bóta úr frítímaslysatriyggingu.****Gögn.**

84. Málskot, móttakið 16.5.2013, ásamt fylgigögnum.

85. Bréf X, dags. 24.5.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með tilkynningu, dags. 12.8.2008, til X tilkynnti M að hann hafi hlotið brot á báðum höndum hinn 31.7.2009 er hann hafi fallið af bifhjólum sem hann hafi verið að gera við. M mun hafa leitað samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Í læknafréfi deildarinnar til heimilislæknis M segir að M hafi dottið af mótorkross og hafi trúlega flogið fram af því. Í málskoti til nefndarinnar er atvikum lýst á þann veg að M hafi orðið fyrir slysi þegar hann var að setja mótorkrosshjól á kerru til að gera við það. Hjólið hafi ekki verið í gangi og það sé ekki skráningarskyld.

X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 telst bifhjól m.a. vera vélknúð ökutæki sem hvorki telst bifreið né torfærutæki, er aðallega ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur, fjórum eða fleiri hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd. Samkvæmt sömu lagagrein telst torfærutæki m.a. vera vélknúð ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga utan vega og er á hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd. Í gögnum málsins er ekki að finna nákvæma lýsingu á ökutæki því sem M var á er slysið varð. Þó verður að ætla að um hafi verið að ræða bifhjól eða torfærutæki samkvæmt þeim skilgreiningum sem að framan greinir. Í 1. mgr. 63. gr. ufl. er kveðið á um það að áður en bifreið, bifhjól, torfærutæki eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það. Með vísan til þessa ákvæðis verður að telja að M hafi fallið af skráningarskyldu vélknúnu ökutæki.

Samkvæmt gr. 4.3 í skilmálum X um frítímaslysatriyggunguna greiðir félagið ekki bætur vegna slysa sem verða af völdum skráningarskylds vélknúns ökutækis á Íslandi. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með vissu hver tildrög slyssins voru. Í þeim efnum hefur M ekki gefið greinargóða lýsingu. Þó þykir mega slá föstu að það hafi verið af völdum bifhjólsins sem hann féll af og varð fyrir meiðslum. Slysið varð því af völdum atviks sem er undanþegið bótaskyldu úr slysatriyggungunni. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatriyggungu hjá X.

Reykjavík, 11. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 184/2013
(M)
og (V) vegna ábyrgðartryggingar (D)

Tjón á bifreið við hífingu 30. apríl 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 30. maí 2013.

Málsatvik.

Tjón varð á bifreið M þegar verið var að hífa skútur siglingafélags í sjó í Gufunesi, 30. apríl 2013. Laus stigi er notaður til að komast upp í skúturnar og hafði þessi stigi verið lagður upp að skútunni sem átti að hífa í því skyni. Hann hafði síðan ekki verið fjarlægður áður en hífing fór fram. Stiginn féll á þak bifreiðar sem stóð nærri og varð tjón við það.

M telur að tjónið megi rekja til óaðgæslu stjórnanda kranans, starfsmanns D, þar sem hann hafi ekki gætt að því að fjarlægja eða láta fjarlægja umræddan stiga áður en híft var. M bendir einnig á að stjórnandi kranans hafi haft sex ára barn sitt með sér í stjórnklefa kranans og hafi því ekki fylgst nægilega vel með því sem átti sér stað. Það sé vanræksla af hans hálfu sem D beri skaðabótaábyrgð á.

V telur að stjórnandi kranans hafi ekki haft aðstöðu til að sjá umræddan stiga áður en hífing hófst. Stjórnandi kranans hafi ekki farið með verkstjórn á staðnum heldur hafi híft eftir bendingu manns sem var á vegum siglingafélagsins. Ekki sé tengsl á milli þess að barn stjórnandans hafi verið í stjórnklefa kranans þegar óhappið varð og þess að stiginn féll á bílinn þar sem stjórnandi kranans hafi ekki haft möguleika á að sjá stigann og hafi hann mátt treysta bendingum þess sem stjórnaði hífingunni.

Álit.

Til þess að skaðabótaábyrgð D verði staðfest og greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu þess hjá V þarf að sýna fram á að tjón á bifreið M megi rekja til saknæmrar háttsemi stjórnanda kranans sem D ber vinnuveitandaábyrgð á. Miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram í málinu verður ekki talið sannað að stjórnandi kranans hafi sýnt gáleysi við hífinguna. Alkunna er að stjórnendur krana fylgi bendingum þeirra sem hafa yfirsýn yfir það svæði sem er verið að hífa á. Ekki hefur verið sýnt fram á að stjórnandi kranans hefði átt að sjá stigann eða mátt sjá hann gegn bendingum þess sem var nær og ekki er heldur sýnt fram á að það, að barn hans hafi verið í stjórnklefa kranans á meðan híft var, hafi haft áhrif á atburðarás þessa. Ekki hefur því verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð D.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík 18. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 185/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Ökutækjatrýggingar A

Árekstur. Líkamstjón. Orsakasamhengi þ. 12.5.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 30.5.2013

Málsatvik.

Bifreiðin A ók aftan á bifreið M og leitaði M þegar til læknis vegna áverka. Ökumaður A segir að bifreið sín hafi skyndilega orðið bremsulaus og því hafi árekstur orðið. Skv. niðurstöðu skýrslu Aksturs og Öryggis var A á um 7 km. hraða þegar áreksturinn varð. Samkvæmt læknisvottorði varð M fyrir vægum hálsnykk með einkennum vinstra megin á hálsi og of snemmt að meta batahorfur. V krefst bóta úr ökutækjatrýggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið færðar sönnur á orsakatengsl milli meintra líkamsáverka M og árekstursins sem hér ræðir um og þau læknisfræðilegu gögn sem lögð hafi verið fram skeri ekki úr um það að orsakatengsl séu til staðar. Þá bendir V á að A hafi verið á lítilli ferð í umrætt sinn sbr. Skýrslu Aksturs og Öryggis og tjón á bifreið M hafi verið takmarkaðir ef þá nokkrir.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbindingu um málsatvik. Nokkrar en ekki tæmandi upplýsingar liggja fyrir um fyrra heilsufar M. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirliggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ökutækjatrýggingu A hjá V.

Reykjavík 18.6.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 186/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Ágreiningur um bótaskyldu er möl fauk úr malarbing og olli skemmdum á bifreið.****Gögn.**

86. Málskot, móttakið 16.5.2013, ásamt fylgigögnum.
87. Bréf X, dags 3.6.2013.

Málsatvik.

Laust fyrir hádegi hinn 2.11.2012 tilkynnti M lögreglu að töluvert tjón hafi orðið á nokkrum bifreiðum við heimili hennar við tiltekna götu nr. 42, svo við hús 34 og 36 vegna sand- og grjótfoks úr gamalli grjótnámu er staðsett í landi sveitarfélagsins S rétt fyrir aftan heimili hennar. Umrædd hús eru í tilteknu hverfi í S. Segir í lögregluskýrslu að þennan dag hafi mikill stormur geisað og hvassviðri. Hafi vindur farið yfir 30 m/sek. og í hviðum upp í 55-60 m/sek. í hverfinu.

Kvað M að umræddan morgun hafi sandur og grjót fokið úr námunni eða malarbing sem er nokkru hærra en grasmön sem þarna er til varnar íbúðahverfinu fyrir veðri og vindum. Tjón varð á bifreið M og hefur hún krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá X. Kveður X samkvæmt upplýsingum sínum að malarbingurinn hafi verið á umræddum stað í nokkur ár eða a.m.k. frá árinu 2009 og starfsmenn kannist ekki við að tjón hafi orðið áður af völdum foks úr honum. Ekkert í gögnum málsins renni stoðum undir það að starfsmenn S hafi haft tök á að bregðast við aðstæðum í tæka tíð. Hefur X hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ljóst þykir að malarbingur sá sem fauk úr hinn 2.11.2012 og olli skemmdum á bifreið M hafði verið þarna um nokkurra ára skeið. Ekkert liggur fyrir í gögnum í málsins að áður hafi fokið úr bingnum og valdið tjóni á munum í nágrenninu. Veðurhæð virðist hafa verið óvenjumikil umræddan dag. Ekki hefur verið sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að tjónið verði rakið til þess að starfsmenn S hafi með saknæmum hætti ekki brugðist við foki úr malarbingnum. Af því leiðir að S ber ekki ábyrgð á tjóni M og það fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 19. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 187/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Maður lenti með hægri hönd í rennibekk og slasaðist þ. 23.5.2011.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ.16.5.2013 ásamt fylgiskjölum 1-16
2. Bréf V dags. 10.6.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segir að hægri hönd hans hafi flækst í öxli á rennibekk með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Þegar slysið varð var annar starfsmaður að vinna við rennibekkinn og M greip um slípibandið til að fá meiri núning á milli slípibands og öxuls, en þá kom of mikill núningur þannig að slípibandið fór af stað þannig að hægri hönd M vafðist um öxulinn. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og telur að slysið megi rekja til þess að engar verklagsreglur voru til staðar varðandi slípivinnu og ekkert áhættumat. Þá byggir M á því að fræðslu hafi verið ábótavant og unnið hafi verið með verkfæri sem hentaði ekki til verksins og skapaði hættu. Þá telur M að slysið megi rekja til þess að ekki var notuð öryggishlíf í umrætt sinn. Af hálfu M er vísað til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Í umsögn Vinnueftirlitsins um slysið segir m.a. að það hafi verið hreint og þrifalegt á slysstað og fyrirtækið gert áhættumat fyrir starfsemi sína. Þá segir að það sé mat Vinnueftirlitsins að rekja megi orsök slyssins til þess að gripið var utan um öxul sem snérist og M hafi verið með vinnuveltinga á höndum. V hafnar bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og segir slysið ekki verða rakið til sakar af hálfu A. V vísar til umsagnar Vinnueftirlitsins um orsök slyssins og bendir á að engar athugasemdir hafi verið gerðar við tæki sem notuð voru og gert hafi verið áhættumat fyrir starfsemina. V telur að slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M og/eða óhappatilviljunar og ekkert sé komið fram sem bendi til vanrækslu eða vanbúnaðar af hálfu A eða annarra aðstæðna sem A ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu M að tækjum hafi verið ábótavant eða aðstæður á verkstað hafi verið ófullnægjandi þannig að leiði til sakar A. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að verkstjórn hafi verið áfátt. M hafði unnið um áratugaskeið hjá A m.a. við umrædda vél áður en slysið varð. M þekkti því vel til aðstæðna. Að virtum gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til sakar A eða þeirra sem A ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 28.6.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 188/2013
(M)
og (V) vegna slysátryggingar sjómanna
og ábyrgðartryggingar útgerðarmanns (Ú)
og ábyrgðartryggingar Fplús 4 tryggingar (I)

Sjóslys 26. mars 2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 30. maí 2013.

Málsatvik.

M slasaðist þegar smábáturinn Aníta Líf RE 187 sökk og var M ásamt öðrum skipverja bjargað um borð í björgunarbát. Ekki er beinlínis ágreiningur í málinu um atvik þess að báturinn sökk og verða þau því ekki rakin sérstaklega.

M hefur gert kröfu um að greiðsluskylda verði viðurkennd af hálfu V vegna slyssins úr slysátryggingu sjómanna skv. siglingalögum og kjarasamningum og til vara og þrautavara úr ábyrgðartryggingu útgerðar eða ábyrgðartryggingu I sem einstaklings. M telur að V hafi, eftir að hafa samþykkt greiðsluskyldu úr slysátryggingu sjómanna þann 7. febrúar 2013, í raun hafnað henni 2. maí sl. þar sem V lýsti þeirri afstöðu að ekki væri unnt að fallast á að greiða ætti bætur skv. skaðabótalögum úr slysátryggingunni. M telur að þessi afstaða hafi komið of seint fram, váttryggingaskírteini sýni að slysátrygging sjómanna sé skv. skaðabótalögum og iðgjöld váttryggingarinnar bendi einnig til þess. M telur einnig að það eigi að skýra mögulegan vafa um efni váttryggingarsamningsins honum í hag, sbr. 36.gr. samningalaga nr. 7/1936. M telur einnig að Ú beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyss M og að útgerðarmaðurinn sé persónulega skaðabótaskyldur vegna atviksins.

V telur að vísa eigi málinu frá með vísan til d.liðar 4.gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005. Krafa M sé óskýr og málið í heild það óljóst að ekki sé hægt að taka afstöðu til þess í úrskurði. Ef ekki verði fallist á frávísunarkröfu þá bendir V á að greiðsluskylda hafi verið viðurkennd úr slysátryggingu sjómanna skv. ákvæðum þess váttryggingarskírteinis sem í gildi var. Hún feli hins vegar ekki í sér rétt til greiðslu skv. skaðabótalögum m.v. þá váttryggingarskilmála sem um hana gildi. Það sé sú váttrygging sem hafi verið í gildi hjá V á slysdegi og þó breytingar hafi verið gerðar á kjarasamningum sjómanna smábáta í lok ágúst 2012 breyti það ekki gildissviði þeirrar tryggingar sem var í gildi á fyrrnefndum slysdegi. V vísar því á bug að orðalag váttryggingarskírteinis eða skilmála sé óskýrt og telur að lögmanni M hafi verið gert ljóst frá upphafi hver réttastaða M var hjá V vegna bótaréttar úr þeim váttryggingum sem fyrir hendi eru. Hvað varðar mögulega skaðabótaábyrgð þá bendir V á að ekki sé í gildi ábyrgðartryggingu útgerðarmanns hjá V og í Fplús 4 tryggingu hans persónulega vísar V til gr. 14.5. í váttryggingarskilmálum ábyrgðarliðar þar sem kemur fram að váttrygginging bætur ekki tjón sem verður vegna atvinnu váttryggðs.

Álit.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er bundin af samþykktum sem um stöf nefndarinnar gilda, sbr. auglýsing nr. 1090/2005. Í 3.gr. þeirra samþykktu kemur m.a. fram að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu milli málskotsaðila og váttryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi og nefndin úrskurðar einnig um ágreining sem varðar ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Í þessu máli er ljóst af málgögnum að V hefur fallist á bótaskyldu úr slysátryggingu sjómanna sem Ú hafði keypt hjá V á slysdegi. Gildissvið þeirrar váttryggingar er bundið við þann samning

sem gerður var og ekki hefur verið sýnt fram á að hann sé með nokkrum hætti óskýr um rétt M til greiðslu bóta. Með vísan til 3.gr. ofangreindra samþykktá telur nefndin ekki efni til frekari umfjöllunar um þennan lið málsins.

Þar sem ekki er fyrir hendi ábyrgðartrygging hjá V vegna starfa Ú verður ekki séð að umfjöllun um mögulega skaðabótaábyrgð útgerðarmannsins sé ágreiningur sem getur verið milli málskotsaðila og váttryggingafélags í skilningi 3.gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefndina. Getur nefndin því ekki fjallað frekar um þann ágreining.

Hvað varðar mögulega greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu eintaklings í gegnum Fplús 4 – fjölskyldutryggingu I verður fallist á að undanþáguákvæði váttryggingarskilmála eigi við um stöðu I vegna þessa mál. Þ.e. að tjón hafi orðið vegna atvinnu váttryggðs og komi þegar af þeirri ástæðu því ekki til greiðslu bóta úr þeirri váttryggingu.

Niðurstaða.

Mál M, hvað varðar slysatryggingu sjómanna og skaðabótaábyrgð útgerðarmanns, ekki eiga undir nefndina, sbr. 3.gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu I í gegnum Fplús 4 tryggingu hjá V.

Reykjavík 18. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 190/2013
(M)
og (V) v/ slysatryggingar í frítíma

Slys á fótboltaæfingu 24. júní 2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 10. júní 2013.

Málsatvik.

M slasaðist á fótboltaæfingu og tilkynnti um það slys til V í desember 2012. Í gögnum málsins kemur fram að um var að ræða æfingu hjá Ungmennafélaginu Samherjar í Eyjafirði.

M vísar til þess að V greiði bætur vegna slysa sem verða við almenna íþróttaiðkun, sbr. ákvæði skilmála. Í málskoti M kemur fram að hún eigi rétt til bóta þar sem hún hafi verið við almenna íþróttaiðkun í greint sinn, hún hafi ekki greitt félagsgjöld til téðs ungmennafélags og þjálfari hafi ekki verið viðstaddur æfinguna.

V rekur í gögnum málsins að slysið hafi orðið á formlegri æfingu og komi það fram í tjónstilkynningu frá M sem og áverkavottorði. V vísar til gr. 27.2. í váttryggingarskilmálum Heimamatryggingar TM3 þar sem segir að undanskilin séu slys sem váttryggðir 16 ára og eldri verða fyrri vegna þátttöku í keppni eða æfingum til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. V telur M hafa verið á slíkri æfingu og því greiðist ekki bætur til hennar úr umræddri slysatryggingu.

Álit.

Ágreiningur er um hvort M hafi slasast við almenna íþróttaiðkun eða á æfingu til undirbúnings fyrir keppni í skilningi gr. 27.2. í váttryggingarskilmálum heimamatryggingar, en slík slys eru undanþegin greiðsluskyldu V.

Í gögnum málsins kemur fram að um var að ræða æfingu hjá íþróttafélagi og ekki er annað að sjá að það sá óumdeilt. Alla jafna fela slíkar æfingar í sér að það er verið að æfa til undirbúnings fyrir keppni. Þykir því ekki varhugavert að leggja slíkt til grundvallar í þessu máli en M hefur ekki haldið öðru fram. Þegar þannig stendur á telst fyrrgreint undanþáguákvæði gr. 27.2 í váttryggingarskilmálum eiga við og getur M því ekki gert kröfu um greiðslu bóta úr slysatryggingu heimamatryggingar. Það hvort hún er váttryggð í öðrum slysatryggingum eða ekki hefur ekki áhrif á bótarétt hennar úr þessari váttryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu í frítíma.

Reykjavík 13.ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 192/2013**M
og
váttryggingafélagið X v/ greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um greiðsluskyldu vegna sjúkrakostnaðar á ferðalagi erlendis.****Gögn.**

88. Málskot, móttakið 21.5.2013, ásamt fylgigögnum.

89. Bréf X, dags 10.6.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 24.9.2012 fór M ásamt eiginmanni sínum til Orlando í Bandaríkjunum. Fyrirhuguð heimför var 15.5.2013. Ferðina greiddu þau með tilteknu greiðslukorti. Í byrjun janúar 2013 fann M fyrir þykkildi í brjósti og fór af þeim sökum í brjóstamyndatöku þar ytra hinn 12.1.2013. Í framhaldinu mun hún hafa farið í sónar auk þess sem sýni var tekið. Að fengnum niðurstöðum úr þessum rannsóknum hélt M heimleidis ásamt eiginmanni sínum hinn 7.2.2013 til frekari læknismeðferðar hér á landi.

M var váttrygð samkvæmt kortatryggingu hjá X og hefur krafist bóta úr váttryggingunni vegna sjúkrakostnaðar sem hún varð fyrir í Bandaríkjunum og viðbótarkostnaðar sem hlaust af því að hún og eiginmaður þurftu að fljúga heim til Íslands fyrr en ráðgert hafði verið. M hefur hafnað greiðsluskyldu úr váttryggingunni.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.3.1 í skilmálum þeim sem um váttrygginguna gilda greiðir félagið m.a. lækni- og sérfræðikostnað vegna þess að váttryggður veikist eða slasast í ferð sem váttryggingin tekur til, allt innan nánar tilgreindrar váttryggingarfjárhæðar. Samkvæmt gr. 4.6.1 endurgreiðir félagið hlutfallslega allt að nánar tilgreindri fjárhæð af óafturkræfum ferðakostnaði váttryggðs fyrir þann hluta ferðarinnar sem hann getur ekki notað m.a. vegna þess að hann þurfi að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum að rjúfa ferð og fara heim vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur. Á hinn bóginn er tekið fram í gr. 1.1 í skilmálunum að váttryggingin gildi á ferðalögum frá heimili váttryggðs í allt að 90 samfellda ferðadaga.

Eins og að framan greinir hóf M ferð sína frá heimili sínu til Orlando hinn 24.9.2012. Þegar kostnaður hennar vegna læknismeðferðar féll til í janúar 2013 og hún þurfti í framhaldinu að rjúfa ferð sína í febrúar voru samfelldir ferðadagar hennar orðnir fleiri en þeir 90 dagar sem váttryggingin gildi fyrir skv. gr. 1.1 í skilmálunum. Þegar af þeirri ástæðu nýtur hún ekki váttryggingarverndar vegna þess kostnaðar sem hún varð fyrir og hefur gert kröfu um að verði greiddur úr váttryggingunni. Þessu breytir ekki þótt M hafi verið tilkynnt um grun um meinsemdina með bréfi dagsettu í nóvember 2012 eða að hún hafi notað greiðslukortið í Bandaríkjunum til kaupa á sérstakri ferð. M á því ekki rétt á bótum úr téðri váttryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr viðkomandi kortatryggingu hjá X.

Reykjavík, 25. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 194/2013
M
og
V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A
Maður slasast þegar stigi rann undan honum þ. 20.12.2011

Gögn.

1. Málskot móttækið þ.27.5.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-11
2. Bréf V dags. 4.6.2013

Málsatvik.

M vann að viðgerð á kæli á pallhýsi bifreiðar, en þar sem bifreiðin komst ekki inn á verkstæði A segist M hafa stungið upp á því að umrædd viðgerð biði til vors, en á það hafi ekki verið fallist en fengið annað húsnæði. Bifreiðin sem um ræðir komst þó ekki inn nema að hluta í það húsnæði þar sem önnur bifreið var fyrir innan. Stigi var reistur upp við bifreiðina sem þurfti lagfæringar við, til að hægt væri að komast upp á topp hennar. M fór upp stigann en stiginn rann undan honum þannig að M féll og slasaðist. M krefst bóta vegna slyssins úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og byggir m.a. á því að orsakir slyssins megi rekja til aðstæðna á vinnustað sem hafi verið óforsvaranlegar snjór hafi verið á bifreiðinni og bleyta á gólfi. Þá telur M að ekki hafi verið farið eftir ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá vísar M til þess að umrædd bifreið hafi verið svo há að nauðsyn hafi borið til að fara í annað húsnæði til að framkvæma umrædda viðgerð og hann hafi ekki fengið fullnægjandi búnað til að geta framkvæmt verkið af öryggi. Í lögregluskýrslu segir að stiginn hafi runnið í bleytunni á gólfinu. V hafnar bótaskyldu og segir M hafa unnið hjá A frá því árið 2004 og haft starfsheitið verkstæðisformaður en í því starfi hafi m.a. falist verkstjórn á verkstæði og á M hafi því hvílt skyldur skv. IV. kafla laga nr. 46/1980. Þá segir V að M hafi kosið að nota stigann sem reistur var upp við bifreiðina þó honum hafi mátt vera ljóst að mögulega gæti gólfið verið blautt þar sem snjór var á bílnum og því mögulegt að stiginn gæti runnið til í bleytu sem myndaðist á verkstæðisgólfinu. V segir það hafa verið í verkahring M að tryggja öryggi sitt og annarra við framkvæmd verksins sem verkstjóri. V vísar til þess að atvik það sem M varð fyrir verði ekki rakið til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi A eða annarra atvika eða atburða sem A beri ábyrgð á.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að stiganum sem reistur var upp við bílinn sem var til lagfæringar, hafi ekki verið komið fyrir með nægjanlega öruggum hætti. Fram hjá því verður ekki litið að M gegndi starfi verkstjóra og það var í hans verkahring að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi við framgang verksins, en þeirri skyldu sinni M ekki svo sem nauðsyn hefði borið til. Þar sem M gegndi starfi verkstjóra miðað við þær skyldur sem á verkstjóra eru lagðar sbr. IV. Kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verður því ekki sök lögð á A vegna þess vanbúnaðar sem um var að ræða þar sem það var í verkahring M eins og áður greinir að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi við framkvæmd verksins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 28.6.2013.
Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 195/2013
fasteignafélag ehf. (M)
og (V) vegna starfsábyrgðartryggingar
byggingarstjóra (Á).

Krafa um bætur vegna tjón á húseigninni í Reykjavík.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. júní 2013.

Málsatvik.

M telur að Á beri skaðabótaábyrgð sem byggingarstjóri á tilteknum göllum á húseigninni. Upplýst er í málinu að Á var byggingarstjóri eignarinnar frá upphafi húsbyggingarinnar á árinu 2007 fram til 13. desember 2010 þegar hann sagði sig frá starfinu. Í gögnum málsins kemur einnig fram að húseignin hafi orðið foheld haustið 2008. M keypti húsið í júní 2012 m.v. það sem einnig kemur fram í gögnum málsins.

Nánar tiltekið er krafa M sett fram í samtals sjö liðum sem byggja á ýmsum þáttum. Þar á meðal má nefna að M telur að stærð lagnagrinda sé ekki í samræmi við aðaluppdrætti hússins, séruppdrættir eða teikningar séu ekki í samræmi við aðaluppdrætti, rakavarnaplast sé ekki á réttum stað við umræddar lagnagrindur og þeim hafi verið sleppt á tilteknum stöðum. M bendir einnig á að úttektarskyldum hafi ekki verið sinnt í samræmi við gr. 121.3 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 þegar notaðir voru tilteknir tilbúnir húshlutar við bygginguna. Ennfremur sé útloftun ekki í samræmi við séruppdrætti og það vanti stálvíra sem kveðið er sérstaklega á um í aðaluppdrætti að skuli vera fyrir hendi við einangrun í loftum. Þetta hafi leitt til tjóns á húseigninni m.a. vegna rakaskemmda.

V tekur í athugasemdum sínum afstöðu til krafna M og vísar bótaskyldu á bug fyrst og fremst með þeim rökum að M hafi ekki með skýrum sönnunargögnum sýnt fram á saknæma háttsemi byggingarstjórans Á á þeim tíma sem hann starfaði sem slíkur eða eftir atvikum tjón af völdum þeirra tilgreindu atriða. V telur að M hafi ekki lagt fram fullnægjandi gögn því til stuðnings að ósamræmi sé milli aðal- og séruppdráttu og þó svo væri sé ekki ljóst að tjón hafi orðið vegna þessa. Þessu til viðbótar bendir V á að M hafi fest kaup á húseigninni í júní 2012 og þá hafi legið fyrir ástandsskýrsla byggingarfræðings þar sem bágu ástandi húseignarinnar sé lýst, sem og bréf frá heilbrigðisyfirvöldum um raka í húsnæðinu.

Álit.

Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi og málatilbúnaður hans sé studdur skýrum sönnunargögnum þar um, bæði hvað varðar ætlaða saknæma háttsemi sem og tjón sem leiðir af slíkri háttsemi. Í þessu máli er ágreiningur um skaðabótaábyrgð byggingarstjórans Á sem starfaði sem slíkur við húsbyggingu í Reykjavík að því er virðist frá árinu 2007 til 2010. Þegar Á sagði sig frá verkinu í desember 2010 var húseignin skráð á foheldisstigi en ekki fullgerð. M keypti húseignina á árinu 2012 og þá lá fyrir skýrsla um ástand hennar og ljóst á hvaða byggingarstigi hún var.

Þó að í gögnum málsins liggi fyrir upplýsingar sem benda til þess að ekki hafi verið fullt samræmi milli aðal- og séruppdráttu þegar unnið var að húsbyggingunni hafa ekki verið lögð fram fullnægjandi gögn sem staðfesta það með nægri vissu. Það liggur heldur ekki fyrir að byggingarstjóri hafi sýnt saknæma háttsemi við störf sín á árunum 2007-2010. Ekki verður fullyrt um orsakir þeirra skemmda sem M telur vera á húseigninni og þó lægju fyrir gögn um slíkt verður ekki séð að liggi heldur fyrir fullnægjandi gögn um að M hafi orðið fyrir fjárhagstjóni vegna þeirra. Í ljósi þess að ástand húseignarinnar var þekkt þegar M keypti hana telst ekki varhugavert að álykta að kaupverð hafi tekið mið af því. M hefur því hvorki sýnt fram á skaðabótaábyrgð Á eða að hann hafi orðið fyrir fjárhagstjóni sem eigandi húseignarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans Á hjá V.

Reykjavík 13.ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 195/2013
M
og V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra Á.

Endurupptaka

Krafaum bætur vegna tjóns á húseigninni X í Reykjavík.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. júní 2013.
3. Beiðni um endurupptöku dags. 12. ágúst 2013 (misritun, á væntlega að vera 12. september s.á.) ásamt gögnum.
4. Bréf lögmanns M dags. 22. október 2013.

Málsatvik.

Í beiðni M um endurupptökum vegna máls þessa felst ósk um að málið verið metið á ný á grundvelli niðurstöðu matsgerðar dómkvaddis matsmanns dags. 19. ágúst 2013. Nefndin fellst á skilyrði 10.gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005 um endurupptöku máls séu uppfyllt með framlagningu matsgerðarinnar.

M telur að Á beri skaðabótaábyrgð sem byggingarstjóri á tilteknum göllum á húseigninni X og telur að með tilvitnaðri matsgerð sé komið fram sönnunargagn sem staðfesti án nokkurs vafa að ekki hafi verið byggt í samræmi við samþykktar teikninga reða gildandi byggingareglugerðir. Upplýst er í málinu að Á var byggingarstjóri eignarinnar frá upphafi húsbýggingarinnar á árinu 2007 fram til 13. desember 2010 þegar hann sagði sig frá starfinu. Í gögnum málsins kemur einnig fram að húseignin hafi orðið foheld haustið 2008. M keypti húsið í júní 2012 m.v. það sem einnig kemur fram í gögnum málsins.

Nánar tiltekið er krafa M sett fram í samtals sjö liðum sem byggja á ýmsum þáttum. Þar á meðal má nefna að M telur að stærð lagnagrinda sé ekki í samræmi við aðaluppdrætti hússins, séruppdrættir eða teikningar séu ekki í samræmi við aðaluppdrætti, rakavarnaplast sé ekki á réttum stað við umræddar lagnagrindur og þeim hafi verið sleppt á tilteknum stöðum. M bendir einnig á að úttektarskyldum hafi ekki verið sinnt í samræmi við gr. 121.3 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 þegar notaðir voru tilteknir tilbúnir húshlutar við bygginguna. Ennfremur sé útloftun ekki í samræmi við séruppdrætti og það vanti stálvíra sem kveðið er sérstaklega á um í aðaluppdrætti að skuli vera fyrir hendi við einangrun í loftum. Þetta hafi leitt til tjóns á húseigninni m.a. vegna rakaskemmda. Eins og áður segir styður M kröfur sínar nú við þær röksemdir sem fram koma í matgerðinni.

V tekur í athugasemdum sínum afstöðu til krafna M og vísar bótaskyldu á bug fyrst og fremst með þeim rökum að M hafi ekki með skýrum sönnunargögnum sýnt fram á saknæma háttsemi byggingarstjórans Á á þeim tíma sem hann starfaði sem slíkur eða eftir atvikum tjón af völdum þeirra tilgreindu atriða. V telur að M hafi ekki lagt fram fullnægjandi gögn því til stuðnings að ósamræmi sé milli aðal- og séruppdrátta og þó svo væri sé ekki ljóst að tjón hafi orðið vegna þessa. Þessu til viðbótar bendir V á að M hafi fest kaup á húseigninni í júní 2012 og þá hafi legið fyrir ástandsskýrsla byggingarfræðings þar sem bágu ástandi húseignarinnar sé lýst, sem og bréf frá heilbrigðisyfirvöldum um raka í húsnæðinu.

Álit.

Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi og málatilbúnaður hans sé studdur skýrum sönnunargögnum þar um, bæði hvað varðar ætlaða saknæma háttsemi sem og tjón sem leiðir af slíkri háttsemi. Í þessu máli er ágreiningur um skaðabótaábyrgð byggingarstjórans Á sem starfaði sem slíkur við

húsbyggingu að X í Reykjavík að því er virðist frá árinu 2007 til 2010. Þegar Á sagði sig frá verkinu í desember 2010 var húseignin skráð á fokheldisstigi en ekki fullgerð. M keypti húseignina á árinu 2012 og þá lá fyrir skýrsla um ástand hennar og ljóst á hvaða byggingarstigi hún var.

Í gögnum málsins liggja fyrir upplýsingar sem benda til þess að ekki hafi verið fullt samræmi milli aðal- og séruppráttu þegar unnið var að húsbyggingunni og fá þær upplýsingar stoð í niðurstöðu dómkvaddis matsmanns vegna málsins. Með hliðsjón af þeim gögnum telst því hafa verið sýnt fram á að byggingarstjóri hafi sýnt sagnæma háttsemi við störf sín að húsbyggingunni á árunum 2007-2010.

Þegar slík niðurstaða er fengin verður hins vegar að taka afstöðu til þess hvort nægilega sé sýnt fram á að M hafi orðið fyrir fjárhagstjóni sem leiða má af sagnæmri háttsemi byggingarstjórans. Ber M sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni. Í ljósi þess að ástand húseignarinnar var þekkt þegar M keypti hana telst ekki varhugavert að álykta að kaupverð hafi tekið mið af því. M hefur því ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir fjárhagstjóni vegna sagnæmrar háttsemi byggingarstjóra á árunum 2007-2010, sem eigandi húseignarinnar að Friggjarbrunni 10-12. Ekki verður annað lagt til grundvallar en að kaupverð fasteignarinnar þegar M keypti hana á árinu 2012 hafi tekið mið af ástandi hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans Á hjá V.

Reykjavík 13.ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 196/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysaftryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Ágreiningur um hvort heimilt sé að skerða bótarétt tjónþola vegna stórkostlegs gáleysis.****Gögn.**

90. Málskot, móttakið 24.5.2013, ásamt fylgigögnum.

91. Bréf X, dags. 18.6.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 27.8.2011 um kl. 9 að morgni ók M bifreiðinni A austur Reykjanesbraut við Strandaheiði. Þar fór A út af veginum og stöðvaðist í malargrjóti. Í skýrslu lögreglu er haft eftir M að hann hafi verið að koma frá því að aka foreldrum sínum upp á Keflavíkurflugvöll og ekið um 95 km hraða á klst. Hann hafi sofið um 4 klst. um nóttina og hafa unnið mikið deginum áður. Hann hafi sofnað undir stýri og vaknað upp þegar A var komin út fyrir akbrautina og hristist öll við að fara yfir grjótið. Í skýrslu lögreglunar kemur einnig fram að M kvaðst ekki finna til neinna eymsla en sagðist samt vera í miklu sjokki eftir þetta. Rétt áður en M fór af vettvangi með bróður sínum kvaðst hann finna fyrir smá seyðing í baki. Ætlaði M að fara sjálfur á heilsugæslu til að láta athuga með sig.

M leitaði slysdaginn á bráðadeild Landspítalans vegna einkenna frá stoðkerfi. Í læknafréfi deildarinnar til heimilislæknis M, dags. 27.8.2011, segir að M hafi um nóttina verið að aka foreldrum sínum til Keflavíkur í flug. Hann hafi verið „talsvert lítið sofinn og á leiðinni heim ansi syfjaður“. Þá er í bréfinu haft eftir M að hann hafi þó talið að hann gæti ekið og fannst hann ekki sofna en ekki vitað fyrr en hann rankaði við sér við að A var komin út í ójöfnur í vegkantinum.

M varð fyrir meiðslum við óhappið og hefur krafist bóta úr slysaftryggingu ökumanns A hjá X. Með tölvuskeyti lögmannsstofu til X, dags. 16.3.2012, var X gert viðvart um að M hafi leitað til lögmannsstofunnar vegna þeirra meiðsla sem hann hlaut og óskaði lögmannsstofan eftir öllum fyrirliggjandi gögnum í málinu. Hinn 20.3.2012 mun X hafa sent gögnin til lögmannsstofunnar með tölvuskeyti, þ. á m. fyrirliggjandi lögregluskýrslu. Með bréfi X, dags. 27.7.2012, tilkynnti það M að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og yrði sjálfur að bera 1/3 hluta bóta úr slysaftryggingunni þar sem hann hafi meðvitað verið vanhæfur til aksturs M með því að hafa ekið A „talsvert lítið sofinn og á leiðinni heim ansi syfjaður.“ Vísaði X hér til fyrrgreinds læknafréfs frá bráðadeild Landspítalans sem það kveður að hafi fyrst borist sér 19.7.2012. Hvað lagarök snertir er af hálfu X í athugasemdum vegna málskotsins vísað til 2. mgr. 88. gr., sbr. 92.gr., umferðarlaga nr. 50/1987 og 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.).

Álit.

Heimild sína til að skerða bætur til M sækir X í 2. mgr. 27. gr. vsl., en sú lagagrein er í IV. kafla laganna. Ef félagið hyggst bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta samkvæmt reglum IV. kafla vsl. er mælt fyrir um það í 1. mgr. 31. gr. laganna að

Það skuli þá tilkynna vátryggingartaka eða vátryggðum þá afstöðu sína. Skal tilkynningin send án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem gátu leyst það undan ábyrgð. Þá er kveðið á um það í 2. mgr. 31. gr., vanræki félagið upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr., að það glati rétti til að bera ábyrgðartakmörkun fyrir sig.

Svo sem að framan greinir kom fram í lögregluskýrslu að M hafði orðið fyrir meiðslum við slysið. Þar er enn fremur greint frá því að hann hafi verið vansvefta og sofnað undir stýri sem var ástæða þess að A lenti utan vegar. X fékk lögregluskýrsluna í hendur fáeinum dögum eftir slysið. Þá þegar var því kunnugt um þau atvik sem gátu leyst það undan ábyrgð skv. 2. mgr. 27. gr. vsl. Tilkynning X hinn 27.7.2012 um að það ætlaði að skerða bætur til M var því ekki send án ástæðulauss dráttar eins og áskilið er. Með því hafði X glatað réttinum til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun gagnvart M. Þegar af þeirri ástæðu ber X að bæta tjón M að fullu.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá X.

Reykjavík, 28. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 197/2013
M
og V v/ slysatryggingar launþega I

Tilkynningafrestur 1.mgr. 124.gr. laga um váttryggingarsamninga vegna slyss 5.11.2009.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 27. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 11. júní 2013 ásamt höfnunarbréfi V dags. 19.9.2012 og tjónstilkynningu til X. dags. 15. desember 2009.

Málsatvik.

M lenti í umferðarslysi í Langadal 5. nóvember 2009. Nokkur viðbúnaður var hafður vegna slyssins og var M ásamt farþega í bifreiðinni fluttur á slysideild með þyrlu Landhelgisgæslunnar. Þar var hann greindur með nokkra maráverka, brot í bringubeini og áverkaloftbrjóst, ásamt minni áverkum. Í læknisfræðilegum gögnum kemur fram að M var á sjúkrahúsi til 9. nóvember 2009 og eftir það í eftirliti hjá hjartalæknum til 18. janúar 2010. M tilkynnti um líkamstjón sitt til váttryggingafélags bifreiðarinnar 15. desember 2009 og til V, váttryggingafélags vinnuveitanda síns, þann 6. maí 2011. M telur að hann hafi ekki haft vitneskju um atvik að baki kröfu sinni í skilningi 1.mgr. 124.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 fyrr en hann leitaði til bæklunarlæknis í lok júní 2011. Þá hafi fyrst legið fyrir niðurstöður rannsókna sem staðfestu varanlega áverka eftir slysið. M vitnar til úrskurðar 212/2009 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 7/2009, máli sínu til stuðnings. V telur að atvik að baki kröfu M hafi legið fyrir við greiningu áverka hans og sé það í samræmi við niðurstöðu í Hrd. 7/2009. V vísar til þess að áverkar M hafi verið greindir strax á slysideild og þá eða að minnsta fljótlega eftir það hafi M átt að vera ljós atvik að baki kröfu sinni. Í síðasta lagi sé hægt að miða við það tímamark þegar M útskrifast úr meðferð lækna þann 18. janúar 2010. Ársfrestur 1.mgr. 124.gr. laga um váttryggingarsamninga hafi því verið liðinn þegar V fékk tilkynningu um slysið þann 6. maí 2011.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort tilkynnt hafi verið um slys M innan árs frá því vitneskja um atvik að baki kröfu hans lá fyrir í skilningi 1.mgr. 124.gr. laga um váttryggingarsamninga. M lenti í alvarlegu umferðarslysi þann 5. nóvember 2009 og tilkynnti um líkamstjón sitt til váttryggingafélags bifreiðarinnar 5. desember 2009. M var óvinnufær vegna afleiðinga slyssins til 21. desember 2009. Af læknisfræðilegum gögnum má ráða að meðferð áverka hans hafi að mestu verið lokið stuttu síðar og útskrifaðist hann frá Landspítala-Háskólasjúkrahúsi þann 18. janúar 2010. Með hliðsjón af eðli slyssins, áverka M og öðru ofangreindu telst vitneskja um atvik að baki kröfu vegna slyssins hafa verið orðin ljós fljótlega eftir tjónsatvikið sjálf og tilkynning til V í maí 2011 því of seint fram komin m.t.t. 1.mgr. [124.gr.](#) laga um váttryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 28. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 199/2013**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns er þjónn féll í stiga í veitingahúsi.****Gögn.**

92. Málskot, móttækið 28.5.2013, ásamt fylgigögnum.
93. Bréf X, dags 18.6.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 6.8.2007 var M við störf á veitingastað sem rekinn er af fyrirtækinu V. Er hún var að fara niður stiga á milli 1. og 2. hæðar rann hún niður 14 þrep og lenti á baki og rófubeini. Kveður M að eftir slysið hafi „sandpappír“ verið settur á þrepin til að draga úr slyshættu. Þá kveður M að umbúnaði stigans hafi verið áfátt þegar slysið varð, þar sem þrepin hafi verið allt of sleip og stiginn allt of brattur. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins að M hafi verið frá vinnu í einn eða fleiri daga auk slysdagsins. Verður því ekki ráðið að V hafi vanrækt að tilkynna um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, þannig að áhrif hafi á sönnunarstöðu í málinu. Ber M að sýna fram á að slysið verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Engin gögn liggja fyrir í málinu um ástand stigans sem M féll í, svo sem skoðunar eða matsgerðir. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið með neinni vissu að stiginn hafi verið hættulegur eða farið í bága við byggingarreglugerð eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem um notkun hans kunna að gilda. Verður því að telja að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Af því leiðir að líkamstjón M fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 28. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 200/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar þ. 24.4.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.30.6.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 18.6.2013.
3. Bréf V-2 dags. 12.6.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiðanna A og B á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar. Ökumaður A segist hafa verið að taka vinstri beygju af Háaleitisbraut norður Kringlumýrarbraut, en stöðvað á gatnamótunum vegna umferðar sem var fyrir framan A. Ökumaður A segir að þegar hún hafi átt þess kost að halda áfram hafi verið komið gult ljós og hafi hún ekið áfram í vinstri beygju til að hreinsa gatnamótin og séð til tveggja bifreiða sem voru á leið að gatnamótunum og þegar A hafi verið nánast komin yfir hafi hún tekið eftir því að ökumaður B hafi ekki haft fulla stjórn á bifreið sinni og hún runnið í hálku inn á gatnamótin og á A. Ökumaður B segist hafa ekið vestur Háaleitisbraut og þegar hann hafi átt eftir 10-15 metra að gatnamótunum hafi ljósin skipt yfir á gult og þá hafi hann reynt að stöðva B en bifreiðin runnið í hálku inn á gatnamótin og stökist við afturhorn A. Ökumaður B segist ekki hafa verið á miklum hraða í umrætt sinn og áreksturinn hafi ekki verið harður.

Álit.

Í umrætt sinn átti ökumaður A að veita B forgang þar sem hún hugðist aka í veg fyrir akstursleið B. Ökumaður A ber því sök á árekstrinum. Ökumaður B nálgast gatnamótin þegar ljós fyrir akstursleið hans skiptu af grænu yfir á gult og gat hann ekki stöðvað vegna hálku. Ökumaður B ók óvarlega í umrætt sinn og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að hvor ökumaður beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 13.8.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 201/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Járnsveif til að loka gámahurð skall í höfuð starfsmanns.****Gögn.**

94. Málskot, móttakið 27.5.2013, ásamt fylgigögnum og viðbótarathugasemdum 30.7.2013.
95. Bréf X, dags 28.6.2013, ásamt fylgigögnum.
96. Viðbótarathugasemdir málskotsaðila, dags. 30.7.2013.

Málsatvik.

Hinn 6.2.2012 var M, starfmaður V, fenginn til að flytja efni í opnum gámi til endurvinnslu á athafnasvæði tiltekinnar endurvinnslustöðvar. Til að geta sturtað efninu úr gáminum hugðist M opna loku á gaflí gámsins. Er hann hafi verið að losa splitti í járnveif sem notuð er til að opna gáminn kastaðist sveifin í höfuð hans svo hann varð fyrir meiðslum. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að gámurinn hafi verið eitthvað skakkur að aftan og sveifin til að opna gáminn hafi staðið á sér. Hann hafi því náð í járnstykki til að „þröngva sveifina“. Við það hafi hann náð að taka fyrrgreint splitti sem hélt sveifinni, en þá hafi sveifin kastast í höfuð hans. Kvað M að búið hafi verið að þjappa efni í gáminn og farmurinn hafi því þrýst á lokuna með þeim afleiðingum að sveifin stóð á sér. Í málskoti er því haldið fram að stórvirk vinnuvél hafi verið notuð til að troða í gáminn til að minnka rúmmál innihalds hans og það hafi orðið til þess að mikill þrýstingur myndaðist á gafllokuna með fyrrgreindum afleiðingum.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir að við skoðun á gáminum hafi komið í ljós að gaflhurðin eða læsingarbúnaður hennar hafi verið úr lagi gengin þannig að talsverð spenna hafi myndast þegar gaflinum var lokað. Þegar splitti sem heldur sveifinni var tekið úr hafi sveifin skroppið út um nokkra sentimetra þótt gámurinn hafi verið tómur. Vegna slyssins hafi V ákveðið að taka gáminn og láta gera við hann. Var talið að rekja mætti slysið annars vegar til þess gaflhurðin eða læsingarbúnaður gámsins hafi ekki verið í lagi þannig mikil spenna hafi myndast þegar henni hafi verið lokað og hins vegar að mögulega hafi innihald gámsins aukið enn frekar á spennu lokunar búnaðarins. Engin sérstök fyrirmæli voru um úrbætur af hálfu eftirlitsins.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut í slysinu. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af umsögn Vinnueftirlitsins má ráða að lokunar búnaður gámsins hafi verið úr lagi genginn sem hafi valdið spennu á sveifina sem notuð var til að halda gaflhurðinni í lokaðri stöðu. Ekki verður ráðið að verkstjóri eða aðrir fyrirsvarsmenn V hafi vitað eða mátt vita af þessari bilun þannig að þeir hafi átt þess kost að grípa til ráðstafana áður en slysið varð. Ekki verður séð að slysið megi rekja til þess að V hafi ekki lokið gerð áhættumats fyrir starfsemi sína. Þá verður heldur ekki ráðið af gögnum málsins að efni hafi verið þjappað í gáminn með óeðlilegum hætti þannig að virt verði starfsmönnum V

til sakar. Samkvæmt þessu verður að telja ósannað að slysið verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 13. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 202/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Maður slasast á hendi í körfuboltaleik í íþróttahúsi þ. 13.4.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.27.5.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-11
2. Bréf lögmanna V dags. 14.6.2013.

Málsatvik.

M segist hafa fallið um gólfduk á salargólfi íþróttahúss þegar hannv ar að spila körfubolta og lent með vinstri hönd í rimlum á veggnum og handleggsbrotanað þegar hann féll niður. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A vegna slyssins og telur að slysið megi rekja til þess að gólfdukurinn sem var á gólfi íþróttasalarins hafi verið gamall og úr sér genginn og farinn að bunga út við veggina og þess vegna hafi M hnotið um gólfdukinn. Þá vísar M til þess að þak íþróttahússins hafi lekið um árabíl og það geti verið orsök þess að gólfdukurinn bungiði með þeim hætti sem M lýsir. M vísar til 13.kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 auk byggingareglugerðar og telur að ekki hafi verið farið að fyrirmælum laga af hálfu A. Einn félagi M segir að bylgja hafi verið á gólfduknum eftir endilöngum salnum og annar félagi M segir að gólfið hafi stundum verið eins og stamt viðkomu. V hafnar bótaskyldu og segir það rangt og ósannað að ástand gólfduksins hafi verið óforsvaranlegt eða hættulegt. V bendir á að íþróttahúsið hafi verið í fullri notkun og engar kvartanir liggi fyrir frá íþróttakennurum eða öðrum um að viðhaldi væri ábótavant. Fyrir liggur að skipt var um gólfduk í íþróttasalnum og segir A að það hafi verið gert til að tryggja betri fjöðrunareiginleika en sé alls ótengt umræddu slysi. V telur ósannað að ástandi gólfduksins hafi verið ábótavant og breyti framburður félaga M engu þar um. Þá vísar V til þess að í slysatilkynningu M sé ekki vísað til þess að gólfduknum hafi verið áfátt eða valdið einhverju um slysið. Þá vísar V á bug hugleiðingum M um þakleka.

Álit.

Ekki liggur fyrir í gögnum málsins fullnægjandi sönnun þess að gólfduknum í íþróttasalnum sem hér ræðir um hafi verið áfátt eða ástand hans hafi verið orsök slyss M. Ekkert er fram komið í málinu sem sýnir fram á að ástand íþróttasalarins sem hér ræðir um hafi verið ábótavant. Þegar af þessum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 28.6.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 203/2013
M
og V v/ bifreiðarinnar A og bifreiðarinnar B.

Árekstur á ljósastrýðum gatnamótum 8.mars 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V hf. dags. 24. júlí 2013 (engar athugasemdir gerðar af hálfu félagsins).
3. Tölvupóstur V dags. 14. júní 2013 (athugasemdir ökumanns B við málskot)

Málsatvik.

Samkvæmt tjonstilkynningu Aðstoðar&Öryggis dags. 8.mars sl. varð árekstur með bifreiðum A og B þar sem þeim var ekið um gatnamót Bústaðavegar og Óslands í Reykjavík. Ökumaður A kveðst hafa ekið beint áfram austur Bústaðaveg og ekið inn á gatnamótin á móti grænu ljósi þegar bifreið B hafi verið ekið í vinstri beygju í veg fyrir hann. Farþegi í bifreið A tekur undir frásögn ökumanns A. Ökumaður B kveðst hafa ekið vestur Bústaðaveg og verið inni á gatnamótunum að taka beygju til vinstri suður Ósland og segist í tjonstilkynningu hafa verið að "hreinsa gatnamótin" á gulu ljósi.

Í tjonstilkynningu er jafnframt tilgreint vitni sem var að aka norður Ósland sem segir í skýrslu sinni að þegar hún hafi litið upp þegar hún heyrði hávaða af árekstrinum þá hafi logað grænt ljós fyrir hennar akstursstefnu og hún því ályktað að bifreið A hafi ekið gegn rauðu ljósi. Vitnið ítrekar þennan framburð í tölvupósti til V viku síðar. Í gögnum málsins kemur fram að þann 15. maí sl. óskaði V eftir því við A&Ö að tekin yrði skýrsla af öðru vitni sem borist höfðu upplýsingar um. Hjá því vitni kemur fram að hann hafi verið að aka austur Bústaðaveg um þremur bíllengdum á eftir A og segir að þeirri bifreið hafi verið ekið inn á gatnamótin á grænu ljósi.

M telur að sannað sé á hann hafi ekið bifreið A inn á gatnamótin gegn grænu ljósi og það fáist staðfest í vitnisburði seinna vitnisins sem hafi gefið sig fram. Ökumaður B telur sig hafa verið í rétti að rýma gatnamótin, það hafi verið mjög erfitt að þvera Bústaðavegin vegna þess að það eru ekki sérstök beygjuljós og segir í athugasemdum sínum við málskot M að hann hafi ekið af stað í vinstri beygju gegn rauðu ljósi.

Álit.

Ef litið er til umferðarlaga nr. 25/1987 bar báðum ökumönnum að sýna aðgát við akstur um gatnamótin, sbr. 1.mgr. 25.gr. laganna. Ökumanni bifreiðar B bar að veita bifreið A forgang við akstur um gatnamótin, sbr. 6.mgr. 25.gr. laganna. Sá forgangur er háður því að staða umferðarljósa hafi ekki verið þannig að gult eða eftir atvikum rautt ljós hafi kviknað gegn akstursstefnu A þegar hann ók inn á gatnamótin, sbr. 5.mgr. 34.gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, en þá ber ökumanni A alla jafna að stöðva bifreið sína en ekki aka inn á gatnamótin. Sá sem heldur því fram að rautt ljós hafi logað fyrir akstursstefnu bifreiðar A ber sönnunarbyrði fyrir því. Vitnisburður vitnis sem tilgreint er í tjonstilkynningu að hafi verið á vettvangi er ekki skýrari en svo að það ályktaði um stöðu ljósa í akstursstefnu ökumanns A án þess að sjá hana nákvæmlega. Einnig verður litið til framburðar ökumanns B í tjonstilkynningu sem kveðst hafa ekið í vinstri beygju gegn gulu ljósi en síðari framburður hans um að það hafi verið gegn rauðu ljósi hefur þar af leiðandi minna vægi. Sá sem heldur því fram að annar hafi ekið gegn rauðu ljósi ber að sanna það. Í ljósi framangreindra framburða verður ekki talið að sú sönnun hafi komið fram með skýrum hætti.

Framburður nýs vitnis, þó það komi fram síðar, styður þá niðurstöðu en vitnið fullyrðir að bifreið A hafi verið ekið inn á gatnamótin gegn grænu ljósi. Það verður því ekki talið sannað að ökumaður A hafi ekið gegn rauðu ljósi inn á gatnamótin og í ljósi þess verður ökumaður B talinn bera alla sök á árekstrinum fyrir að taka í veg fyrir A á gatnamótum án þess að gæta varúðar sem honum bar skv. 6.mgr. 25.gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á tjóni M á bifreið A.

Reykjavík 21. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 204/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur á bifreiðastæði við Laugardalshöll þ. 10.3.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.31.5.2013 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-2 dags. 19.6.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2
3. Bréf V-1 dags. 26.7.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði aftan við Laugardalshöll. Bifreiðunum var ekið eftir bifreiðastæðunum þar sem bifreiðum var lagt báðum megin við akstursleiðirnar. Ökumaður A segist hafa orðið var við B sem ekið var úr gagnstæðri átt í vinstri beygju og í veg fyrir A. Ökumaður A segist hafa stöðvað og flautað til að vara ökumann B við en það ekki dugað og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa ekið í vinstri beygju í miklum þrengingum á bifreiðastæðinu og ekki séð A fyrir en árekstur varð.

Álit.

Ökumaður B merkir við tl. nr. 4 og 13 á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita þ.e. að hann hafi ekið út frá bílastæði og beygt til vinstri. Þá segist ökumaður B ekki hafa séð til ferða A fyrir en árekstur varð. Af gögnum málsins virtum verður því ekki annað ráðið en að ökumaður B hafi ekið á A kyrrstæða og ekki gætt nægjanlega að aðstæðum við aksturinn. Ökumaður B ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 13.8.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 205/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar seljanda skotelda.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss er kveikt var í skoteldi þann 1.1.2013.****Gögn.**

97. Málskot, móttakið 30.5.2013, ásamt fylgigögnum.

98. Bréf X, dags 1.7.2013, ásamt fylgigögnum.

99. Viðbótarathugasemdir málskotsaðila, dags. 2.8.2013.

Málsatvik.

Laust efir miðnætti 1.1.2013 var M að kveikja í skoteldi eða svokallaðri flugeldatertu, er skot úr tertunni skaust í andlit hans með þeim afleiðingum m.a. að hægra auga hans skaddaðist alvarlega. Um var að ræða flugeldatertu sem bar heitið „Kaka ársins 2012“ og hafði verið keypt á einum útsöluastaða flugeldasölu A. Er tertan 24 kg að þyngd og með 190 skot. Í tengslum við rannsókn málsins var tekin skýrsla af M og vitnum í sérstöku vitnamáli fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

M kveðst í umrætt sinn hafa verið með sérstyrkt öryggisgleraugu. Hann hafi komið tertunni fyrir í bakgarði við tiltekið hús nr. 36 skömmu fyrir miðnætti. Hún hafi verið á svelli og runnið til þannig að hann hafi þurft að hagræða henni betur auk þess sem hann hafi opnað tertuna, skorið flipa af pappakassa sem hún var í og gert kveikjuþráðinn kláran. Hann hafi svo gengið til konu sem þarna var stödd, B, og fengið lánaðan kveikjara hjá henni. Að svo búnu hafi hann farið að tertunni og borið eld að kveikjuþræðinum. Það hafi kviknað í þræðinum eins og vera bar. Hann hafi svo bakkað frá tertunni og verið að snúa sér frá er hún hafi sprungið og eins og blóm og fyrsta skotið farið í andlit hans eins og áður greinir. Er að skilja af framburði M að tertan hafi rifnað í sundur og skotin þeyst í allar áttir á fáeinum sekúndum og kassinn og skothólkar tertunnar brunnið til ösku á augabragði. M kvaðst ekki hafa lesið viðvaranir á tertunni sem hafi verið staðlaðar, en hann hafi lesið leiðbeiningar.

Í skýrslu af B kemur fram að M hafi komið til hennar, fengið lánaðan kveikjara og farið svo að tertunni. Hún hafi ekki séð beint er M kveikti í henni. Strax á eftir hafi hún svo orðið þess vör að M hafi fengið skot úr tertunni í sig. Skotin hafi svo farið í allar áttir. Hafi tertan brunnið upp og þetta verið „bara svona eins og glóð á grilli.“

Vitnið D var stadd í garðinum við hús nr. 36 þegar slysið varð. Það kvað M hafa eitthvað verið að athafna sig í kringum tertuna og verið að færa hana til með fætinum eftir að hann kveikti í henni. Hafi það kallað á M og „það hann að drulla sér í burtu...“ Þá hafi fyrsta skotið sprungið og hafi það strax hlaupið til M og dregið hann í burtu. Nánar lýsti D atvikum svo að M hafi kveikt í tertunni og farið síðan að hagræða henni eitthvað eftir að hann hafði kveikt í henni. Vitnið kvaðst ekki hafa fylgst með því hvernig tertan sprakk. Er lögregla kom á vettvang hafi það farið með henni til að skoða leifar tertunnar. Þá hafi verið á henni tertulag og skothólkarnir verið heilir eða alveg sjáanlegir. Nokkru síðar um nóttina hafi það verið beðið um að bjarga kökunni og hafi það þá farið og mokað snjó yfir hana, en þá hafi hún mikið til verið orðin að ösku.

Vitnið E kvaðst hafa verið uppi á þaki hússins nr. 34 og séð vel þegar slysið varð. Hafi það séð er M hafi kveikt í tertunni, en síðan verið að ganga frá henni og koma að henni aftur og ýtt við henni með hægri fæti. Síðan hafi hann beygt sig yfir tertuna og þá hafi fyrsta skotið komið og slysið varð. Kvað vitnið um 15-20 sekúndur hafa liðið frá því M kveikti í kveikjuþræðinum uns fyrsta skotið reið af. Hún hafi svo skotið kúlunum með eðlilegum hætti. Hafi tertan þannig hagað sér alveg eðlilega.

Í skýrslu lögreglu um atvikið kemur fram að D hafi vísað þeim á staðinn þar sem slysið varð. Þá segir í skýrslunni að þar hafi mátt sjá tertu þá sem D sagði að M hafi verið að skjóta upp er hann slasaðist. Í skýrslunni er haft eftir D að M hefði kveikt í kveikjuþræðinum á tertunni og síðan farið að færa hana til, en þá hafi tertan farið af stað og M fengið skot í augað. Við skýrslutöku fyrir dómi bar annar þeirra lögregluþjóna sem komu á vettvang að við skoðunina á vettvangi hafi mótað fyrir tertunni, þannig að mótað hafi fyrir skothólkunum.

M kveður skottertu þá sem hann kveikti í er slysið varð, hafa verið haldna ágalla í skilningi laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 og því beri A hlutlæga ábyrgð á líkamstjóni hans, sbr. 6. gr. laganna. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. X hefur hafnað skaðabótaskyldu.

Álit.

M hefur borið því við að kviknað hafi í flugeldatertunni nánast í sömu andrá og hann bar eld að kveikjuþræðinum og fengið skot í andlitið áður en hann gat forðað sér undan tertunni. Hafi tertan sprungið eða rifnað á svipstundu og brunnið til ösku um leið. Vitnið B hefur borið á svipaðan veg. Af framburðum vitnanna D og E verður á hinn bóginn ekki annað ráðið en kveikjuþræðurinn hafi nokkurn tíma verið að brenna upp áður en kviknaði í sjálfri tertunni. Eftir að M hafði kveikt í þræðinum hafi M staðið við tertuna og verið að færa hana til með fætinum. Eftir að öll skot höfðu sprungið hafi kassinn utan um tertuna verið óbrunninn að mestu svo og sjálfir skothólkarnir. Þá bar E að skotin hafi skotist upp úr tertunni með eðlilegum hætti. Af nánar tilgreindum ástæðum kveður M framburð E vera ótrúverðugan og á honum verði ekki byggt í máli þessu. Að því leyti sem hér að framan greinir, og framburður hans fær stoð í frásögn vitnisins D, eru ekki talin næg efni til að bera brögður á framburð hans. Þá hefur lögregluþjónn sem kom á vettvang borið að þá hafi mátt sjá móta fyrir tertunni og skothólkunum sem í henni voru.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið, og þá einkum skýrslna vitnanna D og E, lögregluskýrslu og skýrslu lögregluþjónsins fyrir dómi, verður að telja ósannað að flugeldatertan hafi sprungið og brunnið upp með þeim hætti sem M hefur haldið fram. Önnur gögn málsins, svo sem ljósmyndir sem teknar voru af leifum tertunnar einum eða tveimur dögum eftir slysið, sýna heldur ekki fram á að tertan hafi virkað öðruvísi en gera mátti ráð fyrir.

Í málinu liggur fyrir greinargerð um flugeldatertu þá sem hér er til umfjöllunar ásamt ljósmyndum af sams konar tertu, þ. á m. þeim leiðbeiningum og aðvörunum sem á henni eru. Ekkert hefur komið fram sem gefur tilefni til að ætla að terta sú sem M kveikti í þegar slysið varð hafi ekki verið með sömu leiðbeiningum og aðvörunum og sýndar eru í téðri greinargerð. Utan á kassann hefur því verið límdur miði með almennum leiðbeiningum fyrir risatertu í sex liðum og aðvörun þar sem um öflugan skotelld sé að ræða. Er þar orðið „hætta“ rauðletrað með upphafsstöfum og upphrópunarmerki og síðan með aðvöruninni „Eingöngu til notkunar utandyra á stórum opnum svæðum.“

Þegar tertan hefur verið opnuð birtist límmiði með svofelldri áletrun: „Blævængsterta – þarf mikið rými – Þessi óvenjulega terta skýtur bæði upp og til hliðar og því þarf að gefa henni mikið rými.“ Samkvæmt þessu verður ekki talið að leiðbeiningum og aðvörunum varðandi meðferð og notkun tertunnar hafi verið áfátt.

Að öllu framangreindu virtu verður að telja ósannað að umrædd flugeldaterta hafi verið haldin ágalla í skilningi 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð. Er því ekki grundvöllur fyrir bótaábyrgð A skv. 6. gr. laganna. Eins og mál þetta liggur fyrir verður bótaábyrgð A heldur ekki reist á öðrum ástæðum. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 13. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 206/2013
(M)
og (V) v/ ábyrgðartryggingar (Þ)

Vinnuslys við vinnupall 5. júní 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 31. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 10. júní 2013.

Málsatvik.

M var við störf um borð í skipi í eigu Þ og slasaðist þegar hann var að fara niður af vinnupalli. Vinnupallurinn var í eigu Þ en í gögnum málsins má sjá að M hafi sjálfur sett hann saman fyrir notkun. Slysíð varð með þeim hætti að þegar M var á leið niður af vinnupallinum þá féll pallurinn saman M féll niður með honum og hlaut brot á hægri hné. Í tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að festingar pallsins hafi losnað og í lögregluskýrslu er nefnt að læsing hafi losnað. Í skýrslu sinni hjá lögreglu getur M ekki gefið skýringar á því hvað varð til þess að pallurinn datt í sundur.

M telur að Þ beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins þar sem hann sem atvinnurekandi hafi ekki gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustaðnum. M vísar til almennra reglna 13., 14., 21. og 37.gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M vísar einnig til almennra skyldna í 5.gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 og í reglum um röraverkþalla nr. 331/1989.

V telur að Þ hafi haft verkstjórnarskyldur gagnvart M sem var reyndur starfsmaður vélsmiðju og ekki nauðsynlegt að leiðbeina honum sérstaklega við verkið eða við uppsetningu vinnupalls, en að eigin sögn hafi M sett slíka palla saman margoft áður og verkið hafi verið einfalt. V telur að ekki hafi komið fram upplýsingar í málinu sem bendi til þess að Þ beri skaðabótaábyrgð á slysi M.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi sjálfur sett saman vinnupall þann sem hann notaði við vinnu sína og hafi hann gert það mörgum sinnum áður. Um einfalt verk var að ræða ekki hafa fengist fullnægjandi skýringar á því hvers vegna pallurinn féll saman. M hefur vísað til almennra skyldna Þ skv. lögum og reglum um aðbúnað við vinnu, en í málinu liggja ekki fyrir skýr gögn um að Þ hafi brotið gegn þeim skyldum. Ekki verður séð að nokkuð hafi komið fram í málinu sem bendir til þess að starfsmenn Þ hafi vanrækt skyldur sínar gagnvart M eða að Þ beri af öðrum ástæðum skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu Þ hjá V.

Reykjavík 25. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 207/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort lögmæltur frestur til að krefjast bóta hafi verið liðinn.****Gögn.**

100. Málskot, móttakið 30.5.2013, ásamt fylgigögnum.

101. Bréf X, dags. 21.6.2013.

Málsatvik.

Hinn 9.10.2010 féll M í fjallgöngu með þeim afleiðingum að hún hlaut brot á vinstri ökkla, eða "mjög langt spiralbrot á fibula sem var að mestu án tilfærslu nema ca. 8 cm ofan við ökklaðið var smá tilfærsla þar sem brotið endaði."

Hinn 19. s.m. leitaði M til bæklunarskurðlæknis sem taldi áverka og útlit á broti benda eindregið á rifin "dálkstrefjatengsl" við ökkla. Gekkt M undir aðgerð hjá læknum hinn 22. s.m. "þar sem lengdin á sperrileggnum var endursköpuð með því að festa efsta hluta brotsins með 2 skrúfum og dálkstrefjatengslin með 2 kengjum." Eftir aðgerðina gekk bati hægt, m.a. vegna verkja.

Við eftirlit hjá bæklunarskurðlæknum 8.2.2011 hafði M sleppt annarri hækjunni sem hún hafði notað og kvað verki minni en áður og oftast vera hækjulaus innandyrna. Henni fannst dofatilfinning standa í stað í fæti, en hreyfing væri orðin miklu betri, m.a. var sögð ágætis virk hreyfing í ökkla þótt hreyfierill hafi enn verið skertur. Engin bólga hafi verið sjáanleg en M kvaðst bólgnu upp á ökkla. Hún hafi haltrað með eina hækju. Þá kvað M snertitilfinningu vera minnkaða í öllum tám, mest á stórutá, en ekki borið nein augljós merki um kraftleysi í „ökkla-távöðvum“.

M kom að nýju til eftirlits hjá læknum 28.7.2011. Hún kvartaði þá undan álagstengdum verkjum þegar hún gengi í ójöfnu eða hallandi landslagi. Hún kvaðst áfram bólgnu upp á ökkla og verða hölt seinni part dags. Enga sérstaka bólgu hafi verið að sjá, létt skerðing hafi verið á beygju („plantarflexio“) í ökkla en aðeins meira á réttu („dorsiflexio“), dreifð eymsli voru yfir sperrilegg en engin sérstök yfir dálkstrefjatengslunum. Röntgenmynd sýndi gróið brot. Kengirnir sem upprunalega festu „syndesmosuna“ höfðu báðir brotnað.

Í læknisvottorði, dags. 13.10.2011, kvað bæklunarskurðlæknirinn að afturbati hafi verið öðruvísi en hann hafi átt að venjast og venja sé í þessum tegundum áverka. M hafi glímt við verkjavandamál og dofavandamál sem hann geti ekki útskýrt út frá mögulegum taugaáverka né svokölluðu vöðvahólfa-einkenni („compartment syndrome“). Mat lækurinn það svo að þetta hafi helst líkst CRPS („complex regional pain syndrome“) sem lýsir sér sem verkjavandamál og skyntruflun án þess að ummerki séu um taugaskaða.

Í læknisvottorði heilsugæslulæknis, dags. 13.7.2011, segir að um erfitt brot hafi verið að ræða og bati hafi verið lítill hjá M.

Með tilkynningu M, dags. 17.4.2012, krafðist M bóta úr slysaftryggingu launþega sem vinnuveitandi hennar hafði keypt hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem tilkynningin hafi borist þegar meira en eitt var liðið frá því að hún fékk vitneskju um þau atvik sem hún reisti kröfu sína á og hafi þar með glatað rétti sínum til bóta, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.).

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124 gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysaftryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi vátryggingafélags innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Svo sem fyrr greinir hlaut M slæmt brot á sperrilegg hinn 9.10.2010 með rofi á dálkstrefjatengslum við ökkla. Um erfitt brot var að ræða og einkenni voru talsverð vegna dofa og verkjaeinkenna. Afturbati var hægur. Í ljósi þessa og samkvæmt lækisfræðilegum gögnum málsins að öðru leyti verður að telja að ári áður en X var tilkynnt um slysið, eða 17.4.2011, hafi M vitað um þau atvik sem krafa hennar um bætur úr slysaftryggingunni byggir á. Hún hafði því glatað rétti sínum um bætur úr vátryggingunni þegar tilkynnt var um slysið til X 17.4.2012. Tjónið er því ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 28. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 208/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar Í.

Vinnuslys vegna falls úr tröppu 7. mars 2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 24. júní 2013.

Málsatvik.

M var að vinna við að setja upp kapalrennur við loft í tónlistarhúsinu Hörpu og þurfti að skrúfa múrbolta í vegg upp við loft í því skyni. Til að komast að þeim stað notaði hann svokallaða A-tröppu og stóð efst í henni. M var að herða á múrboltanum þegar boltinn skyndilega slitnaði og við það missti M jafnvægið og féll úr tröppunni til jarðar og slasaðist.

M telur að Í beri skaðabótaábyrgð vegna þess tjóns sem M hlaut við fallið og að greiða eigi skaðabætur úr ábyrgðartryggingu hans hjá V. M bendir á að mikil tímapressa hafi verið sett á hann og aðra starfsmenn um að verkið gengi hratt og að honum hafi ekki staðið annað til boða en að nota umrædda A-tröppu. M vísar til skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, en skv. niðurstöðu hennar sé hægt að rekja orsök slyssins til þess að ekki var notst við nægilega öruggan búnað, auk þess sem verkið hafi ekki verið unnið í samræmi við verkáætlun í öryggis- og heilbrigðisáætlun Í. M vísar einnig til reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 og telur að Í hafi ekki fylgt ákvæðum hennar réttilega.

V telur að ósannað sé að tímapressa hafi verið á starfsmönnum Í og telur að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu ekki uppfyllt. V vísar til þess að M hafi sótt sérstakt öryggisnámskeið hjá Í þar sem farið hafi verið í gegnum verklagsreglur um vinnu í hæð og að starfsmenn þurfi að meta áhættu hverju sinni og tryggja það í samráði við verkstjóra sinn að réttur búnaður sé notaður við vinnuna. Þetta hafi M ekki gert og sú ákvörðun sem hann tók um að nota tröppuna hafi verið á hans eigin ábyrgð og í samræmi við verklagsreglur. V vísar einnig til þess að það hafi skýrlega komið fram á umræddu öryggisnámskeiði og skv. upplýsingum frá Í hvernig vinnubrögð áttu að vera og hafi M brotið gegn þeim almennu fyrirmælum sem hann hafi þar fengið.

Álit.

Í málinu liggja hvorki fyrir skýr sönnunargögn um hvaða fyrirmæli M fékk á öryggisnámskeiði hjá Í né hvaða háttisreglur Í hafði sett starfsmönnum sínum. Ekki liggur heldur fyrir með sönnunargögnum að M hafi haft annan búnað á vinnustað sínum en þær A-tröppur sem hann notaði. Þegar litið er til þessa verða athugasemdir Vinnueftirlits ríkisins um framkvæmd verksins lagðar til grundvallar við mat á sök Í.

Þær athugasemdir eru þess eðlis að orsök slyss M hafi verið sú að ekki hafi verið notaður réttur búnaður til að vinna það verk sem M vann í greint sinn. Verður að telja að það sé beint samhengi milli þess og falls hans úr tröppunni. M var ekki í stöðu verkstjóra eða í sambærilegri stöðu á vinnustað sínum. Í bar að sjá til þess að hann hefði réttan búnað til að vinna þau verk sem hann átti að vinna og verður Í að bera hallann af sönnunarskortum um að slíkur búnaður hafi verið tiltækur. Ekki telst heldur nægilega sannað að M hafi brotið gegn öðrum fyrirmælum Í, enda liggja ekki fyrir skýr gögn um hver þau voru.

Hvað varðar háttsemi M nýtur hann verndar 23.gr.a. skaðabotalaga nr. 50/1993 í þeim skilningi að hann er starfsmaður sem verður fyrir líkamstjóni í starfi og skaðabótaréttur hans skerðist ekki nema hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi eða ásetning með háttsemi sinni. Með vísan til gagna málsins og þeirrar óvissu sem ríkir um þann búnað sem tiltækur var verður val M á A-tröppunni ekki metið honum til stórkostlegs gáleysis. Hann á því óskertan skaðabótarétt og rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 28. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 209/2013
(M)
og (V) v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar (A).

Vinnuslys í álveri 5. febrúar 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 27. júní 2013.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína hjá A. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi verið að vinna á vinnuvél, svokölluðum Díseldragara með tengivagn (fleti), þegar hann ók á steiptan stólpa á vinnusvæði. M virðist hafa verið að ýta umræddum tengivagni á undan sér. Við höggið sem af áakstrinum varð féll M út úr stýrishúsi vélarinnar og slasaðist. Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins dags. 28. febrúar 2012 kemur fram að Vinnueftirlitið telur orsakir slyssins vera þær í fyrsta lagi að M notaði ekki öryggisbelti við aksturinn og í öðru lagi að steinsteypuklumpurinn sem M ók á hafi ekki skorið sig nægilega vel úr umhverfinu og verið án varúðarmerkinga. Í þriðja lagi að draganum hafi verið bakkað með tengivagninn og farið við það yfir bungu á malbiki sem hafi leitt til þess að M hafi ekki séð steypuklumpinn og ekið á hann. Jafnframt er tekið fram í umsögninni að eðlilegra hefði verið að snúa draganum við og aka með tengivagninn (fleti) fyrir aftan hann.

M telur að slysið megi rekja til þess að aðstæður á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi og á því beri A ábyrgð. Engar reglur hafi gilt um hvernig ætti að aka umræddri vinnuvél og steinsteypti stólpinn sem M hafi ekið á hafi verið ómerktur og ekki skorið sig úr í umhverfinu auk þess sem lýsing hafi ekki verið fullnægjandi. Einnig bendir M á að bætt hafi verið úr varúðarmerkingum á stólpanum eftir slysið og bendi það til þess að þær hafi ekki verið fullnægjandi. M vísar einnig til þess að engar akreinaamerkingar hafi verið á akbrautinni og því geti V ekki haldið því fram að vinnuvélinni hafi verið ekið á öfugum vegarhelmingi. M bendir auk þess á að hann hafi ekið skv. verklagi sem þekkt hafi verið lengi hjá A og því hafi ekki verið breytt fyrr en eftir slysið.

V bendir á að M hafi unnið hjá A síðan árið 1986 og það hafi verið hluti af hans starfsskyldum að aka umræddri vinnuvél sl. 15 ár og hafi hann unnið það á öllum tímum sólarhrings. Hann þekki aðstæður á vinnustaðnum því afar vel. V vísar til þess að slysið megi fyrst og fremst rekja til þess vinnulags sem M ákvað að viðhafa þegar hann ók vinnuvélinni á rangan hátt með því að snúa henni ekki við og draga svokallað fleti á eftir sér heldur hafi M ekið með það á undan sér sem hafi leitt til þess að það byrgði honum sýn. Einnig vísar V til þess að skv. upplýsingum frá A hafi M ekið tækinu um 10 metrum fyrir utan akbraut og upp á gangstíg og það hafi leitt til slyssins en ekki skortur á varúðarmerkingum. V telur að varúðarmerkingar á umræddum steypuklumpi hefðu engu breytt og vísar því ennfremur á bug að ekki hafi verið í lagi með öryggisbelti í vinnuvélinni. V vísar einnig til þess að M hafi ekki gert athugasemdir við vinnuaðstæður þrátt fyrir að hafa unnið lengi hjá A.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort A, vinnuveitandi M, beri skaðabótaábyrgð á slysi M og greiða eigi því bætur úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V. M ber sönnunarbyrði um að orsakir slyss hans megi rekja til atvika eða aðstæðna sem A ber skaðabótaábyrgð á. Í málsatvikum eru rakin helstu gögn og sjónarmið aðila. Einhver stigsmunur er á lýsingum M og A um hvar nákvæmlega var ekið þegar slysið varð en ljóst er af gögnum málsins að M hafði sinnt sama verkefni margoft áður og þekkti vel aðstæður á vettvangi. Ekki er ágreiningur um að M hafi fallið úr vinnuvélinni og slasast þegar hann ók á steinsteypuklump á vinnusvæði sínu og af gögnum málsins verður ekki heldur ráðið að ágreiningur sé um að M hafi ekið vinnuvélinni þannig að hann var með tengivagn (fleti) á undan sér en hagaði akstrinum ekki þannig að hann sneri sæti vélarinnar við þannig að hann gæti dregið það á eftir sér. Af öllum gögnum málsins virtum telur

nefndin að orsakir slyssins megi fyrst og fremst rekja til þessa vinnulags M. Miðað við það verður ekki talið ljóst að varúðarmerkingar á umræddum steinsteypuklumpi, sem M ók á, hefðu haft nokkuð að segja um hvort M hefði ekið á steinsteypuklumpinn eða ekki. Aðstæður á vettvangi voru vel þekktar og þó A hafi bætt úr þeim eftir slysið verður ekki talið sannað, m.v. þau gögn sem hafa verið lögð fram og sönnunarfærslu sem hægt er að viðhafa hjá nefndinni, að slysið verði rakið til atvika eða aðstæðna sem A ber skaðabótaábyrgð á. Á M því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 13.ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 210 /2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Starfsmaður rann í hálfu og slasaðist þ. 16.12.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.6.2013 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 24.6.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M var við vinnu hjá A og rann í hálfu á leið frá búningaðstöðu að gönguhliði á vinnusvæðinu og fingurbrotnaði. Slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirliti. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V vegna slyssins og byggir m.a. á almennu skaðabótareglunni og 42.gr. laga nr. 46/1980. Þá vísar M til sérstakrar athafnaskyldu sem hvíli á eigendum mannvirkja að laga aðbúnað þannig að tjón hljótist ekki af. Þá er það véfengt að gönguleið sú sem M fór um hafi verið salt-eða sandborin með viðunandi hætti. Einnig er vísað til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 251/2005 og sératkvæðis í dómi Hæstaréttar nr. 538/2008. Þá telur M að A verði að bera hallann af því að slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið verði ekki rakið til sakar A. V segir að M hafi ekki hætt vinnu og sé ekki með neina fjarvist skráða vegna vinnuslyssins og A hafi ekki verið kunnugt um að líkur væru á langvinnu eða varanlegu heilsutjóni M skyldan til að tilkynna slysið til Vinnueftirlits ríkisins hafi því ekki stofnast og vísar V til dóms Hæstaréttar í málinu 529/2008 í því sambandi. V mótmælir því að ekki hafi verið gripið til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja öryggi á gönguleiðinni sem hér ræðir um og stígurinn hafi verið saltaðar af næturvaktinni sem var við vinnu áður en M kom til starfa í umrætt sinn. Þá vísar V einnig til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 538/2008. V telur að slys M verði fyrst og fremst rakið til óhappatilviljunar eða gáleysis hans sjálfs en ekki til sakar A.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að A hafi borið gera frekari ráðstafanir til varnar hálkumyndun á göngustígnum en hann gerði. Þá er ekki sýnt fram á að atvik hafi verið með þeim hætti að öðru leyti að leiði til skaðabótaábyrgðar A í þessu tilviki. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 28.6.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 212/2013
M
og V v/ vatnstjónsliðar fasteignatryggingar.

Tjón af völdum raka í húseign 4.maí 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. júní 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 14. júní 2013 ásamt vátryggingarskilmálum og skýrslu frá H dags. 26.maí 2013.

Málsatvik.

M tilkynnti um vatnsskemmdir á parketi í húseign sinni þann 4. maí sl. V sendi pípulagningarmeistara til að skoða aðstæður og skv. skýrslu hans var raki sjáanlegur í parketi. Ekki liggur fyrir mat á tjóni og M hefur ekki sjálfur lagt fram sérstakt mat á því hver upptök tjónsins séu.

M telur að það sé ekkert í skilmálum tryggingarinnar sem segir að tryggingar nái ekki yfir vatnstjón sem valdi leka ú frá niðurföllum. M vísar einnig til þess að skv. úttekt Byggingarfulltrúans í Reykjavík hafi ekkert athugavert komið í ljós varðandi frágang á þeirri vinnu og því sé rétt að tjónið sé bætt úr fasteignatryggingu hans hjá V.

V telur að skilyrði 1.gr. skilmála vatnstjónsliðar fasteignatryggingar séu ekki uppfyllt. Skoðun sérfræðinga á vegum V hafi ekki leitt í ljós vatnsskemmdir séu rektar til skyndilegs, ófyrirsjáanlegs og óvænts leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum hússins eins og þar er gerð krafa um. V bendir á að upplýsingar í skýrslum umræddra sérfræðinga bendi frekar til þess að tjón stafi af ónógum frágangi þannig að vatn komist milli niðurfalls og flísa og þannig undir dúk sem lagður var undir gólfhitakerfi í húseigninni. Það séu ekki atvik sem vatnstjónsliður fasteignatryggingar taki til og því ekki skilyrði til greiðslu bóta.

Álit.

Sönnunarbyrði um skilyrði greiðsluskyldu skv. vátryggingaskilmálum fasteignatryggingar hvíla á M. Þegar litið er til vátryggingarskilmála fasteignatryggingar hans hjá V þýðir það að M verður að sýna fram á að skemmdir á húseign hans sé hægt að rekja til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum húseignar hans, en það eru skilyrði bótaskyldu skv. umræddum skilmálum. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að skemmdir sé hægt að rekja til þessara atvika. Ekki liggur fyrir annað mat á aðstæðum en frá þeim sérfræðingum sem vátryggingafélagið fékk á staðinn og staðfestir það ekki málatilbúnað M, eins og hann kemur fram í málskoti eða skilyrði vátryggingarskilmála að öðru leyti. Með hliðsjón af ofangreindu hefur ekki stofnast greiðsluskylda úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir skemmdir á húseign sinni úr vatnstjónslið fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík 28. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 213/2012**M****og****Vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar sjómanna****Sjómaður slasaðist við stökk ofan af tanki þ. 15.10.2010****Gögn.**

- 1) Málskot, móttakið 3.6.2013, ásamt fylgiskjölum
- 2) Bréf V dags. 10.6.2013

Málsatvik.

M var að störfum um borð í skipi þann 15.10.2010 en skipið var þá bundið við bryggju. Hann var að vinna við að dæla úrgangsolíu af soratanki skipsins á soratank. Tankurinn var á bryggjunni og klifraði M upp á hann til að kanna hve mikið pláss væri eftir fyrir úrgangsolíu Þegar hann var að fara niður af tanknum stökk hann niður á „stuðarann“ og lenti á hægri fæti. Fékk við það slink á hnéð. Í málskotinu kemur fram að hann telji líklegast að það hafi komist olíudrulla á sólann á skónum og því hafi hann runnið til og fengið þennan slink á hnéð.

Atvikið er skráð í skipsbók með þessum orðum: „Þegar M var að aðstoða við að tengja olíuslöngu frá olíubíl og stökk af stigbretti bílsins kom högg á hægri fót M. Leiddi það upp í hné og kenndi hann til í hné hægri fótar þegar frá leið.“ Í áverkavottorði Tryggingastofnunar ríkisins er lýsingin á atburðinum svohljóðandi: „stökk niður af olíubíl og fékk áverka á hæ hnélið.“ Í tilkynningu um atvikið til Sjúkrátrygginga Íslands segir: „M var að tengja olíuslöngu skipsins við olíubíl uppá bryggju. Stökk M af stigbretti bílsins og fékk við lendinguna eymsli í h. hné. M hélt áfram vinnu.“

Í athugasemdum V frá 10. júní 2013 kemur fram að félagið telji ósannað að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslunum. Hvergi hafi verið getið um að hann hafi runnið til og fengið slink á hnéð. Það sé atvikalýsing sem M gefi upp eftir að félagið hafnaði bótaskyldu og því verði sú lýsing ekki lögð til grundvallar.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn liggur ekki fyrir að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M og á hann því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 214/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við Smáratorg í Kópavogi þ. 1.6.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.6.6.2013 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags.25.7.2013
3. Bréf V-2 dags. 19.6.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði við Smáratorg í Kópavogi. Ökumaður A segist hafa ekið suður bifreiðastæðið með fyrirhugaða akstursstefnu til vesturs og litið eftir umferð en ekki séð til ferða B. Ökumaður B segist hafa ekið suðvestur eftir bifreiðastæðinu þegar A hafði verið ekið í hlið B og hafði B verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð.

Álit.

Ökumanni B bar að veita umferð frá hægri forgang í umrætt sinn. Þess gætti hann ekki og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 13.8.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 215/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar við heimtu eftirstöðva kaupverðs fasteignar.****Gögn.**

102. Málskot, móttakið 3.6.2013, ásamt fylgigögnum.

103. Bréf X, dags. 26.6.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var eigandi fasteignarinnar A. Með kaupsamningi 12.10.2011 seldi M eignina og var hún afhent kaupendum 1.12.2011. Kaupendur inntu ekki af hendi lokagreiðslu kaupverðs hinn 1.7.2012 og hyggst M innheimta hana í dómsmáli á hendur kaupendum.

M leitaði eftir viðurkenningu á bótaskyldu úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá X vegna þess kostnaðar sem kynni að hljótask af málarekstrinum. X hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis í gr. 25.9 í vátryggingarskilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda, en samkvæmt því bætir vátryggingin ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. M hefur ekki fallist á skýringar X þar sem dómsmálið muni varða hana sem seljanda fasteignar en ekki eiganda.

Álit.

Samkvæmt gr. 25.1 í fyrrgreindum vátryggingarskilmálum bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Nokkur tilvik eru hins vegar undanþegin bótaskyldu, þ. á m. málskostnaður sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar, sbr. fyrrgreint ákvæði í gr. 25.9. M var eigandi A og í þeirri stöðu var hún þegar kaupsamningur um eignina var gerður. Fyrirhugað dómsmál lýtur að vanefndum kaupendanna á kaupsamningnum. Aðild M að dómsmálinu er því til komin vegna eignarhalds hennar á A jafnvel þótt hún hafi verið seljandi eignarinnar og áhætta af eigninni hafði við afhendingu flust yfir á kaupendur. Afsal fyrir eigninni átti að gera sama dag og greiða átti lokagreiðsluna. Ekki liggur fyrir með skýrum hætti hvenær ágreiningur reis með M og kaupendum sem er forsenda þess að bætur greiðast úr málskostnaðartryggingunni. Að öllu virtu verður að líta svo á að kostnaður sem af málinu kann að hljótask varði M sem eiganda A. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis í gr. 25.9 í vátryggingarskilmálum bætist kostnaður vegna dómsmáls á hendur kaupendum því ekki úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá X.

Reykjavík, 13. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 216/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Smáratorgi í Kópavogi þann 12.4.2013.**Gögn.**

- 104. Málskot, móttakið 5.6.2013, ásamt fylgigögnum.
- 105. Bréf (tölvuskeyti) X, dags. 24.6.2013.
- 106. Bréf Y, dags 25.7.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið til norðausturs niður akleið (ramp) af bifreiðastæði á milli verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar (efri hæðar) og Turnsins (2. hæðar) við Smáratorg og síðan beygt til hægri inn á akleið á bifreiðastæði við Smáratorg. Þá var bifreiðinni B ekið einnig til norðausturs upp akleið (ramp) frá bifreiðastæðum undir Turninum og inn á sömu akleið og A var ekið inn á. Rákust þá saman framendi A og vinstri hlið B.

Aðstæður á vettvangi voru kannaðar af hálfu nefndarinnar auk þess sem þeim er lýst í lögregluskýrslu. eru aðstæður þannig að akleiðirnar sem bifreiðunum var ekið eftir liggja samsíða og er akleið sú sem A var ekið eftir vinstra megin við akleið þá sem B var ekið eftir miðað við akstursstefnu bifreiðanna. Steyptur veggur skilur akleiðirnar að auk þess sem veggurinn hindrar útsýn milli akleiðanna. Við enda veggins eru þrjú umferðarmerki: Efst er biðskyldumerki (A06.11), fyrir neðan það er merki um bann við vinstri beygju (B30.12) og neðst er svo akreinaumerki sem gefur til kynna að vinstri akrein endar (G01.21). Skilti þessi voru ökumanni A á hægri hönd og ökumanni B á vinstri hönd. Hægra megin við akleið þá sem B var ekið eftir er svipaður steinveggur og áður er lýst og við enda hans voru tvö umferðarmerki: Að ofan er biðskyldumerki (A06.11) og undir því er merki um bann við vinstri beygju (B30.12).

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 15-20 km hraða á klst. niður fyrrgreinda akleið og beygt til hægri inn á akleiðina á bifreiðastæðinu við Smáratorg eftir að hafa litið bæði til hægri og vinstri. Um það leyti sem hann sem hann beygði til hægri hafi ekki viljað betur til en að hann hafi ekið í hlið B.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 15-20 km hraða upp fyrrgreinda akleið inn á bifreiðastæðið við Smáratorg. Hafi hann verið að beygja til hægri þegar A hafi skyndilega verið ekið í vinstri hlið B.

Álit.

Aðstæður eru um margt óvenjulegar á vettvangi og varasamar. Vegna steinveggins sáu ökumenn illa hvor til annars. Báðir ökumenn höfðu biðskyldu gagnvart umferð á akleið þeirri sem þeir óku inn á, auk þess sem umferðarmerki gaf til kynna að þeir hafi ekið eftir tveimur samsíða akreinum þar sem vinstri akreinin, þ.e. akrein sú sem A var ekið eftir, endaði við enda steinveggins þar sem þeir óku inn á sömu akleið. Við þessar aðstæður

bar báðum ökumönnum að sýna sérstaka aðgæslu. Sú aðgæsluskylda brást hjá þeim báðum. Eftir atvikum öllum verður ekki ráðið að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Verður því ekki hjá því komist að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 27. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 217/2013**M
og V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar X.****Sönnun tjóns á vél bifreiðar vegna tjónsatburðar 31.maí 2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 6. júní 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 12. júní 2013.
3. Tölvupóstur f.h. M til V dags. 3. júlí 2013.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að bifreið í eigu M hafi verið ekið aftan á aðra bifreið rétt við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Listabrautar. Samkvæmt tjónstilkynningu M eru sjáanleg ummerki eftir áreksturinn dæld á númeraplötu hennar. Í tjónstilkynningu kemur fram að daginn eftir tjónið hafi ökumaður tekið eftir leka á vatnskassa. Ekið hafi verið af stað út úr bænum og bætt á vatnskassann reglulega þar til bifreiðin stöðvaðist rétt við Hvalfjarðargöng, að því er virðist vegna ofhitnunar. M telur að tjón hafi orðið á mótór bifreiðarinnar X við áreksturinn þann 31.maí sl. og telur að það eigi að bæta tjónið úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V. M vísar til þess að greinar 3.2. og 16.2. í skilmálum kaskótryggingar eigi ekki við og að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki getað gert sér grein fyrir því að bifreiðin væri mögulega óökuhæf þar sem engin viðvörunarljós hafi kviknað eða nokkuð annað sem hafi gefið til kynna ofhitnun í bifreiðinni. V telur hins vegar að tjón á mótór bifreiðarinnar tengist ekki því tjóni sem varð á bifreiðinni X við árekstur þann 31.maí sl. Til frekari stuðnings máli sínu vísar V til gr. 3.2. og 16.2. í skilmálum kaskótryggingar og telur að vátryggður hafi sýnt stórkostlegt gáleysi með því að aka bifreið sinni með lekan vatnskassa og að hann hafi ekki sinnt skyldum sínum um að koma í veg fyrir eða afstýra tjóni á bifreiðinni þegar hann fór af stað í lengri ferð.

Álit.

Ágreiningur er um hvort sýnt sé fram á að skemmdir á bifreið M falli undir gildissvið kaskótryggingarskilmála V. Í gr. 1.1. í þeim skilmálum kemur fram að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða ökutæki af völdum áreksturs. M verður að leggja fram gögn sem staðreyna að skemmdir á bifreið hans séu raktar til einhverra þeirra tjónsatburða sem skilgreina gildissvið vátryggingarinnar til þess að geta gert kröfu um vátryggingarbætur. Sönnunarbyrðin hvílir því á M. Af gögnum málsins í heild má ráða að einu sjáanlegu skemmdirnar á X eftir áreksturinn hafi verið dæld á númeraplötu. Ekki hafa verið lögð fram gögn sem staðreyna tengsl á milli árekstursins og þess að það hafi komið gat á vatnskassa bifreiðarinnar. M tryggði sér ekki sönnun á mögulegum skemmdum með því að láta skoða bifreiðina sérstaklega strax eftir áreksturinn. Það er því ekki hægt að fullyrða, m.v. fyrirbyggjandi gögn, að sannað sé að skemmdir á bifreið M hafi komið til vegna áreksturs og falli því undir gildissvið kaskótryggingar hans hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík 27. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 218/2013
M
og V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar O.

Slys á gangstétt við Geirsgötu í Reykjavík 24. febrúar 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. júní 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 8. júlí 2013, ásamt viðbótargögnum.
3. Tölvupóstur lögmans M 30. júlí 2013 og 16. ágúst 2013 þar sem kom fram að M hefði ekkert frekar fram að færa vegna málsins.

Málsatvik.

M slasaðist við göngu að kvöldi til á gangstétt við Geirsgötu. Í lögregluskýrslu kemur fram að hún hafi gengið á fastan hlut á gangstéttinni og hlotið við það slæmt sár á sköflung. Í ljós kom að hún hafði gengið á rörbút sem stóð upp úr gangstéttinni. M tók sjálf myndir af vettvangi en ekki fór fram sérstök lögreglurannsókn vegna málsins. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ágreiningur sé um málsatvikalýsingu tjónþola eða þær ljósmyndir sem M tók á vettvangi. Umrædd rör hafa nú verið fjarlægð af O.

M telur að sýnt sé í gögnum málsins að umrædd rör hafi verið gömul og illa farin og hafi vantað á annað þeirra gult lok. M telur að umbúnaður röranna hafi verið þannig að augljós slyshætta hafi stafað af þeim, bæði vegna bilunar í rörinu auk þess að þrengsli voru á gangstéttinni. Myrkur hafi verið þegar M hafi verið á ferðinni og lýsing með ljósastaurum takmörkuð. Það hafi því verið ómögulegt fyrir M að átta sig á því að rörbúturinn stóð upp úr gangstéttinni þegar hún átti þarna leið um. M bendir einnig á það að rörin hafi verið fjarlægð af starfsmönnum O eftir slysið og að það staðfesti að staðsetning þeirra hafi verið hættuleg. M telur að ríkar kröfur hvíli á O vegna viðhalds á þeim búnaði sem er á vegum fyrirtækisins á götum og gangstéttum borgarinnar. Ástand röranna sem staðið hafi upp úr gangstéttinni þar sem M slasaðist hafi verið með þeim hætti að ekki stóði fyrir O að halda því fram að fyrirtækið beri ekki ábyrgð á ástandi þeirra.

V telur að starfsmönnum O hafi ekki verið kunnugt um ástand röranna. V bendir einnig á að upphafleg staðsetning röranna hafi tekið mið af því að gangstéttin við Geirsgötu hafi áður verið breiðari. Starfsmönnum O hafi ekki verið tilkynnt sérstaklega m breytingar á gangstéttinni sem þrengdu gönguleiðina til muna. V lýsir því einnig að þó starfsmenn O hafi metið það svo að á einhverjum tímavarki þyrfti að fjarlægja þyrfti rörin hafi það ekki verið sett á dagskrá sem forgangsverkefni þar sem það hafi verið mat O að staðsetning röranna fæli ekki í sér mikla hættu. V telur að O geti ekki borið skaðabótaábyrgð vegna slyssins þar sem ekki sé hægt að gera þær kröfur til starfsmanna O að þeir hafi vitað um ástand röranna í greint sinn og vitnar V til nokkurra úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings þar sem fjallað eru sum skyldur O. V bendir einnig á að venjuleg götulýsing hafi verið á vettvangi og með hliðsjón af henni hefði M getað séð umrædd rör og gætt sín betur.

Álit.

M ber sönnunarbyrði um að orsakir slyssins megi rekja til atvika eða aðstæðna sem O ber skaðabótaábyrgð á. Í málsatvikum eru rakin helstu gögn og sjónarmið aðila. Sannað er af gögnum málsins að M gekk á eða datt um rörbúta sem stóðu upp úr gangstétt á nokkuð fjölfarinni gönguleið. Annar rörbúturinn sem M lenti á var ekki búinn sérstöku gulu loki og stafaði því meiri hættu af honum á þessum stað en ella. Slysið varð að kvöldi til í febrúar þegar myrkur er. Af lýsingum og myndum af vettvangi má sjá að erfitt er að greina umræddan rörbút á gangstéttinni þegar gulmálað lok er ekki á honum. Þó annar rörbútur með slíku loki hafi verið við hlið hins þá verður að telja að aðstæður sem þessar séu almennt til þess fallnar að valda hættu á slysum. Þá er sérstaklega litið til þeirra aðstæðna sem eru á umræddri gangstétt þar sem gönguleið er frekar þröng. Einnig verður litið til þess að með uppbyggingu svæðisins nálægt slysstæðnum, þar sem er

fjöldi veitingastaða og nokkur umferð verði að haga eftirliti með búnaði í samræmi við það. Ríkar skyldur hvíla á fyrirtæki eins og O að búnaður á þess vegum skapi ekki almenna slyshættu. Þó ekki sé ljóst að tilkynnt hafi verið til starfsmanna O um vanbúnað á umræddum rörbút áður en slysið varð, verður að líta til þess að m.t.t. staðsetningar umræddra rörbúta hafi hvílt ríkari aðgæsluskylda á starfsmönnum O vegna þeirra en mögulega við aðrar aðstæður. Aðgengi starfsmanna O var gott að umræddum búnaði og ekki hefur verið bent á ráðstafanir af hálfu sem gerðar voru til að sinna því eftirliti sem fyrirtækinu bar að sinna. Telst O bera skaðabótaábyrgð vegna þess athafnaleysis starfsmanna O að hafa ekki gert ráðstafanir til að vara við hættu af umræddum rorum á þessum stað. Ber O því skaðabótaábyrgð vegna slyssins.

Til þess ber þó að líta að vegfarendum ber almennt að fylgjast með því sem framundan er við göngu sína um gangstéttir. Af gögnum frá vettvangi má ráða að venjuleg götulýsing hafi verið vegfarendum til leiðbeiningar og að M hafi getað sýnt meiri aðgæslu við gang sinn um gangstéttina. Kemur meðábyrgð M því til skoðunar vegna slyssins. Með hliðsjón af atvikum öllum telst M hafa sýnt gáleysi þegar hún gekk um gangstéttina án þess að gæta nægilega að því sem fyrir var. Það gáleysi telst þó vega minna en ábyrgð O á því að búnaður þess væri í lagi m.t.t. aðstæðna. Með hliðsjón af því telst M bera þriðjung meðábyrgð vegna slyssins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu O hjá V sem nemur 2/3 hlutum þess tjóns sem hún varð fyrir en ber 1/3 hluta tjónsins sjálf.

Reykjavík 27 .ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 220/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. bifreiðarinnar A

Kaskótrygging ökutækis. Höfnun bóta vegna stórkostlegs gáleysis þ. 3.5.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.6.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 27.6.2013 áamt fylgiskjali

Málsatvik.

Bifreiðin A lenti í umferðaróhappi á gatnamótum Grensásvegar og Miklubrautar þegar ökumaður missti stjórn á bifreiðinni í beygju þannig að hún rann upp á kantstein og varð fyrir tjóni. Ökumaður A telur að óhappið hafi orðið vegna þess að hann var óvanur að aka bifreiðinni enda hafði hann keypt hana skömmu fyrir óhappið. Af hálfu M er því haldið fram að M hafi ekki ekið glæfralega í umrætt sinn og vísar á bug framburði vitnis sem gaf sig fram og segir að M hafi greinilega verið að flýta sér í umrætt sinn en ekki hægt að fullyrða að M hafi verið að leika sér í umrætt sinn. V hafnar bótaskyldu og telur að M hafi sýnt af sér aðgæsluleysi í umrætt sinn og 50 metrar séu frá þeim stað þar sem bifreiðin var kyrrstæð á ljósum og þeim vegkanti sem A kastaðist yfir. Þá bendir V á að A sé mjög kraftmikil bifreið og M hafi ekið henni af stað með ærslagangi í umrætt sinn. Þá vísar V til framburðar vitnis þess sem vísað er til hér að ofan. Loks bendir V á að það þurfi mjög mikið að koma til svo að þung bifreið eins og A fari í hliðarskrið og telur V einsýnt að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn við aksturinn og eigi því ekki rétt á bótum. V vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 100/2010 og úrskurða Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 319/2009 og 201/2008

Álit.

Af hálfu V hefur ekki verið sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn í umrætt sinn. Ekkert er fram komið sem sannar þá fullyrðingu. M á því rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík 13.8.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 221/2013**M
og
vátryggingafélagið X. v/ húseigandatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda sem unnar voru á íbúð.****Gögn.**

107. Málskot, móttakið 5.6.2013, ásamt fylgigögnum.

108. Bréf X, dags 24.4.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi endurriti úr gerðarbók sýslumannsins í Reykjavík var hinn 3.1.2013 (ekki 2012 eins og segir í endurritinu) tekin fyrir á skrifstofu sýslumanns beiðni M um að tiltekin aðili, leigutaki, yrði borin út úr íbúð M. Fyrirtökunni var svo fram haldið á eigninni sjálfri.

Í endurritinu kemur fram að M telji að leigjandinn hafi yfirgefið íbúðina jafnframt sem hann gruni að búíð sé að skemma eignina eitthvað því nágranni sem búí í húsinu þar sem eignin er hafi hringt í hann 7. eða 8.12.2012 til að láta hann vita að mikil læti væru í eigninni eins og verið væri að eyðileggja hluti í henni. Kvaðst M strax í kjölfar símtalsins hringt í lögreglu sem ekki hafi getað sinnt erindinu.

Er fulltrúi sýslumanns kom á vettvang var eignin „öll í rúst“ eins og segir í endurritinu. Búíð var að fara með sleggju eða þungan hamar og eyðileggja vegg, hurðir og gluggakistur auk alls annars í eigninni sem hægt var að skemma. Jafnframt hafði málningu verið slett á vegg og gólf. Fulltrúinn kallaði til lögreglu. Í skýrslu lögreglu má sjá ljósmyndir af verksummerkjum í íbúðinni. Í sérstakri staðfestingu fulltrúa sýslumanns, dags. 7.2.2013, kemur fram að ekki hafi þurft að kalla lásasmið á staðinn, þar sem þegar hafi verið búíð að brjóta upp lásinn á eigninni.

M hefur krafist bóta vegna skemmda á íbúðinni úr húseigandatryggingu sinni hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem ósannað sé að tjónið hafi orðið af völdum innbrots. Vísar X í því sambandi til ljósmynda sem aflað var hjá sýslumannsembættinu og kveður þær sýna að læsing útihurðar hafi verið óskemmd. Einnig kveður X að vátryggingin bæti ekki skemmdarverk sem leigjandi kunni að valda á eigninni.

Álit.

Samkvæmt gr. 2.4 í skilmálum húseigandatryggingarinnar bætir vátryggingin tjón á vátryggðri eign af völdum innbrots eða innbrotstílaunar. Jafnframt segir að það sé skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni. Með fyrrgreindri staðfestingu fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík frá 7.2.2013 þykir mega leggja til grundvallar að búíð hafi verið að brjóta upp lásinn á eigninni þegar hann kom á staðinn. Ekki verður séð að í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu sé getið um ummerki á hurðinni. Þá verður heldur ekki talið að sýnt sé fram á með þeim ljósmyndum sem X hefur vísað til að staðfesting fulltrúa sýslumanns sé röng. Að þessu athuguðu verður að telja sannað að skemmdir á íbúðinni hafi verið unnar við innbrot í hana. Ekki liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins hver hafi framið innbrotið og unnið skemmdirnar né hvenær það hafi gerst. Ennfremur verður að telja að fyrirbyggjandi lögregluskýrsla sé

nægileg sönnun fyrir tjóni eins og áskilið er skv. síðari málslíð í gr. 2.4 í skilmálum. Ályktanir X um að leigutaki hafi valdið tjóninu án þess að um innbrot hafi verið að ræða eiga sér ekki stöð í gögnum málsins. Tjón M telst því vera bótaskyld úr húseigandatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr húseigandatryggingu hjá X.

Reykjavík, 28. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 222/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda sem unnin voru á kaskótryggðri bifreið.****Gögn.**

109. Málskot, móttakið 11.6.2013, ásamt fylgigögnum.

110. Bréf X, dags 28.6.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 21.4.2012 var lögregla kölluð að heimili M þar sem unnar hafi verið skemmdir m.a. á bifreið hans, pallbifreiðinni A. Segir í lögregluskýrslu um skemmdir á A að skorið hafi verið á alla fjóra hjólbarða hennar. Frekari skemmdir á A eru ekki tilgreindar í lögregluskýrslunni.

A var húftryggð hjá X og krafðist M bóta úr vátryggingunni vegna tjónsins á A. Mun X hafa viðurkennt bótaskyldu vegna skemmda á hjólbörðunum. Næst mun það hafa gerst að X barst tjónaskoðun frá tilteknu bifreiðaverkstæði þar sem bent hafi verið á frekari skemmdir á X sem unnar hafi verið í umrætt sinn, m.a. á stuðara, húddi, grilli og hurðarstaf. Nemi áætlaður viðgerðarkostnaður vegna þessara skemmda 741.066 krónum. Fékk X fyrirtækið B til að skoða tjónið og hafi niðurstaða þess verið að einungis hjólbarðarnir hafi orðið fyrir skemmdum umrætt sinn. Þá kveðst X hafa undir höndum ljósmynd af A sem tekin var 20.10.2010 og á henni sjáist hluti þeirra skemmda sem M telji að rekja megi til skemmdarverksins í apríl 2012. Í ljósi þessa taldi X að M hafi gefið rangar upplýsingar í þeim tilgangi að fá bætur sem hann á ekki rétt á vegna tjónsins.

Með bréfi til M, dags. 20.6.2012, hafnaði X allri bótaskyldu vegna tjónsins með vísan til gr. 15.3. í skilmálum vátryggingarinnar og 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Jafnframt sagði X upp öllum gildandi vátryggingarsamningum sínum við M með vísan til 3. mgr. 47. gr. vsl. Uppsögnin var svo áréttuð með bréfi til M, dags. 29.6.2012, þar sem nánari grein var gerð fyrir þeim vátryggingum sem uppsögnin tók til.

Álit.

Skv. 1. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga skal vátryggður við uppgjör bóta veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Skv. fyrri másl. 2. mgr. sömu gr. fellur niður allur réttur vátryggðs til bóta samkvæmt vátryggingarsamningum hjá félaginu vegna tiltekins vátryggingaratburðar, ef hann veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til. Efnislega samhljóða ákvæði er jafnframt að finna í gr. 15.3 í húftryggingarskilmálum X.

Auk fyrrgreindrar skýrslu B og ljósmyndarinnar af A frá 20.10.2010 liggur fyrir í málinu skjal með yfirskriftinni „Samantekt“ en á því er að finna sundurliðun á áætluðu tjóni á A að frátöldu tjóni vegna skemmda á dekkjunum, en tjónið er sagt nema 741.066 krónum eins og áður greinir. Efst í vinstra horni skjalsins er vörumerki X og neðst á því er heiti X, heimilisfang þess og í tilvísun er tilgreindur starfsmaður X. Verður ekki betur séð en

skjal þetta sé tilkomið frá X. Engin frekari gögn liggja fyrir í málinu um það hvernig M stóð að því að gera kröfur á hendur X. Í lögregluskýrslu er þess einungis getið að hjólbardar A hafi verið skornir. Engin haldbær sönnunargögn liggja fyrir um að frekari skemmdir hafi verið unnar á A en skemmdirnar á dekkjunum. Annað tjón telst því ósannað. Á hinn bóginn verður af fyrirliggjandi gögnum ekki fullyrt að M hafi vísitandi í því skyni að fá greiddar hærra bætur en hann á rétt til lagt fyrir X eða með öðrum hætti átt í því að fyrir félagið væru lögð gögn eða upplýsingar sem gæfu til kynna meira tjón á A en sannað þykir. Er því ósannað að fyrir hendi séu skilyrði skv. 2. mgr. 47. gr. vsl., sbr. og gr. 15.3 í váttryggingarskilmálunum, til að fella niður allar bætur til M vegna þess tjóns sem sannanlega varð á A. M á því rétt á bótum vegna skemmda á hjólbörðunum.

Skv. 3. mgr. 47. gr. vsl. getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara í þeim tilvikum sem greinir í 2. mgr., þ.e. þegar váttryggður hefur verið staðinn að því að hafa af ásetningi veitt rangar upplýsingar í því skyni að fá greiddar bætur sem hann á ekki rétt til. Eins og að framan greinir telst ósannað að M hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar til að fá hærra bætur vegna tjónsins á A en hann á rétt til. Af því leiðir að X hefur að lögum ekki heimild til að segja upp váttryggingarsamningum sínum við M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá X vegna skemmda á hjólbörðum bifreiðarinnar.

Félaginu var ekki heimilt að segja upp váttryggingarsamningum sínum við málskotsaðila.

Reykjavík, 13. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 223/2013
M
og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði við Suðurlandsbraut 25. apríl 2013.

Gögn.

1. Málskot móttækið 12. júní 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V1, afrit - ódagsett.
3. Tölvupóstur V2 dags. 28. júní 2013.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning ökumanns A þar sem kemur fram að bifreið A hafi verið ekið úr kyrrstöðu frá bílastæði og beygt til vinstri á meðan ökumaður B hafi ekið á öfugum vegarhelmingi. Af ljósmyndum og frekari gögnum í málinu má hins vegar sjá að bifreið A var ekið aftur á bak úr stöðureit á bifreiðastæði á meðan bifreið B var ekið eftir bifreiðastæðinu og hafði rétt áður verið ekið gegn umferðarmerki sem bannar innakstur þá leið sem bifreið B var ekið.

M, sem er eigandi bifreiðar A, telur ökumann B bera alla ábyrgð á árekstrinum með því að aka gegn einstefnu á bifreiðastæðinu. Í málskoti kemur fram að ökumaður A hafi stöðvað þegar hann varð var við bifreið B en henni hafi verið ekið á bifreið A. Vátryggingafélag A tekur undir sjónarmið M.

Ekki liggur fyrir sjálfstæð lýsing á aðstæðum frá ökumanni B en vátryggingafélag hans telur að skipta eigi sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna hafi sýnt nægilega aðgæslu í aðdraganda árekstursins, ökumaður A hafi ekið aftur á bak án nægilegrar aðgæslu og ökumaður B hafi ekið gegn einstefnu og þannig ekið óvarlega.

Álit.

Í 1.mgr. 17.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Bar ökumanni A að gæta þessa. Í 5.gr. sömu umferðarlaga kemur fram að vegfarendur skuli fara eftir leiðbeiningum um umferð sem gefnar eru með umferðarmerkjum og ók ökumaður B ekki í samræmi við þessa reglu þegar hann ók gegn umferðarmerki sem merkir innakstur bannaður. Teljast báðir ökumenn hafa ekið óvarlega í greint sinn. Ekki er hægt m.v. þau sönnunargögn sem liggja fyrir í málinu að leggja meiri sök á annan ökumann en hinn og skiptist hún því til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík 13.ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 225/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Slysátryggingar launþega.

Kona rann á rampi og datt og slasaðist við vinnustað þ. 23.10.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.6.2013 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 2. Júlí 2013 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M segir að hún hafi runnið á rampi við inngang bak til við vinnustað sinn og hafi hún lent illa á rófubeininu og slasast. Af hálfu M er sagt að slysið hafi verið tilkynnt þ. 8.2.2012 en V hafi þá hafnað bótaskyldu og vísað til 124.gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga þar sem M hafi í síðasta lagi átt að vera kunnugt um afleiðingar slyssins þ.1.9.2009. M hafnar þessari niðurstöðu V og vísar til úrskurðar Úrskurðarnefndar í Vátryggingamálum nr. 212/2009 og dóm Hæstaréttar í máli nr. 7/2009. Af hálfu M er því haldið fram að hún hafi ekki getað gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins fyrr en í fyrsta lagi þ. 21.júní 2011 en þá hafi hún leitað til læknis vegna stigversnandi verkja frá mjóbaki með leiðni niður að rófubeini auk annarra einkenna. V hafnar bótaskyldu og vísar til 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga. Af hálfu V er vísað til læknisvottorða um komu M til læknis þ. 24.10.2008 og síðar þ. 1.9.2009 þar sem segir verkir M hafi farið versnandi undanfarna mánuði með leiðni út í báðar síður og aðeins niður í rass og M eigi erfitt með gang þegar verkir eru verstir. Þá segir V að M hafi allt frá slysdegi verið að glíma við nákvæmlega sömu einkenni og hún geri í dag þá bendir V á úrskurð Úrskurðarnefndar í Vátryggingamálum í máli nr.33/2011 og dóm Hæstaréttar í máli nr. 7/2009

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að M hafi mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins sem varð þ. 23.10.2008 í síðasta lagi þ. 1.9.2009 þegar hún leitaði til læknis vegna verkja og skertrar hreyfifetu. Tilkynning um slysið barst vátryggingarfélaginu ekki fyrr en þ.8.2.2012 og þá var löngu liðinn sá frestur sem kveðið er á um í 1.mgr. 124.gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 13.8.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 226/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Reykjanesbraut í Hafnarfirði þann 23.3.2013.**Gögn.**

111. Málskot, móttakið 19.6.2013, ásamt fylgigögnum.

112. Bréf X, dags 1.7.2013.

113. Bréf Y, dags. 1.7.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið suður Reykjanesbraut í Hafnarfirði. Rakst hún þá á kerru sem dregin var af bifreiðinni B, en B var kyrrstæð þar sem stjórnandi hennar var að lagfæra farm á kerrunni.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið suður Reykjanesbraut. Hafi hann séð bifreið „svína“ á annarri bifreið á hægri akrein og hafi hann horft þangað. Þegar hann hafi horft til baka hafi B verið kyrrstæð fyrir framan hann að hálfu uppi á grasi. Hafi hann hemlað og reynt að sveigja frá, en lent á kerrunni sem B dró.

Ökumaður B kvaðst hafa fengið ábendingu frá öðrum ökumanni um að spýtur á kerrunni væru að losna. Hafi hann því stöðvað B að hálfu uppi á grasi og með neyðarljós („hazardljós“in) á og farþegi með honum hafi farið út til að ganga betur frá farminum. Hafi hann þá séð að ökumaður A, sem hafi verið fyrir aftan, hafi ekki verið að horfa fram á veginn. Hafi hann þá flautað, en A hafi lent á kerrunni.

Álit.

Ökumaður A var ekki að fylgjast með umferðinni framundan í þann mund sem hann kom að B. Hann sýndi því ekki þá aðgæslu við aksturinn sem af honum mátti krefjast. Verður áreksturinn rakinn til þessa. Ökumaður B hafði stöðvað að hálfu leyti utan akbrautar sökum þess að farmur hafði losnað á kerrunni. Brýnt var að lagfæra farminn svo hætta myndi ekki skapast af hans völdum. Ómótmælt er að neyðarljós hafi logað á B. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að áreksturinn megi rekja til atvika sem ökumaður B ber ábyrgð á. Öll sök á árekstrinum verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík, 13. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 227/2013
M og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við Bæjarlind 10. apríl 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19.júlí 2013 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V1 dags. 8. júlí 2013 ásamt fylgiskjölum 1-2
3. Ódags. afrit tölvupósts V2.

Málsatvik.

A var bakkað úr bifreiðastæði og B var að bakka inn í bifreiðastæði og varð árekstur með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa séð B fara framhjá og þegar hann hafi bakkað þá hafi ökumaður B verið byrjaður að bakka til baka og segir ökumaður A að hann hafi þá reynt að flauta en ekki fundið flautuna og verið stopp þegar árekstur varð. Ökumaður B segist hafa ekið framhjá bílastæði og ætlað að bakka inn í það og horft aftur fyrir sig og ekki orðið vör við A fyrr en árekstur varð.

Álit.

Ökumenn beggja bifreiðanna óku afturábak í umrætt sinn. Þeim bar báðum að gæta varúðar, sbr. skyldur þeirra skv. 2.mgr. 17.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Af gögnum málsins virtum, m.a. myndum af vettvangi þykir hvorugur ökumaður þykir hafa sýnt næga varúð við aksturinn aftur á bak. Ekki þykir sannað að M hafi verið kominn í þá aðstöðu að hann hafi verið búinn að aka aftur á bak, þannig að hann hafi getað ekið beint áfram þegar áreksturinn varð. Með hliðsjón af því verður ekki séð að M hafi stöðvað bifreið sína það löngu fyrir árekstur að máli skipti við sakarskiptingu. Verður því ekki lögð meiri sök á annan ökumanninn umfram hinn og er sök vegna árekstursins skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 21.ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 228/2013
M
og
Vátryggingafélagið V v. Launþegatryggingar sveitarfélagsins S

Kona hrasaði í stiga og féll niður hann og slasaðist þ. 2.1.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.4.6.2013 ásamt fylgiskjölum 1-17
2. Bréf V dags. 10.7.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M hrasaði í efsta þrepi stiga og féll niður hann og slasaðist. M segir að fyrirspurn hafi verið send V vegna slyssins þ.17.5.2010 og síðar þ. 1.7.2010 en V hafni bótaskyldu úr launþegatryggingu á grundvelli 1.mgr. 124.gr. laga nr. 30/2004 laga um vátryggingasamninga. Af hálfu M er því haldið fram að tilkynning hafi borist svo sem að framan greinir og auk þess hafi M fyllt út tilkynningu hjá umboðsmanni V þar sem kom fram hjá hverjum hún starfaði. Af hálfu M er vísað til þess að í framangreindri tilkynningu (fyrirspurn) sé óskað eftir upplýsingum um hvar grunnskólakennarar hjá S væru sólarhringstryggðir vegna frítímaslyss í janúar 2010. V segir að þær tilkynningar sem vísað sé til af hálfu M sé fyrirspurn frá lögmanni M um hvort grunnskólakennarar S væru tryggðir sólarhringstryggingu hjá V og hafi V svarað því játandi þá vísar V til þess að tjónstilkynning sú sem M fyllti út þ. 17.5.2010 komi aðeins fram takmarkaðar upplýsingar sem hafi ekki verið í samræmi við ákvæði ofangreindrar 124.gr. vátryggingasamningalaganna. V segir að M hafi gert kröfu í launþegatryggingu grunnskólakennara þ.26.4.2012 eða tæpum tveim árum eftir að hún undirritaði umboð til handa lögmanni sínum og þá hafi tímarfrestur framangreindrar 124.gr. verið liðinn. Loks segir V að í bréfi dags. 17.5.2010 hafi hvorki falist krafa í launþegatryggingu né hafi V mátt vera það ljóst af tölvupóstsamskiptum. Ljóst sé að M hafi haft vitneskju um mögulega kröfu sína þegar hún undirritaði umboð til lögmanns síns þ. 23.6.2010 og í síðasta lagi þegar hún leitaði til heimilislæknis þ. 9.1.2010 og því liðið það tímamark sem kveðið er á um í 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga þegar M gerði kröfu í launþegatrygginguna.

Álit.

Í fyrirspurn frá lögmannsstofu M þ. 1.7.2010 segir eingöngu að verið sé að leita upplýsinga um hvar grunnskólakennarar ákvæðins sveitarfélags S séu sólarhringstryggðir. V svarar þeirri fyrirspurn samdægurs og segir að umrætt sveitarfélag sé með launþegatryggingu hjá V sólarhringstryggingu. Í umræddri tilkynningu er ekki vísað til tjónsatburðar eða hvaða aðili eigi í hlut. Í tilkynningu M um slys innanlands frá 17.5.2010 kemur fram lýsing á tjónsatvikinu en ekki kemur fram úr hvaða tryggingu hjá V hún telur sig eiga rétt á bótageiðslu ef til þess gæti komið. Ofangreindar tilkynningar eru ekki fullnægjandi enda tekið fram í 1. mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga að aðili glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að aðili fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Engin krafa um bætur kom fram í sérstaka tryggingu hjá V innan þess tímamarks og á M því þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr launþegatryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr launþegatryggingu S hjá V.

Reykjavík 13.8.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 229/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss er manni var hrint yfir handrið á útidyratröppum.****Gögn.**

114. Málskot, móttakið 21.6.2013, ásamt fylgigögnum.

115. Bréf X, dags. 27.6.2013.

Málsatvik.

Hinn 5.6.2011 um kl. 4.30 að morgni var M gestkomandi ásamt fleirum á heimili skipsfélaga síns í tilteknu húsi í sveitarfélaginu S að loknum sjómannadansleik á veitingastað í sveitarfélaginu. Er hann var staddur á stigapalli við útidyr á efri hæð hússins var honum hrint yfir handrið á tröppunum og féll hann niður á hellulagða jörðina fyrir neðan. Hæð handriðsins var 74 cm og hæðin frá brún handriðsins niður á jörð mun hafa verið um 3,4 m. Við fallið hlaut M áverka einkum á baki og varanlegur miski hefur af þeim sökum verið metinn 12%.

Í vettvangsskýrslu lögreglu kemur fram að M hafi verið með fullri meðvitund en mjög drukkinn. Þá segir í skýrslunni að sögn vitna hafi atburðarásin verið sú að maður að nafni A og M hafi staðið úti á stigapallinum og átt í stælum út af einhverju máli. Í framhaldi af því hafi A ýtt á bringuna á M sem við það hafi fallið aftur á bak norður af stigapallinum og niður á jörð.

Í skýrslu hjá lögreglu lýsti M atvikum svo að hann hafi verið þó nokkuð ölvaður og farið út á stigapallinn til að ræða þar við fólk sem hann þekkti. Stuttu síðar hafi A komið út á stigapallinn og farið að spyrja hann alls kyns spurninga, m.a. hvort hann hefði verið fyrrverandi unnustu A. Hafi hann svarað því neitandi og hafi A þá farið inn í húsið. Stuttu síðar hafi A komið aftur út á tröppurnar og spurt hann hvort hann hafi slegið stelpu. Kvaðst hann hafa vitað að A hafi verið að reyna að æsa hann til slagsmála, en hann hafi ekki ætlað að slást við A. Hafi A haldið áfram að spyrja og eftir einhvern tíma hafi hann svarað honum játandi. Þá hafi hann ekki vitað fyrir en A hafi allt í einu ýtt þéttingsfast á bringuna á honum með þeim afleiðingum að hann hafi fallið aftur fyrir sig niður af stigapallinum.

Í skýrslu sem tekin var af A hjá lögreglu kvaðst hann umrætt sinn hafa farið út á stigapallinn til að reykja. Þar hafi M verið og hafi þeir farið að ræða saman um hvort M hafi verið með fyrrverandi unnustu A. Hafi þeir staðið með hausana saman og verið að kýta. Kvaðst A hafa ýtt í bringuna á M sem við það hafi stigið skref aftur á bak og fallið aftur fyrir sig yfir handriðið og á stéttina þar fyrir neðan. Kvað A þetta hafa verið óviljaverk að M hafi dottið yfir handriðið, hann hafi ýtt í bringuna á M en ekki í þeim tilgangi að henda honum yfir handriðið, það hafi verið slys.

Í lögregluskýrslu af vitninu B kvaðst hann hafa verið úti á stigapallinum ásamt M sem hafi setið á steypu handriðinu. Hafi A þá komið út og strax spurt M hvort hann hafi slegið eða lamið stelpu. M hafi svarað neitandi í fyrstu en eftir að A hafi þrúspurt M hafi

hann staðið upp og svarað játandi. Þá um leið hafi A ýtt í bringuna á M og M hafi ýtt í A til baka, en eftir það hafi A ýtt með báðum höndum í M og með það miklu afli að hann féll aftur á bak yfir handriðið.

Vegna atviksins var gefin út ákæra á hendur A fyrir líkamsárás með því að hafa umrætt sinn ýtt á bringu M þannig að hann féll aftur fyrir sig og yfir handrið á stigapallinum og niður á hellulagða gangstétt fyrir neðan með þeim afleiðingum að hann hlaut vægt samfall á 7. og 8. brjósthryggjarbol (hryggbrot). A jataði sök samkvæmt ákærinni og var dæmdur til refsingar.

M hefur krafist bóta úr frítímaslysaftryggingarlið fjölskylduaftryggingar hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæða í vátryggingarskilmálum um að vátrygging taki ekki til slysa sem verða í handalögmálum auk þess sem M hafi með háttsemi sinni sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og að líta verði til þess að hann hafi verið mjög drukkinn eins og segir í lögregluskýrslu.

Álit.

Skv. gr. 4.1 og 4.1.2 í vátryggingarskilmálum frítímaslysaftryggingarinnar sem hér á í hlut greiðir félagið bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir í frístundum ef það leiðir m.a. til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eins og reyndin var í tilviki M. Skv. gr. 4.7. greiðir félagið ekki bætur vegna slyss sem verða í handalögmálum. Í gr. 13.1 í sameiginlegum skilmálum fjölskylduaftryggingarinnar segir að félagið losni úr ábyrgð í heild eða að hluta ef vátryggingaratburður verður rakinn til stórkostlegs gáleysis vátryggðs. Gildi þetta einnig í persónuaftryggingum ef afleiðingar vátryggingaratburðar verða meiri en ella vegna stórkostlegs gáleysis vátryggðs. Þá segir í gr. 13.2 að við mat á ábyrgð félagsins skuli líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður hafi verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann sjálfviljugur hefur neytt og atvika að öðru leyti. Eru ákvæði gr. 13.1 og 13.1 að mestu efnislega samhljóða 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Svo sem fyrr greinir hefur X borið það fyrir sig að M eigi ekki rétt á bótum úr slysaftryggingunni þar sem hann hafi orðið fyrir slysinu í handalögmálum og sýnt af sér háttsemi sem verði metin honum til stórkostlegs gáleysis, þ.e., að því er virðist, með því að hafa verið mjög drukkinn í handalögmálum á stigapallinum. X hefur sönnunarbyrðina um að undanþáguákvæði þessi eigi við, þ.e. að M hafi verið í handalögmálum umrætt sinn og sýnt af sér háttsemi sem verði metin honum til stórkostlegs gáleysis.

Af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að A og M áttu í orðahnippingum í aðdraganda þess að A ýtti við M með þeim afleiðingum að M féll fram af stigahandriðinu. Hvorki A né M báru að þeir hafi látið hendur skipta áður en A ýtti við M. Þá verður ekki séð að það hafi verið þáttur í handalögmálum þótt þeir verið með höfuð saman meðan á orðasennunni stóð eins og fram kom í skýrslu A. Vitnið B bar að M hafi ýtt við A eftir að A hafði fyrst ýtt við honum, en í framhaldi þess hafi A svo ýtt við M þannig að hann féll aftur fyrir sig yfir handriðið. Framburður B þess efnis að M hafi ýtt við A eftir að A hafði ýtt við M er í ekki í samræmi við lýsingu A og M af athöfnum þeirra í aðdraganda slyssins. Hann er heldur ekki í samræmi við frásögn vitnanna sem gerð er grein fyrir í vettvangsskýrslu lögreglunnar. Af framburði B einum og sér, að þessu leyti, þykir ekki sannað að M hafi ýtt við A áður en A ýtti honum yfir handriðið eða að M hafi verið í handalögmálum þegar slysið bar að höndum. Er því ósannað samkvæmt gögnum málsins að M hafi orðið

fyrir slysinu í handalögmálum. Getur X því ekki undanþegið sig bótaábyrgð á þeim forsendum, sbr. gr. 4.7 í vátryggingarskilmálum frítímaslysatryggingarinnar.

M hefur viðurkennt að hafa verið þó nokkuð ölvaður og í lögregluskýrslu er þess getið að hann hafi verið mjög drukkinn þegar lögregla kom á vettvang og átti orðaskipti við hann á slystað. Ekki liggur fyrir nein mæling á áfengismagni í líkama M. Þótt M hafi verið undir talsverðum áfengisáhrifum verður það eitt og sér ekki virt honum til stórkostlegs gáleysis. Eins og fyrr greinir er ósannað að M hafi verið í handalögmálum. Handriðið sem M féll fram af var einungis 74 cm á hæð þannig að það hefur náð manni í meðalhæð vart nema í mitt læri. Er ósannað að ölvun M hafi átt þátt í því að hann féll fram af handriðinu. Þegar af þeirri ástæðu er ósannað að slysið verði rakið til háttsemi sem verður metin M til stórkostlegs gáleysis. Bætur verða af þeim sökum því hvorki skertar að hluta né felldar niður í heild. Hann á því rétt á óskertum bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr frítímaslysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 13. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 230/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Orsakatengsl vegna mögulegs líkamstjóns í umferðaróhappi 1. nóvember 2011.

Gögn.

1. Málskot móttækið 19. júní 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 2. júlí 2013.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu féllu stálrör af tengivagni bifreiðarinnar X á bifreiðina Y við akstur á Ölfusárbrú á Selfossi á áður nefndum tíma. Ekki er getið um farþega í þeirri bifreið í upphaflegri lögregluskýrslu en með frekari gögnum frá lögreglu var upplýst að M var farþegi í Y í greint sinn, en hvorki hann né ökumaður hafi kvartað undan eymslum á vettvangi. Ekki er deilt um ábyrgð eiganda X á tjóni vegna umferðaróhappsins. Ágreiningur er hins vegar um hvort M hafi hlotið líkamstjón í greint sinn.

M telur að sannað sé að hann hafi hlotið líkamstjón með vísan til gagna málsins. Þegar stálrörin hafi lent á bifreiðinni, sem hann var farþegi í hafi henni verið snögghemlað. Þá hafi hann kastast fram í öryggisbeltið og fengið slink á bakið. M hafi ekki fundið strax fyrir eymslum og því ekki greint frá þeim á slysstað en 1-2 dögum síðar hafi hann fengið verki í brjóstbak sem hann finni enn fyrir. M kveðst hafa verið nýbúinn að ná sér af óþægindum sem hann hefði haft vegna taks í baki og hafi ekki leitað læknis strax því hann hafi haldið að hann myndi ná sér fljótt. M telur að vegna fyrri óþæginda hafi hann verið viðkvæmari fyrir því höggi sem hann hafi fengið í umferðaróhappinu. M vísar auk þess til læknisvottorða máli sínu til stuðnings.

V telur að ekki sé sannað að orsakatengsl séu milli kvartana M nú og umferðaróhappsins. M hafi ekki leitað læknis fyrr en mánuði eftir óhappið og því sé ósannað að óþægindi hans í dag séu tengd umferðaróhappinu frekar en öðrum álagstengdum óþægindum sem hann átti við að stríða áður. V vísar til þess að læknisfræðileg gögn málsins sýni ekki með öyggjandi hætti að orsakatengsl séu á milli óþæginda M nú og umferðaróhappsins.

Álit.

M ber sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum og verður að telja að það að hann hafi ekki leitað til læknis fyrr en einum mánuði eftir óhappið dragi mjög úr því að honum takist að sanna það. Við það bætast upplýsingar um að M hafi áður átt við óþægindi að stríða í baki. Ekki liggja fyrir öyggjandi læknisfræðileg gögn eða sérstakt mat um að óþægindi hans í dag séu vegna umferðaróhappsins eingöngu eða hvort þau eru hluti af eldri einkennum. Að öllu virtu telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar ökutækisins X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík 13. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 231/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða við Fitjar í Njarðvík þ. 29.5.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.25.6.2013 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V-1 dags.12.7.2013 ásamt fylgiskjölum 1-5
3. Bréf V-2 ódagsett.

Málsatvik.

Árekstur varð við Fitjar í Njarðvík. Ökumaður A ók inn á bifreiðastæði við Fitjar og hugðist aka að bensíndælu þegar hann sá B og stöðvaði A. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi horft til hægri og ekki séð sig og ekið á A kyrrstæða. Ökumaður B segist hafa ekið frá bensíndælu og horft til hægri þegar B lenti á A. Ökumaður B segist ekki hafa séð bifreið koma inn á planið og litið til hægri til að sjá hvort umferð væri að koma frá Bónus en þegar ökumaður B hafi litið fram þá hafi A verið þar og ökumaður B ekki haft tók á að stöðva eða beygja frá. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita er m.a. merkt við tl. 1 fyrir A þ.e. að A hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð.

Álit.

Samkvæmt framburði ökumanns B þá var hann ekki að fylgjast með umferð sem var fyrir framan heldur leit til hægri og vissi ekki af A fyrir en ökumaður B leit áfram en hafi þá ekki getað komið í veg fyrir árekstur. Fram kemur á tjónstilkynningu að A hafi verið kyrrstæð í umrætt sinn. Miðað við ofangreindan framburð ökumanns B og framhlið tjónstilkynningar sem og önnur gögn málsins þá verður öll sök lögð á ökumann B sem viðhafði ekki nægjanlega varúð við aksturinn og ók á A kyrrstæða.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 27.8.2013

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 233/2013
M
og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/bifreiðarinnar B.

Árekstur við götuna Þrúðvang á Hellu 6.júlí 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 15. júlí 2013.
3. Tölvupóstur V1 afrit - ódags.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að árekstur var með bifreiðum A og B á aðrein frá Suðurlandsvegi að Þrúðvangi á Hellu í Rangárþingi ytra þann 6. júlí 2012. Aðstæður til aksturs voru með besta móti af myndum af vettvangi að dæma. M ók bifreið A til norðurs og bifreið B var ekið til vesturs. Árekstur var með bifreiðunum þar sem þær mættust en hvorugur ökumanna vék fyrir hinum.

M telur að ökumaður B beri alla ábyrgð á árekstrinum með því að hafa ekið gegn biðskyldu í veg fyrir bifreið A. M vísar til þess að yfirborðsmerkingar á götu um biðskyldu hafi verið skýrar og greinilegar en sérstakt umferðarskilti hafi verið fjarlægt með ólögumætum hætti af vettvangi. Það breyti þó ekki því að biðskylda hafi verið í gildi í akstursátt ökumanns B og hafi hann því átt að víkja fyrir bifreið A. M bendir á að í 5.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 komi fram að vegfarandi skuli fara eftir leiðbeiningum um umferð sem gefnar eru með umferðarmerkjum, [...] eða öðrum merkjum á eða við veg, sbr. 84.gr. sömu laga, en þar er kveðið er á um heimild ráðherra til að setja reglur um slíkt merki. M bendir á að í reglugerð nr. 289/1995, sem sett er með umræddri heimild, er fjallað um ýmsi merki um umferð en ekki eingöngu umferðarmerki í formi umferðarskilta. M telur að öll þau merki sem tilgreind eru í umræddri reglugerð séu þess eðlis að þau geti gengið framur almennum umferðarrétti, sbr. leiðbeiningar í tilvitnuðum greinum umferðarlaga. M vísar einnig til háttarisreglu 1.mgr. 25.gr. umferðarlaga þar sem fram kemur að ökumönnum beri að hafa sérstaka aðgát við gatnamót. Það þýði m.a. að gæta þurfi sérstaklega að yfirborðsmerkingum akbrautar. Skýringu á þeim yfirborðsmerkingum sem voru á akbraut á vettvangi megi finna í 28.gr. reglugerðar nr. 289/1995 og sé ótækt annað en að skilja þær sem biðskyldu óháð því hvort sérstakt umferðarskilti um biðskyldu sé á vettvangi. Ekki stoði heldur að vísa til þess að yfirborðsmerkingar sjáist ekki alltaf sökum veðuráðstæðna því þegar árekstur varð milli bifreiða A og B hafi umræddar merkingar verið mjög greinilegar.

V telur að M sem ökumaður bifreiðar A hafi borið að veita bifreið B forgang við akstur um gatnamótin með vísan til 4.mgr. 25.gr. umferðarlaga, þar sem fram komi að þegar leiðir ökumanna skerast skuli sá sem hefur hinn á hægri hönd veita forgang. Ökumaður bifreiðar A hafi ekið til norðurs og hafi því haft bifreið B, sem hafi verið ekið til vesturs, á hægri hönd. V vísar einnig til reglugerðar nr. 289/1995, nánar tiltekið til ákvæðis A06.11 sem fjallar um biðskyldumerki og telur að það ákvæði gangi framur leiðbeiningum í 28.gr. sömu reglugerðar sem eingöngu sýni hvar ökumenn eigi að stöðva við biðskyldu en skilgreini ekki biðskylduna sjálfa. V telur að til þess að víkja frá reglum um almennan umferðarrétt verði umferðarmerki að vera skýr og yfirborðsmerkingar á vegi án sérstaks umferðarskiltis um biðskyldu uppfylli ekki þær kröfur sem gera verði til skýrleika umferðarmerkja. Vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 258/2009 og telur félagið að aðstæður hafi verið nokkurn veginn með sama hætti í því máli og þessu og niðurstaða nefndarinnar þar hafi verið að taka yrði mið af almennum umferðarrétti sem gerði ekki ráð fyrir biðskyldu þar sem slíkt skilti var ekki uppi.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr að því hvort yfirborðsmerkingar á vegi, sem sýna hvítmálaða þríhyrninga með greinilegum hætti, feli í sér fullnægjandi leiðbeiningar um biðskyldu þannig að þær gangi framur almennum umferðarreglum, sbr. 5.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í tilvitnuðu ákvæði kemur fram að vegfarandi skuli fara eftir leiðbeiningum um umferð sem gefnar eru, m.a. með umferðarmerkjum eða öðrum merkjum á eða við veg sbr. 84.gr. Í 84.gr. er vísað til heimildar ráðherra til að setja reglur um gerð og notkun slíkra merkja og ítrekað í 2.mgr. 84.gr. að það megi víkja frá almennum umferðarreglum með slíkum merkjum.

Þegar umrædd ákvæði umferðarlaga eru skýrð verður ekki séð að leiðbeiningar um umferðar verði eingöngu sett með sérstökum umferðarskiltum heldur eru merki í skilningi reglugerðarinnar talin í ýmsum ákvæðum hennar, ýmist í formi skilta, yfirborðsmerkinga eða annara merkja. Í 28.gr. reglugerðarinnar er kveðið á um biðskyldumerkingu og hún tilgreind sem röð þríhyrninga þvert á akbraut. Í ákvæðinu kemur einnig fram að umrædd merking sýni frá hvaða stað á akbrautinni ökumaður hefur biðskyldu við vegamót. Þó algengast sé að slíkum yfirborðsmerkingum fylgi sérstakt umferðarskilti sem sýnir einnig biðskyldu verða ákvæði reglugerðarinnar ekki túlkun þannig að ákvæði 28.gr. séu marklaus án þess að þeim fylgi slíkt skilti.

Við ákvörðun um sakarskiptingu ber að líta til allra aðstæðna þ.á.m. aðstæðna á vettvangi og meta hvort yfirborðsmerkingar hafi í raun verið þannig sýnilegar fyrir ökumann B að hann hefði átt að líta á þær sem leiðbeiningar um biðskyldu eða líta framhjá þeim. Í þessu máli liggja fyrir skýrar ljósmyndir af vettvangi í lögregluskýrslu auk loftmynda. Í lögregluskýrslu kemur fram að haft er eftir ökumanni B á vettvangi að hann hafi ekki séð merkingarnar heldur hafi hann eingöngu horft eftir umferðarskiltum. Með hliðsjón af þeim myndum, lýsingum á veðri og aðstæðum öllum verður að telja að ökumanni B hafi ekki mátt dyljast þær yfirborðsmerkingar sem voru á götunni í hans akstursátt. Í ljósi fyrrgreindra aðstæðna, sem ekki verða lagðar að jöfnu við óskýrar yfirborðsmerkingar í máli nefndarinnar í máli nr. 258/2009, verður það metið honum til sakar að hafa ekið inn á gatnamótin yfir biðskyldumerkingar án þess að veita bifreið A forgang.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á tjóni M á bifreið A .

Reykjavík 27. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 235/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður skaddaðist á fingri er hönd fór undir þrýstihjól við framleiðslu loftræstirörs.****Gögn.**

116. Málskot, móttakið 25.6.2013, ásamt fylgigögnum.

117. Bréf X, dags 26.8.2013, ásamt fylgigögnum.

118. Athugasemdir málskotsaðila, dags. 2.9.2013.

Málsatvik.

Hinn 11.11.2011 var M við störf hjá V. Vann hann við svokallaða Spiro vél við framleiðslu á loftræstirörum. Er M var að kanna stillingu á þrýstihjóli sem er innanvert í röri við framleiðslu, greip þrýstihjólið í vinnuhanska sem hann var með á vinstri hendi, en við það dróst höndin undir hjólið með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á þumal fingri vinstri handar.

M kveður slysið mega rekja til þess að vélin sem hann vann við í umrætt sinn hafi verið vanbúin þar sem þrýstihjólið hafi verið óvarið og hann hafi ekki fengið viðeigandi persónuhlífar, þ.e. hanska úr málmneti eða aðra sambærilega hanska, til að nota við vélina. Með þessu telur M að V hafi brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, svo og tilteknum ákvæðum í reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja, reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, reglum nr. 492/1987 um öryggisbúnað véla og reglum nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa. Beri V því ábyrgð á líkamstjóni hans auk þess sem V beri hlutlæga ábyrgð á tjóninu skv. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Ennfremur hefur M vísað til þess að tjónið var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins fyrr en 14.11.2011, eða þremur dögum síðar en skylt var skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Óvissu um aldur vélarinnar, merkingu hennar og hvers vegna hún „stöðvaðist ekki þegar gera átti við hana“ verði að túlka M í hag.

Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins mun M hafa unnið sem iðnverkamaður hjá V frá júlí 2006 eða um ríflega fimm ára skeið er slysið varð. Þá mun hann í þrjú ár hafa verið „aðalmaður“ á vélinni sem hann slasaðist við. Þykir mega ganga út frá að hann hafi verið vel kunnugur vélinni og þekkt vel hvernig hún virkaði. Umrædd vél mun vera frá árinu 1983 og kveðst V ekkert hafa breytt henni. Ekkert bendir til annars en að svo hafi verið. Enginn ágreiningur virðist vera með aðilum um tildrög slyssins. Engar matsgerðir eða úttektir á vélinni liggja fyrir í málinu til stuðnings staðhæfingum M um að vélin hafi verið vanbúin eða slysið verði rakið til þess að notkun persónuhlífa hafi ekki samrýmst reglum þar um. Ekki verður heldur séð að slysið verði rakið til skorts á leiðsögn um notkun vélarinnar eða ófullnægjandi verkstjórnar. Þessu breytir ekki þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins innan lögmæltis frests, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980, enda hefði síðar mátt afla sönnunargagna um þau atriði sem aðila greinir á um. Þá er enginn grundvöllur fyrir þeirri staðhæfingu M að hlutlæg ábyrgð V verði reist

á 23. gr. a skaðabótalaga. Að öllu virtu telst V ekki bera ábyrgð á líkamstjóni M. Tjón hans bætist því ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 17. september 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 236/2013
M
og V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar X.

Vinnuslys í Varmársundlaug 5. júní 2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. júní 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 18. júlí 2013.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína við að mála brautarmerkingar á vegg Varmársundlaugar. Við verkið notaði M lausan stiga sér til stuðnings og varð slysið þegar stiginn rann undan M þannig að hann féll um 1,5 til 2 metra. Skv. umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið var M einn við verkið og enginn til að halda við stigann eða aðrar ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að stiginn rynni til. Ekkert áhættumat hafði verið gert vegna umrædds verkþáttar. Vinnueftirlitið telur að orsakir slyssins séu þær að þess hafi ekki verið gætt að stigi rynni ekki til þegar verkið var unnið.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna slyssins þar sem hann sem vinnuveitandi hafi ekki tryggt fyllst öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustaðnum. Vísar M til laga nr. 46/1980 sem og sérstaklega til II.viðauka við reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja þar sem kemur fram að tryggja skuli festu þegar lausir stigar eru notaðir. M vísar til þess að skyldur verkstjóra í greint sinn hafi verið að tryggja að vinnulag væri í samræmi við fyrrgreindar skyldur, það hafi hann ekki gert með fullnægjandi hætti og á þeirri háttsemi beri X ábyrgð. M vísar til Hrd. 748/2012 máli sínu til stuðnings.

V telur að X beri ekki skaðabótaábyrgð vegna slyssins og vísar til þess að reynsla M af því að vinna sem faglærður málari hafi verið nokkur og því hafi honum átt að vera ljóst að hann þyrfti að festa stigann áður en hann notaði hann. V vísar til Hrd. 265/2012 máli sínu til stuðnings.

Álit.

M ber sönnunarbyrði um að orsakir slyss hans megi rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Í málsatvikum eru rakin helstu gögn og sjónarmið aðila. Sannað er að ekki var gert áhættumat vegna einstakra verkþátta á vinnustaðnum. Með því uppfyllir vinnuveitandi ekki skyldur sínar skv. lögum. Í þessu máli var notaður laus stigi til að vinna tiltekið verk. Verkstjóri verksins gætti þess ekki að skipulag vinnunnar væri þannig að þegar slíkir stigar eru notaðar þá sé það gert þannig að festa þeirra sé tryggð. Ber X því skaðabótaábyrgð vegna slyssins. Þó M hafi verið faglærður og haft reynslu af því að starfa hjá X og öðrum telst hann ekki hafa sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 23.gr.a skaðabotalaga nr. 50/1993. Getur hann því ekki sjálfur borið ábyrgð á afleiðingum slyssins með X.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 13.ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 237/2013
M og
Vátryggingafélag V vegna innbúslíðar F+ fjölskyldutryggingar

Innbrot í íbúð þ. 23.6.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.21.6.2013 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 9.7.2013 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi hringt og tilkynnt um innbrot í íbúð hennar og þjófnað. M segir að “assa” gluggafesting á svefnherbergisglugga hafi verið brotin, en hún hafi bundið snæri frá festingunni niður að ofni á tveim stöðum til að loka glugganum. M segir að búið hafi verið að slíta böndin og greinilega hafi verið skriðið inn um gluggann, en dóttir M hafi límt festingarnar eftir það með límband og þannig var ástandið þegar lögregla kom á staðinn. Í lögregluskýrslu segir að ekki hafi verið hægt að sjá nein ummerki á glugganum sjálfum, en glugginn nái nánast niður að gólfi þannig að auðvelt sé að skriða inn um hann. M segir að ákveðnum tilgreindum munum hafi verið stolið í innbrotinu. Í íbúðinni var öryggismyndavél og þar sést að maður vera í íbúðinni og taka muni. M krefst bóta úr heimilis- og innbústryggingu sinni hjá V og segir að miklu hafi verið stolið frá henni í innbrotinu og ljóst sé að um innbrot hafi verið að ræða. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið framfylgt ákvæðum í vátryggingaskilmálum í gr. 4.5.7. þar sem fram kemur að læsa skuli íbúðarhúsum, loka öllum gluggum og krækja aftur. V telur ótvírátt að varúðarregla skilmálanna hafi verið brotin með þeim hætti að bótaréttur falli alfarið niður með vísan til 26.gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga. Þá telur ósennilegt að nokkuð hald hafi verið í snærinu sem M segist hafa bundið við stormjárnid og einnis sé óljóst hvernig snærið hafi átt að koma að gagni við lokun á glugganum áður en þjófnaðurinn átti sér stað. Þá vísar V til þess að lítið sé upplýst um þá muni sem M telji að hafi verið stolið. V segir að verði ekki fallist á kröfu um höfnun bótaskyldu að fullu telji V að skerða eigi bótarétt M með vísan til 26.gr. laga um vátryggingasamninga.

Álit.

Ekki virðist ágreiningur um að farið hafi verið inn í íbúð M í gegn um svefnherbergisglugga þar sem gluggafesting var brotin, en M hafði bundið gluggann aftur, en þau bönd höfðu verið slitin að sögn M og farið inn um gluggann. Svefnherbergisglugginn, sem hér ræðir um nær niður að gólfi á íbúðinni og auðvelt að fara inn um hann samkvæmt gögnum málsins, en M hafi lokað glugganum með þeim hætti að binda hann aftur. Eftir því sem ráðið verður af takmörkuðum gögnum málsins þá var þessi frágangur M á glugganum ekki nógu góður. Ágreiningslaust er því að glugganum var ekki krækt aftur svo sem getur um í grein 4.5.7 í vátryggingarskilmálum þeim sem hér ræðir um. M gætti því ekki nægjanlegrar varúðar við frágang íbúðarinnar áður en hún fór og telst því hafa brotið gegn umræddri varúðarreglu vátryggingarskilmála.

Í 26.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 segir m.a. að vátryggingafélag geti gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara geti félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingarathurður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Hér þarf einnig að athuga að þegar metið er hversu mikið vátryggingafélag getur takmarkað ábyrgð

sína skv. 26.gr. laga um váttryggingarsamninga þarf að líta til þess hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti.

Sú varúðarregla sem M braut gegn skiptir verulegu máli þegar skilið er við húsnæði í lengri tíma og staðsetning glugga á íbúð M er þannig að sök hennar telst nokkur að hafa ekki búið betur um hann. Í gögnum málsins liggur fyrir að M gerði tilraun til að loka glugganum með tryggilegum hætti að hennar mati, en sá frágangur var ekki nægjanlega góður miðað við staðsetningu gluggans og þá staðreynd að M var að fara á brott til dvalar um nokkurn tíma á sjúkrastofnun. Sökin er ekki veruleg í ljósi þess að M gerði einhverjar ráðstafanir og ekki er að sjá af gögnum málsins að það hafi verið vel sýnilegt að utan að glugginn hafi verið bundinn aftur. Þegar þessi sjónarmið eru vegin saman getur V því takmarkað bætur til M með vísan til 26.gr. laga um váttryggingarsamninga, en ekki að fullu heldur eingöngu að hálfu leyti. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hvert fjártjón M kann að hafa verið vegna innbrotsins eða hvaða munum var stolið og er því ekki tekin afstaða til þess hvert tjón M var vegna innbrotsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V en greiðsluskylda takmarkast við helming tjóns.

Reykjavík 3.9.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 238/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Slysátryggingu eiganda og ökumanns A

Ökumaður bifhjóls missti stjórn á því og datt af hjólinu þ. 9.5.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.6.2013. ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 15.7.2013.

Málsatvik.

M ók bifhjólinu A og missti stjórn á því í ójöfnu með þeim afleiðingum að hann féll af því og slasaðist. M hafði ekki rétt til að aka bifhjóli, en V fellst á bótaskyldu en telur að M beri þriðjung tjónsins vegna eigin sakar með vísan til gáleysis M þar sem hann hafði ekki ökuréttindi á þungt bifhjól heldur almenn ökuréttindi á bifreiðar. M krefst óskertra bóta. Af hálfu M er vísað til þess að ekki sé heimilt að skerða bætur nema um sé að ræða stórkostlegt gáleysi en ekki hafi verið um það að ræða af hálfu M. V telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn sbr. 90.gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga þar sem hann var ekki með réttindi til að aka bifhjólinu.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi ekið óvarlega í umrætt sinn. M er með réttindi til að aka fólksbifreiðum og þrátt fyrir að hann hafi ekki haft réttindi til að aka bifhjólinu þá er ekki um að ræða stórkostlegt gáleysi sbr. 90.gr.laga nr.30/2004 um vátryggingarsamninga að ræða. M á því rétt á bótum úr slysátryggingu eiganda og ökumanns A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysátryggingu eiganda og ökumanns A hjá V.

Reykjavík 13.8.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 239/2013**M****V vegna stjórnendatryggingar (Directors & Officers Liability insurance) G.****Krafa um viðurkenningu greiðsluskyldu úr stjórnendatryggingu.****Gögn.**

11. Málskot móttakið 28. júní 2013 ásamt gögnum.
12. Tvö bréf lögmannna V, bæði dags. 22. ágúst 2013, ásamt gögnum tilgreindum í skjalaskrá.

Málsatvik.

Þann 1. maí 2008 keypti G svokallaða stjórnendatryggingu (Directors & Officers Liability insurance) hjá V. Gildistími hennar var til 1. maí 2009. Áður en váttryggingin tók gildi höfðu starfsmenn G gefið upplýsingar um starfsemi bankans með því að svara spurningum og rita undir váttryggingabeidni (proposal form) dags. 31. mars 2008 og gefa sérstaka yfirlýsingu um engar kröfur eða efnislegar breytingar (no claims/material changes declaration), dags. 14. maí 2008.

Í málskoti M kemur fram að hann hafi verið kjörinn til stjórnarsetu í G 30. apríl 2007 og hafi hann haft þann starfa með höndum til 7. október 2008. M kveðst hafa beint kröfum að V með bréfi dags. 31. maí 2012 vegna málshöfðunar G á hendur honum fyrr á því ári. M vísar einnig til þess að V hafi verið tilkynnt um yfirvofandi málshöfðun í byrjun apríl 2011. Í þessu máli gerir M kröfu um nefndin úrskurði um hvort V hafi verið óheimilt að lögum að hafna váttryggingarvernd vegna stjórnendatryggingarinnar, eins og V gerði með bréfi dags. 29. júní 2012. Þetta bréf er lagt fram með gögnum málsins og kemur þar fram að V hafnar allri ábyrgð skv. tryggingunni.

M telur að V hafi ekki lagt fram gögn eða gefið nokkur haldbær rök fyrir þeirri staðhæfingu V að G hafi gefið rangar upplýsingar við töku váttryggingarinnar og V beri sem váttryggjandi sönnunarbyrði fyrir því. Ekki stóði að vísa til skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og ekki hafi V sagt samningnum upp skriflega eins og fyrirmæli laga nr. 30/2004 bera með sér að félagið hefði átt að gera. Einnig vísar M til þess að hann njóti verndar H-liðar III.hluta váttryggingarskilmála þannig að hann sé stjórnarmaður sem hafi látið af störfum áður en váttryggingin rann út og njóti því 72 mánaða verndar sem slíkur og kveðið er á um í umræddu ákvæði. M telur að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6107/2010 frá 16. apríl sl. skýrt fordæmi um rétt sinn og telja að skilyrði H-liðar III. hluta skilmálanna séu uppfyllt að öllu leyti. Ekki hafi verið keypt ný váttrygging til hagsbóta fyrir M sem var sambærileg og þess vegna sé V bundið af umræddum skilmálum.

V telur að mál M hafi augljóslega komið fram eftir að váttryggingin féll úr gildi í maí 2009 og því nái váttryggingin ekki til verndar vegna þeirra mála. Leiði það af upphafsorðum skilmála váttryggingarinnar um að hún byggji á svokallaðri kröfugerðarreglu („claims made policy“). Varnir V gegn kröfum M byggjast aðallega á því að G hafi keypt nýja váttryggingu fyrir stjórnendur sína og skilyrði um að slíkt hafi ekki gerst, í skilningi H-liðar III.hluta váttryggingarskilmála, því ekki uppfyllt. M hafi ekki heldur látið af störfum í réttum skilningi sama ákvæðis. Auk þess hafi verið brotið gróflega gegn skyldum G að láta af hendi réttar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar G óskaði eftir váttryggingu á vormánuðum 2008.

V telur að það sé skýrt að G hafi keypt nýja tryggingu fyrir stjórnendur sína á árinu 2009 hjá öðru váttryggingafélagi (UIB) og skýringar M á gildissviði þeirrar váttryggingar séu ekki tækar. V telur að miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram taki váttryggingin til M og röksemdum um annað er mótmælt. Í váttryggingarskilmálum váttryggingar UIB komi fram í skilmálum að váttryggingin taki til fyrrverandi stjórnenda. V vísar einnig til þess að þó svo endanleg niðurstaða væri sú að nýja váttryggingin tæki ekki til M breyti það ekki afstöðu V. Það byggist á því að orðalag í H-lið III.hluta skilmálanna um „einhverja aðra tryggingu“ sé skýrt um það að G þurfi einungis skv.

orðanna hljóðan að hafa keypt einhverja aðra tryggingu og það hafi G gert og í þeirri tryggingu sé vísað almennt til stjórnenda G.

V vísar einnig til þess að M hafi ekki farið á eftirlaun né látið af störfum hjá G af eigin frumkvæði og gildissvið umrædds H.liðar III. hluta váttryggingarskilmála nái einungis til slíkra stjórnarmanna.

Síðast en ekki síst gerir V grein fyrir því með umtalsverðum og umfangsmiklum gögnum að brotið hafi verið gróflega gegn skyldu G og annarra váttryggðra til að veita réttar og fullnægjandi upplýsingar við töku tryggingarinnar. Varðandi upplýsingaskylduna almennt telur V að G hafi brotið gegn skyldum sínum við töku þar sem rangar upplýsingar um stöðu og rekstur G hafi verið gefnar m.a. í váttryggingabeidni og sérstakri yfirlýsingu sem V hafi óskað eftir frá G fyrir töku tryggingarinnar. G hafi auk þess ekki upplýst um fjölmörg atriði sem forsvarsmenn bankans hafi vitað eða mátt vita að hefðu haft verulega þýðingu við mat á váttryggingaráhættu. Skylda hafi hvílt á forsvarsmönnum G að gefa réttar upplýsingar skv. 19.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar að auki, ef litið er til almennra óskráðra reglna samningaréttar, váttryggingaréttar og kröfuréttar og ákvæða váttryggingarsamningsins sjálfs, megi líta svo á að áhrif rangra upplýsinga í tilviki G leiði í raun til þess að váttryggingarsamningurinn sé ógildur. V leggur fram og vísar til fjölmargra almennra gagna um ætlaðar rangar upplýsingar af hálfu G í aðdraganda váttryggingarsamningsins. Þar á meðal umfjöllun um stöðu bankans í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, skýrslu COFISYS, stefnu G gegn tilteknum aðilum fyrir dómstólum í New York, ákæru og stefnur í öðrum málum. Vísar V auk þess til fyrri úrskurða úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum máli sínu til stuðnings auk umtalsverðs fjölda nýrra gagna, m.a. um ákæru og niðurstöður í sakamálum og rannsóknir þeirra, skýrslu og upplýsinga frá FME sem G hafi ekki gert grein fyrir í umsókn um váttrygginguna, óvenjulegra samninga sem G hafi gert og ekki upplýst um í ársreikningi og tölvupóstsamskipta milli starfsmanna G um þann vanda sem bankinn var kominn í áður en upplýsingar í váttryggingabeidnum hafi verið veittar af hálfu G.

Frekari röksemdir V vegna ætlaðrar vanrækslu upplýsingaskyldu og áhrifa þess verða ekki tilgreindar í þessum úrskurði en vísað er til umfangsmikilla gagna málsins og ítrekað að V telur að afleiðingar umfangsmikillar vanrækslu á upplýsingaskyldu leiði til þess að V eigi ekki að bera ábyrgð skv. váttryggingarsamningnum og vísar um það m.a. til 19. og 20.gr. laga um váttryggingarsamninga sem og annarra ákvæða í þeim lögum sem og almennra reglna samningaréttarins um brostnar forsendur, ýmissa ákvæða laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Álit.

Nefndin vísar til afstöðu sinnar í málum nr. 502/2011, 63 og 64/2013 og 147/2013 og telur þau nýju gögn sem liggja fyrir eftir að þeir úrskurðir voru kveðnir upp ekki hafa ráðandi þýðingu í niðurstöðu þessa máls.

9. Upplýsingaskylda G við töku stjórnendatryggingar

Efnislega verður fyrst að taka afstöðu til þess hvort G teljist hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína m.t.t. ákvæða váttryggingarsamningsins, laga um váttryggingarsamninga, laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa og meginreglna samningaréttar og kröfuréttar um brostnar forsendur. Gildi váttryggingarsamningsins er forsenda þess að ákvæði í skilmálum hans komi yfirhöfuð til skoðunar. Í málinu verður að miða við upplýsingaskyldu á þeim tíma sem váttryggingin var tekin og þær upplýsingar sem þá lágu fyrir. Það liggja nú fyrir gögn um stöðu mála eins og þau líta út með hliðsjón af því sem átti sér stað hjá G haustið 2008 og ítarlegri gögn en t.d. í fyrri málum þar sem nefndin hefur tekið afstöðu til sambærilegs álitafnis. Þrátt fyrir þessa umtalsverðu gagnaöflun verður ekki fullyrt, m.v. þau sönnunargögn og þá sönnunarfærslu sem unnt er að viðhafa fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum, að alveg óyggjandi sé að upplýsingaskylda af hálfu G hafi verið vanrækt. Sérstaklega þegar litið er til óvissu um stöðu mála á vormánuðum 2008. V verður að bera hallann af vafa þar um og ekki verður því fullyrt að

brostnar forsendur hafi verið fyrir útgáfu stjórnendatrygginga til G sem M leiðir mögulega váttryggingavernd sína af.

10. Gildissvið sérstakrar 72 mánaða verndar stjórnarmanna sem látið hafa af störfum

Ljóst er af upphafsorðum skilmála váttryggingarinnar að um er að ræða svokallaða „claims made“ váttryggingu. Það þýðir að váttryggingin tekur til krafna á hendur váttryggðum sem eru gerðar á gildistíma váttryggingarinnar. Ljóst er af gögnum málsins að sá gildistími er frá 1. maí 2008 til 1. maí 2009. Ekki liggur fyrir að kröfur hafi verið gerðar á hendur M á þessu tímabili heldur hafa þær verið gerðar eftir það, að því er virðist ekki fyrir en á árinu 2012.

Hér þarf að leysa úr ágreiningi um gildissvið váttryggingarsamningsins hvað varðar það hvort M falli undir stjórnendur eða stjórnarmenn sem létu af störfum í skilningi H-liðar III.hluta skilmála stjórnendatryggingarinnar og njóti váttryggingarverndar þess vegna. Í þessu ákvæði kemur fram að váttryggingin haldi gildi gagnvart þeim stjórnarmönnum í 72 mánuði eftir að tryggingin fellur úr gildi. Skilyrði þess eru að váttryggingin sé ekki endurnýjuð eða önnur váttrygging keypt og að um sé að ræða váttryggðan sem látið hefur af störfum („retired“). Nefndin hefur áður fjallað um það hvernig skýra á orðið „retired“ í skilningi sambærilegs ákvæðis váttryggingarskilmála, sbr. úrskurð í máli nr. 38/2010. Þó liggir fyrir þýðing löggilts skjalapýðanda og frekari sjónarmið V varðandi skýringu á umræddu ákvæði telur nefndin sömu sjónarmið eiga við og í öðrum tilvitnuðum málum nefndarinnar, þ.e. að umrætt ákvæði gildi um þá stjórnarmenn sem látið hafa af störfum óháð því hvort þeir hafa sjálfir hætt, verið vikið frá störfum eða horfið til annarra starfa. V verður að bera hallann af því að orðalag skilmálanna er ekki skýrara.

Í málinu stendur þá eftir að meta umrætt skilyrði umrædds ákvæðis H.liðar III. kafla váttryggingarskilmálanna. Þó allir, sem tilgreindir eru sem M, hafi látið af störfum fyrir 1. maí 2009 og tilkynnt um kröfur á hendur félaginu innan 72 mánaða frá þeim degi verður ekki litið framhjá skýru skilyrði margumrædds ákvæðis um að váttryggingarverndin sé háð því að ný váttrygging hafi ekki verið tekin af hálfu G. Orðalag váttryggingarskilmálanna er nánar tiltekið að G hafi ekki skipt þessari tryggingu út fyrir einhverja aðra tryggingu. Í þessu máli liggja fyrir staðfestar upplýsingar um að G hafi keypt nýja váttryggingu í maí 2009 hjá UIB. Váttryggingarskilmálar þeirrar váttryggingar liggja fyrir í gögnum málsins og telur nefndin að yfirlýsing UIB dags. 13. desember 2010 hafi ekki sérstaka þýðingu í málinu. Váttrygging UIB sem G keypti fellur undir það að vera „einhver önnur váttrygging“ þegar ákvæði H-liðar III.hluta váttryggingarskilmálanna er túlkað með einfaldri orðskýringu. Orðalag váttryggingarskilmálanna er skýrt hvað þetta varðar og skilyrði ákvæðisins fyrir váttryggingarvernd M í 72 mánuði frá þeim degi sem átti að endurnýja trygginguna er því ekki uppfyllt. Ekki verður váttryggingarvernd M heldur leidd af öðrum ákvæðum skilmála váttryggingarinnar. Nefndin telur sig ekki bundna af niðurstöðu máls nr. E-6107/2010 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem tekist er á um svipað álitaefni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á viðurkenningu greiðsluskyldu úr stjórnendatryggingu G hjá V.

Reykjavík 10. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 240/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um hvort sannað þyki að ökumaður hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstri.****Gögn.**

119. Málskot, móttakið 1.7.2013, ásamt fylgigögnum.

120. Bréf X, dags. 22.7.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 7.6.2011 mun bifreiðinni A hafa verið ekið aftan á bifreið sem M ók, en bifreið hans var kyrrstæð á gatnamótum Geirsgötu og Tryggvagötu í Reykjavík. Ekki liggur fyrir í málinu lögregluskýrsla eða önnur skýrsla um sjálft tjónsatvikið. M mun hafa leitað samdægurs á Heilsugæslustöðina á Seltjarnarnesi. Var M talinn hafa tognað á hálsi.

M leitaði svo aftur til læknis 6.7.2011. Samkvæmt fyrirliggjandi vottorði þess læknis, dags. 19.3.2013, kvartaði M undan viðvarandi verkjum aðallega vinstra megin í hnakka og niður háls og einnig ofantil á hægri herðablaði. Næst kom M til læknisins 12.6.2012 með ósk um vottorð vegna slyssins. Hafði M þá verið í sjúkrahjálfun u.þ.b. tvisvar í viku frá júlímánuði 2011. Mestu einkenni voru þá í háls- og herðavöðvum vinstra megin með leiðsluverki út í vinstri framhandlegg og hendi. Vegna þessara einkenna fór M í frekari rannsóknir. Mun þá hafa greinst brjós-klos í háls-hrygg og gekkst M undir aðgerð af þeim sökum 21.2.2013. Við skoðum hjá fyrrgreindum lækni 7.3.2013 fannst M hreyfingar léttari og komast lengra í vinstri „rotatio“ og eitthvað minni verkir og dofi í vinstri handlegg en fyrir aðgerð. Í læknisvottorðinu er svo rakin sjúkrasaga M með tilliti til stoðkerfiseinkenna. Í niðurstöðukafla vottorðsins segir að áverkar eftir aftanákeyrsluna 7.6.2011 hafi valdið langvarandi einkennum frá hálsi og vinstri herðavöðvum með leiðsluverki út í vinstri handlegg og leitt til brjós-klosaðgerðar nýlega að undangengnum rannsóknnum. Vonir standi til að M nái sér betur en að álit læknisins væri stöðugleikapunktur ekki enn náð og því væri ótímabært að meta hugsanlegan varanlega skaða. Með þessum orðum kveðst læknirinn ætla að brjós-klosið í hálsinum hafi komið til vegna háls-hnykksins þar sem hann hafi ekki haft viðlíka verki frá hálsi áður.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. Fékk X fyrirtækið B til að reikna út þyngdarkrafta sem verkuðu á viðkomandi ökutæki við áreksturinn. Samkvæmt skýrslu B, dags. 25.6.2012, nam þyngdarkraftur A 1,46 g og á ökutæki M 1,33 g. M.a. með vísun til skýrslu B taldi X að ósannað væri orsakasamband milli árekstursins 7.6.2011 og líkamstjóns M. X hafnaði því bótaskyldu.

Álit.

Í máli þessu virðist ekki deilt um bótaskyldu X svo fremi að sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Eitt læknisvottorð liggur fyrir í málinu um heilsufar M eftir slysið. Að því er best verður séð stafar það frá heimilislækni M. Engin matsgerð liggur fyrir um líkamstjón M af völdum árekstursins. Fyrrgreind skýrsla B gefur vísbendingu um að áreksturinn hafi ekki verið harður án þess þó að dregnar verði fortakslausar ályktanir af skýrslunni um að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni. Af fyrirliggjandi gögnum verður því ekki ráðið með fullnægjandi vissu að M hafi orðið fyrir

líkamstjóni við áreksturinn. Við svo búið telst líkamstjón hans ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 13. ágúst 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 241/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður í nýbyggingu féll niður um op í gólfplötu er hann steig á laust tréborð.****Gögn.**

121. Málskot, móttekið 5.7.2013, ásamt fylgigögnum.

122. Bréf X, dags. 31.7.2013.

Málsatvik.

Hinn 29.2.2008 var M við störf í nýbyggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu í Reykjavík. Samkvæmt tilkynningu V, vinnuveitanda M, til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 13.10.2008, var M að vinna við að loka loftræstiopi í plötu er hann steig á laust borð sem sporðreistist. Við það féll hann niður um opið, rakst utan í „DOKA“ bita og síðan niður á steipt gólf þar fyrir neðan. Var fallhæðin um 4 m. M varð fyrir nokkrum meiðslum og mun hafa verið frá óvinnufær um einhvern tíma af völdum slyssins. Slysið var ekki tilkynnt strax til Vinnueftirlitsins eins og skylt var, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. Samkvæmt upplýsingum sem X aflaði hjá V munu aðstæður hafa verið með þeim hætti að veggir hafi verið sitt hvoru megin sem lokuðu vinnusvæðið af, en búið var að klæða opið frá vegg fjær slyssaðnum út á brún sem verið var að klæða. Lausa borðið sem M steig á hafi þannig verið partur af því efni sem verið var að nota til að loka opinu. Taldi V að meginástæðuna fyrir slysinu hafa verið þá að verkið hafi lent á „á milli manna“ þannig að sá sem var að vinna verkið á undan M hafi lagt spýturnar niður án þess að festa þær. Svo hafi M komið til starfa og gengið út á svæðið án þess að gæta nokkuð að sér. Var afstaða X til bótaskyldu að líkamstjón M skyldi bætast að hálfu, en M bæri tjón sitt sjálfur að hálfu vegna eigin sakar. M vill ekki una þeirri niðurstöðu.

Álit.

Slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirlinu án ástæðulausrar tafar eins og lögskylt var. Slysið var því ekki rannsakað af hálfu eftirlitsins. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum voru engar fallvarnir við opið. Var fyllsta öryggis því ekki gætt á vinnustaðnum, sbr. m.a. 13. gr. laga nr. 46/1980. V ber því ábyrgð á líkamstjóni M. V hefur sönnunarbyrðina um að slysið verði að einhverju leyti rakið til atvika sem M ber ábyrgð á. M var fyrst að koma á vinnusvæðið í þann mund sem slysið varð. Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi vitað eða mátt vita að borðið væri laust eða með öðru móti átt að geta varast þá hættu sem leiddi til þess að hann féll niður um opið. Að öðru leyti hefur heldur ekki verið sýnt fram á meðábyrgð M. Eru því ekki efni til að skerða rétt hans til bóta.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 27. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 243/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar húseigenda Þ og B.

Tjón á jakkafötum við fall á gangstétt þann 6. desember 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. júlí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 19. júlí 2013.

Málsatvik.

M lýsir því í málskoti sínu að hann hafi fallið á hálkubletti á gangstétt fyrir utan Borgartún 29 að morgni dags í desember og við það hafi orðið tjón á jakkafötum hans. M telur að orsök slyssins megi rekja til þess að leki hafi myndast við horn hússins og þannig hafi vatn sífellt meitlað á hálkubletti sem hafi skapað hættu. Það hafi ekki verið nægileg lýsing á vettvangi og því hafi hann ekki átt von á umræddum bletti. M telur að eigendur húseignarinnar beri ábyrgð á þessum aðstæðum og þær megi rekja til vanbúnaðar húseignarinnar.

V vísar til þess að tveir af sex húseigendum séu tryggðir með ábyrgðartryggingu húseigenda hjá félaginu. Af afstöðu V verður helst ráðið að félagið telji ósannað að atburður sá sem M lýsir í málskoti sínu hafi orðið og því sé ekki hægt að fallast á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingum Þ og B. Auk þess vísar V til þess að ef vankantar séu á húseigninni séu þeir á ábyrgð húsfélagsins.

Álit.

Í þessu máli leitaði M samdægurs til V vegna tjóns sem hann varð fyrir. Í 44.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að tjónþoli geti krafist bóta beint frá váttryggingafélagi sé sá váttryggður hjá félaginu sem tjónþoli telur að beri skaðabótaábyrgð. Auk þess er félaginu og váttryggðum skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi. Gerðar eru athugasemdir við afgreiðslu V í málinu. Þar er vísað til þess að V bar að upplýsa um mögulegar ábyrgðartryggingar strax, einnig ábyrgðartryggingar húseigenda, og taka afstöðu til bótaskyldu úr þeim váttryggingum óháð mögulegri afstöðu húsfélags til málsins. Í stað þess fékk M óskýr svör sem eru ekki til eftirbreytni.

Það breytir ekki því að hvað varðar skaðabótaábyrgð húseigandanna Þ og B gilda almennar sönnunarreglur sem gera ráð fyrir því að M sýni fram á húseignin hafi verið vanbúin og það hafi orsakað umræddan hálkublett til að hann geti mögulega átt rétt á skaðabótum vegna óhappsins. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með óyggjandi hætti að óhapp M verði rakið til vanbúnaðar húseignarinnar frekar en veðurlags sem búast má við á þessum tíma árs eða óaðgæslu hans sjálfs. Ekki verður því fallist á skaðabótaábyrgð húseigenda eða greiðsluskyldu úr váttryggingum hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu húseigendanna Þ eða B hjá V.

Reykjavík 13. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 244/2013
M
og
Vátryggingafélagið V v. Heimilisverndartrygging þ.m.t. innbústrygging.

Innbrot í hesthús og reiðtygjum stolið þ. 20.5.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.10.7.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 19.7.2013.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu var brotist inn í hesthús þ.20.5.2013 með því að spenna upp glugga og hurð. Tilgreindum reiðtygjum og nokkrum öðrum búnaði var stolið. M krefst bóta úr heimilistryggingu sinni hjá V og vísar í vátryggingaskilmála þar sem segir m.a. “Almennt innbú í sumarbústöðum, lausafé í hesthúsum og önnur sambærileg verðmæti sem varanlega eru staðsett annars staðar en á heimilinu fellur ekki undir vátryggingu.” M bendir á í þessu sambandi að reiðtygi séu ekki varanlega staðsett annars staðar. Staðsetning sé breytileg eða frá janúar og fram á vor í hesthúsinu með nokkrum undantekningum og frá júníbyrjun til ársloka í farangursgeymslu bíls, hestakerru, bílskúrnum heima eða sumarbústað. M segir að reiðtygin séu ýmist staðsett heima hjá honum eða í hesthúsinu yfir vetrartímann. Þá segir M að reiðtygi séu hluti af almennu innbúi og reiðtygi séu ekki varanlega staðsett í hesthúsi eins og áður greinir. V hafnar bótaskyldu og telur að þeir munir sem teknir voru í innbrotinu falli ekki undir bótasvið tryggingarinnar í því sambandi vísar V til skilgreiningar á hugtakinu lausafé í upphafi vátryggingarskilmála, en þar kemur m.a. fram að átt sé við lausafé og persónulega muni sem fylgja almennu heimilishaldi og teljist ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar. Einnig segir að dýr og hlutir sem tengjast þeim teljist ekki vera innbú í skilningi skilmálanna. Þá vísar V til greinar 2.1. í vátryggingarskilmálum þar sem eru sömu ákvæði og vísað er til af M. Þá tekur V fram ekki verði annað séð en að þeir hlutir sem stolið var tengist hestum og ekki staðsett utan heimilis um stundarsakir.

Álit.

Fram kemur hjá M að reiðtygin sem stolið var eru ekki varanlega geymd á heimili M. Í rökstuðningi M kemur fram að umrædd reiðtygi séu geymd í hesthúsinu frá janúar og fram á vor og síðan á ýmsum stöðum sem eru tilgreindir en allir þeir staðir eru utan heimilis M. Fram kemur einnig hjá M að reiðtygin séu ýmist staðsett á heimili hans eða í hesthúsinu yfir vetrartímann. Miðað við það sem M upplýsir um tímalengd geymslu reiðtygjanna í hesthúsinu þá tekur sá tími til margra mánaða og fellur því ekki undir geymslu muna um stundarsakir utan heimilis. Þá segir í inngangi vátryggingarskilmálanna að dýr og hlutir sem tengjast þeim teljist ekki til varanlegs innbús í skilningi vátryggingarskilmálanna. Þar sem upplýst er að umrædd reiðtygi eru iðulega geymd svo mánuðum skiptir í hesthúsinu eins og um var að ræða í umrætt sinn og þau tengjast dýrum þ.e. hestum þá á M þegar af þeim ástæðum ekki rétt á bótum með vísan til inngangs vátryggingarskilmála og greinar 2.1. vátryggingarskilmálanna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr heimilsverndartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.8.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 245/2013
M
og V vegna bílúðtryggingar A.

Tjón á bílúðum vegna bílveltu á Miklubraut í Reykjavík 8. júní 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. júlí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. júlí 2013.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðinni A hafi verið ekið utan í vegrið á Miklubraut við Sæbraut og skemmdist bifreiðin nokkuð við það. Við bílveltuna varð tjón á rúðum bifreiðarinnar sem var vátrygð með bílúðtryggingu hjá V.

M telur að hann hafi misst stjórn á bifreiðinni vegna þess að innri hægri stýrisendi bifreiðarinnar slitnaði á um 80 km/klst hraða. Hann vísar því á bug að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur en amfetamín í blóði hans hafi verið vegna lyfseðilsskyldra lyfja. Í skriflegri athugasemd geðlæknis M komi fram að M fái umræddu lyfi ávísað vegna ofvirkni og skammturinn hafi almennt ekki áhrif á aksturshæfni. M bendir auk þess á að embætti Sýslumannsins á Selfossi hafi ekki sótt hann til saka vegna brots á 45.gr. a í umferðarlögum nr. 50/1987. Það hvíli sú skylda á V að sýna fram á að M hafi ekki getað stjórnað ökutæki örugglega og það hafi V ekki gert.

V telur að umferðaróhapp M megi rekja til þess að M hafi brotið gegn 45.gr.a. í umferðarlögum með því að aka undir áhrifum amfetamíns. Hann hafi við það sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn í skilningi 27.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og það veiti V rétt til að fella niður bætur til M úr bílúðtryggingunni. V bendir á að félagið telji það magn amfetamíns sem mældist í blóði M hafi verið vel yfir þeim mörkum sem læknir myndi ráðleggja.

Álit.

Til þess að hægt sé að meta hvort háttsemi ökumanns hafi áhrif á rétt M til bóta verður að líta til þess að heimildir V til að fella niður bætur eða skerða eru í 1.gr. vátryggingarskilmála, sbr. 27.gr. laga um vátryggingarsamninga. Þær miðast við að vátryggður hafi sýnt stórkostlegt gáleysi sem hafi leitt til tjónsatburðar. V ber sönnunarbyrði fyrir því að M hafi sýnt slíka háttsemi. Líta verður til gagna málsins þegar metið er hvort V hafi mætt þeirri sönnunarbyrði. Ljóst er að M fær ávísað amfetamínskyldum lyfjum í skömmtum sem geðlæknir hans staðfestir að hafi ekki áhrif á aksturshæfni hans. Ekki fór fram sérstök athugun af hálfu lögreglu um hvort M hafi verið hæfur til aksturs í greint sinn og lögregluþyrirvöld töldu ekki ástæðu til að sækja hann til saka vegna ætlaðs brots á 45.gr.a í umferðarlögum. Engin gögn liggja fyrir sem styðja einhliða mat V um að magn amfetamíns sem mældist í blóði M eigi að hafa haft áhrif á aksturshæfni hans. Verður ekki, m.v. þessi gögn, fallist á að V hafi verið heimilt að hafna því að greiða bætur úr bílúðtryggingu.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr bílúðtryggingu bifreiðarinnar A.

Reykjavík 27.ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 246/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar ökutækisins A

Árekstur bifreiða. Ágreiningur um líkamstjón og orsakatengsl þ. 11.5.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.11.7.2011 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 19.8.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu segir að M hafi ekið vestur Amtmansstíg og inn á Lækjargötu til norðurs og reynt að koma í veg fyrir árekstur við strætisvagn og þá beygt inn á bílastæði leigubifreiða með þeim afleiðingum að A rakst utan í leigubifreið og strætisvagn. M leitaði til læknis nokkrum vikum eftir umræddan árekstur. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns. V hafnar bótaskyldu og segir ekki hafa verið færðar sönnur á að orsakatengsl séu á milli þeirra eymsla sem M kvarti nú yfir og atviksins þ.11.5.2012 enda hafi ekki verið lögð fram gögn sem sýni fram á það. Þá vísar V til þess að M hafi leitað læknis fyrst fjórum vikum eftir slysið og einkenni sem þar hafi komið fram séu almenns eðlis. Þá vísar V til dóms Hæstaréttar í máli nr. 8/2003. Loks vísar V til matsgerðar frá 2.5.2005 vegna umferðarslyss sem M lenti í þ. 7.5.2004.

Álit.

Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli umferðaróhappsins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirbyggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar bifreiðar sinnar í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A

Reykjavík 10.9.2013

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 247/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á bílastæði við Garðarsbraut á Húsavík þ. 27.6.2013.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ.15.7.2013 ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V-1 ódagsett eftir árekstur ásamt fylgiskjali 1

Málsatvik.

Árekstur varð á bílastæði við Garðarsbraut á Húsavík. Ökumaður A var að bakka í bílastæði þegar ökumaður B ók í hægri hlið A. Ökumaður A segist hafa verið að bakka í stæði og litið í bakkmyndavélina og ekki séð neitt fyrir aftan sig þegar B ók á A. Ökumaður B segist hafa ekið inn á bílastæðið og A hafi verið kyrrstæð en skyndilega hafi A verið bakkað og þá hafi ökumaður B stöðvað B og A ekið á B. Á tjónstilkynningu er merkt við tl.13 og 14 fyrir A þ.e. beygði til vinstri og ók aftur á bak. Merkt er við tl. 5 og 13 fyrir B þ.e. ók inn á bílastæði og begði til vinstri.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að ökumaður A hafi bakkað í veg fyrir B. Ökumaður A gætti ekki þeirrar sérstöku varúðarskyldu sem kveðið er á um í 1.mgr. 17.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem hann gætti ekki að því að unnt væri að bakka A án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Ökumaður A ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök

Reykjavík 27.8.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 248/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á gatnamótum Silfurtúns og Goðatúns í Gardabæ þann 19.6.2013.**Gögn.**

123. Málskot, móttakið 18.7.2013, ásamt fylgigögnum.

124. Bréf X, dags. .2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið suður Silfurtún og beygt áleiðis til vinstri austur Goðatún. Bar þá að bifreiðina B eftir Goðatúni til vesturs. Á gatnamótunum rákust saman framanverð vinstri hlið A og framendi B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 20-30 km hraða á klst. og ekki séð til ferða B fyrr en árekstur varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 20-30 km hraða þegar A hafi allt í einu birst fyrir framan hann. Hann hafi hemlað en árekstur engu að síður orðið.

Álit.

Samkvæmt ljósmyndum af vettvangi verður ekki um villst að A hefur verið komin inn á sérstaka merkingu sem liggur þvert yfir akbraut Goðatúns í beinu framhaldi af gangstíg sem liggur meðfram Silfurtúni að austanverðu. Var A þvert fyrir akstursleið B á nyrðri helmingi Goðatúns þegar áreksturinn varð. Er þannig ljóst að ökumaður A hefur tekið mjög þrönga beygju til vinstri áleiðis austur Goðatún. Með þessu braut ökumaður A gegn lokamálslið 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að vinstri beygju skuli taka þannig að þegar ökutækið kemur út af vegamótunum sé það hægra megin á akbrautinni sem beygt er inn á. Verður að telja þetta frumorsök árekstursins og á ökumaður A því meginsök á honum. Á gatnamótunum gildir almennur umferðarréttur, sbr. 4. mgr. 25. gr. ufl. Ökumanni B bar samkvæmt því að víkja fyrir umferð frá hægri, þ.e. fyrir umferð eftir Silfurtúni úr norðri. Áreksturinn varð fast við gatnamótin og ökumanni B tókst ekki stöðva í tæka tíð áður en árekstur varð. Hann hefur ekki gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast er hann kom að gatnamótunum, sbr. m.a. 1. mgr. 25. gr. ufl. Á hann einnig lítils háttar sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 27. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 250/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar A.

Umferðaróhapp við gatnamót Bæjarháls og Stuðlaháls 2. júlí 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. júlí 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 15. ágúst 2013, ásamt tjónstilkynningu.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi hjólað í austurátt af gangstíg út á akbraut við gatnamót Bæjarháls og Stuðlaháls með fyrirhugaða stefnu yfir gatnamót. Bifreiðinni A var ekið suður Stuðlaháls í fyrirhugaða hægri beygju vestur Bæjarháls. A og reiðhjól lenda saman og ekki er að sjá annað í gögnum málsins en að það hafi gerst á akbrautinni.

M telur að hann hafi ekki sýnt gáleysi í aðdraganda óhappsins heldur hafi hann haft vakandi auga á bifreiðinni og því geta brugðist við aðstæðum. Ökumaður A hafi hins vegar ekki stöðvað og horft til vinstri til að sjá glufur í umferðinni til að komast inn á akbrautina og hafi ekki sinnt biðskyldu.

V vísar til tjónstilkynningar og telur að M hafi sýnt gáleysi með því að fara út á akbrautina án þess að gæta að umferð.

Álit.

Ágreiningur er um hvort heimilt sé að skerða bótarétt vegna tjóns á reiðhjóli M á grundvelli 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. umferðarlaga gilda ákvæði laganna um umferð á vegum, nema annað sé ákveðið í lögum. Bæði ökumanni bifreiðarinnar A og M sem var á reiðhjóli bar því að hlíta ákvæðum umferðarlaga. Skv. 2. mgr., sbr. 5. mgr. 25. gr. umferðarlaga bar ökumanni A að sýna aðgát við akstur sinn vegna biðskyldu og gefa greinilega til kynna að hann virti forgang vegna biðskyldu gagnavart umferð um Bæjarháls. Hins vegar bar M skv. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga sem hjólaði af gangstétt inn á akbraut að veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Af takmörkuðum gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að hvorugur hafi gætt nægilega vel að skyldum sínum. Þykir M því hafa sýnt gáleysi með því að aka út á akbrautina og getur V takmarkað ábyrgð sína um 50% með vísan til 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

M á rétt á helmingi hluta bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 10. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 251/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Umferðaróhapp á Kjalarnesi þegar bifreið ók á dekk á veginum þ. 2.1.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið í júlí 2013 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 25.7.2013
3. Bréf V-2 dags. 15.8.2013

Málsatvik.

Bifreiðin A ók á Kjalarnesi í átt til Reykjavíkur. Ökumaður A segist hafa ekið yfir hluta af dekki sem kom frá bifreiðinni B, sem er vöruflutningabifreið, eftir að dekkið hvellsprakk. Ökumaður B ók einnig á Kjalarnesi í átt til Reykjavíkur þegar dekk á B sprakk að aftan hægra megin og hafi dekkið rifnað og hluti þess farið út í kant hægra megin á veginum og verið þar þegar ökumaður yfirgaf vettvang. Ökumaður A segir að skyggni hafi verið slæmt í umrætt sinn myrkur og úrhellisrigning og hafi B verið 300-400 metra fyrir framan dekkjarhlutann sem A ók á og verið með blikkandi ljós og affelgað dekk.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu varðar það fyrst og fremst hvort að tjónið sem varð á A í umrætt sinn verði rakið til notkunar bifreiðarinnar B. Ekki er ágreiningur um að dekkjarhluti frá B var hægra megin á akbrautinni eftir að hvellsprakk á B. Þannig varð hluti sem tengist notkun B viðskila við ökutækið og olli tjóni á A. Tjónið á A verður því rakið til notkunar B og því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu B hjá V-2. Ekkert bendir til að aksturslag ökumanns A hafi verið óeðlilegt í umrætt sinn þannig að sök verði lögð á hann að öllu leyti eða hluta vegna þessa umferðaróhapps.

Niðurstaða.

Tjón A er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu B

Reykjavík 10.9.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 252/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ réttaraðstoðartryggingar.****Ágreiningur um undanþáguákvæði vegna málaferla er varða fasteign.****Gögn.**

125. Málskot, móttakið 19.7.2013, ásamt fylgigögnum.

126. Bréf X, dags 9.8.2013.

Málsatvik.

Hinn 12.12.2006 fékk M byggingarleyfi á fasteigninni A. Í maí 2008 flutti M í eignina ásamt fjölskyldu sinni. Haustið 2009 mun eignin hafa verið sett á sölu vegna skilnaðar M og þáverandi eiginkonu hans. Fyrir lok árs 2010 höfðu þau bæði flutt úr húsinu og með kaupsamningi 11.5.2011 var eignin seld og hún afhent kaupendum saman dag. Kaupendur telja eignina haldna göllum og hafa höfðað dómsmál m.a. á hendur M þar sem krafist er skaðabóta vegna hinna meintu galla.

M hafði í gildi húseigandatryggingu vegna A hjá X. Í fasteignatryggingunni er fólgin sérstök vátrygging, réttaraðstoðartrygging, en í inngangi í vátryggingarskilmálum fyrir þessa tilteknu vátryggingu segir að hlutverk hennar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í gr. 2.1. í skilmálunum segir að vátryggingin taki til málskostnaðar vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem eiganda hinnar vátryggður húseignar og geti komið til úrlausnar héraðsdóms hér á landi eða, eftir að hafa sætt úrlausn í héraðsdómi, getir komið til úrlausnar í Hæstarétti. Hefur M farið þess á leit að málskostnaður hans í ofangreindu dómsmáli fái bættur úr réttaraðstoðartryggingunni hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu með vísan til gr. 3.2 í skilmálunum, en samkvæmt því ákvæði tekur vátryggingin ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni, sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs. Kveður X að málareksturinn snúi að M sem húsbyggjanda, þ.e. menntaðs smíðs sem byggði eigið húsnaði og kom að stórum hluta að ákvarðanatöku við framkvæmd smíðanna. Af þeim sökum sé um að ræða mál sem ekki falli undir réttaraðstoðartrygginguna, sbr. fyrrgreint undanþáguákvæði.

Álit.

Af gögnum málsins verður að telja ljóst að M byggði A fyrir sjálfan sig og fjölskyldu sína í því skyni að fjölskyldan myndi eiga þar heima. Byggði M eignina því til einkanota en ekki til að selja hana í hagnaðarskyni. Þótt M sé húsasmiður að mennt og vinni væntanlega að jafnaði við iðngrein sína verður ekki talið, eins og hér stóð á, að bygging A hafi verið liður í atvinnustarfsemi hans. Fyrrgreint undanþáguákvæði verður á hinn bóginn að skilja svo að það eigi við þegar um er að ræða málarekstur sem er í tengslum við launaða atvinnu vátryggðs eða atvinnurekstur sem hann hefur með höndum. Ekki verður ráðið samkvæmt framangreindu að sú aðstaða hafi verið uppi í tilviki M. Af því leiðir að téðu undanþáguákvæði í gr. 3.2 í vátryggingarskilmálunum verður ekki beitt gagnvart M. Hann á því rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu húseigandatryggingar hjá X.

Reykjavík, 10. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 253/2013
M
og V v/ slysatryggingar ökumanns ökutækisins A.

Tilkynningafrestur laga um vátryggingarsamninga vegna slyss 11.7.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. júlí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 2. ágúst 2013.

Málsatvik.

Tilkynnt var um slys M til V þann 12. september 2011 þar sem M fékk áverka á hægri hné. Slysð hafði átt sér stað rúmum tveimur árum áður eða þann 11. júlí 2009. Ágreiningur lýtur að því hvenær M hafi vitað um atvik að baki kröfu sinni í skilningi 1.mgr. 51.gr. eða eftir atvikum 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar kemur fram að vátryggður hafi eitt ár til að tilkynna um tjón sitt frá þeim tímapunkti. Í gögnum málsins kemur fram að M leitaði til bæklunarlæknis 21. júlí 2009 vegna umrædds atviks, aftur til sama læknis í desember 2009 og til annars læknis í janúar 2010, sem framkvæmdi aðgerð í lok febrúar það ár og kom M aftur til hans í mars og júní 2010. M lenti síðan í öðru slysi 15. júlí 2011 þar sem hann fékk áverka á sama hné og hann leitar til lögmanns vegna beggja slysa í ágúst 2011.

M telur að hann hafi ekki vitað um atvik að baki kröfu fyrr en hann hafi mátt gera sér grein fyrir því að hann hafi orðið fyrir varanlegu tjóni. M vísar einnig til þess að hann hafi lent áður í svipuðum áverkum og það hafi ekki verið fyrr en í fyrsta lagi haustið 2010 en frekar sumarið 2011, þegar hann leitar til lögmanns, sem hann gat gert sér grein fyrir því að hann hafi orðið fyrir varanlegu tjóni. Meðferð þangað til hafi miðast því að hann næði bata.

V telur að M hafi mátt vita um atvik að baki kröfu sinni í skilningi laga um vátryggingarsamninga í lok janúar 2010 þegar hann leitar til annars sérfræðings í bæklunarlækningum af tveimur vegna afleiðinga slyssins. Hjá þeim lækni hafi komið fram að fyrri viðgerð á krossbandi hefði rifnað og í kjölfarið hafi M farið í aðgerð í lok febrúar 2010.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að M leitaði strax, eða innan mánaðar, til sérfræðings í bæklunarlækningum vegna þess áverka sem hann fékk í slysinu 11. júlí 2009 og nokkrum mánuðum síðar leitaði hann til annars sérfræðings sem gerði á honum aðgerð í febrúar 2010. Matsgerð dags. 28. september 2012 liggur fyrir vegna afleiðinga slyssins og þar er stöðugleikatímapunktur í skilningi skaðabótalaga nr. 50/1993 metinn 23. apríl 2010. Með hliðsjón af ofangreindu telst vitneskja um atvik að baki kröfu vegna slyssins hafa verið orðin ljós þegar aðgerð var gerð í febrúar 2010 eða í síðasta lagi þegar stöðugleikapunktur var náð. Tilkynning til V í september 2011 var því of seint fram komin m.t.t. 1.mgr. 51.gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins A hjá V.

Reykjavík 27.ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 255/2013
M
og V v/ kaskótryggingar A.

Umferðaróhapp á Suðurlandsbraut 10. maí 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. júlí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 14. ágúst 2013, samt afriti tölvupósts V til M dags. 14. júní 2013 og skýrslu Dancrash, dags. 29. maí 2013.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna umferðaróhapps M kemur fram að hann hafi ekið bifreið A vestur Suðurlandsbraut, misst stjórn á bifreiðinni og ekið á strætóskýli. Miklar skemmdir voru á bifreiðinni og strætóskýlinu þegar lögregla kom á vettvang skv. myndum sem birtar eru í lögregluskýrslu. Þar kemur einnig fram að óhappið hafi átt sér stað síðdegis og akbraut hafi verið blaut þó ekki hafi verið rigning þegar lögreglan kom á staðinn. Hámarkshraði sé 60 km/klst og nokkur umferð hafi verið á vettvangi eftir að lögregla kom þangað. Engin hemlaför mældust á akbrautinni en í því samhengi er þó tekið sérstaklega fram að akbraut hafi verið blaut og bifreið A búin ABS hemlabúnaði. V hefur fallist á bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar en telur að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn og því eigi að skerða bætur til hans um þriðjung.

M bendir á í málskoti sínu að hann telji að hann hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Hann hafi ekið á hægri akrein Suðurlandsbrautar og skipt um akrein yfir á þá vinstri þegar óþekkt bifreið kom úr gagnstæðri átt sem hafi hún tekið U-beygju í veg fyrir M. Við það kveðst M hafa misst stjórn á bifreið sinni og ekið út af. M kveðst hafa ekið á 60-70 km/klst en ekki á 80-90 km/klst eins og haft sé eftir honum í lögregluskýrslu og í læknavottorði. M gefur þær skýringar á misræmi í frásögn hans af slyssað og lýsingu í málskoti að hann hafi verið í andlegu áfalli á slyssað. M telur aðalorsök tjónsins megi rekja til óþekktu bifreiðarinnar sem hafi ekið í veg fyrir hann. M vísar einnig til þess að hann telji að skýra eigi vafa um aðstæður váttryggingartaka í hag.

V telur að það verði að leggja til grundvallar frásögn M í lögregluskýrslu þar sem hann lýsir aðstæðum þannig að hann hafi ekið á 80-90 km/klst, en sá ökuhraði hafi einnig komið fram í lýsingu hans á óhappinu þegar hann lýsti því á slyssadeild. Það að önnur bifreið hafi ekið í veg fyrir M hafi ekki komið fram fyrr en nokkrum dögum eftir atburðinn og það geri þá frásögn M ótrúverðuga. V telur að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar A og með vísan til gr. 3.2. í skilmálum kaskótryggingar og 2.mgr. 27.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 sé félaginu heimilt að takmarka ábyrgð sína um þriðjung. V vísar fyrst og fremst til þess að ökuhraði M hafi verið of mikill miðað við aðstæður þar sem hámarkshraði er 60 km/klst og sé sá hámarkshraði miðaður við bestu mögulegu aðstæður. V telur það að aka á 80-90 km/klst á vettvangi sé óforsvaranlegt og sá ökuhraði og aksturslag M sé stórkostlegt gáleysi í skilningi umræddra ákvæða. V vísar einnig til hraðaútreiknings sem það lét framkvæma sem þar sem kemur fram að líklegur ökuhraði A hafi verið 86 km/klst.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr að því hvort háttsemi M þegar hann missti stjórn á bifreið sinni á Suðurlandsbraut hafi verið stórkostlega gálaus í skilningi gr. 3.2. í skilmálum kaskótryggingar hans hjá V, sbr. heimild í 2.mgr. 27.gr. laga um váttryggingarsamninga. Til þess að V geti borið fyrir sig umrædd ákvæði þarf það að sýna fram á að háttsemi M hafi verið með þeim hætti.

Í málinu liggja fyrir sönnunargögn um að bifreið M hafi verið ekið af nokkrum hraða út af Suðurlandsbraut og á strætóskýli við götuna og við það hafi orðið talsvert eignatjón. Þegar litið er til gagna málsins verður að leggja til grundvallar að haft var eftir M sjálfum að hann hafi ekið á 80-90 km/klst þar sem hámarkshraði er 60 km/klst. Þó ekki verði litið til hraðaútreiknings sem V

aflaði einhliða sem sjálfstæðs sönnunargagns verður þó ekki litið framhjá því að niðurstaða hans er í nokkru samræmi við þá skýrslu M sjálfs. Skýringar M á því að hann hafi ekið hægar er síður hægt að leggja til grundvallar sökum þess að þær koma síðar fram og verður þá einnig horft til þess að enga stoð er hægt að finna í gögnum málsins sem styðja samhliða fullyrðingar M um að annarri bifreið hafi verið ekið í veg fyrir hann, hvorki hjá vitni eða í öðrum gögnum. Ekki þykir heldur sýnt M hafi borið ranglega í fyrstu um ökuhraða sinn vegna andlegs áfalls.

Verður því lagt til grundvallar að M hafi ekið á 80-90 km/klst um Suðurlandsbraut rétt við gatnamót við Vegmúla. Akstur hans svo langt yfir heimiluðum hámarkshraða á þessum stað skammt frá gatnamótum og þar sem vænta mátti nokkurrar umferðar var háskalegur og telst stórkostlegt gáleysi í skilniningi laga um váttryggingarsamninga. Telst V því geta takmarkað ábyrgð sína að hluta.

Við mat á því hversu mikið V getur takmarkað ábyrgð sína þarf að líta til þeirrar sakar M að hafa ekið of hratt miðað við aðstæður og þar sem mátti vænta umferðar, bæði bifreiða á akbrautinni og gangandi vegfarenda við akbrautina. Hins vegar kemur fram í lögregluskýrslu að sérfræðingar á vegum lögreglu, sem komu á vettvang umferðaróhappsins, treystu sér ekki til að fullyrða að um ofsakstur hafi verið að ræða þó þeir hafi metið það svo að ekið hafi verið yfir leyfilegum hámarkshraða. Með hliðsjón af þessum sjónarmiðum gerir nefndin ekki athugasemdir við þá afgreiðslu V að takmarka ábyrgð sína úr kaskótryggingu um þriðjung.

Niðurstaða.

M á rétt á 2/3 hluta bóta úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 3. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 257/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Slysatryggingar sjómanna

Sjómaður meiddist á fæti þ. 26.7.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 26.7.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags.14.8.2013 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M segist hafa meiðst á ökkla um borð í fiskiskipi þ. 26.7.2008. Við læknisskoðun og segulómun af vinstri ökkla M þ. 2.4.2009 segir að hann sé með beinflís í ökklanum og talsverðar slitbreytingar í ökklaðiðnum og eins subtalar liðnum. M krefst bóta vegna slyssins úr slysatryggingu sjómanna hjá útgerð skipsins og vísar til tveggja vottorða um að hann hafi orðið fyrir slysi í umrætt sinn við vinnu sína. Af hálfu M er því haldið fram að útgerðarfélag skipsins hafi átt að sjá um að tilkynna slysið til V en auk þess þá hafi ekki verið ljóst fyrir en við skoðun læknis þ. 22.2.2012 að um varanlegar afleiðingar slyssins. V hafnar bótaskyldu og bendir á að tilkynning um slysið hafi borist félaginu þ.19.7.2012 tæpum þremur árum eftir að M leitaði til bæklunarlæknis og meira en ári frá því að M fékk vitneskju um varanlegar afleiðingar slyssins. V telur að slysið hafi verið tilkynnt of seint sbr. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Þá vísar V til þess að tjónsatburðurinn sé ósannaður og bendir á að aðeins liggi fyrir yfirlýsing skipstjóra sem gefin sé út fjórum árum eftir slysið og yfirlýsing samstarfsmanns sem gefin sé út fimm árum eftir slysið eftir að V hafði hafnað bótaskyldu og ekkert liggi fyrir um tilkomu þessara yfirlýsinga.

Álit.

Takmörkuð lýsing liggur fyrir á meintu tjónstílviki. Tvær yfirlýsingar liggja fyrir, en ekki liggur fyrir með hvaða hætti þeirra var aflað og þær eru óvottfestar. Í yfirlýsingu dags. 10.7.2012 segir að M hafi orðið fyrir áverkum í lok veiðiferðar, en sá sem yfirlýsinguna gefur var ekki sjónarvottur og getur ekki um hvers eðlis meiðsl M hafi verið. Í yfirlýsingu frá samstarfsmanni þ. 7.3.2013 segir að M hafi orðið fyrir slysi fyrir neðan hné í umrætt sinn. Af yfirlýsingu samstarfsmanns M verður ekki ráðið að M hafi meiðst á ökkla og sú yfirlýsing er gefin eftir að V hafnaði bótaskyldu. Að virtum öllum gögnum málsins liggur ekki fyrir lögfull sönnun á meintu tjónsatviki þ. 26.7.2008 og afleiðingum þess. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna

Reykjavík 10.9.2013

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 258/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á Miklubraut í Reykjavík vestan Kringlumýrarbrautar þann 4.3.2013.**Gögn.**

127. Málskot, móttækið 31.7.2013, ásamt fylgigögnum.

128. Tölvuskeyti X, dags 9.8.2013.

129. Bréf Y, dags. 14.8.2013.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið austur Miklubraut eftir akrein lengst til vinstri af þremur fyrir umferð til austurs yfir gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Þá var bifreiðinni B ekið austur Miklubraut eftir miðakreininni fyrir umferð áfram austur yfir fyrrgreind gatnamót, þ.e. á akreininni hægra megin við þá akrein sem A var ekið eftir. Vinstra megin við akreinina sem A var ekið eftir eru hins vegar tvær beygjureinar fyrir vinstri beygju norður Kringlumýrarbraut. Ökumaður B hugðist færa bifreið sína yfir á beygjurein vinstra megin við akreinina sem A var ekið eftir. Er B var komin á vinstri akreinina sem A var ekið eftir rakst A aftan á B.

Ökumaður A kvað B hafa verið ekið af miðakreininni yfir á akreinina sem hann ók eftir. Hafi B þá verið stöðvuð fyrir framan sig, en hann hafi ekki náð að stöðva vegna hállu.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið af miðakreininni yfir á vinstri akreinina en orðið að bíða vegna umferðar á beygjureininu vinstra megin við hann, en inn á þá akrein ætlaði hann að aka. Hafi hann þá heyrt bremsuhvin fyrir aftan sig og hafi A verið ekið aftan á B.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins er upplýst að áreksturinn varð í beinu framhaldi þess að ökumaður B skipti um akrein í veg fyrir A, en komst ekki lengra til vinstri yfir á beygjureinina sem þar var vegna umferðar. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður áður en hann skiptir um akrein ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni B. Hann ber því sök á árekstrinum. Í ljósi þess hvernig áreksturinn bar að höndum hefur ökumaður B sönnunarbyrðina um að áreksturinn megi rekja til atvika sem ökumaður A ber ábyrgð á. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að áreksturinn megi rekja til þess að ökumaður A hafi ekið of hratt, ekki sýnt næga aðgæslu miðað við aðstæður eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði felld sök. Að öllu virtu telst ósannað að ökumaður A eigi sök. Öll sök verður því lögð á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 3. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 259/2013**M****og****V v/ innbús- og innbúskaskóliðar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á ofni.****Gögn.**

130. Málskoti, ódags, ásamt fylgigögnum.

131. Bréf V dags. 12. ágúst 2013, ásamt skilmálum fjölskyldutryggingar.

Málsatvik.

Af málskoti má ráða að tjón hafi orðið á ofnhurð úr gleri í eigu M. Tjónið hafi atvikast þannig að M hafi misst glerskál og til þess að koma í veg fyrir að glerskálin lenti í gólfinu hafi M sett fótinn fyrir hana en þá hafi skálin lent í ofnhurðinni og glerið í henni brotnað.

M hefur krafist bóta úr innbús- eða innbúskaskólið fjölskyldutryggingar á þeim grundvelli að ofninn sé hluti af innbúi hans og sé þannig tryggt með vísan til váttryggingarskilmála þar sem tilgreint sé að almennt innbú sé váttryggt og sé ofninn einnig hluti af heimilistækjum sem einnig eru tilgreind sem váttryggt á yfirlitsmynd innbústryggingar.

V telur annars vegar að tjónsatburði sé þannig lýst að hann falli ekki undir innbústryggingu, nánar tiltekið L-hluta yfirlitsmyndar hennar þar sem tjón hafi ekki orðið á innbúshlut sem hafi fallið niður vegna utanaðkomandi áhrifa eins og skilyrt er. Ekki sé krafist bóta vegna tjóns á glerskál sem féll heldur vegna ofnsins. Hins vegar telur V að innbúskaskótrygging taki ekki til tjónsins þar sem hvorki sé um að ræða hluta af almennu innbúi váttryggðs eða persónulega lausafjarmuni, eins og skilyrt sé í gr. 85.2, sbr. gr. 86.1 í skilmálum váttryggingarinnar. V vísar til þess að eldhúsofn sé hluti fasteignar líkt og innréttingar, vaskar, salerni og annað sem teljist til fylgifyrjar fasteignar í skilningi 24.gr. laga um fasteignakaup nr. 40/2002. Einnig vísar V til reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna nr. 809/2000 þar sem eldavélar eru tilgreindar sem venjubundið fylgifyrjar fasteignar.

Álit.

Ef fyrst er litið til innbústryggingar M þá kemur fram í gr. 15.1 í váttryggingarskilmálum V að váttryggt er innbú og aðrir persónulegir lausafjarmunir váttryggðs, sem nefndir eru á yfirlitsmynd yfir váttryggingarsvið aftast í skilmálum. Í L-hluta þeirrar yfirlitsmyndar kemur fram að váttryggingin bæti skemmdir sem verða á innbúi af völdum þess að munir úr innbúinu detta skyndilega niður og brotna án utanaðkomandi áhrifa. Þar er einnig tekið fram að með innbúi sé átt við hluti sem fylgja almennu heimilishaldi svo sem heimilistæki. Ekki er varhugavert að álykta að eldhúsofn sé heimilistæki ef litið er til almennrar orðskýringar. Hins vegar verður ekki séð að tjónsatburður sá sem M lýsir falli undir L-hluta yfirlitsmyndar um brot og hrun þar sem ekki er um að ræða tjón á þeim innbúsmun sem datt skyndilega niður og brotnaði án utanaðkomandi áhrifa.

Verður því að líta til þess hvort innbúskaskóliður fjölskyldutryggingar taki til tjónsins. Samkvæmt gr. 86.1. í skilmála fyrir innbúskaskó í umræddri tryggingu hjá V tekur váttryggingin til tjóns á almennu innbúi og persónulegum lausafjarmunum af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á váttryggingartímabilinu. Jafnvel þótt ofn kunnist teljast til fylgifyrjar fasteigna skv. venjum í fasteignaviðskiptum og sé af þeim sökum meðal lausafjarmuna sem lögbundin brunatrygging húsa tekur til útilokar það ekki að ofninn teljist einnig til almenns innbús samkvæmt innbústryggingunni. Ekki er nokkur tilvísun til þessarar skýringar V í váttryggingarskilmálum eða þar vísað til venja í fasteignaviðskiptum eða reglugerðar um

brunatryggingar þegar fjallað er um almennt innbú. Þar sem skilmálar innbústryggingar V taka ekki af öll tvímæli í þessum efnum verður ekki hjá því komist að telja ofninn til almenns innbús sem vátryggingin tekur til.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna tjóns á ofni úr innbúskaskólið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 10. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 260/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Ökumanns- og eigendatryggingar.

Bifreið bakkað á ljósastaur. Ágreiningur um orsakatengsl og líkamstjón þ. 16.2.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.30.7.2013 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 13.8.2013 ásamt ljósmyndum

Málsatvik.

M segist hafa bakkað bifreið sinni utan í ljósastaur og orðið fyrir líkamstjóni vegna þess og krefst bóta. M krefst bóta úr ökumanns og eigendatryggingu sinni hjá V og telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni við umferðaróhappið. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að einkenni M verði rakin til umferðaróhappsins þ. 16.2.2011. V bendir á að M hafi ekki leitað læknis í kjölfar umferðaróhappsins en hins vegar endurtekið vegna hnykks sem M fékk á bakið 9.3.2011, en umrætt umferðaróhapp sé fyrst nefnt í gögnum þ. 29.11.2011. Þá vísar V einnig til vottorðs læknis dags. 31.3.2013 þar sem segir að mögulega geti verið að það atvik sem hér ræðir um geti verið meðvirkandi þáttur í mjóbakseinkennum M þrátt fyrir að ekki hafi verið leitað til læknis fyrst eftir slysið. Þá vísar V til þess að engin samtímagögn liggja fyrir um meiðsli M í kjölfar ákeysrslunnar á ljósastaurinn en M eigi hins vegar sögu um verki í baki.

Álit.

Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli umferðaróhappsins og þeirra líkamlegra einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirbyggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar bifreiðar sinnar í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðatryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ökumanns- og eigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 10.9.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 262/2013
M
og V v/ ferðatryggingarliðar fjölskyldutryggingar.

Ferðarof vegna veikinda sumarið 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6. ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 26. ágúst 2013.

Málsatvik.

M lýsir því í málskoti að hún hafi keypt ferð sem skipulögð var þannig að M flaug til Frakklands 26. júní 2013 og ætlaði að fljúga aftur heim til Íslands þann 9. júlí 2013. M kveðst hafa veikt daginn eftir að hún kom til Frakklands eða 27. júní 2013. Um hafi verið að ræða svimaekenni sem hún þekkti, en hún hafi áður verið greind með svonefndan bráðan stöðusvima á árinu 2009. M hafi því ekki treyst sér til að halda ferðinni áfram. M kveðst hafa leitað til læknis síns á Íslandi og eftir hans ráðleggingar hafi hún ákveðið að rjúfa ferðina og fljúga til Íslands fyrr en áætlað var, eða 29. júní 2013.

M krefst bóta á grundvelli váttryggingarskilmála þar sem hún hafi verið í orlofsferð. Hún vísar nánar tiltekið gr. 79.1. þar sem kemur fram að V greiði bætur fyrir orlofsferð sem rofin sé samkvæmt fyrirmælum læknis um flutning heim á fyrri hluta dvalar tímans eða legið sé á sjúkrahúsi að minnsta kosti helming dvalartíma. M vísar til vottorðs læknis sem hún leitaði til við heimkomu á Íslandi, dags. 2. júlí 2013 máli sínu til stuðnings.

V vísar hins vegar til gr. 79.1. í skilmálum fjölskyldutryggingar og telur hlutlæg skilyrði greinarinnar ekki uppfyllt. Nánar tiltekið er þar annars vegar átt við það skilyrði að ferð hafi verið rofin skv. fyrirmælum læknis um flutning heim og hins vegar að skilyrði greiðslu sé að einvörðungu hafi verið um orlofsferð að ræða. Hvorugt þessara skilyrða sé uppfyllt, ekki stóði að vísa til vottorð læknis eftir að M hafi sjálf verið búin að rjúfa ferðina auk þess sem ekki hafi verið um orlofsferð að ræða í hefðbundnum skilningi þess orðs þar sem M hafi ætlað að nýta ferðina til að fara á námskeið sem tengist atvinnu hennar og hafi hún fengið styrk til ferðarinnar úr endurmenntarsjóði framhaldsskólakennara. Ekki hafi því verið um orlofsferð að ræða í hefðbundnum skilningi þess orðs.

Álit.

Við mat á því hvort skilyrði gr. 79.1 í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar hjá V séu uppfyllt verður ekki hjá því litið að ekki liggja fyrir skýr gögn um að M hafi rofið ferð sína vegna fyrirmæla læknis. Ekki verður litið til læknisvottorðs, sem aflað er eftir á, sem sönnunargagns um þau fyrirmæli. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að fallast á greiðsluskyldu V. Þessu til viðbótar má einnig geta þess að gögn um eðli ferðar M benda eindregið til þess að ekki hafi verið um orlofsferð að ræða, heldur að meginstefnu til ferð sem tengdist starfi hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 10. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 263/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Orsakatengsl vegna mögulegs líkamstjóns í árekstri 28. september 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 30. ágúst 2013.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 2. september 2013 með athugasemdum sem fela ekki í sér ný gögn í málinu.

Málsatvik.

Samkvæmt tjonstilkynningu var bifreið var ekið í hlið bifreiðarinnar X, sem M var farþegi í, við akstur um Stakkahlíð í Reykjavík. Af gögnum málsins og málatilbúnaði V virðist ekki vera deilt um ábyrgð eiganda X á mögulegu tjóni vegna árekstursins, þ.e. bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu hjá V. Ágreiningur er hins vegar um hvort M hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum.

M telur að sannað sé að hún hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn. M hafi fengið verki stuttu eftir atburðinn og þeir hafi farið vaxandi næstu daga, en hún hafi leitað á slysadeild LSH 4. október 2012 og daginn eftir. Þar hafi M verið greind með slæma tognun og verið óvinnufær til 16. október 2012. M vísar til þess að högg vegna árekstursins hafi komið á hægri hlið hennar þar sem hún sat í framsæti hægra megin í bifreiðinni X þegar ekið var í hlið hennar þeim megin. M hafi áður verið heilsuhraust og bendi ekkert til annars en að orsakatengsl séu á milli umferðarslyssins og þeirra óþæginda sem hún á við að stríða í dag. M vísar til þess að ákomur á bifreiðunum sem lentu saman séu ekki þess eðlis að hægt sé að útiloka að M hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum og vísar til þess að það verði að taka mið af heildarmati þegar slíkt er metið. M vísar til þess að nægilega skýr lækisfræðileg gögn hafi verið lögð fram um líkamstjón M og hafi V því sönnunarbyrði um að líkamstjón hennar tengist ekki árekstrinum.

V telur að ekki sé sannað að orsakatengsl séu milli kvartana M nú og árekstursins 28. september 2012. M vísar til þess að skemmdir á bifreiðinni sem ekið var í hlið bifreiðarinnar X hafi verið minniháttar skv. myndum sem og upplýsingum um fjárhæð tjónsins. Slíkt bendi eindregið til þess að högg vegna árekstursins hafi verið mjög lítið. M hafi ekki leitað til læknis fyrr en sex dögum eftir áreksturinn og enginn frekari lækisfræðileg gögn hafi verið lögð fram til stuðnings kröfu M.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort meiri líkur eða minni eru á því að líkamstjón hafi orðið í árekstrinum 28. september 2012. M kveðst hafa fundið fyrir einkennum stuttu eftir áreksturinn en leitaði fyrst til læknis á slysadeild vegna þeirra einkenna sex dögum síðar þar sem hún lýsti einkennum sínum og fékk bólgueyðandi lyf. Hún fór daginn eftir það aftur á göngudeild bráðadeildar þar sem hún fékk frekari lyf og álit um að líklega samræmist einkenni hennar slæmri tognun. Þau lækisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu eru vegna umræddra heimsókna á slysadeild og beiðni um sjúkrahjálfun dags. 2. nóvember 2012.

Þegar litið er til þessara gagna er ljóst að það liggur ekki fyrir nákvæm greining á áverkum sem tengjast geta árekstri þeim sem M var aðili að. Ekki liggur heldur fyrir sérstakt mat á því hvort orsakatengsl séu milli einkenna sem M lýsir og árekstursins. Eins og áður er greint liggja fyrir lækisvottorð sem lýsa tveimur heimsóknum til læknis eftir tjónsatvikið, dag eftir dag. Ekki liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um hvort M hafi verið í sérstakri meðferð vegna þess líkamstjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir í árekstrinum eða nokkrar upplýsingar um fyrri heilsufar hennar. Í ljósi þessara takmörkuðu gagna telst vafi um orsakatengsl í þessu máli nokkur. Á M hvílir sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í umræddum árekstri. Að virtum fyrirliggjandi

gögnum telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar ökutækisins X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík 17. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 264/2013**M****og****vátryggingafélagið X vegna slysatryggingar ökumanns.****Ágreiningur um hvort rangar upplýsingar hafi verið veittar í tengslum við kröfu um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón.****Gögn.**

- 1) Málskot, móttakið 12.8.2013, ásamt fylgiskjölum
- 2) Bréf X til nefndarinnar, dags. 30.8.2013, ásamt frekari gögnum.
- 3) Bréf lögmans M dags. 6.9.2013, án frekari gagna.

Málsatvik.

Málsatvik eru þau að 1. nóvember 2009 slasaðist M í bílveltu er hann var ökumaður bifreiðarinnar A og barst X tilkynning frá M um slysið þann 3. desember s.á. Ekki er annað að sjá af gögnum málsins en að X hafi fallist strax á bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns vegna slyss M. Í nóvember 2009 fól M nafngreindum manni að annast fyrir sína hönd samskipti við X. Í kjölfarið var m.a. krafist bóta vegna tímabundins atvinnutjóns skv. 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 en M er sjálfstætt starfandi einyrki. Gerði sá umboðsmaður fyrst munnlega kröfu um greiðslu tímabundins atvinnutjóns en þann 5. janúar 2010 barst X að eigin kröfu staðfest yfirlit frá sýslumanninum í Kópavogi yfir reiknað endurgjald M á árinu 2009. Kom þar fram að M hafi reiknað sér endurgjald mánuðina janúar til október að fjárhæð 250.000 kr. á mánuði. X innti af hendi bætur til M fyrir tímabundið atvinnutjón á grundvelli umræddra gagna.

Á árinu 2010 afturkallaði M fyrrgreint umboð og fól lögmanni að annast mál sitt gagnvart X. Þegar gagnaöflun átti sér stað vegna fyrirhugaðs uppgjörðs á öllum afleiðingum slyssins komu fram nýjar upplýsingar úr skattframtali sem barst X síðar fyrir sama ár, 2009. Þær upplýsingar sýndu að M hafi talið fram tekjur að fjárhæð 600.000 kr. fyrir sama tímabil eða 60.000 kr. á mánuði, þ.e. er upplýsingar um reiknað endurgjald ársins 2009 eins og þær foru fram settar í byrjun árs 2010 reyndust ekki gefa rétta mynd af raunverulegri tekjuöflun M á árinu 2009, áður en hann lenti í slysinu í nóvember s.á. Í gögnum málsins má sjá röksemdir lögmans M, t.d. í bréfi dags. 27. ágúst 2010, vegna tímabundins atvinnutjóns og fleiri gögn sem nýtast til ákvörðunar þeirrar bótafjárhæðar. Matsgerð lækna vegna málsins í heild lá fyrir 12. janúar 2013 og með bréfi, dags. 28. janúar s.á., krafði M X um eftirstandandi bætur að samtals fjárhæð 9.916.755 kr. Voru bætur vegna tímabundins atvinnutjóns ekki hluti af þeim kröfum væntanlega þar sem sá hluti tjónsins var talinn fullbættur, en á árinu 2010 greiddi X kæranda samtals 3.014.667 kr. í heildarbætur vegna tímabundins atvinnustjóns.

X hefur hafnað frekari bótagreiðslum úr slysatryggingu ökumanns þar sem það telur M hafa veitt rangar upplýsingar sem hann vissi eða mátti vita að leiddu til þess að greiddar voru út bætur fyrir tímabundið atvinnutjón á árinu 2010, sem hann átti ekki rétt á. Þá háttsemi telur X uppfylla skilyrði 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem kemur fram að sá sem við tjónsuppgjör veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar, sem hann veit eða má vita að geta leitt til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt til, geti glatað rétti til krafna á hendur vátryggingafélagi í heild eða að hluta. X telur að þær upplýsingar sem komu fram um reiknað endurgjald M í byrjun árs 2010 hafi verið augljóslega rangar og sérstaklegar búnar til vegna beiðni X um upplýsingar í tengslum við ákvörðun bóta fyrir tímabundið atvinnutjón. M

hefði mátt vita að upplýsingarnar voru rangar á þeim tímapunkti og væru að leiða til hærri bótagreiðslna en hann mátti vænta. Þetta telur X til háttsemi sem jafna má til vátryggingasvika og vísar til þess að það hefði mátt treysta því að réttar upplýsingar hefðu komið frá þáverandi umboðsmanni M sem félagið hafi talið vera lögmann. Því hafi viðbrögð starfsmanna félagsins verið þess eðlis að hægt væri að treysta upplýsingunum og ekki væri hægt að gera kröfur til almennra starfsmanna að þeir þekktu lög og reglur sem tengjast skattaskilum þannig að þeir hefðu átt að vita að upplýsingar um reiknað endurgjald sem framvísað var, væru ekki endilega réttar upplýsingar um raunverulegar tekjur M. X vísar einnig til þess að verklagsreglur félagsins hafi breyst frá árinu 2009 hvað varðar ávarðanir um greiðslu bóta fyrir tímabundið atvinnutjón og ítrekar að það hafi unnið eftir upplýsingum sem M hafi lagt til. Þær upplýsingar hafi reynst rangar og M hafi mátt vera ljóst þegar hann fékk greiðslur frá X að þær væru ekki í samræmi við þær tekjur sem hann hefði haft, hefði hann ekki lent í slysinu. X telur að það hafi brugðist við strax og ljóst var að rangar upplýsingar hafi verið gefnar en þær réttu upplýsingar hafi ekki endanlega komið fram fyrr en í febrúar 2013, þ.e. eftir að endanleg bótakrafa var gerð í málinu. X telur því að það hafi tilkynnt M án ástæðulauss dráttar að það hygðist takmarka ábyrgð sína og þannig uppfyllt skilyrði 94. gr. laga um vátryggingarsamninga.

M telur hins vegar skilyrði 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga ekki uppfyllt og vísar til þess að félagið beri sönnunarbyrði um að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína. Slík sönnun liggja ekki fyrir og geti X því ekki takmarkað ábyrgð sína m.t.t. ákvæðisins. Málatilbúnaður M er viðhafður í löngu máli í bréfum til nefndarinnar sem fylgja gögnum málsins og verður ekki allur tíundaður hér. Í grundvallaratriðum telur M að þær upplýsingar sem þáverandi umboðsmaður hans afhenti X hafi ekki verið ófullnægjandi í þeim skilningi að það hafi verið afhending upplýsinga sem félagið sjálft bað um. Það að X hafi ekki farið fram á frekari gögn til ákvörðunar bóta fyrir tímabundið atvinnutjón sé eitthvað sem félagið verði að bera ábyrgð á. Auk þess vísar M til þess að X hafi haft ítarlegar upplýsingar um tekjusögu M vegna eldri mála og að starfsmenn X hefðu, vegna sérþekkingar sinnar, meiri og betri þekkingu en M á því hvernig bætur væru ákvarðaðar. M vísar því algjörlega á bug að hann hafi verið að reyna að svíkja út bætur en ef fallist verði á að hann hafi gefið ófullnægjandi upplýsingar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga, eigi það ekki að hafa nema lítill áhrif á bótakröfu hans, ekki útiloka það að greiða bætur í heild sinni, eins og X hafi gert með afstöðu sinni. M bendir einnig á það að X hafi vanrækt skyldu sína skv. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga til að tilkynna M án ástæðulauss dráttar um að það ætlaði að takmarka ábyrgð sína þar sem réttar upplýsingar hafi verið komnar til X á árinu 2011.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, skal sá sem hyggst hafa uppi kröfu gegn vátryggingafélagi veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann á aðgang að og félagið þarf til þess að geta metið ábyrgð sína og greitt út vátryggingarfjárhæð. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis getur sá, sem við tjónsuppgjör veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að geta leitt til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt til, glatað öllum rétti til krafna á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna sömu atvika. Sé háttsemin ekki alvarleg, hún varði einungis lítinn hluta kröfunnar eða ef sérstakar ástæður mæla með því getur hann þó fengið bætur að hluta. Umrædd ákvæði 120. gr. gilda um persónutryggingar í skilningi laga um vátryggingarsamninga en ákvæði 47. gr. sömu laga eru samhljóða þeim og gilda um skaðatryggingar. Það skiptir því ekki máli hvort litið sé á slysatryggingu ökumanns sem persónutryggingu eða skaðatryggingu, sömu sjónarmið eiga við.

Af athugasemdum í frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, má ráða að sönnun þess hvort atvik máls séu með þeim hætti sem lýst er í 120. gr. eða 47. gr. laganna hvílir á vátryggingafélaginu.

Ágreiningur í máli þessu grundvallast á því hvort M hafi gefið rangar og ófullnægjandi upplýsingar um tekjuöflun sína á árinu 2009 í því skyni að fá greiddar hærri bætur en hann átti í raun rétt á. Þær upplýsingar sem um er að ræða eru opinber gögn sem umboðsmaður M kom á

framfæri við X. Nánar tiltekið yfirlit um reiknað endurgjald M á árinu 2009, en af gögnum málsins má ráða að þær upplýsingar hafi verið veittar hinu opinbera í byrjun árs 2010, á sama tíma og M var að krefja X um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón.

Ekki verður hjá því litið, þegar metið er hvort X hafi fullnægt þeim sönnunarkröfum sem gerðar eru við beitingu ákvæðis eins og 120. gr., sbr. 47. gr. laga um váttryggingarsamninga, að endanleg ákvörðun um greiðslu bóta og hvaða forsendur væru nægjanlegar til þeirrar greiðslu var á forræði X. X er váttryggingafélag sem hefur á að skipa sérhæfðu starfsfólki sem tekur ákvarðanir um greiðslu bóta sem félaginu er skylt að greiða. Af hálfu X var ákveðið að greiða bætur vegna tímabundins atvinnutjóns á grundvelli umræddra upplýsinga eingöngu, þ.e. yfirlits yfir reiknað endurgjald ársins 2009. Ekki er fallist á að þær upplýsingar, einar og sér hafi átt að vera fullnægjandi fyrir X til að ákvarða bætur til M fyrir tímabundið atvinnutjón. Ekki verður heldur talið sannað, af gögnum málsins að dæma, að M hafi vísitandi gefið rangar upplýsingar til skattyfirvalda og til X í því skyni að fá bætur sem hann átti ekki rétt á, þó komið hafi í ljós síðar að forsendur í rekstri hans hafi ekki staðist. Ekki lá fyrir skattframtal vegna ársins eða frekari upplýsingar úr bókhaldi M eins og hefði verið eðlilegt að byggja endanlega ákvörðun um greiðslu tímabundins atvinnutjóns á. Því verður ekki lagt til grundvallar að umrædd gögn geti falið í sér endanlega sönnun um fjárhæð bóta fyrir tímabundið atvinnutjón. Af þessum sökum verður að telja ósannað að M hafi vísitandi veitt X rangar upplýsingar í því skyni að fá bætur sem hann átti ekki rétt til og með því fyrirgert rétti sínum til bóta skv. 2. mgr. 120. gr., sbr. 2. mgr. 47. gr., laga nr. 30/2004,

Niðurstaða.

X getur ekki takmarkað ábyrgð sína úr slysatryggingu ökumanns gagnvart M á grundvelli vanrækslu á upplýsingagjöf skv. 2. mgr. 47. gr., sbr. 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Reykjavík, 1. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 265/2013
M
og V v/ kaskótryggingar A.

Skilyrði samsömunar vegna tjóns á bifreið 26. júlí 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12. ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 13. september 2013.

Málsatvik.

M var skráður umráðamaður bifreiðarinnar A þegar hún skemmdist í umferðaróhappi þann 26. júlí 2008 og ekki er annað að sjá af gögnum málsins en að M hafi líka verið vátryggingartaki kaskótryggingar hjá V sem í gildi var á tjónsdegi. Þegar óhappið varð var M sjálfur ekki ökumaður bifreiðarinnar heldur annar maður. Tildrög óhappsins má rekja til þess að bifreið A var ekið samhliða annarri bifreið austur Hringbraut í Reykjavík, í ætluðum kappakstri, þegar þriðju bifreiðinni er ekið inn á Hringbraut frá Furumel. Við það missti ökumaður A stjórn á bifreiðinni og rakst hún á ljósastaur, girðingu og gangbrautarljós í kjölfarið og skemmdist mikið. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-51/2010 var ökumaður A dæmdur í sakamáli fyrir of hraðan akstur. Í máli nefndarinnar nr. 222/2009 er fjallað um kröfu þess ökumanns til viðurkenningar á bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns (og kaskótryggingu) bifreiðarinnar A. Þar var lagt til grundvallar að háttsemi beggja ökumanna sem áttu hlut að umferðaróhappinu mætti meta til stórkostlegs gáleysis í vátryggingarréttarlegum skilningi. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 126/2013 er einnig fjallað um anga af þessu máli, eða bótarétt eiganda hinnar bifreiðarinnar úr kaskótryggingu.

M telur að það liggi ekki fyrir með óyggjandi hætti að ökumaður A hafi sýnt stórkostlegt gáleysi með aksturslagi sínu í greint sinn. Hann hafi mögulega ekið yfir leyfilegum hámarks hraða en ekki sé sannað að það hafi haft áhrif og heldur ekki sannað að hann hafi verið í kappakstri. Því til viðbótar telur M að skilyrði samsömunar milli hans og ökumanns A séu ekki uppfyllt í skilningi a.liðar 2.mgr. 29.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M vitnar til athugasemda í frumvarpi til umræddra laga með 29.gr. þeirra þar sem kemur fram að eigandi ökutækis þurfi að hafa falið ökumanni varanleg umráð þess til að skilyrði samsömunar séu uppfyllt. M telur að hann hafi ekki falið ökumanninum varanleg umráð bifreiðarinnar heldur hafi ökumaður haft bifreiðina tilfallandi að láni þegar óhappið varð.

V telur í fyrsta lagi að háttsemi ökumanns hafi nú þegar verið metin sem stórkostlegt gáleysi í úrskurði vegna máls nefndarinnar nr. 222/2009. Því til viðbótar séu skilyrði samsömunar í málinu uppfyllt. V vísar til gr. 5.1. í skilmálum kaskótryggingar þar sem félagið áskilur sér rétt til þess að samsama vátryggingartaka með þeim sem með samþykki hans eru ábyrgir fyrir hinu vátryggða. V telur að ökumaður hafi uppfyllt þess skilyrði og vísar til þess að M hafi ekki reynt að sýna fram á að hann annist rekstur A eða hafi umráð bifreiðarinnar. M hafi lögheimili á Patriksfirði og bendi það til þess að hann hafi ekki haft umráð bifreiðarinnar þar gögn bendi til að hún hafi aðallega verið notuð á höfuðborgarsvæðinu fyrir tjónið. Bendir V á að bifreiðin hafi verið færð til skoðunar á því svæði í apríl 2008 og til endurskoðunar tveimur dögum fyrir tjónið. V vísar einnig til þess að móðir ökumanns bifreiðarinnar hafi greitt iðgjöld kaskótryggingarinnar á árinu 2008 og ökumaðurinn og móðirin hafi verið skráð til heimilis á höfuðborgarsvæðinu. Þessi gögn sýni að ökumaður bifreiðar A hafi á tjónsdegi haft varanleg umráð bifreiðarinnar.

Álit.

Þó efni úrskurðar í máli nefndarinnar nr. 222/2009 bendi til þess að tekin hafi verið afstaða til bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar verður fallist á að M eigi skýra kröfu um að nefndin fjalli sérstaklega um kröfu hans í ljósi þess að hann var vátryggingartaki kaskótryggingarinnar en ekki ökumaður A á þeim tíma sem tjón varð. Ekki verður hins vegar litið framhjá því að nefndin

hefur í því máli tekið afstöðu til þess að háttsemi ökumanns A hefur verið metin sem stórkostlegt gáleysi í skilningi 2.mgr. 27.gr. laga um váttryggingarsamninga (eftir atvikum 1.mgr. 90.gr. sömu laga). Hér er ekki ástæða til að breyta þeirri afstöðu nefndarinnar.

Í þessu máli þarf því fyrst og fremst að taka afstöðu til þess hvort skilyrði samsömunar í skilningi a.liðar 2.mgr. 29.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 séu uppfyllt. V hefur með fullnægjandi hætti í váttryggingarskilmálum áskilið sér rétt til samsömunar í gr. 5.1. Þar segir að félagið geti borið fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða en það orðalag er sambærilegt við orðalag tilgreindrar greinar í lögum um váttryggingarsamninga. Í frumvarpi til þeirra laga er orðalag greinarinnar hins vegar skýrt með þeim hætti að um nokkuð varanleg umráð þurfi að vera að ræða til að samsömun teljist heimil.

Váttryggingafélag hefur sönnunarbyrði um að skilyrði samsömunar séu uppfyllt í ljósi þess að heimild þess til að beita samsömun er undantekning frá þeirri meginreglu sem kemur fram í 1.mgr. 29.gr. laganna um að samsömun sé óheimil. Varðandi skýringu á skilyrðum samsömunar verður ekki litið framhjá þeim skýringum sem koma fram í frumvarpi til laga um váttryggingarsamninga um að a.lið 2.mgr. 29.gr. laganna verði að túlka með þeim hætti að umráð þurfi að vera afhent ökumanni með nokkuð varanlegum hætti. Hvað í því felst er ekki með öllu ljóst í íslenskum rétti en ekki hefur reynt á sambærilegt álitaefni í dómum Hæstaréttar.

Það að umráð bifreiðar séu afhent með nokkuð varanlegum hætti telst ekki uppfyllt ef ökumaður hefur einungis fengið bifreiðina lánaða til skamms tíma. Þau sönnunargögn sem liggja fyrir í þessu máli eru annars vegar fullyrðingar M um að umráð ökumannsins hafi verið tilfallandi, en til þess verður að líta að M hefur skýra hagsmuni af því að halda slíku fram í málinu. Hins vegar liggja fyrir gögn sem sýna að bifreiðin A hafi verið færð til skoðunar á höfuðborgarsvæðinu og iðgjöld greidd af móður ökumannsins sem búsett er á höfuðborgarsvæðinu á meðan M var með lögheimili utan þess svæðis. Ekki liggja fyrir upplýsingar frá ökumanninum sjálfum um samskipti hans við M eða upplýsingar um hvort M hafi verið staddur á höfuðborgarsvæðinu á þeim tíma sem bifreiðin var færð til skoðunar eða hver fór með hana í skoðun. Né heldur liggja fyrir upplýsingar um möguleg tengsl M og móður ökumannsins m.t.t. greiðslu iðgjalda. Þegar litið er til þessa verður að telja nokkurn vafa um hvort skilyrði samsömunar um varanleg umráð séu uppfyllt. Í ljósi ofangreindrar sönnunarstöðu ber váttryggingarfélagið hallann af því og telst ekki hafa sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að skilyrði samsömunar séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 15. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 266/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Kennari rann í bleytu við dyr kennslustofu.****Gögn.**

132. Málskot, móttakið 13.8.2013, ásamt fylgigögnum.

133. Bréf X, dags. 2.9.2013, ásamt fylgigögnum.

134. Athugasemdir málskotsaðila, dags 4.9.2013.

Málsatvik.

Hinn 4.5.2011 var M við störf sem kennari í heimilisfræðum við tiltekinn skóla í sveitarfélaginu S. Rann hún þá í bleytu á gólfi og féll í gólfið og varð fyrir meiðslum. Í tilkynningu S, vinnuveitanda M, til Vinnueftirlitsins um slysið segir að M hafi runnið til í bleytu á gólfinu sem hún hafði ekki tekið eftir og féll við það á hægri hlið líkamans. Slysið hafi átt sér stað í heimilisfræðistofu þar sem M hafi verið að kenna. Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, sem er undirrituð af S og M, er málsatvikum lýst efnislega á sama veg og að framan greinir.

S hefur ábyrgðartryggingu hjá X. Í tilkynningu M um tjónið til X segir að M hafi verið að undirbúa kennslu í heimilisfræði í skólanum og verið á leiðinni í hinum mesta flýti að taka á móti nemendum sínum. Hafi hún þá orðið fyrir því óhappi að detta mjög illa á hálu gólfinu.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá X. Kveður M bótaábyrgð aðallega vera reista á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar skv. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim. Einnig er á því byggt að slysið hafi ekki verið tilkynnt strax til Vinnueftirlitsins af hálfu S eins og skylt hafi verið skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og því sé sönnunarbyrðin hjá S um þau atriði sem óljós kunna að vera. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Slysið varð í námunda við dyr að kennslustofu í heimilisfræðum. Ekki er ágreiningur með aðilum um að bleyta á gólfinu hafi valdið því að gólfið var hálla en ella með þeim afleiðingum að M féll í gólfið. Ekkert hefur komið fram sem gefur tilefni til að ætla að hálkumyndunin verði sérstaklega rakin til eiginleika gólfefnisins. Þá verður heldur ekki séð að bleytan verði rakin saknæmrar háttsemi annarra kennara við skólans eða annarra sem S getur borið ábyrgð á. Ekki eru efni til að byggja á atvikalýsingu sem fyrst kemur fram í athugasemdum M eftir að athugasemdir X við málskotið lágu fyrir. Verður að telja að um óhappatilvik verið að ræða sem S getur ekki borið fébótaábyrgð á. Engin rök standa til þess að 23. gr. a skaðabótalaga verði skilin svo að hlutlæg ábyrgð S á tjóninu verði reist á þeirri lagagrein. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 24. september 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 267/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur á bílplani þegar ekið var á bílhurð sem var opnuð þ. 22.7.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.15.8.2013 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V-1 dags. 2.9.2013
3. Bréf V-2 dags. 21.8.2013.

Málsatvik.

Árekstur varð á bílplani við Olís í Álfheimum í Reykjavík. A var lagt í stæði og opnaði ökumaður bílhurðina og var að stíga út þegar B var ekið framhjá á opna hurð A. Vitni að atburðinum segir m.a. að ökumaður A hafi verið rétt búinn að opna bílhurðina þegar B hafi ekið á hana. Ökumaður A segist hafa lagt í stæði og verið að opna hurðina og ekki verið alveg búin að opna þegar hún hafi séð eitthvað stórt til hliðar sem hafi opnað hurðina á A upp á gátt og haldið síðan áfram. Ökumaður B segist hafa verið á réttri leið og hurðin hafi komið honum að óvörum.

Álit.

Af gögnum málsins og framburðum aðila og vitnis, verður ekki annað ráðið en að ökumaður A hafi opnað bílhurð í þann mund sem B ók framhjá bifreiðinni. Samkvæmt 5.mgr. 27.gr. laga nr. 50/1987 umferðarlaga skal opna dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Þessa gætti ökumaður A ekki og ber alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök

Reykjavík 17.9.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 268/2013**M
og
váttryggingafélagið X v/ innbústryggingar.****Þjófnaður úr svefnherbergi þegar farið var inn um glugga í fjölbýlishúsi.****Gögn.**

135. Málskot, móttakið 15.8.2013, ásamt fylgigögnum.

136. Bréf X, dags. 26.8.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis hinn 16.10.2012 var lögreglu tilkynnt um innbrot og þjófnað úr íbúð M. Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir M að farið hafi verið inn um glugga á svefnherbergi þeirra, rótað til og ótilgreindu magni af skartgripum og úrum stolið. Íbúð þeirra sé á jarðhæð og svefnherbergisglugginn bakatil á suðurhlið hússins. Að sögn M hafi rifa verið á glugganum. Þau hafi farið að heiman um kl. 8:30 um morguninn og komið heim um kl. 18:30. Barnfóstra þeirra hafi komið í íbúðina um kl. 16:30, en einskis orðið vör því svefnherbergið hafi verið lokað og hún hafi ekki farið þangað inn.

Í rannsóknarskýrslu lögreglunnar kemur fram að brotist hafi verið inn í íbúðina, sem er í fjölbýlishúsi, „um gluggafag á bakhlið suðaustan til innst inni í 45° vinkli sem þar er á byggingunni og skjólgott er að athafna sig til innbrots.“ Þá segir í skýrslunni að brotist hafi verið inn í svefnherbergi hjóna með því að spenna upp gluggafag með 4 cm breiðu spennijárni sem markaði fór eftir á gluggafaginu og ná því þannig upp úr öryggisjárnri sem er neðan á faginu.

M hafa krafist bóta úr innbústryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá X vegna þeirra muna sem stolið var. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.5.1 í skilmálum innbústryggingarinnar bætir váttryggingin tjón vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði. Í gr. 4.5.7. í skilmálunum er mælt fyrir um þá varúðarreglu að læsa skuli m.a. íbúðarhúsum og loka öllum gluggum og krækja aftur. Í 3. gr. sameiginlegra skilmála váttryggingarinnar er kveðið á um það að skylt sé að fara eftir varúðarreglum í skilmálunum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Samkvæmt þessu lagaákvæði getur félagið ekki borið fyrir sig brot á varúðarreglu ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verði ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Fyrir liggur að rifa var á glugga þeim sem farið var inn um þegar þjófnaðurinn var framinn. Hann var því ekki lokaður né kræktur aftur. M höfðu því ekki farið eftir fyrrgreindri varúðarreglu í váttryggingarskilmálunum að loka glugganum og krækja hann aftur. Viðskilnaður gluggans auðveldaði mjög að opna mátti gluggann þannig að komast mætti inn um hann. Verður þjófnaðurinn rakinn til brots M á varúðarreglunni

og um er að ræða sök sem ekki telst óveruleg. Skilyrðum laga er því fullnægt þannig að X er heimilt að bera fyrir sig brot á varúðarreglu. Téð varúðarregla hefur mikla þýðingu til að koma í veg fyrir eða draga úr líkum þess að þjófur eigi við iðju sína greiða leið inn í híbýli fólks eða önnur húsakynni sem eiga að vera lokað. Glugginn var á jarðhæð íbúðar á bakhlíð húss innst í horni þar sem „skjól-gott“ var að athafna sig til innbrots, en íbúðin var mannlús frá því snemma morguns uns nokkuð var liðið á daginn. Í svefnherberginu innan við gluggann var ótilgreint magn úra og skartgripa. Þegar litið er til þessara aðstæðna á vettvangi verður að telja sök M svo verulega að X er laust úr ábyrgð. Tjón M vegna innbrotsins fæst því ekki bætt úr innbústryggingu þeirra hjá X.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr innbústryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá X.

Reykjavík, 17. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 269/2013
M
og V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar K.

Vinnuslys við fall af þaki kofabyggingar 1. febrúar 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 26. ágúst 2013, ásamt afriti bréfs V til K dags. 14.maí 2013 og bréfi K til V dags. 9. júlí 2013.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína hjá K þar sem hann féll niður af þaki kofabyggingar sem hann var að vinna að inni í húsi á vegum K. M fór upp á þak kofans sem var í smíðum en skv. upplýsingum í lögregluskýrslu var hæsti punktur kofans í 3,1 metra hæð. M var að leggja pappa á þakið þegar hann féll niður, lenti á steinsteyptu gólfi og slasaðist nokkuð. Vinnueftirlit ríkisins gerði skýrslu vegna slyssins og þar kemur fram að orsök slyssins megi rekja til þess að engar fallvarnir hafi verið til staðar á vettvangi og meðverkandi ástæða geti verið þrængsli við vinnuáðstæður. Í skýrslunni er vísað til reglna nr. 547/1996 þar sem kemur fram í gr. 21.1. í B.hluta IV. viðauka að það skuli vera handrið á vinnuflötum sem eru í meira en tveggja metra hæð. Vinnueftirlitið bannaði ennfremur alla þakvinnu þangað til vinnupallar með öruggum fallvörnum hefðu verið settir við kofann sem var verið að byggja. Í lögregluskýrslu þar sem skýrsla er tekin af M kemur fram að hann hafi velt því fyrir sér að setja á sig hjálm, belt og band við störf sín en hafi ekki gert það vegna þess að heitt hafi verið í húsinu og hann hafi metið það svo að óþægilegt og heftandi hafi verið að vera með þann búnað við þær aðstæður sem voru við byggingu kofans.

M telur að vinnuveitandi hans K beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum vinnuslyssins með því að hafa ekki séð til þess að fallvarnir væru fyrir hendi og þannig hafi K brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 sem og reglum nr. 547/1996. M telur ennfremur að K hafi ekki séð til þess að hlífðarbúnaður hafi verið notaður við störf M, eins og M telur að K hafi átt að hlutast til um. M telur að röksemdafærsla V um að hafna greiðsluskyldu byggist fyrst og fremst á eigin sök M. M bendir í því samhengi á 23.gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 þar sem fram kemur að óheimilt sé að skerða bætur til starfsmanns í vinnuslysum nema háttsemi hans sem leiddi til tjóns uppfyllti þau skilyrði að vera ásetningur eða stórkostlegt gáleysi. Þannig hafi ekki háttað til við slys M og hann telur því óskipta bótaskyldu vera fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

V vísar til þess að M hafi verið 58 ára gamall á slysdegi, með iðnmenntun og hafi starfað hjá K árum saman. Vísar V einnig til þess að M sjálfur hafi haft töluvert um það að segja hvernig vinnu var háttáð við byggingu þess kofa sem hann vann að þegar hann slasaðist, til hafi staðið að byggja hann utanhúss en M hafi ásamt samstarfsmanni sínum frekar viljað gera það innanhúss. M hafi því ráðið framkvæmd verksins sem hafi verið einfalt og slysið megi fyrst og fremst rekja til þess að M sjálfur hafi ekki gætt þess að vinna verkið réttilega og vera með réttan öryggisbúnað sem þó var tiltækur á vinnustaðnum.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort K, vinnuveitandi M, beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns sem M hlaut í vinnuslysi þegar hann féll tæpa þrjá metra af kofaþaki niður á steinsteypt gólf. Hvað sem öðru líður verður ekki litið fram hjá skýru álitum Vinnueftirlits ríkisins um að K hafi sem atvinnurekandi ekki sinnt skyldum sínum, skv. lögum nr. 46/1980 og reglum 547/1996, nægilega vel. Þær skyldur lúta fyrst og fremst að því að tryggja fallvarnir við vinnuflöti sem ná yfir tveggja metra hæð. Gögn málsins sýna greinilega að M var við vinnu í meira en tveggja metra hæð og fallvarnir voru ekki fullnægjandi. Telja verður bein orsakatengsl milli þessa

skorts á fallvörnum og þess að M hlaut líkamstjón. Telst K því bera skaðabótaábyrgð vegna slyss M.

Þegar litið er til háttsemi M við verkið verður hins vegar ekki hjá því litið að hann var bæði menntaður og reyndur til þeirra starfa sem hann hafði með höndum. M lýsir því sjálfur í lögregluskýrslu að hann hafi getað nýtt sér öryggisbúnað, hjálm, belti og band en hafi kosið að gera það ekki vegna mögulegra óþæginda við að nota slíkan búnað við vinnu sína. Alla jafna verður að líta svo á að það að gera ekki þær öryggisráðstafanir sem tiltækar eru sé gáleysi af hálfu starfsmanna sem vinna störf í meira en tveggja metra hæð. Í ljósi aldurs og reynslu M og þess sjálfstæðis sem vænta má vegna þess að hann hafi í starfi sínu hjá K er það að nýta ekki augljósan öryggisbúnað stórkostlegt gáleysi af hans hálfu. Þá stoðar ekki að vísa til mögulegra óþæginda sem það hefði haft í för með sér að nota slíkan búnað. Með hliðsjón af aðstæðum og atvikum í málinu verður M að bera helming tjóns síns sjálfur með vísan til 23.gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá helming tjóns síns bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 24. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 270/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifhjóls og bifreiðar á Tangagötu í Vestmannaeyjum þ. 25.6.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.8.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 18.6.2013 ásamt fylgiskjali
3. Bréf V-2 dags 6.9.2013
4. Bréf Fortis lögmansstofu dags. 5.9.2013.

Málsatvik.

B ók vestur Tangagötu og lenti á A sem var ekið suður sunnið sem liggur vestanvert við Kaffi Kró og beygt til vinstri austur Tangagötu. Umferð um Tangagötu nýtur forgangs gagnvart umferð um sunnið. Ökumaður A segist hafa stoppað við biðskyldumerkið og litið eftir umferð og síðan ekið áfram inn á Tangagötu þar sem hann varð ekki var við umferð, en þegar hann var kominn inn á götuna, þá hafi hann orðið var við B sem kom á mikilli ferð eftir miðakrein og hafi hann þá stöðvað A til að koma í veg fyrir árekstur en ökumaður B hafi beygt til vinstri inn á öfuga akrein og árekstur orðið. Ökumaður B ber að A hafi verið ekið inn á Tangagötu í veg fyrir B og stoppað og hafi hann þá reynt að sveigja framhjá A en þá hafi A verið ekið af stað aftur en síðan stoppað aftur. Ökumaður B segist hafa ekið yfir hámarkshraða í umrætt sinn. Tvö vitni bera að B hafi verið ekið á mikilli ferð. Lagðar eru fram tvær skýrslur um hraðaútreikning vegna aksturs B. Í annari er niðurstaðan sú að B hafi líklega verið ekið á 94 km hraða en hugsanlegur lágmarkshraði sé 84 km. Niðurstaða útreikningur á grundvelli PC Crash forritsins er að líklegasti hraði B, þegar B lenti á A hafi verið um 85 km hraði.

Álit.

Ökumaður B segist sjálfur hafa ekið yfir leyfilegum hámarkshraða, tvö vitni bera að B hafi verið ekið á miklum hraða í umrætt sinn og tveir hraðaútreikningar sýna það sama. Nægjanlega telst því sannað að B hafi verið ekið langt fyrir leyfilegum hámarkshraða og ökumaður B sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn m.a. vegna þess hvað útsýn yfir akstursleiðina var takmörkuð. Ökumaður B ber því meginsök á árekstrinum. Ökumaður A ók inn á aðalbraut í veg fyrir B og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri 1/3 sakar en ökumaður B beri 2/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 sakar og ökumaður B ber 2/3 sakar.

Reykjavík 24.9.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 271/2013
(M) og
Vátryggingafélag (V-1) v. (A) og
Vátryggingafélag (V-2) v. (B)

Fjölðaárekstur 16 bifreiða á Hafnarfjarðarvegi þ. 6.3.2013. Ágreiningur um hvort (B) hafi valdið skemmdum á (A) við áreksturinn.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.8.2013 ásamt fylgiskjölum 1-
2. Bréf V-1 dags. 30.8.2013 ásamt fylgiskjölum 1-4
3. Bréf V-2 dags. 9.9.2013.

Málsatvik.

Fjölðaárekstur 16 bifreiða varð á Hafnarfjarðarvegi við Kópavogslæk í aftakaveðri. Rannsóknarvinna var takmörkuð á vettvangi og V-1 heldur því fram að A hafi orðið fyrir tjóni í árekstrinum en enginn sé talinn hafa valdið tjóninu á A en leiðir ákveðin rök að því að B hafi ekið á A í umrætt sinn. Ökumaður A, heldur því fram að bifreið að Toyota Hilux gerð B hafi klesst aftan á A. Í lögregluskýrslu segir ökumaður A að ekið hafi verið aftan á A og A hafi kastast á milli bifreiða og endað langt frá þeim stað þar sem ekið var á hann. Í skýrslu þess sem rannsakaði málið af hálfu lögreglu segir að ekið hafi verið aftan á A og A kastast á milli nokkurra bifreiða og endað á tilgreindri bifreið en ekki liggi ljóst fyrir hvaða bifreið hafi ekið aftan á A. Fram kemur í gögnum málsins að einhver aki aftan á A og í sári sé brot úr Toyota Hilux bifreið. Í ítarlegu bréfi V-1 dags. 30.8.2013 telur félagið að Toyota Hilux bifreiðin beri sök á á öllu tjóni A. Ökumaður B segist hafa fengið jeppa aftan á sig og þá hafi bifreið sín snúist og lent á vinstra framhorni á svörtum amerískum jeppa og síðan þegar B hafði stöðvað hafi Fiat bifreið ekið í hægri hlið B.

Álit.

Aftakaveður var þegar fjölðaáreksturinn varð. Af hálfu M er því haldið fram að B hafi valdið tjóni á A. Af framburði aðila í lögregluskýrslum er ekkert sem bendir til þess að ökumenn hafi talið að árekstur hafi orðið milli A og B á árekstrarstað, en taka verður fram að þeir ökumenn sem lentu í árekstrinum áttu erfitt með að átta sig nákvæmlega á aðstæðum vegna aðstæðna. Þá er ekkert í gögnum málsins sem tekur af tvímæli um það að B hafi valdið því tjóni sem A varð fyrir í umrætt sinn. Af öllum gögnum virtum er því ekki sannað að B hafi valdið því tjóni sem A varð fyrir í umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V-2

Reykjavík 1.10.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Mál nr. 272/2013**M
og
váttryggingafélagi X v/ ábyrgðartryggingar hestaleigu.****Ágreiningur um bótaskyldu er maður féll af hestbaki í reiðtúr á vegum hestaleigu.****Gögn.**

137. Málskot, móttakið 12.8.2013, ásamt fylgigögnum.

138. Bréf X, dags. 9.9.2013.

139. Síðari athugasemdir málskotsaðila, dags 11.9.2013.

Málsatvik.

Um hádegisbil 14.2.2012 fór M ásamt syni sínum og dóttur í reiðtúr á vegum hestaleigunnar A. M hafði ekki reynslu eða þekkingu á því að sitja á hestbaki. Hann fór á bak hesti sem A lagði til og á æfingasvæði innandyra var hann ásamt börnum sínum í um 20 mínútur látinn fara í gegnum átta tilteknar æfingar. Í ljós kom að M gekk illa að stjórna hestinum og að sögn M varð úr að leiðsögumaðurinn, starfsmaður A, tjóðraði hest M við sinn hest. Gekk svo leiðsögumaðurinn með báða hestana í taumi. Eftir um 45 mínútna ferð var snúið við til baka. Hugðist leiðsögumaðurinn þá setjast á bak hesti sínum. Við það féldist hesturinn og tók á stökk og fylgdi hestur M á eftir með þeim afleiðingum að M kastaðist af baki og lenti illa á hægri öxl. Hlaut M slæm áverka á öxlinni.

M telur A bera skaðabótaábyrgð á tjóni því sem hann hlaut við atvikið. Þannig hafi það verið röng og hættuleg aðferð sem leiðsögumaðurinn viðhafði að tjóðra hest M við sinn hest, M hafi verið settur í aðstæður sem hann réði engan veginn við sökum reynsluleysis með því að hafa verið settur á hest sem hafi verið stýggur og lét illa að stjórn án þess að hafa fengið leiðbeiningar um hvað gera skyldi í aðstæðum eins og upp komu og að ekki hafi verið farið yfir nein öryggisatriði áður en lagt var af stað í ferðina. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Upplýsingar sem liggja fyrir í málinu byggjast aðallega á skýrslum M og börnum hans um málsatvik. Af skýrslum barna M verður ekki ráðið að leiðsögumaðurinn hafi tjóðrað hest M við sinn hest. Ekki liggur fyrir nein matsgerð, úttekt eða sérfræðiskýrsla af öðru tagi um þau atriði sem M telur að úrskæðis hafi farið. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að leiðsögumanninum hafi orðið á þau mistök við meðferð hestanna í umræddri ferð eða átt þess kost áður en ferðin hófst að veita M leiðbeiningar sem hefðu getað komið í veg fyrir slysið. Verður að telja að óhappatílvik hafi fyrst og fremst ráðið því hversu hrapallega fór. Telst því ósannað miðað við fyrirbyggjandi gögn að A beri ábyrgð á líkamstjóni M. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 1. október 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 273/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um hvort axlarmein verði rakið til slyss við þökkun á skyri.****Gögn.**

140. Málskot, móttekið 19.8.2013, ásamt fylgigögnum.

141. Bréf X, dags. 6.9.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði um árabíl unnið hjá V við skyrþökkunarvél. Kveður M að vinnan hafi valdið miklu álagi á axlir sökum þess að hún hafi þurft að lyfta þungum stykkjum og skáskjóta þeim upp fyrir sig og inn í vélina. Hinn 26.11.2011 hafi hún verið búin að setja eitt slíkt stykki í vélina þegar smellur hafi heyrst í hægri öxl og eftir það hafi hún ekki getað skipt um stykkið í vélinni. Hún hafi haldið áfram vinnunni þrátt fyrir þrautir, en hún hafi ekki verið óvön þeim. Þó nokkru áður hafi hún verið farin að kenna sér meins í öxl vegna þeirrar vinnuaðstöðu sem hún bjó við og því hafi hún ekki verið óvön að vinna þrátt fyrir verki í öxl og ónot.

Hinn 5.1.2012 leitaði M svo til bæklunarlæknis. Í vottorði læknisins, dags. 25.10.2012, kemur fram að M hafi leitað til hans 17.11.2011 vegna verkja í hægri öxl. Hún hafi fengið „sprautu hér í fyrra sem hafi virkað vel, fær aftur inndælingu af deyfingu / stera undir axlarhyrnumein.“ M hafi svo komið aftur 5.1.2012 og þá verið slæm af verkjum í öxlinni og þá fengið aftur sprautu. M hafi svo komið á ný 1.3.2012 og þá fyrst hafi atvikið 26.11.2011 borið á góma. Í þetta skipti lýsti M verulegum verkjum í öxl sem hún kveður að hafi byrjað eftir togverka umræddan dag. M gekkst svo undir aðgerð á öxlinni hjá öðrum bæklunarlækni 28.3.2012.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna meinsemdarinnar í öxlinni. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð, bæði hvað varðar atvikið sem M kveðst hafa orðið fyrir 26.11.2011 og aðstæður á vinnustaðnum. M hafði leitað læknis vegna einkenna frá hægri öxl fyrir umrætt atvik og hún minntist fyrst á það við lækni rúmum þremur mánuðum eftir að það átti að hafa gerst. Engin skoðunargerð eða úttekt af öðru tagi liggur fyrir um vinnuaðstæður til stuðnings staðhæfingum M um að vinnuaðstæðurnar hafi verið óforsvaranlegar. Eins og mál þetta liggur verður að telja ósannað M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína hjá V hinn 26.11.2011 eða að meinsemd í hægri öxl megi rekja til atvika sem V ber ábyrgð á. Hún á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 24. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 274/2013
M
og V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar T.

Slys við fall af palli/upphækkun í verslun með bifreiðar 11. september 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 2. september 2013 ásamt uppdráttum af húsnæði T.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hún féll við það að stíga niður af palli í verslun T. Af gögnum málsins, þ.á.m. ljósmyndum af vettvangi má ráða að umræddur pallur sé í sýningarsal bifreiða í verslun T. Þannig sé bifreiðum komið fyrir á gólfi sýningarsalarins en aðstaða sölumanna sérstaklega skilgreind með því að pallur er byggður ofan á gólfið. Pallurinn er dökkgrár að lit en gólf sýningarsalarins ljósgrátt. Þurfa viðskiptavinir að stíga upp á umræddan pall til að eiga samskipti við sölumenn T þar sem þeir hafa skrifstofuaðstöðu. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi verið að stíga niður af umræddum palli þegar hún slasaðist. Eftir að slysið varð hefur T merkt enda pallsins með gulum og svörtum límbandsborða.

M telur að aðstæður í verslun T hafi skapað hættu fyrir viðskiptavini og beri T skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M þess vegna. Á T hvíli ríkar skyldur verslunareiganda til að tryggja öryggi viðskiptavina sem T laðar að sér til viðskipta og því hafi borið að aðgreina með greinilegri hætti þann pall sem komið var fyrir í húsnæði T. M vísar því til stuðnings til þeirra ráðstafana sem T gerði eftir slys M með því að setja límbandsborða til viðvörunar á enda pallsins.

V vísar til þess að umræddur pallur hafi verið í um 15 cm hæð og af ljósmyndum að dæma vel sýnilegur þeim sem gengu um húsnæði T. Auk þess hafi verið gert ráð fyrir pallinum á samþykktum teikningum húsnæðisins. M telur að ekki sé sýnt fram á sérstaka slyshættu af umbúnaði sem þessum auk þess sem M hafi mátt vera ljósar aðstæður með hliðsjón af því að hún hafi stigið án vandræða upp á pallinn til að sinna erindum sínum og hafi verið að stíga niður af pallinum þegar hún féll við. V telur ekki sýnt að skaðabótaábyrgð T sé fyrir hendi.

Álit.

Í gögnum málsins kemur vel fram hverjar aðstæður á vettvangi slyss M voru. Við mat á því hvort ráðstafanir T hafi verið nægilegar, m.t.t. ríkra skyldna fyrirtækisins vegna eðli verslunarhúsnæðis þess, verður ekki hjá því komist að líta til þess að pallur sá sem M féll um var í lítilli hæð, litamunur á gólfi og palli var greinilegur og ekki sýnt að þörf hafi verið á sérstökum ráðstöfunum vegna hans. Það að T hafi límt frekari viðvörun á pallinn síðan skapar ekki eitt og sér skilyrði til skaðabótaskyldu. Ekki verður því viðurkennd skaðabótaábyrgð T vegna slyss M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt að fá líkamstjón sitt bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu T hjá V.

Reykjavík 24. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 275/2013**M og****V-1 v. A og****V-2 v. B****Árestur bifreiða á Laugavegi í Reykjavík þ.15.3.2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.14.8.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-4.
2. Bréf V-1 dags.18.6.2013
3. Bréf V-2 dags. 2.9.2013

Málsatvik.

Báðum bifreiðunum var ekið vestur Laugaveg og var A á vinstri akrein og B á þeirri hægri. Ökumaður A segist hafa stöðvað á rauðu ljósi og heyrt högg þegar B stöðvaði við hlið A. Farþegi í A segir að hliðarspegill B hafi rekist í A. Ökumaður B segir að A hafi verið að gera sér leik að því að svína fyrir B og hliðarspegill á B hafi rekist í afturrúðu A.

Álit.

Ökumenn greinir á um málsatvik og ekkert er fram komið í málinu sem réttlætir að leggja meiri sök á annann ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 24.9.1013

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 276/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda (aðalverktaka)
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar vélaleigu (undirverktaka).

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss við vinnu í skurði þann 15.11.2010.**Gögn.**

142. Málskot, móttakið 19.8.2013, ásamt fylgigögnum.

143. Bréf X, dags. 9.9.2013, ásamt fylgigögnum.

144. Bréf Y, dags. 4.9.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var á vegum V, vinnuveitanda síns, að moka undir rör í skurði við tiltekinn skóla þegar skurðbarmar gáfu sig og stórir steinar lentu á honum með þeim afleiðingum að hann hlaut m.a. tognunaráverka á hálsi og baki.

Í skýrslu lögreglu kemur fram að skurðurinn hafi verið um tveir metrar á breidd og um þrjú metrar á dýpt og verið var að vinna með skurðgröfu í skurðinum þegar slysið varð. Eftir stjórnanda gröfunnar er haft að hann hafi verið búinn að grafa skurðinn niður á um þriggja metra dýpi og hafi M staðið ofan í skurðinum og snúið bakinu í annan bakka skurðarins þegar stór hluti bakkans hafi skyndilega hrunið á bak M. Hafi M kastast niður á hnén og utan í bakkann hinum megin og grafist niður upp að mjöðm. Stjórnandi gröfunnar mat það svo að um 10-12 rúmmetrar af efni hafi hrunið úr bakkanum og á M.

Í umsögn Vinnueftirlitsins um slysið segir að unnið hafi verið við að færa skolplagnir í skurði við anddyri skólans, en skurðurinn hafi verið grafinn í vikunni áður en slysið varð. Þá kemur fram í umsögninni að V hafi verið aðalverktaki við verkið og hafi V fengið undirverktakann A til að annast skurðgröftinn. Samkvæmt upplýsingum stjórnanda gröfunnar hafi hann bent forsvarsmönnum V á nauðsyn þess að aftengja hitalagnir svo hægt væri að ganga frá skurðbrúnunum á þann hátt að ekki væri hætta á hruni. Að öðrum kosti væri nauðsynlegt að klæða skurðveggina eða grípa til annarra öryggisráðstafana. Af hálfu V hafi verið talið of umfangsmikið að aftengja hitalagnir og því hafi ekki verið farið að ábendingum gröfustjórans.

Er það niðurstaða í umsögninni að rekja megi orsakir slyssins til þess að áhættumat fyrir þann verkþátt sem M vann hafi ekki verið gert, ekki hafi verið rétt gengið frá skurðbökkum miðað við dýpt og gerð jarðvegs og efnishaugur hafi verið of nálægt skurðbrún. Er m.a. vísað í greinar 1.3 í IV. viðauka við reglur nr. 547/1996 um tímabundna mannvirkjagerð, en í því ákvæði segir m.a. að skurðir sem eru 1,7 m að dýpt eða meira og verða að vera með lóðréttum veggjum, sem hætta getur stafað af, skulu klæddir með nægjanlegu traustu efni eða með öðrum jafngóðum frágangi sem getur fyrirbyggt að úr veggjunum hrynji. Einnig er vísað til leiðbeininga um vinnuvernd nr. 2/1990 um öryggi við skurðgröft og gryfjur. Þar segir um halla á skurðveggjum, þegar skurðir eru með hallandi hliðum án skorða, að hallinn verði að vera það mikill að ekki sé hætta á hruni. Taka skuli tillit til jarðvegsefna í hverju tilviki, en ekki sé hægt að setja

algildar reglur um hver hallinn eigi að vera. Mörg atriði skipti þar máli, svo sem samsetning jarðvegs, dýpt skurðarins, fjarlægð frá umferð, fjarlægð frá mannvirkjum o.fl.

Fyrirmæli Vinnueftirlitsins um úrbætur á þeim atriðum er snéru að frágangi skurðarins voru send A. Fyrirmælin voru þau að fjarlægja skuli efnishaug af skurðbrún, taka skuli fláa í skurð í samræmi við fyrrgreindar leiðbeiningar nr. 2/1990 og gera skuli áhættumat í samræmi við reglugerð nr. 920/2006.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X og úr ábyrgðartryggingu A hjá Y. Bæði félögin, X og Y, hafa hafnað bótaskyldu á þeim forsendum að vátryggingartakar, V og A, beri ekki ábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut í slysinu. Að auki hefur X hafnað því að ábyrgðartrygging sú sem V hefur í gildi hjá félaginu taki til slysa sem verða við vinnu í skurðum.

Álit.

Samkvæmt 7. gr. í vátryggingarskilmálum X fyrir ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar eru áhættur sem nánar eru tilgreindar í gr. 7.1-7.4 undanskildar ábyrgð félagsins nema þær hafi verið vátryggðar sérstaklega gegn greiðslu viðbótariðgjalds. Þannig greiðir félagið skv. gr. 7.3 ekki „skaðabótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af því að vátryggður vinnur við sprengingar, uppgröft, jarðboranir, aðrar framkvæmdir í jörðu, svo sem að reka niður eða taka upp staura, stálþil o.þ.h., niðurrif mannvirkja, uppfyllingu eða aðrar breytingar á landi, breytingar á grunnvatni, rennsli vatns eða aðrar framkvæmdir varðandi grunnvatn, stöðuvatn eða straumvatn.“ Umrætt sinn hafði V tekið að sér verk við holræsalögn í um þriggja metra djúpum skurði. Þótt V hafi fengið A sem undirverktaka til að annast sjálfan skurðgröftinn verður ekki annað ráðið af fyrirliggjandi gögnum en skurðgröfturinn hafi verið hluti þess verks sem V hafði tekið að sér sem aðalverktaki á verkinu. Af hálfu X er staðhæft að V hafi ekki keypt sér viðbótarvátryggingarvernd sem tekur til þeirrar áhættu sem getið er í gr. 7.3. Þótt engin gögn hafi verið lögð fram beinlínis því til staðfestu verður engu að síður að að miða við að svo hafi verið. Af því leiðir að samkvæmt bótasviði ábyrgðartryggingar þeirrar sem V hafði hjá X tekur vátryggingin ekki til þess líkamstjóns sem M varð fyrir. Skaðabótaábyrgð V á líkamstjóni M kemur því ekki til frekari skoðunar í máli þessu.

Fyrir liggur að ekki var gengið frá skurðbökkum í samræmi við skráðar reglur eins og nánar getur í áðurgreindri umsögn Vinnueftirlitsins. Hið sama gildir um efnishauga sem voru of nálægt skurðbrún. A hafði tekið að sér skurðgröftinn sem sjálfstæður verktaki. Eins og hér stóð á verður A að bera ábyrgð á þeim mistökum sem urðu við gröftinn en þau voru þess valdandi að skurðbakkinn hrundi ofan á M. Verður A því talinn bera fébótaábyrgð á líkamstjóni M. Ekki eru efni til að leggja meðábyrgð á M. Tjón hans fæst því að fullu bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá Y.

Niðurstaða.

Ábyrgðartrygging V hjá X tekur ekki til líkamstjóns M. Tjón hans bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu A hjá Y.

Reykjavík, 24. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 277/2013
M
og V v/ sjúklingatryggingar L.

Afleiðingar skurðaðgerðar 6. ágúst 2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20. ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 28. ágúst 2013.
3. Athugasemdir lögmanns M með bréfi dags. 4. september 2013 ásamt tímaritsgrein sem jafnframt var sent til lögmanns V.

Málsatvik.

M leitaði til L á árinu 2009 og gekkst undir aðgerð hjá honum þann 6. ágúst sama ár. Um var að ræða aðgerð sem átti að léttta taugaklemmu að ölnartaug vinstri handleggjar M. Fjórum dögum eftir aðgerðina, þegar M mátti taka af sér umbúðir á handlegg, tók hún eftir blæðingu sem leiddi til þess að hún þurfti að leita lækniástoðar. Blóð var tæmt af aðgerðarsvæðinu og M fékk frekari umbúðir og lyf. Eftir þetta lýsir M því að hún hafi fengið verki í vinstri handlegg, m.a. í olnboga. Þegar litið er til þess hvaða einkenni M á við að stríða í dag verður litið til þess að í gögnum málsins er vísað til taugaleiðniþrófa sem M gekkst undir bæði fyrir og eftir aðgerðina sem L framkvæmdi. Niðurstöður þeirra prófa er sú að klemma á ölnartaug við vinstri olnboga, sem var til staðar fyrir aðgerðina skv. prófi í júní 2009, var ekki lengur til staðar eftir aðgerðina m.v. taugaleiðniþróf sem gert var hjá sama sérfræðingi í janúar 2010.

Í málinu liggja einnig fyrir læknisvottorð sérfræðinga og tvær matsgerðir um eðli óþæginda M og líklegar ástæður þeirra. Lögmaður M óskaði einhliða eftir því við lækni og lögfræðing að þeir framkvæmdu mat vegna afleiðinga aðgerðar M hjá L og skiluðu þeir álitinu sínu með matsgerð dags. 31. mars 2012. V lét dómkveðja tvo lækna til mats á ýmsum skyldum atriðum í kjölfarið og skiluðu þeir niðurstöðum sínum með matsgerð dags. 25. janúar 2013, en umræddir dómkvaddir matsmenn voru ekki sammála um niðurstöður og skiluðu því hvor um sig sínu álitinu um orsakir. Annar dómkvaddi matsmaðurinn taldi að orsakatengsl væru milli aðgerðarinnar og þeirra óþæginda sem M ætti við að stríða í dag en hinn dómkvaddi matsmaðurinn taldi að slík orsakatengsl væru ekki fyrir hendi. Rétt er að taka fram að hinir dómkvöddu matsmenn voru sammála um að einkenni M megi fyrst og fremst rekja til festumeina í vinstri handlegg.

M telur að óþægindi hennar megi tekja til aðgerðar sem hún gekkst undir hjá L og hún eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V skv. lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, sbr. reglugerð nr. 763/2000. M byggir fyrst og fremst á því að hún hafi synt fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni með læknisfræðilegum gögnum sem hún hafi lagt fram. Þar er aðallega vísað til vottorða taugalækna sem M hefur leitað til sem og niðurstöðu matsgerðar dags. 31. mars 2012 sem og til niðurstöðu annars dómkvaddra matsmanna sem hann lýsir í matsgerð dags. 25. janúar 2013. M vísar til þess að orðalag 2.gr. laga nr. 111/2000 sýni að slakað sé á sönnunarkröfum m.v. almennar reglur skaðabótaréttar þar sem í sjúklingatryggingarmálum þurfi eingöngu að sýna fram á að „að öllum líkindum“ megi rekja tjón til tiltekinna bótaþátta í 1.-4.tl. 2.gr. laganna. M bendir á að læknisfræðileg gögn málsins bendi til þess að hún hafi fengið slagæðablæðingu nokkrum dögum eftir aðgerð hjá L og upp úr því að hafi komið fram festumeins sem rekja megi til aðgerðarinnar eins og komi fram í álitinu þeirra matsmanna sem M hefur áður vísað til. M mótmælir mati annars dómkvadds matsmanns sem telur ekki sannað að rekja megi umrædd festumein til aðgerðarinnar. M rekur gagnrýni á aðferðafræði þá sem sá matsmaður beitir í tengslum við sönnunarmat vegna orsakatengsla og styður mál sitt við umfjöllun um sönnunarkröfur í greinargerð með lögum nr. 111/2000 sem og fræðigreina. M vísar sérstaklega til 4.tl. 2.gr. laga nr. 111/2000 máli sínu til stuðnings en þar er vísað til þess að greiða eigi bætur ef að öllum líkindum

verði tjón rakið til afleiðinga fylgikvilla af aðgerð sem sem eru meiri en svo að sjúklingur þurfi að þola bótaalaust. M telur skilyrði þessa komin fram.

V telur að það hafi ekki komið fram næg sönnun fyrir því að tjón megi að öllum líkindum rekja til þeirra bótabátta sem tilgreindir eru í 1.-4.tl. 2.gr. laga nr. 111/2000. V telur að sú matsgerð sem M aflaði einhliða feli ekki í sér næga sönnun og vísar einnig til þess að niðurstöður þeirrar matsgerðar byggji á því að skaði sé á ölnartaug í vinstra handlegg M, en það sé ekki í samræmi við önnur gögn sem liggja fyrir, t.d. taugaleiðniþróf sem M gekkst undir í janúar 2010 þar sem fram hafi komið að engin klemma hafi verið á ölnartaug. V vísar einnig til þess að niðurstöður þess dómkvadda matsmanns sem M vísi til séu ekki meira afgerandi en það að hann telji festumein þau sem M á við að stríða geti komið til af ýmsum ástæðum. V bendir einnig á að sami matsmaður telji aðspurður að aðgerð L hafi verið framkvæmd með réttum hætti og því sé ekki innbyrðis samhengi í niðurstöðum hans. V vísar til niðurstöðu annars dómkvadds matsmannsins sem telur að ekki sé sýnt að orsakatengsl séu milli festumeina M og aðgerðarinnar hjá L. V vísar til reynslu og þekkingar þess matsmanns sem margoft hafi framkvæmt sömu aðgerðir og þess álits hans að festumein megi fyrst og fremst rekja til álags, auk þess sem sjá megi af læknisfræðilegum gögnum að M eigi við slík mein að stríða í báðum handleggjum en ekki eingöngu þeim handlegg sem aðgerðin var framkvæmd á.

Álit.

Ágreiningur:

Í málinu er fyrst og fremst ágreiningur um hvort skilyrði 2.gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu séu uppfyllt. Það þýðir að ágreiningur er um hvort sýnt sé fram á að þau líkamlegu óþægindi sem M á við að etja í dag séu „að öllum líkindum“ hægt að rekja til atvika sem rakin eru í 1.-4.tl. 2.gr. umræddra laga. Einnig virðist vera ágreiningur um greiningu óþæginda M. M vísar eingöngu til 4.tl 2.gr. máli sínu til stuðnings en nefndin telur að skoða verði málið út frá 2.gr. í heild sinni og þar af leiðandi sé hún ekki bundin af málalíbúnaði M sem vísi eingöngu til 4.tl. Það breytir þó ekki því að leysa þarf fyrst úr ágreiningi sem varðar sönnun orsakatengsla óþæginda M og þeirrar lækni meðferðar sem hún gekkst undir hjá L.

Sönnun óþæginda M:

Eins og fram hefur komið liggja fyrir ýmsar álitsgerðir lækna vegna málsins um mein M og orsakir þeirra. Þeim ber ekki öllum saman um greiningu óþæginda M í dag eða mögulegar orsakir þeirra óþæginda. Þegar litið er til gagna málsins í heild þykir ekki óvarlegt að leggja til grundvallar þá greiningu sem dómkvaddir matsmenn eru sammála um varðandi niðurstöður skoðunar á matsfundi varðandi einkenni M í dag. Það þýðir að sannað sé að M hafi verki og eigi við að stríða dreifð festumein í báðum eftir útlimum, síst meiri í þeim vinstri en þeim hægri, en starfræn truflun á ölnartaug fáist ekki staðfest með skoðun lækna á matsfundi. Sameiginleg niðurstaða dómkvaddra matsmanna um eðli óþæginda M telst ganga framár áliti matsmanna í mati sem M aflaði einhliða sem og læknisvottorða um annað með vísan til þess að sönnunargildi matgerðar dómkvaddra matsmanna er ríkara auk þess sem rökstuðningur þeirra er í samræmi við gögn málsins.

Orsakatengsl:

Eins og komið hefur fram voru dómkvaddir matsmenn ekki sammála um orsakir umræddra óþæginda M. Annar hinna dómkvöddu matsmanna telur að beint tímasamhengi sé milli einkenni M aðgerðar og hann vísar einnig til þess að festumein geti verið hægt að rekja til mars, áverka eða tognunar. Hinn dómkvaddi matsmaðurinn telur hins vegar að tímasamhengi sé eingöngu hluti af heildarsamhengi í umræðu um orsakatengsl. Þar verði ekki litið framhjá því að meta hverjar almennar orsakir festumeina geta verið og vísar matsmaðurinn til rannsókna sem sýna að þær orsakir séu fyrst og fremst að rekja til álags. Með hliðsjón af þessu verði ekki lagt til grundvallar að aðgerð sem L framkvæmdi á L geti hafa verið orsök festumeina hennar.

Þegar litið er til gagna málsins í heild verður að líta til þess að mat nefndarinnar tekur mið af því að nefndarmenn eru ekki sérfróðir á sviði læknisfræði og byggja mat sitt því eingöngu á þeim gögnum sem liggja fyrir. Þegar litið er til þeirra gagna í heild telst það draga verulega úr líkindum á því að líkamleg óþægindi M séu rakin til umræddrar aðgerðar að hún eigi við að stríða festumein í báðum handleggjum. Bæði þeim sem aðgerð var gerð á, vinstra megin og hinum, hægra megin. Því til viðbótar kemur ekki fram í gögnum málsins að sannað sé að M hafi fengið sérstaklega áverka, mar eða tognun í umræddri aðgerð sem, eins og áður kemur fram, annar dómkvaddur matsmaður vísar til sem mögulega orsök festumeina umfram álag. Aðrar ástæður sem sá matsmaður vísar til eins og ofálag eða hreyfingarleysi teljast ekki heldur nægilega í ljós leiddar þannig að sönnunarbyrði M sé mætt. Þá er tekið fullt tillit til þess að sönnunarkröfurnar séu „að öllum líkindum“, sbr. orðalag 2.gr. laga nr. 111/2000. Í frumvarpi til umræddra laga kemur fram að þó slakað sé á sönnunarkröfum verði að sýna fram á að líklegra sé að tjónið stafí af rannsókn eða meðferð en öðrum orsökum. Af öllum gögnum virtum telst slík sönnun ekki komin fram.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 1. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 278/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur í innkeyrslu Smáralindar í Kópavogi þ. 30.12.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.8.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 14.8.2013 ásamt fylgiskjali
3. Bréf V-2 dags. 3.9.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiðanna A og B í útkeyrslu bifreiðastæðis við Smáralind í Kópavogi. Ökumaður A segist hafa verið kyrrstæður þegar áreksturinn varð og hafi B verið ekið inn á stæðið í allt of þröngri beygju og utan í A. Á tjónstilkynningu sem báðir ökumenn undirrita er aðeins merkt við að annar ökumaður sé að aka inn á bifreiðastæði en hinn út af því. Ekki er merkt við að A hafi verið kyrrstæð í umrætt sinn.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið hver staða ökutækjanna var nákvæmlega eða sýnt fram á að annar ökumaður beri sök umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 24.9.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 279/2013
M
og V1 v/ A, V2 v/B og V3 v/C.

Fjöldaárekstur á Hafnarfjarðarvegi við Kópavogslæk 6. mars 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 30. ágúst 2013 ásamt ljósmyndum.
3. Bréf V1 dags. 6. september 2013 ásamt ljósmyndum.
4. Tölvupóstur V3 dags. 9. september 2013.

Málsatvik.

Mál þetta fjallar um sakarskiptingu og greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingum bifreiða sem voru hluti að fjöldaárekstri sem varð í mjög slæmu veðri á Hafnarfjarðarvegi þann 6. mars 2013. Af gögnum málsins má ráða að afar vont veður hafi verið á vettvangi þegar bifreið, sem ekki er hluti af þeim sem deilt er um hér, stöðvaði vegna rafmagnsleysis og leiddi það til þess að fjölmargar bifreiðar lentu saman í kjölfarið. Afleitar veðuraðstæður voru á vettvangi og framburðir ökumanna taka mið af því að erfitt var að greina hver ók á hvern.

M telur að rekja megi tjón á bifreið A til þess að bifreið B var ekið ekið aftan á bifreið C sem þannig kastaðist á bifreið A. M telur því að bætur vegna tjóns á bifreið A eigi að greiða úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B hjá V2. Undir þessi sjónarmið taka váttryggingafélögin V1 og V3 en í bréfi V1 er sérstaklega vísað til framburðar ökumanns C til stuðnings þeirri niðurstöðu.

V2 telur að bifreið C hafi verið komin á vettvang áreksturs á undan A og hafi því ekki getað lent á A með þeim hætti sem M heldur fram. V2 telur að framburð ökumanns bifreiðar C verði ekki skilinn svo að hann hafi lent á A heldur hafi hann í raun lent á annarri óskyldri bifreið. V2 gerir auk þess grein fyrir því hvernig það telur að framvinda árekstra hafi verið í ítarlegu máli og með skýringarmyndum auk þess sem vísað er til ljósmynda og ákoma á bifreiðunum sem V2 telur að hlut eigi að máli.

Álit.

Ágreiningur í þessu máli er einangraður við það hvort eigandi bifreiðar A eigi rétt á bótum vegna tjóns á bifreiðinni úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B hjá V2. Við mat á því verður að líta til þeirra gagna sem liggja fyrir um fjöldaárekstur þann sem rekja má ágreininginn til. Þó ítarlega sé gerð grein fyrir mögulegri atburðarrás af hálfu V2 í málinu verður ekki hjá því litið að framburður ökumanna bifreiða B og C bendir sterklega til þess að tjón á bifreið A verði rakið til þess að bifreið B var ekið á bifreið C sem hafi síðan kastast á bifreið A. Ekki þykja komin fram nægilega skýr sönnunargögn sem leiða til annarrar niðurstöðu. Telst ökumaður B því bera ábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

Tjón á A (KP 255) bætist úr ábyrgðartryggingu B (PB 501) hjá V2.

Reykjavík 1. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Vigdís Halldórsdóttir lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 280/2013
M og
Vátryggingafélag (V) vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar (L)

Kona datt í hálfu fyrir utan vinnustað og slasaðist þ. 4.3.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.23.8.2013 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 6.9.2013.

Málsatvik.

M var á leið til vinnu sinnar og þurfti að ganga nokkra leið að útidyrum vinnustaðar sinnar og rann til í mikilli hálfu á leið sinni og olnbogabrotnaði. M gerir kröfu í frjálsa ábyrgðartryggingu vinnuveitanda sinnar L hjá V og byggir á því að sú skylda hvíli á atvinnurekanda að tryggja góðan aðbúnað og öryggi á vinnustað sbr. lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Af hálfu M er vísað til 13.gr. framangreindra laga og grein 3.1. í vátryggingarskilmálum. M telur að það komi ekki í veg fyrir bótaskyldu vinnuveitanda þó kveðið sé á um það í grein 3.2. vátryggingarskilmálanna að ekki sé tekið fram að L sé tryggður fyrir tjóni af völdum fasteignar. M heldur því fram að L hafi átt að gera sér ljóst að hálfuvarnir vantaði við inngang starfsmanna. Loks vísar M til dóms Hæstaréttar Íslands frá 1996 bls. 1002. V hefur viðurkennt bótaskyldu úr slysatryggingu launþega. V hafnar bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu L og vísar til þess að umrædd vátrygging taki ekki til L sem eiganda eða notanda húss eða fasteignar samkvæmt vátryggingaskilmálum og því ekki um bótaskyldu úr þeirri tryggingu að ræða í tilvikum M.

Álit.

Frjáls ábyrgðartrygging L hjá V tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á L vegna líkamstjóns sem verður vegna tilgreindrar atvinnustarfsemi hans sbr. grein 3.1. vátryggingaskilmálanna og skv. gr. 3.2 einnig vegna skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggingartaka sem eiganda og notanda húss eða fasteignar sem notuð er við viðkomandi atvinnustarfsemi sé þess getið í skírteini eða iðgjaldskvittun. Ekki liggur fyrir að tilgreint sé í skírteini eða iðgjaldskvittun að L sé vátryggt vegna skaðabótaábyrgðar sem notandi fasteignarinnar að Naustatanga 1. Skoða verður ákvæði málsgreina 3.1. og 3.2. í samhengi. Frjáls ábyrgðartrygging L hjá V tekur ekki til skaðabótaábyrgðar L sem eiganda eða notanda húss eða fasteignar. Röksemdir M fyrir skaðabótaábyrgð L lúta flestar að því að L hafi átt að sjá til þess að leiðir að fasteigninni hafi átt að vera hættulausar og L hafi vanrækt slíkar skyldur. Ekki verður hjá því komist að líta svo á að þar sé átt við skyldu L sem notanda fasteignar. Með vísan til gr. 3.2. í vátryggingarskilmálum á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu M hjá V vegna slíkra atvika. Ekki telst heldur sannað að L beri skaðabótaábyrgð á tjóni M vegna annarra atvika eða aðstæðna heldur verður slysið rakið til óhappatilviljunar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 1.10.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 281/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y. v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á akleið að bifreiðastæðum á Smáratorgi í Kópavogi hinn 23.5.2013.**Gögn.**

145. Málskot, móttakið 23.8.2013, ásamt fylgigögnum.

146. Bréf Y, dags. 3.9.2013, ásamt fylgigögnum.

147. Bréf (tölvuskeyti) X, dags 6.9.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið af bifreiðastæði á Smáratorgi inn á akleið sem liggur á milli bifreiðastæðisins og Dalvegjar við suðausturenda verslunarhússins að Smáratorgi 1. Í sömu andrá bar að bifreiðina B eftir akleiðinni úr gagnstæðri átt. Rákust þá saman hægri framhorn bifreiðanna.

Ökumenn útbjuggu og undirrituðu sameiginlega tjónstilkynningu um áreksturinn. Í viðbótarupplýsingum þeirra um áreksturinn er tildrögum árekstursins lýst orðrétt á sama veg: „Bíll B var á ca. miðri akbraut og var að færa sig til hægri. Bíll A kemur af stæði hægra megin og telur að bíll B sé að stefna á sig og vikir frá til vinstri í akstursleið bíls B sem bremsar og sveigir til vinstri. Hægri horn bílanna snertast.“

Í skýrslu ökumanns A er því bætt við að hann sé ekki sammála því að ökumaður B hafi verið að færa bifreið sína til hægri. Þá kveðst ökumaður A hafa verið kyrrstæður þegar árekstur varð, en B hafi verið á mikilli ferð.

Í skýrslu ökumanns B er því bætt við að áreksturinn hafi orðið á vegarhelmingnum sem B ók á.

Álit.

Hvorki af lýsingu ökumanna á tildrögum árekstursins né rissmynd á sameiginlegri tjónstilkynningu verður ráðið með vissu hvar á akbrautinni ökutækin voru staðsett þegar áreksturinn varð. Báðir ökumenn virðast ekki hafa sýnt þá varkárni í akstri sem af þeim mátti krefjast um það leyti sem áreksturinn varð. Eftir atvikum öllum og eins og sönnunarstöðu er háttað í máli þessu verður ekki ráðið að annar ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Verður því ekki hjá því komist að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 24. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 282/2013
M
og V v/ starfsábyrgðartryggingar lögmanns L.

Skaðabótaábyrgð lögmanns vegna starfa sinna sem skiptastjóri í þrotabúi í júní 2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 29. ágúst 2013.
3. Tölvupóstur M dags. 30. ágúst 2013.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var kröfuhafi í gjaldþrotabú þrotamanns sem L hafði umsjón með vegna starfa sinna sem skiptastjóri búsinns, en skiptum lauk í því búi 26. júlí 2012. Þrotamaðurinn fékk greiddan arf í júní 2011 sem rann ekki inn í þrotabúið heldur beint til þrotamannsins sjálfs sem ráðstafaði greiðslunni með ólögætum hætti í kjölfarið. Þrotamaðurinn var ákærð fyrir skilasvik og fékk dóm fyrir það brot í Héraðsdómi Vestfjarða þann 8. maí 2013.

M telur að L hafi ekki gætt skyldna sinna sem skiptastjóri nægilega vel með því að tryggja þrotabúinu ekki þá arfgreiðslu sem rétt hefði verið að runnið hefði inn í þrotabúið en ekki til þrotamannsins sjálfs. M vísar til tölvupósts sem sendur hafi verið til L þann 8. júní 2013 þar sem honum hafi verið tilkynnt um arfsvon þrotamannsins en arfurinn hafi verið greiddur út 9. júní s.á. M vísar til þess að skv. gögnum málsins hafi L ekki brugðist við fyrr en um mánuði síðar. L hafi síðan fengið bréf um lyktir erfðamálsins dags. 5. júlí s.á. frá því sýslumannsembætti sem hafði umsjón með því. M telur að það að hafa beðið svo lengi með að kanna stöðu erfðamálsins hafi verið gáleysi af hálfu L og hafi það leitt til tjóns fyrir M sem kröfuhafa þrotabúsins. Einnig vísar M til þess í tölvupósti 30. ágúst 2013 að L hafi ekki gert skaðabótakröfu sem einkaréttarkröfu f.h. þrotabúsins í sakamáli sem höfðað hafi verið vegna skilasvika þrotamannsins, en honum hafi verið gefinn kostur á því þegar ákvörðun um ákæru hafi legið fyrir.

V telur ekki sýnt fram á að L hafi sýnt af sér gáleysi við störf sín sem skiptastjóri. Hann hafi ekki haft upplýsingar um arfsvon þrotamannsins og ekki liggi fyrir nákvæmlega hvenær tölvupóstur, sem sendur var 8. júní 2011, hafi komist til vitundar L. Ljóst sé af gögnum málsins að skiptum hafi verið lokið 9. júní 2011 og megi því ætla að ráðstafanir varðandi greiðslur til erfingja hafi verið gerðar þá. L hafi óskað símleiðis eftir upplýsingum þann 10. júní 2011 um erfðamálið en þá fengið þær upplýsingar að skiptum væri lokið. Þó L hafi ekki skriflega óskað eftir staðfestingu á því fyrr en í júlí s.á. verði ekki hægt að líta á háttsemi hans sem saknæma þegar litið er til starfa hans sem skiptastjóri.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort L í störfum sínum sem lögmaður og skiptastjóri þrotabús einstaklings hafi sýnt gáleysi eða aðra saknæma háttsemi við störf sín. Til þess að M geti gert kröfu um skaðabætur úr starfsábyrgðartryggingu L verður hann að sýna fram á saknæma háttsemi L en einnig þarf að liggja fyrir sönnun um að slík háttsemi hafi leitt til tjóns fyrir M. Af gögnum málsins má ráða að L hafi fengið sendan tölvupóst þann 8. júní 2011 þar sem athygli hans hafi verið vakin á hagsmunum sem þrotabú, þar sem hann var skiptastjóri, þyrfti að gæta hagsmuna sína vegna möglegar arfgreiðslu þrotamanns. Af gögnum málsins má einnig ráða að L hafi kannað umrætt mál með símtali 10. júní s.á. þar sem hann kveðst hafi fengið þær upplýsingar í umræddu símtali að skiptum hafi verið lokið daginn áður, eða 9. júní. L sendi fyrirspurn vegna skiptaloka á viðeigandi sýslumannsembætti og fékk skriflegar upplýsingar með tölvupósti dags. 5. júlí 2011 að skiptum hafi verið lokið 9. júní s.á. Með bréfi dags. 12. júlí 2011 krafði L

þrotamann f.h. þrotabúsins um greiðslu umrædds arfs. Af gögnum málsins má ráða sú krafa hafi ekki borið árangur og greiðsla arfsins hafi ekki runnið til þrotabúsins eins og lagaskilyrði voru til.

Eins og áður segir þarf sá sem gerir kröfu um skaðabætur að sýna fram á að skilyrði skaðabótaréttar um greiðslu skaðabóta séu uppfyllt. Í máli M fellst það bæði í því að sýna fram á að L hafi sýnt saknæma háttsemi við störf sín og að sú háttsemi hafi leitt til tjóns. Þegar litið er til mats á saknæmri háttsemi lögmanns verður að leggja til grundvallar strangt sakarmat, þ.e. strangar kröfur eru gerðar til lögmannna um að þeir ræki starfa sinn án þess að það leiði til tjóns fyrir aðra. Það verður þó ekki litið framhjá því að ekki hefur verið sýnt fram á annað en að L hafi haft mjög nauman tíma til viðbragða þegar hann fékk sendan tölvupóst um mögulega arfsvon sem átti að koma í hlut þrotabúsins. Ekki er sýnt fram á hvenær tölvupósturinn barst til vitundar L og ekki er heldur hægt að líta framhjá því að L kveðst hafa fengið upplýsingar í símtali um lok erfðamálsins áður en hann fékk skriflegar upplýsingar um slíkt hið sama. Þó gera verði kröfur til þess að lögmann fylgist með tölvupósti í störfum sínum verður ekki metið L til sakar að hafa ekki brugðist samdægurs við þeim tölvupósti sem hann fékk sendan 8. júní 2011. Hvort það að bíða til 10. sama mánaðar og mögulegur skortur á formlegum viðbrögðum L eftir það gagnvart þrotamanni sé saknæm háttsemi verður einnig að skoða í ljósi þess að erfðamáli þrotamannsins var lokið 9. júní 2011 og ekki liggur annað fyrir en að arfgreiðslum hafi verið ráðstafað þá. Það þýðir að þó sé að færa rök fyrir því að mögulega hefði L getað gengið harðar eftir því að tryggja þrotabúinu arfgreiðsluna þá er ekki sýnt fram á annað en að þrotamaðurinn hafi ráðstafað umræddri greiðslu strax og endurheimtur hennar því ómögulegar á þeim skamma tíma sem þarna leið. Það verður því ekki talið nægilega sannað að M hafi orðið fyrir tjóni sem rekja má til saknæmrar háttsemi L.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu lögmannna L hjá V.

Reykjavík 17. september 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 284/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði við verslanir o.fl. í Gnoðarvogi í Reykjavík 3.6.2013.**Gögn.**

148. Málskot, móttækið 27.8.2013, ásamt fylgigögnum.

149. Bréf X, dags 16.9.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið aftur á bak úr stöðureitum sem snéru hvor á móti öðrum á bifreiðastæði. Rákust þá saman vinstra afturhorn A og hægra afturhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið aftur á bak út stöðureitnum. Ökumaður bifreiðar, sem var ekið eftir bifreiðastæðinu og var að bíða eftir stöðureitnum sem A hafi verið í, hafi gefið honum merki um að bakka. Hann hafi því haldið áfram að bakka og stöðvað og verið að fara að rétta A af þegar hann hafi fengið högg á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið aftur á bak þegar farþegi í aftursæti hafi sagt honum að stöðva. Fannst honum að B hafi verið stöðvað þegar bifreiðirnar rákust saman.

Ökumaður, sem ók eftir bifreiðastæðinu, kvaðst hafa gefið til kynna með stefnumerki að hann vildi aka í stöðureitinn sem A hafði verið í. A hafi verið bakkað og B hafi einnig verið bakkað. Er bifreiðirnar rákust saman hafi þær báðar verið á ferð. Í síðari skýrslu af vitninu telur hann A hafa verið kyrrstæða í þeirri andrá sem árekstur varð.

Farþegi í aftursæti B kvaðst hafa horft aftur fyrir B og séð þegar A var bakkað úr stöðureitnum. Hafi hann sagt ökumanni B að stöðva sem hann hafi gert, en síðan hafi A verið ekið á B.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en báðir ökumenn hafi ekki vitað af ferðum hins fyrr en árekstur varð. Báðir telja bifreiðir sínar hafa verið kyrrstæðar þegar þær rákust saman. Af skýrslum vitna verður ekki ráðið með vissu að önnur bifreiðin hafi stöðvað það löngu á undan hinni að staðhæft verði að annar ökumanna eigi fremur sök en hinn. Eftir atvikum öllum verður ekki hjá því komist að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 15. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 285/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við Grensásveg í Reykjavík þ. 27.4.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.8.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 23.5.2013
3. Bréf V-2 dags. 26.9.2013.

Málsatvik.

Árekstur varð á milli bifreiðanna A og B á bifreiðastæði við Grensásveg í Reykjavík. Ökumaður A segist hafa bakkað úr bifreiðastæði og ekið áfram til að snúa við þar sem hún taldi ekki rétt að bakka lengra vegna bifreiðar fyrir aftan og þá fengið B inn í hliðina á sér. Ökumaður A segist aldrei hafa stöðvað A eftir að hún byrjaði að aka henna áfram. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A og ökumaður hafi verið mjög óákveðin og síðan stoppað og ekkert verið að gerast og hafi hún þá ætlað að aka fram úr A en þá hafi A verið ekið af stað og árekstur orðið.

Álit.

Ekki verður annað ráðið af lýsingu ökumanna en að B hafi ákveðið að aka fram úr A á svæði þar sem þarf að gæta fyllstu aðgæslu við framúrakstur. Miðað við lýsingu ökumanns A þá er hún að aka áfram í umrætt sinn þegar ökumaður B ákvað að fara fram úr A. Ekki hefur verið sýnt fram á að A hafi verið stöðvuð í umrætt sinn eða ekið af stað úr kyrrstöðu í þann mund sem árekstur varð. Ökumanni B bar að gæta fyllstu varúðar við framúrakstur í umrætt sinn sbr. 2. og 3. mgr. 20.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þess gætti ökumaður B ekki og ber alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 24.10.2013

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 286/2013
M
og V v/ vatnstjónsliðar fasteignatryggingar.

Uppgjör vátryggingabóta vegna vatnstjóns sem tilkynnt var um 14. mars 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26.ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V 9.september 2013, ásamt afritum bréfa frá V til M dags. 2. júlí 2013.
3. Bréf M dags. 16. september 2013.

Málsatvik.

M tilkynnti um skemmdir á hluta vatnslagna fasteignarinnar Hagamels 30-32, fyrst að því er virðist á árinu 2012. Ekki verður annað séð en að V hafi fallist á að greiða bætur úr fasteignatryggingu M hjá V vegna þess tjóns sem varð vegna þessa en bætur eru ekki greiddar vegna tjóns á lögnum sjálfum skv. skilmálum tryggingarinnar. Í kjölfarið kom í ljós að ástand frárennslislagna var bágborið og var farið út í viðgerðir á þeim sem fólust í því að lagnirnar voru fóðraðar. Í tengslum við þær viðgerðir kom í ljós frekara tjón sem tilkynnt var til V í mars 2013. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ágreiningur í málinu snúist aðallega um það hvort greiða eigi bætur vegna uppbrots og rasks vegna þess tjóns sem tilkynnt var á árinu 2013 miðað við tillögur V eða miðað við kröfur M sem byggist á því raski sem M hefur raunverulega haft og tengist með einhverjum hætti umræddum framkvæmdum húsfélagsins sem eru ekki greiddar úr fasteignatryggingunni.

M telur að greiða eigi bætur vegna uppbrots og rasks þess sem verktaki á þess vegum taldi nauðsynlegt til að komast að hinum leku lögnum. M vísar til ákvæða skilmála vátryggingarinnar um að V greiði slíkar bætur og hafi ekki sýnt fram á að hægt hefði verið að haga uppbroti með öðrum hætti en gert var. Húsfélagið hafi, með ákvörðun um föðrun lagna hússins, takmarkað mjög það rask sem hefði getað orðið vegna tjóna sem þessara og því eigi að greiða bætur skv. kröfu þess.

V telur í fyrsta lagi að ágreiningur í málinu snúist um bótafjárhæðir og með vísan til 3.gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005 þurfi félagið að samþykkja að mál sem snúast um bótafjárhæðir fái afgreiðslu hjá nefndinni. Það samþykki liggja ekki fyrir.

V vísar einnig til þess að félagið hafi komið að málinu hafi verið unnið að því að skipta út skolplögnum í húsi M og framkvæmdir tekið mið af því. V telur að ef slíkar framkvæmdir hefðu ekki verið í gangi hefðu bætur sem það hefði greitt vegna vatntjóns tekið mið af því að brjóta inn að lögnum frá aðliggjandi herbergjum til að vernda flísalögn o.fl. á þeim herbergjum sem þannig væru búin. Mat á tjóninu sem V telur sig hafa átt að bæta liggja fyrir og M hafi ekki sýnt fram á frekara tjón.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins verður ekki annað séð en að fallist hafi verið á bótaskyldu úr vatnstjónslið fasteignatryggingar V en ágreiningur snúist forsendur fyrir uppgjöri vátryggingarbóta úr þeirri vátryggingu. Þegar metið er hvort ágreiningur snúist um bótafjárhæð verður ekki hjá því litið að í bréfi V til M dags. 2. júlí 2013 er sérstaklega vísað til þess að M geti lagt ágreining við V fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Verður ekki annað séð en að V hafi þar af leiðandi litið svo á með því bréfi að ekki væri um að ræða ágreining um bótafjárhæð í skilningi samþykktu um úrskurðarnefndina. Verður því ekki talið að V geti nú borið fyrir sig að samþykki fyrir afgreiðslu nefndarinnar liggja ekki fyrir, sbr. 3.gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina.

Þegar litið er til eðli ágreiningsins og gagna málsins er ljóst að það liggur fyrir mat V á tjóni M og til grundvallar því mati eru tilgreindar ákveðnar forsendur. Verður ekki séð að M hafi með skýrum gögnum eða annars konar mati sýnt fram á að tjón þess sé meira en sem nemur tillögu V. Ekki verður heldur séð að mat V sé í ósamræmi við þá skilmála váttryggingarsamningsins sem tilgreindir eru. Verður því ekki fallist á frekari greiðsluskyldu V en það sem kemur fram í tjónamati V dags. 2. júlí sl.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum fyrir skemmdir á húseign sinni úr vatnstjónslið fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík 1. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 288/2013
M
og V1 v/ A og V2 v/ B.

Umferðaróhapp við Stórhöfða og Viðarhöfða 12. ágúst 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V1 dags. 6. september 2013.
3. Bréf V2 dags. 16. september 2013.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að ökumaður A hafi ekið af Viðarhöfða inn á Stórhöfða í fyrirhugaða vesturátt þegar B kom akandi austur Stórhöfða og lentu bifreiðarnar saman á Stórhöfða. Biðskylda er fyrir umferð af Viðarhöfða inn á Stórhöfða. Vitni ber um að bifreið B hafi verið ekið greitt og bifreið A hafi verið komin vel í beygju inn á Stórhöfða þegar áreksturinn varð. Hemlaför eftir bifreið B eru tilgreind 21 metrar í gögnum.

M telur að árekstur megi fyrst og fremst rekja til hraðaksturs bifreiðar B og vísar til framburðar ökumanns B, hemlafara og vitnis. V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir við málskotið en V2 telur að skipta eigi sök þannig að ökumaður A beri 2/3 hluta sakar vegna biðskyldu og ökumaður B 1/3 hluta sakar vegna hraðaksturs.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að ökumanni A bar að veita umferð um Stórhöfða forgang, sbr. 2.mgr. 25.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem biðskylda var hjá honum sem hugðist aka af Viðarhöfða inn á Stórhöfða. Með því að aka gegn biðskyldunni inn á gatnamótin, án þess að víkja fyrir ökumanni B sem ók austur Stórhöfða, sýndi ökumaður A gáleysi við aksturinn. Ber hann meginsök á árekstrinum en í gögnum málsins kemur greinilega fram að ökumaður B hagaði akstri ekki eftir aðstæðum í greint sinn. Bæði framburður vitnis og hemlaför á vettvangi benda til þess að hún hafi ekið of hratt og þannig brotið gegn 36.gr. umferðarlaga. Skiptist sök vegna árekstursins þannig að ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á 1/3 hluta bóta úr ábyrgðartryggingu B en sök skiptist þannig að A ber 2/3 hluta sakar og B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 15. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 289/2013
M
og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega K
Kona rann til og ökklabrotnaði þ. 1.4.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.30.8.2013 ásamt fylgiskjölum 1-17
2. Bréf V dags. 16.9.2013.

Málsatvik.

M var á leið í heitan pott og rann til og missteig sig. M fann strax til mikilla verkja og var flutt með sjúkrabíl til aðhlyningar og fór í aðgerð daginn eftir þar sem hún hafði tvíbrotnað á ökkla. M krefst bóta úr frítímaslysátryggingu launþega hjá K og af hálfu M er því haldið fram að tilkynningarfrestur skv. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 hafi byrjað að líða í fyrsta lagi í árslok 2010 þar sem stöðugleikapunktur var metinn þ.12.8.2010 þegar ljóst hafi verið að tjón M væri varanlegt. Þá vísar lögmaður M til þess að hann hafi gert reka að því að fá upplýsingar um frítímaslysátrygginguna og síðan haft samband við V til að fá upplýsingar um málið og sent V kröfubréf. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið hafi verið tilkynnt of seint sbr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga, en það hafi verið tilkynnt með bréfi þ. 13.12.2012. V segir að engin gögn liggi fyrir um að lögmaður M hafi sent fyrirspurnarbréf til V þ. 4.10.2011, en þó svo hefði verið þá skipti slík fyrirspurn ekki máli hvað tilkynningarfrest varðar skv. 124.gr. vátryggingasamningalaga. V byggir á því að M hafi hlotið slæmt ökklabrot og þurft hafi að gera aðgerð á ökklanum strax í kjölfarið og telur V að M hafi þegar á þeim tímapunkti mátt vera ljóst að hún kynni að eiga kröfu í launþegatryggingu K hjá V., en verði ekki á það fallist þá telur V rétt að miðað sé við stöðugleikatímamark M þ. 12.8.2010 enda ljóst að eftir þann tíma hafi ekki orðið breytingar á heilsufari M, en formleg krafa í launþegatrygginguna hafi verið gerð fyrr en eð tjónstilkynningu þ. 3.12.2012 eða rúmum tveimur árum eftir að stöðugleikapunktur var náð.

Álit.

M þurfti að fara í aðhlyningu á slysideild strax eftir að hún varð fyrir slysinu þ. 1.4.2010 og fór í framhaldi af því í aðgerð vegna ökklabrots. Í matsgerð sem lá fyrir 20. júní 2011 var ástand hennar metið stöðugt frá 12. ágúst 2010 og líkamstjón hennar metið til varanlegra afleiðinga. Af gögnum málsins má ráða að atvik að baki kröfu M, í skilningi 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, hafi verið komin fram á árinu 2010 þegar heilsufar hennar er orðið stöðugt. Formleg krafa frá M í launþegatryggingu K hjá V barst V ekki fyrr en þ. 22.11.2012 löngu eftir að ársfrestur umrædds ákvæðis var liðinn. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega K hjá V. Fyrirspurnarbréf sem lögmaður M segist hafa sent þ.4.10.2011 um vátryggingar Kópavogsbæjar kemur ekki í stað tilkynningar skv. 124.gr. laga um vátryggingasamninga og hefur ekki þýðingu í máli þessu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega K hjá V.

Reykjavík 15.10.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 291/2013
M
og V v/málskostnaðarliðar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um undanþáguákvæði málskostnaðartryggingar í tengslum við váttryggðan sem eiganda fasteignar og þjónustusamning dags. 24.janúar 2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 9.september 2013, ásamt skilmálum málskostnaðartryggingar.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hyggst höfða dómsmál vegna ágreinings um ákvæði þjónustusamnings sem hann þurfti að gera þann 24. janúar 2011 við X. Þessi samningur er tilkominn vegna kvaðar sem er á eignarhluta hans í fasteign, sbr. yfirlýsing dags. 5.nóvember 2004. M telur að samningsskilmálar umrædds þjónustusamnings séu ósanngjarnir og fari gegn ákvæðum samningalaga.

M telur að greiða eigi bætur úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar hans. M telur að þar sem fyrirhuguð málsókn hans tengist ekki nema að hluta fasteign hans heldur snúist fyrst og fremst um ósanngjarna samningsskilmála og ákvæði laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

V telur að að sá ágreiningur sem M lýsir í málskoti sé tilkominn vegna eignarhalds hans á fasteign og því eigi undanþáguákvæði váttryggingarskilmála, sbr. gr. 25.9 við. Þar komi fram að váttryggingin bæti ekki málskostnað sem varðar váttryggðan sem eiganda fasteignar.

Álit.

Ágreiningur sá sem M lýsir í málskoti sínu lýtur að því að hann hyggst freista þess að fá tilteknum ákvæðum þjónustusamnings vikið til hliðar á grundvelli ákvæða gildandi samningalaga. Sá þjónustusamningur var gerður vegna kvaðar sem hvílir á fasteign þeirri sem M festi kaup á nokkrum árum áður. Ágreiningur vegna mögulega ósanngjarnra ákvæða umrædds samnings væri ekki tilkominn nema vegna þess að M var bundinn við þessa kvöð sem eigandi fasteignar. Því verður ekki litið framhjá því að ágreiningur í málinu varði hann sem eiganda fasteignar og undanþáguákvæði gr. 25.9 í váttryggingarskilmálum V eigi við.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 1. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 292/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega hjá N.

Starfsmaður á hvalaskoðunarbat rann til og fékk slink á háls og bak þ. 18.10.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.28.8.2013 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 11.9.2013

Málsatvik.

M er starfsmaður hvalaskoðunarfyrirtækis og var við störf hjá fyrirtækinu í slipp og var að vinna við logsuðu og var að lyfta hlut boginn með snúið upp í háls og bak, þegar hann rann til og fékk slink á bak og háls, að sögn lögmans hans. Engin vitni voru að atvikinu. M gerði vinnuveitanda grein fyrir því og sendi vinnuveitandi tilkynningu þ. 21.11.2013 þar sem segir að M hafi fengið á sig hnykk þegar hann reis upp og festist við það í hálsi/baki. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega hjá V og bendir sérstaklega á að hann hafi runnið til og fyrsta tilkynning vinnuveitanda um slysið hafi verið röng og hafi verið leiðrétt og beri því að leggja til grundvallar að M hafi runnið í umrætt sinn og fengið við það framangreinda áveraka. V hafnar bótaskyldu og bendir á að þegar V var tilkynnt um málið hafi engar athugasemdir verið gerðar við tilkynningu vinnuveitanda hvað varðar lýsingu á tildrögum atviksins. V bendir á að félagið hafi hafnað bótaskyldu þar sem tilvikið félli ekki undir slysatryggingu launþega þar sem ekki væri sýnt fram á að utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum á líkama M. V segir að atvikalýsing sú sem að lögð sé til grundvallar fái einnig stuðning í fyrstu skráningu atviksins hjá lækni sbr. vottorð Unnsteins Inga Júlíussonar dags. 11.1.2013 þar sem greint sé frá fyrstu komu M á heilsugæslu þ. 5.1.2012. V segir að hafi M ætlað að gera athugasemd við skráningu á tildrögum slyssins þá hafi honum borið að gera það mikið fyrr auk þess sem að ný atvikalýsing sé ólík því sem áður var skráð.

Álit.

Leggja verður þá atvikalýsingu sem kemur fram í fyrstu tilkynningu um slysið frá vinnuveitanda til Sjúkratrygginga Íslands, en sú atvikalýsing sem þar kemur fram fær stuðning í skráningu læknis af atvikinu. Miðað við ofangreinda atvikalýsingu er ekki um skyndilegt utanaðkomandi atvik að ræða og því ekki um bótaskyldt slys að ræða úr slysatryggingu launþega. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá vinnuveitanda sínum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega N hjá V.

Reykjavík 1.10.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 293/2013**M
og
váttryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um hvort bílvelta verði rakin til stórkostlegs gáleysis vegna ölvunar.****Gögn.**

150. Málskot, móttakið 28.8.2013, ásamt fylgigögnum.

151. Bréf X, dags 13.9.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Laust eftir kl. 10 að morgni sunnudagsins 1.7.2012 var lögreglunni á Ísafirði tilkynnt að bifreiðin A hefði oltið á Hrafnseyrarheiði Dýrafjarðarmegin. Kvað tilkynnandi að karlmaður hefði komið að heimili hans og óskað eftir aðstoð vegna bílveltu, en tekið sérstaklega fram að ekki mætti hafa samband við lögreglu eða björgunarsveitir vegna málsins. Hafi maðurinn verið undarlegan í háttum, eins og hann væri undir áhrifum áfengis eða vímuefna, er hann kom á heimili hans til að leita aðstoðar. Er lögregla kom á vettvang mátti af skriðförum sjá að A hafði verið ekið í átt til Dýrafjarðar frá Arnarfirði. Á vettvangi gáfu erlendir ferðamenn sig á tal við lögreglu og vildu tilkynna um einkennilega hegðun hjá karlmanni á þjóðveginum við Hrafnseyri. Væri maðurinn greinilega að stöðva för ökumanna til að fá far.

Við Hrafnseyri náði lögregla tali af M, eiganda A. M var sjáanlega ölvaður, augu vot, reikull í spori og megnan áfengisþef lagði frá vitum hans. Hann virtist einnig illa áttaður. M hafði í fórum sínum poka með þremur áfengum bjórum. Kvaðst M hafa verið að drekka áfengi síðustu tíma. Hann hafi gengið frá Flókalundi að Hrafnseyri í leit að A. Kvöldið áður hefði hann verið í Flókalundi þar sem erlendir ferðamaður, sem hreifst mjög af A, hafi fengið að prófa hana. Hann hafi hins vegar ekið á brott og ekki sést aftur. Kvaðst M ekki kannast við að hafa verið í A er hún valt. Kl. 13:27 fyrrgreindan dag gaf M þvagsýni vegna fíkniefnaneyslu er sýndi jákvætt neyslu kannabis. Kvaðst M hafa reykt „nokkrar jónur“ nokkrum dögum fyrr. Kl. 13:40 gaf M öndunarsýni m.t.t. áfengisneyslu sem sýndi 0,43 mg/l.

Daginn eftir gaf M skýrslu að nýju hjá lögreglu og vildi breyta framburði sínum. Kvaðst hann viðurkenna að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Hann hafi komið í Flókalund um kl. 23 á laugardagskvöldinu, farið þá í heitan pott og síðan tjaldað. Á meðan hafi hann drukkið þrjá áfenga bjóra. Hann hafi svo vaknað um kl 7 á sunnudagsmorgninum og ákveðið að aka um svæðið. Hann muni vel eftir ökuferðinni. Hann hafi verið að aka niður af Hrafnseyrarheiðinni á um 60 km hraða á klst. er hann hafi misst stjórn á A. Hann hafi náð að aka A út af veginum að ofanverðu upp í hlíðina þar sem A hafi farið eina veltu. M kvaðst ekki hafa drukkið áfengi fyrir aksturinn né hafa fundið til áfengisáhrifa meðan á akstri stóð. Eftir óhappið hafi hann drukkið þrjá til fjóra áfenga bjóra sem hann hafði meðferðis. Er hann kom á heimili tilkynnanda, sem áður getur, hafi hann óskað eftir að hringt yrði í hjálp.

M hefur krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 getur félag losnað úr ábyrgð í heild eða að hluta ef váttryggður veldur váttryggingaratburði með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

M hefur viðurkennt að hafa drukkið þrjá áfenga bjóra um og eftir kl. 23 kvöldinu áður en váttryggingaratburðurinn varð, er hann fór í heitan pott og tjaldaði í Flókalundi. M hefur viðurkennt að hafa ekið A þegar hún valt út af veginum, en neitar að hafa þá verið undir áhrifum áfengis. Engu að síður var hann sjáanlega ölvaður þegar lögregla hafði afskipti af honum fáeinum klukkustundum eftir atvikið. Samkvæmt öndunarsýni sem tekið var tjónsdaginn kl. 13:27 var magn áfengis í sýninu í þeim mæli að hann gat ekki stjórnað ökutæki örugglega, sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. M hvarf af vettvangi án þess að kalla til lögreglu eða björgunarlið. Ekki eru efni til að draga í efa framburð þess er tilkynnti atburðinn til lögreglu að M hafi tekið fram að ekki skyldi haft samband við lögreglu eða björgunarlið. Þá varð M tvísaga um það hvernig óhappið bar að höndum og vildi í fyrstu ekki kannast við að hafa ekið A þá. Þegar til alls þessa er litið verður að telja að svo yfirgnæfandi líkur hafi verið fyrir því að M hafi verið drukkin þegar hann ók A í umrætt sinn að slá megi föstu að svo hafi verið nema honum takist að sanna hið gagnstæða. Sú sönnun hefur ekki tekist. Því verður óhappið rakið til þess að M hafi ekið A undir áhrifum áfengis. Með því sýndi hann háttsemi sem verður metin honum til stórkostlegs gáleysis. Þegar atvik eru virt í heild verður að telja að háttsemi M hafi í för með sér að X sé laust úr ábyrgð vegna þess tjóns sem varð á A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A, hjá X.

Reykjavík, 1. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 294/2013
M
og V1 v/ A og V2 v/ B.

Árekstur á Tjarnarbraut í Njarðvík 13. nóvember 2012.

Gögn.

1. Málskot dags. 28. ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V1 13. september 2013, þar sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir vegna málsins.
3. Bréf V2 dags. 2. september 2013, ásamt framburði vitnis í bifreið B dags. 4. desember 2012.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B, sem óku í sömu átt, á Tjarnarbraut í Njarðvík þann 13. nóvember 2012. M ók bifreið A á undan bifreið B og skv. sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna er merkt við að bifreið A hafi verið ekið til hægri inn á bílastæði þegar bifreið B var ekið fram úr og í hlið bifreiðar A. Á teikningu á sömu sameiginlegu tjónstilkynningu er akstursleið bifreiðar A sýnd þannig að hægri ökumaður A hafi tekið hægri beygjuna þannig að hann hafi ekið aðeins til vinstri áður en hann ók til hægri. Ökumaður B vísar til þess að ökumaður A hafi ekið til vinstri á akbrautinni og ekki gefið stefnumerki til hægri. Ökumaður B hafi því ætlað að aka beint áfram en þá hafi ökumaður A beygt til hægri í veg fyrir bifreið B. Vitni sem var farþegi í bifreið B lýsir atvikum á svipaða vegu og ökumaður bifreiðar B.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum með því að hafa reynt framúrakstur hægra megin við gatnamót þannig að hann hafi ekið upp á gangstétt hægra megin og þannig ekið í hlið bifreiðar A. M vísar til þess að við hægri beygju hafi hann ekið aðeins yfir akreinalínu vinstra megin en ekki sé hægt að beygja til vinstri á umræddum stað og því hafi ökumaður A ekki getað vænst þess að hann hafi ætlað að beygja til vinstri. Auk þessa hafi ökumaður B ekið of hratt þar sem hámarkshraði sé 30 km/klst og ökumenn nýbúnir að aka yfir gangbraut. V2 telur að skipta beri sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna hafi gætt nægilegrar varúðar við aksturinn.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að M sem ökumaður A tók beygju til hægri án þess að gæta að því að staðsetja bifreið sína hægra megin á akbrautinni eins og honum bar skv. 3.mgr. 15.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ekki þykir heldur sannað að hann hafi gefið akstursstefnu sína til kynna með stefnumerki, sbr. 2.mgr. 31.gr. sömu laga. Ökumaður B ók hins vegar með þeim hætti að hann gætti þess ekki að hafa nægilegt bil milli bifreiða eins og honum bar skv. 3.mgr. 14.gr. sömu laga, en af aðstæðum á vettvangi var ekki hægt að ráða að bifreið A væri með skýra akstursstefnu til vinstri. Með vísan til þessa þykir hvorugur ökumanna hafa gætt nægilegrar varúðar og verði því að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli A og B.

Reykjavík 1.október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 295/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Frítímaslysáttryggingar.

Hjólreiðamaður datt og slasaðist. Ágreiningur um hvort M hafi verið við æfingur til undirbúnings fyrir keppni eða ekki. Þ. 29.4.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.8.2013 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 11.9.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi verið að hjóla á göngu-og hjólastíg sem liggur meðfram Eiðsgranda og dottið af hjólinu. M var með hjálm á höfði. Vitni að slysinu segja að M hafi hjólað fram úr þeim og þakkað þeim fyrir að víkja og hjólað áfram og ætlað fram úr manni sem var að skokka og töldu að sá maður hafi ætlað að víkja fyrir M, en farið í veg fyrir hann og þá hafi M bremsað og dottið af hjólinu og lent á hægri hliðinni. Maðurinn sem var að skokka segist hafa farið óvart í veg fyrir M. M krefst bóta úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V. Af hálfu V er því haldið fram að þegar hann var að hjóla í umrætt sinn hafi hann ekki verið að æfa sig sérstaklega fyrir keppni í svokölluðum "Ironman", en M taki virkan þátt í íþróttum og séu hjólreiðar eitt af hans áhugamálum. M bendir á að hvergi í gögnum málsins þar sem fjallað sé um slysið sé vísað til þess að M hafi verið að æfa sig fyrir Ironman heldur hafi verið um hefðbundin hjólreiðatúr hans að ræða. Af hálfu M er því mótmælt að V hafni bótaskyldu á grundvelli ákvæðis 4.4. í III.kafla vátryggingarskilmála þeirra sem hér ræðir um þar sem slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings keppni séu undanskilin. V hafnar bótaskyldu á þeim forsendum að M hafi í umrætt sinn verið að æfa sig fyrir keppni í "Ironman". V bendir á að skv. grein 4.4. í III. kafla vátryggingarskilmála fyrir umrædda vátryggingu séu slys sem verða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hverskonar íþróttum undanskilin. V bendir á vottorð Ingvars Ingvarssonar læknis dags. 15.3.2013 þar sem fram komi að M sé kerfisstjóri sem æfir fyrir "Ironman" og ekki verði annað skilið af samhenginu en að M hafi verið að æfa sig fyrir "Járnkarl" í umrætt sinn. Þá vísar V til þess að M haldi úti heimasíðu þar sem hann fjalli um allt sem tengist æfingum og keppni í "Járnkarli". V bendir á að umræddur "Járnkarl" sé einstaklingsíþrótt og séu hjólreiðar hluti af þeirri íþrótt og það sé ekki skilyrði að M hafi þurft að vera undir handleiðslu þjálfara til að ofangreind ákvæði vátryggingarskilmála eigi við.

Álit.

Af framburðum vitna má ráða að M hafi verið að hjóla með hefðbundnum hætti í umrætt sinn. Hann bað vitnin um að víkja úr vegi og þakkaði þeim fyrir að gera það. Þá ber sá maður sem fór í veg fyrir M að hann hafi gert það óvart. Ekkert bendir því til að slys M hafi orðið vegna þess að M hafi hjólað með óeðlilegum hætti í umrætt sinn eða öðrum hætti en hjólreiðamenn gera almennt á göngu/hjólreiðastígum eins og þeim sem um ræðir. Sú staðreynd að M æfir fyrir keppni í svokölluðum "Ironman" eða "Járnkarli" veldur því ekki að hann verði jafnan talinn vera við æfingar fyrir keppni í þeirri íþrótt í hvert skipti sem hann fer í hjólreiðatúr. M mótmælir því að hann hafi verið við æfingar fyrir keppni í umrætt sinn og V hefur ekki tekist að sýna fram á að svo hafi verið eða nokkuð hafi verið óeðlilegt við akstur M í umrætt sinn. Að því virtu verður ekki talið að ákvæði í grein 4.4. í kafla III í vátryggingaskilmálum eigi við um það atvik sem hér ræðir um. M á því rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 1.10.2013

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 296/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns við bílveltu.****Gögn.**

152. Málskot, móttakið 29.8.2013, ásamt fylgigögnum.

153. Bréf X, dags 18.9.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 6.7.2007 valt bifreiðin A í Oddskarði sunnan megin við munna jarðgangna um skarðið. Valt bifreiðin a.m.k. eina veltu að talið er niður snarbratta hlið og staðnæmdist í stórgrýttri urð um 11 m neðan við veginn. M ók A í umrætt sinn. Í lögregluskýrslu segir að M telji sig ekki hafa orðið fyrir meiri meiðslum en skurðum á hendi og á höfði. Þá segir í lögregluskýrslunni að mikil mildi hafi verið að ekki skyldi verða stórslys þar sem aðstæður þarna hafi vægast sagt verið hættulegar.

Farið var með M til skoðunar á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað. Við komu á sjúkrahúsið var M stöðugur í lífsmörkum og kvaðst ekki hafa neina verki. Við nánari rannsókn greindust engar blæðingar og engin brot, enginn „pneumothorax“, engin blæðing í heila og engin hreyfing á hryggjar- eða hálsliðum. M dvaldist um á nótt á sjúkrahúsinu og við útskrift morguninn eftir leið honum mjög vel.

Í maí 2008 leitaði M til heimilislæknis vegna mjóbaksverkja með leiðni niður til vinstri. Var talið að um vöðvaverki væri að ræða en ekki brjós-klos. Hann var í erfiðisvinnu og fékk ásamt verkjalyfjum vottorð um að minnka að lyfta eða ýta þungum hlutum. Í maí 2009 leitaði M aftur til læknis og hafði þá svipuð vandamál og árinu áður. Fékk hann frí frá vinnu og verkja- og bólgueyðandi lyf. Við læknisskoðun í apríl 2010 hafði M verki í miðju baki og aukinn stirðleika. Gekkst M undir röntgenrannsókn og í læknisvottorði vegna þeirrar rannsóknar segir: „Beingerð er eðlileg. Það örlar fyrir scoliosu convex yfir til hæ. um miðbikið á thoracal hrygg og vægar skerpingar á liðbolsbrúnum en ekki að sjá brot eða deformitet á liðbolum.“

Í desember 2011 fór M í segulóm skoðun á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Við þá rannsókn greindist brjós-klos í L5-S1 bilinu sem þrýsti ekki á taugar. Í sama mánuði fékk M beiðni á sjúkrahjálfun og aftur í febrúar 2012. Í júlí 2012 kom M á ný til heimilislæknis og hafði þá verki í brjósthrygg og mjóbaki sem leiða niður í vinstri rass og læri. Hinn 3.10.2012 leitaði M til taugaskurðlæknis. Í læknisvottorði hans segir að M reki einkenni sín til slyssins í júlí 2007 þar sem A hafi farið nokkrar veltur. Strax eftir slysið hafi hann fengið verk í bak sem liggja niður í vinstri rasskinn og læri og niður í kálfa og hæl. Tölvusneiðmynd sem aflað var 3.10.2012 sýndi „mjög stóran disk prolaps L:V-S:I sem gengur yfir til vinstri og þrýstir á S:I rótina.“ Var niðurstaða læknisins að M væri með brjós-klos „L:V-S:I“ vinstra megin sem var staðfest með tölvusneiðmynd af mjóbaki. Samanborið við segulómun 2.12.2011 virtist brjós-klosið hafa stækkað. Í niðurlagi vottorðsins segir að M segist hafa verið einkennalaus frá baki áður en hann lenti í slysinu 6.7.2007 þannig að saga bendi til þess að brjós-klosið hafi orðið við það óhapp.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Brátt fyrir að A virðist hafa skemmst talsvert við veltuna og hún hafi oltið a.m.k. eina veltu greindust strax eftir slysið engir líkamsáverkar hjá M að frátöldum skurðum á hendi og höfði. Engin gögn liggja fyrir um heilsufar M fyrr en í maí 2008 eða um tíu mánuðum eftir slysið er hann leitaði til læknis vegna mjóbaksverkja. Verður ekki séð af fyrirliggjandi gögnum að einkenni þessi hafi verið rakin sérstaklega til slyssins eða M hafi fundið fyrir þeim allar götur frá slysinu. Þá verður ekki séð að M hafi aftur leitað til læknis vegna bakeinkenna sinna fyrr en í maí 2009, aftur í apríl 2010 og svo í desember 2011 er hann fór í segulómskoðun á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Engin matsgerð liggur fyrir í málinu. Þótt í vottorði taugalæknis sé þess getið að sjúkrasaga M bendi til að bakeinkenni M megi rekja til slyssins 6.7.2007 verður ekki talið að með vottorði þessu, einu og sér, teljist sannað að svo hafi verið. Af fyrirliggjandi gögnum verður því ekki fullyrt að einkenni frá baki sem M býr við í dag verði rakin til slyssins 6.7.2007. Þegar af þeirri ástæðu telst líkamstjón M ekki bótaskyld úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 15. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 297/2013
M
og V vegna slysatryggingar ökumanns A.

Gildissvið slysatryggingar ökumanns vegna slyss í aksturskeppni 28. júlí 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30. ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 20. september 2013.

Málsatvik.

Í málinu er óumdeilt að M hafi slasast þann 28. júlí 2012 í svokallaðri endurokeppni á Egilsstöðum sem haldin var á vegum íþróttasambandsins MSÍ. Ók M bifhjólinu A í greint sinn og var það tryggt með slysatryggingu ökumanns hjá V. M tilkynnti slys sitt til V með tjónstilkynningu dags. 10. september 2012 og V hafnaði greiðsluskyldu með bréfi dags. 10. október 2012.

M telur að V eigi rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns þó hann hafi ekki keypt sérstakan keppnisviðauka við vátrygginguna. V sé auk þess óheimilt að takmarka lögbundna tryggingavernd með þeim hætti að útiloka sérstaklega slys sem verða í keppni. Vísar M til 91. og 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 1.gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008. M vísar til þess að bifhjól hans hafi sérstaklega verið þess eðlis að það V hafi mátt vita að það yrði einungis notað á lokuðum svæðum þar sem væri verið að reyna sig í keppni og því sé önnur vátrygging en sú sem innifelur keppnisáhættu marklaus. M vísar til þess að V hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni nægilega vel, skilyrði um áhættubreytingu eigi ekki við eða ábyrgðartakmörkun vegna hættulegrar starfsemi og vísar M til 25., 26., 64.gr., 87.gr. og 88.gr laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Einnig vísar M til þess að ekki séu orsakatengsl milli slyss M og þess að hann hafi verið í keppni. M vísar til þess að V hafi upplýst að félagið hefði selt M sérstakan keppnisviðauka hefði verið óskað eftir því með iðgjaldi sem nemi um 8,7% af heildariðgjaldi vátryggingar M. Í síðasta lagi vísar M til þess að ákvæði 12.gr. skilmála lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækja hjá V um aksturskeppni gildi einungis um þá vátryggingu en ekki slysatryggingu ökumanns og ákvæði 10.gr. í slysatryggingu ökumanns þar sem vísað sé til skilmála ábyrgðartryggingar sé of óljóst til þess að á því verði byggt. V verði að bera hallann af því að ákvæði skilmála og vátryggingaskírteinis séu óskýr.

V vísar til orðalags vátryggingaskírteinis og 12.gr. skilmála sem gilda um lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækis og slysatryggingu ökumanns og eiganda sem farþega í eigin ökutæki, nefndur B-1. Á báðum stöðum komi fram að vátryggingin taki ekki til tjóns við aksturskeppni nema um annað sé samið og þess getið á vátryggingarskírteini. Þegar af þeirri ástæðu að M hafi ekki samið við V um að tryggingin taki til tjóns í aksturskeppni sé það ekki greiðsluskýlt. V telur að skýrlega komi fram í skilmálum lögboðinna vátrygginga vegna A að þeir nái jafnt til ábyrgðartryggingar og slysatryggingar ökumanns og þeir séu í samræmi við umferðarlög. V vísar einnig til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 231/2009 þar sem fjallað hafi verið um svipað álitaefni og sambærileg tilvísun í 10.gr. slysatryggingar ökumanns og M vísar til sem óskýrrar hafi verið talin nægilega skýr. V telur einnig að ákvæði í skilmálum þess séu í fullu samræmi við umferðarlög og ákvæði 87. og 88.gr. laga um vátryggingarsamninga. Skýr orsakatengsl séu milli þátttöku M í aksturskeppni og slyssins og sé vátryggingafélagi heimilt að takmarka ábyrgð sína með hlutrænum hætti vegna þátttöku í aksturskeppni.

Álit.

Í málinu er fyrst og fremst deilt um hvort M geti sótt bætur í slysaftryggingu ökumanns torfærubifhjólans A, en óumdeilt er að hann slasaðist við notkun þess í aksturskeppni. Deilt er um hvort M sé bundinn við 12.gr. skilmála fyrir lögboðnar ökutækjaftryggingar hjá V sem takmarkar gildissvið þeirra þannig að þær ná ekki til þess þegar tjón verður við aksturskeppni. Eins og kemur fram í máli nefndarinnar nr. 231/2009 eru í 91.-93.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ákvæði um vátryggingarskyldu eigenda og þeirra sem fara með varanleg umráð skráningarskyldra vélknúinna ökutækja. Í 1.gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjaftryggingar kemur fram að vátryggingafélagi sé skylt að taka að sér m.a. lögmæltar slysaftryggingu ökumanns fyrir sérhvern vátryggingarskyldan aðila sem undirgengst vátryggingarskilyrði ákveðin í samræmi við þá áhættu sem félagið tekur að sér. Verður að túlka þessi ákvæði svo að vátryggingafélagi sé heimilt að ákveða hvaða áhættu það tekur að sér. Er nánar kveðið á um gildissvið gagnvart þeirri áhættu í vátryggingarskilmálum. Í þessu ljósi verður að telja að í 12.gr. vátryggingaskilmálanna, nánar tiltekið í 1. kafla fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækja, sé gildissvið vátryggingarinnar í heild sinni þannig takmarkað, að hún taki ekki til tjóns við aksturskeppni. Í 2. kafla sömu vátryggingarskilmála er fjallað slysaftryggingu ökumanns. Í 10.gr. þess kafla kemur fram að 1. kafla skilmálanna gildi um slysaftryggingu ökumanns eftir því sem við á. Þessi tilvísun í vátryggingarskilmálunum er nægilega skýr til þess að hægt sé að leggja til grundvallar að gildissvið vátryggingar þeirrar sem M var skylt að festa kaup sé í heild sinni takmarkað við annað tjón en það sem verður í aksturskeppni. Ekki er að finna því stöð í lögum og reglugerðum að torfærubifhjól, eins og A séu einungis notuð í aksturskeppni og eigi því að sérsníða gildissvið lögboðinna vátrygginga að þeirri notkun.

Vátryggingasamningur sá sem M gerði við V felur í sér skrifleg gögn, vátryggingarskírteini og vátryggingarskilmála þar sem á báðum stöðum kemur fram að vátryggingin taki ekki til aksturskeppni. Ljóst er að M óskaði ekki eftir slíkri vernd hjá V áður en slysið varð þann 28. júlí 2012. Ekki liggur fyrir að V hafi brotið gegn skyldum sínum í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 eða að ákvæði þeirra laga setji því sem þeim sem hér um deilt skorður. Vísað er til orðalags í frumvarpi til þeirra laga í gr. 6.4. í almennum athugasemdum þar sem kemur fram að markmið laganna sé ekki að setja því takmörk gegn hvaða áhættu er vátryggt eða amast við skýrum hlutlægum ábyrgðartakmörkunum í vátryggingarsamningum. Ekki er heldur unnt að fallast á að V hafi farið gegn ákvæðum umferðarlaga. Niðurstaða þessa máls er því að öllu ofangreindu virtu, sú að greiðsluskylda hafi ekki stofnast úr slysaftryggingu ökumanns A hjá V þar sem gildissvið hennar hafi ekki náð til slysa sem verða í aksturskeppni.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr slysaftryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík 15. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 298/2013
M
og V vegna slysátryggingar ökumanns A.

Gildissvið slysátryggingar ökumanns vegna slyss í aksturskeppni 5. maí 2012.

Gögn.

1. Málskot móttækið 30. ágúst 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 20. september 2013 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í málinu er óumdeilt að M hafi slasast þann 5. maí 2012 í aksturskeppni sem haldin var á vegum íþróttasambandsins MSÍ. Ók M bifhjólinu A í greint sinn og var það tryggt með slysátryggingu ökumanns hjá V. M tilkynnti slys sitt til V með tjonstilkynningu dags. 10. september 2012 og V hafnaði greiðsluskyldu með bréfi dags. 12. september 2012.

M telur að V eigi rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns þó hann hafi ekki keypt sérstakan keppnisviðauka við vátrygginguna. V sé auk þess óheimilt að takmarka lögbundna tryggingavernd með þeim hætti að útiloka sérstaklega slys sem verða í keppni. Vísar M til 91. og 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 1.gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatriyggingar nr. 424/2008. M vísar til þess að bifhjól hans hafi sérstaklega verið þess eðlis að það V hafi mátt vita að það yrði einungis notað á lokuðum svæðum þar sem væri verið að reyna sig í keppni og því sé önnur vátrygging en sú sem innifelur keppnisáhættu marklaus. M vísar til þess að V hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni nægilega vel, skilyrði um áhættubreytingu eigi ekki við eða ábyrgðartakmörkun vegna hættulegrar starfsemi og vísar M til 25., 26., 64.gr., 87.gr. og 88.gr laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Einnig vísar M til þess að ekki séu orsakatengsl milli slyss M og þess að hann hafi verið í keppni. M vísar til þess að V hafi upplýst að félagið hefði selt M sérstakan keppnisviðauka hefði verið óskað eftir því með iðgjaldi sem nemi um 8,7% af heildariðgjaldi vátryggingar M. Í síðasta lagi vísar M til þess að ákvæði 12.gr. skilmála lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækja hjá V um aksturskeppni gildi einungis um þá vátryggingu en ekki slysátryggingu ökumanns og ákvæði 10.gr. í slysátryggingu ökumanns þar sem vísað sé til skilmála ábyrgðartryggingar sé of óljóst til þess að á því verði byggt. V verði að bera hallann af því að ákvæði skilmála og vátryggingaskírteinis séu óskýr.

V vísar til orðalags vátryggingaskírteinis og 12.gr. skilmála sem gilda um lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækis og slysátryggingu ökumanns og eiganda sem farþega í eigin ökutæki, nefndur B-1. Á báðum stöðum komi fram að vátryggingin taki ekki til tjóns við aksturskeppni nema um annað sé samið og þess getið á vátryggingarskírteini. Þegar af þeirri ástæðu að M hafi ekki samið við V um að tryggingin taki til tjóns í aksturskeppni sé það ekki greiðsluskýlt. V telur að skýrlega komi fram í skilmálum lögboðinna vátrygginga vegna A að þeir nái jafnt til ábyrgðartryggingar og slysátryggingar ökumanns og þeir séu í samræmi við umferðarlög. V vísar einnig til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 231/2009 þar sem fjallað hafi verið um svipað álitafni og sambærileg tilvísun í 10.gr. slysátryggingar ökumanns og M vísar til sem óskýrrar hafi verið talin nægilega skýr. V telur einnig að ákvæði í skilmálum þess séu í fullu samræmi við umferðarlög og ákvæði 87. og 88.gr. laga um vátryggingarsamninga. Skýr orsakatengsl séu milli þátttöku M í aksturskeppni og slyssins og sé vátryggingafélagi heimilt að takmarka ábyrgð sína með hlutrænum hætti vegna þátttöku í aksturskeppni.

Álit.

Í málinu er fyrst og fremst deilt um hvort M geti sótt bætur í slysátryggingu ökumanns torfærubifhjólsins A, en óumdeilt er að hann slasaðist við notkun þess í aksturskeppni. Deilt er

um hvort M sé bundinn við 12.gr. skilmála fyrir lögboðnar ökutækjategyggingar hjá V sem takmarkar gildissvið þeirra þannig að þær ná ekki til þess þegar tjón verður við aksturskeppni. Eins og kemur fram í máli nefndarinnar nr. 231/2009 og í máli nr. 297/2013 eru í 91.-93.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ákvæði um váttryggingarskyldu eigenda og þeirra sem fara með varanleg umráð skráningarskyldra vélknúinna ökutækja. Í 1.gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjategyggingar kemur fram að váttryggingafélagi sé skylt að taka að sér m.a. lögmæltar slysatryggingu ökumanns fyrir sérhvern váttryggingarskyldan aðila sem undirgengst váttryggingarskilyrði ákveðin í samræmi við þá áhættu sem félagið tekur að sér. Verður að túlka þessi ákvæði svo að váttryggingafélagi sé heimilt að ákveða hvaða áhættu það tekur að sér. Er nánar kveðið á um gildissvið gagnvart þeirri áhættu í váttryggingarskilmálum. Í þessu ljósi verður að telja að í 12.gr. váttryggingaskilmálanna, nánar tiltekið í 1. kafla fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækja, sé gildissvið váttryggingarinnar í heild sinni þannig takmarkað, að hún taki ekki til tjóns við aksturskeppni. Í 2. kafla sömu váttryggingarskilmála er fjallað slysatryggingu ökumanns. Í 10.gr. þess kafla kemur fram að 1. kafli skilmálanna gildi um slysatryggingu ökumanns eftir því sem við á. Þessi tilvísun í váttryggingarskilmálunum er nægilega skýr til þess að hægt sé að leggja til grundvallar að gildissvið váttryggingar þeirrar sem M var skylt að festa kaup sé í heild sinni takmarkað við annað tjón en það sem verður í aksturskeppni. Ekki er að finna því stöð í lögum og reglugerðum að torfærubifhjól, eins og A séu einungis notuð í aksturskeppni og eigi því að sérsníða gildissvið lögboðinna váttrygginga að þeirri notkun.

Váttryggingasamningur sá sem M gerði við V felur í sér skrifleg gögn, váttryggingarskírteini og váttryggingarskilmála þar sem á báðum stöðum kemur fram að váttryggingin taki ekki til aksturskeppni. Ljóst er að M óskaði ekki eftir slíkri vernd hjá V áður en slysið varð þann 28. júlí 2012. Ekki liggur fyrir að V hafi brotið gegn skyldum sínum í lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 eða að ákvæði þeirra laga setji því sem þeim sem hér um deilt skorður. Vísað er til orðalags í frumvarpi til þeirra laga í gr. 6.4. í almennum athugasemdum þar sem kemur fram að markmið laganna sé ekki að setja því takmörk gegn hvaða áhættu er váttryggt eða amast við skýrum hlutlægum ábyrgðartakmörkunum í váttryggingarsamningum. Ekki er heldur unnt að fallast á að V hafi farið gegn ákvæðum umferðarlaga. Niðurstaða þessa máls er því að öllu ofangreindu virtu, sú að greiðsluskylda hafi ekki stofnast úr slysatryggingu ökumanns A hjá V þar sem gildissvið hennar hafi ekki náð til slysa sem verða í aksturskeppni.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr slysatryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík 15. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 300/2013
M
og V v/ slysatryggingar launþega S,

Hásinaslit við hlaup 3.mars 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2.september 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V 20.september 2013.

Málsatvik.

M tilkynnti um tjón sitt með tjónstilkynningu dags. 6. febrúar 2013 þar sem kvaðst hafa verið að hlaupa í kringum keilur í þrekprófi þegar hásin í vinstra fæti hans slitnaði. Í málskoti kemur fram að M hafi haft af því nokkur óþægindi. V hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingu launþega þann 3. apríl 2013 og taldi að líkamstjón M væri ekki hægt að rekja til slyss í skilningi gr. 1.4. í vátryggingarskilmálum slysatryggingar launþega. Í þeirri grein kemur fram að með orðinu slyss sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.

M telur að réttur til bóta úr slysatryggingu launþega hafi stofnast m.t.t. gr. 1.4. í vátryggingarskilmálum. M telur hann hafi sýnt fram á það með læknisfræðilegum gögnum að hann hafi ekki verið viðkvæmur í hásinum fyrir þennan atburð. M telur að rekja megi hásinaslit sín til skyndilegs utanaðkomandi atburðar þar sem hlaup hans umhverfis keilur þrekprófsins feli í sér skyndilega óheppilega álagsdreifingu á hásin. Það sé þyngdarafli jarðar sem valdi því álagi og sá gagnkraftur sem verkar á móti spyrnu hlauparans í gólf íþróttahússins sem hann hljóp á. M vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 412/2011 og telur að V hafi ekki sýnt fram á að hásinaslitin megi rekja til veilu eða sjúklegs ástands í líkama M og verði V að bera hallann af því.

V telur að hásinaslit hafi komið til við hlaup M í þrekprófi. Hlaupin hafi staðið yfir í nokkurn tíma þegar hásin slitnaði og ekkert í atburðarásinni bendi til þess að utanaðkomandi atburður hafi valdið umræddum meiðslum M. V telur að atvik í Hrd. 412/2011 séu frábrugðin máli M og vísar til þess að rof í hásin geti komið til vegna fjölmargra þátta í innra ástandi líkama eins og aldurs, stuttra kálfavöðva, ofnotkun, lítillar upphitunar, teygjur umfram getu o.fl.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins er ljóst að M sleit hásin við hlaup. Ágreiningur er um hvort það hafi gerst vegna slyss í skilningi gr. 1.4. í vátryggingarskilmálum V. Ekki verður fallist á með M að þyngdarafli jarðar geti nokkurn tíma verið utanaðkomandi í ljósi þess að aðstæður á jörðinni eru þess eðlis að það er ætíð til staðar. Ekki hefur komið fram að M hafi misst jafnvægi eða hann hafi dottið um eitthvað eins og kemur fram í Hrd. 412/2011 eða 128/2013. Verður því ekki fallist á hásinaslit M séu rakin til utanaðkomandi atburðar í skilningi vátryggingarskilmála V heldur einhvers sem gerist innra með honum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 15. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 301/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. launþegatryggingar S

M missti jafnvægið við æfingar og þumall skropp til og liðbönd slitnuðu þ. 7.9.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.4.9.2013 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 19.9.2013.

Málsatvik.

M sem er starfsmaður S var að æfa í lyftingasal á vinnusvæðinu og þegar hann var að setjast við framkvæmd ákveðinnar æfingar þá segir M að hnykkur hafi komið á hann vegna þyngdar lóðs sem hann var með og hafi hann misst jafnvægið með þeim afleiðingum að þumallinn skropp til á gólfinu og liðbönd slitnuðu. M krefst bóta úr launþegatryggingu S hjá V og telur sig hafa orðið fyrir slysi í umrætt sinn og hafi þyngdin á lóðinu sem hann var með orðið þess valdandi að hann missti jafnvægið í því sambandi er bent á dóm Hæstaréttar í málinu nr. 412/2011. Tveir vinnufélagar M bera með sama hætti og M um aðdraganda og orsök þess atviks sem hér ræðir um. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um slys að ræða sbr. grein 1.2. í viðkomandi vátryggingaskilmálum. Þá vísar V til tilkynningar M til Sjúkratrygginga Íslands þar sem segir að M hafi haft vinstri hönd á gólfi og þumall gefið sig og liðband slitnað. V telur ekki rétt að leggja síðari tíma atvikalýsing í áverkavottorði og yfirlýsing samstarfsmanna til grundvallar. Þá sé ósannað að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða.

Álit.

Í málinu liggja ekki fyrir upphafleg tjónstilkynning eða tilkynning til Sjúkratrygginga ríkisins. V hefði verið í lófa lagið að leggja þau gögn fram ætlaði V sér að byggja á þeim gögnum. Úrskurðarnefndin getur ekki byggt á öðrum gögnum en þeim sem lögð eru fyrir nefndina. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu þá hefur þeirri atvikalýsingu sem fram kemur hjá M og lýst er hér að ofan í í málsatvikalýsingu ekki verið hnekk og á því byggt að M hafi misst jafnvægið og orðið fyrir líkamstjóni vegna þyngdar lóðsins sem hann var með við æfingar í umrætt sinn. M varð því fyrir slysi við æfingar í umrætt sinn og á rétt á bótum úr launþegatryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr launþegatryggingu S hjá V.

Reykjavík 15.10.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 302/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar fasteignasala.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skorts á upplýsingum um kvöð við sölu fasteignar.****Gögn.**

154. Málskot, móttakið 29.9.2013, ásamt fylgigögnum.

155. Bréf X, dags 26.9.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með kauptilboði, dags. 6.2.2013, sem samþykkt var sama dag, festu M kaup á húseigninni A í Reykjavík, sem ekki var fullbúin. Tilboðshafi og seljandi eignarinnar var B, en milliganga um sölu eignarinnar og skjalagerð vegna sölunnar mun hafa verið í höndum F, löggilts fasteignasala.

Kaupverð eignarinnar samkvæmt tilboðinu nam 47.200.000 krónum sem skyldi greiðast svo: 1.500.000 krónur við gerð kaupsamnings, 500.000 krónur við afhendingu, 1.581.775 krónur við afsalsgerð 25.8.2013 og loks með yfirtöku áhvílandi veðskulda að fjárhæð 43.618.225 krónur. Í reit í kauptilboðinu, sem ber yfirskriftina „Lýsing eignar“ er í stöðluðum texta, að því er best verður séð, gert ráð fyrir að nánar sé getið um eignarheimild seljanda, lóðarleigusamning, eignaskiptayfirlýsingu og kvöð. Er ennfremur gert ráð fyrir að vísað sé til þeirra skjala þar sem upplýsingar um framangreint er að finna. Á hinn bóginn er í tilboðinu ekki að finna tilvísun í nein skjöl þar sem eftir atvikum má finna umræddar upplýsingar. Á bakhlið tilboðsins er þess og getið að við tilboðsgerð og samþykki tilboðs hafi aðilar kynnt sér gaumgæfilega nánar tilgreind gögn „sem skodast hluti af kaupsamningi og/eða eru honum til fyllingar og skýringar um réttindi og skyldur aðila og samningsforsendur þeirra og gerðu aðilar engar athugasemdir við þau.“ Meðal þeirra gagna sem þannig eiga að hafa legið fyrir við tilboðsgerðina og samþykki þess og aðilar kynnt sér er þinglýsingarvottorð.

Í málinu liggur fyrir kaupsamningur um eignina, dags. 7.3.2013. Samkvæmt kaupsamningnum er kaupverð hið sama og greinir í kauptilboðinu og skyldi greiðast með 1.500.000 krónum við kaupsamningsgerðina, 500.000 krónum við afhendingu, 1.561.787 krónum við afsalsgerð 26.7.2013 og með yfirtöku áhvílandi veðskulda að fjárhæð 43.638.213 krónur. Þá er í kaupsamningnum getið kvaðar sem hvíldi á eigninni. Í kvöðinni mun hafa falist að óheimilt væri í sex ár frá dagsetningu lóðarleigusamnings (15.9.2008) að selja eignina með tilheyrandi lóðarréttindum nema gegn greiðslu viðbótargjalds að fjárhæð 5.000.000 krónur til Reykjavíkurborgar samkvæmt úthlutunarbréfi til B, lóðarhafa eignarinnar.

M telja sig fyrst hafa fengið vitneskju um áhvílandi kvöð við sjálfa kaupsamningsgerðina. Þá hafi þau verið búin að gera ráðstafanir varðandi það húsnaði sem þau höfðu búið í jafnframt sem ráðstafanir hafi verið gerðar til að fá iðnaðarmenn til að vinna við eignina í kjölfar þess að eignin skyldi afhent sem samkvæmt kaupsamningnum var 1.4.2013. Samkomulag tókst með aðilum kaupsamningsins, M og B, að til greiðslu fyrrgreinds viðbótargjalds skyldi B reiða fram þær fjárhæðir M áttu að greiða við kaupsamningsgerðina, afhendingu eignarinnar og afsalsgerð eða samtals 3.561.787 krónur, en það sem upp á vantaði, 1.438.213 krónur, skyldu M greiða. Í samræmi við þetta var kvöðin greidd 18.4.2012 og henni svo létt af A.

M hafa krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu F hjá X vegna þess tjóns sem þau telja sig hafa orðið fyrir vegna greiðsluþátttöku sinnar í viðbótargjaldinu. X hefur hafnað bótaskyldu. M hafi skrifað undir kaupsamninginn eftir að þau vissu um kvöðina þótt þau hefðu á því tímamarki getað gengið frá kaupunum. Jafnframt hafi F haldið eftir kaupsamningsgreiðslum til að tryggja að þeim yrði varið til greiðslu viðbótargjaldsins. Því sé ekki orsakasamband milli háttsemi F og tjóns M. Þá hafi M tekið á sig með samkomulagi við B að greiða hluta viðbótargjaldsins. Í því felist eftirgjöf á því tjóni sem þau hafi orðið fyrir af þeim sökum.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir virðist ekki um það deilt að umræddrar kvaðar hafi ekki verið getið í sölufirliti né í kauptilboði og það hafi fyrst verið við gerð kaupsamnings sem M hafi fengið vitneskju um tilvist kvaðarinnar. Þá virðist heldur ekki um það deilt að M tóku að sér með samkomulagi við B að greiða tiltekinn hluta þess viðbótargjalds sem greiða þurfti samkvæmt lóðarsamningi svo léttu mætti kvöðinni af A.

Á A hvíldi kvöð sem fól í sér að B var óheimilt að selja nema gegn greiðslu 5.000.000 króna viðbótargjalds til Reykjavíkurborgar. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa skal fasteignasali í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Hann skal einnig gæta þess að aðila séu eigi settir ólögmatir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum. M.a. til að tryggja að fasteignasali geti rækt skyldur sínar samkvæmt ákvæði þessu gagnvart kaupanda skal hann semja rækilegt yfirlit, svonefnt sölufirlit, um þau atriði sem skipt geta máli við sölu eignarinnar, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 99/2004. Áður en tilboð er gert í eign skal væntanlegum tilboðsgjafa afhent sölufirlitið og skal hann staðfesta móttöku þess með nafnritun sinni og dagsetningu, sbr. 2. mgr. 10. gr. laganna. Í 11. gr. laganna eru nánari fyrirmæli um það sem koma skal fram í sölufirliti, en skv. d. lið 2. mgr. 11. gr. skulu í sölufirliti m.a. koma fram upplýsingar um áhvílandi kvaðir.

Eins og áður getur var kvaðarinnar ekki getið í sölufirlitinu sem F útbjó vegna A. M höfðu mikilvæga hagsmuni af því að kvaðarinnar væri getið í sölufirlitinu og hvernig henni skyldi létt af A þannig að rúmast mátti innan kaupverðsins. F brást í þessum efnum lögmæltum skyldum sínum gagnvart M og til þessa verður tjón M rakið. F ber því skaðabótaábyrgð á tjóni þeirra. M höfðu gert tilteknar ráðstafanir í tengslum við það að fá A afhenta sér. Ekki hefur verið sýnt fram á í gögnum málsins að það hafi horft til takmörkunar á tjóni þeirra jafnvel þótt um það hefði samist að þau gengju frá kaupunum þegar þau fengu vitneskju um kvöðina á kaupsamningsdegi né heldur, eins og á stóð, að það verði virt M sérstaklega til sakar að hafa haldið kaupsamningnum til streitu gagnvart B. Þótt M hafi með samkomulagi við B tekið að sér greiðslu viðbótargjaldsins að hluta fól það ekki í sér að M hafi gefið eftir skaðabótakröfu sína á hendur F. Sú krafa er því ekki fallin niður og eiga M því rétt til að fá tjón sitt bætt úr starfsábyrgðartryggingu F hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bættist úr starfsábyrgðartryggingu F hjá X.

Reykjavík, 15. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 303/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um tjón vinnuveitanda vegna launakostnaðar af völdum óvinnufærni starfsmanns.****Gögn.**

156. Málskot, móttakið 3.9.2013, ásamt fylgigögnum.

157. Bréf X, dags 24.9.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 20.2.2013 var A ekið aftan á bifreið sem B, starfsmaður M, ók. Við slysið varð B óvinnufær um þriggja mánaða skeið eða til maíloka 2013. Á þessu tímabili kveðst M hafa greitt B samningsbundin laun og önnur launatengd gjöld, samtals 1.347.023 krónur. Þá hafi hann orðið fyrir tjóni vegna missis hagnaðar og aukinna yfirvinnugreiðslna samtals að fjárhæð 175.110 krónur.

M kveður rekstur sinn vera smáan í sniðum og fáir starfsmenn séu á launaskrá eða um fimm stöðugildi. Vegna smæðar rekstursins og takmarkaðra fjárráða kveðst M ekki hafa átt þess kost að ráða annan starfsmann til sín.

M hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu A hjá X. X hefur viðurkennt greiðslu bóta vegna hagnaðarmissis og aukinna yfirvinnugreiðslna M, en hafnað bótaskyldu vegna launa og launatengdra gjalda sem M innti af hendi á því tímabili sem B var óvinnufær.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 getur vinnuveitandi, sem greitt hefur slasaða laun eða aðrar launatengdar greiðslur vegna líkamstjóns, kafið hinn skaðabótaskylda um endurgreiðslu að því marki sem vinnuveitandi hefur orðið fyrir fjártjóni vegna slíkra greiðslna. Af orðalagi ákvæðisins þykir ljóst að í því felst ekki skilyrðislaus endurkröfuréttur vinnuveitanda á hendur hinum skaðabótaskylda vegna launa og annarra launatengdra gjalda sem hann hefur orðið að inna af hendi vegna óvinnufærni slasaðs starfsmanns. Endurkrafan er háð því skilyrði að vinnuveitandi hafi orðið fyrir tjóni af þessum sökum. Samkvæmt gögnum málsins hefur M ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir fjártjóni vegna veikindaforfalla M umfram það tjón sem hann kveðst hafa orðið fyrir vegna hagnaðarmissis og yfirvinnugreiðslna og X hefur viðurkennt. M á því ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna greiðslu launa og launatengdra gjalda úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 24. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 304/2013
M
og V v/ vatnstjónsliðar húseigendatryggingar.

Gildissvið húseigendatryggingar m.t.t. vatnstjóns 9. júní 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. september 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V 17.september 2013, ásamt myndum.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi tilkynnt V um tjón vegna vatnsleka þann 12. ágúst 2013 en vatnstjónið hafi orðið þann 9. júní sama ár. Fulltrúar V fóru á vettvang 14. ágúst 2013 og tveimur dögum síðar hafnaði V bótaskyldu úr húseigendatryggingu með vísan til gr. 2.1. í váttryggingarskilmálum þar sem kemur fram að félagið bæti tjón vegna vökva sem skyndilega og óvænt streymir fram og á upptök sín innan útveggja og botnplötu húseignar. Einnig vísar V til gr. 3.2. í skilmálum þar sem kemur fram að váttryggingin bæti ekki tjón vegna vatns sem þýrsistis upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, nema leiðsla stíflist eða springi innanhúss.

M telur að vatnstjón megi rekja til þess að frárennslislögn hafi stíflast innanhúss, þ.e. í botnplötu húseignar M. Með vísan til gr. 2.1. og 3.2. í váttryggingarskilmálum eigi því að bæta tjónið. M vísar til mynda af vettvangi máli sínu til stuðnings.

V telur að ósannað sé að stífla hafi myndast í frárennslislögn í botnplötu húseignarinnar. V bendir á að ekki hafi verið tilkynnt strax um tjónið og starfsmönnum V ekki gert kleift að skoða það m.t.t. hvar stíflan myndaðist. Pípulagningarmaður sem hafi unnið að endurbótum þegar starfsmenn V komu á vettvang hafi bent á stíflustað undir botnplötu og geti V ekki lagt aðrar upplýsingar til grundvallar. Myndir af vettvangi löngu eftir að tjónið átti sér stað feli ekki í sér sönnun um annað. Einnig bendir V á að m.v. skoðun þá hafi þurft að brjóta nokkuð upp úr botnplötu til þess að komast að stíflunni og bendi það til þess að stíflan hafi myndast undir henni.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort stífla í frárennslislögn hafi myndast innan veggja húseignar, í botnplötu hennar, eða utan veggja hennar. Með vísan til gildissviðs í gr. 2.1. og undanþágu í gr. 3.1. í skilmálum húseigendatryggingar V ná tjón sem verða vegna stíflu utan húseignarinnar ekki undir gildissvið váttryggingarinnar. Í málinu liggur fyrir að tilkynning um tjónið barst um tveimur mánuðum eftir að það varð. Ljósmyndir af vettvangi nokkru eftir tjónið geta ekki með skýrum hætti upplýst um staðsetningu stíflunnar, þ.e. hvort hún hafi verið innan botnplötu eða utan hennar. Hallann af þeim sönnunarskorti verður M að bera. Ekki þykir sannað að tjónsatvik hafi orðið sem fellur undir gildissvið váttryggingarinnar og greiðast því ekki bætur úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir skemmdir á húseign sinni úr vatnstjónslið húseigendatryggingar hjá V.

Reykjavík 15. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 305/2013
M
og V v/ slysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Líkamstjón vegna yfirliðs 15. maí 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. september 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 30. september 2013.

Málsatvik.

M tilkynnti um tjón sitt með tjónstilkynningu dags. 11. júní 2013 þar sem hún lýsir því að hafa liðið út af og kallið með höfuðið í gólfið í verslun í London með þeim afleiðingum að báðar framtennur brotnuðu. M gerir kröfu um bætur úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar og telur að þungt loft í versluninni og landing hennar á gólfi verslunarinnar sé utanaðkomandi atburður í skilningi vátryggingarskilmála V. Líta verði til allra gagna sem nú eru komin fram í málinu, m.a. gögn um þungt loft almennt í umræddri verslun og læknisfræðilegra gagna sem tilgreina ekki orsakir yfirliðsins sem sjúkdóm. Einnig er vísað til Hrd. 412 og 473/2011 og nokkura mála nefndarinnar eftir að þeir dómur féllu. M telur að í þeim felist rýmri túlkun slyshugtaksins sem nái yfir aðstæður í máli M.

V telur að hiti og þungt loft í verslun geti ekki talist til utanaðkomandi atburðar í skilningi vátryggingarskilmála. Frekar megi leiða líkur að því að yfirlið M megi rekja til sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama hennar og falli þar af leiðandi utan slyshugtaks 4.gr. vátryggingarskilmála V. Einnig vísar V til úrskurða nefndarinnar máli sínu stil stuðnings þar sem yfirlið var ekki talið til utanaðkomandi atburðar.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins er ljóst að það leið yfir M sem lenti við það með andlit á verslunargólfi. Ágreiningur er um hvort það hafi gerst vegna slyss í skilningi 4.gr í vátryggingarskilmálum V. Ekki verður fallist á með M að þungt loft sé utanaðkomandi atburður í skilningi vátryggingarskilmála eða að það að hún lenti á gólfinu sé utanaðkomandi atburður. Telst yfirlið M vera rakið til innra ástands hennar og því ekki utanaðkomandi atburður í skilningi vátryggingarskilmála V. Ekki verður talið að Hrd. 412 og 473/2011 standi þeirri niðurstöðu í vegi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 24. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 306/2013
M og
Vátryggingarfélagið V v. Fjölskylduverndartryggingar.

Tanngómur glataðis hjá dvalargesti á elliheimili þ. 23.8.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.9.2013 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 25.9.2013.

Málsatvik.

M er dvalargestur á elliheimili í ólæstu herbergi. Þegar M ætlaði í hádegismat en þá kom í ljós að falskar tennur M voru horfnar og fundust ekki þrátt fyrir mikla leit. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvenær fölsku tennurnar hurfu eða með hvaða hætti. M krefst bóta úr fjölskylduverndartryggingu hjá V og telur að tilvikið taki til þess atviks sem hér um ræðir og tanngómur eins og hér um ræðir falli undir vátryggingarskilmála og eðlileg gát hafi verið viðhöfð af hálfu M. V hafnar bótaskyldu og telur að umrætt tilvik falli ekki undir bótaskyldu tryggingarinnar og bendir V á í því sambandi að vátryggingin bæti ekki tjón sem verði vegna þess að vátryggður gleymir hlut, týnir honum eða fer þannig með hann að við missi megi búast. Þá vísar V í 2. gr. vátryggingarskilmála vegna innbústryggingar og telur að tanngómurinn falli ekki undir vátryggða muni eða vátryggingarsvið samkvæmt skilmálum tryggingarinnar.

Álit.

Ekki liggur fyrir með hvaða hætti tjónsatvikið átti sér stað. Ljóst er þó að ekki er um innbrot að ræða miðað við ákvæði vátryggingarskilmála og þá fellur tanngómur ekki undir þá muni sem njóta tryggingarverndar samkvæmt fjölskylduverndartryggingunni sem um ræðir þar sem hvorki er um almennt innbú að ræða né sérgreint samkvæmt þeirri upptalningu sem um ræðir í 2. gr. vátryggingarskilmála vegna innbústryggingar. M á því ekki þegar af þessum ástæðum rétt á bótum úr fjölskylduverndartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskylduverndartryggingu hjá V.

Reykjavík 24.10.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 308/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna hásinaslits.****Gögn.**

158. Málskot, móttakið 10.9.2013, ásamt fylgigögnum.

159. Bréf X, dags 27.9.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 13.9.2012 varð M fyrir því að hásin slitnaði í vinstri fæti. Hún hafði í gildi hjá X heimilistryggingu og einn vátryggingarþáttur hennar er frítímaslysátrygging. Í tjónstilkynningu til félagsins lýsti M atvikum svo að hún hafi verið að stíga aftur fyrir sig. Þá hafi verið eins og einhver hafi sparkað í kálfann á henni og komið smellur. Á eftir gat hún ekki stigið í fótinn. M leitaði á bráðalækningadeild Landspítalans. Í vottorði læknis deildarinnar segir að M hafi verið í leikfimi og eitthvað hafi smellið aftan til í vinstri kálfa. Greining var hásinaslit í vinstri fæti.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingunni hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum framangreindrar frítímaslysátryggingar hjá X greiðir félagið bætur vegna slyss er sá sem vátryggður er, verður fyrir eins og nánar greinir í skilmálunum, en með orðinu „slys“ er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Hásinaslit M varð ekki af völdum skyndilegs utanaðkomandi atburðar. Af þeim sökum urðu meiðsl M ekki af völdum slyss eins og það er skilgreint í vátryggingarskilmálunum. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysátryggingu hjá X.

Reykjavík, 24. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 309/2013
M
og V vegna slysaftryggingar ökumanns
bifreiðarinnar A.

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna slysaftryggingar ökumanns.

Gögn.

1. Málskot móttakið í september 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 27. september 2013 ásamt gögnum.
3. Bréf M dags. 7. október 2013.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreið M hafi verið ekið yfir á öfugan vegarhelming á Reykjanesbraut við Aðalgötu í Reykjanesbæ og þannig lent í árekstri við aðra bifreið. Vitni voru að atburðinum og ekki er ágreiningur um að M eigi rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns vegna árekstursins. Ágreiningur er um hvort M þurfi að sæta takmörkun ábyrgðar af hálfu vátryggingafélagsins vegna stórkostlegs gáleysis við aksturinn. V hefur fallist á að greiða bætur úr slysaftryggingu ökumanns en hefur takmarkað bætur að hálfu eða um 50%.

M telur að hann hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn í greint sinn, hann hafi tekið lyf vegna veikinda sinna í tilvísuðum skömmtum, en skv. gögnum málsins séu þau lyf lítið rannsökuð m.t.t. aksturshæfni. M bendir einnig á að Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hafi tilkynnt honum að M verði ekki ákærður vegna brots á 44.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Því hafi ekki heldur verið slegið föstu í lögregluskýrslu að M hafi verið óhæfur til að aka bifreið vegna áhrifa lyfja. M telur að ósannað sé að M hafi tekið of stóran skammt af lyfjum fyrir aksturinn, ávísuð lyf hafi haft áhrif á aksturshæfni hans eða veikindi hans yfirhöfuð.

V vísar til þess vitni hafi lýst aksturslagi bifreiða M sem skringilegu og M hafi verið illa áttaður eftir áreksturinn og sljór. Einnig vísar V til upplýsinga um sjúkrasögu M og þess að hann hafi tekið lyf sem hafi haft áhrif á hæfni hans til að aka bifreið í skilningi 44.gr. umferðarlaga. Vitni beri auk þess að M hafi tekið tvöfaldan skammt af lyfjum þennan dag og hafi verið illa áttaður. Lýsing í Lyfjabók á lyfjategundum þeim sem M hafi verið að taka bendi einnig til þess að hann eigi ekki að aka bifreið samhliða töku þeirra lyfja. Þetta allt bendi til þess að M hafi ekki verið hæfur til að aka bifreið í greint sinn og aksturslag hans í því ástandi feli í sér stórkostlegt gáleysi. Sérstaklega þegar lítið er til þess að M hafi ekið yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir aðra bifreið. Þannig eigi að takmarka ábyrgð félagsins úr slysaftryggingu ökumanns um 50% eins og afgreiðsla félagsins ber með sér.

Álit.

Til þess að hægt sé að meta hvort háttsemi ökumanns hafi áhrif á rétt M til bóta verður að líta til þess að heimildir V til að fella niður bætur eða skerða þær vegna stórkostlegs gáleysis eru í 9.gr. sameiginlegra vátryggingarskilmála V og byggja þær heimildir á 27.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og fá stoð í þeirri grein. Í þessu máli er ágreiningur um hvort háttsemi M við akstur um Reykjanesbraut hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi og sú háttsemi hafi orsakað árekstur sem hafði í för með sér líkamstjón M.

V ber sönnunarbyrði fyrir því að M hafi sýnt slíka háttsemi. Líta verður til allra gagna málsins þegar metið er hvort V hafi mætt þeirri sönnunarbyrði. Ljóst er að M fær ávísað lyfjum í tilteknum skömmtum. Ekki þykir nægilega sannað að M hafi tekið meira en tilvísaðan skammt fyrir aksturinn. Rannsóknarniðurstöður sýna að óvíst er um áhrif þeirra lyfja sem M fékk ávísað á ökuhæfni hans almennt og ekki síður í þetta tiltekna skipti. Það að M hafi verið illa áttaður eftir eins harðan árekstur og varð þarna er ekki sönnun um að ástand hans hafi verið sambærilegt áður en áreksturinn átti sér stað. Þó lýsingar vitna á aksturslagi M bendi til þess að hann hafi ekið gáleysislega fyrir áreksturinn verður ekki talið nægilega sannað að aksturslagið hafi verið

afleiðing lyfjanotkunar M, veikinda hans eða háttsemi hans sem jafna má við stórkostlegt gáleysi. Þeirri sönnunarbyrði hefur V ekki mætt. Er því niðurstaða málsins sú að ekki eru fyrir hendi heimildir til takmörkunar á ábyrgð V vegna slysatryggingar ökumanns. M á því rétt á fullum bótum.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A.

Reykjavík 29. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 310/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar og slysatryggingar ökumanns

Aftanákeyrsla, líkamlegir áverkar, orsakasambengi þ. 7.1.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.9.2013 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 20.9.2013

Málsatvik.

M segir að ekið hafi verið aftan á bifreið eiginmanns hennar, sem hún ók þ.7.1.2011. M fannst höggið við áreksturinn ekki mikið og taldi sig ekki hafa meiðst við áreksturinn en segist hafa haft símasamband við Óttar Ármannsson lækni á Heilbrigðisstofnun Austurlands þ.19.janúar 2011 og sagt honum frá atvikinu og hvernig henna leið. M segir að hún hafi síðan verið illa haldin af verkjum haustið 2011 og í ársbyrjun 2012. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns og vísar M sérstaklega í læknisvottorð Ólafs Guðgeirssonar læknis frá 22.8.2012 máli sínu til stuðnings og tekur fram að hún hafi verið við góða heilsu fyrir áreksturinn. V hafnar bótaskyldu og bendir á að það sé tjónþola að sanna tjón sitt og gæta þess að tryggja sér sönnun, en í tilviki M hafi hún leitað til læknis first þ. 6.3.2012 eða 14 mánuðum eftir að slysið átti sér stað. V telur því ósannað að einkenni þau sem M kvartar yfir við lækni í mars 2012 og síðar verði rakin til umferðaróhappans sem hér ræðir um.

Álit.

Upplýsingar um áreksturinn sem um ræðir þ. 7.1.2011 liggja ekki fyrir og M segir sjálf að henni hafi ekki fundist höggið við áreksturinn hafa verið mikið. M leitaði ekki til læknis fyrr en 14 mánuðum eftir að áreksturinn átti sér stað. Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram liggur ekki fyrir lögfull sönnun um að þeir verkir sem eru að hrjá M í dag og hún byggir kröfu sína á í máli þessu stafi frá árekstrinum þ. 7.1.2011. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu og slysatryggingu ökumanns.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis og tryggingu ökumanns

Reykjavík 24.10.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 311/2013**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður á sambýli fyrir geðsjúka slasaðist við gæslustörf.****Gögn.**

160. Málskot, móttækið 16.9.2013, ásamt fylgigögnum.

161. Bréf X, dags 3.10.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 22.3.2012 var M við störf á sambýlinu A sem rekið er af V. Á A dveljast tvær stúlkur sem þjást af geðröskun. Varð M þá fyrir meiðslum eftir að hafa ásamt tveimur öðrum starfsmönnum á A lent í átökum við stúlkurnar.

Í skýrslu starfsmannanna er atvikum lýst á þann veg að um kl. 19:30, að því er virðist, hafi önnur stúlkunnar viljað fara í boccia, en tekið því mjög illa að þurfa að bíða eftir starfsmanni sem átti að koma kl. 20. Hafi hún verið með svívirðingar, hótað öllu illu, barið og sparkað í hurðir. Er hún kvaðst vera búin að róa sig hafi hún viljað fara út á pall að reykja með tiltekinni manneskju, þ.e., að því er virðist, hinni stúlkunni sem býr á sambýlinu ásamt starfsmanni. Í framhaldi þess reyndu stúlkurnar að strjúka með því að klifra yfir grindverk. Starfsmennirnir reyndu að stöðva þær. Smám saman hafi þær farið að ráðast að starfsmönnunum og neitað að koma inn. Hafi þær bitið, lamið, sparkað, klipið og verið stjórnlausar, eins og segir í skýrslu starfsmannanna. Hafi þeir þurft að setjast ofan á stúlkurnar til að forða þeim og starfsmönnunum frá frekari meiðslum. Svo virðist sem ástandið hafi komist í samt lag þegar fjórði starfsmaðurinn, sem sérstaklega var kallaður til, mætti á vettvang. Munu átökin hafa varað a.m.k. í um eina klukkustund.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna þeirra meiðsla sem hún hlaut í átökunum. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

A var stofnað á árinu 2010 og mun M hafa starfað þar frá stofnun sem ófaglærður launþegi. Af gögnum málsins má ráða að þær tvær stúlkur sem vistuðust á A áttu við hegðunarvanda að stríða af völdum geðsjúkdóms og svo virðist sem í einhver skipti hafi komið til átaka milli starfsfólks og stúlkunnar þegar þær hafa ekki haft stjórn á skapi sínu. Gat þannig stafað hætta vegna stúlkunnar sem þarna vistuðust og þeirra sjúkdómseinkenna sem þær búa við. Aðstæður á vinnustaðnum voru því þannig að nauðsynlegt hefði verið að hafa skýrar og markvissar verklagsreglur eða viðbragðsáætlun af öðru tagi til staðar á heimilinu um það hvernig starfsmenn áttu að bregðast við aðstæðum eins og þarna komu upp. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að slíkar reglur eða áætlun hafi verið til staðar á A eða sérstakt hættumat hafi að öðru leyti verði gert vegna þeirrar starfsemi sem þar fór fram. Ekki verður ráðið af óljósum upplýsingum um að leiðbeiningar eða þjálfun starfsmanna í sjálfsvörn hafi verið fullnægjandi til að tryggja öryggi starfsfólksins og þeirra sem vistuðust á A. Eins og málið liggur verður að telja að meiðsl M megi rekja til skorts á fullnægjandi öryggisreglum og gerð hættumats vegna starfseminnar. Ber V því ábyrgð á líkamstjóni

Því sem M hlaut í umrætt sinn og það telst því jafnframt bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 24. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 312/2013**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar hestaleigu.****Kona slasaðist er hún féll af hestbaki í hestaferð á vegum hestaleigu.****Gögn.**

162. Málskot, móttækið 16.9.2013, ásamt fylgigögnum.

163. Bréf X, dags. 2.10.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 20.6.2012 hóf M þriggja daga hestaferð á vegum fyrirtækisins A. Kvöldið áður voru hestar valdir fyrir þátttakendur í ferðinni. M kvaðst vera óvön hestum og hún þyrfti því að fá góðan og þægan hest. Tiltekinn hestur var valinn fyrir hana sem var í eigu B. Lagt var af stað í einfaldri röð og kvaðst M hafa verið nokkuð aftarlega í röðinni. Hún kvað hestinn hafa frá byrjun látið illa að stjórn og hann hafi greinilega viljað snúa við og fara aftur þangað sem ferðin hófst. Hafi hesturinn farið úr röðinni og niður fyrir reiðgötuna á malarveg og um leið rokið fram úr nokkrum hestum sem voru frammar í röðinni. Hann hafi svo hlaupið upp á tún að gerði. M kvaðst engan veginn hafa ráðið við hestinn og fallið af baki og slasast.

Í skýrslu A um atvikið segir að lagt hafi verið af stað á feti. Eftir að farnir höfðu verið um 400-500 m hafði bil myndast milli hests M og næsta hests fyrir framan. Hestur M hafi þá farið upp á brokk. M hafi brugðið við það og hljóðað, en það hafi hvatt hestinn enn frekar. M hafi þá misst jafnvægið og fallið af baki á grasbala við hlið reiðvegarins.

Tveir aðilar hafa gefið skýrslu í tengslum við atvikið, D og E. D kveðst í upphafi ferðarinnar hafa verið nokkra metra fyrir aftan M í röðinni og hafi 1-2 knapar verið á milli þeirra. Mjög rólega hafi verið farið af stað með hópinn eftir moldartroðningi, allir á feti. Tilsýndar hafi hún séð að M hafi átt í einhverju basli með sinn hest og hafi það vakið undrun hennar því enginn í hópnum fyrir framan hana hafi þurft að beita sér við sinn hest þarna á fyrstu metrum ferðarinnar. Hafi M verið komin út af troðningnum og til vinstri út á malarveg sem lá samsíða troðningnum. Virtist hún eiga í vandræðum með hestinn sem hafi verið kominn á nokkra yfirferð ólíkt öðrum hestum og viljað fara sínar eigin leiðir. M hafi verið að reyna að koma ró á hestinn og koma honum aftur á sinn stað í röðinni. Þá hafi hesturinn tekið á rás í átt að ryðguðu útihúsi á hægri hönd þvert á stefnu hópsins. Því næst kvaðst D hafa séð M detta af baki í grasið og hestinn rjúka til hægri. Þá lýsir D í skýrslu sinni atviki á lokadegi ferðarinnar er hún tók þátt í að reka stóð. Fór hún þá á bak þeim hesti sem M hafði fallið af. Er hún var að reyna að komast fram fyrir stóðið kvaðst hún hafa fundið að illska hafi greinilega verið í hestinum, ekki spurning að hann væri hrekkjóttur og hann hafi virst einbeittur í því að koma henni af baki. Hafi hún komið sér af baki sem hafi tekist áfallalaust.

Í skýrslu E kemur fram að morguninn áður en M féll af baki hafi hún fengið til afnota sama hest og M féll af. Þennan morgun hafi allir hestar verið mjög „nervösir“ og þegar seinni hóp af hestum, sem hún og hennar hestur tilheyrði, hafi verið hleypt út um hlið þá hafi stóðið hlaupið af stað á stökki og hennar hestur einnig. Hún hafi týnt ístöðunum og seinna dottið af baki án þess þó að slasast. Einn starfsmanna A hafi umræddan morgun

bent henni á að það væri kannski gott fyrir hana að vera „að framan á þessum hesti.“ Hún hafi ekki áttað sig á hvað starfsmaðurinn meinti, en síðar áttað sig á að um „framhest“ hafi verið að ræða sem sífellt vildi vera með þeim fremstu.

M kveður ferð þá sem hún var í á vegum A hafa verið alferð, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 80/1994 um alferðir og A beri ábyrgð á líkamstjóni hennar skv. 13. gr. laganna. Starfsmenn A hafi verið meðvitaðir um reynsluleysi hennar. Það hafi verið ámælisvert af starfsmönnum A að láta undir hana hest sem var í annarra eigu og þar af leiðandi lítill þekking og reynsla af hestinum. Um hafi verið að ræða svokallaðan „framhest“ og því enn ámælisverðara að hafa hana aftarlega í röðinni. Einnig hafi starfsmenn A sýnt gáleysi með því að láta henni í té hest sem þeir vissu að knapi hafi fallið af deginum áður. Þá hafi M fengið takmarkaða leiðsögn áður en lagt var í ferðina. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

X hefur hafnað bótaskyldu. Kveður félagið að um óhappatilvik hafi verið að ræða og bótaábyrgð verði ekki reist á lögum um alferðir. Áður en ferðin hófst hafi M fengið leiðbeiningar hjá starfsmanni A um meðferð hestsins. Samkvæmt yfirlýsingu B hafi hesturinn verið mikið brúkaður frá því tamning hans hófst 2008. Um góðan reiðhest hafi verið að ræða sem hafi verið treysti fyrir öllum sem á annað borð treysta sér á bak. Hann hafi verið notaður við smalamennsku og aðrar útreiðar án þess að hafa sýnt af sér nokkuð misjafnt.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. laga um alferðir nr. 80/1994 gilda löggin um samninga sem eru gerðir á milli farkaupa og ferðaheildsala eða ferðasmásala um kaup á alferðum, svo og um aðra viðskiptahætti þar að lútandi. Alferð er fyrir fram ákveðin samsetning ekki færri en tveggja eftirfarandi atriða, þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildsöluverði og þegar þjónustan tekur til lengri tíma en 24 klst. eða í henni felst gisting: a. flutnings, b. gistingar eða c. annarrar þjónustu við ferðamenn sem tekur til verulegs hluta ferðarinnar, sbr. 2. gr. laganna. Skv. 13. gr. laganna á farkaupi rétt á skaðabótum verði hann fyrir meiðslum eða eignatjóni vegna þess að alferð er ófullnægjandi nema því aðeins að vanefnd á framkvæmd samnings verði ekki rakin til vanrækslu seljanda eða annars þjónustuaðila af því að vanefndirnar eru: a. sök farkaupa, b. sök þriðja aðila sem ekki tengist þeirri þjónustu sem samið var um og eru ófyrirsjáanlegar og óhjákvæmilegar eða c. vegna óviðráðanlegra aðstæðna (force majeure) eða atburðar sem veitandi þjónustunnar gat með engu móti séð fyrir eða komið í veg fyrir.

Af gögnum málsins verður ekki með vissu ráðið að hestaferð sú sem M slasaðist í hafi verið alferð í skilningi laga nr. 80/1994. Af gögnum málsins verður á hinn bóginn ekki ráðið að því hafi verið andmælt af hálfu X að um slíka ferð hafi verið að ræða. Þykir því mega leggja til grundvallar að M hafi verið í alferð á vegum A þegar slysið varð. Svo bótaskylda geti stofnast á grundvelli 13. gr. laga um alferðir verður M að sýna fram á að slysið verði rakið til þess að ferðin hafi verið ófullnægjandi. Í því efni byggir M á því að hesturinn hafi ekki verið fallinn til að bera hana þar sem hún var óvön hestum auk þess sem hún hafi ekki fengið nægilegar leiðbeiningar áður en ferðin hófst. Engar matsgerðir eða annars konar álitgerðir sérfróðra og óvilhallra aðila liggja fyrir í málinu um skapgerð hestsins, geðslag hans að öðru leyti eða hvort nota mátti hann til reiðar fyrir fólk óvant hestum. Af staðhæfingum M og skýrslum D og E þykir ekki sannað að hesturinn hafi verið haldinn einhverju þeim ókostum að óforsvaranlegt hafi verið að setja M á bak honum. Ljóst þykir af gögnum málsins að M fékk leiðbeiningar um meðferð hestsins áður en ferðin hófst. Ekkert hefur komið fram um að eitthvað hafi skort á þær

leiðbeiningar sem hefði getað komið í veg fyrir að slysið varð. Að öllu athuguðu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að slysið verði rakið til þess að ferðin hafi verið ófullnægjandi eða að það megi að öðru leyti rekja til atvika sem A getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 29. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 313/2013
M
V1 v/ bifreiðar A og V2 v/ bifreiðar B.

Árekstur við útakstur úr hringtorgi á Suðurlandsvegi 18. júní 2013.

Gögn.

1. Málskot dags. 18. september 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 20. september 2013.
3. Bréf V2 dags. 2. október 2013.

Málsatvik.

Af tjónstilkynningarskýrslu verður ráðið að bifreiðunum A og B hafi verið ekið um hringtorg á Suðurlandsvegi og báðar verið á leið út úr hringtorginu þegar árekstur varð með bifreiðunum þannig að hliðar þeirra lentu saman. Tvær akreinar eru út úr hringtorginu og var fyrirhuguð akstursleið bifreiðanna á hvorri akrein um sig.

M kveðst hafa ekið bifreið A úr ytri hring hringtorgsins í hægri beygju þegar bifreið B hafi verið ekið á bifreið A. Sú bifreið hafi verið að koma úr innri hring hringtorgsins og hafi ökumaður hennar ekið til hliðar yfir á akrein A og þannig ekið í hlið A. M vísar til þess að ökumaður B hafi viðurkennt að hafa skipt um akrein þegar skýrsla var tekin á vettvangi.

Ökumaður B kveðst hafa ekið af innri akrein hringtorgs þegar bifreið A hafi verið ekið í hlið bifreiðar B.

V1 telur að ökumaður B hafi skipt um akrein og ekið í vinstri hlið bifreiðar A þegar bifreiðarnar voru komnar út úr hringtorginu og beri hann því alla sök á árekstrinum. V2 telur að ósannað sé hvar árekstur varð nákvæmlega og ekki sé sannað að annar ökumaður hafi ekið yfir miðlínu vegarins yfir á akrein hins. Því eigi að skipta sök til helminga.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðum A og B var báðum ekið áleiðis út úr hringtorgi sem búið er tveimur akreinum. Ef lagður er til grundvallar framburður ökumanna í skýrslu sem tekin er á vettvangi hefði ekki átt að geta orðið árekstur milli bifreiðanna. Í gögnum er ekki að finna skýr sönnunargögn um staðsetningu bifreiðanna þegar árekstur varð eða að annar ökumaður hafi ekið yfir á vegarhelming hins. Ekki er hægt að leggja til grundvallar fullyrðingar M um að ákoma á bifreið A hvar og hvernig árekstur varð. Í ljósi þess að ósannað er hvar árekstur átti sér stað og hvort annar ökumaður braut gegn háttænisreglum umferðarlaga frekar en hinn verður sök vegna árekstursins skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli A og B.

Reykjavík 24. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 314/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ágreiningur um hvort bifreið var ekið á konu þ. 4.10.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.13.9.2013 ásamt fylgiskjölum 1-16
2. Bréf V dags. 10.10.2013.

Málsatvik.

M segir að bifreiðinni A hafi verið ekið utan í sig og hún fengið mikið högg á sig á vinstri mjöðm og rasskinn með þeim afleiðingum að M mjaðmagrindarbrotnaði á tveimur stöðum og fékk innvortis blæðingar og skurð á hnakka. Ökumaður A neitar að A hafa ekið utan í M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og bendir m.a. á að þegar litið sé til samtímagagna og alvarleika áverka þeirra sem M hlaut, sé ljóst að slysið megi rekja til A og við mat á sönnun í málinu verði að líta til þess hvaða atburðarás sé sennileg. M byggir á því að hún hafi lent í slysi vegna notkunar A í skilningi 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður A segist hafa stöðvað A á bifreiðastæði, drepíð á vél bifreiðarinnar og sett hana í “park” og handbremsu og síðan farið út úr A og ætlað að hjálpa M út úr bifreiðinni, sem þá hafi komist út og fallið aftur með bifreiðinni og legið hálfvegis á hlið og kvartað undan verk í vinstri mjöðm og beðið um að komast á Slysadeild. Ökumaður A þvertekur fyrir að hafa ekið á eða utan í M og málatilbúnaður M sé hreinn uppspuni. Við skoðun lögreglu fundust engin ummerki eða ákoma á A. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi ekki fært nægjanlegar sönnur á að slysið verði rakið til notkunar A og verði M að bera hallann af sönnunarskorti enda ljóst að M hafi fjárhagslega hagsmuni af niðurstöðunni öfugt við ökumann A. V hafnar því að samtímagögn eða önnur atvik renni nægjanlegum stöðum undir frásögn M. Þá bendir V á að engar ákomur eða ummerki séu á A.

Álit.

M heldur því fram að hún hafi orðið fyrir slysi þegar bifreiðinni A var ekið utan í vinstri mjöðm og rasskinn hennar. Ökumaður A neitar staðfastlega að hafa ekið á eða utan í A og engin ummerki eru á A sem benda til þess að ekið hafi verið á M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og ber sönnunarbyrðina fyrir því að atvik hafi orðið með þeim hætti sem hún heldur fram. Gegn eindreginni neitun ökumanns A og þess að engar ákomur eru á A telst ósannað að bifreiðinni A hafi verið ekið utan í M í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 31.10.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 315/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Slysátryggingar launþega

Leikari telur sig hafa orðið fyrir slysi við æfingu í leikhúsi, orsakatengsl þ. 20.4.2012.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 13.9.2013 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 30.9.2013

Málsatvik.

M skýrir svo frá að vatni hafi verið skvett úr fötu á hann á æfingu í leikhúsinu þar sem hann vinnur en þá hafi hann fengið á sig vatnsgusu úr fötu mótleikara sem hafi farið inn í hægra eyra M. M er með skaddaða hljóðhimnu og telur að þetta hafi leitt itl þess að það fór að grafa talsvert í eyranu og leitaði til eyrnalæknis samdægurs. M var með hettu sem átti að verja eyrað fyrir vatni en hún virkaði ekki sem skyldi en ljóst var að M mátti ekki fá vatn í eyrað. M krefst bóta og telur að um slys hafi verið að ræða og hefði hann aldrei samþykkt að fá á sig vatn ef hann hefði efast um að hettan kæmi ekki í veg fyrir að hann fengi vatn í eyrað. Þá byggir M á því að um orsakatengsl hafi verið að ræða milli verkja í eyranu og umrædds atviks enda hafi M verið góður í eyranu áður en þetta atvik átti sér stað. Þá byggir M á því að þetta atvik hafi átt sér stað án vilja síns enda hafi hann ekki átt að fá vatn í eyrað og það hafi gerst honum að óvörum. V hafnar bótaskyldu og telur skilyrði slyshugtaksins ekki uppfyllt auk þess sem orsakatengsl eru óljós. V segir að það að M hafi fengið vatn í eyrað hafi ekki verið slys þar sem ekkert óvænt hafi verið því tengt að hann fengi á sig vatnið við þær aðstæður sem um var að ræða og hafi M vitað af því að hann fengi yfir sig vatnsgusu. Þá vísar V til þess að M hafi leitað til læknis samdægurs sbr. vottorð Einars Sindrasonar læknis en samkvæmt því vottorði sé komin sýking í eyrað í október 2012, en í ljósi þess hvað langur tími líður frá því atviki sem hér um ræðir og þangað til sýking greinist í eyra M telur V að ekki séu orsakatengsl milli atviksins og þeirra einkenna sem krafist er bóta fyrir.

Álit.

Ekki liggja fyrir gögn í máli þessu sem sýna fram á að orsakatengsl séu á milli þeirra verkja sem hrjáðu M og þess atviks að hann fékk vatnsgusu yfir sig á æfingu í leikhúsi. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 24.10.2013

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 316/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á gatnamótum Furuvalla og Tjarnarbrautar á Egilsstöðum þann 5.6.2013.**Gögn.**

164. Málskot, móttakið 17.9.2013, ásamt fylgigögnum.

165. Bréf X, dags. 23.9.2013.

166. Bréf Y, dags. 3.10.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið suður Tjarnarbraut og beygt til vinstri áleiðis austur Furuvelli. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið vestur Furuvelli að gatnamótunum. Rákust þá saman að því er virðist aftanverð vinstri hlið A og framendi B. Á Furuvöllum hvílir biðskylda gagnvart umferð á Tjarnarbraut.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 20-30 km hraða á klst. og verið að beygja inn á Furuvelli. Hann hafi tekið heldur krappa beygju, en reynt að halda áfram til að afstýra árekstri. Hafi hann þá litið til hliðar og þá séð að B var ekki að horfa á veginn heldur verið að ræða við vinkonu sína, farþega í bifreiðinni. Þar af leiðandi hafi hann ekki virt biðskyldu og verið of seinn að hemla.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á um 5 km hraða á klst. og verið kominn að biðskyldumerki við gatnamótin þegar A hafi komið akandi suður Tjarnarbraut og beygt inn á Furuvelli. Hafi A verið ekið þvert yfir vegarhelming B. Kvaðst ökumaðurinn hafa verið í línu við biðskyldumerkið, en engar merkingar hafi verið á götunni og því enn erfiðara að gera sér grein fyrir hvar biðskyldan var nákvæmlega.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi ljósmyndum af vettvangi má ráða að útsýn um gatnamótin er góð. Af framburði ökumanns A verður ráðið að hann hefur tekið of þrönga beygju inn á Furuvelli. Með þessu braut ökumaður A gegn lokamálslið 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að vinstri beygju skuli taka þannig að þegar ökutækið kemur út af vegamótunum sé það hægra megin á akbrautinni sem beygt er inn á. Verður að telja þetta fumsorsök árekstursins og á ökumaður A því meginsök á honum. Af hálfu ökumanns B hefur ekki verið andmælt þeirri staðhæfingu ökumanns A að ökumaður B hafi verið að ræða við farþega í bifreiðinni og því ekki verið að horfa fram á veginn. Þykir því mega leggja hana til grundvallar í sakarmati. Á ökumanni B hvíldi biðskylda gagnvart umferð á Tjarnarbraut. Áreksturinn varð fast við gatnamótin og ökumanni B tókst ekki að stöðva í tæka tíð áður en árekstur varð. Hann hefur ekki gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast er hann kom að gatnamótunum, sbr. m.a. 1. mgr. 25. gr. ufl. Á hann einnig lítils háttar sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 24. október 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 317/2013
M
og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Umferðaróhapp á plani við bensínstöð Olís á Selfossi 23. júlí 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. september 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 3. október 2013.
3. Tölvupóstur V2 dags. 9. október 2013.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B á plani við bensínstöð Olís á Selfossi. Þau sönnunargögn sem liggja fyrir í málinu eru sameiginleg tjónstilkynning undirrituð af öikumönnum sem og lögregluskýrsla sem lýsir aðkomu lögreglu á tjónsvettvangi rétt eftir að tjón varð. Í tjónstilkynningu kemur fram að bifreið B hafi verið kyrrstæð en bifreið A hafi verið ekið inn á bifreiðastæði. Í lögregluskýrslu eru myndir af tjóni bifreiðana sem og þær upplýsingar að öikumönnum hafi ekki borið saman um aðdraganda áreksturs. Ökumaður B lýsti atvikum þannig fyrir lögreglu að bifreið hans hafi verið kyrrstæð þegar ekið var aftan á hana. M, eða ökumaður bifreiðar A, lýsti atvikum hins vegar þannig að bifreið B hafi verið ekið aftur á bak á bifreið A. M telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum með því að hafa ekið aftur á bak á bifreið A. M vísar til þess að það eigi ekki að byggja á upplýsingum á framhlið tjónstilkynningar þar sem þær upplýsingar séu ekki í samræmi við það sem fram komi í lögregluskýrslu. V1 gerir ekki efnislegar athugasemdir vegna málsins í bréfi sínu dags. 3. október 2013. V2 telur hins vegar að byggja verði á upplýsingum sem fram koma á framhlið tjónstilkynningar um að bifreið B hafi verið kyrrstæð og því beri M alla sök á árekstrinum með því að aka á B kyrrstæða.

Álit.

Þegar gögn málsins eru metin verður að athuga að framhlið tjónstilkynningar, sem báðir öikumenn undirrita, sætir strax athugasemdum af hálfu öikumanns bifreiðar A og kallar hann lögreglu á vettvang vegna þessa. Af framburði, sem hafður er eftir öikumönnum í lögregluskýrslu, má ráða að ágreiningur var strax um aðdraganda árekstursins. Það dregur verulega úr því að hægt sé að byggja á undirritun öikumanns A á framhlið tjónstilkynningar feli í sér sjálfkrafa viðurkenningu á að bifreið B hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Þegar myndir af bifreiðunum eru virtar, eins og þær birtast skýrlega í lögregluskýrslu, er verulegur vafi á því að tjón hafi geta atvikast með þeim hætti sem ökumaður bifreiðar B ber, þ.e. að ekið hafi verið á bifreið hans kyrrstæða. Tjón á bifreið A, sem er á hlið bifreiðarinnar, bendir miklu frekar til þess að ekið hafi verið á þá bifreið, eins og M heldur fram. Þegar öll sönnunargögn eru virt, ágreiningur öikumanna og sérstaklega myndir af bifreiðunum, þykja allar líkur á að bifreið B hafi verið ekið aftur á bak á bifreið A.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 29. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 319/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort tjón hafi verið tilkynnt of seint.****Gögn.**

167. Málskot, móttekið .2013, ásamt fylgigögnum.

168. Bréf X ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 6.6.2008 varð M fyrir því að sláttuvélartraktor valt yfir hana. Hún leitaði samdægurs á slysideild og í læknisvottorði, dags. 20.6.2008, er greint frá mari á neðanverðu baki og mjaðmagrind. Einnig segir í vottorðinu að M sé almennt hraust andlega og líkamlega og einkenni hennar séu fyrst og fremst „vegna vinnuslyss og fyllilega í réttu hlutfalli við stærð slyssins. Smám saman batnandi og næstum orðin góð nú – nógu góð til að hefja störf að nýju.“ Í beiðni um sjúkraþjálfun, dags. 1.7.2009, er talað um að M hafi verk í mjóbaki og yfir „paraspinal“ vöðvum í brjósthæð. Einnig sé verkur í vinstri brjóstakassa eftir slys. í læknisvottorði, dags. 25.6.2012, segir að M hafi síðast komið til viðkomandi lækni 5.3.2013 vegna afleiðinga slyssins 6.6.2008. Hún hafi þá kvartað um bakverki sem hún tengdi slysinu og kvaðst hún hafa verið slæm í bakinu frá því það gerðist. Við skoðun var M þreifiaum í hrygg og yfir hryggjarliðum og sitt hvoru megin við hryggjarsúluna, einnig stirð við snúning á brjósthrygg til vinstri. Annars hafi skoðun verið góð og hún verið frekar liðug og ekki miklir verkir verið sjáanlegir við hreyfingar. Fyrir liggur tillaga lækni að mati á varanlegri læknisfræðilegri örorku, dags. 15.4.2013. Samkvæmt tillögu þessari er varanleg læknisfræðileg örorka M metin til 2 stiga vegna óverulegrar mjóbakstognunar og telur læknirinn líklegt að um orsakasamband sé að ræða á milli slyssins og einkennanna.

Með tilkynningu 5.12.2012 hefur M krafist bóta úr slysatryggingu launþega sem vinnuveitandi hennar hefur keypt hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem tjónið hafi verið tilkynnt of seint og orsakatengsl séu einnig ósönnuð.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 glatar sá sem á rétt til bóta úr slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Samkvæmt gögnum málsins, eins og að ofan greinir, leitaði M á slysideild sama dag og slysið varð. Ári síðar fékk hún beini um sjúkraþjálfun. Engin gögn liggja svo fyrir um gang sjúkdómseinkenna hennar fyrir en hún leitaði lækni 5.3.2012. Mjög takmarkaðar upplýsingar liggja því fyrir um heilsufar M um rúmlega þriggja ára skeið áður en hún tilkynnti um slysið til X hinn 5.12.2012. Ætla verður að ári áður hafi hún vitað eða mátt vita um afleiðingar slyssins, þ. á m. hvort þær yrðu varanlegar. Með því að tilkynna slysið svo seint sem raunin var hefur hún glatað bótakröfu sinni á hendur X, sbr. fyrrgreint lagaákvæði. Þegar af þeirri ástæðu er tjónið ekki bótaskyldt úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 31. október 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 320/2013
M
og V v/ ökutækjanna A og B.

Umferðaróhapp á Suðurlandsvegi við Hörgsland 2. ágúst 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. september 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 7. október 2013 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að árekstur hafi verið með ökutækjum A og B þannig að ökumaður ökutækis A, sem er sexhjól, hafi ekið inn á Suðurlandsveg frá Hörgslandi og síðan fljótlega til vinstri áleiðis út af veginum inn á tún. Bifreiðinni B var ekið eftir Suðurlandsvegi þegar A var ekið inn á veginn og ætlaði ökumaður B að aka fram úr þegar árekstur var með ökutækjunum. Í lögregluskýrslu kemur fram að um 90 metrar séu frá afleggjara frá Hörgslandi að þeim stað sem árekstur varð og hemlaför hafi mælst um 13 metrar. Hámarkshraði á Suðurlandsvegi eru 90 km/klst.

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekið allt of hratt og án aðgæslu eftir Suðurlandsvegi og beri þannig ábyrgð á árekstrinum þar sem bifreið B hafi verið ekið á A. M vísar til lengdar bremsufara eftir bifreið B á vettvangi og stefnu þeirra máli sínu til stuðnings sem og mynda af vettvangi.

V telur að orsök áreksturs sé fyrst og fremst að rekja til þess að ökutæki A var ekið til vinstri út af veginum þegar bifreið B var að aka fram úr. V vísar til fjölmargra úrskurða nefndarinnar þar sem fjallað er um vinstri beygju á vegi og framúrakstur en telur að rétt sé að skipta sök þannig í þessu máli að ökumaður B beri meginsök á árekstrinum fyrir að hafa ekið fram úr ökutæki A án nægilegrar aðgæslu, en B hafi skv. ákvæðum reglugerðar um umferðarmerki nr. 289/1995 ekki verið heimill framúrakstur nema með sérstakri varúð.

Álit.

Þegar tekin er afstaða til sakar og sakarskiptingar skv. 89.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þarf að taka mið af öllum aðstæðum, framburði ökumanna eða eftir atvikum vitna. Í þessu máli liggur fyrir að ökutækinu A var ekið inn á þjóðveg þar sem hámarkshraði er 90 km/klst. Þar var ökutækinu ekið áfram en ekið nokkuð fljótt aftur út af Suðurlandsvegi til vinstri inn á vegslóða á túni við veginn. Þó ökumaður bifreiðar B hafi orðið var við akstur ökutækis B inn á Suðurlandsveg verður ekki hjá því litið að aksturslag ökumanns ökutækis A hafi verið mjög gáleysislegt þegar hann ók inn á veginn við þessar aðstæður. Hann gætti síðan að engu leyti að umferð fyrir aftan sig þegar hann beygði síðan áleiðis til vinstri út á vegslóða. Ökumaður bifreiðar B ók eftir veginum og hugðist aka fram úr ökutæki A. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar B hafi gætt þeirrar varúðar sem ætla mátti af honum við umræddar aðstæður. Telst tjónið að öllu leyti verða rakið til þeirrar gáleysislegru háttsemi að aka inn á Suðurlandsveg í þeim tilgangi að aka út af honum aftur vinstra megin án þess að gæta að umferð fyrir aftan sig, umferð sem augljóslega mátti vænta. Verður ekki talið sýnt að aðstæður í þessu máli samsvari aðstæðum í tilvitnuðum málum sem V hefur vísað til varðandi framkvæmd nefndarinnar.

Niðurstaða.

Ökumaður ökutækis A (RG 846) ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 29. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 321/2013
M
og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Umferðaróhapp í hringtorgi á Selfossi 29. ágúst 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. september 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V1 dags. 9. október 2013.
3. Tölvupóstur V2 dags. 17. október 2013.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna kemur fram að þeir hafi báðir ekið í sömu átt um hringtorg, en tilgreint er á framhlið tjónstilkynningarinnar, sem báðir ökumenn skrifa undir, að þeir hafi ekið í sömu átt en á annarri akrein. Um er að ræða gatnamót Fossheiðar og Eyrarvegs á Selfossi. Hægt er að nálgast kort af hringtorginu og myndir sem teknar eru í ágúst sl. á heimasíðu Google maps. Þar kemur skýrlega fram að ekki eru málaðar akreinalínur í hringtorginu og verður því lagt til grundvallar, gagnstætt upplýsingum í tjónstilkynningu, að umferð um hringtorgið stjórnist af einni akrein.

M telur að hann sem ökumaður A hafi verið kominn fyrir inn í hringtorgið og bifreið B hafi verið ekið á bifreið A inni í hringtorginu. Þar sem um eina akrein sé að ræða hafi B borið að víkja fyrir A. Undir þetta tekur V2 sem telur að alla sök eigi að leggja á bifreið B sem hafi líklegast ætlað sér að aka fram úr bifreið A í hringtorginu. Ökumaður B hafi hins vegar vegna biðskyldumerkis á Eyrarvegi, hvaðan bifreið B kom inn í hringtorgið, átt að veita umferð um hringtorgið forgang m.t.t. 2.mgr. 25.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

V2 telur hins vegar að bifreið A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka aftan á bifreið B.

Álit.

Akstur um gatnamót sem eru afmörkuð með hringtorgi lýtur sömu lögmálum og akstur um gatnamót almennt. Það þýðir að sá sem ekur inn á gatnamót á eftir öðrum ber að veita umferð um gatnamótin forgang ef umferð er þannig stjórnað með biðskyldumerki, sbr. 2.mgr. 25.gr. umferðarlaga. Í þessu máli er ljóst að biðskylda var fyrir bifreið B inn á einnar akreinar hringtorg og af gögnum málsins verður talið sannað að bifreið A hafi verið komin fyrir inn á hringtorgið en bifreið B. Bar því bifreið B að veita bifreið A forgang í greint sinn. Þó ákoma á bifreið B hafi verið aftarlega á bifreiðinni telst ekki sannað að ökumaður bifreiðar A hafi sýnt óaðgæslu við akstur sinn um hringtorgið. Ökumaður B ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður ökutækis B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 5. nóvember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 322/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna galla í fjölbýlishúsi.****Gögn.**

169. Málskot, móttækið 25.9.2013, ásamt fylgigögnum.

170. Tölvuskeyti X, dags 11.10.2013.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bygging fjölbýlishússins A hófst á árinu 2007. Í upphafi var B byggingarstjóri eða til 16.10.2010. M tók við byggingarstjórn 18.10.2010 um það leyti sem hann eignaðist A, en byggingu hússins mun þá ekki hafa verið að fullu lokið. Eftir að M eignaðist A kvaðst hann hafa orðið var við galla í eigninni sem hann taldi að rekja mætti til þess tíma er A var undir byggingarstjórn B. Lutu þessir gallar einkum að leka í gluggum, leka í steypu, steypu í lögnum og flotun á svölum.

Aflað var matsgerðar dómkvadds matsmann til að leggja mat á gallana, orsakir þeirra og kostnað við úrbætur. Í matsgerðinni, dags. 27.5.2013, kemur fram varðandi leka í gluggum að matsmaður hafi ekki staðreynt að gluggar leki eða hafi lekið. Frágangur glers í gluggum sé hins vegar ekki í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Þá sé frágangur ekki í samræmi við leiðbeiningablöð og góðar fagvenjur og með þeim hætti að matsmaður telji að gluggarnir leki eða hafi lekið í rigningu og hvasvði. Hvað snerti leka í steypu kemur fram í niðurstöðum matsmanns að leki á milli glugga- og hurðarkarma og veggja stafi af því að viður í gluggum og hurðarkörnum hafi rýrnað. Engar vísbendingar hafi sést um að titrun (vibrun) steypu hafi ekki verið fullnægjandi og ekki væri hægt að staðfesta hvort titrun hafi verið fullnægjandi eða ekki. Taldi matsmaður að þetta þurfi á milli glugga- og hurðarkarma og veggja þar sem leki hefur komið fram. Þá kvaðst matsmaður ekki geta staðfest að „hreiður“ eða hröngl séu í steypunni. Varðandi steypu í lögnum segir í matsgerð að búið hafi verið að fjarlægja steypubút úr fallpípu, en búturinn hafi fyllt allt þversnið rörsins á um 15 cm kafla. Hvað varðaði flotun á svölum kemur fram í matsgerð að alhliða skemmdir hafi verið í ílögnum á svölum, en mismiklar. Matsmaður kvaðst ekki geta fullyrt hvað hafi valdið skemmdunum, en líklegt sé að skemmdir stafi af ófullnægjandi vörslu á ílögnum eftir niðurlög og/eða óhagstæðu veðurfari þegar hún var lögð. Einnig sé ekki útilokað að of mikið vatn hafi verið í blöndunni og valdi sprungumyndun. Þá geti bólur í floti stafað af því að rúllað hafi verið með gaddarúllu yfir flot eftir að það var farið að stíðna.

M hefur krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í nokkrum dómum Hæstaréttar, sbr. t.d. Hrd. nr. 267/2005 og 318/2007, hefur því verið slegið föstu að samkvæmt ákvæðum þágildandi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 að á byggingarstjóra hafi hvílt sú ábyrgð að byggt væri í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir, en einnig skylda til að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum, sem hann stýrir, þ. á m. með því að iðnmeistarar, sem koma að verki fyrir hans atbeina, sinni skyldum sínum og að framkvæmdin sé tæknilega og

faglega fullnægjandi. Með saknæmri vanrækslu á þessum skyldum felli byggingarstjóri á sig skaðabótaábyrgð.

Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð verður ekki annað ráðið en leki í gluggum verði rakinn framkvæmda sem voru tæknilega og faglega ófullnægjandi. Ekki verður heldur annað ráðið en ísetning glugga sem hér um ræðir hafi farið fram á þeim tíma sem B var byggingarstjóri á A. Verður B því talinn bera skaðabótaábyrgð á því tjóni sem af þessu hlaut. Hvað varðar aðra þætti sem M telur B bera ábyrgð á verður ekki talið nægilega sannað af fyrirbyggjandi matsgerð eða gögnum málsins að öðru leyti að þeir verði raktir til saknæmrar vanrækslu af hálfu B. Hann getur því ekki borið ábyrgð á þeim göllum.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna leka í gluggum en að öðru leyti á hann ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 29. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 323/2013
M
V1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði við Viðarhöfða í Reykjavík þ. 27.6.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 26.9.2013 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V-1 dags. 10.10.2013 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V-2 dags. 17.10.2013.

Málsatvik.

Árekstur varð á milli A og B við Viðarhöfða í Reykjavík. A var bakkað í átt að útakstri bifreiðastæðis þegar B var bakkað úr stæði og inn á akstursleið bifreiðastæðisins. Ökumaður A segist hafa verið staðsettur fyrir aftan B þegar ökumaður B hafi byrjað að bakka og bakkað á A. Ökumaður A segist hafa ekið mjög hægt og verið nánast stöpp í umrætt sinn og ekki átt möguleika á að forða sér frá B. Ökumaður B segist hafa verið að bakka þegar A hafi komið bakkandi í veg fyrir B en hvorugur ökumaður hafi tekið eftir hinum.

Álit.

Í 1.mgr. 17.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumenn skuli áður en þeir aka aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Á bifreiðastæðum má búast við umferð bifreiða sem eru að aka í stöðureiti og úr stöðureitum. Ákvæði umferðarlaga gefa ekki greinilega til kynna að akstursleið um bifreiðastæði njóti forgangs sem vegur í skilningi 25.gr. sömu laga. Bar báðum ökumönnum að sýna sérstaka aðgát við akstur aftur á bak í greint sinn. Þess gættu þeir ekki og er ósannað að annar hafi sýnt meiri sök en hinn og skiptist hún því til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 29.10.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 324/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar veghaldara.****Bifreið skemmdist er henni var ekið á keðju sem lokaði vegi vegna vetrarlokunar.****Gögn.**

171. Málskot, móttakið 27.9.2013, ásamt fylgigögnum.

172. Bréf X, dags 18.10.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 20.10.2012 var bifreiðinn A í eigu M ekið á keðju sem lokaði vegi nr. 901, Möðrudalsleið, skammt frá Möðrudal. Þessi vegur var áður hluti af hringveginum, en aflagður er svonefnd Háreksstaðaleið var opnuð. Yfir vetrartímamann er veginum lokað og keðjur strengdar yfir hann á milli umferðarmerkja til að koma í veg fyrir að um hann sé ekið. Hafði ökumaðurinn ekið inn á veginn við vegamótin á Jökuldalsheiði og ekið svo í átt að Möðrudal. Engin keðja mun hafa verið strengd yfir veginn þar sem hann ók inn á hann. Er hann kom að Möðrudal um hádegisbil kveður ökumaðurinn að snjóhæla hafi verið á jörðu og vegstikur og umferðarmerki verið héluð á bakhlið. Hann hafi ekki séð keðjuna sem var strengd yfir veginn þar sem hún hafi verið héluð og runnið saman við umhverfið.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu veghaldarans, V, hjá X vegna tjónsins sem varð á A.

Álit.

Ekki verður ráðið af gögnum málsins að V hafi verið óheimilt að loka veginum með þeim hætti sem gert var. Á miðri keðjunni mun vera merki með áletrun um að vegurinn væri ófær. Á bakhlið merkisins var svo endurskinsmerki, en bakhliðin vísaði í þátt sem A kom úr. Ekki hefur verið sýnt fram á að tjónið sem varð á A verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 31. október 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 325/2013
M
og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur í Skútuvogi við Húsasmiðjuna 12. september 2013.

Gögn.

1. Málskot móttækið 30. september 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V1 dags. 9. október 2013.
3. Bréf V2 dags. 11. október 2013 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins má sjá að bifreiðum A og B var ekið í sömu átt norður Skútuvog og ætla báðir að aka til vinstri inn á plan við Húsasmiðjuna þegar árekstur verður. Í tjónstilkynningu kemur fram að ökumaður A ók á eftir B og ætlaði að aka fram úr bifreiðinni og beygja til vinstri þegar hann áttaði sig á að A var líka ekið til vinstri. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa gefið stefnuljós til vinstri og ekið þtil hliðar inn að plani við Húsasmiðjuna þegar bifreið A var ekið í hlið bifreiðar B.

M telur að bifreið B hafi verið ekið í veg fyrir sig og ökumaður B hafi ekki gefið stefnuljós til vinstri. Þess vegna hafi hann ekið fram úr eins og hann taldi aðstæður væru til. M telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum. V1 gerir ekki efnislegar athugasemdir vegna málsins en V1 telur að ökumaður bifreiðar A beri alla ábyrgð á árekstrinum. Það byggir félagið m.a. á framburði vitnis sem lýsti aðstæðum í tölvupósti dags. 4. október sl. þar sem kemur fram að ökumaður A hafi ætlað að troða sér framhjá bifreið B sem greinilega hafi undirbúið vinstri beygju.

Álit.

Gögn málsins eru nokkuð skýr um aðdraganda áreksturs þar sem ljóst er að báðir ökumenn ætluðu að beygja til vinstri inn á sama planið. Með hliðsjón af framburði vitnis er talið sannað að ökumaður B hafi undirbúið greinilega vinstri beygju með stefnuljósi. Það gerir kröfur til ökumanna sem á eftir koma að þeir reyni ekki að aka framúr. Þess gætti M ekki að og telst hann því bera ábyrgð á árekstrinum, en með hliðsjón af framburði vitnis ók hann gáleysislega framhjá bifreið B í greint sinn.

Niðurstaða.

Ökumaður ökutækis A ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 29. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 326/2013
M
og V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans G.

Krafa um bætur vegna tjóns á húseigninni Álaþingi 20 í Kópavogi.

Gögn.

1. Málskot móttakið 1. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf Vdags. 1. nóvember 2013.

Málsatvik.

M telur að G beri skaðabótaábyrgð sem byggingarstjóri á tilteknum göllum á húseigninni Álaþingi 20 í Kópavogi en M keypti umrædda eign með kaupsamningi dags. 29. september 2011. Upplýst er í málinu að G var byggingarstjóri eignarinnar og vátryggður með starfsábyrgðartryggingu hjá V.

M byggir á því að húseignin sem um ræðir hafi verið haldin ágöllum sem séu á ábyrgð byggingarstjóra þar sem ekki hafi verið byggt í samræmi við teikningar og faglegar kröfur og venjur. Máli sínu til stuðnings vitnar M til minnisblaðs frá Verkís, dags. 31. mars 2013 þar sem helstu gallar séu tíundaðir.

V telur að mögulega sé hægt að rekja víxlun á heitum og köldum neysluvatnslögnum til saknæmrar háttsemi byggingarstjóra og hafi sá hinn sami boðist til að lagfæra það án kostnaðar fyrir M. Að öðru leyti sé ósannað að mögulegir gallar sem tilgreindir eru í minnisblaði frá Verkís sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi byggingarstjórans. M hafi ekki gert nokkurn reka að því að sanna slíkt m.t.t. einstakra liða eða þess að hann hafi orðið fyrir tjóni.

Álit.

Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi og málatilbúnaður hans sé studdur skýrum sönnunargögnum þar um, bæði hvað varðar ætlaða saknæma háttsemi og hvenær hún átti sér stað sem og tjón sem leiðir af slíkri háttsemi. Í þessu máli er ljóst að starfsábyrgðartryggingi byggingarstjóra var í gildi hjá V á byggingarstigi húseignarinnar að Álaþingi 20 í Kópavogi. M keypti húseignina í september 2011. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að húseignin hafi verið í byggingu á þessum tíma og kaupverð hennar tekið mið af því að einstaka hlutum húsbyggingarinnar hafi verið ólokið. Ekki er með öllu ljóst af málatilbúnaði M hver saknæm háttsemi G sem byggingarstjóra hafi verið vegna húsbyggingarinnar. Þó sýnt væri fram á slíka háttsemi verður einnig að taka afstöðu til þess hvort nægilega sé sýnt fram á að M hafi orðið fyrir fjárhagstjóni sem leiða má af slíkri háttsemi byggingarstjórans. Ber M sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni. Í ljósi þess að ástand húseignarinnar var þekkt þegar M keypti hana telst ekki varhugavert að álykta að kaupverð hafi tekið mið af því. M hefur því ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir fjárhagstjóni vegna saknæmrar háttsemi byggingarstjóra. Ekki verður annað lagt til grundvallar en að kaupverð fasteignarinnar þegar M keypti hana á árinu 2011 hafi tekið mið af ástandi hennar og að M hafi verið kunnug um það.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans G hjá V.

Reykjavík 19. nóvember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 327/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Fjölskyldutryggingar.

Maður brotnað á fæti í rýskingum við mág sinn þ. 7.7.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.1.10.2013 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 4.11.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu sagði M að honum hafi lent saman við mág sinn og hann skyndilega fundið til mikils sársauka við ökklan og hniðið óvígur niður. Eiginkona M segir að M og mágur hans hafi verið að slást og síðan hafi komið menn og stíað þeim í sundur og þá hafi M legið eftir meiddur á fæti. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V vegna umrædds slyss og hafnar því að hafa verið í handalögmálum þegar það gerðist heldur hafi mágur hans þrifið aftan í sig og og M segist ekki hafa verið brotinn meðan þeir tókust á, en þeir verið skildir og þá hafi mágur M sparkað á eftir sér. V hafnar bótaskyldu og telur að um handalögmál hafi verið að ræða milli M og mágs hans í umrætt sinn og vísar V til vátryggingarskilmála umræddrar fjölskyldutryggingar þar sem segir að slys sem verði í handalögmálum séu sérstaklega undanskilin og því sé slys það sem hér ræðir um ekki bótaskyld. V telur að öll gögn beri það með sér að um handalögmál hafi verið að ræða. Þá bendir V á að M hafi dregið kæru á hendur mági sínum til baka og því liggi ekki fyrir nein framburðarskýrsla frá honum.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að slys M hafi orðið þegar hann var í handalögmálum við mág sinn. Slys sem verða í handalögmálum eru sérstaklega undanskilin bótaábyrgð í þeim vátryggingaskilmálum sem hér um ræðir. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 26.11.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 328/2013
M
og V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar C.

Skaðabótaábyrgð bifreiðaverkstæðis vegna viðgerðar og tjóns 13. júlí 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 17. október 2013 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M kveðst hafa falið bifreiðaverkstæðinu C viðgerð á tilteknum atriðum varðandi bifreið sína, þar á meðal vegna leka á kælikerfi. Einnig kveðst M hafa falið C að færa bifreiðina til skoðunar. Af gögnum málsins má ráða að bifreiðin hafi verið færð til aðalskoðunar 10. júlí 2013 og síðan til endurskoðunar 12. júlí s.á. þar sem frestur hafi verið gefinn til úrbóta vegna lekamengunar. M kveðst hafa fengið símtal frá C sama dag þar sem óskað hafi verið eftir því að bíllinn yrði sóttur. Það hafi unnusta M gert en ekki fengið upplýsingar um fyrrgreinda lekamengun. Bifreiðinni hafi verið ekið áleiðis í Hvalfjörð daginn eftir og þá hafi hún ofhitnað og ekki farið aftur í gang.

Í skýrslu C vegna málsins kemur fram að bifreið M hafi komið til viðgerðar í lok maí hjá C. Starfsmenn C hafi fært hana til skoðunar 10. júlí og síðan aftur 12. júlí en ekki hafi fengist skoðun á bifreiðina án athugasemda. Í sömu skýrslu kemur fram að M og unnusta hans hafi verið upplýst um að fullnaðarviðgerð hefði ekki farið fram en þau hafi viljað nálgast bifreiðina samt sem áður og gert upp reikning vegna þeirrar vinnu sem þá þegar hafi verið framkvæmd. Í skýrslu C kemur fram að skoðunarskýrsla bifreiðarinnar sama dag hafi verið afhent um leið og bifreiðin.

M telur að C beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem varð vegna ofhitnunar bifreiðar hans þar sem M hafi ekki verið upplýstur um ástand bifreiðinnar þegar hún var afhent. M telur að það sé venjubundið að láta bifreiðareiganda vita ef viðgerð hafi ekki tekist. Það hafi C ekki gert, hvorki í símtali né á reikningum sem gefnir hafi verið út. Við þær aðstæður telur M að C beri sönnunarbyrði fyrir því að starfsmenn C hafi gefið réttar upplýsingar um ástand bifreiðarinnar og á þeim forsendum verði að líta svo á að C beri skaðabótaábyrgð á tjóni bifreiðarinnar sem hafi greinilega ekki verið hæf til aksturs.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að skaðabótaábyrgð C vegna tjóns á bifreið M. Starfsmenn C hafi ekki haft frumkvæði af því að bifreiðin hafi verið sótt heldur M og hafi verið upplýst um ástand bifreiðarinnar þegar hún var sótt og skoðunarskýrsla hennar afhent. Ekki sé því sannað að rangar upplýsingar hafi verið gefnar sem leitt hafi til tjóns á bifreið M.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýst um hvort starfsmenn C hafi gefið rangar eða ónákvæmar upplýsingar um ástand bifreiðar M þegar hún var sótt á verkstæði C þann 12. júlí 2013. M segir að C hafi haft frumkvæði að því að bifreiðin hafi verið sótt á tilgreindum degi og ekki hafi verið upplýst um að viðgerð hennar hafi ekki verið lokið en C segir að M hafi óskað eftir því að fá bifreiðina afhenta og hafi fengið upplýsingar um ástand hennar sem og skoðunarskýrslu. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni beri sönnunarbyrði vegna þess. Ekki verður séð af gögnum málsins að M hafi mætt þeirri sönnunarbyrði, sérstaklega þegar litið er til þess að sjá mátti af skoðunarskýrslu bifreiðarinnar að hún hafi ekki fengið fullnægjandi skoðun sama dag og hún var sótt. Verður því ekki talið nægilega sannað að einhver á vegum C hafi gefið M rangar upplýsingar um ástand bifreiðarinnar og ekki verður heldur talið skilyrði séu uppfyllt til að sönnunarbyrði snúist við. Verður því ekki fallist á að C beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið M.

Til áréttingar verður þó að taka fram að skv. 2.mgr. 9.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 ber váttryggingafélagi að sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn. Það að váttryggingafélag byggi afstöðu sína til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu á greinargerð

vátryggingartaka þýðir að vátryggingafélag verður að upplýsa tjónþola um hvað slík greinargerð innifelur í því formi sem hún kemur. Af gögnum málsins má ráða að það hafi ekki verið gert. Þetta breytir þó ekki afstöðu nefndarinnar til niðurstöðu málsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt að fá tjón á bifreið sinni bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu C hjá V.

Reykjavík 31. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 331/2013
M
og V1 og V2 vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans A.

Krafa um bætur vegna tjóns á húseigninni Frostabíngi 11 í Kópavogi.

Gögn.

3. Málskot móttakið 3. október 2013 ásamt gögnum.
4. Bréf V1 dags. 24. október 2013 ásamt gögnum.
5. Bréf V2 dags. 21. október 2013 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M telur að A beri skaðabótaábyrgð sem byggingarstjóri á tilteknum göllum á húseigninni Frostabíngi 11 í Kópavogi en M keypti umrædda eign með kaupsamningi dags. 9. september 2011. Upplýst er í málinu að A var byggingarstjóri eignarinnar frá upphafi húsbýggingarinnar á árinu 2007. Í gögnum málsins kemur einnig fram að A hafi verið tryggður með starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V2 frá 4. nóvember 2005 til 1. nóvember 2008 þegar váttryggingin var felld niður af hálfu V2. A hafði þá fest kaup á starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V1 og tók hún gildi þar 6. október 2008 en þann 4. september 2009 sendi V tölvupóst til umhverfisráðuneytisins um að váttrygging A væri fallin úr gildi.

M gerir kröfu um viðurkenningu á greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu A hjá annað hvort V1 eða V2 vegna umfangsmikilla galla í fasteigninni Frostabíngi 11, sérstaklega á burðarþoli hússins. Þeir gallar eru þó ekki skýrlega sundurgreindir í málskoti en M leggur fram matsgerð dags. 10. apríl 2013 máli sínu til stuðnings. Ekki er gerður greinarmunur á því í hvora trygginguna er sótt vegna mismunandi matsliða. Matsgerðin er byggð á því að í janúar 2013 var dómkvaddur til þess að meta ýmsa þætti í húsbýggingunni og hvort hún væri haldin göllum, orsakir og afleiðingar gallana og kostnað við að bæta þá. Matsþoli, sem var V2, bókaði sérstaklega að það óskaði eftir því að matsmaður tæki afstöðu til þess hvort gallar á húseigninni yrðu raktir til saknæmrar háttsemi byggingarstjóra á byggingartímanum.

Þó ekki sé skýrlega gerð grein fyrir sundurlíðuðum kröfum M í málskoti og hvort váttryggingafélagið eigi að greiða bætur vegna þeirra krafna, má álykta af gögnum málsins, sérstaklega matsgerðinni dags. 10. apríl 2013 að M telji að gallar hafi verið nokkrir. Í tölvupósti lögmanns M til V2 dags. 24. október 2012 eru þeir tilgreindir sem hér segir:

1. Frágangur vegna vindþéttingar (ekki farið eftir teikningu undir þaki).
2. Festingar á þaksperrum ekki til staðar.
3. Burðarbitar ekki skv. teikningu.
4. Burðarstoðir undir burðarbita ekki skv. teikningu.
5. Plata á efri hæð sigið vegna ónógs burðarþols vegna liðar 3 og 4.
6. Lagnakerfi fyrir gólfhitakerfi á efri hæð ekki skv. teikningu
7. Stigi ekki eftir teikningu

V1 hefur neitað bótaskyldu vegna ofangreindra liða nr. 2., 3., 4., 5. og 7 með vísan til þess að þeir þættir hafi verið unnir áður en váttrygging tók gildi hjá félaginu þann 6. október 2008, fokheldisvottorð hafi verið gefið út á svipuðum tíma og því hljóti þeir þættir að hafa verið tilbúnir þá. Hvað varðar aðra liði þá telur V1 í bréfi sínu frá 24. október 2013 að ágreiningur við M lúti aðallega að því hvort A sem byggingarstjóri hafi sýnt saknæma háttsemi á váttryggingartímanum 6. október 2008-4. september 2009 við lagningu lagnakerfis fyrir gólfhita á efri hæð hússins sem og anhydrid lagn á sömu hæð og hvor frágangur þaks og vindþétting hafi átt sér stað á sama tíma. V1 telur ekkert hafa komið fram í gögnum málsins að umrædd verk hafi verið unnin á þessum tíma. Því til stuðnings vísar V1 til þess að í kaupsamningi sem dagsettur er á árinu 2010, þegar seljandi M keypti húseignina, hafi komið fram að frágangur lagna á neðri hæð hafi verið frá en ekki minnst á frágang lagna á neðri hæð. V1 bendir á að það vísi til þess að slíkur frágangur hafi ekki átt sér

stað fyrir eftir 2010 og því ekki á váttryggingartíma hjá V1. Hvað varðar loftun á þaki telur V2 að þar sé um að ræða atriði sem varða hönnun hússins en ekki saknæma háttsemi byggingarstjóra.

V2 hefur einnig hafnað því að greiða bætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra sem í gildi var hjá félaginu frá upphafi húsbyggingarinnar til 1. nóvember 2008, umfram það sem þá þegar hefur verið greitt. Fyrst og fremst byggist höfnun V2 á því að ekki sé sýnt að vinna A sem byggingarstjóra, vegna þeirra liða sem krafist er bóta vegna, hafi átt sér stað á váttryggingartíma hjá V2. Auk þess er vísað til þess að þrátt fyrir það bil á milli gólfbita sé ekki í samræmi við teikningar megi rekja tjón aðallega til þess hvernig svokölluð anhydrid ílögn hafi verið gerð. V2 telur að ekki hafi komið fram í gögnum málsins að umrædd ílögn hafi verið framkvæmd á váttryggingartíma A hjá V2. Einnig kemur fram hjá V2 að ekki sé sannað að aðrir mögulegir gallar á húseigninni séu raktir til saknæmrar háttsemi A sem byggingarstjóra á þeim tíma sem hann var váttryggður hjá V2.

Álit.

Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi og málatilbúnaður hans sé studdur skýrum sönnunargögnum þar um, bæði hvað varðar ætlaða saknæma háttsemi og hvenær hún átti sér stað sem og tjón sem leiðir af slíkri háttsemi. Í þessu máli skiptir sérstaklega máli að sannað sé hvenær umrædd og ætluð saknæm háttsemi A byggingarstjóra átti sér stað vegna þess að hann skipti um váttryggingarfélag á tímabili því sem hér er til umfjöllunar. Í málinu er upplýst að starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra hafi verið í gildi hjá V2 frá því að húsbygging hófst til 1. nóvember 2008 en frá 6. október 2008 til 4. september 2009 hafi verið í gildi sambærileg váttrygging hjá V1. Varðandi heimild V1 til þess að fella starfsábyrgðartrygginguna niður þann 4. september 2009 verður ekki litið framhjá því að slíkt var gert og tilkynning til viðeigandi yfirvalda (umhverfisráðuneytisins) send samhliða því. Það að ráðuneytið skuli ekki hafa gætt að því að bera saman tilkynningu V1 og lista yfir byggingarstjóra og eftir atvikum einkahlutafélög þeirra verður ekki talið rýra gildi umræddrar tilkynningar. Verður því ekki fallist á sjónarmið M um að váttrygging hjá V1 hafi ekki fallið niður fyrr en í apríl 2013 þegar umrædd mistök uppgötvast hjá ráðuneytinu. Það að V1 hafi sent sérstaklega útskýringar á þeim tíma hefur ekki þau réttaráhrif að váttryggingin teljist hafa verið í gildi þangað til. Starfsábyrgðartrygging A hjá V1 féll því niður vegna vanskila 4. september 2009. Í gögnum málsins kemur ekki fram að A hafi gætt þess að kaupa starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá öðru váttryggingarfélagi. Skv. samþykktum úrskurðarnefndar í váttryggingamálum fjallar nefndin um ágreining um bótaskyldu milli málskotsaðila og váttryggingafélags. Getur nefndin því eingöngu fjallað um mögulega saknæma háttsemi byggingarstjórans A frá því að húsbyggingin hófst til 4. september 2009, þ.e. þegar váttrygging var í gildi.

Þrátt fyrir nokkuð magn gagna í málinu og mat á mögulegum göllum á húseigninni, verður ekki séð með skýrum hætti hvenær tilteknir hlutar húsbyggingarinnar voru unnir. Þó megi álykta að eitthvað af verkinu hafi átt sér stað áður en váttryggingavernd lauk 4. september 2009 telst ekki upplýst með nægilega skýrum hætti að byggingarstjóri hafi sýnt saknæma háttsemi við störf sín á þeim tíma. Með hliðsjón af almennum sönnunarreglum verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans A hjá V1 eða V2.

Reykjavík 19. nóvember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 332/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um bótaskyldu byggingarstjóra vegna tiltekinna galla í fjölbýlishúsi.****Gögn.**

173. Málskot, móttakið 4.10.2013, ásamt fylgigögnum.

174. Bréf X, dags. 4.11.2013.

Málsatvik.

Fjölbýlishúsið að A var byggt á árunum 2004 til 2005 úr forsteyptum einingum. Byggingarstjóri við verkið var B. Í júní 2010 öfluðu M skýrslu um ástand eignarinnar og á grundvelli hennar töldu þeir að eignin væri haldin ýmsum göllum, bæði í sameign og einstökum íbúðum, sem rekja mætti til atvika sem B bæri ábyrgð á. Hinn 10.11.2011 voru dómkvaddir tveir matsmenn m.a. til að meta nánar tilgreinda galla á eigninni. Með matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, dags. 5.6.2012, voru gallar staðreyndir gegna tiltekinna verkþátta. M hafa krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X vegna þeirra galla sem gerð er grein fyrir í matsgerðinni. X viðurkenndi bótaskyldu vegna tiltekinna galla en hafnaði bótaskyldu vegna fimm verkþátta þar sem ekki væri sýnt fram á að þá mætti rekja til saknæmrar háttsemi B. Snýst ágreiningur í máli þessu um ábyrgð B á göllum vegna þessara verkþátta.

Álit.

Í tveimur íbúðum hafði múrhúð og flísar losnað frá veggjum. Af hálfu M er talið að um sé að ræða mun meiri galla en eðlilegt og venjulegt geti talist og því fari fjarri að við framkvæmdina hafi verið gætt fullnægjandi vinnubragða. Í matsgerð segir vegna þessara tilvika að ekki sé hægt að sjá ástæðu þessa við skoðun. Líklegt sé að viðloðun múrs við steypu hafi verið ónóg og síðan hafi rýrnun og skrið í steypunni valdið því að spenna hafi myndast í gífsi sem við það spennist frá veggnum. Matsmenn telja óeðlilegt að múr losni af með þessum hætti og að ekki verði séð að eðlileg umgengni eða slit valdi því að múrinn losni. Af matsgerðinni verður ekki ráðið með nægilegri vissu hvað olli því að múrhúð eða flísar losnuðu. Verður því ekki fullyrt að hér sé um galla að ræða sem rekja megi til atvika sem B ber ábyrgð á. Þessi þáttur telst því ekki bótaskyldur úr ábyrgðartryggingunni.

Sprungu var í einingu við útihurð einnar íbúðar. Af hálfu M er talið að slík sprunga sé sennileg afleiðing af verki sem falli undir umsjón B. Auk þess beri hann ábyrgð á galla á aðkeyptum einingum ef annmarkinn verður rakinn til uppsetningar á byggingarstað eða hann hafi mátt gera sér grein fyrir að einingin henti ekki fyrir viðkomandi byggingu. Í matsgerðinni var staðfest sprunga á vegg við hlið útihurðar sem líklegt er að hafi myndast við meðhöndlun einingarinnar fyrir eða við uppsetningu. Enga nánari umfjöllun er að finna um orsakir þess að sprungan hafi myndast. Er ósannað samkvæmt gögnum málsins að sprungan verði rakin til þess að B hafi með saknæmum hætti vanrækt eftirlit með uppsetningu umræddrar einingar. Hann telst því ekki vera ábyrgur fyrir þessum galla og þar með fæst tjón vegna þessa ekki bætti úr ábyrgðartryggingunni.

Í einni íbúð er hurðarkarmur, sem steypdur í vegg, sveigður að læsingarmegin þannig að hurð tekur í hann þegar henni er lokað. Í annarri íbúð tekur svalahurð í karm að framanverðu og að aftanverður er karmur sveigður. Telja M að B hafi brugðist lögmæltum skyldum sínum að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum, þ. á m. að iðnmeistarar sinni skyldum sínum og að framkvæmdin sé tæknilega og faglega fullnægjandi. Í umfjöllun í matsgerð vegna þessara atriða kemur fram að karmar hafi ekki verið nægilega stífaðir í mótum áður en steypd var eða þeir hafi skekkst við steypuvinnu. Slíkt geti gerst við framkvæmdir og séu skekkjur ekki þeim mun meiri sé eðlilegt að hefла af körmum eða hurðum þannig að skekkjur verði ekki til vandræða. Samkvæmt matsgerðinni verður ekki ráðið að ísetning karma í steypumótin hafi ekki verið með tæknilega eða faglega fullnægjandi hætti. Ekki verður heldur ráðið af matsgerð að skekkjur í körmum hafi verið meiri en svo að ekki hafi verið unnt að hefла af körmum eða hurðum til að hurðir myndu falla að stöfum með eðlilegum hætti. Þótt frágangi að þessu leyti hafi ekki verið lokið verður ekki séð að það megi rekja til atvika sem B skuli bera ábyrgð á. Tjón af þessum sökum bætist því ekki úr teðri ábyrgðartryggingu.

Á nokkrum stöðum á hurðum á skáp í herbergi og eldhúsinnréttingu einnar íbúðar eru mattir blettir á lakki. Af hálfu M virðist vera talið að bletti þessa megi rekja til ófullnægjandi vinnubragða og með því að þeir hafi ekki verið lagfærðir hafi B brugðist eftirlitsskyldu sinni. Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er spónn á innréttingum talinn eðlilegur og náttúrulegur, skemmd sé á einni skúffu í eldhúsi og mattir blettir á lakki á nokkrum stöðum séu óeðlilegir, en ekki sé unnt að sjá af hvaða völdum þeir eru. Í ljósi þessa, svo og þess hversu langur tími leið frá því A var byggt uns matið fór fram, er ósannað að bletti þá sem hér um ræðir megi rekja til atvika sem B getur borið ábyrgð á. Tjón vegna þeirra fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni.

Skemmdir eru á viðarlíkishúð plötuklæðningar utan á A. M kveða að í samþykktri byggingarlýsingu A segi að úrveggir skulu klæddir með sléttri álklaðningu, en klæðning sú sem A var klædd með sé ekki sambærileg slíkri klæðningu. Það hafi verið á ábyrgð B að notast hafi verið við aðra klæðningu en mælt var fyrir um í byggingarlýsingu. Auk þess skyldu hús og önnur mannvirki jafnan gerð úr haldgóðum og hentugum byggingarefnum og þá áraun sem ætla megi að húsið og mannvirkið verði fyrir, sbr. 118. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 sem var í gildi á byggingartíma A. Hafi B átt að gera sér grein fyrir því að húðun á plötuklæðningu á A stæðist ekki íslenskt veðurfar. Í fyrirliggjandi matsgerð dómkvaddra matsmanna segir að plöturnar séu gerðar úr plastkjarna og með þunnum álplötum að innan og utanverðu. Ekki er að sjá í matsgerðinni nánari lýsingu á klæðningunni eða gerð hennar. Samkvæmt þessu eða gögnum málsins að öðru leyti verður ekki ráðið að klæðningin hafi ekki verið í samræmi við byggingarlýsingu hússins eða að hún hafi ekki fullnægt þeim gæðakröfum sem kveðið var á um í 118. gr. þágildandi byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Tjón vegna klæðningarinnar fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

Samkvæmt framangreindu eiga M ekki rétt á frekari bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 26. nóvember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 333/2013
M
og V v/ réttaraðstoðarliðar fjölskyldutryggingar.

Gildistími váttryggingar vegna upphafs ágreinings í einkamáli.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 17. október 2013, ásamt skilmálum fjölskyldutryggingar.

Málsatvik.

M hefur verið tryggður hjá V með réttaraðstoðartryggingu síðan 1. febrúar 2010. Í váttryggingarskilmálum kemur fram í gr. 7.1. að hægt sé að óska eftir réttaraðstoð ef váttryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp. Af gögnum málsins má ráða að M hafi höfðað einkamál gegn Reykjavíkurborg 28. júní 2010 vegna ágreinings um ákvörðun Reykjavíkurborgar um að hafna skilum á lóð fasteignar sem M hafði fengið úthlutað áður.

M telur að greiða eigi bætur úr réttaraðstoðartryggingu hans þar sem váttryggingin hafi verið í gildi þegar mál hans gegn Reykjavíkurborg hafi verið höfðað. Miða eigi tímamark ágreinings við útgáfu stefnu. Einnig bendir M á að ef ekki sé fallist á það sé upphaf ágreinings ekki fyrr en ljóst var að Reykjavíkurborg myndi ekki fara að úrskurði Samgönguráðuneytisins sem kveðinn hafi verið upp 21. febrúar 2010. Það hafi verið nokkru eftir dagsetningu úrskurðarins og þá hafi váttryggingin sannanlega verið í gildi og því eigi að greiða bætur vegna réttaraðstoðar.

V telur að að sá ágreiningur, sem M lýsir í málskoti, hafi komið upp þann 26. janúar 2009 þegar Reykjavíkurborg hafnaði beiðni M um að fá að skila lóð sem honum hafi verið úthlutað. Þegar af þeirri ástæðu hafi hann komið upp fyrir gildistöku váttryggingar M hjá V.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum V kemur fram að gildissvið réttaraðstoðartryggingar ná til greiðslu bóta vegna réttaraðstoðar við váttryggingartaka ef váttryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp í því máli sem réttaraðstoðar er krafist vegna. Álitaefti í máli þessu snýr að því að því hvenær réttarlegur ágreiningur kom upp milli M og Reykjavíkurborgar sem leiddi til þess að M gaf út stefnu á hendur Reykjavíkurborg 28. júní 2010. Í gögnum málsins má sjá ítarleg gögn um aðdraganda umræddrar málsóknar. Ljóst er af þeim gögnum að ágreiningur í málinu var kominn upp nokkru fyrir útgáfu stefnu. Verður þar sérstaklega litið til þess að Reykjavíkurborg hafnaði því að M gæti skilað umræddri lóð með bréfi 26. janúar 2009. Í kjölfarið kom fram stjórnslukæra til Samgönguráðuneytisins. Ljóst er að slík kæra var sendi fyrir 1. febrúar 2010, þegar váttrygging M tók gildi hjá V. Í síðasta lagi þá var ágreiningur kominn upp í skilningi gr. 7.1. í váttryggingarskilmálum. Hann var því kominn upp áður en váttrygging M tók gildi hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 31. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 334/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Bátatryggingar á bátnum B

Bátur varð fyrir tjóni vegna sjóleka 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.10.2013 ásamt fylgiskjölum 1-14
2. Bréf V dags. 17.10.2013 ásamt myndum og tryggingarskilmálum

Málsatvik.

Fyrirsvarsmaður M segir að báturinn B í eigu M hafi orðið fyrir tjóni vegna sjóleka þegar boltar fyrir gaflstykki brotnuðu þegar B var 37 sjómíllur frá landi. V hafnaði bótaskyldu í fyrstu á þeim forsendum að frágangur á drifbúnaði hefði ekki verið fullnægjandi og flotrofi fyrir sjálfvirka gangsetningu dælu hafi ekki verið til staðar. Fyrrverandi skipaskoðunarmaður skoðaði B og telur að frágangur á drifbúnaði hafi verið fullnægjandi og engar kröfur séu um sjálfvirka flotrofa til ræsingar lensudælu í reglum Siglingastofnunar fyrir opna fiskibáta eins og B. B var með gilt hæfnisskírteini þegar tjónið varð. V hafnaði þessum sjónarmiðum og benti m.a. á að umræddur skipaskoðunarmaður væri náskyldur eiganda M. Í höfnunarbréfi V í upphafi málsins var einungis vísað til þess að frágangur væri ekki fullnægjandi og á þeim forsendum var M bent á að hann gæti skotið málinu til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Með bréfi V 17.10.2013 er bótaskyldu hins vegar hafnað á þeim forsendum að í 3.gr. vátryggingarskilmála þeirra sem um ræðir, þá séu þau tjón talin upp sem séu bótaskyld skv. vátryggingunni en það eru tjón vegna áreksturs á grunn eða strand, fok, brotsjór og ásigling á fastan hlut eða fljótandi og bendir V á að ekkert slíkt tjón hafi verið tilkynnt og falli því umrætt tjón á B ekki undir vátryggingu þá sem um ræðir.

Álit.

Í 3.gr. vátryggingaskilmála þeirrar vátryggingar sem um ræðir í máli þessu er tekið fram hvert sé almennt bótasvið vátryggingarinnar og hvaða tjón bætist úr vátryggingunni. Það tjón sem lýst er af eiganda M fellur ekki undir bótasvið vátryggingarinnar og þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr bátatryggingunni sem um ræðir. Sú staðreynd að tjónið á B var undanskilið samkvæmt vátryggingaskilmálum lá fyrir þegar M kvartaði til V. Höfnun V á bótaskyldu var í upphafi reist á allt öðrum ástæðum, sem í raun koma málinu ekki við þar sem umrætt tjón er undanskilið, en vegna þess hefur verið lagt í vinnu og kostnað sem var óþarfur hefði V borið fyrir sig strax að tjón M væri ekki bótaskyldt úr vátryggingunni skv. vátryggingarskilmálum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr bátaábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 31.10.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 337/2013
M
og V2 v/ bifreiðarinnar A og V1 v/ bifreiðarinnar B

Umferðaróhapp á Miklubraut við Lönguhlíð 20. september 2013.

Gögn.

1. Málskot móttækið 8. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 15. október 2013.
3. Bréf V2 dags. 18. október 2013.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að árekstur hafi verið með ökutækjum A og B þannig að ökumaður ökutækis A hafi ekið frá bifreiðastæði inn á Miklubraut með þeim afleiðingum að ökutæki B, sem var ekið austur Miklubraut, var ekið á A. Af myndum í tjónstilkynningu má ráða að biðskylda sé af umræddum bifreiðastæðum inn á Miklubraut.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum með því að aka beint á bifreið A sem hafi verið komin inn á götuna. M bendir á að bifreið A hafi verið á hreyfingu þegar áreksturinn varð og ekið hafi verið aftarlega á hlið bifreiðarinnar.

V1 gerir ekki athugasemdir við málskot M en V2 telur að ökumaður bifreiðar A átt að gæta forgangs vegna biðskyldu vegna umferðar um Miklubraut og beri því alla sök á árekstrinum.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að bifreið A var ekið gegn biðskyldu inn á Miklubraut og átti að veita bifreið B forgang þar sem þeirri bifreið var ekið eftir Miklubrautinni, sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Verður árekstur bifreiðanna rakinn til þessa en ekki er talið sannað m.v. gögn málsins að ökumaður bifreiðar B hafi ekið gáleysislega í greint sinn.

Niðurstaða.

Ökumaður ökutækis A ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 19. nóvember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 341/2013
M og
V v/ bifreiðarinnar A og bifreiðarinnar B.

Umferðaróhapp 24. júlí 2013 á bílastæði á Skemmuvegi í Kópavogi.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 11. október 2013, ásamt skilmálum Heimilisverndar.

Málsatvik.

Umferðaróhapp varð með bifreiðum A og B á tilgreindum tíma. Í tjónstilkynningu kemur fram að ökumaður bifreiðar A lagði henni bifreiðastæði og opnaði hurð bifreiðarinnar í sömu mund og ökumaður bifreiðar B ók inn í bifreiðastæði við hlið bifreiðar B.

M telur að hurð á bifreið A hafi ekki verið opnuð í veg fyrir bifreið B þar sem hún hafi verið opnuð innan stöðureits á bifreiðastæði. Stöðureiturinn sé afmarkaður með málningu og hafi hurðin því ekki verið opnuð út í umferð í skilningi 5.mgr. 27.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekið á opna hurð bifreiðar A og beri því alla sök á tjóni eiganda bifreiðar A vegna tillitsleysis við akstur um bifreiðastæðið.

Ökumaður bifreiðar B telur að hurð bifreiðar A hafi verið opnuð í veg fyrir hann. Undir þetta tekur V sem telur að með hliðsjón af háttennisreglu 5.mgr. 27.gr. umferðarlaga, um að sá sem opnar hurð ökutækis skuli gera það þannig að það valdi ekki hættu eða óþarfa óþægindum, skuli bera alla sök vegna árekstursins. V bendir einnig á myndir af vettvangi um staðsetningu bifreiðar B innan þess stöðureits sem þeirri bifreið var ekið inn í.

Álit.

Í gildandi umferðarlögum kemur fram sú háttennisregla í 5.mgr. 27.gr. laganna að opna beri dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Það þýðir að ökumanni bifreiðar A bar að gæta sérstaklega að sér þegar hann opnaði hurð bifreiðarinnar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar B hafi ekið sem leið lá inn á stöðureit bifreiðastæðisins í sömu mund og hurðin var opnuð. Í ljósi fyrrnefndrar aðgátarskyldu ökumanns bifreiðar A verður að leggja sök á hann fyrir að hafa ekki gætt að komandi umferð. Ekki þykir nægilega sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið gáleysislega inn í stöðureit bifreiðastæðisins eða gáleysislega nálægt bifreið A þannig að hann beri sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Öll sök á árekstrinum er lögð á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík 12. nóvember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 342/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Starfsábyrgðartryggingar L

Krafa sjúklings um bætur vegna bein aukandi kjálkaaðgerðar þ. 5.10.2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.10.2013 ásamt fylgiskjölum 1-18
2. Bréf V dags. 28.10.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M gekkst undir bein aukandi kjálkaaðgerð í efri góm hjá L þ. 5.10.2004. M segir að eftir aðgerðina hafi hún verið dofín í andliti og með rangskynjanir í húð og andliti m.a. við efri vör. M segir að L hafi sagt sér að dofinn mundi hverfa fljótlega en raunin hefði ekki orðið sú heldur hefði dofinn aukist og náð að lokum yfir stóran hluta andlits M. Í lok október 2004 fékk M meinvarp í heila og fór í stera- og geislameðferð vegna þess. M leitaði til annarra lækna en L og töldu þeir að M hefði orðið fyrir taugaskaða við umrædda aðgerð L. M krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu L vegna taugaskaða sem hún hafi orðið fyrir við aðgerðina þ. 5.10.2004 og vísar m.a. í matsgerð dags. 20.1.2011 sem framvæmd var skv. beiðni lögmanns M og V. Þar kemur m.a. fram að M er haldin verulegum dofa í andliti sem veldur margvíslegum alvarlegum afleiðingum fyrir M. Af hálfu M er fullyrt að skýrt orsakasamband sé á milli lækni meðferðar L í umræddri aðgerð og tjóns M og er m.a. vísað í ofangreinda matsgerð þar sem segir: “Matsmenn telja lítinn sem engan vafa vera um að hér er um afleiðingu af umræddri aðgerð að ræða.” og “Matsmenn telja því yfirgnæfandi líkur fyrir því að rekja megi núverandi einkenni til aðgerðarinnar 05.10.2004.” Varanleg örorka M var metin 45% og varanlegur miski 35%. Af hálfu M er á því byggt að við lækni meðferðina hafi átt sér stað mistök sem L beri skaðabótaábyrgð á og sé bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu hjá V. Af hálfu M er því haldið fram að ekki sé hægt að leggja álitserð Landlæknis og læknisins Júlíusar Schopka til grundvallar í málinu vegna annmarka á þeirri álitserð. Bent er á að samtímagögn af hálfu L séu ónákvæm og ófullnægjandi og verði L að bera hallann af því. M byggir á því að tjón M sé bótaskyldt á grundvelli sakarreglu íslensks skaðabótaréttar með vísan til reglna um sérfræðiábyrgð enda hafi ekki verið sýnd sú aðgæsla og vandvirkni sem gera hafi mátt kröfu um við umrædda lækni meðferð. V hafnar bótaskyldu og segir að samkvæmt sjúkraskrá séu ekki skráðar kvartanir M vegna andlitsverkja frá október 2004-febrúar 2005, en ítarleg skoðun hafi farið fram á M þ. 28.10.2004 vegna gruns um alvarleg veikindi M í höfði. V segir að matsgerð Garðars Guðmundssonar og Ingvars Sveinbjörnssonar dags. 20.1.2011 verði ekki lögð til grundvallar í máli þessu, en í matsbeiðni sé spurt hvort matsmenn telji orsakatengsl sönnuð milli lækni meðferðar L þ. 5.10.2004 og núverandi einkenna M, en þó að orsakatengsl væru þá dugi það ekki að mati V eitt og sér til að bótaskylda teljist vera til staðar úr frjálsri ábyrgðartryggingu L. V bendir á að ofangreindrar matsgerðar hafi verið aflað vegna sjúklingatryggingar en ekki ábyrgðartryggingar. V segir að matsmenn fullyrði ekki að einkenni M séu afleiðing aðgerðarinnar hjá L og vísar í matsgerðina þar sem segir: “Matsmenn telja lítinn sem engan vafa vera um að hér er um afleiðingu af umræddri aðgerð að ræða og samkvæmt álit sérfræðings er orsökinn annað hvort staðdeyfingin eða notkun sjálfhaldandi haka” V segir að L hafi ekki notað sjálfhaldandi haka við aðgerðina. Þá segir V að deyfingin á M í umrætt sinn hafi verið deyfing af hefðbundnum styrkleika til tannlækninga. V segir að M hafi ekki sannað mistök af hálfu L sem hafi valdið tjóni hennar sem hér ræðir um, en sönnunarbyrðin hvíli á M. Þá fari fjarri að í matsgerðinni komi fram sönnun fyrir því að fyrir liggja orsakatengsl milli aðgerðarinnar sem L framkvæmdi á M og einkenna hennar. Þá vísar V til álit Landlæknis sem sé unnið af sérfræðingi í munn- og

kjálkaskurðlækningum þar sem fram komi að faglega og eðlilega hafi verið staðið að aðgerð M þ. 5.10.2004.

Álit.

Í álitserð sem unnin var af Júlíusi Helga Schopka sérfræðingi í munn- og kjálkaskurðlækningum dags. 3.júní 2009 að beiðni Landlæknisembættisins vegna aðgerðar sem M gekkst undir hjá L þ. 5.10.2004 og eftirmeðferð M hjá L segir í niðurstöðu:

”Mitt álit er að aðgerð sú sem” L ”tannlæknir framkvæmdi á” M ”hafi verið framkvæmd með viðurkenndri aðferð og viðurkenndum efnum. Að henni var því faglega staðið að mínu mati. Eftirmeðferð virðist einnig hafa verið með eðlilegum hætti. Ekki er óhugsandi að skynbreytingar þær sem eru á efri vör og kinn” M ” hafi orðið í kjölfarið á umræddri aðgerð. Sé það tilfellið er að mínu mati um að ræða sjaldgæfa aukaverekun og verður rangri tækni eða ófaglegri meðferð ekki kennt um.”

Niðurstaða Júlíusar Helga Schopka er því samkvæmt ofangreindu sú að L hafi staðið faglega og eðlilega að ofangreindri aðgerð á M og eftirmeðferð. Matsgerð Garðars Guðmundssonar og Ingvars Sveinbjörnssonar hnekkir þeirri niðurstöðu ekki eða önnur gögn sem hafa verið lögð fram í málinu. Af þeim sökum þar sem M hefur ekki tekist að sýna fram á að L hafi gerst sekur um handvömm eða rangar lækningaaðferðir, ranga notkun tækja eða deyfilyfja eða L staðið illa að eftirmeðferð, þá hefur ekki verið sýnt fram á að L hafi unnið til sakar sem leiði til bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 26.11.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 343/2013
M
og V v/ frjálsra ábyrgðartrygginga A og B.

Líkamstjón þegar loftplata datt úr lofti 22. júní 2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 22. október 2013.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hún var við vinnu sína í skrifstofuhúsnæði. Á vinnustaðnum höfðu starfsmenn A og B verið að vinna að viðhaldi húsnæðisins. Af gögnum frá V að dæma verður lagt til grundvallar að það hafi verið starfsmenn B sem hafi unnið að því að leggja rafmagnsrör fyrir ofan loftaplötur og hluti af þeirra starfi hafi því falist í því að losa um slíkar plötur í loftinu.

M heldur því fram að hún hafi fengið loftplötu í höfuðið og við það hlotið líkamstjón. M telur að þeir starfsmenn sem hafi verið að vinna við viðhald húseignarinnar beri ábyrgð á því að loftplatan losnaði og lenti á höfði hennar. Hún telur m.t.t.reglunnar um vinnuveitandaábyrgð að B eða A beri því skaðabótaábyrgð gagnvart henni. Þar sem bæði fyrirtæki eru tryggð hjá V beri V að greiða henni skaðabætur úr ábyrgðartryggingu vegna líkamstjónsins.

V telur, eins og áður segir, að það hafi verið starfsmenn B sem hafi verið við vinnu nálægt M þegar hún varð fyrir líkamstjóni. V telur hins vegar ósannað að tjón M verði rakið háttsemi starfsmanna B eða atvika sem B ber skaðabótaábyrgð á. V hefur eftir forsvarsmanni B að starfsmenn hans hafi verið við vinnu fjarri M og hafi ekki átt við þá loftplötu sem fallið hafi á M. Það hafi auk þess verið fleiri iðnaðarmenn á svæðinu sem og hafi ástand loftsins ekki verið gott. Það sé aðstæður sem B geti ekki borið skaðabótaábyrgð á og komi því ekki til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V og alls ekki úr sambærilegri tryggingu A.

Álit.

Í gögnum málsins er, að því er virðist, óumdeilt að M fékk loftplötu í höfuðið þar sem hún var við vinnu sína. Á sama tíma voru starfsmenn B að vinna við að losa loftplötur í sama rými og M sat. Ekki stoðar að vísa til óstaðfesta skýrslna forsvarsmanna B um að starfsmenn B hafi ekki losað umrædda plötu eða þeir hafi verið fjarri M við vinnu sína. Þykja gögn málsins sýna nægilega skýrlega fram á að líkamstjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna B en þeir hefðu átt að gera frekari ráðstafanir áður en þeir hófu störf við loftið til þess að takmarka hættu á tjóni. Sérstaklega er þá litið til þeirra upplýsinga sem þeir gáfu V um ástand loftsins. Því er fallist á viðurkenningu greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt að fá líkamstjón sitt bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 26. nóvember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 345/2013
M
og V v/ slysatryggingar ökumanns bifhjólsins X.

Takmörkun ábyrgðar vegna stórkostlegs gáleysis vegna umferðarslyss 25. júní 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 28. október 2013.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifhjólinu X, sem M ók, og bifreið á Tangagötu í Vestmannaeyjum. Málsatvik og sakarskipting eru sértaklega tilgreind í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 270/2013 sem kveðinn var upp 24. september 2013. Þar kemur fram að M, sem ökumaður X, hafi ekið yfir leyfilegum hámarkshraða og með þeim hætti að aksturslag hans er metið til stórkostlegs gáleysis. Mat nefndarinnar á aksturslagi M í umræddum úrskurði er hér lagt til grundvallar, en engin ný gögn liggja fyrir sem breyta álitni nefndarinnar á háttsemi M. Því stendur einungis eftir ágreiningur um hversu mikið V getur takmarkað ábyrgð sína í skilningi 2.mgr. 27.gr. (eftir atvikum 90.gr.) laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

M telur V ekki heimilt að takmarka ábyrgð sína um helming eins og það hefur gert. Í fyrsta lagi þar sem M mótmælir því að hafa sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn og í öðru lagi með vísan til dómafordæma um sömu takmörkun ábyrgðar, einkum í málum Hrd. 384/2011, Hrd. 38/2012 og Hrd. 623/2012. Háttsemi M hafi ekki verið eins alvarleg og í þeim dómum og því eigi ekki að takmarka bætur til hans með sama hætti og í þeim.

V telur með vísan til dóma í Hrd. 384/2011 og Hrd. 44/2013 eigi að takmarka ábyrgð félagsins að hálfu leyti og staðfestir niðurstöðu félagsins um viðurkenningu á greiðsluskyldu upp að 50% úr slysatrygging ökumanns X.

Álit.

Eins og áður segir hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu í máli nr. 270/2013 að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur sinn í aðdraganda áreksturs sem leiddi til líkamstjóns M. Eins og áður segir stendur það mat nefndarinnar óbreytt. Þegar litið er til þess með hvaða hætti V getur takmarkað ábyrgð sína skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Í þessu máli er ljóst að M ók langt yfir leyfilegum hámarkshraða við aðstæður sem þurfti að gæta fyllstu varúðar við og þar sem mátti búast við umferð þó hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna við aksturinn. Með hliðsjón af þessu verður ábyrgð V takmörkuð um 50%.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu bifhjólsins X hjá V, en greiðsluskylda er takmörkuð við 50%.

Reykjavík 12. nóvember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 346/2013
M og
Vátryggingarfélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Kona slasaðist þegar hún féll af hestbaki af hesti á vegum hestaleigu þ. 7.8.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.10.2013 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 28.10.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M segir að hesturinn sem hún hafi setið á og var frá hestaleigunni A hafi tekið á rás um leið og hann kom út fyrir gerði og hafi M misst stjórn á hestinum og ekki fengið neina aðstoð hjá starfsmönnum A og dottið af baki og meiðst. M segir að hún hafi upphaflega farið á bak öðrum hestu frá A og setið hann í ferð sem stóð frá morgni til hádegis, en eftir hádegið hafi hún fengið annann hest og ekki fengið ráðrúm til að kynnast honum áður en haldið var af stað eða fara hring í gerðinu sem hestarnir voru í. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og telur að slysið megi rekja til rangra starfshátta og viðbragða starfsmanna A og á því beri A skaðabótaábyrgð vegna saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna A. Af hálfu M er á því byggt að starfsmenn A hefðu átt að leyfa M að kynnast nýja hestinum með því að taka einn hring í gerðinu áður en haldið yrði af stað en með því að gera það ekki hafi starfsmenn A ekki fylgt sínum eigin öryggisreglum. Þá byggir M á því að starfsfólk A hafi ekki komið henna til aðstoðar þó þeir hafi séð að M hafði enga stjórn á hestinum nema í smá tíma þegar henna tókst að stöðva hestinn áður en hann tók á rás á ný. M telur að starfsfólk A hafi ekki vitað hvernig það hafi átt að bregðast við þeim aðstæðum sem M lenti í og verið reynslulítið og því hafi farið svo illa sem raun ber vitni. M byggir einnig á því að hún hafi að öllu leyti farið eftir settum reglum og fylgt leiðbeiningum starfsmanna A. V hafnar bótaskyldu og bendir á að eftir að M hafi stöðvar hestinn hafi hún ákveðið að ríða því til baka og á bakaleiðinni hafi M ákveðið að henda sér af baki með þeim afleiðingum að hún slasaðist. V hafnar því að slys M megi rekja til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi A eða starfsmanna A eða annarra atvika sem A ber ábyrgð á. V segir að öryggisatriðum sé vel háttað hjá A og farið sé yfir öryggisatriði og helstu atriði varðandi það að sitja hest áður en lagt er af stað í hestaferðir. V bendir á staðfestingarblað sem M undirritar um að hún sé fullfær um að taka þátt í hestaferðinni. V segir að ástæða þess að M fékk annann hest eftir hádegishlé hafi verið vegna þess að þess sé gætt að ofgera ekki hestunum. V segir að hesturinn sem M reið í umrætt sinn hafi verið 15 vetra fulltamið og verið í notkun hjá A í tvö ár g alltaf verið mjög finn. Þá bendir V á að M hafi getað stöðvað hestinn og getað farið af baki ef hún treysti hestinum ekki. Þá segir V að A geti ekki borið ábyrgð á því þó að knapar hendi sér af baki ef þeir verða skelkaðir. Þá segir V að leiðsögumaður hópsins sem um ræðir hafi verið vanur knapi og fengið nauðsynlega grunnþjálfun.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að M hafði kynnt sér leiðbeiningar og öryggisreglur og taldi sig fullfæra um að fara í ferðina auk þess að gera sér grein fyrir að ferðin gat haft ákveðna hættu í för með sér, en M undirritaði staðfestingu um afþreyingarferðir áður en lagt var af stað í ferðina. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsfólk A hafi með einhverjum hætti brugðist skyldum sínum í umrætt sinn. Þá liggur ekkert fyrir um hest þann sem M sat í umrætt sinn annað en að hann var fulltaminn og hafði verið í notkun hjá hestaleigunni í tvö ár. Miðað við þær upplýsingar þá verður það ekki talið að varhugavert hafi verið eða óforsvaranlegt af A að hafa notað hestinn sem M sat

fyrir hana í umrætt sinn. Ekkert hefur komið fram um að eitthvað hafi skort á leiðbeiningar um meðferð hestsins áður en ferðin hófst, sem hefði getað komið í veg fyrir slysið. Þá hefði ferð um gerði það sem hestarnir voru geymdir í og M nefnir, engu breytt miðað við það að M nær að stöðva hestinn eftir að hafa setið hann nokkra stund, en ákvað síðan að halda aftur á stað. Að öllu athuguðu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að slysið verði rakið til þess að ferðin hafi verið ófullnægjandi eða að það megi að öðru leyti rekja slys M til atvika sem A getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 26.11.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 347/201
M og
V vegna
málskostnaðartryggingar (After-the-event legal expences Insurance policy)

Krafa um greiðslu málskostnaðar vegna váttryggingar sem var útgefin 17. janúar 2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf frá V ódagsett ásamt gögnum.
3. Bréf úrskurðarnefndar til lögmans málskotsaðila dags. 14. janúar 2014.
4. Bréf lögmans M dags. 4. febrúar 2014 ásamt gögnum.
5. Bréf lögmansstofunnar L f.h.V dags. 14. febrúar 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Málskot sem fylgja þessu máli og öll gögn sem því fylgja eru á ensku. Í 7.mgr. 5.gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005 kemur fram að málskot og fylgiskjöl þess skuli vera á íslensku en samþykki nefndarinnar þurfi til þess að gögn séu á öðru tungumáli. Í máli þessu hefur nefndin, í ljósi sérstakra aðstæðna varðandi þjóðerni málskotsaðila og lögmanna hans sem og stöðu hans gagnvart V sem váttryggingafélag hér á landi sem selur að mestu váttryggingar til einstaklinga í Bretlandi, samþykkt að gögn séu lögð fram á ensku, en formleg beiðni um það kom fram í bréfi lögmans M dags. 4. febrúar sl.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að M keypti sérstaka málskostnaðartryggingu í gegnum váttryggingamiðlarinn ULP hjá váttryggingafélaginu V, að því er virðist í janúar 2011. Í sérstöku samkomulagi dag. 11. janúar 2011 kemur fram að annað fyrirtæki, JACAL, sjái um framkvæmd váttryggingarinnar (administration).

Ekki verður annað séð en að váttryggingin hafi verið keypt vegna réttarlegs ágreinings sem þá þegar var kominn upp á milli M og lánafyrirtækis og náði gildissvið váttryggingarinnar til þess að greiddar yrðu bætur vegna málskostnaðar ef ágreiningsmálið gegn lánafyrirtækinu tapaðist. Í sérstöku áhættumati sem átti sér stað í september 2010, á því hversu miklar líkur væru á sigri í málinu, voru þær metnar um 66%. Skilyrði fyrir útgáfu váttryggingar af hálfu váttryggingafélagsins voru að minnsta kosti 65% sigurlíkur og því var váttryggingin gefin út.

M virðist hafa átt aðallega í samskiptum við umrætt umsýðingarfyrirtæki, JACAL, vegna gangs dómmálsins gegn lánafyrirtækinu á árinu 2011. Þar var rætt um möguleika á því að semja í málinu og hvernig ætti að halda því áfram. Í gögnum koma fram upplýsingar m.a. varðandi boð um samning sem virðist hafa komið fram í mars 2011. M virðist ekki hafa tekið því boði vegna vegna ráðlegginga JACAL í þá átt. M heldur því fram að hann hafi farið í einu og öllu eftir þeim ráðleggingum sem JACAL gaf á þeim tíma og V verði að vera bundið af því. Haustið 2011 hafi hins vegar komið boð frá váttryggingamiðlaranum ULP um að váttryggingin félli niður og í kjölfarið skilaboð frá V um að ekki væri fallist á greiðslu bóta.

V hefur hafnað greiðslu bóta aðallega með hliðsjón af ákvæðum í váttryggingarskilmálum um að M hafi ekki tekið viðeigandi ákvarðanir í málinu gegn lánafyrirtækinu eins og honum bar skv. skilmálum til þess að minnka hættu á greiðslu bóta fyrir váttryggingafélagið. M hefði átt að taka tilboði um samning í mars 2011 og með því að gera það ekki hafi M vanrækt skyldur sínar gagnvart V. Hefur V m.a. vísað til gr. 4 í váttryggingaskilmálum í kafla skilmálanna um hvernig eigi að vinna mál sem váttryggð séu. Einnig hefur V vísað til 11.gr. undanþáguákvæðis í

vátryggingarskilmálum. V vísar auk þess til þess að það sé ekki bundið af ráðleggingum JACAL, enda hafi þær ekki verið í samræmi við hagsmuni V.

M telur auk þess sem áður hefur komið fram að V eigi að bera hallann af ráðleggingum JACAL og greiðsluskylda sé fyrir hendi skv. vátryggingunni. Einnig gagnrýnir M að V hafi ekki svarað bréfi M í mars 2013 fyrr en málskot þetta kom fram.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort meðferð máls í ensku réttarkerfi hafi verið fullnægjandi m.v. ákvæði í skilmálum málskostnaðartryggingar M hjá V. Gögn málsins voru ekki mjög skýr í upphafi um gang málsins en skýrðust nokkuð með umbeðnum viðbótargögnum í febrúar sl. Skv. almennum sönnunarreglum í íslenskum rétti hvílir sönnunarbyrði á vátryggingartaka varðandi það hvort atvik falla undir gildissvið vátryggingar hverju sinni. Eðli vátryggingar þessarar er sérstakt m.t.t. að ákvarðanir vátryggingartaka um meðferð dómsmáls er háð því að málinu sé framhaldið með hagsmuni vátryggjanda í huga og krefst nokkurs samstarfs milli vátryggingartaka og vátryggjanda þegar kemur að meðferð málsins og einstaka ákvörðunum. Ekki verður fullyrt hér að starfsmenn JACAL hafi getað skuldbundið V að fullu vegna ráðlegginga um meðferð dómsmálsins umrædda skv. þeim samningi sem gerður var milli fyrirtækjanna. Eins og málið er sett fram verður heldur ekki fullyrt að skilyrði skilmála V hafi verið uppfyllt varðandi greiðslu bóta í ljósi þeirra ákvarðana sem teknar voru um meðferð málsins. M hefur því ekki sýnt fram á með fullnægjandi hætti að hann eigi rétt á greiðslu málskostnaðar úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík 18. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 348/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðar.****Ágreiningur um hvort tjón hafi verið tilkynnt of seint.****Gögn.**

175. Málskot, móttakið eftir 9.10.2013, ásamt fylgigögnum.

176. Bréf X, dags 29.10.2013, ásamt fylgigögnum.

177. Síðari athugasemdir M, dags. 19.11.2013.

Málsatvik.

Hinn 9.1.2008 varð M fyrir líkamstjóni er hún ók bifreið sinni, A, aftan á að aðra bifreið á Miklubraut í Reykjavík. Hún leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans og í læknaþreffi deildarinnar frá sama degi segir að M hafi ekki fundið fyrir miklu í byrjun „en síðan verkir í hálsi, herðum og höfuðverk.“ Þá kvartaði M um dofatilfinningu í hægri kinn. Var hún greind með tognun og ofreynslu á hálsþrygg og fékk almenna ráðgjöf vegna hálstognunar og lyfseðil fyrir lbufen. Í nóvember 2009 leitaði M til bæklunarlæknis vegna verkja í hægri hné sem sendi hana í segulómun af hnénu en sú rannsókn hafi reynst næstum innan eðlilegra marka. Kvaðst lækurinn hafa gefið M bólgueyðandi og deyfandi sprautu í hnéd. Síðar hafi svo M leitað til hans fyrir tilstuðlan lögmanns síns. Ekki er ljóst hvenær það hefur verið, en þá hafi M kvartað um áframhaldandi verki í allri hryggisúllunni alveg frá hálsi og niður í bak og út í hægri hand- og ganglim, en eftir skoðanir og rannsóknir taldi lækurinn að ekki væri þörf á frekari rannsóknum né meðferð að frátaldri sjúkrahjálfun sem hún þyrfti að halda áfram með um óákveðinn tíma. Í vottorði læknis á heilsugæslustöð, dags. 17.4.2013, kemur fram að M hafi fyrst leitað á heilsugæslustöðina í janúar 2013 vegna þrálátra höfuðverkja sem hún kvaðst rekja til slyssins, svo og vegna verkja við vissar hreyfingar á hálsi og verki niður í hægri öxl og niður í bak hægri megin.

Með tilkynningu 31.1.2013 hefur M krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem tjónið hafi verið tilkynnt of seint, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.).

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Samkvæmt gögnum málsins, eins og að ofan greinir, leitaði M á slysa- og bráðadeild sama dag og slysið varð. U.þ.b. einu ári og átta mánuðum síðar, eða í nóvember 2009, leitaði hún til bæklunarlæknis vegna einkenna í hægri hné án þess þó að séð verði með skýrum hætti að einkenni þessi hafi á þeim tíma verið tengd við slysið. Í janúar 2013 leitaði M svo til heilsugæslulæknis vegna þrálátra höfuðverkja og verkja í hálsi sem leiddu niður í hægri öxl og hægri bak og hún rakti til slyssins. Engin gögn liggja svo fyrir um gang sjúkdómseinkenna hennar að öðru leyti en hér að framan greinir. Þannig verður ekki séð að hún hafi verið í markvissri læknismeðferð í því skyni að lækna sjúkdómseinkenni þau sem hún rekur til slyssins ellegar að draga úr einkennunum allar götur frá því slysið varð uns það var tilkynnt X í lok janúar 2013. Mjög takmarkaðar upplýsingar liggja því fyrir um heilsufar M um fimm ára skeið áður en hún tilkynnti X um slysið og hvað hún hafi á þeim tíma mátt gera sér grein fyrir um afleiðingar slyssins, þ. á m. hvort þær yrðu varanlegar. Með því að tilkynna slysið svo

seint sem raunin var hefur M sýnt tómlæti sem leiðir til þess að hún hefur glatað bótakröfu sinni á hendur X, sbr. fyrrgreint lagaákvæði. Þegar af þeirri ástæðu er tjónið ekki bótaskyldt úr slysatryggingunni.

Síðari athugasemdir M hafa enga þýðingu fyrir úrslit málsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 26. nóvember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 349/2013
M
og V v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar S.

Vinnuslys þegar stroffa slitnaði við hífingu hitaveiturora 19. september 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 15. október 2013.
3. Bréf M dags. 25. október og 29. október 2013.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína hjá S þar sem verið var að hífa hitaveiturör í Svartsengi við Grindavík. Skv. upplýsingum í lögregluskýrslu má ætla að M hafi slasast þegar hluti stroffus sem rörið var híft með, slitnaði með þeim afleiðingum að rörið lenti á M sem hlaut við það líkamstjón. Málið hefur áður verið til umfjöllunar hjá nefndinni með úrskurði í máli nr. 125/2013 þar sem krafist var viðurkenningar á skaðabótaskyldu seljanda umræddrar stroffu vegna skaðsemisábyrgðar skv. lögum nr. 25/1991. Ekki var fallist á að sýnt væri fram á skilyrði skaðsemisábyrgðar seljandans og var niðurstaða nefndarinnar því að ekki ætti að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu hans hjá V, en félagið vátýggir bæði hagsmuni seljanda stroffunnar og S, vinnuveitanda M, með ábyrgðartryggingu.

M gerir nú þá kröfu að viðurkennd verði greiðsluskylda V úr ábyrgðartryggingu S vegna saknæmrar háttsemi stjórnanda fyrirtækisins við notkun umræddrar stroffu til hífingar á hitaveiturörunum í greint sinn. M telur, m.a. með vísan til niðurstöðu rannsóknar Vinnueftirlits ríkisins á orsökum slyssins, að tjón M sé rakið til þess að umrædd stroffa hverri verið slitin eða það hafi verið komin skemmd í lykkju hennar. Stjórnandi fyrirtækisins hafi átt að sjá til þess að sú stroffa sem notuð var í greint sinn væri örugg. Einnig bendir M á að kröfum hafi verið beint að V sem ábyrgðartryggjanda S í júlí 2013 án þess að V tekið afstöðu til kröfunnar. Þessu til viðbótar vísar M til röksemda V vegna máls nefndarinnar nr. 125/2013 sem komu fram í bréfi dags. 30. apríl 2013. Þar hafi V lýst atvikum þessa slyss þannig að farið hafi verið yfir lyftigetun stroffunnar sem notuð var. Þegar af þeirri ástæðu hafi V viðurkennt skaðabótaábyrgð S í málinu.

V telur að vísa eigi máli þessu frá með vísan til 3.gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátýggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, þar sem V hafi ekki enn tekið afstöðu til bótaskyldu í málinu. Í fyrrnefndri grein komi fram að nefndin úrskurði um ágreining milli málskotsaðila og vátýggingafélags en þar sem afstaða V liggja ekki fyrir geti ekki verið um ágreining að ræða. V telur að ákvæði 5.gr. sömu samþykktu um að nefndin geti tekið mál til úrskurðar ef vátýggingafélag hafi ekki brugðist við skriflegri kröfu innan þriggja vikna, eigi ekki við þar sem V hafi margoft reynt að fá fram afstöðu S í málinu án árangurs. Án afstöðu S geti V ekki tekið endanlega afstöðu til skaðabótaskyldu þess sem sem vátýggingartaka ábyrgðartryggingar og með vísan til þess beri að vísa málinu frá nefndinni.

Álit.

Ljóst er að skriflegri kröfu um afstöðu til greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu S hjá V var beint til V með skriflegum hætti þann 19. júlí 2013. V hefur þrátt fyrir það, ítrekanir lögmanns M og málskot þetta, ekki tekið efnislega afstöðu til mögulegrar skaðabótaábyrgðar S og greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu. Með vísan til 5.gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátýggingamálum stoðar ekki fyrir V að bera fyrir sig að félagið geti ekki tekið efnislega afstöðu til málsins nema að fenginni skriflegri skýrslu forsvarsmanna S. Í málinu liggja fyrir gögn sem byggja verður afstöðu til skaðabótaábyrgðar S á. Í þeim gögnum, sem og afgreiðslu nefndarinnar á máli nr. 125/2013,

kemur fram að verkefni það sem fyrirtækið S tók að sér í greint sinn var að hífa hitaveiturör með tilteknum stroffum. Við slíka hífingu slitnaði hluti þeirrar stroffu sem leiddi til þess að umrætt rör lenti á M sem hlaut líkamstjón við það. Í gögnum málsins koma fram sterkar vísbendingar um að notuð hafi verið stroffa við verkið sem verið hafi orðin slitin eða skemmd hafi verið komin í lykkju hennar, sbr. niðurstaða Vinnueftirlitsins sem liggur fyrir um orsakir slyssins.

Með hliðsjón af almennum sönnunarreglum er það sá, sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans, sem ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttarins séu uppfyllt. Gildissvið ábyrgðartryggingar S hjá V tekur til skaðabótaábyrgðar fyrirtæksins. Með hliðsjón af ofangreindum röksemdum, þá sérstaklega ályktunum um ástand umræddrar stroffu, verður að telja nokkrar líkur á því að notuð hafi verið ófullnægjandi stroffa við þá hífingu sem átti sér stað þegar M slasaðist. V eða forsvarsmenn S hafi ekki gefið skýringar á vinnulagi og vali á stroffu í greint sinn sem breytir því mati. Verður að telja meiri líkur en minni að líkamstjón M verði rakið til skaðabótaábyrgðar S og því fallist á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá tjón sitt bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 19. nóvember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl

Mál nr. 353/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verktaka.****Kona slasaðist er hún féll um steypujárnsgrind á bifreiðastæði við íbúðarhús.****Gögn.**

178. Málskot, móttækið 10.10.2013, ásamt fylgigögnum.

179. Bréf X, dags. 4.11.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 13.9.2011, er M var á leið um bifreiðastæði við íbúðarhúsið A, féll hún um steypujárnsgrind sem lá á bifreiðastæðinu. Við það hlaut M m.a. axlarbrot og áverka í andliti. Myrkur var og engin lýsing í götunni vegna endurnýjunar ljósastaura þegar slysið varð. Ekki er ljóst hvernig steypujárnsgrindin hafði borist inn á bifreiðastæðið. Unnið var við að endurnýja gangstétt í götunni á vegum verktakans V. Fyrr um daginn hafði verið unnið við að steypa gangstétt fyrir framan A og starfsmenn V segjast hafa girt í kringum steypusvæðið og sett brú (flekamót) yfir gangstéttina þar sem gangstétt lá heim að húsinu. Starfsmaður undirverktaka, sem annaðist m.a. jarðvegsskipti undir hina nýju gangstétt, kvaðst hafa reist steypujárnsgrindina upp á rönd að trjárinna beint sunnan við A þannig að langhlið hennar hafi vísað til austurs og vesturs eða í sömu stefnu og gangstéttin. Hafi hann gert þetta til að koma sandi í gangstéttina. Grindin hafi verið þung og hann hafi ekki komið henni lengra einsamall. Honum var ekki kunnugt hvernig grindin hafi borist inn á bifreiðastæðið þar sem M féll um hana.

M telur að ekki hafi verið gengið nægilega vel frá vinnusvæðinu í lok vinnudags þannig að fyllsta öryggis væri gætt, sbr. m.a. 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en járnagrindin sem M féll um hafi af ókunnum ástæðum verið færð af vinnusvæðinu við gangstéttarlagninguna sunnan við A og inn á bifreiðastæðið. Eins og gengið hafði verið frá grindinni í lok vinnudags átti hún ekki að geta valdið vegfarendum hættu. Ekki verður séð að sá frágangur hafi farið í bága við ákvæði laga nr. 46/1980 eða annarra stjórnvaldsfyrirmæla. Er ósannað að það verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á að grindin hafði verið færð inn á bifreiðastæðið. Af þeim sökum ber V ekki ábyrgð á líkamstjóni M sem hún hlaut í slysinu. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 14. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 356/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar.****Ágreiningur um hvort tjón hafi verið tilkynnt of seint.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið eftir 16.10.2013, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 1.11.2013, ásamt fylgigögnum.
3. Síðari athugasemdir M, dags. 19.11.2013.

Málsatvik.

Hinn 27.7.2011 varð M fyrir líkamstjóni er hann varð fyrir alvarlegri líkamsárás af hendi tveggja manna er slógu hann með hafnaboltakylfu víða um líkamann. Hann var fluttur á slysa- og bráðadeild Landspítalans til rannsóknar og lækni meðferðar. Samkvæmt vottorði læknis á deildinni greindist við rannsókn brot á öln, brot í miðhandarbeini, brot í þumli, skurður á höfði, hrufslár á handlegg og mar á handlegg og fótlegg. Skurður á höfði var saumaður með fyrirhugaðri saumatöku viku síðar. Einnig var lögð spelka við framhandleggsbrot og þumaláverka. Degi síðar mun hann svo hafa verið tekinn til aðgerðar af bæklunarlæknum þar sem framhandleggsbrot í öln var lagfært með plötu og skrúfum. Hann 23.2.2013 leitaði M til bæklunarlæknis. Í vottorði læknisins kemur fram að við skoðun umræddan dag hafi M verið með 2 cm langt vel gróið ör á höfði, stífur í hálsi með 50% hreyfiskerðingu í allar áttir, hreyfingar í vinstri hendi voru skertar og sársaukafullar auk kraftminnkunar. Hann átti erfitt með að liggja á vinstri hlið. Frá slysi hafi hann verið með verki í allri vinstri hlið. Einkenni voru ennfremur frá vinstri fæti.

Með tilkynningu 2.1.2013 hefur M krafist bóta úr frítímaslysátryggingu sem hann hafði í gildi hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem tjónið hafi verið tilkynnt of seint, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.).

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysátryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Samkvæmt gögnum málsins var M fluttur á slysa- og bráðadeild Landspítalans sama dag og slysið varð. Engin gögn liggja fyrir um lækni meðferð á spítalanum eftir þessa fyrstu komu. Engin gögn liggja fyrir um lækni meðferð fyrr en M leitaði til bæklunarlæknis 23.2.2013 eins og að ofan greinir. Engin gögn liggja svo fyrir um gang sjúkdómseinkenna M að öðru leyti. Ekkert liggur fyrir um að hann hafi verið í markvissri lækni meðferð í því skyni að lækna sjúkdómseinkenni þau

sem hann rekur til slyssins eða notið læknisfræðilegrar ráðgjafar sem hafi gefið honum tilefni til að ætla að hann myndi ná sér af meiðslunum. Mjög takmarkaðar upplýsingar liggja því fyrir um heilsufar M af völdum slyssins áður en hann tilkynnti X um slysið. Af hinum takmörkuðu gögnum um þá áverka sem M hlaut verður hins vegar ekki dregin önnur ályktun en sú að fljótlega eftir tjónsatvikið hafi M mátt gera sér grein fyrir að einkenni af völdum áverkanna myndu verða til frambúðar. Með því að tilkynna slysið svo seint sem raunin var hefur M sýnt tómlæti sem leiðir til þess að hann hefur glatað bótakröfu sinni á hendur X, sbr. fyrrgreint lagaákvæði. Þegar af þeirri ástæðu er tjónið ekki bótaskyldt úr slysatryggingunni.

Síðari athugasemdir M hafa enga þýðingu fyrir úrslit málsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 10. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 358/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar K.

Slys við inngang Salalaugar í Kópavogi 27. janúar 2012.

Gögn.

1. Málskot móttækið 11. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 31. október 2013 ásamt veðurgögnum dags. 10. október 2012.

Málsatvik.

M var á leið í líkamsrækt í húsnæði sundlaugar þegar hún rann á svelli við inngang laugarinnar. Tilkynnt var um slysið til lögreglu kl. 6:48 þann 27. janúar 2012 komu lögreglumenn á vettvang skömmu síðar. Í lögregluskýrslu kemur fram að töluverð hálka hafi verið á gangveginum þar sem slysið varð og haft eftir starfsmönnum sundlaugarinnar að búið hafi verið að óska eftir því við aðra starfsmenn K að svæðið yrði saltað. Í gögnum málsins liggur fyrir tölvupóstur frá manni sem gekk um sama svæði kl. 6:25 og kemur þar fram að mikil hálka hafi verið fyrir utan innganginn og að hann hafi nefnt við starfsfólk sundlaugarinnar að það þyrfti að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu en fátt hefði verið um svör. Í gögnum málsins kemur einnig fram að lögmaður M hafi óskað eftir upplýsingum frá K um ráðstafanir til að minnka hættu vegna hálku á þessu svæði dagana fyrir þetta slys en slíkar óskir hafi ekki borið árangur.

M telur það til saknæmrar háttsemi starfsmanna K að hafa ekki gert viðhlítandi ráðstafanir á gangveginum fyrir utan innang sundlaugarinnar þar sem augljós hættu hafi verið vegna hálku. M byggir á því að starfsmaður K í sundlauginni hafi verið búinn að gera sér grein fyrir hættunni þar sem haft hafi verið eftir honum að búið hafi verið að biðja um að svæðið yrði saltað eða gerðar aðrar ráðstafanir. M byggir á því að það hvíli ströng skylda á K að gera ráðstafanir við húsnæði Salalaugar þar sem megi búast við fjölda fólks á svæðinu vegna þeirrar þjónustu sem hægt er að sækja í lauginni. M telur einnig að K eigi að bera hallann af skorti á sönnunum um gerðar ráðstafanir vegna hálku þar sem K hafi ekki veitt upplýsingar þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir lögmanns M þar um.

V telur að K beri ekki skaðabótaábyrgð vegna slyss M þar sem allra veðra sé von á þessum stað og þessum tíma árs. M hafi verið að koma að Salalaug mjög snemma að morgni en laugin opni kl. 6:30. Það hafi því ekki verið ráðrúm til að gera frekari ráðstafanir en gerðar voru með því að biðja Áhaldahús K um að sinna hálkuvörnum, en slíkt sé í þess verkahring. Einnig bendir V á að veðrabrigði hafi verið skjót á þessum tíma auk þess sem M hafi verið gjörkunnug aðstæðum við lagina. Ekki hafi verið ráðrúm fyrir starfsmenn K að bregðast við með skjótari hætti en gert var og því hafi þeir ekki sýnt saknæma háttsemi í greint sinn.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort M eigi rétt á skaðabótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu K hjá V þegar hún féll við inngang sundlaugar snemma að morgni 27. janúar 2012. Nánar tiltekið hvort rekja megi fall hennar til þess að starfsmenn K hafi sýnt saknæma háttsemi, með því að gera ekki ráðstafanir vegna hálkuvarna áður en M féll við.

Í málinu er upplýst að veruleg hálka var fyrir utan inngang sundlaugarinnar þann morgun sem M gekk þar um. Þó ekki sé upplýst nákvæmlega hvenær M féll þá er ljóst að það er að öllum líkindum rétt eftir auglýstan opnunartíma laugarinnar. Í gögnum málsins liggja fyrir upplýsingar frá öðrum gestum um verulega hættu vegna hálku á sama tíma og tilkynningu þar um til starfsmanna laugarinnar áður en M kom að. Engar beinar ráðstafanir voru þó gerðar heldur vísað til þess að aðrir starfsmenn K hefðu átt að annast hálkuvarnir á svæðinu.

Þegar gögn málsins eru virt í heild og lýsingar á aðstæðum á vettvangi þykir sýnt að starfsmenn sundlaugarinnar hafi ekki gert nægilegar og eðlilegar ráðstafanir vegna gífurlegrar hálku við

inngang sundlaugar sem einnig er nýtt sem líkamsræktaraðstaða. Almennt má vænta margra viðskiptavina snemma að morgni til líkamsræktar og sundiðkunar á opinbera sundstaði og verður ekki talið sýnt að gerðar hafi verið nægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir augljósa hættu á vettvangi enda sýnt að starfsmenn hafi vitað af henni. Með vísan til þessa telst K bera skaðabótaábyrgð á tjóni M en ekki er sýnt fram á að hún beri meðábyrgð vegna tjónsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 3. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 359/2013
M og
V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar Ó.

Slys þegar maður festist á milli fiskikara þ. 8.1.2013.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 11.10.2013 ásamt fylgiskjölum 1-10.
2. Bréf V dags. 23.10.2013.

Málsatvik.

M vann hjá Ó og segist hafa ætlað að kanna hvort fiskikassar sem voru í fiskikari efst í fjögurra kassastæðu væru ætlaðir öðru fyrirtæki og hafi M og annar maður stigið sitt hvoru megin upp á brík neðsta karsins í stæðunni en við það hafi þrjú kör fallið niður til hliðar og M fallið aftur á bak og tvö kör lent ofan á vinstri fót M og hann slasast. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu Ó hjá V og segir að lyftari hafi ekki verið tiltækur í umrætt sinn þar sem hann hafi verið bilaður og M hafi ekki verið að klifra upp á körin þar sem hann hafi aðeins stigið á neðsta karið auk þess hafi eigandi Ó beðið M um að hjálpa til að finna umfrædd fiskikör. M byggir á því að slysið hafi orðið vegna vanbúnaðar á vinnustað þar sem fiskikar var vanbúið og þau kör sem staflað hafi verið upp hafi verið í forkastanlegu ástandi auk þess sem Ó hafi ekki boðið upp á fullnægjandi vinnutæki. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að á einu horni neðsta karsins hafi verið gömul viðgerð og það horn greinilega gleiðara en það hafi átt að vera og telur Vinnueftirlitið það ástæðuna fyrir því að körin féllu á hliðina. V hafnar bótaskyldu og telur lýsingu M á aðstæðum að verulegu leyti rangar. V bendir á að það sé ekki talið óforsvaranlegt að gera við skemmdir á fiskikörum og hlutlæg ábyrgð af gæðum slíkra viðgerða verði ekki lögð á forsvarsmenn Ó auk þess sem ástand fiskikaranna hafi ekki verið ófullnægjandi. Þá bendir V á að ekki sé um sök að ræða hjá Ó, starfsmönnum Ó eða þeim sem Ó ber ábyrgð á. Þá segir V að ekkert liggi fyrir um ástand lyftara á þeim tíma sem slysið varð og vanur maður eins og M hafi verið ljóst að hann ætti ekki að standa að verki með þeim hætti sem hann gerði enda hafi slíkt verklag verið sérstaklega bannað.

Álit.

Ekki liggur fyrir í málinu að um vanbúnað hafi verið að ræða á vinnustað eða aðrar ástæður sem fella sök á Ó vegna þess slyss sem hér um ræðir. M var vanur starfsmaður og vissi að varhugavert gat verið að standa að verki eins og hann gerði í umrætt sinn. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að lyftari sem var á staðnum hafi ekki verið tiltækur. Þegar allt framangreint er virt á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Ó hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Ó hjá V.

Reykjavík 12.11.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 360/2013
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B .

Umferðaróhapp 26. apríl 2013 á Austurlandsvegi við Gíslastaðagerði.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 17. október 2013 ásamt lögregluskýrslu og myndum af vettvangi.
3. Tölvupóstur V2 dags. 12. nóvember 2013.

Málsatvik.

Umferðaróhapp varð á fyrrgreindum stað þar sem bifreið B var ekið aftan á bifreið A á hægri akrein Austurlandsvegur en skv. lögregluskýrslu voru ummerki á vettvangi um að áreksturinn hefði orðið þar. Þegar lögregla kom á vettvang var bifreið A utan vegar þeim megin og bifreið B í hægri kanti vegarins. Ökumaður A kveðst hafa ekið eftir veginum með fyrirhugaða hægri beygju að afleggjara við Gíslastaðagerði þegar bifreið B hafi verið ekið aftan á bifreið A. Ökumaður B ber að áreksturinn hafi orðið þegar ökumaður bifreiðar B hafi ætlað að aka vinstra megin fram úr bifreið A en þá hafi ökumaður A beygt inn á vinstri akrein vegarins þrátt fyrir stefnumerki til hægri.

V1 telur að leggja eigi alla sök á ökumann B þar sem öll gögn málsins sýni að um hreina aftanákeyrslu hafi verið að ræða, bremsuför á vettvangi eftir bifreið B hafi öll verið að hægri akrein sem og brot úr bifreiðunum eftir áreksturinn, auk þess sem vitni beri um mikinn hraðakstur ökumanns bifreiðar B rétt áður en árekstur varð. Auk þess sem ákomur á bifreiðunum bendi til þess að bifreið A hafi verið ekið beint áfram þegar árekstur varð en ekki í víðri hægri beygju.

V2 styðst við niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna þar sem niðurstaðan var sú að hvorugur ökumanna hafi gætt sín nægilega vel og sök skipt þannig að ökumaður bifreiðar A ber 2/3 hluta sakar en ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Álit.

Í gögnum málsins eru skýrar vísbendingar um að árekstur með bifreiðunum A og B hafi átt sér stað á hægri akrein Austurlandsvegur, bæði má sjá það af bremsuförum eftir bifreið B og öðrum ummerkjum á vettvangi, en þeim er lýst vel í lögregluskýrslu og myndum með henni. Með hliðsjón af því telst ökumaður B ekki hafa gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða, sbr. háttænisreglu 3.mgr. 14.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ekki liggja fyrir sönnunargögn um að ökumaður A hafi ekið þannig að hann beri ábyrgð á árekstrinum. Ökumaður B ber því alla ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa ekið aftan á bifreið A.

Niðurstaða.

Öll sök á árekstrinum er lögð á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík 10. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 363/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar einstaklings (eiganda hests).****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er aflífa þurfti hest eftir áflog við annan hest.****Gögn.**

180. Málskot, mótttekið 18.10..2013, ásamt fylgigögnum.

181. Bréf X, dags 1.11.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Af því sem ráðið verður af gögnum málsins mun hestur í eigu M hafa lent í áflogum við annan hest, A. A mun hafa verið bitinn víða um skrokkinn auk þess sem hann var fótbrottinn á hægri framfæti. Batahorfur hestsins voru taldar engar og þurfti að aflífa hann.

M hefur krafist þess að tjón sem hlaust af því að aflífa þurfti A verði bætt úr ábyrgðartryggingu hans hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekkert liggur fyrir um tildrög áfloganna eða að áverkar þeir sem A varð fyrir í áflogunum megi rekja til atvika sem M sem eiganda hins hestsins verður með einhverju móti kennt um. Er þannig ekkert samkvæmt gögnum málsins sem gefur tilefni til að ætla að M beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem hlaust við það að aflífa þurfti hestinn.

Niðurstaða.

Tjón sökum þess að aflífa þurfti A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu M hjá X.

Reykjavík, 10. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 366/2013**M****V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið málskostnaðartryggingar vegna undanþáguákvæðis í váttryggingarskilmálum.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 22. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V, dags. 11. nóvember 2013 ásamt gögnum.
3. Bréf M með athugasemdu og gögnum dags. 15. nóvember 2013.

Málsatvik.

M er tryggð með F+2 fjölskyldutryggingu hjá V. Í þeirri váttryggingu er svokölluð málskostnaðartrygging sem nær til greiðslu málskostnaðar í málum sem varða réttarlegan ágreining váttryggðs við hina ýmsu aðila. M á í slíkum ágreiningi við fjármálafyrirtæki varðandi endurútreikning á gengistryggðum lánasamningi. Réttarlegur ágreiningur M við fjármálafyrirtækið kom upp fyrr á þessu ári og ekki virðist ágreiningur um að skilyrði málskostnaðartryggingarinnar séu uppfyllt um gildistíma váttryggingarinnar í tvö ár áður en ágreiningurinn kom upp. Milli M og V er hins vegar ágreiningur um þýðingu undanþáguákvæðis í gr. 25.10 í váttryggingarskilmálum þar sem kemur fram að váttryggingin bæti ekki málskostnað sem varðar váttryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis en V telur ágreining M við fjármálafyrirtækið falla undir umrætt ákvæði.

M telur að þó samningur hennar við fjármálafyrirtækið hafi í upphafi verið gerður til að fjármagna bifreiðarkaup þá standi réttarlegur ágreiningur hennar við sama fyrirtæki um endurútreikning lánsins. Því varði ágreiningurinn hana ekki sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis heldur varði hann hana sem lantakanda við fjármálafyrirtæki óháð því hvað lánsfjárhæðin var notuð til að fjármagna. Einnig vísar M til þess að V hafi ásamt öðru váttryggingafélagi greitt málskostnaðar vegna sambærilegra mála úr málskostnaðartryggingu og að skýra beri undanþáguákvæði eins og gr. 25.10 í váttryggingarskilmálum þröngt.

V vísar til þess að lán sem ágreiningur stendur um hafi verið tekið til að fjármagna bifreiðarkaup og því varði ágreiningur um lánsamninginn M sem notanda vélknúins farartækis. V vísar einnig til þess að orðalag gr. 25.10 sé rúmt og komi það t.d. fram í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 182/2006 þar sem ágreiningur var um hvort fjármálafyrirtæki hefði átt að sjá til þess að bifreið væri kaskótryggð.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum vegna málskostnaðartryggingar M kemur fram að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í gr. 25 í váttryggingarskilmálum kemur fram að váttryggingin tekur til ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi skv. nánar tilgreindum skilyrðum. Í váttryggingunni eru síðan okkuð víðtækar takmarkanir á bótasviði sem tilgreindar eru meðal annars tilgreindar í gr. 25.2-25.12. Takmarkanir þessar eru hluti af stöðluðum samningsskilmálum sem váttryggingafélagið setur einhliða fram við gerð váttryggingasamningsins. Þegar metið er hvort réttarlegur ágreiningur, sem upp er kominn milli M og fjármálafyrirtækis um endurútreikning lánsamnings, tengist M sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis í skilningi gr. 25.10, verður að líta til þessa. Í málatilbúnaði M gagnvart fjármálafyrirtækinu er ekki að sjá annað en ágreiningur takmarkist við endurútreikning í ljósi dómafordæma um svipuð mál. Í ljósi stöðu váttryggingafélagsins, sem þess aðila að

vátryggingasamningnum sem einhliða semur umrætt undanþáguákvæði gr. 25.10, verður að túlka þann vafa vátryggingartakanum í hag. Að teknu tilliti til að réttarlegur ágreiningur takmarkist við endurútreikning lánessamningsins telst málskostnaðartrygging M taka til þess ágreinings að því gefnu að önnur skilyrði í skilmálum vátryggingarinnr séu uppfyllt, en ekki virðist ágreiningur um það. Málsatvik í máli nefndarinnar nr. 182/2006 eru ekki sambærileg við ágreining í þessu máli.

Niðurstaða.

Tjón M vegna ágreinings um endurútreikning lánasamnings bætist úr málskostnaðartryggingu M hjá V.

Reykjavík 10. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 369/2013
M og
og V v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um sönnun tjónsatburðar 25. janúar 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 11. nóvember 2013.
3. Yfirlýsing S ódags.
4. Bréf V dags. 16. desember 2013.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V dags. 29. janúar 2013 kemur fram að M lýsir því að hann hafi hlotið meiðsli á vinstra hné þegar bifreiðinni A hafi verið bakkað á hann þann 25. janúar 2013 þar sem hann stóð fyrir utan hana. Í læknisvottorði dags. 3. júní 2013 kemur fram að M hafi leitað til bæklunarskurðlæknis vegna umræddra meiðsla þann 29. janúar 2013, sama dag og hann tilkynnti V um málið. Eftir að málið kom til kasta úrskurðarnefndar var lögð fram yfirlýsing ökumanns bifreiðar A í greint sinn þar sem hún segist hafa verið að hleypa M og börnum þeirra út úr bifreiðinni við innkeyrslu að Lyngmóum 4 í Garðabæ og bakkað áleiðis út úr innkeyrslunni. Hún hafi orðið vör við að hún bakkaði á M þegar hann lét hana vita um það með því að banka í afturrúðu bifreiðarinnar.

M telur að gögn málsins sýni skýrlega að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rakið sé til notkunar bifreiðar A. M hafi leitað til læknis fljótt eftir atburðinn sem og tilkynnt V um hann fljótt. M telur að sönnun sé komin fram um atburðinn og það hafi ekki áhrif að ökumaður bifreiðarinnar sé fyrrverandi sambýliskona M.

V telur að ekki sé komin fram tæk sönnun ætlaðs atburðar þann 25. janúar 2013. Eini sagði sjónarvotturinn sé sambýliskona M og hún teljist ekki hlutlaust vitni. V vísar einnig til þess að skv. skráningum hjá félaginu bendi allt til þess að þau séu enn í sambúð og hafi sambýliskonan því fjárhagslega hagsmuni að því að M fái greiddar bætur vegna málsins.

Álit.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning sem dagsett er fjórum dögum eftir ætlaðan atburð sem og læknisvottorð sem staðfestir komu til læknis sama dag þar. Þar er atvikum lýst með sama hætti og í yfirlýsingu ökumanns bifreiðar A. Ekki hafa komið fram skýrar upplýsingar sem leiða til þess að draga megi yfirlýsingu ökumanns bifreiðar A í efa. Með hliðsjón af þessum gögnum og meginreglum íslensks réttar um sönnun sem og mati á slíkum reglum t.d. í Hrd. 228/2013 verða frásagnir M og ökumanns bifreiðar A lagðar til grundvallar og telst sannað að tjónsatburður hafi orðið með þeim hætti að bifreið A hafi verið ekið á M. Ekki felst þó í því afstaða til mögulegs umfangs líkamstjóns M vegna atburðarins.

Niðurstaða.

Líkamstjón M telst rakið til notkunar bifreiðar A.

Reykjavík 17. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 371/2013
M
og V v/ sjúklingatryggingar L.

Afleiðingar ökklaspeglunar 11. apríl 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. október 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 30. október 2013 þar sem vísað er í bréf V til lögmanns M dags. 8. apríl 2013.

Málsatvik.

M leitaði fyrst til L í febrúar 2012 þar sem hann lýsti óþægindum í ökkla. Eftir rannsóknir af hálfu L var ákveðið að gera speglun á ökkla og stefna síðar á stífun á neðanvölulíð í stað þess að gera hvoru tveggja í einni stórrí aðgerð. Spegln á ökkla var framkvæmd 11. apríl 2012 á skurðstofu í Orkuhúsinu. Í gögnum málsins kemur fram að þremur dögum síðar hafi M leitað á bráðamóttöku Landspítala-Háskólasjúkrahúss þar sem skipt hafi verið um umbúðir. Í læknisfræðilegum gögnum málsins hafi komið fram að grunur hafi verið um sýkingu í aðgerðarsári en hún hafi ekki verið staðfest. Þann 20. apríl s.á. leitaði M á stofu til L þar sem hann var með mikla verki frá því fyrr sama dag og þá hafi verið gröftur í sárinu. L sendi M beint á smitsjúkdómadeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss í kjölfarið þar sem M var lagður inn og gekkst undir meðferð vegna sýkingar næstu vikurnar þar á eftir.

M telur sig eiga rétt til bóta skv. 4.tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Þar komi fram að greiða eigi bætur vegna tjóns sem að öllum líkindum megi rekja til þess að tjón af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bóta laust. M telur að skilyrði til greiðslu bóta á grundvelli þessa liðar séu uppfyllt þar sem afleiðingar sýkingar þeirra sem M hlaut hafi verið til verulegra óþæginda fyrir M og ósanngjarnt sé að hann þoli það bóta laust.

V telur ekki hafi verið sýnt fram á að eitthvað hafi farið úrskeiðis við þá aðgerð sem G framkvæmdi þann 11. apríl 2012 og því sé bótaréttur ekki fyrir hendi hvort sem lítið er til 1.tl. eða 4.tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu. V vísar til þess að M hafi verið upplýstur um almenna sýkingarhættu en það megi einnig benda á að almennt sé lítil sýkingarhætta af sams konar aðgerðum. Auk þess telur V að tjón M megi að einhverju leyti rekja til þess að hann hafi ekki farið eftir þeim leiðbeiningum sem L veitti honum, t.d. með því að leita á bráðamóttöku vegna óþæginda og umbúðaskipta í stað þess að hafa samband beint við L.

Álit.

Í málinu er fyrst og fremst ágreiningur um hvort skilyrði 2.gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu séu uppfyllt. Það þýðir að ágreiningur er um hvort sýnt sé fram á að þau líkamlegu óþægindi sem M hafði vegna afleiðinga sýkingar í fæti hans séu „að öllum líkindum“ hægt að rekja til atvika sem rakin eru í 1.-4.tl. 2.gr. umræddra laga. M vísar eingöngu til 4.tl 2.gr. laganna máli sínu til stuðnings en nefndin telur að skoða verði málið út frá 2.gr. í heild sinni og þar af leiðandi sé hún ekki bundin af málatilbúnaði M sem vísi eingöngu til 4.tl. Auk þess má vísa til þess að V vísar sjálf til 1.tl. 2.gr. laganna í svari sínu til M með bréfi dags. 8. apríl 2013.

Hér reynir einna helst á hvort tjón M sé að öllum líkindum rakið til þess að Til þess að um bótaskyldu sé að ræða skv. lögum um sjúklingatryggingu þarf tjón að öllum líkindum að vera rakið til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu

og reynslu á viðkomandi sviði, sbr. 1.tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu. Einnig kemur til greina að líta til 4.tl. sömu greinar þar sem kemur fram að greiða eigi bætur vegna tjóns sem að öllum líkindum hlýst af meðferð eða rannsókn og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sannjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Þegar litið er til gagna málsins í heild verður að líta til þess að mat nefndarinnar tekur mið af því að nefndarmenn eru ekki sérfróðir á sviði læknisfræði og byggja mat sitt því eingöngu á þeim gögnum sem liggja fyrir. Þegar umrædd skilyrði laga um sjúklingatryggingu eru metin verður að líta til þess sem kemur fram í frumvarpi til laga um sjúklingatryggingu um að slakað sé á almennum sönnunarkröfum skaðabótaréttarins. Í málinu liggur fyrir að þremur dögum eftir aðgerð, sem felur almennt ekki í sér mikla hættu á sýkingu, leitar M á bráðadeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss. Þar kemur fram að grunur er um sýkingu og það vessar aðeins úr sári en greining á umræddri sýkingu fer ekki fram fyrr en um sex dögum síðar. Með hliðsjón af þessu verður að telja nokkrar líkur á því að sýking hafi komið í skurðsári M í tengslum við aðgerð hjá L. Líta verður til röksemda í frumvarpi til laga um sjúklingatryggingu því til stuðnings að nægilegt sé að nokkrar líkur séu á þessu. Þó almennt sé erfitt að greina nákvæmlega uppruna sýkinga sem þessara verður að túlka lög um sjúklingatryggingu með þeim hætti að sjúklingur verði ekki látinn bera hallann af því að geta ekki með nákvæmum hætti bent á uppruna sýkingar. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að það megi að öllum líkindum rekja sýkingu í skurðsári M þær aðstæður sem voru fyrir hendi í skurðstofu þar sem L framkvæmdi aðgerð á M. Þó L komi ekki að sóttthreinsun skurðstofunnar með beinum hætti verður að telja að það, að sýking hafi að öllum líkindum komið til vegna aðgerðarinnar, sé tjón sem hefði verið hægt að komast hjá ef skurðstofan hefði verið rétt undirbúin. L telst bera ábyrgð á þeim aðstæðum og með hliðsjón af því verða skilyrði 1.tl. 2.gr. laga um sjúklingatryggingu talin uppfyllt og ekki þykir því nauðsynlegt fjalla frekar um skilyrði 4.tl. 2.gr. sömu laga.

Með þessari niðurstöðu nefndarinnar ber þó að taka fram að engin afstaða er tekin til þess hvaða tjón hlaust af umræddri sýkingu öðruvísi en að ætla megi að skilyrði 2.mgr. 5.gr laganna um lágmarksfjárhæð tjóns eru talin vera uppfyllt.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til bóta fyrir líkamstjón úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 19. nóvember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 376/2013**M
og
váttryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega og
ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um hvort um tjónsatburð hafi verið að ræða.****Gögn.**

182. Málskot, móttakið 29.10.2013, ásamt fylgigögnum.

183. Bréf X, dags. 11.11.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 14.6.2012 var M á vegum vinnuveitanda síns, V, að vinna við að slípa gólf með slípirokk. Kveður M að steinn hafi þá skotist upp í hægra auga hans og valdið skaða. Hann hafi ekki verið með hlífðargleraugu og slík gleraugu hafi ekki verið til staðar þótt V hafi verið búinn að lofa að kaupa þau.

M leitaði daginn eftir á bráðalækningadeild Landspítalans og fannst honum þá sem eitthvað væri undir efra augnloki. Við skoðun á auganu var augnloki snúið við og sást þá bólginn kirtill. Segir í læknisvottorði frá deildinni að þar sem M vinni við parketslípun „getur nú s.s. verið eitthvert mjög lítið korn þar sem að getur verið erfitt að sjá.“ M var svo skoðaður af augnlækni 18.6. og 30.8.2012, en við skoðun í síðara skiptið segir í læknisvottorði m.a. að M hafi fengið „keratitis“ í hægra auga í júní og sé með ör á „cornea“. Hann hafi fundið fyrir óþægindum í hægra augnloki í tvo daga, en snarversnað um morguninn. Fyrirferð sé „nasalt“ á neðra augnloki og gröftur hafi ollið úr auganu. Röði hafi verið í kring en engin áhrif á sjónina. Við skoðun hafi efra augnlok verði eðlilegt en á neðra augnloki hafi verið stíflaður fitukirtill. Reynt hafi verið að ná út meiri grefri en aðeins komið út glær vökvi en ekki gröftur. „Vægur conj. röði inferiort. Cornea er heil en það er 2,5 mm hringlaga ör eftir keratitis í sumar. Ekki frumur í forhólfi. Iris og lens eðlileg. Tær innsýn í augnbotn.“ Var niðurstaðan að líklega hafi tæmst graftarkýli sem ekki komi meira úr. Var honum ávísað sýklalyfi (fucithalmic) og ráðlagt að nota heita bakstra og hvarmaþvott. Endurmat ef um verslun yrði að ræða.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu launþega hjá X, svo og úr ábyrgðartryggingu sem V hefur í gildi hjá félaginu. X hefur hafnað bótaskyldu úr báðum váttryggingunum.

Álit.

Samkvæmt skilmálum slysatryggingar launþega bætir váttryggingin að nánari skilyrðum fullnægðum líkamstjón af völdum slyss, en með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Engra frekari læknisfræðilegra gagna nýtur við í málinu um augnskaða M en hér að framan greinir. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið með nægri vissu að sjúkdómseinkenni í auga M megi rekja til þess að aðskotahlutur hafi skotist upp í augað þannig að um slyss hafi verið að ræða í skilningi slysatryggingarinnar. Í þessu sambandi teljast tilvísanir M í greinar um læknisfræðileg málefni á veraldarvefnum ekki fullnægjandi til sönnunar þess að um slyss hafi verið að ræða. Þá verður heldur ekki ráðið af gögnum málsins að sjúkdómseinkenni þau sem M býr við í auganu verði að öðru

leyti rakin til atvika sem leiða til þess að V ber skaðabótaábyrgð á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega eða ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega eða ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 10. desember 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 378/2013**M****V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.****Árekstur við útakstur úr hringtorgi á Vesturlandsvegi 16. ágúst 2013.****Gögn.**

1. Málskot dags. 31. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 4. nóvember 2013.
3. Tölvupóstur V2 dags. 22. nóvember 2013.

Málsatvik.

Af tjónstilkynningarskýrslu verður ráðið að bifreiðunum A og B hafi verið ekið samtímis inn á hringtorg á Vesturlandsvegi þegar varð árekstur með þeim við fyrsta mögulega útakstur. Af gögnum málsins má ráða að ökumenn hafi ekið inn í hringtorgið á sama stað. Ökumaður B ók í innri hring (vinstri akrein) og ætlaði að aka til hægri út úr hringtorginu við fyrstu gatnamót en ökumaður A ók í ytri hring þess (hægri akrein) með fyrirhugaða aksturstepnu yfir fyrstu gatnamótin.

M telur að ökumaður B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem sá ökumaður hafi hagað akstri sínum þannig að hann hafi tekið hægri beygju af vinstri akrein og ekki gætt nægilega að ákvæði 2.mgr. 17.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þegar hann ók til hliðar. V1 telur að skipta eigi sök þannig að ökumaður B beri 2/3 hluta hennar en ökumaður A 1/3 hluta hennar m.t.t. viðmiðunarreglna váttryggingafélaganna um sakarskiptingu. V2 telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir bifreið B sem hafi átt réttinn við útakstur af innri akrein.

Álit.

Í 1., sbr. 3.mgr. 15.gr. núgildandi umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram hvernig haga skal akstri á gatnamótum þegar fyrirhugað er að taka hægri beygju. Í þeim lögum eru ekki sérstök ákvæði um akstur á hringtorgum og verður því að líta til ofangreindra ákvæða í 15.gr. vegna aðstæðna sem eru uppi í málinu. Ökumaður bifreiðar B gætti þess ekki að velja þá akrein sem var lengst til hægri á akbrautinni vegna fyrirhugaðrar hægri beygju strax á fyrstu gatnamótum. Þess vegna ber hann nokkra sök á árekstrinum. Í b-lið 24.gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra kemur fram að sá sem ekur yfir brotna deililínu megi aka yfir hana, enda sé gætt fyllstu varúðar. Við athugun á vettvangi árekstursins er ljóst að M ók yfir umrædda deililínu sem er merkt með yfirborðsmerkingum á hringtorginu og staðsett þannig að sérstaklega varhugavert er að aka yfir hana. Verður að meta honum það til sakar að hafa ekki gætt nægilega vel að annarri umferð um hringtorgið. Með hliðsjón af öllum aðstæðum málsins og hönnun hringtorgsins verður sök skipt til helminga milli ökumanna A og B.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli bifreiðar A og bifreiðar B.

Reykjavík 10. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 379/2013
M
og V v/ slysatryggingar launþega A.

Rifa á liðþófa og krossbandaslit við hlaup 8.júní 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29.október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V 12. nóvember 2013.

Málsatvik.

M tilkynnti um tjón sitt til V að því er virðist þann 6. júní 2013 en afrit þeirrar tilkynningar liggur ekki fyrir í málinu. Afrit tjónstilkynningar til annars vátryggingafélags dags. 13. nóvember 2012 fylgir hins vegar gögnum málsins þar sem kemur fram að M hafi verið úti að hlaupa þegar kallað hafi verið til hennar og hún hafi snúið sér snögg til vinstri til að veifa. Hún hafi svo fundið fyrir verk þegar hún stoppaði heima hjá sér. Í málskoti M og læknisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að þegar M hafi leitað til læknis eftir þetta hafi komið í ljós að hún hafi verið með rifinn liðþófa og slitið krossband.

M telur að líkamstjón sinn sé hægt að rekja til skyndilegs og utanaðkomandi atburðar í skilningi gr. 1.2. í slysatryggingu A hjá V. M vísar til þess að líkamstjónið hafi komið til vegna skyndilegs snúnings og í ljósi útvíkkunar svokallaðs slyshugtaks vátryggingaréttarins síðustu ár, t.d. með Hrd. 412/2011, verði að líta svo á að umræddur atburður sé slys í skilningi gildissviðs slysatryggingar A hjá V.

V telur að skilyrði gr. 1.2. í skilmálum slysatryggingarinnar séu ekki uppfyllt. Líkamstjón M sé ekki hægt að rekja til utanaðkomandi atburðar heldur líkamsbeitingar hennar sjálfrar. V vísar til Hrd. 47/2006 sem og úrskurða nefndarinnar og túlkun á slyshugtaki vátryggingaréttar eftir uppkvaðningu Hrd. 412/2011.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins er ljóst að M reif liðþófa og sleit krossband í fæti við hlaup. Ágreiningur er um hvort það hafi gerst vegna slyss í skilningi gr. 1.2. í vátryggingarskilmálum V. Í lýsingu M af atburðum verður ekki annað séð en að lýst sé atburðarás sem felur í sér líkamsbeitingu M við hlaup þar sem hún snýr sér við þegar hún heyrir kall frá vegfaranda. Þegar hún hættir að hlaupa finnur hún verk í fæti og kemur áður nefnt líkamstjón hennar fram í kjölfarið. Ekki verður annað séð en að líkamstjónið verði fyrst og fremst rakið til innra ástands í líkama M en ekki telst sýnt fram að að það sé hægt að rekja til utanaðkomandi atburðar í skilningi gildissviðs slysatryggingar A hjá V. Ekki hefur komið fram að M hafi misst jafnvægi eða hún hafi dottið um eitthvað eins og kemur t.d. fram í Hrd. 412/2011 eða Hrd. 128/2013.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík 10. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 380/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður við löndun úr fiskiskipi féll úr stiga niður í lest.****Gögn.**

184. Málskot, móttakið 24.10.2013, ásamt fylgigögnum.

185. Bréf X, dags. 6.1.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 13.11.2008 vann M, starfsmaður fiskimjölsmiðju V, við síldarlöndun úr fjölveiðiskipinu A. Er löndun var lokið og M var á leið upp stiga úr öftustu lestinni missti hann handfestu á lestarkarmi efst í lestaropinunni og féll niður í botn lestarinnar. Í skýrslu lögreglu er aðstæðum á slysstað lýst svo: „Öftustu lestar skipsins (sem eru þrjár) eru stærstar að rúmmáli og um 9 metra djúpar frá lestarkörnum talið. Í botni þeirra er svokallaður dammur, sem löndunardælurnar standa í þegar lestin er að tæmast svo auðveldara sé að tæma þær, og er þessi dammur um 40 sentimetra djúpur. Stálstigi liggur ofan í hverja lest og er hann soðinn í vegg lestarinnar og alveg upp á brún hennar.“ Þá kemur fram að M hafi verið nánast kominn upp úr lestinni þegar hann féll og lenti ofan í damminum og ljóst sé að fallið hafi verið rúmir 7 m. Hafi hann lent á stáli sem u.þ.b. 15 cm af vatni hafi legið yfir. A var byggt árið 1981 og keypt hingað til lands á árinu 1998. Árið 2001 voru framkvæmdar ýmsar breytingar á skipinu, þ. á m. var það lengt og afturhluti þess hækkaður um 1 m. Mun stiginn sem M féll úr hafa verið lengdur í samræmi við téða hækkun. Kveður X að svokölluð fallvarnablökk hafi ekki verið til staðar þegar farið um stigann, en slíkur búnaður hafi verið fenginn eftir slysið.

Við slysið hlaut M alvarlega beinbrotsáverka á hægri fæti. Hann hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ná lögin til fermingar og affermingar skipa, þar með talin fiskiskip. Lögin ná þó ekki til búnaðar í skipum, sem notaður er í þessum tilgangi. Þótt stiginn sem M féll úr lúti samkvæmt þessu ekki ákvæðum laga nr. 46/1980 eða reglum settum á grundvelli þeirra bar V engu að síður að tryggja að fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta væri gætt við löndunarstarfið um borð í A, sbr. 13. og 42. gr. laganna. Þannig bar V að gæta þess að unnt væri að komast niður í lestina og upp úr henni með sem öruggustum hætti. V hafði ekki látið M eða öðrum starfsmönnum sínum í té fallvarnablökk, sem áður er getið, til að nota er þeir fóru um stigann niður í lestina og upp úr henni. M hefur staðhæft að eftir slysið hafi slík blökk verið tekin í notkun fyrir þá sem leið áttu um stigann. Ekki verður séð að staðhæfingu M í þessum efnum hafi verið andmælt sérstaklega af hálfu V. Ekki verður annað ráðið en blökkinn hafi verið einföld og tiltölulega ódýr lausn til að tryggja öryggi þeirra sem um stigann fóru. Með því að láta hjá líða að hafa tiltækt öryggistæki eins og hér um ræðir fyrir M þegar slysið varð hefur V ekki gætt þeirra skyldna sem honum bar að lögum til að tryggja öryggi starfsmanna sinna. Hann ber því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut í slysinu. Af gögnum málsins þykir ekki hafa verið sýnt fram á að slysið megi rekja til meðábyrgðar M. Tjón hans fæst því að fullu bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 28. janúar 2014.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 382/2013
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A, V2 v/ bifreiðarinnar B og V3 v/ bifreiðarinnar C.

Umferðaróhapp 13. ágúst 2013 á Hringveginum við Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. nóvember 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V1 dags. 2. desember 2013.
3. Bréf V2 dags. 21. nóvember 2013.
4. Tölvupóstur V3 dags. 22. nóvember 2013.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að bifreiðunum A, B og C var öllum ekið norður þjóðveg nr. 1, Hringveg, á Svalbarðsströnd. Bifreið B var ekið fremst, því næst bifreið A og síðast bifreið C. Árekstur varð með bifreiðum A og C þegar bifreið C ók fram úr A og B, en þeirri bifreið var ekið til hægri inn heimreið að Sveinbjarnargerði.

M telur að ökumaður bifreiðar A hafi ekið á hægri akrein vegarins allan tímann og geti því ekki borið ábyrgð á árekstrinum þó hann hafi ekið aðeins til vinstri þegar bifreið B hafi hægt ferðina og verið beygt til hægri á undan honum. M bendir einnig á að bifreið C hafi verið ekið fram úr við gatnamót og sanngirnirök hnígi til þeirrar niðurstöðu að ökumaður C beri ábyrgð á árekstrinum vegna framúraksturs. V1 tekur undir með M og vísar í framburð ökumanns A um að hann hafi ekki ekið yfir miðlínu vegarins. V2 gerir ekki aðrar athugasemdir vegna málsins en að benda á að ekki sé hægt að fella ábyrgð á árekstrinum á ökumann bifreiðar B þar sem þeirri bifreið hafi verið ekið fremst og til hægri út af veginum án þess að snerta hinar tvær. V3 vísar til framburðar ökumanns C og þess að ökumaður A hafi brotið gegn 21. og c.lið 20.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með því að gæta ekki að sér í aðdraganda áreksturs.

Álit.

Í lögregluskýrslu vegna atburðarins er haft eftir ökumanni bifreiðar B, fremstu bifreiðarinnar, að hún hafi séð að ökumaður bifreiðar A hafi gefið stefnumerki til vinstri rétt fyrir áreksturinn í sömu mund og bifreið C hafi verið ekið fram úr bifreið A. Af gögnum málsins verður ekki nákvæmlega ráðið um staðsetningu bifreiða þegar bifreið C hóf akstur fram úr bifreið A en í ljósi fyrrgreinds framburðar ökumanns bifreiða B um stefnumerkjanotkun A verður lagt til grundvallar að ökumaður bifreiðar A hafi ætlað að aka fram úr bifreið B sem ekið var fremst. Við mat á framburðum ökumanna verður að líta til þess að þeim sem hefur framúrakstur ber að gæta þess að enginn hafi hafið framúrakstur á undan honum. Hallann af sönnun um það hvor ökumaður hóf framúrakstur á undan verður að leggja á ökumann A í ljósi c.liðar 20.gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

Öll sök á árekstrinum er lögð á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík 17. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jóna Björk Guðnadóttir lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 383/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um hugtakið „slys“ í skilningi vátryggingarskilmála.

Gögn.

186. Málskot, móttakið 6.11.2013, ásamt fylgigögnum.

187. Bréf X, dags. 21.11.2013.

Málsatvik.

Hinn 29.8.2012 var M að störfum við að færa til vörubretti. Í skýrslu hjá lögreglu kvaðst hann hafa verið að færa til þrjú bretti í vörubrettastafla þegar hann hafi fundið mikinn sting í hægri handlegg og mikinn sársauka í kjölfarið. Atvikinu er efnislega lýst á sama veg í fyrirbyggjandi tjónstilkynningum. Samkvæmt læknisvottorði hlaut M áverka á vöðva og „sin annarra hluta tvíhöfðavöðva.“

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu launþega hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum slysatryggingar launþega hjá X bætir slysatryggingin líkamstjón af völdum slyss að nánari skilyrðum fullnægðum, en með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en vöðvi eða sin hafi slitnað í handlegg M án þess að utanaðkomandi atburður hafi valdið því. Áverkann er því ekki unnt að rekja til slyss í skilningi vátryggingarskilmála X. Af þeim sökum er tjónið ekki bótaskyldt úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 10. desember 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 384/2013
M og
vátryggingafélagið V, líftryggingafélagið VL og líftryggingafélagið L vegna
frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar og líftrygginga.

Gildissvið frítímaslysáttryggingar og gildistími líftryggingarsamnings.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6. nóvember 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 22. nóvember 2013.
3. Bréf V2 dags. 21. nóvember 2013.
4. Bréf V1. dags. 11. desember 2013.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M óskar eftir afstöðu nefndarinnar til greiðslu bóta vegna andláts eiginmanns hennar þann 23. júlí 2009 þegar hann fékk hjartaáfall og féll niður úr stiga. Um er að ræða afstöðu til greiðslu bóta úr gildandi vátryggingu hjá V sem er frítímaslysáttrygging í fjölskyldutryggingu en einnig telur M að eiginmaður hennar hafi átt að vera líftryggður annað hvort hjá líftryggingafélaginu VL eða L. M telur að starfsmenn vátryggingafélaganna hafi ekki upplýst eiginmann hennar um stöðu hans þegar hann fór úr vátryggingaviðskiptum við vátryggingafélagið X og L og skipti yfir til V árið 2008. Í málinu liggja fyrir skrifleg gögn sem sýna að eiginmaður M sagði upp líftryggingu sinni hjá L skriflega og var sú tilkynning móttækin hjá félaginu þann 17. nóvember 2008. Einnig liggur fyrir að eiginmaður M sagði upp brunatryggingum, fjölskyldutryggingu, fasteignatryggingu og ökutækjatryggingum hjá X með símbrefi dags. 2. október 2008 en það símbref var sent 15. sama mánaðar.

V telur að starfsmaður félagsins hafi ráðið eiginmanni M frá því að segja upp líftryggingu hjá L þegar hann færði önnur viðskipti sín með vátryggingar til V. Það fái stoð í undirritun eiginmanns M á svokallað viðskiptayfirlit hjá V þar sem sérstaklega var tekið fram að uppsögn vátrygginga hjá X næði ekki til líftryggingar. V kveðst hins vegar ekki hafa skýringar á sérstöku uppsagnareyðublaði merkt X þar sem eiginmaður M undirritar sérstaklega uppsögn þeirrar vátryggingar, enda hafi starfsmaður félagsins ekki komið að því. V bendir einnig á að andlát eiginmanns M hafi borið þannig að að hann hafi fengið hjartaáfall og það falli ekki undir gildissvið frítímaslysáttryggingar félagsins.

L telur að líftryggingu hjá félaginu hafi verið sagt upp með sannanlegum og bréflægum hætti þann 11. nóvember 2008 og honum hafi verið heimilt að segja þeirri vátryggingu upp hvenær sem er, sbr. heimild í 1.mgr. 75.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. L telur að ráðgjöf starfsmanna félagsins til eiginmanns M hafi verið fullnægjandi og félaginu ekki verið heimilt að neita honum um að segja líftryggingu sinni upp þar sem um frjálsa tryggingu sé að ræða.

Álit.

Ágreiningsefni málsins eru tvö konar. Annars vegar hvort andlát eiginmanns M hafi borið að með þeim hætti að hún eigi rétt á greiðslu dánarbóta úr frítímaslysáttryggingu fjölskyldutryggingar sem í gildi var hjá V á tjónsdegi. Þegar litið er til þeirra upplýsinga sem fyrir liggja um andlátið verður ekki annað sé en að eiginmaður M hafi látist af völdum hjartaáfalls. Slíkur atburður fellur ekki undir gildissvið frítímaslysáttryggingar þar sem greiddar eru bætur vegna slysa. Í vátryggingarskilmálum kemur fram að slys sé skyndilegur, utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Hjartaáfall er ekki utanaðkomandi atburður í þessum skilningi heldur eitthvað sem gerist innra með vátryggðum. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á að greiddar verði bætur úr frítímaslysáttryggingu hjá V.

Hvað varðar mögulega greiðsluskyldu úr líftryggingu verður að líta til þess að eiginmaður M var líftryggður hjá L á árinu 2008 eða þangað til að hann sagði skriflega upp slíkum samningi í

nóvember sama ár. Gögn málsins sýna það skýrlega að líftryggingarsamningi var sagt upp sérstaklega og var eiginmanni M heimilt að segja slíkum samningi upp hvenær sem er, sbr. ákvæði 1.mgr. 75.gr. laga um váttryggingarsamninga. Ekki verður af gögnum málsins talið sannað að ráðgjöf starfsmanna X eða L hafi verið með þeim hætti að hún hafi brotið gegn rétti M eða eigimanns hennar. Ekki verður heldur talið sannað af gögnum málsins að ráðgjöf starfsmanna V hafi verið með þeim hætti að meinbugir finnist á. Ekki liggur fyrir að eiginmaður M hafi sótt um líftryggingu hjá V eða nokkur önnur gögn sem gefa slíkt til kynna.

Niðurstaða nefndarinnar er því sú að ekki hafi komið fram gögn eða upplýsingar í málinu um að eiginmaður M hafi fengið upplýsingar frá umræddum váttryggingafélögum sem hafi leitt til þess að hann sagði ranglega upp líftryggingarsamningi sínum hjá L. Eins og komið hefur fram var honum frjálst að gera það og skrifleg tilkynning hans frá því í nóvember 2008 sýnir vilja hans til uppsagnar. Verður því ekki fallist á greiðslu bóta vegna andláts M í júlí 2009.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá váttryggingafélaginu V eða líftryggingum hjá líftryggingafélaginu VL eða L.

Reykjavík 20. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 385/2013
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Umferðaróhapp við Nýbýlaveg í Kópavogi 19. ágúst 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. nóvember 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 28. nóvember 2013.
3. Tölvupóstur V2 dags. 29. nóvember 2013.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu vegna málsins kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B við akstur um gatnamót Nýbýlavegar, Túnbrekku og Furugrundar. Bifreið A var ekið beint áfram yfir gatnamótin, eftir að ökumaður þeirrar bifreiðar viðurkennir að hafa gefið stefnumerki til vinstri en síðan hætt við að beygja til vinstri. Ökumaður bifreiðar B ók úr gagnstæðri átt til vinstri og ætlaði að beygja inn á Furugrund þegar árekstur varð með bifreiðunum.

M telur að sök hafi ranglega verið lögð á ökumann A og vísar til þess að árekstur hafi orðið á gatnamótum Nýbýlavegar og Birkigrundar. Ökumaður bifreiðar A segist ekki hafa farið yfir á vinstri akrein þegar stefnumerki var gefið og merkjagjöf hafi verið hætt nokkru áður en að gatnamótunum kom. V1 vísar til framburðar ökumanns A í bréfi sínu en V2 telur að ökumaður A eigi að bera þriðjung sakar vegna villandi stefnumerkjagjafar.

Álit.

Þó athugasemdir hafi komið fram um ranga tilgreiningu gatnamóta í málskoti er ekki að sjá að ágreiningur sé um akstursleiðir bifreiða A og B, þ.e. að bifreið A var ekið beint yfir gatnamót þrátt fyrir stefnumerkjagjöf til vinstri áður en inn á gatnamótin var ekið og bifreið B var ekið til vinstri í veg fyrir bifreið A. Nefndin telur því hægt að leggja mat á sakarskiptingu vegna árekstursins óháð nákvæmri staðsetningu. Ljóst er af 6.mgr. 25.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að ökumanni bifreiðar B, sem beygði til vinstri á vegamótunum, bar að veita bifreið A forgang en þeirri bifreið var ekið beint áfram. Ber ökumaður B því meginsök á árekstrinum. Ljóst er þó af framburði ökumanns A að hún gaf stefnumerki á villandi hátt til vinstri áður en hún hélt áfram akstri beint áfram. Í ljósi þessa framburðar, annarra gagna málsins og fyrirmæla 31.gr. umferðarlaga um merki og merkjagjöf verður ökumaður A að bera hallann af sönnunarskorti að hún hafi hætt merkjagjöf í tæka tíð.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 17. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 387/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á gatnamótum Strandvegur og Gufunesvegur í Reykjavík þann 30.11.2013.**Gögn.**

188. Málskot, móttakið 8.11.2013, ásamt fylgigögnum.

189. Bréf B, dags 12.11.2013, ásamt fylgigögnum.

190. Tölvuskeyti Y, dags 22.11.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið norður Strandveg og var A ekið á eftir B. Við gatnamót Strandvegur og Gufunesvegur var B beygt til vinstri áleiðis vestur Gufunesveg. Rákust saman að því er virðist framendi A og vinstra framhorn B. Mikið tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum. Myrkur var, þurrur færi og götulýsing er sögð hafa verið góð. Umferð um gatnamótin er stjórnað með umferðarljósum. Ein akrein er á Strandvegi til norðurs við gatnamótin.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á eftir B norður Strandveg og ætlað áfram yfir gatnamótin. Ökumaður B hafi gefið stefnumerki til hægri og beygt til hægri áleiðis austur Rimaföt. Hann hafi verið fyrir aftan B þegar ökumaður hennar hætti skyndilega að beygja til hægri og ekið í veg fyrir A á gatnamótunum og árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 15 km hraða á klst. og ætlað að beygja til vinstri. Hann hafi verið byrjaður að beygja þegar A hafi verið ekið á vinstra framhorn B.

Eftir vitni sem ók norður Strandveg er haft að B hafi verið ekið inn á gatnamótin með fyrirhugaða akstursstefnu vestur Gufunesveg. Þegar ökumaður B hafi verið við það að beygja inn á Gufunesveg hafi A verið ekið vinstra megin fram úr B og endað á vinstri hlið B. Vitnið kvaðst ekki hafa séð hvort stefnuljós hafi logað á bifeiðunum.

Álit.

Ein akrein er á Strandvegi til norðurs að gatnamótunum. A og B var því ekið eftir sömu akrein. Eins og akreinum var háttáð á akbrautinni voru ekki aðstæður til framúraksturs á gatnamótunum. Ekki verður séð að staðhæfing ökumanns um að B hafi verið beygt til hægri áður en henni var beygt til vinstri og árekstur varð eigi sér að öðru leyti stóð í gögnum málsins. Vitni kveður að A hafi verið á leið fram úr B þegar árekstur varð. Í ljósi þessa verður ekki annað ráðið en ökumaður A hafi annað hvort verið á leið fram úr B eða hann hafi ekið óhæfilega nálægt B þegar komið var að gatnamótunum og B var beygt til vinstri. Samkvæmt þessu verður áreksturinn rakinn til óvarlegs aksturslags ökumanns A og verður honum gefin sök á árekstrinum. Ekki eru efni til að leggja sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 10. desember 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 389/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar eiganda steypudælubifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er slinkur kom á steypudælubarka.****Gögn.**

191. Málskot, móttakið 12.11.2013, ásamt fylgigögnum.

192. Bréf X, dags. 29.11.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 1.8.2012 vann M við að dæla steypu inn á gólf íbúðarhúss. Til að dæla steypunni inn í húsið var notuð sérstök steypudæla á bifreiðinni A. Eigandi A er V og stjórn steypudæluanna annaðist B, starfsmaður V. Er verið var að ljúka dælingu steypunnar myndaðist svonefndur lofttappi í leiðslum dæluanna. Hugðist B gæta að því hvað væri að og dældi aftur á bak. Mun þá hafa komið „svona dúndur“ úr dæluinni að aftan og hafi B haldið áfram að dæla til að reyna að fá „trukkið“ úr henni þeim megin. Þá hafi hann séð að einhver hreyfing hafi verið á slöngunni og slökkt á dælingunni og hlaupið í átt til þeirra sem tóku á móti steypunni. Er hann kom að húsdyrnum hafi hann séð slink koma á slönguna og M liggjandi á bakinu á gólfinu. Er slinkur kom á dælubarkann sem M hélt um kastaðist hann á gólfið og meiddist á hægri hendi.

Slysið var tilkynnt Vinnueftirlitinu og í umsögn þess um slysið segir um niðurstöðu rannsóknar að ekki verði annað ráðið en að lofttappinn sem myndaðist við tæmingu dæluanna hafi verið það kröftugur að ekki hafi verið við ráðið jafnvel þótt sjón- og talsamband hefði verið á milli stjórnenda dælu og þess sem stjórnaði barkanum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X og til vara úr lögmaeltri ábyrgðartryggingu A. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að B hafi orðið á mistök við stjórn dæluanna þegar slysið varð eða það verði virt honum til sakar, eins og hér stóð á, að hafa ekki náð að vara M við áður en slinkur kom á barkann sem M hélt um. Telst því ósannað að V sem vinnuveitandi B beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. A var kyrrstæð og fastskorðuð meðan á dælingu stóð. Hún var því ekki í notkun sem ökutæki í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Tjónið fæst því heldur ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V eða ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 20. desember 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 390/2013
M
og V v/ slysatryggingar launþega Í.

Tilkynningafrestur laga um váttryggingarsamninga vegna slyss 2. maí 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11. nóvember 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. nóvember 2013.

Málsatvik.

Tilkynnt var um slyss M til V þann 10. október 2013 þar sem M hlaut únlíðsbrot þegar hún hrasaði við gangstéttarbrún. Slysið hafði átt sér stað um sautján mánuðum áður eða 2. maí 2012. Ágreiningur lýtur að því hvenær M hafi vitað um atvik að baki kröfu sinni í skilningi 1.mgr. 124.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar kemur fram að váttryggður hafi eitt ár til að tilkynna um tjón sitt frá þeim tímapunkti. Í gögnum málsins kemur fram að únlíðsbrot M hafi verið meðhöndlað með gipsspelku og áætluð óvinnufærni hafi verið í 8-12 vikur. Þann 20. júlí 2012 var rituð sjúkraþjálfunarbeiðni vegna M en þar kemur fram að únlíðsbrotið hafi gróið með töluverðri styttingu. Í gögnum málsins kemur einnig fram að M hafi farið í röntgenmyndatöku 24. september 2013 þar sem umræddar afleiðingar brotsins hafi komið fram.

M telur að hún hafi ekki vitað um atvik að baki kröfu fyrr en hún hafi mátt gera sér grein fyrir því að hún hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni vegna slyssins. M vísar til þess að sjúkraþjálfunarmedferð hennar hafi ekki verið lokið fyrr en á árinu 2013 og hafi heilsufar hennar verið í framþróun þangað til. M hafi því ekki verið ljóst fyrr en á árinu 2013, þ.e. í september 2013 þegar liggur fyrir læknisvottorð um að hreyfigetna muni líklega ekki aukast frekar, um atvik að baki kröfu sinni í skilningi 124.gr. laga um váttryggingarsamninga.

V telur að M hafi mátt vita um atvik að baki kröfu sinni í skilningi 124.gr. umræddra laga þann 20. júlí 2012 þegar sjúkraþjálfunarbeiðni var rituð vegna gróins únlíðsbrots með töluverðri styttingu. Í síðasta lagi telur V að M hafi mátt vera ljós atvik að bak kröfu í lok september 2012 þegar hún gekkst undir nýja röntgenmyndatöku.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að meðferð við líkamstjóni M, sem fólst í því að hún únlíðsbrotnaði, tók eftir 20. júlí 2012 mið af því að únlíðurinn hafði gróið með töluverðri styttingu. M var óvinnufær vegna áverkans í nokkurn tíma og var í sjúkraþjálfunarmedferð eftir að þessar upplýsingar komu fram. Með hliðsjón af ofangreindu telst vitneskja um atvik að baki kröfu vegna slyssins hafa verið orðin ljós þegar umræddar upplýsingar um töluverða styttingu vegna brotsins komu fram í júlí 2012 eða í síðasta lagi við myndatöku í september 2013. Tilkynning til V í október 2013 var því of seint fram komin m.t.t. 1.mgr. 124.gr. laga um váttryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu launþega Í hjá V.

Reykjavík 10. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 391/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs H.

Líkamstjón við fall í fiskvinnslusal 10.apríl 2008.

Gögn.

1. Málskot móttækið 11. nóvember 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 3. desember 2013 ásamt ljósmyndum af vettvangi og tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 27. júní 2008.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hann var við vinnu sína hjá H, þar sem hann hafði starfað í átta ár. Starf hans fólst m.a. í því að vinna við flökunarvél í flökunarsal fyrirtækisins. Þegar hann var að ganga frá flökunarvélinni rann hann við í fiskúrgangi sem var á gólfinu og féll við. M hlaut líkamstjón sem fólst m.a. í því að hann fékk brot á sperrilegg vinstri fótur og hefur þurft að gangast undir aðgerð vegna þess, auk þess sem hann hefur verið í meðferð hjá læknum og sjúkrahjálfa.

M telur að slysið megi rekja til sakar starfsmanna H þar sem þeir hafi ítrekað sprautað fiskúrgangi á vinnusvæði M, sem hafi kvartað yfir framferðinu. Verkstjórum hafi verið þetta ljóst en þeir hafi ekki brugðist við ástandinu. M vísar einnig til þess að H hafi ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlits ríkisins strax og verði að bera hallann af því með þeim afleiðingum að sönnunarbyrði um sök snúist við.

V telur að skaðabótaábyrgð H sé ekki fyrir hendi. Algengt sé að fiskúrgangur sé á gólfum í fiskvinnslusölum og M hafi unnið nógu lengi hjá H til að átta sig á því. V telur auk þessa að M hafi haft gönguleið framhjá niðurfallsplötum þar sem fiskúrgangur hafi safnast upp. V telur að slys M sé þannig ekki hægt að rekja til sakar starfsmanna H.

Álit.

Nokkuð ágreiningslaust er að M féll við þegar hann var að ganga frá flökunarvél sem hann vann við. Það er í samræmi við frásögn hans sjálfs og verður vanræksla H á því að tilkynna um slysið til Vinnueftirlits ríkisins ekki metin þannig að sönnunarbyrði vegna atvika málsins snúist við. Það er heldur ekki ágreiningur um að M hafi rætt við verkstjóra um fiskúrgang á gólfi. Ágreiningur lýtur að því hvort H hefði getað gert frekari ráðstafanir til að minnka slysaþættu. Af gögnum málsins verður ekki talið sannað að aðstæður, eins og þær voru þegar M slasaðist, hafi verið þannig að meta megi þær til sakar starfsmanna H. Ekki er óeðlilegt að fiskúrgangur fari á gólf í vinnslusölum í fiskvinnslum og verður að líta til þess starfsmenn H þurfi að vera meðvitaðir um það. Fall M í greint sinn verður því rakið til óhappatilviks sem H ber ekki skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt að fá líkamstjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs H hjá V.

Reykjavík 14. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 394/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar lögmanns Y.****Skaðabótakrafa á hendur lögmanni vegna ráðgjafar við gerð erfðaskráa.****Gögn.**

- 1) Málskot, móttakið 14.11.2013, ásamt fylgiskjölum
- 2) Tölvubréf X til nefndarinnar, dags. 9.12.2013.

Málsatvik.

Málsatvik eru þau að 8. júlí 1997 gerðu hjónin A og B sameiginlega erfðaskrá með aðstoð lögmannsins Y. Með erfðaskránni voru börn A gerð að erfingjum þeirra hjóna en B var barnlaus. Skyldi það hjónanna sem lengur lifði eiga rétt á setu í óskiptu búi. Í erfðaskránni var ákvæði þess efnis að hvorugt þeirra hjóna gæti breytt erfðaskránni án samþykkis hins. A lést árið 2001 og fékk B leyfi sýslumanns til setu í óskiptu búi sama ár. Hinn 9. ágúst 2005 gerði B nýja erfðaskrá og naut til þess liðsinnis sama lögmanns. Með nýju erfðaskránni lýsti B vilja sínum til að breyta ákvörðun um erfinga sína hvað hennar eignarhlut af eignum búsins varðaði og gerði hún systkini sín að erfingjum sínum. Af gögnum málsins má ráða að í mars 2009 hafi farið fram fram einkaskipti á búi A ogeignum búsins skipt á milli barna hans og eftirlifandi eiginkonu B. Þegar B lést í nóvember 2010 var dánarbú hennar tekið til opinberra skipta. Mtöldu sig rétta erfingja B en ekki systkini B á þeim grundvelli að erfðaskráin frá 1997 væri gild enda hefði ekki verið hægt að breyta henni án samþykkis A. Sóttu M rétt sinn fyrir dómi og féllst Hæstiréttur á kröfur þeirra með dómi 27. apríl 2012 í máli nr. 219/2012.

M telja að lögmaðurinn Y hafi bakað sér bótaábyrgð með rangri lögfræðiráðgjöf og gerð erfðaskrárinnar árið 2005 enda hafi Hæstiréttur dæmt hana ógilda. Hafa M óskað eftir greiðslu úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins hjá X og kvarta yfir höfnun X á bótaskyldu. M telja að lögfræðileg ráðgjöf lögmannsins Y hafi verið röng og gengið gegn afdráttarlausu ákvæði 49.gr. erfðalaga nr. 8/1962. Einnig telja M að lögmaðurinn Y hafi brugðist upplýsinga- og trúnaðarskyldum gagnvart þeim með því að upplýsa ekki um efni nýrrar erfðaskrár B á árinu 2005 þegar greiðslur fóru fram á árinu 2009 til M.

X hafnar bótaskyldu á þeim rökum að lögmaðurinn Y hafi ekki sýnt af sér saknæma hegðun með ráðgjöf sinni og gerð erfðaskrárinnar árið 2005. Lögfræðilegt mat Y hafi verið að réttaróvissa ríkti um skuldbindingargildi erfðaskrárinnar frá 1997 og ekki hafi verið sýnt fram á að sú ráðgjöf hafi verið röng á þeim tíma sem hún var veitt enda þótt dómstólar hafi síðar leyst úr þeirri óvissu. Þá hafi ekki saknæm háttsemi falist í gerð skjala í samræmi við vilja umbjóðandans B.

Álit.

Hin almenna sakarregla gildir um bótaábyrgð sérfræðinga með strangara sakarmati þó. Þótt sakarmatið sé strangara þegar ákvarða þarf ábyrgðs sérfræðinga þarf eftir sem áður að sýna fram á saknæma háttsemi, s.s. mistök eða vanrækslu og þarf tjónið að vera sennileg afleiðing þess. Í því máli sem hér er til umfjöllunar hefur ekki verið leitt í ljós að umræddur lögmaður hafi gert mistök í störfum sínum. Á það er fallist með X að ráðgjöf um tiltekna réttaróvissu varðandi þýðingu 49.gr. erfðalaga nr. 8/1962 er ekki röng þótt dómstólar leysi úr óvissu varðandi hagsmuni M og rétt þeirra á grundvelli þess ákvæðis síðar. Ekki verður heldur fallist á að lögmaðurinn Y hafi

brugðist trúnaðarskyldum gagnvart M. Af þessum ástæðum er ekki hægt að fallast á skaðabótaábyrgð Y.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins Y hjá X.

Reykjavík, 22. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 395/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.****Ágreiningur um hvort farsími sem skemmdist hafi verið í eigu vátryggðs á tjónsdegi.****Gögn.**

193. Málskot, móttakið .2013, ásamt fylgigögnum.

194. Bréf X, dags. 25.11.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti mun farsími, sem M kveður hafa verið í sinni eigu, hafa orðið fyrir skemmdum. Hinn 9.9.2013 hafi hún tilkynnt tjónið til X, þar sem hún hafi í gildi innbústryggingu. M kveður símann hafa verið persónulegan mun í sinni eigu sem hún hafi keypt af fyrirtækinu A. Hafi hún framvísað greiðslukvittun frá A því til sönnunar.

Með bréfi, dags. 8.10.2013, hafnaði X bótaskyldu þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að síminn hafi verið í eigu M þegar tjónsatburður varð. Þá kemur fram í bréfinu að X hafi hinn 9.9.2013 borist tilkynning vegna atviksins.

Í bréfi X frá 25.11.2013 vegna málskotsins segir að M hafi komið með farsímamann í starfsstöð X hinn 27.9.2013 sem hafi orðið fyrir tjóni 16.5.2013 er hann féll á flísagólf á heimili M. Hafi M sagst hafa keypt símann af A en hafi engin gögn sem staðfesti það. M hafi komið að nýju 7.10.2013 með afrit af reikningi B, dags. 16.5.2013, að fjárhæð 137.390 krónur þar sem fram komi að A hafi keypt símann. Einnig hafi hún komið með ódagsetta greiðslukvittun um að hún hafi keypt símann af A. Af hálfu X hafi greiðslukvittunin ekki verið talin næg sönnun um eignarhald M á símanum. Degi síðar, eða 8.1.2013, hafi M komið svo aftur með greiðslukvittunina þar sem búið hafi verið að færa inn á hana dagsetninguna 16.5.2013. Greiðslukvittunin í breyttri mynd hafi ekki breytt afstöðu X til bótaskyldu.

Álit.

M krefst bóta vegna farsímans úr innbústryggingu sinni hjá X. Í 1. gr. skilmála sem gilda um vátrygginguna kemur fram að vátryggingin taki til innbús vátryggðs en með því sé átt við almennt innbú og persónulega muni sem fylgja almennu heimilishaldi.

Ekki liggur fyrir í málinu tjónstilkynning sú sem á að hafa borist X 9.9.2013. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvenær tjónsatburður varð að öðru leyti en því sem segir í bréfi X vegna málskotsins að hann hafi orðið 16.5.2013. Fyrir liggur afrit af reikningi Fjarskipta hf. til A, dags. 16.5.2013, vegna kaupa á farsíma að fjárhæð 134.990 krónur og vegna viðgerðar 2.400 krónur, eða samtals 137.390 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá liggur enn fremur fyrir greiðslukvittun A, sem er dagsett 16.5.2013, um að M hafi greitt sér með peningum 137.000 krónur. Ekki kemur fram á greiðslukvittuninni hvað stendur að baki greiðslunni.

Við úrlausn máls þessa þykir mega miða við að reikningurinn og greiðslukvittunin hafi borist X eins og greinir í bréfi X, svo og hvernig dagsetning var færð síðar inn á

greiðslukvittunina. Ljóst er af gögnum málsins að farsími sá sem fyrir skemmdum varð var í upphafi keyptur af A. Gegn mótmælum X dugir umrædd greiðslukvittun eins og hún er úr garði gerð ekki sem sönnun þess að síminn hafi verið í eigu M þegar hann skemmdist. Samkvæmt þessu og að öllum gögnum málsins virtum að öðru leyti verður ekki talið að M hafi sýnt fram á að hún hafi verið eigandi símans þegar tjónsatburður varð. Hún á því ekki rétt á að fá hann bættan úr innbústryggingu sinni hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna tjóns á farsíma úr innbústryggingu sinni hjá X.

Reykjavík, 17. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 396/2013**M****og****X, tiltekinna váttryggjenda Lloyd's, v/ starfstryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna sjúkdómseinkenna í baki.****Gögn.**

195. Málskot, móttakið 14.11.2013, ásamt fylgigögnum.

196. Athugasemdir váttryggjenda með bréfi dags. 3.12.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hefur frá árinu 2009 haft í gildi starfstengda slysa- og sjúkratryggingu, svonefnda starfstryggingu, hjá X, tilteknum váttryggjendum Lloyd's, en váttryggingarsamningnum var komið á fyrir tilstilli váttryggingamiðlara. Í fyrirliggjandi váttryggingarskírteini sem gildir fyrir tímabilið 1.4.2012 til 31.3.2012 er gert ráð fyrir að bótafjárhæðir séu tilgreindar vegna níu nánar tilgreindra bótaliða. Af þessum níu bótaliðum segir í umræddu skírteini að ekki sé tryggt vegna þriggja liða, en af hinum sex liðunum sem eru í gildi, eru m.a. tilgreindar bótafjárhæðir vegna algerrar varanlegrar örorku váttryggða „úr tryggðu starfi vegna líkamstjóns í slysi“ og einnig vegna algerrar varanlegra örorku váttryggða „úr tryggðu starfi vegna veikinda“. Í skírteininu kemur fram að M sé „sendibílstjóri / van driver“.

Í málskoti kveðst M hafa hinn 3.4.2012 verið að bera ísskáp ásamt öðrum er hann hafi fengið snúning og slæman hnykk á bakið. Hafi hann verið mjög slæmur í baki og átt erfitt með vinnu í nokkrar vikur eftir það. Hinn 7.12. s.á. hafi hann fallið í hálku er hann var að ýta hjólavagni. Síðan hafi hann glímt við stöðuga verki í baki. Í kjölfarið hafi hann farið að minnka við sig vinnu og síðan hætt alveg vegna einkenna og verkja frá baki. Hefur M krafist bóta úr fyrrgreindri starfstryggingu hjá X. Hvað varðar rétt sinn til bóta úr váttryggingunni telur M einu gilda hvort óvinnufærni hans verði rakin til slyss eða veikinda. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Til stuðnings kröfu sinni hefur M vísað til tveggja fyrirliggjandi læknisvottorða frá L, heimilislækni sínum. Bæði vottorðin eru dagsett 28.2.2013 og annað þeirra virðist vera hluti af staðlaðri tjonstilkynningu á ensku. Í því vottorði segir að M sé ófær að vinna sem sendibílstjóri og hann muni ekki geta snúið aftur til slíkra starfa, hvorki í fullu starfi né hlutastarfi. Einnig segir í vottorðinu að líklega muni heilsa M versna enn frekar haldi hann áfram að vinna sem sendibílstjóri. Í hinu vottorði L er vikið að þeim einkennum sem M bjó við eftir atvikið 3.4.2012 og kemur þar fram að hann hafi verið það slæmur af verkjum að hann hafi ekki farið að vinna aftur fyrr en um miðjan maí. Hafi hann reynt nokkrum sinnum að vinna en versnað í bakinu við þunga drætti og burði. Einnig er vikið að atvikinu 7.12.2012 er hann hafi verið að ýta hjólavagni með brauði og dottið aftur fyrir sig og skolið á bakið. Einnig er þess getið í vottorðinu að hinn 18.1.2013 hafi M unnið við flutning á steypustyrktarjárnnum sem hafi verið alls á annað tonn að þyngd og hafi þurft að draga járníð í 10-15 kg skömmtum. Hann hafi verið slæmur af verkjum aftan í hálsi á eftir sem hafi leitt út í axlir. Þá segir svo í samantektar- og álitskafla í þessu vottorði L: „Er nú svo komið að hann treystir sér ekki til að halda áfram að stunda þá

vinnu sem hann er í þ.e. sendibílstjóri með þeim átökum og burði sem því starfi fylgir.“ Var það mat L að M hafi ekki lengur heilsu til að stunda svo líkamlega erfitt starf sem sendibílstjórastarfið er.

Álit.

Í þeim hluta skilmála starfstryggingarinnar sem gildir fyrir „persónubundna slysa- og sjúkratryggingu“ er í gr. 2.2 hugtakið „alger varanleg örorka“ skilgreind sem alger líkamleg örorka hins váttryggða vegna líkamstjóns eða sjúkdóms, sem kemur að fullu í veg fyrir að hinn váttryggði ræki venjulega atvinnu sína eins og kveðið er á um í skírteini og sem annað hvort varir stöðugt í tólf mánuði án þess að nein von sé um bata að þeim tíma liðnum, eða er samkvæmt úrskurði váttryggjenda þar um, eða þegar váttryggjendur úrskurða váttryggða varanlega algeran öryrkja hvort heldur á sér fyrir stað. Þá segir í gr. 3.4 þessara sömu skilmála að bótakrafa samkvæmt váttryggingunni vegna algerrar örorku sé háð samþykki tveggja „óháðra læknisfræðilegra athugenda“ og skuli annar þeirra tilnefndur af váttryggðum en hinn af váttryggjendum. Geti þeir ekki orðið sammála um það álit að váttryggður sé varanlega alger öryrki skulu þeir tilnefna þriðja „læknisfræðilega athugandann“ og skal álit hans endanlegt og bindandi fyrir alla aðila. Þessi tvö ákvæði skilmálanna verður að skilja svo að réttur til bóta fyrir algera varanlega örorku stofnist þegar fullnægt er öðru hvoru þeirra skilyrða að váttryggður hafi stöðugt verið að fullu frá vinnu vegna líkamstjóns eða sjúkdóms í tólf mánuði og ekki sé nein von um bata að þeim tíma liðnum eða að váttryggður sé úrskurðaður alger varanlegur öryrki samkvæmt álitum tveggja „óháðra læknisfræðilegra athugenda“.

Af læknisvottorðum L, sem og málskoti, verður ekki annað ráðið en M hafi í einhverjum mæli stundað störf sín sem sendibílstjóri frá 3.4.2012 til 18.1.2013. Engin önnur gögn liggja fyrir um óvinnufærni M. Því liggur ekki fyrir samkvæmt gögnum málsins að M hafi að fullu verið frá vinnu um tólf mánaða skeið og ekki sé von um bata að þeim tíma liðnum. Ekki liggur heldur fyrir, að því er best verður séð, matsgerð eða álitsgerð „óháðra læknisfræðilegra athugenda“ um að M sé alger varanlegur öryrki. Samkvæmt þessu verður ekki talið að M hafi sýnt fram á með fyrirbyggjandi gögnum að hann fullnægi skilyrðum til að eiga rétt til bóta úr váttryggingunni vegna algerrar varanlegrar örorku hvort sem slík örorka verði rakin til „líkamstjóns í slysi“ eða veikinda. Við svo búið á M ekki rétt til bóta úr starfstryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfstryggingu, „persónubundinni slysa- og sjúkratryggingu“, hjá X.

Reykjavík, 20. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 394/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar lögmanns Y.****Skaðabótakrafa á hendur lögmanni vegna ráðgjafar við gerð erfðaskráa.****Gögn.**

- 1) Málskot, móttakið 14.11.2013, ásamt fylgiskjölum
- 2) Tölvubréf X til nefndarinnar, dags. 9.12.2013.

Málsatvik.

Málsatvik eru þau að 8. júlí 1997 gerðu hjónin A og B sameiginlega erfðaskrá með aðstoð lögmannsins Y. Með erfðaskránni voru börn A gerð að erfingjum þeirra hjóna en B var barnlaus. Skyldi það hjónanna sem lengur lifði eiga rétt á setu í óskiptu búi. Í erfðaskránni var ákvæði þess efnis að hvorugt þeirra hjóna gæti breytt erfðaskránni án samþykkis hins. A lést árið 2001 og fékk B leyfi sýslumanns til setu í óskiptu búi sama ár. Hinn 9. ágúst 2005 gerði B nýja erfðaskrá og naut til þess liðsinnis sama lögmanns. Með nýju erfðaskránni lýsti B vilja sínum til að breyta ákvörðun um erfinga sína hvað hennar eignarhlut af eignum búsins varðaði og gerði hún systkini sín að erfingjum sínum. Af gögnum málsins má ráða að í mars 2009 hafi farið fram fram einkaskipti á búi A ogeignum búsins skipt á milli barna hans og eftirlifandi eiginkonu B. Þegar B lést í nóvember 2010 var dánarbú hennar tekið til opinberra skipta. Mtöldu sig rétta erfingja B en ekki systkini B á þeim grundvelli að erfðaskráin frá 1997 væri gild enda hefði ekki verið hægt að breyta henni án samþykkis A. Sóttu M rétt sinn fyrir dómi og féllst Hæstiréttur á kröfur þeirra með dómi 27. apríl 2012 í máli nr. 219/2012.

M telja að lögmaðurinn Y hafi bakað sér bótaábyrgð með rangri lögfræðiráðgjöf og gerð erfðaskrárinnar árið 2005 enda hafi Hæstiréttur dæmt hana ógilda. Hafa M óskað eftir greiðslu úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins hjá X og kvarta yfir höfnun X á bótaskyldu. M telja að lögfræðileg ráðgjöf lögmannsins Y hafi verið röng og gengið gegn afdráttarlausu ákvæði 49.gr. erfðalaga nr. 8/1962. Einnig telja M að lögmaðurinn Y hafi brugðist upplýsinga- og trúnaðarskyldum gagnvart þeim með því að upplýsa ekki um efni nýrrar erfðaskrár B á árinu 2005 þegar greiðslur fóru fram á árinu 2009 til M.

X hafnar bótaskyldu á þeim rökum að lögmaðurinn Y hafi ekki sýnt af sér saknæma hegðun með ráðgjöf sinni og gerð erfðaskrárinnar árið 2005. Lögfræðilegt mat Y hafi verið að réttaróvissa ríkti um skuldbindingargildi erfðaskrárinnar frá 1997 og ekki hafi verið sýnt fram á að sú ráðgjöf hafi verið röng á þeim tíma sem hún var veitt enda þótt dómstólar hafi síðar leyst úr þeirri óvissu. Þá hafi ekki saknæm háttsemi falist í gerð skjala í samræmi við vilja umbjóðandans B.

Álit.

Hin almenna sakarregla gildir um bótaábyrgð sérfræðinga með strangara sakarmati þó. Þótt sakarmatið sé strangara þegar ákvarða þarf ábyrgðs sérfræðinga þarf eftir sem áður að sýna fram á saknæma háttsemi, s.s. mistök eða vanrækslu og þarf tjónið að vera sennileg afleiðing þess. Í því máli sem hér er til umfjöllunar hefur ekki verið leitt í ljós að umræddur lögmaður hafi gert mistök í störfum sínum. Á það er fallist með X að ráðgjöf um tiltekna réttaróvissu varðandi þýðingu 49.gr. erfðalaga nr. 8/1962 er ekki röng þótt dómstólar leysi úr óvissu varðandi hagsmuni M og rétt þeirra á grundvelli þess ákvæðis síðar. Ekki verður heldur fallist á að lögmaðurinn Y hafi

brugðist trúnaðarskyldum gagnvart M. Af þessum ástæðum er ekki hægt að fallast á skaðabótaábyrgð Y.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins Y hjá X.

Reykjavík, 22. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 398/2013
M
og V v/ forfallatryggingar greiðslukortatryggingar.

Forföll vegna veikinda í ferð sem keypt var 24. ágúst 2013.

Gögn.

1. Málskot móttækið 18. nóvember 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 11. desember 2013 ásamt afriti höfnunarbréfs V til M dags. 15. október 2013.

Málsatvik.

Fram kemur í málskoti að M hafi keypt ferð til Bandaríkjanna þann 24. ágúst 2013 en fyrirhugaður ferðatími þangað var 21. október til 11. nóvember 2013. Þann 24. september 2013 varð vart veikinda M sem gerðu það að verkum að hún gat ekki ferðast á tilætluðum tíma. Í málinu liggur fyrir ódagsett læknisvottorð vegna forfallatryggingar á eyðublaði V. Einnig liggur fyrir einfaldara læknisvottorð sama læknis dags. 9. október 2013 þar sem veikindi M eru staðfest.

M telur að greiða eigi bætur vegna úr forfallatryggingu hjá V þar sem M hafi verið búin að ná sér af fyrri veikindum þegar hún keypti ferðina og þau veikindi sem komu upp eftir það hafi ekki tengst fyrri veikindum.

V vísar til ákvæðis í skilmálum forfallatryggingar VISA gullkorts, nánar tiltekið gr. 6.2.1 þar sem kemur fram að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem váttryggður þjáðist af og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt. V vísar til þess að M hafi veikt á árinu 2012 og orðalags læknisvottorðs um að þau veikindi tengist þeim veikindum sem leiddu til forfalla M í fyrirhugaða ferð sem keypt var 24. ágúst 2013. V telur því að undanþáguákvæði gr. 6.2.1. eigi við í málinu og það eigi ekki að greiða bætur til M með vísan til þess.

Álit.

Í læknisvottorði vegna forfallatryggingar kemur fram að veikindi þau sem M greindist með í september 2013 tengjast fyrri veikindum. Nánar tiltekið að M hafi verið undir eftirliti vegna veikinda á árinu 2012 fram til þess tíma sem vottorðið er skrifað auk þess sem meðferð í september 2013 hafi verið vegna framgangs sjúkdóms M. Það verður ekki skilið öðruvísi en að M hafi veikt á árinu 2012 og verið í meðferð vegna þeirra veikinda þegar fyrirhuguð ferð hennar var keypt 24.ágúst 2013. Þau veikindi hafi síðan leitt til forfalla í september 2013 þó þau hafi verið óvænt. Undanþáguákvæði gr. 6.2.1 í váttryggingarskilmálum telst því eiga við í málinu og greiðast ekki bætur úr forfallatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu VISA gullkortstryggingar hjá V.

Reykjavík 14. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 400/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Álftanesvegi þann 31.10.2012.**Gögn.**

197. Málskot, móttakið 21.11.2013, ásamt fylgigögnum.

198. Bréf X, dags. 5.12.2013, ásamt ljósmynd.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið vestur Álftanesveg skammt vestan gatnamóta vegarins, Hafnarfjarðarvegur, Reykjavíkurvegur og Fjarðarhrauns. Var A ekið á undan B. Á Álftanesvegi vestan gatnamótanna er umferðareyja sem skilur að umferð í gagnstæðar áttir. Í framhaldi af umferðareyjunni liggur óbrotin miðlína áfram til vesturs. Við vestari enda umferðareyjunnar hugðist ökumaður A snúa bifreið sinni við. Rákust þá saman aftanverð vinstri hlið A og hægra framhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa ætlað að taka U-beygju og aka til baka austur Álftanesveg. Hann hafi hægt á ferð A og farið aðeins út í kantinn og gefið stefnuljós til vinstri. Hann hafi enga bifreið séð.

Ökumaður B kvaðst hafa ætlað áfram vestur Álftanesveg, þegar hægt hafi verið á hraða A og henni ekið út í kant. Hann hafi haldið að ökumaður A hafi ætlað að stöðva og A hafi verið nánast kyrrstæð er henni hafi verið beygt í veg fyrir B og árekstur orðið. Ökumaðurinn kvaðst ekki hafa séð stefnumerki á A.

Álit.

Ökumaður A hugðist snúa bifreið sinni við með því að aka yfir óbrotna miðlínu á veginum, en óbrotin miðlína gefur til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til, sbr. a. lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Áður en ökumaður A hugðist snúa bifreiðinni við bar honum að ganga úr skugga um að það hafi verið unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanninum. Eins og hér háttar hefur ökumaður A sönnunarbyrðina um að hann hafi gefið stefnumerki þannig að ökumaður B hafi í tæka tíð getað varast hinn óvænta akstur A í veg fyrir B. Þar sem ökumaður B kvaðst ekki hafa séð stefnumerki á A er ósannað að ökumaður A hafi gefið stefnumerki eins og hann heldur fram. Að framangreindu virtu telst ökumaður A eiga sök á árekstrinum. Samkvæmt gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að áreksturinn verði rakinn til atvika sem ökumaður B ber ábyrgð á. Eru því ekki efni til að leggja á hann sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A, bifreiðarinnar S-1070.

Reykjavík, 14. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 401/2013
M
og V v/ slysatryggingar launþega E.

Tilkynningafrestur laga um vátryggingarsamninga vegna slyss 18. september 2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. nóvember 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 9. desember 2013.
3. Bréf lögmanns M dags. 20. desember 2013.

Málsatvik.

Tilkynnt var um slys M til V þann 29. október 2013, en hún slasaðist þann 18. september 2010 þegar hún var á leið til vinnu sinnar og datt á reiðhjóli. M leitaði samdægurs á slysaveild og var þar greind með upphandleggsbrot og úr lið á vinstri öxl. Af lækisfræðilegum gögnum málsins má ráða að M hafi óverið óvinnufær eftir slysið og hún hafi sagt upp störfum hjá E í maí 2011.

M byggir á því að hún hafi ekki mátt gera sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni í skilningi 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 fyrr en haustið 2013 þegar hún leitaði til heilsugæslulæknis vegna slyssins og fékk upplýsingar um að afleiðingar þess væru varanlegar. Einnig vísar M til Hrd. 7/2009 og túlkun á ákvæði 1.mgr. 124.gr. sem þar kemur fram um að upphafstími ársfrestins verði metinn sérstaklega með hliðsjón af atvikum hverju sinni. Það skipti ekki máli hvort litið er til huglægra eða hlutlægra mælikvarða við mat á umræddum tímamarki, hvor um sig hafi komið fram haustið 2013.

V vísar til þess að skv. gögnum málsins hafi M átt erfitt með vinnu lengi eftir slysið sem hafi endað með því að hún sagði upp störfum hjá E í maí 2011. Þá hafi hún í síðasta lagi átt að vita um atvik að baki kröfu sinni í skilningi 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga. Ársfrestur ákvæðisins hafi því verið liðinn þegar tilkynnt var um slysið í október 2013. Einnig vísar V til þess að ósannað sé hvaða líkamstjón hafi hlotist af umræddu slysi í ljósi þess að M hafi ekki leitað til læknis á löngu tímabili eftir slysið.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að greining áverka M átti sér stað á slysdegi og átti hún í erfiðleikum með vinnu vegna þeirra í einhvern tíma þar á eftir. Lækisfræðileg gögn útiloka ekki að orsakatengsl slyssins og óþæginda M í dag séu fyrir hendi þó gögn séu rýr. Sérstaklega þar sem ekki liggja fyrir gögn sem staðreyna óþægindi M í nokkuð langan tíma frá hausti 2010 fram til viðtals við heilsugæslulækni haustið 2013. Við mat á því hvenær M máttu vera ljós atvik að baki kröfu hennar í skilningi 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga verður að líta til þess að áverkar hennar eru greindir strax og höfðu þeir strax nokkrar afleiðingar. Af þeim sökum verður ekki annað séð en að M hafi átt að vita um atvik að baki kröfu sinni við eða fljótlega eftir slysið í september 2010. Tilkynning til V í lok október 2013 var því of seint fram komin m.t.t. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu launþega E hjá V.

Reykjavík 22. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 402/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Umferðarslys. Líkamstjón. Orsakatengsl þ. 29.2.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.22.11.2013 ásamt fylgiskjölum 1-
2. Bréf V dags. 9.12.2013 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M lenti í umferðarslysi þ.29.12.2012 þegar A sem M var farþegi í var ekið aftan á aðra bifreið. M leitaði á slysadeild daginn eftir slysið og fékk ráðleggingar um meðferð vegna tognunar á hálsi í framhaldi af því leitaði M síðan til lækna a.m.k. tvívegis á árinu 2012. M gerir kröfu um bætur vegna líkamstjóns sem hún hafi orðið fyrir við áreksturinn úr ábyrgðartryggingu A og telur að tilgreindir verkir sem hrjá hana séu vegna ofangreinds umferðarslyss og því um ótvíræð orsakatengsl að ræða. Vísað er til að M lenti í umferðarslysi á árinu 2004 og fyrirbyggjandi mats vegna þess. Þá bendir M á að í tjónstilkynningu sé þess sérstaklega getið að hún finni til í baki og tognun á hálsi og brjóstbaki sé staðfest með læknisskoðun fljótlega eftir slysið. Þá bendir M á að útreikningur í PC-crash af hálfu V hafi ekki verið gerður í samráði við sig og því gerður einhliða af V og hafi ekkert sönnunargildi en skv. því þá var bifreiðin sem ekið var á kyrrstæð en hraði A var um 20 km.hraði. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið ekið aftan á bifreiðina sem M var í og því hafi þurft meira högg en ella til að valda því líkamstjóni sem M byggir kröfur sínar á. Þá vísar V til að bifreiðarnar sem lentu í árekstrinum séu lítið skemmdar og engar sönnur séu færðar fram af hálfu M um orsakatengsl milli þeirra verkja sem eru að hrjá M og árekstursins.

Álit.

Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli umferðaróhappsins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirbyggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík 14.1.2014

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 406/2013
M
og V v/ frítímaslysátryggingar fjölskyldutryggingar.

Tilkynningafrestur laga um váttryggingarsamninga vegna slyss 31. janúar 2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. nóvember 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 4. desember 2013.

Málsatvik.

Tilkynnt var um slys M til V þann 15. maí 2013, en hann hafði slasast við skíðaiðkun erlendis þann 31. janúar 2011. M leitaði til heimilislæknis þann 15. febrúar 2011 var í kjölfarið sendur í myndatöku og lágu niðurstöður myndatökunnar fyrir 2. mars 2011. Þá kom í ljós að M hafði brotnað á vinstri öxl. M fór í sjúkraþjálfun í kjölfarið en það var ekki fyrir en á árinu 2013 sem hann leitaði til bæklunarlæknis. Í vottorði bæklunarlæknisins dags. 26. ágúst 2013 kemur fram að myndast höfðu einhverjar kalkanir í öxlinni sem og frekari afleiðingar axlarbrotsins, en áhættusamt væri að reyna að laga það með aðgerð. Það er mat læknisins að M hafi ekki getað gert sér grein fyrir því að afleiðingar þessar væru varanlegar fyrir en eftir að hann leitaði til bæklunarlæknis sumarið 2013.

M telur að hann hafi ekki mátt gera sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni í skilningi 124.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 fyrir en hann leitaði til bæklunarlæknis. Vísar M sérstaklega til þess mats læknisins að hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins fyrir en sumarið 2013. Einnig vísar M til Hrd. 7/2009 og túlkun á ákvæði 124.gr. sem þar kemur fram um að upphafstími ársfrestins verði metinn sérstaklega með hliðsjón af atvikum hverju sinni.

V telur að túlka verði Hrd. 7/2009 með hliðsjón af hlutlægum atriðum, þ.e. að upphafstími ársfrests í skilningi 124.gr. laga um váttryggingarsamninga sé þegar greining áverka liggur fyrir. Ekki sé hægt að miða við huglæga afstöðu M sjálfs til mögulegra varanlegra afleiðinga.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að M greindist með axlarbrot með myndatöku í mars 2011 eða rúmum mánuði eftir að hann slasaðist. Þó meðferð við brotinu hafi að mestu verið sjúkraþjálfun og M hafi ekki sjálfur fengið endanlega staðfestingu á því að afleiðingar slyssins gætu verið varanlegar verður ekki litið framhjá því að áverkni hans var greindur í mars 2011. Vegna þessa og ekki síður í ljósi eðlis áverkans verða atvik að baki kröfu M talin hafa verið komin fram við greiningu áverkans í mars 2011. Það breytir ekki niðurstöðunni að komið hafi í ljós alvarlegri alveiðingar axlarbrotsins á árinu 2013. Tilkynning til V í maí 2013 var því of seint fram komin m.t.t. 1.mgr. 124.gr. laga um váttryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr frítímaslysátryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 20. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 412/2013
M og
V vegna slysatryggingar sjómanna.

Sönnun líkamstjóns vegna slyss á sjó þann 28. maí 2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. nóvember 2013.
2. Bréf V dags. 17. desember 2013 ásamt afritum svarbréfa V til M eða lögmans hans dags. 30. júlí 2008, 26. október 2010, 27. nóvember 2012 og 15. júlí 2013.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M telji sig eiga rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna vegna slyss sem hann varð fyrir þann 28. maí 2005 um borð í H. Í málskoti kemur fram að M lýsir áverkum sem hann fékk í þessu slysi þannig að hann hafi meiðsl á vinstri öxl og hálsi. Í gögnum málsins má ráða að M hafi rætt við heimilislækni sinn vegna umrædds slyss tveimur dögum síðar. Einnig kemur fram í gögnum málsins að M hafi leitað samtals 45 sinnum til heimilislæknis á tímabilinu 28. maí 2005-5. desember 2007, skv. útskrift úr tímaskráningarkerfi heilsugæslunnar.

M telur að þau gögn sem hann hefur lagt fyrir V sýni að hann hafi hlotið ákverka í slysinu frá 28. maí 2005 sem meta þurfi sérstaklega með læknisfræðilegu mati. M kvartar yfir þeirri afstöðu V að fallast ekki á að sannað sé hvaða líkamstjón hann hafi hlotið í greint sinn. M vísar til þess að hann hafi leitað mjög oft til læknis strax eftir slysið sem og að hann haf ekki getað sinnt vinnu sinni á sjó vegna afleiðinga slyssins á næstu árum þar á eftir. M bendir auk þess á að læknisfræðileg gögn sýni að líkur séu á hann hafi hlotið áverka á vinstri öxl sem hafi leitt til varanlegra afleiðinga. M bendir einnig á að ekki megi blanda saman afleiðingum annars slyss sem hann hafi orðið fyrir á árinu 2004 en í matsgerð vegna þess slyss hafi eingöngu verið fjallað um afleiðingar þess slyss og á matsfundi vegna þeirrar matsgerðar hafi M því eingöngu talað um afleiðingar þess slyss en ekki þess slyss sem málskotið beinist að. M krefst þess að V standi að mati á afleiðingum slyssins frá 2005.

V telur að ósannað sé að M hafi hlotið áverka, m.a. á vinstri öxl, í umræddu slysi sem leitt hafi til tímabundinna eða varanlegra afleiðinga. V bendir m.a. á að M hafi ekki minnst á afleiðingar þessa slyss frá 2005 þegar hann gekkst undir mat á árinu 2006 vegna afleiðinga annars slyss sem varð á árinu 2004. M vísar einnig til þess að takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir um læknisheimsóknir M vegna óþæginda tengd vinstri öxl fyrr en á árinu 2007. Ekki sé hægt að leggja til grundvallar að þau óþægindi tengist slysinu í lok maí 2005 þar sem skorti samfellu í læknisfræðilegum gögnum málsins um afleiðingar þessa slyss. Einnig vísar V til þess að kröfur M vegna málsins séu fyrndar í skilningi 29.gr. þágildandi laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Álit.

Ágreiningur snýr aðallega að því hvort sýnt sé fram á orsakatengsl milli tjónsatviks sem varð þann 28. maí 2005 og þeirra óþæginda sem M kveðst eiga við að stríða í dag, aðallega þá í vinstri öxl. Ekki er að sjá af gögnum málsins eða afstöðu V að ágreiningur sé um atvik atburðarins sem slíks heldur eingöngu afleiðingar hans.

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort meiri líkur eða minni eru á því að líkamstjón hafi orðið vegna slyss M og hvers eðlis það er og hvort meiri líkur en minni séu á því að af því hafi hlotist afleiðingar sem beri að leggja sérstakt mat á.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi leitað til læknis vegna afleiðinga slyssins tveimur dögum eftir að það átti sér stað og kvartað um verk í vinstri öxl. Ekki hafa verið lögð fram frekari

læknisfræðileg gögn sem staðfesta með óyggjandi hætti greiningu áverka, kvartanir M eða meðferð vegna umræddra meiðsla sem M kveðst hafa orðið fyrir við umrætt slys. Þau sönnunargögn sem liggja fyrir er frásögn M um einkenni sín. Engar forsendur eru til þess að efast um frásögn M en það skortir áþreifanlega ítarlegri sönnunargögn til stuðnings þeirri frásögn þegar lagt er mat á hvort afleiðingar séu sannaðar.

Þegar litið er til annarra gagna er hins vegar ljóst að það liggur ekki heldur fyrir sérstakt mat á því hvort orsakatengsl séu milli einkenna sem M lýsir og þess slyss sem hann varð fyrir. Í ljósi þessara takmörkuðu gagna telst vafi um orsakatengsl í þessu máli verulegur. Að öllu virtu telst M því ekki hafa leitt nægar líkur, þ.e. meiri líkur en minni, að því að þau óþægindi sem hann lýsir sé hægt að rekja til slyssins 28. maí 2005. Þegar gerð er krafa til greiðslu bóta úr váttryggingum ber sá sem gerir slíka kröfu sönnunarbyrði um að hann eigi rétt til greiðslu bóta. Hallann af sönnunarskorti þeim sem hér hefur verið lýst verður því að leggja á M. Ekki verður því fallist á kröfu hans um að V láti fara fram mat á mögulegum afleiðingum fyrrnefnds slyss hans.

Þegar af þeirri ástæðu þarf ekki að taka sérstaka afstöðu til mögulegrar fyrningar í skilningi 29.gr. laga nr. 20/1954.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 22. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 414/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar.****Maður brenndist er kviknaði í blöndungi bifreiðar við gangsetningu hennar.****Gögn.**

199. Málskot, móttakið 3.12.2013, ásamt fylgigögnum.

200. Bréf X, dags 16.12.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 8.4.2013 var M aðstoða bróður sinn, A, við að skipta um slöngur sem liggja að blöndungi í bifreiðinni B sem er af gerðinni Ford Econoline og er í eigu A. Í lögregluskýrslu um slysið er haft eftir A að er þeir höfðu skipt um slöngurnar hafi þeir reynt að gangsetja B, en það hafi ekki tekist þar sem bensín hafi ekki komið upp í blöndunginn. Hafi þeir þá gripið til þess ráðs, sem stundum væri notað, að hella eldfimur vökva ofan í blöndunginn þannig að bifreiðin færi gang og bensín myndi dælast upp í blöndunginn. Í þessu tilfelli hafi þeir notað IPA ISOPROPYL ALCOHOL. Kvað A eða M hafi staðið fyrir framan B og hellt vökvanum úr flösku ofan í blöndunginn, en A hafi sjálfur teygt sig inn um ökumannsdyrnar og ræst vélina. Um leið hafi eldtunga komið upp úr blöndungnum. Við þetta brenndist M illa á efri hluta líkamans, m.a. á höfði og höndum. Þá kom fram í skýrslu lögreglunnar að við B hafi verið flaska merkt fyrrgreindu efni.

Í yfirlýsingu, dags. 24.11.2013, kveður A að M hafi hellt eldsneyti í blöndunginn og að því loknu hafi hann farið og gefið merki um að ræsa vélina. Hafi B tekið við sér augnablik. Gerð hafi verið önnur tilraun og þá hafi A ræst vélina án þess að M hafi gefið merki um það. Við það hafi orðið sprenging sem olli því að eldsneyti helltist yfir M og hann brenndist. Kveðst A taka á sig alla ábyrgð á slysinu þar sem hann hafi ræst vélina áður en M hafi verið búinn að gefa merki.

Af hálfu M hefur því verið haldið fram að hann taldi sig hafa verið með bensín í umrætt sinn, en svo hafi komi í ljós að svo var ekki. Hefur M krafist óskertra bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá X. X hefur fallist á bótaskyldu, en telur að skerða beri bætunum um 2/3 hluta vegna stórkostlegs sem hann hafi sýnt af sér við gangsetningu B.

Álit.

Ekki er um það deilt með aðilum að M eigi rétt til bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu B, sbr. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Skv. 2. mgr. 88. gr. laganna má hins vegar lækka eða fella niður bætunum ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningu eða stórkostlegu gáleysi. Eðlileg og venjuleg aðferð við að ræsa vél bifreiðar er að ræsa hana með þar til gerðum búnaði, ræsi, sem staðsettur er í stjórnhúsi bifreiðarinnar. Þegar sú aðferð brást við að gangsetja B gripu þeir M og A til þess ráðs að hella eldfimur vökva ofan í blöndung B. Af skýrum merkingum á flöskunni mátti M vera ljóst að um mjög eldfiman vökva var að ræða sem ekki er ætlaður til notkunar í þessum tilgangi. Með því að viðhafa í sameiningu svo hættuleg vinnubrögð við gangsetninguna sýndu M og A háttsemi sem verður virt þeim til

stórkostlegs gáleysis. Þótt A hafi ræst vélina áður en M hafði vikið sér frá verður ekki litið fram hjá þætti M í hinni sameiginlegu athöfn. Verður þannig ekki séð af gögnum málsins að það geti leyst M undan meðábyrgð sinni á tjóninu þótt svo kunni að vera að hann hafi ekki gefið A merki um að ræsa mætti vélina áður en slysið varð. Því verður ekki hjá því komist að krafa hans um bætur úr ábyrgðartryggingunni sæti nokkurri skerðingu sem eftir atvikum öllum þykir rétt að nemi helmingi. Tjón M bætist því að helmingi.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að helmingi úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 22. janúar 2014.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 416/2013
M
og V v/ ferðasjúkratryggingar erlendis í fjölskyldutryggingu

Krafa um endurgreiðslu ferðakostnaðar vegna veikinda í golfferð í október 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. desember 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 23. desember 2013.

Málsatvik.

M fór í vikuferð til Spánar í október 2013. Hugðist M nýta ferðina til golfiðkunar. Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hann hafi ekki getað stundað golf í ferðinni vegna veikinda sem fólust m.a. í hjartsláttaróreglu. M leitað til hjartalæknis þegar hann kom heim og staðfest er í læknisvottorði að M hafi greinst með gáttatif og fengið meðferð vegna þess í kjölfarið. Einnig liggur fyrir yfirlýsing frá fararstjóra í ferð M þar sem hann hefur eftir M að hann hafi ekki getað tekið þátt í ferðinni vegna veikinda.

M telur að hann eigi rétt á greiðslu bóta þar sem hann hafi ekki getað nýtt umrædda ferð sína til golfiðkunar eins og til stóð. M vísar til ummæla og yfirlýsinga hjartalækna til staðfestingar á því að það hafi verið rétt af hans hálfu að hætta golfiðkun vegna veikinda.

V vísar til skilmála ferðasjúkratryggingarliðar fjölskyldutryggingar þar sem kemur fram í gr. 3.5.1 að skilyrði þess að greiddar séu bætur vegna þess liðar eru þau að orlofsferð sé rofin skv. fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða vátryggður legið á sjúkrahúsi a.m.k. helming ferðatímans. Þau skilyrði séu ekki uppfyllt í máli M og séu því ekki tilefni til greiðslu bóta úr umræddri vátryggingu hans.

Álit.

M var vátryggður með vátryggingarskilmálum ferðasjúkratryggingarliðar fjölskyldutryggingar hjá V þegar hann fór í orlofsferð til Spánar í október 2013. Í málinu liggja fyrir gögn um veikindi M sem ekki eru véfengd. Þau sýna hins vegar ekki að skilyrði til greiðslu bóta skv. gr. 3.5.1 í skilmálum vátryggingar M séu uppfyllt, þ.e. að hann hafi þurft að rjúfa ferð skv. fyrirmælum læknis áður en hún var hálfnuð eða legið á sjúkrahúsi a.m.k. helming ferðatímans. M rauf ekki ferð sína með því að fara heim fyrr en fyrirhugað var og hann lá heldur ekki á sjúkrahúsi vegna veikinda sinna. Annað þessara atriða er ótvírætt skilyrði greiðslu bóta skv. skilmálum vátryggingar M og á meðan veikindi M leiddu ekki til annars tveggja, ferðarofs eða sjúkrahúsvalar á meðan á ferð stóð, á hann ekki rétt á greiðslu bóta úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ferðasjúkratryggingu erlendis í fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík 22. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 419/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Slysátryggingar launþega, L

Kona sem annaðist um ræstingar datt um vörubretti við útidyr þ. 11.4.2012

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 4.12.2013 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 19.12.2013 ásamt fylgiskjölum 1-4
3. Bréf lögmanns M dags. 13.1.2014.

Málsatvik.

M sá um ræstingar í starfsstöð L. M kom til vinnu sinnar þegar aðrir starfsmenn voru farnir heim. M segist hafa komið inn í húsnæðið og þurft að ganga þvert yfir myrkvað rými til þess að kveikja ljósið þegar hún datt um vörubretti sem skilið hafði verið eftir á gólfinu innan við útidyr og slasaðist. M krefst bóta úr slysátryggingu L hjá V. M segist hafa rætt við tvo starfsmenn L um atburðinn daginn eftir og þá segir M að rekstrarstjóri L sem staðsettur sé í öðru bæjarfélagi skammt frá hafi vitað af slysinu. M segir að ástæður þess að hún tilkynnti ekki strax um slysið hafi verið vegna þess að hún hafi talið að hún mundi jafna sig af áverkanum en það hafi ekki gerst. M vísar til þess að vinnuveitandi hafi greitt reikninga vegna læknishjálpar. M telur að hún hafi náð að sýna fram á að atvik hafi gerst með þeim hætti sem hún lýsir og verið stöðug í framburði sínum um tjónstilvikið.

Af hálfu V er því haldið fram að M hafi ekki átt neitt erindi inn á umrætt svæði þar sem hún segist hafa dottið um vörubretti. Þá segir V að það sé rangt að neyðarljós við inngang í húsið þar sem M segist hafa orðið fyrir slysinu hafi verið bilað. Þá segir V að það sé rangt að L hafi haft vitneskju um að maki M hafi sinnt vinnu fyrir M í tiltekinn tíma enda hafi M jafnan verið ein á staðnum við vinnu sína og yfirmenn M hafi því ekki getað vitað um þetta fyrirkomulag nema þeir væru upplýstir um það. Þá vísar V til að M hafi fyrst leitað til læknis þ. 11.5.2012 eða einum mánuði eftir atvikið, en L hafi ekki haft vitneskju um málið fyrr en um miðjan júlí 2012. V segir að L geti ekki staðfest að slys hafi orðið með þeim hætti sem M heldur fram og þó svo L hafi greitt læknskostnað fyrir M þá felist ekki í því viðurkenning á bótaskyldu. V bendir einnig á að engin vitni hafi verið að atvikinu og einkenni þau sem M lýsi verði tæpast rakin til falls. Þá segir V að L geti ekki staðfest að umrætt slys hafi átt sér stað og M beri sönnunarbyrðina fyrir því að atvik hafi orðið með þeim hætti sem hún lýsir, en V telur að ekki hafi verið sýnt fram á það af hálfu M að einkenni M í dag sé að rekja til atviks á vinnustað hennar.

Af hálfu M er áréttað að hún hafi aðeins einn lykil að því rými sem hún fór inn um og hefur lýst hvað var og því hafi hún ekki átt val um það hvar hún gekk inn á vinnustaðinn. Þá ítrekar M að neyðarljós við innganginn hafi verið bilað og því hafi hún ekki átt möguleika á að sjá vörubrettið. Þá vísar M til þess að L hafi ekki dregið neitt í efa þegar hann tilkynnti um slysið til Vinnueftirlitsins 13. 7.2012 og síðar til Sjúkrátrygginga Íslands og tryggingafélags. Þá er á það bent varðandi slitgigt og áverka í hægri mjöðm að þar sé ekki um sjálfstætt mat M að ræða heldur bæklunarlæknis sem M hafi leitað til.

Álit.

M segist hafa orðið fyrir slysi á vinnustað þegar hún datt um vörubretti sem hafði verið skilið eftir í gangveginum. Engin samtímagögn eru til varðandi slysið. Þá liggur engin staðfesting fyrir um það að M hafi rætt við nokkurn á vinnustað sínum um slysið eða látið L vita af atvikinu fyrir en þ. 13. júlí 2012 eða þrem mánuðum eftir að umrætt atvik á að hafa átt sér stað. M leitaði ekki til læknis fyrir en 11.5.2012 mánuði eftir umræddan atburð. Miðað við framlögð gögn hefur M ekki getað rennt frekari stoðum undir frásögn sína af atvikinu en frásögn sjálfrar sín og síðari tíma læknisvottorð. Miðað við fyrirliggjandi gögn hefur M því ekki sýnt fram á með óyggjandi hætti, að hún hafi orðið fyrir því slysi sem hún byggir kröfu sína á eða aðstæður hafi verið með þeim hætti sem hún lýsir. M á því ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu launþega L hjá V.

Reykjavík 28.1.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 420/2013
M og
V vegna ábyrgðartryggingar G.

Umferðaróhapp 7. desember 2012 við framkvæmdir á Hlíðarvegi í Vestmannaeyjum.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. desember 2013.
2. Bréf V dags. 16. desember 2013 ásamt lögregluskýrslu vegna málsins.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón varð á bifreið M þegar hún ók að hluta ofan í skurð á Hlíðarvegi þar sem starfsmenn G unnu að framkvæmdum þann 7. desember 2012. Í bréfi Vátryggingafélags Íslands hf. kemur fram að félagið hafi viðurkennt bótaskyldu úr kaskótryggingu M hjá félaginu vegna tjóns á bifreið hennar í tengslum við þetta atvik. M gerir hins vegar kröfu í ábyrgðartryggingu G hjá V vegna sama tjóns og telur að G beri skaðabótaábyrgð á skemmdum á bifreiðinni og eigi að bæta tjónið að fullu. Í bréfi V frá 16. desember 2013 kemur fram að fallist hafi verið á greiðsluskyldu V vegna skaðabótaábyrgðar G með þeim fyrirvara að félagið telur að meðábyrgð M sé til staðar og af þeim sökum greiðist einungis helmingur tjónsins úr ábyrgðartryggingu G.

M telur að hún eigi ekki að bera hluta tjóns síns sjálf þar sem G hafi vanrækt skyldur sínar um að merkja vinnusvæði með fullnægjandi hætti. Þess hafi ekki verið gætt að merkingar um vinnusvæði framundan væru fyrir hendi en reglur geri ráð fyrir að það sé gert í 50-100 metra fjarlægð frá vinnusvæðinu. Þó merkingar með keilum hafi verið rétt við skurðinn sem M hafi ekið ofan í bendir M á að það hafi verið dimmt á þeim tíma sem tjónið varð og endurskin á keilunum blandast við endurskin ljósa bifreiða sem ekið var á móti M í greint sinn. Það hafi því ekki verið unnt að koma í veg fyrir tjónið af hálfu M sem kveðst hafa rólega og ekki vitað fyrirfram af vinnusvæðinu.

V vísar til þess að M hafi ekið á 40 km/klst hraða í umrætt sinn þar sem hámarkshraði sé 50 km/klst og hafi ekki náð að stöðva bifreið sína eftir tjónsatvikið fyrr en um 10 metrum frá skurðinum. Það bendi til þess að hraði M hafi verið of mikill miðað við aðstæður. Sérstaklega þegar litið er til birtuskilyrða á vettvangi og þess að M kveðst hafa blindast af ljósum bifreiða sem á móti komu.

Álit.

Ekki er ágreiningur um skaðabótaskyldu G í málinu eða rétt til greiðslu bóta úr kaskótryggingu M hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. Ágreiningur er eingöngu um meðábyrgð M vegna umferðaróhapps þegar hún ók að hluta í skurð sem ekki hafði verið merktur með fullnægjandi hætti.

Af gögnum málsins má ráða að starfsmenn G hafi ekki hagað merkingum með fullnægjandi hætti vegna þess skurðar sem M ók að hluta ofan í. Ekki var varað við umræddum skurði fyrr en rétt áður en komið var að honum. Þær merkingar sem voru þó fyrir hendi voru, skv. ljósmyndum af vettvangi, þess eðlis að þær girtu rækilega af umræddan skurð og voru með glitmerkjum. Með hliðsjón af ökuhraða M í greint sinn m.v. þau birtuskilyrði sem voru fyrir hendi, framburð vitnis og almennrar kröfu um aðgát við akstur verður ekki annað ráðið en að tjón á bifreið M megi að hluta rekja til aðgæsluleysis hennar sjálfar. Verður henni því gert að bera helming tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V sem nemur helmingi tjóns á bifreið hennar.

Reykjavík 22. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 422/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á gatnamótum Flókagötu og Hraunbrúnar í Hafnarfirði þann 11.11.2013.**Gögn.**

201. Málskot, móttakið 6.12.2013, ásamt fylgigögnum.

202. Bréf Y, dags 11.12.2013.

203. Bréf X, dags. 17.12.2013.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið suður Flókagötu í Hafnarfirði og var A ekið á undan B. Á gatnamótum Flókagötu og Hraunbrúnar hugðist ökumaður A snúa bifreið sinni við. Rákust þá saman vinstri hlið A og hægra framhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa dregið úr hraða, gefið stefnuljós og tekið U-beygju. Hafi hann þá fengið B í hliðina.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið suður Flókagötu og ætlað beint áfram, þegar A hafi verið beygt og hún lent í hlið A.

Álit.

Áður en ökumaður snýr ökutæki skal hann ganga úr skugga um það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni A. Hann á því sök á árekstrinum. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með nægri vissu að ökumaður B hafi hagað akstri sínum þannig að á hann verði felld sök. Ökumaður A ber því alla sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 22. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 423/2013
M og
V vegna ábyrgðartryggingar S.

Tjón á bifreið eftir smurþjónustu 25. september 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. desember 2013.
2. Tölvupóstur V dags. 16. desember 2013 ásamt ljósriti af bréfi lögmanns M til V og ljósriti úr smurbók.

Málsatvik.

Þann 25. september 2013 fór M með bifreiðina í smurþjónustu hjá S. Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið við akstur bifreiðar sinnar RP 487 nokkru seinna á Suðurlandsvegi þegar hann hafi heyrt óhljóð í bifreiðinni olíuljós bifreiðarinnar hafi kviknað. Hann kveðst hafa stöðvað bifreiðina í útskoti á veginum, litið undir hana og séð þar olíupoll og olíutappa bifreiðarinnar á veginum. Ekki virðist ágreiningur um það í málinu að bifreiðinni hafi verið ekið 36 km frá því að smurþjónusta S átti sér stað þar til umrætt atvik á Suðurlandsvegi átti sér stað. Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning dags. 15. október 2013 undirrituð af starfsmanni S um atvik málsins og þar kemur fram sú skýring á tjóninu að olíutappi hafi að öllum líkindum ekki verið nægilega hertur.

M telur að bifreið hans hafi stöðvast og tjón hafi orðið á vél hennar þar sem olíutappi bifreiðarinnar hafi ekki verið skrúfaður nógu fast á af starfsmönnum S þegar þeir unnu við bifreiðina nokkrum dögum áður. M bendir á að ekkert hafi verið athugavert við ástand bifreiðarinnar áður en hún hafi farið í smurþjónustu til S og verði því ekki annað séð en að tjón á bifreiðinni megi rekja til mistaka af hálfu starfsmanna S. M telur að S beri skaðabótaábyrgð á þeim mistökum og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

V telur f.h. S að ekki sé sýnt fram á að starfsmenn S hafi gert mistök en ef þeir hafi ekki hert olíutappa nægilega vel væru líkur á að hann hefði losnað úr bifreiðinni strax en ekki eftir 36 km akstur. Einnig sé ósannað hvert ástand bifreiðar M hafi verið þegar hann kom með hana til smurningar hjá S og því eins miklar líkur á að tjón M megi rekja til atvika sem eru S óviðkomandi.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort starfsmenn S hafi sýnt sagnæma háttsemi við smurþjónustu vegna bifreiðar M þann 25. september sl. Ekki virðist vera deilt um atvik þau sem lýst er að hafi átt sér stað á Suðurlandsvegi þegar M stöðvaði bifreið sína vegna óhljóða og olíuljóss og að olíutappi hafi þá fundist undir bifreiðinni. Starfsmaður S fór á vettvang tjónsins og kemur fram í gögnum frá S að ummerki voru um að olía hafi lekið beint undan bifreiðinni þar sem hún hafði verið stöðvuð.

Eins og kemur fram í málavaxtalýsingu að ofan hafði bifreiðinni verið ekið 36 km frá smurþjónustunni þegar olíutappi hennar losnaði þannig að hann féll úr bifreiðinni. Í tjónstilkynningu sem starfsmaður S undirritar verður ekki annað séð en að hann telji orsök tjónsins þá að olíutappi bifreiðarinnar hafi ekki verið nægilega vel hertur. Í ljósi þess hversu stuttur tími líður frá smurþjónustu S og þar til olíutappi losnar verður ekki hjá því litið að verulegar líkur eru á því að tjónið sé rakið til háttsemi starfsmanna S. Sérstaklega þegar litið er til ummæla í tjónstilkynningu S til V. Ekki er talið sýnt fram að þau ummæli hafi verið sett fram vegna hugtakamisskilnings eða annars sem sýnir að aðrir en starfsmenn S hafi komið að því að herða títtnefndan olíutappa. Þykir M því hafa sýnt fram á með nægilega miklum líkum að tjón á bifreið hans sé rakið til þess að starfsmenn S hafi ekki hert olíutappa bifreiðarinnar við smurþjónustu

þann 25. september 2013 og að það hafi leitt til tjóns á bifreiðinni. Ekki af gögnum málsins hægt að leggja mat á umfang þess tjóns.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V sem nema umfangi tjóns á bifreiðinni RP 487 vegna olíuleka.

Reykjavík 22. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 424/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Bíldshöfða í Reykjavík við útkeyrslu frá N1 og aðreinar Vesturlandsvegi.**Gögn.**

204. Málskot, móttakið 9.12.2013, ásamt fylgigögnum.

205. Bréf X, dags. 19.12.2013, ásamt fylgigögnum.

206. Tölvuskeyti Y, dags 3.1.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið eftir aðrein frá Vesturlandsvegi að Bíldshöfða og inn á þá götu. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið inn á Bíldshöfða frá athafnasvæði N1. Rákust þá saman vinstra framhorn A og hægri hlið B. Útkeyrslan sem B var ekið frá liggur að vestanverðu samsíða aðreininni sem A var ekið eftir.

Ökumaður A kvaðst hafa ætlað vestur Bíldshöfða, stöðvað við biðskyldu og hugað að umferð. Hann hafi beðið eftir að bifreið úr vestri færi hjá, en þegar engin umferð hafi verið úr þeirri átt hafi hann ekið út á miðja „akreina“. Hann hafi þá einnig vitað af B sem hafi verið kyrrstæð í útkeyrslunni frá N1. Hins vegar hafi hann stöðvað til að víkja fyrir bifreiðum sem hafi verið á leið vestur Bíldshöfða. Er þær hafi verið farnar fram hjá hafi hann ekið rólega af stað áleiðis vestur Bíldshöfða. Hafi hann þá orðið var við B sem hafi verið ekið greitt fram fyrir A og árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið frá útkeyrslu N1 og beygt til hægri áleiðis austur Bíldshöfða. Í sömu andrá hafi A verið ekið af stað frá biðskyldu á B.

Álit.

Ökumenn greinir verulega á um tildrög árekstursins. Á ökumanni A hvíldi biðskylda gagnvart umferð á Bíldshöfða. Ökumaður B ók frá bensinstöð eða svipuðu svæði inn á Bíldshöfða. Báðum ökumönnum bar því að víkja fyrir umferð á Bíldshöfða, sbr. 1. og 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Við þær aðstæður sem þarna voru bar þeim báðum að sýna sérstaka varkárni. Engum vitnum er til að dreifa. Af skýrslum ökumanna og gögnum málsins að öðru leyti verður ekki séð hvor ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum. Samkvæmt þessu, sbr. og 89. gr. ufl., verður ekki hjá því komist að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 28. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 425/2013

M og
V v. lögboðinnar ökutækjatyggingar
óþekktis ökutækis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna óþekktis ökutækis vegna atviks 23. október 2012.

Gögn.

1. Málskot móttekið þann 9. desember 2013 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 9. janúar 2014.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa slasast við að óþekktu ökutæki var ekið á hana þegar hún var að hjóla heim frá vinnu að kvöldi til þann 23. október 2012. Í lögregluskýrslu sem M gaf daginn eftir óhappið lýsir hún því svo að hún hafi verið að hjóla heim frá vinnu milli kl. 19 og 20 þegar dökkri fólksbifreið hafi verið ekið mjög greitt þannig að hún rakst utan í reiðhjól M með þeim afleiðingum að M datt af hjólinu og slasaðist. M segir í lögregluskýrslu að hún hafi við þetta tagnað á hægri hendi. Í læknisvottorðum er fjallað um óþægindi frá öxl sem M hefur átt við að stríða eftir atburðinn.

M telur sannað m.v. þau gögn sem lögð eru fram með málskotinu að tjónsatburð, sem leiddi til líkamstjóns hennar, megi rekja til þess að óþekkttri bifreið var ekið á hana. M vísar til þess að V beri að greiða skaðabætur, sbr. skyldu í 94.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sem og 3.mgr. 18.gr., sbr. 1.mgr. 20.gr. reglugerðar um lögæltar ökutækjatyggingar nr. 424/2008. M vísar til þess að sannað sé með lögregluskýrslu og læknisvottorðum að sá atburður sem M lýsir hafi verið eins og kemur fram í lýsingum hennar og hún hafi gert allt sem í hennar valdi stóð til að afla sönnunargagna um atburðinn. M vísar einnig til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 228/2013 varðandi kröfur til sönnunar í því sem hún telur sambærilegt mál.

V telur að ósannað sé að líkamstjón M megi rekja til óþekktis ökutækis. Vísar V til ummæla í dómum Hæstaréttar um sönnunarkröfur í málum sem V telur sambærileg. V telur að þar sem engin vitni séu að atburði þeim sem M lýsir og engin ummerki sem styðja frásögn hennar.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort sannað sé að líkamstjón M sé rakið til þess að bifreið var ekið á hana þar sem hún var á ferð á reiðhjól milli kl. 19 og 20 að kvöldi þess 23. október 2012. M ber sönnunarbyrði um að atvik hafi verið með þeim hætti. M tilkynnti um atburðinn til lögreglu daginn eftir og leitaði þann dag til læknis. Í lögregluskýrslu þar sem framburður M er rakinn kemur fram að ekki hafi verið um að ræða tjón á reiðhjólínu og ekki kemur fram í skýrslunni að vettvangur hafi verið rannsakaður, hvorki með tilliti til aðstæðna eða lýsingar á vettvangi. Þó litið sé til þeirra sönnunarkrafna sem gerðar voru í Hrd. 228/2013 telur nefndin mál þessi ekki alveg sambærileg m.t.t. sönnunarstöðu. M leitaði ekki til læknis strax eða tryggði sér sönnun um atvik strax eins og tjónþoli í fyrrnefndum dómi gerði. M kveðst hafa verið á reiðhjól sem ekið var utan í með þeim afleiðingum að hún féll en ekki liggur fyrir að reiðhjólíð hafi verið rannsakað m.t.t. framburðar M eða vettvangur rannsakaður frekar. Að þessu sögðu verður ekki fallist á að M hafi sýnt fram á með óyggjandi hætti að líkamstjón hennar megi rekja til notkunar ökutækis.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns hjá V.

Reykjavík, 28. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hdl.

Mál nr. 426/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Heimilstryggingar

Skemmdir á topp bifreiðar þegar verið var að festa hátalara á topp hennar. þ. 19.5.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.11.12.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V dags. 17.12.2013

Málsatvik.

M var að koma hátalara fyrir á toppi bifreiðar sem M segir að félagar hans hafi leigt og fór M upp á topp bifreiðarinnar á þar til gerðum stiga og voru styrktarbitar á samskeytum spónaplatna notaðir til að fóta sig á þakinu. M steig síðan á milli samskeyta og brot kom í spónaplötu á þakinu og af varð tjón á umræddri bifreið. Eigandi bifreiðarinnar gerir kröfu á M um að hann bæti sér tjónið og M krefst þess að fá tjónið bætt úr heimilstryggingu sinni hjá V. M heldur því fram að tjónið hafi orðið vegna gáleysis hans en það hafi ekki verið óhappatilvik. V hafnar bótaskyldu og bendir á að skv. 1.gr. 2.kafla vátryggingarskilmála beri menn bótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. V bendir á að tjón sem verði við óhappatilvik séu ekki bótaskyld á grundvelli sakarreglunnar og tjónið á bifreiðinni hafi orðið þgar M tók feilspor og því um óhappatilvik að ræða. Þá bendir V á að ekkert bendi til að um saknæma háttsemi hafi verið að ræða hjá M.

Álit.

Fyrir liggur að M gætti sín ekki nægjanlega vel þegar hann var að athafna sig á þaki bifreiðar þeirrar sem um ræðir. Með því sýndi M af sér gáleysi sem varð til þess að hann olli tjóni á bifreiðinni sem um ræðir. M er því bótaskyldur gagnvart eiganda bifreiðarinnar og á rétt á því að fá tjónið bætt úr heimilstryggingu sinni hjá V. Miðað við lýsingu á aðstæðum verður ekki á það fallist að þessi atburður hafi verið óhappatilvik sbr. 1.gr. 2. kafla vátryggingaskilmála heimilstryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr heimilstryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 28.1.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 427/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er bifreið var ekið á járnstöng á jarðvegstípp.****Gögn.**

207. Málskot, móttækið 10.12.2013, ásamt fylgigögnum.

208. Bréf X, dags 17.12.2013.

Málsatvik.

Hinn 25.7.2013 var bifreiðinni A í eigu M ekið frá losunarstað á jarðvegstípp. Mun þá mikill hvellur hafa komið við það að járnöxull hulinn mold hafði stungist upp í gegnum vélina við það að framhjól A hafði farið yfir hann.

Skemmdir urðu á vél A við atvikið og hefur M krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá X. X hefur hafnað bótum.

Álit.

Af gögnum málsins virðist ekki um það deilt að járnöxullinn hafði stungist upp í vél bifreiðarinnar þegar A var ekið yfir hann. Varð tjónið því af völdum áaksturs sem er ein þeirra tjónsorsaka sem vátryggingin tekur til, sbr. gr. 1.1 í þeim vátryggingarskilmálum sem um kaskótrygginguna gilda. Tjónið telst því bótaskyldt úr vátryggingunni nema að það sé sérstaklega undanskilið samkvæmt vátryggingarskilmálanum.

2. gr. skilmálanna ber yfirskriftina „Takmarkanir á vátryggingarverndinni og skemmdir sem varða einstaka hluta ökutækisins.“ Samkvæmt gr. 2.4 er mælt fyrir um það að félagið bæti ekki skemmdir sem varða einstaka hluta ökutækisins, þ.e. „[s]kemmdir af akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum, fjöðrum, girrkassa, drifi, rafgeymi og öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins, skemmdir vegna þess að hreyfillinn bráðnar saman, skemmdir á undirvagni er hljótast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum akbrautum, svo sem hryggjum eftir veghefla, hraðahindrunum, ristarhliðum, holum í malbiki eða jarðföstu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir. Sama gildir um skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutæki í akstri.“ Eins mál þetta liggur fyrir verður ekki séð að það atvik að öxullinn stakkst upp í vél A verði rakið til þess að A var ekið á ósléttri akbraut, hreyfillinn bráðnaði saman eða að skemmdir hafi orðið á undirvagni sem hlotist við það að A hafi tekið niðri á ójöfnum akbrautum eða jarðföstu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir. Þá verður tjónið heldur ekki rakið til þess að laust grjót hafi hrokkið upp undir A í akstri. Önnur undanþáguákvæði skilmálanna geta ekki komið hér til álita. Verður samkvæmt þessu ekki séð að tjónið verði rakið til atvika sem leysa X undan ábyrgð. Tjónið telst því vera bótaskyldt úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá X.

Reykjavík, 22. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 428/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Slysatryggingar ökumanns.

Ágreiningur um bætur til ökumanns mótorcrosshjóls vegna atvinnutjóns. Þ. 28.6.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.12.2013 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags.7.1.2014.

Málsatvik.

M segir að V hafi fallist á að greiða bætur vegna skemmda á fatnaði en hafi að greiða bætur vegna atvinnutjóns. M segist hafa verið sjálfstætt starfandi atvinnurekandi um árabil, en skattamál hans hafi verið í óreiðu en það hafi horft til betri vegar og ljóst að laun sem séu reiknuð út mánaðarlega séu ekki úr lausu lofti gripin heldur sé fjárhæðin reiknuð af endurskoðanda í samræmi við lög sem unnið sé eftir við uppgjör. Þá er vísað til þess af hálfu M að framvísað hafi verið launaseðlum á árinu 2012 vegna vinnu M. Þá er af hálfu M vísað í tölvupóst frá endurskoðanda M þar sem segir að um sé að ræða reiknað endurgjald í samræmi við reglur ríkisskattstjóra en rekstraryfirlit sýni að tekjur dugi ekki fyrir launum en tapið sé óverulegt. Í bréfi endurskoðanda M dags. 24.10.2012 segir m.a. M hafi haft tekjur á umræddu tímabili þó launaseðlar gefi ekki endilega rétta mynd af þeim heldur uppgjör af atvinnustarsemi M, en þar komi í ljós að hann hafi haft tiltekna tekjur á tímabilinu janúar til júní 2012 en tjón M sé möguleiki M til að afla sér tekna. V hafnar bótaskyldu með vísan til 2.mgr. 120.gr.laga um vátryggingastarfsemi nr. 30/2007. Þá telur V að kröfur M séu fallnar niður með vísan til 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga. Þá vísar V til að taka verði tillit til þeirra samtímagagna sem legið hafi fyrir á slysdegi og óreiða í skattamálum geti ekki gefið M afslátt á sönnunarkröfum. V bendir á að M hafi lagt fram launaseðla til stuðnings kröfum sínum, sem ekki hafi staðist skoðun. Þá segir V að síðari tíma gögn hafi ekki þýðingu að mati félagsins. Þá segir V að af bankayfirliti megi ráða að einhver velta hafi verið hjá M en yfirlit frá banka M gefi engar haldbærar vísbendingar um laun M á því tímabili sem er til skoðunar. Þá telur V að framlagðir launaseðlar hafi verið lagðir fram í þeim tilgangi að fá greiddar bætur, sem ekki verði séð að M hafi sýnt fram á að hann eigi rétt á.

Álit.

Af hálfu M hafa ekki verið lögð fram gögn sem sýna með óbyggjandi hætti hvort M eigi rétt á bótum eða hafi í raun orðið fyrir atvinnutjón. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 28.1.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 429/2013
M og
V vegna slysatryggingar launþega H.

Sönnun líkamstjóns vegna vinnuslyss 22. október 2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11. desember 2013.
2. Bréf V dags. 6. janúar 2014 ásamt tilkynningu um tjón – vinnuslys dags. 23. janúar 2013.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 8. janúar 2014.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M telji sig eiga rétt til bóta úr slysatryggingu launþega H vegna slyss sem hann varð fyrir þann 22. október 2010 þegar hann kveðst hafa fengið áverka á olnboga þegar hann var að nota spennijárn við vinnu sína við viðgerð á ankerisröri. Af hálfu lögmanns var með bréfi dags. 26. ágúst 2011 (tölvupóstur samdægurs) tilkynnt um slys umræddan dag hjá fyrirtækinu H. Af gögnum málsins má ráða að tilkynning um slys hafi ekki verið skráð hjá V fyrr en í byrjun árs 2013 og óskaði V þá fyrst eftir því að fá frekari upplýsingar um tjónsatvik með sérstöku tjónstilkynningareyðiblaði. Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að M hafi fyrst leitað læknis vegna áverka umrædds slyss í júlí 2011. Atvikið var tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands í ágúst 2011 og til Vinnueftirlits ríkisins í nóvember sama ár.

M telur sýnt að hann hafi fengið áverka á olnboga í október 2010 í vinnslýsi og sé hann enn að glíma við afleiðingar þeirra. Ástæða þess að hann hafi ekki leitað til læknis fyrr en í júlí 2011 vegna umræddra áverka hafi fyrst og fremst verið sú að hann hafi lent í flugeldaslysi á gamlárskvöld 2010 þar sem hann hafi fengið alvarlega áverka í andliti og hafi meðferð vegna þeirra áverka skyggt á afleiðingar vinnuslyssins tveimur mánuðum áður. M kveðst hafa verið óvinnufær vegna flugeldaslyssins framan af ári 2011 og hafi það ekki verið fyrr en að hann fór að vinna aftur sem hann hafi fundið fyrir afleiðingum áverka á olnboga og þá leitað til læknis. M vísar einnig til matsgerðar læknis sem liggja fyrir þar sem hann er metinn til 5% varanlegs miska vegna umrædds slyss.

V telur að ósannað sé að M hafi hlotið líkamstjón vegna þess atviks sem hann lýsir að hafi átt sér stað þann 22. október 2010. Rökstuðningur V lýtur fyrst og fremst að því að engin samtímagögn liggja fyrir um tjónsatvikið auk þess sem M hafi ekki leitað til læknis vegna áverka fyrr en í júlí 2011 og að niðurstaða matsmanns um afleiðingar umrædds tjónsatviks séu ekki ótvíræðar þannig að hægt sé að byggja á þeim sem ótvíræðri sönnun.

Álit.

Þegar M gerir kröfu um greiðslu bóta úr slysatryggingu launþega H hjá V ber hann sönnunarbyrði um að skilyrði til greiðslu bóta séu uppfyllt. Tjónsatvik það sem M lýsir að hafi átt sér stað í október 2010 er ekki tilkynnt til V fyrr en í ágúst 2011 og M leitar ekki lækniástoðar vegna ætlaðra áverka fyrr en í júlí sama ár. Dregur það verulega úr því að hann hafi tryggt sér sönnun um afleiðingar þess atviks sem hann lýsir. Verður einnig litið til þess að í matsgerð sem M hefur lagt fram er gerður sá fyrirvari að engin samtímaheimildir liggja fyrir um afleiðingar áverka vegna tjónsatviksins sem hér er deilt um. Verður því ekki fallist á að M hafi mætt sönnunarbyrði sinn um að óþægindi hans í olnboga séu rakin til vinnuslyss þann 22. október 2010.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 22. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 430/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Bifreið rakst utan í blómaker sem skagaði út í götu við gatnamót.****Gögn.**

209. Málskot, móttakið 16.12.2013, ásamt fylgigögnum.

210. Bréf X, dags 19.12.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 24.8.2012 ók M bifreið sinni, A, suður Klapparstíg og beygði til hægri áleiðis vestur Laugaveg. Rakst þá hægri hlið A utan í allstórt blómaker sem staðsett var að hluta hægra megin á akbraut Laugavegar skammt vestan gatnamótanna. Segir í lögregluskýrslu um atvikið að keríð hafi verið fyrir u.þ.b. 40% af akbrautinni.

Í fyrirbyggjandi gögnum frá V segir að ólíklegt sé að starfsmenn V hafi skilið blómakerið eftir þar sem það var er óhappið varð. Þegar Laugavegi hafi verið breytt í göngugötu fyrir um sumarið hafi blómakerjum verið komið fyrir aðeins nær götunni – þó þannig að slökkvibílar kæmust greiðlega fram hjá þeim. Eftir menningarnótt hafi lokunarskilti verið tekin niður og blómakerin aftur færð fjær götunni. Að álit V stóð keríð samkvæmt fyrirbyggjandi ljósmynd óvenjulangt inni á götunni þótt ekki hafi virst erfiðleikum bundið að aka bifreiðum fram hjá því. Talið var hugsanlegt að einhverjir vegfarendur hefðu fært keríð til, en það mun vera um 2-300 kg að þyngd.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið með neinni vissu hvernig á því stóð að blómakerið skagaði út í götuna eins og ráða má af fyrirbyggjandi ljósmynd. Engu að síður var keríð vel sýnilegt og átti ekki að dyljast þeim sem þarna áttu leið um. Verður að telja að M hafi átt að geta varast keríð er hann beygði inn á Laugaveg ef hann hefur sýnt þá varkárni við aksturinn sem af honum mátti krefjast. Hann á því sök á því hvernig fór. Eins og mál þetta liggur þykir ekki nægilega sýnt fram að á óhappið verði rakið til atvika sem V getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M á A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 28. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 431/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Drengur slasaðist er hann lenti með annan fótinn í holu í stétt á opnu svæði****Gögn.**

211. Málskot, móttakið 11.12.2013, ásamt fylgigögnum.

212. Bréf X, dags 3.1.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 18.5.2008 hljóp M, þá rétt tæplega 13 ára gamall, inn á hellulagða stétt á tilteknu túni í sveitarfélaginu S. Lenti hann þá með hægri fót ofan í holu í stéttinni og féll fram fyrir sig með þeim afleiðingum að hann hlaut skurðáverka á hnénu. Í skýrslu lögreglu um atvikið segir að á svæðinu hafi staðið yfir einhvers konar framkvæmdir, líklegast viðhald, og steypdur stólpi hafi átt að vera í holunni sem M lenti í. Stólpinn hafi hins vegar verið kominn ofan í tjörn skammt frá.

M kveður slysið mega rekja til vanbúnaðar á stéttinni þar sem slysið varð og viðhald stéttarinnar hafi ekki verið í samræmi við ákvæði vegalaga nr. 80/2007, en ákvæði laganna gildi um almenna stíga, þ.e. reiðstíga, göngu- og hjóltreiddastíga sem ætlaðir eru almennungi til frjálstrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga, sbr. 10. gr. laganna. Með bréfi, dags. 18.6.2012, var af hálfu M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá X. Hjá S munu engin gögn hafa fundist um atvikið. Umrædd hola hafi verið þarna án vitundar bæjarins, en nokkuð hafi borið á því þarna að hlutir hafi verið rifnir upp og þeir oft endað í fyrrgreindri tjörn.

Álit.

Upplýsingar um tildrög slyssins og aðstæður á vettvangi eru af skornum skammti ef frá er talið það sem fram kemur í lögregluskýrslu. Í lögregluskýrslu kemur einungis fram að slysið hafi orðið á umræddu túni er M hljóp inn á „hellulagða stétt á svæðinu“. Verður ekki séð með nægilega skýrum hætti að slysið hafi orðið á almennum gangstíg í skilningi vegalaga eða að holan hafi myndast vegna ófullnægjandi viðhalds af hálfu M. Þótt það hafi komið fyrir, að sögn starfsmanna S, að hlutir á svæðinu hafi verið teknir upp og þeim komið fyrir í tjörninni, verður ekki ráðið af því að frágangi stólpans sem átti að vera í holunni hafi verið áfátt þannig að S beri ábyrgð á líkamstjóni M. Að framangreindu virtu telst líkamstjón M ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 4. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 432/2013
M
og T v/ ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Tjón á bifreið vegna malarhrúgu 29. nóvember 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. desember 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 3. janúar 2014 ásamt myndum af vettvangi.
3. Tölvupóstur frá M dags. 12. janúar 2014 og 21. janúar 2014.

Málsatvik.

Tjón varð á bifreið þegar henni var ekið á malarbing í götunni Múlalind í Kópavogi um kl. 22 að kvöldi þann 29. nóvember 2013. Í gögnum málsins kemur fram að þá hafi M eða fjölskyldumeðlimir hennar verið nýkomnir heim og þá orðið varir við umræddan malarbing. Einnig er upplýst í málinu að M hafði pantað mól frá fyrirtæki sem selur slíka vöru 11 dögum áður. Bifreiðareigandi gerði kröfu vegna tjóns á bifreiðinni í ábyrgðartryggingu M hjá V og fékk greiddar bætur sem nema helmingi tjóns hans þar sem V taldi að M ætti umræddan malarbing og þar sem hann hafði verið staðsettur út á götu án merkinga að kvöldi umrædds dags bæri M skaðabótaábyrgð vegna þess að ekið var á hann. Greiddar voru bætur úr umræddri ábyrgðartryggingu og M krafinn um sjálfábyrgð vegna greiðslu tjónsins í samræmi við ákvæði vátryggingarsamnings.

M telur meðal annars að hún eða fjölskyldumeðlimir hennar beri ekki skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreiðinni. Fyrst og fremst telur M að ekki sé sannað að umræddur malarbingur hafi verið á þeirra vegum, engin tilkynning hafi borist um afgreiðslu áður gerðrar pöntunar M frá því 11 dögum áður auk þess sem M hafi ekki verið rukkuð um þjónustuna. Einnig telur M að bifreiðareigandi hafi átt að gæta varúðar við akstur um götuna og rekja megi tjónið fyrst og fremst til hraðaksturs hans sjálfs.

V telur að M bera skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreiðinni þar sem M hafi viðurkennt í skýrslu til V að hafa ekki gert ráðstafanir vegna umrædds malarbingss þegar hann varð hans var. V vísar einnig til skyldna í 3.mgr. 77.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem gert er ráð fyrir því að gerðar séu ráðstafanir vegna efnis sem getur haft truflandi áhrif á umferð um akbraut.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð M vegna malarbingss sem staðsettur var að hluta út á akbraut við húseign M. Í málinu eru í fyrsta lagi ekki ótvíræðar upplýsingar um að umræddur malarbingur hafi verið á vegum M. Í öðru lagi, þó svo um hefði verið að ræða afgreiðslu á pöntun M 11 dögum fyrr, verður ekki séð að M hafi gefist ráðrúm til ráðstafana áður en tjón varð. Þegar af þessum ástæðum verður M ekki talinn bera skaðabótaábyrgð á tjóni bifreiðareiganda.

Niðurstaða.

Ekki hefur stofnast greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar M hjá V.

Reykjavík 28. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 433/2013
M
og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar S vegna tjóns á bifreið.

Rúðugrind féll á bifreið fyrir utan fjölbýlishús í Njarðvík þ. 10.11.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.17.12.2013 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 2.1.2014 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Starfsmaður S skipti um glugga á 2.hæð í húsi og kom með rúðugrind og staðsetti á bílastæði hússins. Rúðugrindin var notuð til að flytja glerið í gluggana. Rúðugrindin var skilinn eftir á bílastæðinu en fyrirhugað að ná í hana síðar. M segir að stuttu síðar hafi eigandi á neðri hæð hússins sett gler í grindina en skipt hafi verið um gler í gluggum á neðri hæð hússins af öðru fyrirtæki en S. Stuttu síðar f auk rúðugrindin á hliðina í roki og á bifreið M sem var kyrrstæð og mannlau og urðu skemmdir á bifreiðinni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V vegna skemmda á bifreiðinni. M segir að um augljósa vanrækslu S hafi verið að ræða að skilja rúðugrindina eftir berskjaldaða gagnvart ytri áhrifum. Þá segir M að vindasamt sé á þeim stað þar sem rúðugrindin var skilin eftir. M segir að vitað sé að rúðugrindur geti tekið á sig mikinn vind og sú staðreynd að gler hafi verið komið í grindina breyti þar engu. M segir að starfsmenn S hafi sýnt af sér gáleysi með því að skilja rúðugrindina eftir allan þann tíma sem um ræðir. V hafnar bótaskyldu og segir að komið hafi í ljós að notað gler hafi verið sett í rúðugrindina af eiganda neðri hæðar hússins án þess að S hafi vitað af því. V heldur því fram að af tónum rúðugrindum stafi lítil fohætta en við það að setja gler í rúðugrindur aukist vindmótstaðan til muna og það hafi verið orsök þess að rúðugrindin f auk á hliðina. V segir að S geti ekki borið ábyrgð á því að eigandi neðri hæðar húss þess sem um ræðir hafi sett rúður í rúðugrindina. Af hálfu V er því haldið fram að S hafi mátt gera ráð fyrir því að rúðugrindin væri tómm og hún yrði sótt.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á vitneskju S um að rúður hafi verið settar í rúðugrind þá sem hér ræðir um. Fyrir liggur að S skildi rúðugrindina eftir þegar hann hafði lokið störfum og eigandi jarðhæðar húss þess sem um ræðir nýtti hana til að setja í hana rúður án leyfis. Við það að rúður eru settar í rúðugrindur eins og þessar eykst vindmótstaðan og fohættan verulega. Eftir því sem ráðið verður af framlögðum gögnum verður ekki annað séð en að ástæða þess að rúðugrindin f auk á hliðina og á bifreið M hafi verið að glerrúður voru í rúðugrindinni. S ber ekki ábyrgð á tjóni sem verður vegna heimildarlausarar notkunar á rúðugrindinni sem um ræðir og S veit ekkert um. Af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V þar sem ekki verður talið að S hafi sýnt af sér gáleysi með því að skilja tóma rúðugrind eins og þessa eftir á bílastæði .

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 28.1.2014.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 434/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ almennrar slysáttryggingar.****Ágreiningur um brottfall bótaréttar vegna vanrækrar tilkynningarskyldu.****Gögn.**

213. Málskot, móttakið 13.12.2013, ásamt fylgigögnum.

214. Bréf X, dags. 6.1.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 1.5.2008 slasaðist M er hann féll af vélsleðanum A. Með tilkynningu um umferðarslys, dags. 30.10.2008, tilkynnti M um tjónið til X þar sem A mun hafa verið vátryggður, þ. á m. lögmælti slysáttryggingu ökumanns og eiganda. Í tilkynningunni kemur fram að M sé málari að starfi og vinnuveitandi sé B.

Hlaut M einkum liðhlaup á hægri axlarhyrnulið auk þrengslamyndunar við axlarsinar. Af þeim sökum þurfti M að gangast undir aðgerð 12.11.2008 þar sem rými var aukið við axlarsinar, ytri endi hægra viðbeins var stytur og viðbeinið fest niður með plötu og saumaskap. Með matsgerð, dags. 20.11.2009, var M metinn til 15% varanlegrar örorku af völdum slyssins og varanlegur miski var metinn 15 stig. Stöðugleikapunktur var talinn vera 12.7.2009.

Í byrjun nóvember 2013 sendi M tilkynningu til X með kröfu um bætur vegna slyssins úr almennri slysáttryggingu sem M hafði hjá félaginu. Vátryggingartaki slysáttryggingarinnar er B. X hafnaði kröfunni á þeim forsendum að tilkynning um kröfu um bætur úr slysáttryggingunni hafi borist eftir að ársfrestur til að tilkynna um kröfuna skv. 1. mgr. 124 gr. laga um vátryggingarsamninga (vsl.) hafi verið liðinn. M hefur ekki fallist á afstöðu X.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá rétti til bóta samkvæmt slysáttryggingu ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Af gögnum málsins þykir mega ráða að 12.11.2008, um það leyti sem M gekkst undir aðgerðina á hægri öxl, hafi honum mátt vera ljós þau atvik sem krafa um bætur úr slysáttryggingunni er reist á. Er sérstök tilkynning um kröfu um bætur úr vátryggingunni var send X í nóvemberbyrjun 2013 var liðinn sá ársfrestur sem kveðið er á um í 1. mgr. 124. gr. vsl.

Kemur þá til skoðunar hvort af tilkynningunni frá 30.10.2008 hafi mátt ráða að í henni hafi jafnframt falist tilkynning um kröfu um bætur úr slysáttryggingunni eða í tilkynningunni hafi falist nægilega tilgreindar upplýsingar þannig að X hafi mátt gera sér grein fyrir að hjá félaginu væri einnig til staðar slysáttrygging sem gæti komið til greiðslu úr vegna slyssins. Tilkynningin laut aðallega að kröfu um bætur úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda A. Í henni komu þó fram upplýsingar um B, vinnuveitanda M. Slysáttryggingar eru að stærstum hluta keyptar af þeim sem einnig er vátryggður þannig að vátryggingartaki og vátryggður eru einn og sami aðilinn eða þær eru keyptar af vinnuveitanda vátryggðs annað hvort í formi slysáttryggingar launþega eða almennrar

slysátryggingar. Krafa skv. 1. mgr. 124. gr. vsl er ekki bundin ákveðnum formaskilyrðum. Eftir að tilkynningin barst X hefði átt að vera einfalt og fyrirhafnarlítið að kanna hvort M væri vátryggður samkvæmt slysátryggingu sem M hefði tekið sjálfur ellegar vinnuveitandi hans, B. Við þær aðstæður sem hér voru til staðar hefði X átt að geta gert sér grein fyrir að M væri slysátryggður samkvæmt almennri slysátryggingu þegar tilkynningin frá 30.10.2008 barst. Réttur M til bóta úr slysátryggingunni var því ekki fallinn niður sökum þess að hann hafi ekki gætt þess að tilkynna X um kröfu úr vátryggingunni innan ársfrestsins skv. 1. mgr. 124. gr. vsl. M á því rétt til bóta úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr almennri slysátryggingu hjá X.

Reykjavík, 28. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 435/2013
M og
V vegna ábyrgðartryggingar E.

Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda vegna vinnu slyss 24. apríl 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. desember 2013.
2. Bréf V dags. 10. janúar 2014.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi slasast þar sem hann var að setja einangrun í millivegg upp við loft. Í tjónstilkynningu til Vinnueftirlitsins kemur fram að M hafi verið staðsettur uppi á vinnupalli með undirstöðu úr tveimur járnþúkkum átti að þola um 200 kg. Þegar M steig út á horn vinnupallsins virðist annar þúkkinn hafa gefið sig þannig að M fékk horn á bókkanum á hægra læri og skall síðan á gólfi. Í matsgerð vegna slyssins dags. 29. október 2013 kemur fram að M varanleg læknisfræðileg örorka vegna slyssins var metin 5% vegna sköddunar á mjúkvefjum læris.

M telur að E beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyssins þar sem fyrirtækið hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. lögum nr. 46/1980 eða II. viðauka við reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja þegar starfsmenn eru tímabundið í fallhættu. Einnig vísar M til reglna Vinnueftirlitsins, leiðbeininga um vinnuvernd nr. 1/1991 um lausa stiga, tröpur og bókka og telur að þeim hafi ekki verið nægilega vel fylgt. M vísar til þess að hann sjálfur hafi ekki sinnt verkstjórnarskyldum heldur hafi yfirmaður hans átt að gera það en ekki annað fyrirtæki eins og V hefur haldið fram.

V vísar til þess að M hafi átt að vinna við raflagnir fyrir E í greint sinn. Þegar slysið varð hafi hann hins vegar verið að sinna öðrum verkefnum sem ekki hafi verið á forræði E og vinnuáðstæður vegna þess hafi verið á ábyrgð annars fyrirtækis sem hafi sett upp vinnupallinn, eða vinnudekkið eins og V telur réttara að vísa til. Því geti E ekki borið skaðabótaábyrgð vegna uppsetningar vinnudekksins því það tengdist ekki því verkefni sem M var sendur til að leysa á vegum E heldur aðstoð hans við annað fyrirtæki. Verkstjóri hjá E eða aðrir starfsmenn hafi ekki beðið M um að vinna það verkefni og geti það því ekki verið á ábyrgð E.

Álit.

Atvik málsins sem varða fall M eru nokkuð óumdeild, þ.e. hann slasaðist þegar hluti vinnupalls/vinnudekks gaf sig undan honum. Ágreiningur er hins vegar um hvort E geti borið skaðabótaábyrgð vegna aðstæðna á vettvangi sem leiddu til fallsins. Þegar gögn málsins eru metin verður ekki séð með óyggjandi hætti hvort M hafi átt að vinna það verk sem hann var að vinna á vegum E og þar af leiðandi að starfsmenn E, aðrir en M sjálfur, hafi átt að tryggja öryggi M þegar hann slasaðist telst þegar af þeirri ástæðu ekki sannað að aðstæður hafi verið með þeim hætti að E hafi borið að haga verkstjórn eða aðstæðum með öðrum hætti en gert var gagnvart M. Hallann af þeim sönnunarskorti ber M skv. almennum sönnunarreglum og á því ekki rétt á skaðabótum frá E.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu E hjá V.

Reykjavík 4. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 436/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar fasteignareiganda F.

Skaðabótaábyrgð fasteignareiganda vegna snjófalls í verslunarhúsnæði 7. febrúar 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11. nóvember 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 2. janúar 2014.

Málsatvik.

M lýsir atvikum málsins með þeim hætti í tjonstilkynningu að hún hafi verið að ganga inn í verslun Bauhaus, sem er í eigu F, þegar blautur snjór eða snjóköggull hafi hrunið niður af skilti verslunarinnar við innganginn. Snjórinn hafi lent á hnakka hennar og leitt til líkamstjóns. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi leitað á slysadeild síðdegis sama dag og fyrst verið reikul í spori, ekki hafi sést ytri áverkar á höfði eða hálsi en af frásögn og einkennum var M greind með heilahristing og hálstognun.

M telur að F sem húseigandi beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns hennar þar sem hann hafi vanrækt að fjarlægja snjó af húseigninni eins og honum bar skv. ákvæðum lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg. M bendir á að umbúnaður skiltis hafi verið þannig að það hafi safnað á sig snjó og veðuraðstæður þennan dag hafi kallað á að forsvarsmenn F gerðu viðeigandi ráðstafanir til að draga úr slyshættu.

V bendir á að starfsmönnum F hafi ekki verið kunnugt um að snjór hefði safnast fyrir á skilti því sem M vísar til. Ekki sé því sýnt fram á að þeir hafi sýnt gáleysi sem F beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð F vegna þess að snjór féll á M þegar hún var að ganga inn í verslun. Þó ríkar skyldur séu lagðar á fasteignareigendur þá sem eiga húsnæði þar sem rekin er verslunar- eða þjónustustarfsemi þarf að sýna fram á að þeir eða starfsmenn sem þeir bera ábyrgð á hafi sýnt saknæma háttsemi við störf sín til að skaðabótaábyrgð geti verið fyrir hendi. Í máli þessu verður ekki talið upplýst að aðstæður hafi verið með þeim hætti að F hafi verið ljóst að snjór gæti fallið niður af skilti verslunarinnar og þannig valdið hættu. Ekki liggja fyrir samtímagögn um aðstæður á vettvangi og ekki verður heldur séð af gögnum málsins að veðuraðstæður hafi verið með þeim hætti að starfsmönnum F hafi borið að bregðast við. Ekki verður því fallis á að F beri skaðabótaábyrgð á ætluðu líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt að fá líkamstjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu F sem fasteignareiganda hjá V.

Reykjavík 28. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 438/2013
M og
V v. A og B

Árekstur við bílastæði við Garðheima í Reykjavík þ. 6.12.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 29.12.2013 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags.

Málsatvik.

Árekstur varð á bílastæði við Garðheima í Reykjavík þegar bifreiðarnar A og B voru að aka út af bílastæðinu inn á Stekkjarbakka. Ökumaður A segist hafa verið að aka út af bílastæðinu og hafi ætlað til hægri inn á Stekkjarbakka og verið með stefnuljós logandi og byrjaður að beygja til hægri þegar B hafi verið ekið í hægri hlið A. Ökumaður B segist hafa verið að aka út af bílastæðinu þegar verið hægri megin í útkeyrslunni með engin stefnuljós kveik og þegar fremri bifreiðin var farin út af stæðinu hafi hann haldið áfram með fyrirhugaða akstursstefnu til hægri en þá hafi A skyndilega ekið af stað og til hægri með þeim afleiðingum að A ók á vinstra framhorn B. Vitni sem var farþegi í B ber með sama hætti og ökumaður B

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður A hafi tekið hægri beygju með röngum hætti með því að vera jafn langt til vinstri á akbrautinni og raun bar vitni og ber ökumaður A því sök á árekstrinum. Ökumaður B ber einnig hluta sakar með því að aka hægri megin fram úr. Með vísan til framburðar ökumanns B sem fær stuðning farþega í B verður lagt til grundvallar að ökumaður A hafi ekki gefið stefnuljós áður en hann beygði. Við mat á sök og sakarskiptingu þykir eðlilegt að ökumaður A beri 2/3 sakar en ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 28.1.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 439/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar húseiganda.****Kona rann á skábraut við inngang að bakdyrum atvinnuhúsnaðis 23.10.2008.****Gögn.**

215. Málskot, móttakið 2.10.2013, ásamt fylgigögnum.

216. Bréf X, dags. 3.1.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 23.10.2008 var M á leið til vinnu sinnar hjá A. Rann hún þá á skábraut (rampi) sem liggur upp að inngangi að bakdyrum þar sem A var til húsa. Húseign sú sem slysið varð við er í eigu V. M kveður hálfu og snjó hafa verið umræddan dag og hafi af þeim sökum dottið illa á rófubeinið. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum liggur skábrautin, sem er úr tré, samsíða húsveggnum upp á tréfall sem er fyrir framan dyrnar í um 86 cm hæð frá jörðu. Hinum megin við dyrnar liggja trétröppur með þremur þrepum að pallinum og eru þær einnig við húsvegginn. Pallurinn ásamt skábrautinni og tröppunum mun hafa verið reistur á árinu 2000 af þáverandi leigutaka. Engin handrið eru á skábrautinni, pallinum eða tröppunum.

M kveður umræddan stigabúnað vera óforsvaranlegan og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur fallist á bótaskyldu en telur að M verði að bera tjóns sitt sjálf að þriðjungi vegna eigin sakar.

Álit.

Samkvæmt framangreindu er ekki ágreiningur með aðilum um ábyrgð V á líkamstjóni M. Fram kemur í gögnum málsins að M sem er fædd á árinu 1972 hafi starfað hjá A frá 1.3.2006. Hún átti því að þekkja vel allar aðstæður á pallinum og þá hættu sem sem gat skapast vegna hálfu á pallinum og aðliggjandi uppgönguleiðum. Samkvæmt 2. mgr. 26 gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal starfsmaður, sem verður var við ágalla eða vanbúnað, sem leitt gæti til skerts öryggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta, sem hann getur ekki sjálfur bætt úr, umsvifalaust tilkynna það öryggisverði, öryggistrúnaðarmanni, verkstjóra eða atvinnurekanda. Ekki verður séð að M hafi sinnt skyldum sínum samkvæmt ákvæði þessu. Hún ber því sjálf nokkra ábyrgð á slysinu. Vegna þessarar meðábyrgðar sinnar verður M að bera tjón sitt sjálf að nokkru leyti. Eftir atvikum þykir rétt að hún beri sjálf 1/3 hluta tjónsins en fái það bætt að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 28. janúar 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 440/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar húseiganda.****Kona féll í trétröppum við bakdyr atvinnuhúsnæðis 15.9.2011.****Gögn.**

217. Málskot, móttakið 11.12.2013, ásamt fylgigögnum.

218. Bréf X, dags. 3.1.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 15.9.2011 var M á leið úr vinnu hjá A. Rann hún þá í tröppum sem liggja frá palli fyrir framan inngang að bakdyrum þar sem A var til húsa. Húseign sú sem slysið varð við er í eigu V. M kveður tröppurnar hafa verið blautar og hálar vegna rignignar umræddan dag og hafi af þeim sökum skolið illa með höfuð og bak í tröppurnar. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum liggja tröppurnar, sem eru úr tré og með þremur þrepum, samsíða húsveggnum upp á tréfallinn fyrir framan dyrnar í um 86 cm hæð frá jörðu. Hinum megin við dyrnar liggur skábraut (rampur) meðfram húsveggnum út frá pallinum. Pallurinn ásamt tröppunum og skábrautinni mun hafa verið reistur á árinu 2000 af þáverandi leigutaka. Engin handrið eru á tröppunum, pallinum eða skábrautinni.

M kveður umræddan stigabúnað vera óforsvaranlegan og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur fallist á bótaskyldu en telur að M verði að bera tjóns sitt sjálf að þriðjungu vegna eigin sakar.

Álit.

Samkvæmt framangreindu er ekki ágreiningur með aðilum um ábyrgð V á líkamstjóni M. Fram kemur í gögnum málsins að M sem er fædd á árinu 1972 hafi starfað hjá A frá 1.3.2006. Hún átti því að þekkja vel allar aðstæður á pallinum og þá hættu sem sem gat skapast vegna hálfu á pallinum og aðliggjandi uppgönguleiðum. Samkvæmt 2. mgr. 26 gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal starfsmaður, sem verður var við ágalla eða vanbúnað, sem leitt gæti til skerts öryggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta, sem hann getur ekki sjálfur bætt úr, umsvifalaust tilkynna það öryggisverði, öryggistrúnaðarmanni, verkstjóra eða atvinnurekanda. Ekki verður séð að M hafi sinnt skyldum sínum samkvæmt ákvæði þessu. Hún ber því sjálf nokkra ábyrgð á slysinu. Vegna þessarar meðábyrgðar sinnar verður M að bera tjón sitt sjálf að nokkru leyti. Eftir atvikum þykir rétt að hún beri sjálf 1/3 hluta tjónsins en fái það bætt að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V hjá X

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 28. janúar 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 441/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar.

Ágreiningur um hvort slys við dómgæslu í körfuknattleik hafi verið slys við vinnu eða arðbær störf.

Gögn.

219. Málskot, móttakið 30.12.2013.2013, ásamt fylgigögnum.

220. Bréf X, dags 15.1.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 26.1. og 7.4.2013 varð M fyrir meiðslum á hnjám er hann var að dæma körfuknattleiki, í fyrra skiptið á hægri hné og í síðara skiptið á vinstra hné. M hefur dómarréttindi í körfuknattleik og hefur þegið laun fyrir dómgæslu. Er hann slasaðist í umrædd skipti sinnti hann dómgæslunni í frítíma sínum og fékk ekki greidd laun fyrir.

M hefur krafist bótanna úr frítímaslysátryggingu sem hannn hafði í gildi hjá X. X hafnaði bótaskyldu í báðum tilvikum með vísan til ákvæðis í skilmálum vátryggingarinnar um að vátryggingin taki ekki til slysa sem vátryggður verður fyrir í starfi hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært í eigin þágu eða annarra sem atvinnuslysaþetta fylgir. Þótt M hafi í umrædd skipti ekki þegið laun fyrir dómgæslustörfin taldi X að hann hafi engu að síður nýtt dómarréttindi sín, sem hann að jafnaði nýtir til að afla tekna og þau félagslið sem voru að keppa hafi notið starfskrafta hans við dómgæsluna sem þau annars hefðu þurft að greiða fyrir.

Álit.

Vátrygging sú sem M krefst bóta úr er slysátrygging sem bætir tjón sem vátryggður verður fyrir í frítíma sínum. Fyrrgreint ákvæði í vátryggingarskilmálunum sem X ber fyrir sig er til nánari afmörkunar á gildissviði vátryggingarinnar. Á ákvæðið verður að horfa í því ljósi. Ekki er um það deilt samkvæmt gögnum málsins að M varð fyrir báðum slysunum í frítíma sínum og í hvorugt skiptið þáði hann laun og ekki verður heldur séð að hann hafi þegið annars konar greiðslur fyrir störf sín sem jafnað verður til launa. Þótt þau félagslið sem voru að keppa þegar slysin urðu hafi ekki þurft að greiða fyrir dómgæslu M verður ekki séð að störf hans hafi verið arðbær fyrir téð keppnislið í skilningi ákvæðisins. Skiptir þá ekki máli þótt atvinnuslysaþetta hafi fylgt störfum hans er hann slasaðist. Að þessu virtu getur X ekki borið skilmálaákvæðið fyrir sig í því skyni að hafna bótaskyldu. M á því rétt á bótum úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysátryggingu hjá X.

Reykjavík, 4. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.